Stjórnsýsla Háskóla Íslands skiptist í sameiginlega stjórnsýslu annars vegar og stjórnsýslu fræðasviða hins vegar. Sameiginleg stjórnsýsla, sem að stærstum hluta er til húsa í Aðalbyggingu, skipast í vísindi og kennslu annars vegar og fjármál og rekstur hins vegar, auk innri endurskoðunar og skrifstofu rektors, sem fer m.a. með stefnumótun og þróunar- og gæðamál. Undir vísindi og kennslu falla kennslusvið og vísindasvið en undir fjármál og rekstur falla fjármálasvið, framkvæmda- og tæknisvið, markaðs- og samskiptasvið og starfsmannasvið. Rekstrarstjórar annast daglega fjármálastjórn fræðasviða og daglega stjórn skrifstofu sviðanna í umboði forseta fræðasviða.

Stjórnendur sameiginlegrar stjórnsýslu árið 2011:

- Aðstoðarrektor vísinda og kennslu: Jón Atli Benediktsson prófessor.
- Framkvæmdastjóri fjármála og reksturs: Guðmundur R. Jónsson prófessor.
- Skrifstofustjóri rektorskrifstofu og gæðastjóri: Magnús Diðrik Baldursson.
- Sviðsstjóri fjármálasviðs: Sigurður J. Hafsteinsson.
- Sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs: Guðmundur R. Jónsson.
- Sviðsstjóri kennslusviðs: Þórður Kristinsson.
- Sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs: Jón Örn Guðbjartsson.
- Sviðsstjóri starfsmannasviðs: Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir.
- Sviðsstjóri vísindasviðs: Halldór Jónsson.
- Innri endurskoðandi: Gunnlaugur H. Jónsson.

Rekstrarstjórar fræðasviða 2011:

- Rekstrarstjóri Félagsvísindasviðs: Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir.
- Rekstrarstjóri Heilbrigðisvísindasviðs: Vilborg Lofts.
- Rekstrarstjóri Hugvísindasviðs: Óskar Einarsson.
- Rekstrarstjóri Menntavísindasviðs: Björg Gísladóttir.
- Rekstrarstjóri Verkfræði- og náttúruvísindasviðs: Drífa Sigfúsdóttir.



# Helstu viðburðir 2011

## Háskóli Íslands í hópi 300 bestu háskóla heims

Í október bárust þær ánægjulegu fréttir að samkvæmt matslista Times Higher Education World University Rankings væri Háskóli Íslands meðal 300 bestu háskóla í heiminum, af þeim rúmlega 17.000 háskólum sem til eru. Times Higher Education World University Rankings er annar af tveimur helstu listum þar sem gæði háskóla eru metin. Samkvæmt listanum er Háskóli Íslands skráður í 276. sæti fyrir tímabilið 2011–2012 og lendir því meðal þeirra 2% háskóla sem bestir eru taldir í heiminum. Með þessum árangri hefur sú metnaðarfulla stefna Háskóla Íslands sem sett var fram fyrir árin 2006–2011 að verulegu leyti gengið eftir. Þetta hlýtur að teljast gríðarleg viðurkenning á starfi skólans, ekki síst í ljósi þess að fjárframlög til hans á hvern nemanda eru langt undir því sem gerist hjá öðrum ríkjum OECD og á Norðurlöndum. Kristín Ingólfssdóttir háskólarektor taldi fyrst og fremst mega rekja árangurinn til frábærs starfsfólks og nemenda sem hefðu fylkt sér um stefnu skólans á undanförunum árum og þeirra öflugu samstarfsverkefna og tengsla sem skólinn á við innlend og erlend fyrirtæki og stofnanir.

## Aldarafmæli Háskóla Íslands

Árið 2011 voru liðin 100 ár frá stofnun Háskóla Íslands í Alþingishúsinu við Austurvöll hinn 17. júní 1911 á 100 ára afmæli Jón Sigurðssonar. Efnt var til fjölbreyttrar afmælis dagskrár en undirbúningur hennar hófst árið 2008 þegar háskólaráð skipaði sérstaka afmælisnefnd og verkefnisstjórn.

### Ný stefna Háskóla Íslands og kynning á dagskrá afmælisársins

Yfirskrift afmælis dagskrárinnar var „Fjár sjóður framtíðar“ og hófst hún með formlegum hætti í Hátíðasal Háskóla Íslands 7. janúar þegar Kristín Ingólfssdóttir rektor kynnti nýja Stofnu Háskóla Íslands 2011–2016 og dagskrá aldarafmælisins. Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra var viðstödd viðburðinn og opnaði við það tækifæri sérstakan afmælis- og söguvef Háskóla Íslands.

### Hátíðarsamkoma í Alþingishúsinu

Hátíðarsamkoma var haldin í Alþingishúsinu 17. júní í tilefni af stofnun Háskóla Íslands 1911 í þinghúsinu en háskólinn var þar til húsa tæpa fyrstu þrjú áratugin. Ávörp fluttu Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, Svandís Svavarsdóttir, starfandi menntamálaráðherra, Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Lilja Dögg Jónsdóttir, formaður Stúdentaráðs. Háskólakórinn söng við athöfnina. Við þetta tækifæri var opnuð sýning um þingstörf Jóns Sigurðssonar og starfsemi háskólans í Alþingishúsinu. Einnig var afhjúpaður minnisvarði um veru háskólans í þinghúsinu.

### Hátíðafyrirlestraröð rektors

Þrjú hátíðafyrirlestrar, sem rektor Háskóla Íslands bauð sérstaklega til, voru fluttir í Hátíðasal á árinu:

- Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar og yfirmaður rannsókna, hélt fyrsta fyrirlesturinn í röðinni 15. janúar, sem hann nefndi „Hönnun manns – hvernig maðurinn skapast af samspili erfða og umhverfis“.
- Hilmar B. Janusson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Össurar hf., flutti annað erindið 7. maí og bar það yfirskriftina „Hreyfing mannsins. Frá hreyfihömlun til afreka. Hvernig geta verkfræðilegar lausnir fyrir hreyfihamlaða orðið hreyfingu allra til framdráttar?“
- Nemat Shafik, aðstoðarframkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, flutti síðasta erindið í röðinni 28. október, „Global Economic Challenges and Fostering Future Prosperity“, og fjallaði hún þar um þær efnahagslegu áskoranir sem heimsbyggðin stendur frammi fyrir og mikilvægi þess að bregðast skjótt við þeim.

## Öndvegisyfirlestrar

Hvert hinna fimm fræðasviða Háskóla Íslands var í sviðsljósinu í einn mánuð á afmælisárinu og stóðu þau öll fyrir metnaðarfullri dagskrá. Buðu fræðasviðin m.a. virtum erlendum fyrirlesurum að halda öndvegisyfirlestra sem allir voru afar vel sóttir og fengu mikla athygli í fjölmiðlum.

### Félagsvísindasvið:

- Robert David Putnam, prófessor í stjórnmálafræði við John F. Kennedy School of Government við Harvard-háskóla, flutti erindið „Challenges to Community in the Contemporary World: Social capital, diversity, and inequality“ í Hátíðasal skólans 3. október og fjallaði um hugtakið félagsauð, sem felst í tengslum okkar við vini, fjölskyldu og samfélag.

### Heilbrigðisvísindasvið:

- Elizabeth Blackburn, Nóbelsverðlaunahafi og prófessor í lífeðlisfræði við Kaliforníuháskóla, flutti erindið „Telomerar og Telomerasar: Hvernig hafa þeir áhrif á heilsu manna og sjúkdóma?“ 21. maí í Hátíðasal skólans. Erindið fjallaði m.a. um áhættuþætti sem snúa að hjartasjúkdómum og krabbameini og einnig áhrif streitu á lífslengd fólks.
- Françoise Barré-Sinoussi, Nóbelsverðlaunahafi og vísindamaður við Pasteur-stofnunina í París, flutti erindi í Hátíðasal 1. júní um rannsóknir sínar í veirufræði og uppgötvun á HIV-veirunni og tengslum hennar við alnæmi. Erindið var flutt á málþingi sem haldið var til heiðurs Birni Sigurðssyni, fyrsta forstöðumanni Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum og frumkvöðli í veirurannsóknum á alþjóðavísu.

### Hugvísindasvið:

- Noam Chomsky, prófessor emeritus í málvísindum við MIT-háskólann í Bandaríkjunum og samfélagsrýnir, flutti tvo fyrirlestra í Háskólabíói 9. september 2011, „The ‘Generative Enterprise’: Its origins, goals, prospects“, þar sem hann fjallaði um hinar alþekktu og byltingarkenndu hugmyndir sínar um málkunnáttufræði, og „The two 9/11s: Their historical significance“, um stöðu heimsálanna, lýðræði, vald og ofbeldi.

### Menntavísindasvið:

- Linda Darling-Hammond, prófessor í menntavísindum við Stanford-háskóla í Bandaríkjunum, flutti erindið „Menntun og kennsla á 21. öld“ í Hátíðasal skólans 1. september, þar sem hún lagði áherslu að menntun verði æ brýnni í samfélaginu á 21. öldinni og að þar skipti menntun kennara sköpum.

### Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

- David Suzuki, fyrrverandi prófessor í líffræði við University of British Columbia, hélt fyrirlesturinn „Afl náttúrunnar“ í Öskju 4. apríl með fjarfundabúnaði þar sem hann útskýrði náttúruvísindin á

einfaldan og heillandi hátt. Síðan kom hann til landsins og flutti erindi í eigin persónu um þau úrræði sem er hægt að grípa til í umhverfismálum á málþinginu „Hvað getum við gert?“ hinn 1. október á Háskólatorgi.

- Henry Petroski, prófessor í byggingarverkfræði og sagnfræði við Duke-háskólann í Norður-Karólínu í Bandaríkjunum, flutti erindið „Success and Failure in Engineering: A Paradoxal Relationship“ í Hátíðasal 29. október. Í erindi sínu lagði Petroski áherslu á mikilvægi þess að greina vel fyrri mistök þegar unnið væri að verkfræðilegri hönnun í stað þess að einblína á fyrri verkfræðileg afrek.

## Ljósmyndasamkeppni

Háskóli Íslands efndi til ljósmyndasamkeppni meðal nemenda og starfsmanna skólans á afmælisárinu. Þema keppninnar var háskólalíf í víðustu merkingu þess orðs og varð myndefnið að tengjast Háskóla Íslands á einhvern hátt. Í keppnina bárust 147 myndir og valdi forvalsnefnd 50 þeirra til að taka þátt í rafrænni kosningu meðal stúdenta og starfsmanna háskólans. Verðlaun voru veitt fyrir þær þrjár myndir sem hlutu flest atkvæði og voru þær tíu sem fengu flest atkvæði síðan sýndar í kjölfarið á Háskólatorgi, í húsnæði Menntavísindasviðs á Laugarvatni og í Öskju.

## Með fróðleik í fararnesti

Háskóli Íslands og Ferðafélag Íslands tóku höndum saman á afmælisárinu og efndu sameiginlega til 12 gönguferða í höfuðborginni og næsta nágrenni hennar undir kjörorðinu „Með fróðleik í fararnesti“. Þar gafst almenningi kostur á að njóta þekkingar kennara og vísindamanna háskólans og reynslu fararstjóra Ferðafélagsins, sem leiddu þessar áhugaverðu göngur með fræðandi frásögnum. Var þar fjallað um sagnfræðileg efni og byggingarlist, goðafræði og grös, náttúruvísindi og annað sem tengist umhverfi og samfélagi í nútíð og fortíð.

## Aldarsaga Háskóla Íslands

Aldarsaga Háskóla Íslands 1911–2011 var gefin út skömmu eftir afmælisárið. Um er að ræða umfangsmikið og vandað rit, tæplega 900 blaðsíður að lengd og skreytt rúmlega 300 myndum af margvíslegu tagi. Ritstjóri Aldarsögunnar er Gunnar Karlsson prófessor en höfundar eru Guðmundur Hálfðanarson, Magnús Guðmundsson og Sigríður Matthíasdóttir.

## Afmælisýning

Sýningin „Háskólinn í 100 ár – brot úr sögu“ var opnuð 20. maí á Háskólatorgi. Umsjón með sýningunni höfðu nemendur í meistaranámi í hagnýtri menningarmiðlun undir leiðsögn Eggerts Þórs Bernharðssonar og Önnu Hinriksdóttur menningarmiðlara. Stiklað var á stóru í hundrað ára sögu háskólans, brugðið upp svipmyndum af stúdentalífi í gegnum tíðina, sýndir munir og myndskreið og leiknar gamlar hljóðupptökur.

## Vísindapættir

Síðla hausts var sýnd í Ríkissjónvarpinu þáttaröðin „Fjársjóður framtíðar“ og vakti mikla athygli. Hér voru á ferðinni þrjár sjónvarpsþættir sem gerðir voru sérstaklega í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands og sýndu á lifandi og aðgengilegan hátt það fjölbreytta rannsóknastarf sem vísindamenn háskólans sinna við afar ólíkar aðstæður. Jón Örn Guðbjartsson, sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs Háskóla Íslands, sá um dagskrárgerðina.



## Hátíðarmálþing 7. október um áskoranir 21. aldar

Háskóli Íslands bauð til opins málþings undir heitinu „Áskoranir 21. aldar“ í stóra sal Háskólabíós í tilefni af 100 ára afmælinu hinn 7. október. Þar fékk skólinn til liðs við sig heimskunna fyrirlesara, fræðimenn og stjórnendur háskóla til að fjalla um efnið frá ólíkum sjónarhóli. Málþingið var mjög vel sótt.

Fyrirlesarar á málþinginu voru:

- Kofi Annan, fyrrverandi aðalritari Sameinuðu þjóðanna og Nóbelsverðlaunahafi, flutti fyrirlesturinn „Restoring Confidence in Our Shared Future“.
- Carol Carmichael, dósent við Linde Center for Global Environmental Science við California Institute of Technology (Caltech), flutti fyrirlesturinn „Sustainability: Civics Education for the 21st Century“.
- Freysteinn Sigmundsson, sérfræðingur við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, flutti fyrirlesturinn „Restless Earth: Increasing Effects of Natural Catastrophes“.
- Ole Petter Ottersen, rektor Oslóarháskóla, flutti fyrirlesturinn „The Universities of Tomorrow: Taking on the Global Challenges“.
- Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, tók saman helstu niðurstöður og horfði til framtíðar.

## Afmælishátíð 8. október – Aldarafmælistjóður Háskóla Íslands

Hápunktur afmælisársins var afmælishátíð í Hörpu undir yfirskriftinni „Fjársjóður framtíðar“. Boðið var upp á fjölbreytta og lifandi dagskrá sem starfsfólk, stúdentar og ýmsir listamenn skópu og voru gestir vel á annað þúsund. Rakin var saga háskólans og fjölbreyttu starfi hans gerð skil í máli, myndum, leik og tónum. Svandís Svavarsdóttir, starfandi mennta- og menningarmálaráðherra, var meðal þeirra sem komu fram og Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra tilkynnti um stofnun Aldarafmælistjóðs Háskóla Íslands. Markmið sjóðsins er efla rannsóknir og nýsköpun til uppbyggingar atvinnulífi og verðmætasköpun í þágu íslensks samfélags og þjóðar. Í meginatriðum er gert ráð fyrir að árleg framlög til sjóðsins fari stighækkandi uns heildartekjur Háskóla Íslands verði orðnar sambærilegar við meðaltal framlaga til háskóla á Norðurlöndum árið 2020. Það fé sem upp á vantar til að ná þessu markmiði skiptist þannig að ríkisframlög munu nema tveimur þriðju hlutum og Háskóli Íslands aflar sértekna sem nema einum þriðja hluta. Við mat á árlegu fjárframlagi til sjóðsins verður höfð hliðsjón af því hvernig miðar í sókn Háskóla Íslands að þeim markmiðum sem eru sett fram í stefnu skólans og tekið mið af mælikvörðum sem notaðir eru í stefnumótun um samkeppnishæfni ríkja. Sagði forsætisráðherra við þetta tilefni: „Engar auðlindir eru mikilvægari en menntun og menning hverrar þjóðar. Ekkert er dýrmætara en að fá að þroska færni sína og kunnáttu og að rækta mannlega eiginleika á uppbyggilegan hátt. Sú þjóð sem kappkostar það hlýtur að eiga bjarta framtíð.“

## Vísindamiðlun fyrir ungt fólk og aðrir viðburðir

Fjölmarginir aðrir viðburðir voru á dagskrá aldarafmælisins. Allt afmælisárið var boðið upp á fjölbreytta dagskrá fyrir börn og unglinga, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Háskóli unga fólksins var starfræktur um vorið með veglegri hætti en nokkru sinni fyrr og ferðaðist hann í framhaldinu með svokallaðri Háskólalest um landið og hafði viðkomu á níu áfangastöðum. Um borð í Háskólalestinni voru einnig Vísindavefurinn, Sprengjugengið og valinn hópur vísindamanna háskólans. Um haustið tók Háskóli Íslands þátt í tónvísindasmiðju Bjarkar Guðmundsdóttur í Hörpu, Biophilia-verkefninu, og vann hópur doktorsnema og vísindamanna í vinnustofum með börnum og unglingum þar sem fléttað var saman listum, vísindum og nýsköpun. Haldin var röð fyrirlestra um lýðheilsutengd efni í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands, veglegt vísindadagatal var gefið út í upphafi árs í samstarfi við Vísindavef Háskóla Íslands, efnt var til mánudagsbíós í samstarfi við Háskólabíó á hálfrar aldar afmæli þess, haldnir voru Háskólatónleikar í samstarfi við Listahátíð í

Reykjavík og stúdentar efndu til listahátíðar, auk þess sem haldin voru fjölmörg málþing, nemendaviðburðir og vísindasýningar fyrir almenning.

## Gjafir, heillaóskir og annar auðsýndur heiður á aldarafmælinu

Háskóli Íslands fékk fjölmargar gjafir og kveðjur frá innlendum og erlendum samstarfsaðilum og velunnurum á afmælisárinu.

- Stjórnvöld samþykktu síðasta sumar að stofna sérstakan Aldarafmælistjóð Háskóla Íslands til að minnst tímamótanna. Verður lagður 1,5 milljarður króna í sjóðinn á fjórum árum fram til ársins 2014. Jafnframt var gefið fyrirheit um að árið 2016 yrðu tekjur háskólans í samræmi við meðaltal tekna á hvern stúdent í háskólum í OECD-ríkjunum. Tveir þriðju þess sem upp á vantar myndu koma frá ríkinu en þriðjungur fjárins afli skólinn sjálfur. Það geri hann fyrst og fremst með því að sækja í alþjóðlega rannsóknarsjóði. Loks er sett markmið um að árið 2020 verði heildartekjur Háskóla Íslands orðnar þær sömu og að meðaltali meðal háskóla á Norðurlöndum.
- Enn fremur beittu stjórnvöld sér fyrir því að stofnað yrði prófessorsstarf við háskólann í nafni Jóns Sigurðssonar.
- Jón Gnarr borgarstjóri og Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, undirrituðu samkomulag um sameiginlega framtíðarsýn á háskólasvæðinu. Samkomulagið er byggt á yfirlýsingu borgarstjórnar í tilefni af 100 ára afmæli Háskóla Íslands. Það felur í sér vilja beggja aðila til að vinna að sameiginlegri framtíðarsýn, heildarskipulagi og samgöngustefnu fyrir lóðir og svæði háskólans í Vatnsmýri. Jafnframt staðfestir Reykjavíkurborg vilyrði sitt um að Háskóli Íslands geti þróað starfsemi sína og uppbyggingu með samfelldum hætti til austurs í Vatnsmýri.

Erlendir samstarfsaðilar og velunnarar Háskóla Íslands sýndu hug sinn til skólans í verki á ýmsan hátt á afmælisárinu. Þannig tóku hátt í 40 fulltrúar frá erlendum samstarfsháskólum og háskólasamtökum þátt í afmælisviðburðum Háskóla Íslands dagana 7. og 8. október sl. Þá efndi Kaupmannahafnarháskóli til sérstakrar hátíðardagskrár í húsakynnum sínum í lok september til heiðurs Háskóla Íslands. Enn fremur bærust Háskóla Íslands fjölmargar kveðjur og gjafir utan úr heimi þar sem skólanum var árnað heilla á þessum merku tímamótum. Meðal þeirra skóla sem sendu heillaóskir voru Massachusetts Institute of Technology (MIT), Harvard-háskóli, Kaliforníuháskóli í Santa Barbara og Cambridge-háskóli. Frá Árórsarháskóla bærust heillaóskir og fjórar steinþrykksmyndir eftir danska listamanninn Erik A. Frandsen og Fróðskaparsetur Færeyja gaf háskólanum steinþrykksmynd eftir færeysku listakonuna Hansinu Iversen. Gautaborgarháskóli gaf Háskóla Íslands sögu sína í tveimur bindum og Óslóarháskóli nýútkomna 200 ára sögu sína í níu bindum. Þá gaf Háskólinn í Ási í Noregi fallegan glervasa, Háskólinn í Björgvin eftirmynd af fornu rúnakefli og Helsinki-háskóli færði skólanum heillaóskaskjal og bókina *A European University: The University of Helsinki 1640–2010*. Manitoba-háskóli færði Háskóla Íslands heillaóskaskjal og bókina *Two Ways of Knowing: Merging Science and Traditional Knowledge During the Fourth International Polar Year*. Einnig gáfu Sænsku rektoramtökin Háskóla Íslands glerstyttu á tímamótunum og þau norsku áletraðan glerdisk. Þá færði Tokai-háskóli skólanum heillaóskaskjal og japanska keramikskál. Loks gaf Godtfred Vestergaard, velunnari skólans til margra ára, peningagjöf til styrktar nemendum í vélaverkfræði.

Innlendir aðilar létu ekki heldur sitt eftir liggja. Snemma á árinu gáfu Félag kvenna í læknastétt, Læknafélag Íslands, Læknafélag Reykjavíkur og Félag áhugamanna um sögu læknisfræðinnar skólanum málverk eftir Guðmund Karl Ásbjörnsson af Kristínu Ólafsdóttur, fyrstu konunni sem lauk námi við Háskóla Íslands. Enn fremur afhenti Félag háskólakvenna rektor 28. apríl sl. 50.000 kr. í sjóð sem mun bera nafn Kristínar. Þá gaf Alþingi glerlistaverkið Þvottakonur/Draumur eftir Sigrúnu Ólöfu Einarsdóttur í minningu þeirra sem börðust fyrir stofnun Háskóla Íslands. Unnur Guðjónsdóttir gaf liðlega 170 ára gamla bók í skinnbandi, sem ber heitið *Sú litla Sálma og Vísnaþók*, í tveimur portum, samantekin kristinn dómi lands þessa til Heilla Eblingar og Siðbóta. Einnig gaf Gestur Gunnarsson skólanum hitakerfahermi og Japansk-íslenska félagið færði Háskóla Íslands

kirsuberjatré sem voru gróðursett austan við Íþróttahús háskólans. Enn fremur afhenti forseti Slóveníu, Danilo Türk, rektor gjöf í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands, sem og það fulltrúar Shanghai Academy of Sciences einnig í heimsókn sinni til skólans á árinu.

## Skýrsla um aldarafmælið

Skýrsla var tekin saman eftir afmælisárið þar sem gerð var grein fyrir undirbúningi afmælisársins, margbreyttri dagskrá og viðburðum á árinu og ýmsu sem tengdist þessum tímamótum á einn eða annan hátt. Skýrslan nefndist Háskóli Íslands 1911–2011. Skýrsla um aldarafmæli Háskóla Íslands. Hún var gefin út prentuð og einnig birt á Vefnum:

[http://aldarafmaeli.hi.is/sites/aldarafmaeli.hi.is/files/Skyrsla\\_um\\_aldarafmaeli\\_HI\\_final\\_final\\_vefur\\_2.pdf](http://aldarafmaeli.hi.is/sites/aldarafmaeli.hi.is/files/Skyrsla_um_aldarafmaeli_HI_final_final_vefur_2.pdf).

# Stefna Háskóla Íslands 2011–2016

## Árangur fyrri stefnu

Árið 2006 setti Háskóli Íslands sér metnaðarfull markmið um að komast í hóp fremstu háskóla líkt og margir háskólar á Norðurlöndum. Fyrsti áfangi á þessari vegferð var Stefna Háskóla Íslands 2006–2011. Meginmarkmið stefnunnar var að ná framúrskarandi árangri á sviði rannsókna, kennslu, stjórnunar og stoðþjónustu. Stefnan fól í sér ríflega eitt hundrað mælanleg og tímasett undirmarkmið sem lúta að öllum sviðum starfseminnar.

Meðal helstu markmiða Háskóla Íslands til ársins 2011 voru að:

- tvöfalda fjölda vísindagreina í virtustu alþjóðlegum ritrýndum tímaritum
- auka samstarf við erlenda háskóla og háskóladeildir í fremstu röð í heiminum
- auka sértekjur, m.a. úr innlendum og erlendum rannsóknasjóðum
- fimmfalda árlegan fjölda brautskráðra doktora
- efla gæðakerfi kennslu
- setja á stofn Miðstöð framhaldsnáms til að tryggja gæðakröfur í framhaldsnámi
- efla stoðþjónustu við rannsóknir og kennslu
- innleiða nýtt skipulag og stjórnkerfi til að auðvelda sókn að settum markmiðum

Afar mikilvægt skref var stigið árið 2007 með árangurstengdum samningi Háskóla Íslands og stjórnvalda um fjármögnun stefnunnar. Á gildistíma stefnunnar hefur háskólinn fylgst vandlega með framgangi hennar og gert stjórnvöldum árlega grein fyrir árangrinum. Við lok fyrsta áfanga stefnunnar lagði háskólinn síðan heildstætt mat á framkvæmdina og liggur fyrir að flestum markmiðum hefur verið náð og í sumum tilvikum sýna lykilmælikvarðar að árangur hefur verið umfram áætlanir.

Á tímabilinu 2005–2010

- fjölgaði vísindagreinum fræðimanna háskólans í virtum alþjóðlegum ritrýndum tímaritum úr 260 í 550 (2009) og tilvitnunum úr 5.100 í 10.000 (2009)
- jókst heildarjánhæð sértekna um 78% og styrkir úr erlendum samkeppnissjóðum þrefölduðust
- fjölgaði doktorsnema úr 166 í 440 og brautskráðum doktorum úr 13 árið 2005 í 36 árið 2010
- fjölgaði styrkjum til doktorsnema í 106 en engir slíkir styrkir voru í boði árið 2005

Fjölmeðgöngum öðrum framfaramálum stefnunnar var hrint í framkvæmd í fyrsta áfanga. Matskerfi rannsókna var endurskoðað, nýtt ráðningar- og framgangskerfi innleitt, gæðanefnd háskólaráðs sett á laggirnar, samstarf við fremstu háskóla í heimi eflt, tengsl við atvinnulíf styrkt og markvissum aðgerðum beitt til að laða að hæfustu nemendurnar og auka virkni í námi. Háskóli Íslands og

Kennaraháskóli Íslands voru sameinaðir 1. júlí 2008 í þeim tilgangi að efla kennaramenntun og rannsóknir í mennta- og uppeldisvísindum.

## Annar áfangi

Árangur Háskóla Íslands á undanförunum árum sýnir að raunhæft er að stefna áfram að langtímamarkmiði skólans. Haustið 2010 var því hafinn undirbúningur annars áfanga á þessari vegferð undir forystu rektors og var niðurstaða þeirrar vinnu Stefna Háskóla Íslands 2011–2016 sem var samþykkt á háskólaþingi 7. desember 2010 og í háskólaráði 17. desember 2010 og var kynnt í upphafi aldarafmælisárs skólans.

Í hinni nýju stefnu er lögð áhersla á að efla gæði og styrkja innviði allra þátta háskólastarfsins. Í því skyni hefur háskólinn sett sér markmið um rannsóknir og nýsköpun, nám og kennslu, mannauð og ábyrgð gagnvart samfélaginu og umheiminum. Helstu stefnunnar eru áhersla á gæðarannsóknir og alþjóðlegt samstarf, þróttmikið framhaldsnám sem uppfyllir alþjóðlegar gæðakröfur, samþættingu kennslu og rannsókna á öllum námsstigum, eflingu mannauðs og starfsánægju stúdenta og starfsmanna og samfélagslega og hnattræna ábyrgð á 21. öld.

Í upphafi nýju stefnunnar er kveðið á um grunngildi Háskóla Íslands: akademískt frelsi, samfélagslega ábyrgð, sjálfstæði og ráðdeild, fjölbreytni og árangur, heilindi og virðingu, jafnrétti og fjölbreytileika. Sjálft stefnuskiptist síðan í fjóra meginkafla, stefnu um rannsóknir og nýsköpun, stefnu um nám og kennslu, stefnu um mannauð og stefnu um ábyrgð gagnvart samfélaginu og umheiminum. Skiptist hver kafla í nokkra undirkafla þar sem tímasett markmið og aðgerðir ásamt árangursmælikvörðum eru tilgreind í hverjum kafla um sig. Samtals eru þannig tilgreind 86 undirmarkmið og aðgerðir í stefnunni. Eins og í fyrsta áfanga er vandlega fylgst með framkvæmd stefnunnar og stjórnvöldum gerð grein fyrir árangrinum á hverju ári.

## Starfsfólk

Heildarfjöldi fastráðinna starfsmanna var 1.386 að starfsmönnum Raunvísindastofnunar meðtöldum. Skiptist hópurinn í 685 akademíska starfsmenn og 701 aðra starfsmenn, þ.m.t. rannsóknarfólk á styrkjum og sjálfsaflafé. Akademísku starfsmennirnir skiptust þannig: 257 prófessorar, 153 dósentar, 141 lektor, 84 aðjuntar og 50 sérfræðingar. Af akademískum starfsmönnum voru erlendir kennarar 30 talsins. Stundakennarar voru 2.165 og komu þeir víðs vegar að úr atvinnulífinu og frá opinberum stofnunum.

## Áframhaldandi fjölgun nemenda og brautskráðra kandídata

Mikil aðsókn nemenda var að námi í Háskóla Íslands eins og undanfarin ár. Í október voru samtals um 14.000 nemendur skráðir til náms. Skiptist nemendahópurinn þannig að um 10.300 nemendur voru í grunnnámi, um 3.250 í meistaranámi og um 450 í doktorsnámi. Hátt í 400 námsleiðir á grunn- og framhaldsstigi voru í boði við allar 25 deildir skólans. Fjöldi erlendra nemenda við var ríflega 1.000 og voru þeir frá tæplega 90 löndum en flestir erlendu nemendanna voru frá Þýskalandi, Danmörku, Frakklandi, Póllandi, Bandaríkjunum, Spáni, Ítalíu, Finnlandi og Kína.

Á árinu brautskráðust samtals 2.712 nemendur frá Háskóla Íslands. Af þeim luku 1.645 kandídatar grunnnámi, 238 luku viðbótar- og starfsréttindanámi, 779 kandídatar luku meistaranámi og fram fóru 50 doktorsvarnir.

## Brautskráning úr NordMaG-námi

Háskóli Íslands brautskráði þrjá nemendur úr NordMaG, samnorrænu MA-námi í öldrunarfræðum, og var þeim veitt sameiginleg viðurkenning samstarfsskólanna við hátíðlega athöfn í desember. Nemendurnir eru Gunnjóna Una Guðmundsdóttir, Kristbjörg Hjaltadóttir og Steinunn Arnars Ólafsdóttir. NordMaG er þverfræðilegt meistaranám í öldrunarfræðum sem er skipulagt sameiginlega af Háskóla Íslands, Háskólanum í Lundi í Svíþjóð og Háskólanum í Jyväskylä í Finnlandi. Í Háskóla Íslands er námið vistað hjá Félagsráðgjafardeild, í háskólanum í Lundi innan læknisfræðideildar og í háskólanum í Jyväskylä innan íþróttá- og heilbrigðisvísindadeildar.

## Doktorsnám og doktorsvarnir

Doktorsnafnbótin er æðsti lærdómstíll sem háskólar veita. Háskóli Íslands hefur heimild til að brautskrá doktora af öllum fræðasviðum sínum. Sú heimild var í öllum tilvikum veitt að undangenginni faglegri úttekt erlendra sérfræðinga. Stöðugt fleiri nemendur stunda doktorsnám á fræðasviðunum fimm. Uppbygging doktorsnámsins styrkir stöðu háskólans sem alþjóðlega viðurkennds rannsóknaháskóla og gerir honum kleift að sinna hlutverki sínu sem æðsta menntastofnun þjóðarinnar. Öflugur rannsóknaháskóli er frumskilyrði þess að Ísland standist öðrum snúning í vísindum, nýsköpun, atvinnuþróun og menningu innan þekkingarsamfélags þjóðanna. Forsenda uppbyggingar doktorsnáms eru öflugir styrktarsjóðir sem gera framhaldsnemum kleift að helga sig námi sínu. Tímamót urðu í þessu efni árið 2005 þegar ákveðið var að úthluta úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands en sjóðurinn var stofnaður árið 1964 með gjöf frá Vestur-Íslendingum. Þá hafa fjölmargir doktorsnemar hlotið styrki úr öðrum innlendum og erlendum samkeppissjóðum.

Aðstaða fyrir doktorsnema hefur einnig tekið stakkaskiptum á síðustu árum. Í því sambandi ber sérstaklega að geta þess áfanga sem náðist þegar nýjustu byggingar Háskóla Íslands, Háskólatorg og Gimli, voru vígðar 1. desember 2007. Þar hefur stór hópur doktorsnema fasta vinnuástöðu. Háskóli Íslands hefur enn fremur unnið markvisst að því að treysta faglega umgjörð doktorsnámsins. Árið 2004 voru skilgreind formleg viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við skólann og í byrjun árs 2009 tók til starfa sérstök Miðstöð framhaldsnáms sem hefur það hlutverk að fylgja eftir faglegum kröfum og tryggja gæði námsins. Á árinu 2011 stunduðu um 420 doktorsnemar nám við Háskóla Íslands og fóru 50 doktorsvarnir fram við skólann, sem var talsverð fjölgun frá fyrra ári. Skiptust doktorsvarnir þannig eftir fræðasviðum að 23 doktorar brautskráðust frá Verkfræði- og náttúruvísindasviði, og þar af fjórir með sameiginlega gráðu frá Háskóla Íslands og erlendum háskóla, 14 varnir fóru fram frá Heilbrigðisvísindasviði, sex frá Hugvísindasviði, fjórar frá Félagsvísindasviði og þrjár frá Menntavísindasviði. Gera áætlanir ráð fyrir að doktorsnemum fjölgi hratt á næstu. Nánar er gerð grein fyrir doktorsvörnum við Háskóla Íslands aftar í þessu riti.

## Hátíð brautskráðra doktora haldin í fyrsta sinn

Háskóli Íslands efndi í fyrsta sinn til hátíðar brautskráðra doktora 1. desember 2011 í Hátíðasal Aðalbyggingar. Á hátíðinni fengu þeir nýdóttarar sem höfðu varið ritgerðir sínar við Háskóla Íslands frá 1. desember 2010 afhent gullmerki háskólans. Doktorar sem brautskrást frá Háskóla Íslands fá framvegis slíkt merki afhent á árvissri hátíð sem þessari. Viðstödd athöfnina voru þau Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því að fyrsta doktorsritgerðin var varin við Háskóla Íslands árið 1919. Á síðustu 20 árum hefur doktorsnám færst í vöxt við Háskóla Íslands, ekki síst í kjölfar stefnumörkunar háskólans árið 2006, en þar var rík áhersla lögð á að efla rannsóknir og

doktorsnám. Doktorsnemum hefur fjölgað ört undanfarin ár, þeir eru nú um 500 talsins og hafa aldrei verið fleiri.

Á þessum tíma jókst sömuleiðis árangur Háskóla Íslands á sviði rannsókna og nýsköpunar og hefur háskólinn náð tveimur mikilvægum markmiðum varðandi doktorsnámið sem sett voru árið 2006. Í Stefnu Háskóla Íslands 2006–2011 var gert ráð fyrir að erlendir ríkisborgarar yrðu 30% doktorsnema árið 2011 og náðist það markmið með brautskráningunum árið 2011. Annað markmið í stefnunni var að 10% doktorsnema stunduðu nám á grundvelli sameiginlegs doktorsprófs frá tveimur háskólum, þ.e. Háskóla Íslands og öðrum háskóla. Það markmið náðist einnig þar sem 5 af þeim 47 doktorum sem brautskráðust voru með sameiginlega doktorsgráðu úr tveimur skólum.

Frá 1. desember 2010 til 1. desember 2011 brautskráðust 47 doktorar frá Háskóla Íslands, 27 karlar og 20 konur. Í hópnum voru nemendur frá níu þjóðlöndum og þremur heimsálfum en rúm 60 prósent doktoranna voru Íslendingar.

## Heiðursdoktorar

Sex heiðursdoktorar voru kjörnir við Háskóla Íslands á árinu 2011. Þær Connie White Delaney og Margaret E. Wilson voru sæmdar heiðursdoktorsnafnbót við Hjúkrunarfræðideild í október og eru þær fyrstu heiðursdoktorarnir við deildina, Margrét Guðnadóttir var kjörin heiðursdoktor við Læknadeild í nóvember og á fullveldisdaginn, 1. desember, var þeim Jóhanni Páli Árnasyni, Kari Elisabeth Børresen og Marianne E. Kalinke veitt heiðursdoktorsnafnbót við Hugvísindasvið, Jóhanni Páli við Sagnfræði- og heimspekideild, Kari við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild og Marianne við Íslensku- og menningardeild. Ítarlegri umfjöllun um heiðursdoktora er að finna aftar í þessu riti.

## Nýsköpun

### Nýsköpunarmessa og hagnýtingarverðlaun

Háskóli Íslands stóð að árlegri nýsköpunarmessu í þriðja sinn í nóvember í tengslum við alþjóðlega athafnaviku þar sem markmiðið er að hvetja fólk til að tileinka sér nýsköpun, athafnasemi og frumkvöðlahugsun. Messan er veglegur viðburður sem er nemendum háskólans innblástur og hvatning til nýsköpunar og til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. Í tengslum við messuna og í tilefni aldarafmælis Háskóla Íslands var að þessu sinni sett upp veggspjaldasýning með vörðum úr sögu nýsköpunar og hagnýtingu rannsókna Háskóla Íslands og fulltrúar ýmissa sprotafyrirtækja, sem eiga rætur að rekja til rannsókna og verkefna kennara og nemenda skólans, kynntu starfsemi sína á Háskólatorgi.

Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands voru að venju veitt á nýsköpunarmessunni, þótt þau eigi sér raunar mun lengri sögu en messan. Að þessu sinni bárust 16 hugmyndir af ýmsum fagsviðum í samkeppnina að baki verðlaununum sem námu samtals einni m.kr. Fyrstu verðlaun hlutu Páll Torfi Önundarson, prófessor við Læknadeild og yfirlæknir á Landspítalanum, og Brynja R. Guðmundsdóttir, klínískur lektor á Landspítalanum, fyrir verkefnið „Fiix-prothrombin tími; nýtt blóðstorkupróf til stýringar á blóðþynningu“, sem gagnast við að stýra gjöf blóðþynningarlyfsins Kóvar. Önnur verðlaun hlaut Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent við Félags- og mannvísindadeild, fyrir verkefnið „Seinfærir foreldrar – stuðningur og fræðsla“, forvarnaverkefni fyrir seinfæra foreldra og fagfólk og stuðningsaðila sem annast þá. Þriðju verðlaunum deildu tvö verkefni með sér, „Hönnun rauntímafrumu“, tölvuforrit sem sýnir í smáatriðum á myndrænan hátt hvernig fruma

vinnur og er byggð upp, og að því standa Þórarinn Guðjónsson, dósent við Læknadeild, og Loic Letertre lífeindafræðingur, og verkefnið „Tónar hafsins“, og eru höfundarnir að því þær Edda Elísabet Magnúsdóttir, doktorsnemi í líffræði, og Marianne Helene Rasmussen, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Húsavík. Verkefnið er margmiðlunarfræðsluefni um hvali, sem ætlað er sem söluvara fyrir almenning, og þar verður fjallað sérstaklega um eiginleika og þýðingu hljóða hvala og annað efni um hvali birt.

## Alþjóðlegt samstarf

### Aukið samstarf við háskóla í Bandaríkjunum

Samstarf Háskóla Íslands við alþjóðlega háskóla í fremstu röð hefur aukist og styrkst mikið á undanförunum árum, jafnt í Evrópu, Bandaríkjunum og Kína. Sem dæmi má nefna að árið 2008 undirrituðu Caltech, California Institute of Technology, og Háskóli Íslands samning um samstarf í kennslu og rannsóknum. Í þessu samstarfi felst þátttaka Háskóla Íslands í svokölluðu SURF (Summer Undergraduate Research Fellowship) hjá Caltech en SURF felur í sér rannsóknasamstarf á milli leiðbeinenda og nemenda í grunnnámi. Sumarið 2011 voru þrír nemendur í grunnnámi frá Háskóla Íslands styrktir til að vinna tíu vikna SURF-verkefni við Caltech og þrír grunnnemendur frá Caltech voru styrktir í tíu vikna verkefni við Háskóla Íslands og var þetta í fjórða sinn sem slíkir styrkir eru veittir.

Þá tók einnig gildi samningur sem Háskóli Íslands og Stanford-háskóli gerðu með sér og bauðst þremur nemendum í grunnnámi við Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands í fyrsta sinn árið 2011 styrkur til þátttöku í svonefndu Stanford Summer International Honors Program (SSIHP). Þar eru meira en 100 námskeið fyrir nemendur í grunnnámi í boði og þurfa þeir að velja minnst tvö þeirra (þ.e. 16 einingar við Háskóla Íslands). Námskeiðin eru átta vikna löng. Nemendurnir sem fengu styrkinn árið 2011 og fóru til námsins stóðu sig með miklum ágætum og munu háskólarnir halda samstarfinu ótrauðir áfram.

Enn fremur hefur Háskóli Íslands gert samning við University of California í Santa Barbara (UCSB), sem felur í sér að nemendum UC-kerfisins (University of California Systems) gefst kostur á að taka þátt í jarðfræðinámskeiðum við Háskóla Íslands.

### Norrænt ofurtölvuver sett upp á Íslandi

Í apríl gerðu Háskóli Íslands og þrjár erlendar stofnanir, Danish Center for Scientific Computing, Swedish National Infrastructure for Computing og UNINETT Sigma í Noregi, með sér samkomulag um starfrækslu norræns ofurtölvuvers. Heildarjáfresting í verkefninu nemur rúmlega einni milljón evra eða um 160 m.kr. Um er að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára og munu háskólar og rannsóknastofnanir á Norðurlöndum samnýta ofurtölvuverið. Verið hýsir reiknifreka tölvuvinnslu til vísindarannsókna fyrir háskólana og varð Háskóli Íslands hlutskarpastur þriggja norrænna háskóla sem buðu í rekstur versins. Þátttaka Háskóla Íslands í verkefninu felur ótvírætt í sér aukin tækifæri til alþjóðlegs samstarfs um vísindarannsóknir og nýsköpun, auk markaðssetningar Íslands sem ákjósanlegs staðar fyrir orkufreka samhliða tölvuvinnslu. Mennta- og menningarmálaráðuneytið styður verkefnið með fjárframlagi en gagnaverið Thor Data Center í Hafnarfirði hýsir sjálft tölvuverið.

## **Erlent samstarf um kennslu á sviði menntunarfræða ungra barna**

Menntavísindasvið, Gautaborgarháskóli og Queensland University of Technology hófu samstarf á árinu um kennslu á sviði menntunarfræða ungra barna. Nemendur í meistara- og doktorsnámi á þessu sviði eiga þess kost að taka 15 eininga námskeið um sambættingu leiks og náms í skólastarfi, sem kennt er sameiginlega íslenskum, sænskum og áströlskum stúdentum. Í námskeiðinu vinna þeir rannsóknarverkefni um efnið og tengja það fræðilegum og aðferðafræðilegum viðfangsefnum.

## **Samevrópskt verkefni um hugverkarétt**

Háskóli Íslands hóf þátttöku í sameiginlegu rannsóknaverkefni fimm háskóla í Evrópu undir nafninu Cultivate. Aðrir háskólar sem taka þátt í verkefninu eru háskólarnir í Uppsölum í Svíþjóð og Utrecht í Hollandi, Birkbeck-háskóli í London og Kaupmannahafnarháskóli, þaðan sem því er stýrt. Verkefnið er til þriggja ára og heyrir undir evrópsku rannsóknáætlanina Hera Joint Research Programme og í því er ætlunin að kanna sambandið milli sköpunar, hugverkaréttinda og menningararfs út frá evrópsku sjónarhorni og fjölbreyttri menningu og aðstæðum innan álfunnar. Til efnið er nýleg þróun í stafrænni tæknivæðingu og þeir möguleikar sem hún leiðir af sér við að afrita, deila og fjöldadreifa gögnum. Fulltrúi Háskóla Íslands í rannsóknaverkefninu er Valdimar Tryggvi Hafstein, dósent í þjóðfræði við Félags- og mannvísindadeild.

## **Sendiherra Brasilíu ræðir samstarf við Háskóla Íslands**

Carlos Henrique Cardim, nýr sendiherra Brasilíu í Noregi og á Íslandi, heimsótti Háskóla Íslands í maí. Erindið var að ræða möguleika á samstarfi milli Háskóla Íslands og brasilískra háskóla og rannsóknastofnana. Vísindamenn Háskóla Íslands hafa verið í rannsóknasamstarfi við brasilíska starfsbræður á sviði stærðfræði, menntavísinda, stjórnmálafræði, jarðvísinda og eðlisfræði en ekki hafa verið gerðir samningar um stúdentaskipti. Kristín Ingólfssdóttir rektor og Jón Atli Benediktsson aðstoðarrektor tóku á móti sendiherranum og áttu frjóar samræður um samstarfsmöguleika, bæði er varðar kennslu og rannsóknir.

## **Aukið samstarf Háskóla Íslands og Ohio State háskóla**

E. Gordons Gee, rektor Ohio State háskóla, sótti Háskóla Íslands heim í júlí þar sem hann og Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, undirrituðu viljayfirlýsingu háskólanna tveggja um aukið samstarf. Á milli háskólanna tveggja gilda þegar samningar, m.a. um stúdentaskipti í grunnnámi og meistaranámi, og vísindamenn skólanna starfa saman á sviði loftslagsbreytinga með áherslu á jarðvegsrannsóknir og rannsóknir á bráðnun jökla. Með viljayfirlýsingunni er ætlunin að auka enn þessi samskipti.

## **Aukið samstarf við Washington-háskóla í Seattle**

Jón Atli Benediktsson, prófessor og aðstoðarrektor vísinda og kennslu við Háskóla Íslands, heimsótti í lok júní Washington-háskóla (University of Washington) í Seattle í Bandaríkjunum ásamt Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, og sendinefnd forsetans. Þeir áttu viðræðufund með rektor og deildarforsetum háskólans um samstarf skólanna tveggja. Háskóli Íslands og Washington-háskóli hafa átt áralangt og gott samstarf en Washington-háskóli er einn sá öflugasti í heiminum. Fjölmargir Íslendingar hafa sótt þar nám, m.a. í verkfræði, efnafræði, lífvísindum og stærðfræði, einn til tveir nemendur í umhverfis- og byggingarverkfræði hafa stundað meistaranám í Washington-háskóla á hverju ári með styrk frá Valle-styrktarsjóðnum og margir akademískir starfsmenn Háskóla Íslands hafa dvalið við Washington-háskóla á rannsóknamissurum. Jafnframt hafa margir akademískir starfsmenn Háskóla Íslands lokið doktorsprófi við Washington-háskóla og í nóvember lauk fyrsti



stúdentinn, Pamela J. Woods, sameiginlegri doktorsgráðu frá báðum skólunum og er það auk þess í fyrsta sinn sem doktorsnemi brautskráist sameiginlega frá Washington-háskóla og erlendum háskóla. Nú þegar hafa háskólarnir stúdentaskiptasamninga í hug- og raunvísindum annars vegar og verkfræði hins vegar og nú er fyrirhugað að auka samstarf skólanna á sviði kennslu og vísindarannsóknna með sérstakri áherslu á verkfræði, umhverfisvísindi, náttúruvísindi, norræna menningu að fornu og nýju, sem og á sviði viðskipta- og hagfræði.

## **Háskóli Íslands hluti af University of the Arctic**

Á árinu varð Háskóli Íslands aðili að The University of the Arctic, Háskóla norðurslóða. Skólinn er fjölþjóðleg menntastofnun, stofnuð árið 2001, og er eina háskólastofnunin sem nær til allra landanna umhverfis norðurheimskautið. Aðilar að skólanum eru 140 háskólar og samtök frá átta löndum á norðurhveli jarðar sem standa fyrir þverfaglegu framhaldsnámi um lífríki og samfélög norðurslóða og stuðla þannig að aukinni þekkingu og rannsóknasamstarfi og skólinn er þar með eitt víðamesta mennta- og rannsóknanet heims. Fulltrúi Háskóla Íslands er Ingibjörg Svala Jónsdóttir, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild.

## **Glerlistasýning á Háskólatorgi**

Í maí var opnuð á Háskólatorgi sýning á verkum 16 virtra glerlistakvanna víða að úr heiminum og nefndist hún Private Collections. Verkin voru ólík en þó innbyrðis tengd vegna áralangs samstarfs kvennanna. Sýningarhópurinn hefur haldið glerlistasýningar annað hvert ár í nærri aldarfjórðung, eða frá því að leiðir þeirra lágu fyrst saman fyrir 22 árum, er þær sýndu fyrst verk sín saman í Norræna húsinu árið 1989. Markmiðið með sýningunum er að viðhalda samræðu á milli listakvennanna og miðla þekkingu þeirra og reynslu. Samstarfið hefur veitt þeim innblástur til nýrra verka og listaverkin á sýningunni báru gott vitni um þann sköpunarkraft sem finna má í nútímaglerlist.

## **Akademískt gestastarf við námsbraut í félagsfræði**

Á haustmánuðum undirrituðu Sigrún Ólafsdóttir og Kristín Ingólfssdóttir háskólarektor, fyrir hönd Háskóla Íslands, samning um akademískt gestastarf í félagsfræði. Markmið samningsins er að styrkja kennslu og rannsóknir í félagsfræði og er hann gerður til fimm ára. Sigrún er lektor í félagsfræði við Boston-háskóla.

# **Innlent samstarf**

## **Aukið samstarf opinberra háskóla**

Opinberu háskólarnir fjórir, Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum, hafa um nokkurt skeið markvisst unnið að því að efla samstarf sín í milli. Samstarfið byggist á stefnu þar að lútandi sem sett var af mennta- og menningarmálaráðherra í ágúst 2010 og ráðuneytið veitti 300 m.kr. til. Skólarnir gerðu á árinu með sér samning um sameiginlega stoðþjónustu, m.a. upplýsingakerfi Uglu, mat á akademísku hæfi og ráðningar- og framgangsmál. Enn fremur felst í samstarfinu gagnkvæmur aðgangur nemenda að námskeiðum við skólana, sem geta eftirleiðis skráð sig í námskeið við annan opinberan háskóla án þess að greiða nein viðbótargjöld og án þess að móttökuskólinn setji almenn takmörk á fjölda eininga sem gestanemandi tekur með þessum hætti. Nemendur þurfa þó að leita til síns heimaskóla áður en þeir skrá sig í námskeið til að tryggja að þau fáið metin til viðkomandi prófgráðu. Skólarnir stefna að því

að hagræða í námsframboði sínu með því að að sameina námskeið þvert á skóla og samkenna þau með hjálp fjarkennslutækni. Þessi tilhögun kemur til með að bæta nýtingu á mannauði og kennsluáðstöðu við skólana og síðast en ekki síst fjölga valkostum fyrir nemendur.

## **Háskóli Íslands styrkir nýsköpunarkeppni grunnskólanna**

Í janúar undirrituðu Jón Atli Benediktsson, aðstoðarrektur vísinda og kennslu við Háskóla Íslands, fyrir hönd skólans og Anna Þóra Ísfold, framkvæmdastjóri Nýsköpunarkeppni grunnskólanna, samning um stuðning háskólans við keppnina. Samningurinn er til tveggja ára. Háskóli Íslands varð með honum bakhjarl keppinnar og er meginmarkmið með aðild háskólans að henni að efla nýsköpunarstarf barna og unglinga í grunnskólum landsins. Háskólinn leggur keppninni til kennara, starfsfólk og nemendur sína í matsferli keppinnar, sem og leiðbeinendur í vinnusmiðju og fulltrúa í verðlaunanevnd. Auk þess styður skólinn keppnina með fjárframlagi og í tilefni aldarafmælisins kvað samningurinn enn fremur á um að 10 stigahæstu keppendurnir fengju gjafabréf í Háskóla unga fólksins sumarið 2012.

## **Lífvísindasetur Háskóla Íslands stofnað**

Lífvísindasetur Háskóla Íslands var formlega stofnað þann 30. nóvember 2011 við hátíðlega athöfn í Öskju. Með setrinu er settur á fót formlegur rammi um samstarf rannsóknahópa á sviði lífvísinda sem starfa innan Læknadeildar Háskóla Íslands og Landspítala. Þessir hópar hafa þegar unnið mikið saman og þeir leggja stund á rannsóknir á ýmsum sviðum lífvísinda, allt frá smæstu einingum frumunnar til rannsókna á samskiptum fruma og uppruna sjúkdóma, og þegar starfa um 20 hópstjórar við setrið og á sjöunda tug nýdoktora, framhaldsnema og tæknifólks. Meðal annars eru stundaðar rannsóknir á sviði sameindalíffræði krabbameins, starfsemi og sérhæfingu stofnfruma, stjórnunar genatjáningar, erfðalækninga, næringar- og matvælafræði og ónæmisfræði, auk ýmissa sviða lífeðlisfræði. Með stofnun setursins eykst samvinna rannsóknahópanna, þekking skapast og vísindastarf allt eflist. Í náinni framtíð er stefnt að því að sem flestir vísindamenn háskólans á sviði lífvísinda starfi við Lífvísindasetrið eða í nánnum tengslum við það og þar með skapist frjór vettvangur fyrir rannsóknir á þessu sviði.

Opunarhátíð í tilefni af stofnun Lífvísindaseturs hófst á fyrirlestri Marianne Bronner, prófessors við California Institute of Technology. Að fyrirlestri Bronner loknum flutti Guðmundur Þorgeirsson, forseti Læknadeildar, ávarp og Eiríkur Steingrímsson, prófessor við Læknadeild, kynnti starfsemi Lífvísindaseturs. Að því loknu flutti Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, ávarp og lýsti Lífvísindasetur Háskóla Íslands formlega stofnað.

## **Samningur milli Háskóla Íslands og Heyrnar- og talmeinafræðingaráttar Íslands**

Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Guðrún Gísladóttir, framkvæmdastjóri Heyrnar- og talmeinafræðingaráttar Íslands, undirrituðu í janúar samning til að efla samstarf beggja stofnananna með því að nýta sem best sérþekkingu, kunnáttu, efnivið og aðstöðu sem aðilarnir búa yfir við kennslu, rannsóknir og þjálfun í því þverfræðilega meistaranámi í talmeinafræði sem hófst við Háskóla Íslands haustið 2010. Með samningnum koma sérfræðingar Heyrnar- og talmeinafræðingaráttarinnar, læknar og talmeinafræðingar, að kennslu í talmeinafræði á næstu tveimur árum að jafngildi allt að 30% stöðugildi og starfsþjálfun tengd námi í talmeinafræði fer fram á Heyrnar- og talmeinafræðingaráttinni að svo miklu leyti sem því verður við komið. Þá vinna stofnanirnar að sameiginlegri stefnumótun um vísindi og rannsóknastörf sem tengjast markmiðum samningsins í því skyni að efla akademískt rannsóknar- og vísindastarf og styrkja þjónustulutverk Heyrnar- og talmeinafræðingaráttarinnar.



## Samningur milli Háskóla Íslands og Ferðafélags Íslands

Háskóli Íslands og Ferðafélag Íslands gerðu með sér samning um að skólinn og Ferðafélagið stæðu fyrir reglulegum gönguferðum á afmælisári Háskóla Íslands. Samningsaðilarnir munu standa saman að 12 göngum á árinu undir yfirskriftinni Með fróðleik í fararnesti. Allar tókust þessar ferðir fjarskalega vel og var ákveðið í lok afmælisársins að halda samstarfinu áfram.

## Samstarf við Landmælingar í fjarkönnun

Í febrúar var samningur milli Landmælinga Íslands og Háskóla Íslands um samstarf á sviði fjarkönnunar endurnýjaður í kjölfar samstarfs frá árinu 2000. Samkvæmt samningnum vinna Landmælingar Íslands og Háskóli Íslands að eflingu fjarkönnunarrannsókna á Íslandi og skiptast á fjarkönnunargögnum. Stúdentar við Háskóla Íslands geta stundað nám í fjarkönnun í nánu samstarfi við Landmælingar Íslands og hafa stofnanirnar sameiginlegan starfsmann. Til verkefnisins „Skynjun á breytingum með fjarkönnun“ (Change Detection with Optical Remote Sensing), sem báðar stofnanirnar eru aðilar að, fékkst enn fremur þriggja ára styrkur frá Rannís. Tilgangur verkefnisins er að þróa hugbúnað til þess að uppgötva og kortleggja breytingar á landyfirborði með samanburði á gervitunglamyndum sem teknar eru með nokkurra ára millibili.

## Sumarnámskeið í útvarpsþáttagerð

Í febrúar skrifuðu Háskóli Íslands og Ríkisútvarpið undir samning um sumarnámskeið í útvarpsþáttagerð. Námskeiðið var opið nemendum á öllum fræðasviðum skólans en þó hýst innan meistaranáms í blaða- og fréttamennsku á Félagsvísindasviði. Það var haldið í húsakynnum Ríkisútvarpsins sem jafnframt lagði til fyrirlesara og tækniþjónustu og markmiðið með því var að gefa nemendum háskólans tækifæri til að koma fræðum sínum á framfæri við hlustendur Ríkisútvarpsins, kynnast útvarpinu sem miðli, fá reynslu af þáttagerð og kynnast verklagi reynds fjölmiðlafólks.

## Samningur um aðgang að hugbúnaðinum SAS

Háskóli Íslands og SAS-Institute gerðu með sér samning á vormánuðum um aðgang vísindamanna, kennara og nemenda á öllum fræðasviðum skólans að tölfraeðiforritinu SAS án endurgjalds. SAS-hugbúnaðurinn er notaður í háskólum um allan heim við úrvinnslu á megindlegum (e. quantitative) gögnum. Samningurinn nær einnig til annarra þátta sem auðvelda notkun hugbúnaðarins, meðal annars vefnámskeiða og ýmissa búnaðar til námsefnisgerðar.

## Vísindavefurinn og Landsvirkjun í samstarf

Í mars undirrituðu Vísindavefur Háskóla Íslands og Landsvirkjun samning um samstarf á sviði vísindamiðlunar. Með samstarfinu vilja Vísindavefurinn og Landsvirkjun stuðla að vandaðri og nútímalegri fræðslu um vísindi handa almenningi. Samningurinn felur meðal annars í sér miðlun Landsvirkjunar á úrvali svara Vísindavefsins um orku og orkumál í fræðsluskyni. Báðir samningsaðilarnir hafa áhuga á að þróa samstarfið frekar á komandi misserum.

## Samstarf um friðlandið í Vatnsmýri og háskólalóð

Háskóli Íslands, Norræna húsið og Reykjavíkurborg undirrituðu í apríl samning um að hefja endurbætur á friðlandinu í Vatnsmýrinni í sameiningu. Endurbæturnar verða gerðar með alþjóðlegar áherslur um endurheimt votlendis og líffræðilegan fjölbreytileika í fyrirrúmi og við framkvæmdirnar verður leitað álits sérfræðinga innan og utan háskólans. Með þeim á m.a. að

tryggja fuglum á Tjörninni öruggt varpland. Þá á að auka rannsóknir á svæðinu og miðla þekkingu á því til almennings þannig að Vatnsmýrin verði nokkurs konar opin rannsóknastofa.

Í desember gerðu svo Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands samkomulag um sameiginlega framtíðarsýn á háskólasvæðinu. Samkomulagið er byggt á yfirlýsingu borgarstjórnar í tilefni af 100 ára afmæli Háskóla Íslands og það felur í sér vilja beggja aðila til að vinna að sameiginlegri framtíðarsýn, heildarskipulagi og samgöngustefnu fyrir lóðir og svæði háskólans í Vatnsmýri. Jafnframt staðfestir Reykjavíkurborg viljrði sitt um að Háskóli Íslands geti þróað starfsemi sína og uppbyggingu með samfelldum hætti til austurs í Vatnsmýri og einnig á að kanna möguleika á fjölbreytilegri landnotkun á svæði Háskóla Íslands vestan Suðurgötu. Samgöngustefna verður mörkuð fyrir svæðið með almenningssamgöngum, hjólreiðastígum og tengingum innan háskólasvæðisins og við nýjan Landspítala og Háskólann í Reykjavík. Tengingar yfir Suðurgötu verða skoðaðar sérstaklega og gatan endurhönnuð með mannlíf á háskólasvæðinu og umhverfisgæði í huga.

## Styrktarsamningur um Lesvefinn

Menntavísindasvið og mennta- og menningarmálaráðuneytið gerðu með sér samning um starfrækslu Lesvefsins í maí. Samkvæmt samningnum veitti mennta- og menningarmálaráðuneytið styrk til þróunar og viðhalds á vefnum ([lesvefurinn.is](http://lesvefurinn.is)) sem Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf vann fyrir menntamálaráðuneytið skólaárið 2007–2008. Samkvæmt samningnum mun Menntavísindasvið sjá um viðhald á vefnum, þróa nýja áhersluþætti út frá markmiðum verkefnisins og sjá um að vefurinn verði uppfærður reglulega. Samningurinn gildir til tveggja ára. Vefurinn er hugsaður sem stuðningsvefur fyrir nemendur, kennara og foreldra til að efla lestur og læsi eftir að hefðbundinni lestrarkennslu lýkur og þar er ætlunin að fjallað verði um ýmsa þætti tengda lestri og læsi, svo sem lestrarörðugleika, hvernig megi hvetja börn til lesturs og ýmis fræðileg fyrirbæri tengd efninu.

## Vísindavefur Háskóla Íslands og Alþingi sömdu um Evrópuvef

Í maí gerðu Vísindavefur Háskóla Íslands og Alþingi með sér samning um uppsetningu og rekstur sérstaks upplýsingavefs um Evrópusambandið og Evrópumál og var hann opnaður undir lok júnímánaðar. Tilgangur hans er að veita málefnalegar og óhlutdrægar upplýsingar um málefni álfunnar og sambandsins og verður uppsetning og framsetning efnis með svipuðu sniði og á Vísindavefnum. Á vefnum verður hægt að spyrja spurninga um allt sem viðkemur Evrópusambandinu og Evrópumálum og starfsmenn vefsins svara ýmist spurningunum sjálfir eða leita til fræðimanna á viðkomandi sviði. Aðalritstjóri Evrópuvefsins er Þorsteinn Vilhjálmsson, prófessor emeritus í vísindasögu og eðlisfræði, ritstjóri Vísindavefsins 2000–2010, og aðrir starfsmenn eru Vilborg Ása Guðjónsdóttir og Þórhildur Hagalín. Í ritstjórn eru, auk ritstjóra, þau Erna Bjarnadóttir hagfræðingur, Margrét Einarsdóttir lögfræðingur og Sverrir Jakobsson sagnfræðingur. Framkvæmdastjóri Evrópuvefsins er Jón Gunnar Þorsteinsson, ritstjóri Vísindavefsins, og vefstjóri hans er Guðmundur Daði Haraldsson.

## Samstarf Háskóla Íslands við Vísindavefinn endurnýjað

Í maí var síðan komið að því að endurnýja samning Háskóla Íslands við Vísindavefinn og þá undirrituðu Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, Bryndís Hrafnkelsdóttir, forstjóri Happraættis Háskóla Íslands, og Jón Gunnar Þorsteinsson, aðalritstjóri Vísindavefs Háskóla Íslands, samning um áframhaldandi samstarf um starfrækslu vefsins. Vísindavefurinn var upphaflega stofnaður sem liður í dagskrá Háskóla Íslands í tilefni af því að Reykjavík var ein af menningarborgum Evrópu árið 2000. Áhugi almennings á vefsetrinu reyndist strax miklu meiri en

nokkur hafði gert sér í hugarlund og þegar menningarborgarárið var liðið kom engum til hugar að leggja hann niður. Fyrir milligöngu þáverandi rektors var leitað til Happraættis Háskóla Íslands sem síðan hefur verið aðalstyrktaraðili Vísindavefsins. Vefurinn er í hópi fjölsóttustu vefja landsins og nota jafnvel tugir þúsunda manna hann í hverri viku. Síðasti samstarfssamningur um starfrækslu Vísindavefsins var til þriggja ára og var samningurinn nú endurnýjaður til annarra þriggja ára.

## „Nám er vinnandi vegur“ í Háskóla Íslands

Á haustmánuðum undirrituðu Háskóli Íslands og fleiri skólar samkomulag við stjórnvöld um að taka á móti yfir þúsund atvinnuleitendum í nám. Samkomulagið var liður í átaksverkefninu „Nám er vinnandi vegur“, sem ætlað er að koma þeim sem lengi hafa leitað vinnu í nám. Í samkomulaginu fólst annars vegar að öllum yngri en 25 ára, sem eftir leita og uppfylla inntökuskilyrði, yrði tryggt nám við hæfi í framhaldsskólum á haustmíssi og hins vegar að ný námstækifæri yrðu sköpuð fyrir allt að eitt þúsund atvinnuleitendur í ár og næstu tvö ár í framhaldsskólum, frumgreinadeildum, háskólum og framhaldsfræðslu. Af þeim atvinnuleitendum sem fengu inni í háskólum landsins fór rúmlega helmingur í Háskóla Íslands og sótti stærri hluti þeirra en almennt gerist um nám í verkfræði- og tæknigreinum en mikil eftirspurn eftir fólki með slíka menntun hefur einkennt vinnumarkaðinn undanfarin ár. Meðal þess sem fólst í áttakinu var að þeir atvinnuleitendur sem hófu nám héldu bótum sínum til áramóta og í kjölfarið skyldu stjórnvöld tryggja þeim framfærslu með öðrum úrræðum.

## Starfsemi Háskóla Íslands á landsbyggðinni

### Aukið samstarf rannsóknasetra við háskólann

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands og Líf- og umhverfisvísindadeild skólans undirrituðu samkomulag til þriggja ára sem hefur það að markmiði að styrkja tengsl stofnunarinnar og einstakra starfseininga hennar á landsbyggðinni við Líf- og umhverfisvísindadeild. Með samkomulaginu verður heimilt að fela akademískum starfsmönnum Stofnunar rannsóknasetra kennsluskyldu við Líf- og umhverfisvísindadeild sem nemur allt að 20% af starfshlutfalli viðkomandi starfsmanns. Gert er ráð fyrir að kennslan verði á þriðja ári í grunnnámi eða á framhaldsstigi. Þá er akademískum starfsmönnum stofnunarinnar einnig heimilt að leiðbeina nemendum í meistara- og doktorsnámi og eftir atvikum að sitja í meistara- og doktorsnefndum við Líf- og umhverfisvísindadeild. Stofnuninni eða einstökum rannsóknasetrum er jafnframt heimilt að annast tiltekin námskeið í heild sinni, s.s. vettvangsnámskeið, samkvæmt ákvörðun Líf- og umhverfisvísindaeildar. Í samkomulaginu er einnig að finna ákvæði um rannsóknafrelsi starfsmanna Stofnunar rannsóknasetra sem starfa fyrir Líf- og umhverfisvísindadeild og rétt þeirra til setu á fundum Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og Líf- og umhverfisvísindaeildar. Fyrir á árinu samþykkti háskólaráð að breyta heiti stofnunarinnar úr Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands í Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands. Jafnframt voru heiti setranna sem undir stofnunina heyra samræmd. Þau nefnast nú öll rannsóknasetur Háskóla Íslands, kennd við viðkomandi stað. Með breytingunni er lögð áhersla á tengsl rannsóknasetranna við háskólann og að þau myndi eina heild.

### Háskólalestin

Svokölluð Háskólalest ferðaðist um landið á árinu með veglega dagskrá og kom við á öllum stöðunum þar sem rannsóknasetur Háskóla Íslands eru til húsa. Hún flutti með sér Háskóla unga fólksins og hafði auk þess með sér vísindaveislu í farangrinum. Rannsóknasetrin tóku ríkan þátt í skipulagningu heimsóknanna og var m.a. lögð áhersla á að fræðimenn úr setrunum settu svip sinn á

dagskrána með erindum og öðrum upptakomum. Nánar má sjá umfjöllun um lestina, Háskóla unga fólksins í kaflanum um opinn háskóla.

## **Innlendir og erlendir styrkir, verðlaun og viðurkenningar**

### **Yfir 60% Rannís-styrkja til Háskóla Íslands**

Yfirgnæfandi meirihluti verkefnisstjóra við rannsóknir sem Rannsóknasjóður Vísinda- og tækniráðs (Rannís) styrkti við úthlutun sína fyrir árið 2011 var í hópi starfsmanna Háskóla Íslands. Styrkveitingarnar bera vitni um afar góðan árangur Háskóla Íslands þar eð 62,2% styrktra verkefni var á vegum verkefnisstjóra frá háskólanum.

Eina verkefnið sem hlaut öndvegisstyrk árið 2011 var verkefnið Innviðir eldfjalla, sem Freysteinn Sigmundsson, jarðeðlisfræðingur við Jarðvísindastofnun, leiðir. Freysteinn leiddi m.a. rannsókn á aðdraganda gossins í Eyjafjallajökli og skrifaði ásamt samstarfsaðilum sínum, innlendum og erlendum, forsíðugrein í Nature, eitt virtasta vísindatímarit heims, og hlaut sú grein mikla athygli.

Þá hlaut Háskóli Íslands einn rannsóknastöðustyrk. Arna Hauksdóttir, sérfræðingur á Heilbrigðisvísindasviði, fékk tæplega 7,2 m.kr. styrk til þriggja ára fyrir verkefnið Áhrif efnahagshrunsins á heilsufar Íslendinga.

Að auki var á árinu veittur 21 verkefnastyrkur úr Rannsóknasjóði til verkefna sem vísindamenn við Háskóla Íslands leiddu.

### **Rektor Háskóla Íslands í stjórn Samtaka evrópskra háskóla**

Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, var á árinu kjörin í stjórn Samtaka evrópskra háskóla (EUA) til fjögurra ára en samtökin eru helsti samvinnu- og samráðsvettvangur evrópskra háskóla. Samtök evrópskra háskóla voru stofnuð 2001 og hefur Háskóli Íslands átt aðild að þeim frá upphafi. Aðild að samtökunum eiga 850 háskólar í 46 þjóðlöndum en valnefnd á vegum samtakanna leitaði til Kristínar um að mega tilnefna hana til stjórnarkjörs. Stjórnarkjorið fór fram á tíu ára afmælisfundum samtakanna í Árósum í Danmörku. Styrkari tengsl Háskóla Íslands við EUA skapa skólanum, vísindamönnum hans og stúdentum tvímælalaust fjölda nýrra tækifæra og bera vott um þá virðingu sem skólinn nýtur á alþjóðavettvangi og þann árangur sem hann hefur náð í vísindarannsóknum á undanförunum árum.

### **Aðstoðarrektor Háskóla Íslands kjörinn formaður alþjóðasamtaka**

Jón Atli Benediktsson, aðstoðarrektor vísinda og kennslu við Háskóla Íslands, var kjörinn forseti í IEEE Geoscience and Remote Sensing Society, virtum og stórum alþjóðlegum samtökum verkfræðinga og vísindamanna sem fást við fjarkönnun af yfirborði lands og sjávar, í andrúmsloftinu og í geimnum ásamt úrvinnslu upplýsinga úr fjarkönnunargögnum. Samtökin gefa út virt ritrýnd vísindarit og halda stóra alþjóðalega ráðstefnu á hverju ári, auk smærri viðburða. Jón Atli, sem einnig er prófessor við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild Háskóla Íslands, var fyrst kjörinn í stjórnunarnefnd samtakanna árið 2000 og var síðan ritstjóri eins rita þess, IEEE Transactions on Geoscience and Remote Sensing, á árunum 2003–2008. Jón Atli hefur hlotið fjölda viðurkenninga

fyrir vísindastörf sín. Hann hlaut m.a. hvatningarverðlaun Rannsóknaráðs Íslands 1997, IEEE Millenium Medal árið 2000 og var kjörinn IEEE Fellow árið 2004. Jón Atli fékk Outstanding Service Award frá Geoscience and Remote Sensing Society árið 2007.

## **Ungir líf- og heilbrigðisvísindamenn verðlaunaðir**

Á ráðstefnu um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum voru fjórum ungum vísindamönnum veittar viðurkenningar. Sigríður Rut Franzdóttir hlaut viðurkenningu menntamálaráðuneytis sem veitt er ungum og efnilegum vísindamanni. Sigríður Rut starfar nú á Rannsóknastofu í stofnfrumufræðum við Lífvísindasetur í Lækna­garði þar sem hún vinnur að rannsóknum á þroskun manslungans í þrívíðu ræktunarlíkani. Jóhanna Eyrún Torfadóttir hlaut viðurkenningu velferðarráðuneytisins fyrir framúrskarandi verkefni á sviði lýðheilsu, forvarna og heilsueflingar en vinnur nú að doktorsritgerð í lýðheilsuvísindum. Doktorsverkefni hennar snýr að krabbameini í blöðruhálskirtli sem nú er algengasta krabbamein meðal karlmanna í vestrænum ríkjum. Jenna Huld Eysteinsdóttir hlaut viðurkenningu úr Porkelssjóði, sem veitt var úr í annað sinn. Hlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni námsmanna á sviði lyfja- og eiturefnasviði í víðustu merkingu, svo sem grunnrannsóknum eða klínískum rannsóknum sem geta aukið skilning á lyfjaverkun, aukaverkunum, nýjum lyfjamörkum eða lyfjapróun. Jenna Huld vinnur að doktorsverkefni þar sem hún ber psoriasismeðferð í Bláa lóninu saman við hefðbundna UVB-meðferð. Erna Sif Arnardóttir hlaut hvatningarverðlaun Jóhanns Axelssonar, sem Félag íslenskra lífeðlisfræðinga veitir ungum og efnilegum vísindamanni fyrir verkefni á sviði lífeðlisfræði eða skyldra greina. Erna Sif vinnur að doktorsrannsókn sem lýtur að víxlverkandi áhrifum kæfisvefns og offitu og afleiðingum svefntruflana.

## **Viðurkenningar til doktorsnema í lyfjafræði**

Í janúar voru veittar viðurkenningar úr Verðlaunasjóði Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar lyfsala. Guðrún Þengilsdóttir og María Dolores Moya Ortega, doktorsnemar við Lyfjafræðideild, hlutu hvor 400 þús. kr. fyrir framúrskarandi rannsóknir í lyfjafræði. Þetta var í sjötta sinn sem doktorsnemunum í lyfjafræði við Háskóla Íslands er veitt viðurkenning úr sjóðnum, sem Bent Scheving Thorsteinsson stofnaði í maí árið 2001 til minningar um föður sinn, Þorstein Scheving Thorsteinsson, lyfsala í Reykjavík­urapóteki, og eiginkonu hans, Bergþóru Patursson.

## **Actavis og Spron styrkja Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur**

Í janúar undirrituðu Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, forstjóri Actavis á Íslandi, og Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, samning um styrk Actavis til handa Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum málum upp á 30 m.kr. til byggingar húss fyrir starfsemi stofnunarinnar. Með samningnum vill Actavis leggja á árar með stofnuninni við að koma á fót alþjóðlegri tungumálamiðstöð hér á landi í nafni Vigdísar í tilefni af áttæðisafmæli hennar á síðastliðnu ári og því að 30 ár voru þá liðin frá sögulegu forsetakjöri hennar.

Í árslok hlaut stofnunin enn fremur veglegan styrk frá Spron-sjóðinum ses, sem úthlutaði henni 60 m.kr. til að standa straum af kostnaði við fyrirlestrasal í framtíðarhúsnæði stofnunarinnar sem bera mun nafn Vigdísar Finnbogadóttur. Þessi styrkur var hluti af lokaúthlutun sjóðsins til mennta-, menningar- og góðgerðamála sem nam alls 340 m.kr.

## **Úthlutanir úr sjóði Selmu og Kays Langvads**

Á árinu var tvisvar úthlutað úr sjóði Selmu og Kays Langvads. Sjóðurinn veitir styrki til að efla samskipti og rannsóknasamstarf Háskóla Íslands við danskar stofnanir og háskóla. Fyrri styrkinn hlaut Sverrir Jakobsson, aðjunkt í sagnfræði við Háskóla Íslands, en hann var höfundur



miðaldakaflans í yfirlitsriti á dönsku um sögu vestnorrænna þjóða sem kom út í Kaupmannahöfn á árinu. Síðar á árinu var úthlutað aftur, og þá hlaut styrkinn Elín Soffía Ólafsdóttir, prófessor í lyfja- og efnafræði náttúruvafna, sem hefur, í samstarfi við danska rannsóknahópa, m.a. rannsakað lífvirk náttúruvafni úr íslensku lífríki í því skyni að þróa lyfjasprotta við erfiðum sjúkdómum á borð við taugahrönnunarsjúkdóma og krabbamein. Þessi síðari úthlutun var aukaúthlutun að frumkvæði Sörens Langvads í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands og námu styrkirnir hvor um sig sem svarar 1,6 m.kr.

## **Nemi úr Háskóla Íslands hlaut Gulleggið 2011**

Í apríl var tilkynnt um úrslit Gulleggsins 2011, frumkvöðlakeppni nýsköpunar- og frumkvöðlasetursins Innovits. Eyrún Eggertsdóttir, sem lauk námi í sálfræði frá Háskóla Íslands árið 2008, setti á fót sprotafyrirtækið RÓRÓ sem varð hlutskarpast í keppninni með brúðu sem hjálpar ungbörnum að sofa og líða betur og vinnur Eyrún nú að því að koma hugmyndinni á framfæri á alþjóðamarkaði og sækja um einkaleyfi. Átta af þeim tíu viðskiptahugmyndum sem komust í úrslit í keppninni voru á vegum núverandi eða brautskráðra nemenda við Háskóla Íslands.

## **Úthlutað úr Watanabe-styrktarsjóðnum í fyrsta sinn**

Í apríl var úthlutað þremur styrkjum úr Watanabe-styrktarsjóðnum við Háskóla Íslands. Þetta var í fyrsta sinn sem styrkir voru veittir úr sjóðnum en Toshizo Watanabe stofnaði hann árið 2008 með þriggja milljóna Bandaríkjadala stofnframlagi (340 milljónum íslenskra króna) í því skyni að styrkja gagnkvæm fræðileg tengsl Íslands og Japans með nemenda- og kennaraskiptum. Tveir nemendur við Háskóla Íslands, Harald Schaller, doktorsnemi í Líf- og umhverfisvísindadeild, og Helga Ragnarsdóttir, BA-nemi í japönsku, hlutu styrk og einn japanskur stúdent, Kazuho Oshima, doktorsnemi í evrópski sögu og félagsvísindum við Hitobashi-háskóla í Japan. Stúdentarnir héðan halda til náms við háskóla í Japan og japanski stúdentinn mun stunda nám við Háskóla Íslands. Heildarupphæð styrkjanna við þessa fyrstu úthlutun var tæplega fimm m.kr. og var stofnandi sjóðsins, Toshizo Watanabe, viðstaddur úthlutunina.

## **Fyrsta úthlutun úr Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur**

Í apríl var úthlutað í fyrsta sinn úr Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum sem Háskóli Íslands og Kaupþing banki stofnuðu árið 2003. Til úthlutunar voru tvær m.kr. sem veitt var til fimm verkefna sem tengjast rannsóknum á tungumálum og menningu. Þau voru: Ársrit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur fyrir árið 2010, sem hlaut stærsta styrkinn, Ársrit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur fyrir árið 2011, tvímála útgáfa af ljóðabók Jónasar Þorbjarnarsonar, Hliðargötur, sem Júlían Meldon D'Arcy gefur út, útgáfa tvímála bókarinnar Yfir saltan mar: Þýðingar á ljóðum Jorge Luis Borgesar á Íslandi, sem Hólmfríður Garðarsdóttir gefur út, og síðan hlaut Birna Arnbjörnsdóttir styrk til að varðveita raunveruleg hljóðdæmi um vestur-íslensku og koma þeim af spólum yfir á rafrænt form og gera þau aðgengileg til rannsókna.

## **Veglegir styrkir úr Tækjasjóði Rannís**

Stofnanir og vísindamenn hjá Háskóla Íslands fengu veglega styrki þegar úthlutað var úr Tækjasjóði Rannsóknamiðstöðvar Íslands fyrir árið 2011. Af 55 umsóknum sem bárust voru 23 styrktar um samtals um 174 m.kr. og var hlutur stofnana, deilda og vísindamana á vegum Háskóla Íslands þar af um 120 m.kr. Má nefna að Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands fékk tæpar 28 m.kr. vegna kjarna- og gjóskukornagreinis og Lyfjafræðideild hlaut rúmlega 17,8 m.kr. styrk til kaupa á efnagreiningartæki fyrir örtækni- og lyftækniyf. Þá fengu Landspítali – háskólasjúkrahús og Háskóli Íslands 17,4 m.kr. styrk til uppbyggingar öflugrar frumuflæðisjargreiningar á ónæmisdeild Landspítalans og enn

fremur fékk Lífvisindasetur í Læknagarði samtals um 20 m.kr. í tveimur styrkjum til tækjakaupa. Hlutverk Tækjasjóðs Rannís er að veita rannsóknastofnunum styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði til rannsókna en framlag Tækjasjóðs nægir aðeins fyrir hluta kostnaðar við fjárfestinguna.

## **Styrkir til rannsókna á íslenskri myndlist**

Í júní var úthlutað í sjöunda sinn úr Styrktarsjóði Listasafns Háskóla Íslands. Samtals hafa þrettán manns fengið styrki úr sjóðnum til listfræðilegra rannsókna síðan fyrst var úthlutað úr sjóðnum árið 2000 en Sverrir Sigurðsson stofnaði sjóðinn árið 1999. Í ár voru veittir tveir styrkir til rannsókna á sviði íslenskrar myndlistar og voru það Arndís S. Árnadóttir listfræðingur og Jón B. K. Ransu, myndlistarmaður og listgagnrýnandi, sem hlutu styrkina, hvort um sig styrk að upphæð 500 þús.kr. Arndísi var veittur styrkurinn til að gefa út myndskreytta gerð doktorsritgerðar sinnar, Nútímaheimilið í mótun. Fagurbætur, funksjónalismi og norræn áhrif á íslenska hönnun 1900–1970. Ritgerðin er afrakstur margra ára rannsókna Arndísar. Jón hlaut styrkinn til að rita og gefa út bók sína Listgildi samtímans: Handbók um íslenska samtímalist, sem er kenningafræðileg úttekt á stöðu samtímalistar á Íslandi í ljósi alþjóðlegra kenninga um list, sem Jón hefur unnið að um nokkurt skeið. Stjórn sjóðsins taldi bæði þessi verk vera mikilsvert framlag til rannsókna á íslenskri lista- og hönnunarsögu.

## **Björg Thorarensen, prófessor við Lagadeild, hlýtur rannsóknarstyrk**

Rannsóknarstyrkjum úr sjóði sem nefnist Rannsóknarstyrkir Bjarna Benediktssonar var úthlutað í fjórða sinn í maí. Sjóðnum er annars vegar ætlað að styrkja rannsóknir á tilteknum sviðum lögfræði og hins vegar á sviði hag- og stjórn málasögu 20. aldar. Björg Thorarensen, prófessor við Lagadeild, hlaut styrk úr lögfræðihluta sjóðsins til að vinna að ritun bókarinnar Stjórnskipunarréttur – ríkisvald. Sjóðurinn var stofnaður árið 2008 þegar 100 ár voru liðin frá fæðingu Bjarna Benediktssonar heitins forsætisráðherra og skyldi hann starfa í fimm ár.

## **Afburðanemar verðlaunaðir**

Sex nemendur, fimm konur og einn karl, sem útskrifast hafa úr grunnnámi í eðlisfræði og efnafræði við Raunvísindadeild á síðustu þremur árum hlutu verðlaun fyrir afburðaárangur úr Verðlaunasjóði Guðmundar P. Bjarnasonar frá Akranesi vorið 2011. Hver verðlaunahafi hlaut 750 þús.kr. og var heildarupphæðin því 4,5 m.kr. Þetta er með veglegustu verðlaunum sem háskólanemum eru veitt hér á landi. Fyrir námsárangur í eðlisfræði við brautskráningu árið 2009 hlaut Pórey María Maríusdóttir verðlaunin og Inga Rún Helgadóttir fyrir námsárangur í eðlisfræði við brautskráningu árið 2010 og Katla Kristjánsdóttir í efnafræði sama ár. Fyrir námsárangur við brautskráningu vorið 2011 voru svo veitt þrenn verðlaun og þau hlutu Elvar Karl Bjarkason og Kristín Björg Arnadóttir fyrir námsárangur í eðlisfræði og Katrín Lilja Sigurðardóttir í efnafræði. Þetta er í fyrsta sinn frá árinu 2008 sem úthlutað er úr sjóðnum. Ekki var svigrúm til að veita verðlaun árin 2009 og 2010 en hagur sjóðsins hafði vænkast árið 2011 og því var ákveðið að verðlauna sex nemendur, þar af þrjá aftur í tímann. Sjóðurinn var stofnaður árið 2000 með rausnarlegri gjöf Guðmundar P. Bjarnasonar frá Akranesi og er tilgangur hans að verðlauna efnilega útskriftarnemendur úr BS-námi í eðlisfræði, efnafræði og lífefnafræði.

## **Tvisvar úthlutað úr Eimskipafélagssjóðnum í tilefni aldarafmælis**

Í tilefni aldarafmælis Háskóla Íslands var úthlutað tvisvar sinnum úr H/f Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands á árinu, alls eitt hundrað m.kr. Sjóðurinn var settur á laggirnar af Vestur-Íslendingum árið 1964 þegar þeir lögðu til hans hlutabréfaeign sína í Eimskipafélaginu. Hann var stofnaður til minningar um Vestur-Íslendinga og til að styðja við stúdenta til náms við Háskóla Íslands. Hann er í

vörslu Landsbankans og hefur starfað í núverandi mynd frá árinu 2005. Það ár voru gerðar veigamiklar breytingar á fyrirkomulagi sjóðsins í því skyni að styrkja stúdenta í rannsóknatengdu framhaldsnámi við Háskóla Íslands. Fyrst var úthlutað úr sjóðnum eftir þær breytingar árið 2006 og í ár var í fjórða og fimmta sinn úthlutað úr honum og styrkþegar á árinu voru alls 27.

Fyrri úthlutunin var í maí og þá hlutu fimmtán doktorsnemar við Háskóla Íslands vísindastyrki úr sjóðnum, samtals að upphæð 60 m.kr., til rannsóknatengdra verkefna á fjölmörgum sviðum, m.a. í sagnfræði, matvæla- og næringarfræði, íslensku, sálfræði, uppeldis- og menntunarfræði, rafmagns- og tölvuverkfræði, jarðskjálftaverkfræði, lyfjafræði, íslenskum bókmenntum, kynjafræði, eðlisfræði, eðlisefnafræði, mannfræði og orðabókafræði. Fimm verkefni hlutu styrki til þriggja ára, sex verkefni til tveggja ára og fjórir styrkir voru veittir doktorsnemum sem ljúka rannsóknum árið 2012. Sex styrkþeganna eru erlendir stúdentar sem stunda doktorsnám við Háskóla Íslands.

Seinni úthlutunin fór fram í október og þá hlutu tólf doktorsnemar við skólann vísindastyrki, að upphæð samtals 40 m.kr. Um var að ræða aukaúthlutun í tilefni af aldarafmæli háskólans. Rannsóknaverkefni sem voru styrkt að þessu sinni snerta fjölmargar fræðigreinar, þar á meðal landfræði, læknisfræði, líffræði, lyfjafræði, ensku, fjölmiðlafræði, uppeldis- og menntunarfræði, heimspeki, vélaverkfræði og eðlisfræði. Sjö verkefni hlutu styrki til þriggja ára, tvö verkefni til tveggja ára og þrjú styrkir voru veittir doktorsnemum sem ljúka rannsóknum á árinu 2012. Fjórir styrkþeganna eru erlendir stúdentar sem stunda doktorsnám við Háskóla Íslands.

Ekki var unnt að úthluta nýjum styrkjum úr sjóðnum á árunum 2009 og 2010 vegna rýrnunar sjóðsins í efnahagshruninu árið 2008 en úr ávöxtun sjóðsins rættist og því voru þessar úthlutanir gerlegar, sem var mikið fagnaðarefni á aldarafmælinu. Starfsemi sjóðsins hefur ótvírætt komið doktorsnemum við Háskóla Íslands mjög til góða og eftir rannsóknánám við skólann og rannsóknastarf allt í íslensku samfélagi.

## **Viðurkenning úr Minningarsjóði Ásgeirs S. Björnssonar**

Helga Ágústsdóttir hlaut viðurkenningu úr Minningarsjóði Ásgeirs S. Björnssonar fyrir lokaverkefni sitt til B.Ed.-prófs við Menntavísindasvið við brautskráningu í júní. Alls voru níu ritgerðir tilnefndar. Lokaverkefni Helgu skiptist í tvennt, annars vegar sögu fyrir börn, Matgráðugu prinsessuna, myndasögu með texta, og hins vegar greinargerð þar sem gerð er grein almennt fyrir myndskreyttum sögum fyrir börn og fjallað um ýmsar hugmyndir þeim tengdar. Minningarsjóður Ásgeirs S. Björnssonar var stofnaður til minningar um Ásgeir, sem var lektor í íslensku við Kennaraskólann – síðar Kennaraháskólann – á árunum frá 1970 og þar til hann lést árið 1989, 45 ára gamall. Markmið sjóðsins er að efla ritsmíðar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands með því að veita viðurkenningu fyrir framúrskarandi lokaverkefni.

## **Afburðanýnemar fá styrki**

Í júní voru fjórtán afburðanemendum sem hefja nám í Háskóla Íslands næsta haust veittir styrkir. Nemendurnir áttu það sameiginlegt að hafa náð framúrskarandi árangri á stúdentsprófi. Hver styrkur nam 300 þús.kr. auk niðurfellingar skráningargjalds. Alls bárust 56 umsóknir frá nemendum í fjórtán framhaldsskólum um styrkina. Þetta var í fjórða sinn sem styrkir eru veittir úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta Háskóla Íslands en sjóðurinn var stofnaður árið 2008 og er markmið hans að styrkja nýnema til náms við Háskóla Íslands. Styrkirnir voru veittir með stuðningi Happpdrættis Háskóla Íslands.

## **Kristján Kristjánsson hlaut Ásuverðlaunin**

Kristján Kristjánsson, prófessor í heimspeki menntunar við Uppeldis- og menntunarfræðideild Menntavísindasviðs, fékk í árslok afhent heiðursverðlaun úr Verðlaunasjóði Ásu Guðmundsdóttur Wright, Ásusjóði, fyrir árið 2011. Kristján hlaut Ásuverðlaun Vísindafélagsins 2011 fyrir glæstan feril sem heimspekingur, uppbyggingu kennslu í heimspeki og orðspor sem forystumaður á alþjóðavettvangi varðandi siðfræði, stjórnmálaheimspeki og heimspeki menntunar.

Þetta var í 43. sinn sem úthlutað er úr Ásusjóði og hafa fjölmargir vísinda- og fræðimenn við Háskóla Íslands hlotið viðurkenningu úr sjóðnum fyrir vísindaafrek sín. Þar má nefna Sigurð Nordal, Margréti Guðnadóttir og Sigmund Guðbjarnason og árið 2010 hlaut Inga Þórsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild, verðlaunin. Þeir sem hljóta verðlaunin hljóta nafnbótina æsir og ásynjur.

Verðlaunin eru heiðursskjal og silfurpeningur með lágmynd Ásu og merki Vísindafélags Íslendinga, og er nafn þiggjanda og ártal grafið í jaðarinn. Vegleg peningagjöf er enn fremur hluti verðlaunanna.

## **Styrkveiting úr Hrafnkelssjóði**

Fimmta úthlutun úr Hrafnkelssjóði fór fram í ágúst er Yrsa Þöll Gyldfadóttir hlaut 500 þús.kr. styrk til sameiginlegs doktorsnáms í almennri bókmenntafræði við Sorbonne-háskóla í París og Háskóla Íslands. Yrsa Þöll hafði áður lokið BA-prófi í bókmenntafræði frá Sorbonne-háskóla í París og MA-prófi í frönskum fræðum frá Háskóla Íslands en hún var fyrst nemenda við Háskóla Íslands til að ljúka meistaranámi í frönsku. Hrafnkelssjóður var stofnaður 1930 í minningu Hrafnkels Einarssonar og var fyrst úthlutað úr honum árið 2005. Sjóðurinn styrkir þá sem hafa tekið íslenskt stúdentspróf en hyggja síðan á nám erlendis, annaðhvort til meistara- eða doktorsgráðu.

## **Lóð Endurmenntunar Háskóla Íslands fær fegrunarviðurkenningu**

Lóð Endurmenntunar Háskóla Íslands við Dunhaga 7 var ein fimm lóða sem fengu árlega fegrunarviðurkenningu Reykjavíkurborgar á árinu. Fékk lóðin þá umsögn að umhverfi og fallega mótuð tré á bílastæði þar sem fallega snyrtar aspir og sígræn tré gefa umhverfinu skemmtilegt yfirbragð. Aðkoma að húsi og heildarásýnd á svæði er snyrtileg Umsjón með lóðinni er í höndum Páls Melsted, garðyrkjustjóra Háskóla Íslands. Páll hefur starfað hjá Háskóla Íslands frá árinu 1980 og hann sér um lóðir Háskóla Íslands í vesturbæ Reykjavíkur, alls um 14 hektara svæði.

## **Sigrún Júlíusdóttir hlýtur heiðursverðlaun**

Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í félagsráðgjöf, hlaut í ágúst heiðursverðlaun Samtaka norrænna háskóla í félagsráðgjöf (Nordic Association of Schools of Social Work). Samtökin veita verðlaunin kennurum eða öðrum sem hafa með starfi sínu haft áhrif á félagsráðgjöf og þróun fagsins. Sigrún hlýtur verðlaunin fyrir framlag sitt til kennslu í félagsráðgjöf, þátttöku í þróun fagsins, rannsóknir á sviði barna- og fjölskyldumála, bæði hérlendis og á alþjóðavettvangi, og fyrir þátttöku í norrænu og alþjóðlegu samstarfi á sviði félagsráðgjafar.

## **Ítalskur nýdokter frá Háskóla Íslands hlaut verðlaun**

Mauro Dalla Mura, sem brautskráðist með sameiginlegt doktorspróf frá Rafmagns- og tölvuverkfræðideild Háskóla Íslands og Háskólanum í Trento á árinu, var einn 44 doktorsnema sem

lögðu doktorsritgerð sína fram í samkeppni doktorsnema á árlegri og fjölmennri ráðstefnu fagfélags vísindamanna í fjarkönnun, IEEE Geoscience and Remote Sensing Society, sem fram fór í Vancouver í Kanada á miðju ári. Er skemmst frá því að segja að Dalla Mura hlaut önnur verðlaun í samkeppninni og fólst rannsóknaverkefni Dalla Mura í greiningu fjarkönnunarmynda. Í doktorsnáminu naut hann leiðsagnar Lorenzos Bruzzone, prófessors við Háskólann í Trento, og Jóns Atla Benediktssonar, aðstoðarrektors vísinda og kennslu við Háskóla Íslands, og er Jón Atli raunar forseti þessara alþjóðlegu samtaka um fjarkönnun á yfirborði lands og sjávar, andrúmslofti og geiminum og úrvinnslu fjarkönnunargagna.

## **Sviðsforseti hlýtur verðlaun fyrir vinnu að sjálfbærni**

Kristín Vala Ragnarsdóttir, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands, hlaut viðurkenningu Balaton-hópsins á árlegum fundi hans í Ungverjalandi á árinu. Verðlaunin hlaut Kristín Vala fyrir vinnu í þágu sjálfbærni, bæði á Íslandi og á alþjóðavísu. Kristín Vala starfaði sem prófessor í umhverfissjálfbærni við Bristol-háskóla áður en hún varð forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands og nú stýrir hún m.a. sjálfbærnihluta stórs jarðvegsrannsóknaverkefnis sem nýtur styrks frá Evrópusambandinu. Kristín Vala hefur einnig starfað sem ráðgjafi yfirvalda í málefnum, bæði hér á landi sem erlendis. Balaton-hópurinn svokallaði heitir formlega Alþjóðleg samtök auðlindaupplýsingastofnana (The International Network of Resource Information Centres) og er þverfagleg samtök vísindamanna, stofnana og ríkisstjórna hvaðanæva úr heiminum. Hann var stofnaður árið 1982 til að vinna að sjálfbærni og hittist að jafnaði árlega við Balaton-vatnið í Ungverjalandi, sem hann kennir sig við. Hópurinn lætur sig ekki síst varða nýtingu og endingu auðlinda, áhrif fólksfjölgunar á vistkerfi jarðar og fæðuöryggi.

## **CarbFix fær 300 milljónir króna í styrki**

Á árinu veittu bæði Evrópusambandið og Norræna ráðherranefndin styrki til hins svokallaða CarbFix-verkefnis við Hellisheiðarvirkjun, sem Háskóli Íslands stýrir ásamt Orkuveitu Reykjavíkur, samtals að verðmæti um 300 m.kr. Jafnvirði um 260 m.kr. komu frá orkurannsóknahluta 7. rammaáætlunar Evrópusambandsins til þriggja ára en CarbFix-vísindaverkefnið hlaut hæstu einkunn fjölmargra verkefna sem sóttu um stuðning. Rúmlega helmingur styrksins rennur til íslensku þátttakendanna. Auk þess fékk Háskóli Íslands um 40 m.kr. í styrk vegna verkefnisins frá Norrænu ráðherranefndinni. Árið 2010 veitti bandaríska orkumálaráðuneytið einnar milljónar dala styrk til verkefnisins, jafnvirði um 120 m.kr. að núvirði, og rann hann til hinna bandarísku samstarfsaðila við Columbia-háskólann. Rannsóknarráð franska ríkisins, Kaupmannahafnarháskóli, norræn fyrirtæki og rannsóknastofnanir og spænskt ráðgjafafyrirtæki starfa einnig að verkefnum. CarbFix-vísindaverkefnið snýst um að binda koltvíoxíð í fast form djúpt í hraunlögum í nágrenni virkjunarinnar og draga þannig úr áhrifum þessarar lofttegundar á loftslag. Verkefnum var hleypt af stokkunum haustið 2007 og fer Háskóli Íslands fyrir vísindaráði þess, sem Sigurður Reynir Gíslason, vísindamaður við Jarðvísindastofnun, leiðir. Á annan tug lokaverkefna eru unnin í tengslum við verkefnið, flest doktorsverkefni, og fjöldi ritrýndra fræðigreina um verkefnið hafa þegar birst.

## **Háskólanemar hreptu alþjóðleg hönnunarverðlaun**

Fimmtán manna hópur nemenda, sem flestir eru í véla-, iðnaðar- og rafmagnsverkfræði og viðskipta- og hagfræði, tók þátt í alþjóðlegu hönnunarkeppninni Formula Student í Bretlandi. Var þetta í fyrsta sinn sem íslenskt lið tók þátt í keppninni. Keppnin gengur út á að hanna og smíða kappakstursbíl og eiga liðin í keppninni að vinna að hönnun og smíði bílsins eins og þau séu fyrirtæki að undirbúa frumgerð að kappakstursbíl sem framleiðslufyrirtæki vill mögulega fjárfesta í. Árangur íslenska liðsins var frábær og liðið hlaut m.a. verðlaun frá stórfyrirtækinu Airbus. Ekki síst vakti liðið

mikla athygli fyrir að leysa verkefnið jafnvel og raun bar vitni með þá takmörkuðu fjármuni sem það hafði úr að spila.

## Heiðursverðlaun fyrir farsælan feril

Líffræðifélag Íslands veitti tvönn heiðursverðlaun á árinu. Halldór Þormar, veirufræðingur og prófessor emeritus við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, hlaut viðurkenningu fyrir farsælan feril á sviði líffræðirannsókna en hann stundaði rannsóknir á mæði-visnuveirunni við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum allt frá árinu 1957 ásamt Birni Sigurðssyni forstöðumanni sem var frumkvöðull í rannsóknum á hæggingum veirusýkingum, svokölluðum lentiveirusýkingum. Rannsóknir þeirra lögðu drjúgan skerf til að skilja líffræði eyðniveirunnar (HIV) og rannsóknastarfið á Keldum er enn í fararbroddi á sínu sviði. Hina viðurkenninguna hlaut ungur vísindamaður, Bjarni K. Kristjánsson, prófessor við Háskólann á Hólum, sem hóf líffræðináms sitt við Háskóla Íslands en lauk doktorsprófi frá Guelph-háskóla árið 2008. Þykir Bjarni hafa byrjað rannsóknarferil sinn af miklum krafti og hlaut hann verðlaunin fyrir góðan árangur í upphafi vísindastarfa sinna.

## Verðlaunuð fyrir BA-ritgerð í dönsku

Nordisk Sprogkampagne efndi til norrænnar ritgerðasamkeppni kennaranema og hlaut Guðrún Tinna Ólafsdóttir, sem lauk BA-prófi í dönsku vorið 2010 og viðbótardiplóma í kennslufræði vorið 2011 frá Háskóla Íslands, verðlaun fyrir BA-ritgerð sína sem nefndist „Kan du lide dansk? En undersøgelse af unge islændinges holdning til danskfaget i folkeskolen.“ Þar kannaði hún viðhorf unglinga á Íslandi til dönsku og dönskukennslu og hvaða þættir hefðu áhrif á viðhorf þeirra. Hún tók við verðlaununum í lok nóvember í Kaupmannahöfn og nam verðlaunaupphæðin tíu þúsund dönskum krónum, jafnvirði um 210 þúsund íslenskra króna.

## Úthlutað úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar

Úthlutað var úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar stúdents 21. desember og hlaut Guðmundur Freyr Aðalsteinsson, nemandi í vélaverkfræði, styrkinn fyrir árið 2011. Sjóðurinn var stofnaður af foreldrum Þorvalds, Sigríði Eiríksdóttur og Finnboga Rúti Þorvaldssyni, á 21 árs afmæli Þorvalds 21. desember 1952. Frú Vigdís Finnbogadóttir, systir Þorvalds, situr í stjórninni og afhenti verðlaunin. Þetta var í 42. sinn sem úthlutað var úr sjóðnum til afburðanemanda í verkfræði eins og reglur sjóðsins kveða á um enda er tilgangur sjóðsins er að styrkja stúdenta til náms við verkfræðideildir Háskóla Íslands.

## Háskóli unga fólksins og háskólalestin

Starfsemi Háskóla unga fólksins var með hátíðarsniði og þar með stærri í sniðum á afmælisárinu en önnur ár. Skólinn hefur verið starfræktur hvert sumar frá árinu 2004 og nýtur æ meiri vinsælda meðal ungs fólks á aldrinum 12–16 ára. Skólinn slóst í för með svokallaðri Háskólalest sem ferðaðist víða um landið og nam staðar á níu stöðum, í Stykkishólmi, á Hvolsvelli, Höfn í Hornafirði, Skagaströnd, Húsavík, á Bolungarvík, Egilsstöðum, í Sandgerði og á Seltjarnarnesi, og fór lestin um landið í samstarfi við rannsóknasetur Háskóla Íslands, Vísindavefinn, grunnskóla og sveitarfélögin sem áttu í hlut.

## Afmælis- og söguvefur

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, opnaði afmælis- og söguvef við upphaf aldarafmælisárs Háskóla Íslands 7. janúar 2011, um leið og rektor kynnti nýja stefnu háskólans fyrir tímabilið 2011–2016 og dagskrá aldarafmælis skólans. Söguhluti vefsins var opnaður við sérstaka athöfn í anddyri Aðalbyggingar Háskóla Íslands 8. apríl 2011, þremur mánuðum eftir að vefsvæðið [www.hi.is/afmaeli](http://www.hi.is/afmaeli) var opnað. Á afmælis- og söguvef Háskóla Íslands er meðal annars hægt að skoða vörður úr sögu háskólans, lesa viðtöl við áhugaverða einstaklinga er tengjast skólanum og skoða myndbönd og ljósmyndir úr starfi hans. Ljósmyndirnar eru í eigu skjalasafns háskólans, Ljósmyndasafns Reykjavíkur og Þjóðminjasafns Íslands og eru þær dýrmætur vitnisburður um starfsemi og þróun Háskóla Íslands.

## Aldarsaga Háskóla Íslands 1911–2011

Aldarsaga Háskóla Íslands 1911–2011 var gefin út á árinu. Um er að ræða mjög umfangsmikið og vandað rit, tæplega 900 blaðsíður að lengd, skreytt rúmlega 300 myndum af margvíslegu tagi. Ritstjóri er Gunnar Karlsson og höfundar Guðmundur Hálfðanarson, Sigríður Matthíasdóttir og Magnús Guðmundsson.

## Sýningin Háskólinn í 100 ár – brot úr sögu

Föstudaginn 20. maí 2011 var opnuð sýningin Háskólinn í 100 ár – brot úr sögu á fyrstu hæð Háskólatorgs. Á sýningunni var stiklað á stóru í hundrað ára sögu háskólans. Þar var tæpt á ýmsum viðburðum frá þeim tíu áratugum sem liðnir eru í sögu skólans og tekin fyrir viðfangsefni á borð við félagslega umgjörð stúdenta, stofnun háskóla og sjálfstæðisbaráttuna, auk byggingarsögu og sögu stofnana skólans. Þá var svipmyndum af tíu háskólastúdentum brugðið upp, einum fyrir hvern áratug. Ýmsir munir úr eigu háskólans voru til sýnis og upp var sett lítil stúdentaíbúð í hluta sýningarrýmisins. Þar var hægt að horfa á myndskreið og hlusta á ýmsar hljóðupptökur úr sögu skólans. Umsjón með sýningunni höfðu nemendur í námskeiðinu Menningarminjar, söfn og sýningar, sem er liður í meistaranámi í hagnýtri menningarmiðlun innan Sagnfræði- og heimspekideildar Háskóla Íslands, undir leiðsögn Eggerts Þórs Bernharðssonar prófessors og Önnu Hinriksdóttur menningarmiðlara.

## Vísindabættir í sjónvarpi

Sjónvarpsþáttaröðin Fjársjóður framtíðar, sem Hapdrætti Háskóla Íslands studdi og var gerð í tilefni aldarafmælisins, vakti mikla athygli á afmælisárinu en þáttaröðin var sýnd í Ríkissjónvarpinu síðla hausts. Þáttunum, sem voru þrír talsins, var afar vel tekið og voru hinar fjölbreyttu vísindarannsóknir, sem fara fram innan og utan veggja skólans á öllum fræðasviðum hans, þungamiðjan í þeim. Kvikmyndatökur fóru fram víða um land og var framleiðandi þáttaraðarinnar Kukl, kvikmyndatökumaður var Bjarni Felix Bjarnason, um samsetningu og klippingu sá Konráð Gylfason og Jón Örn Guðbjartsson, sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs Háskóla Íslands, stýrði upptökum og sá um dagskrárgerð.

## Vísindadagatal

Háskóli Íslands gaf út sérstakt vísindadagatal fyrir árið 2011 í tilefni aldarafmælisársins. Þar var einn vísindamaður valinn fyrir hvern dag ársins og framlag hans til vísinda og fræða kynnt. Á dagatalinu eru því 365 fróðleiksmolar um þessa merku brautryðjendur í vísindum og af hverjum þeirra er mynd á framhliðinni og á bakhliðinni eru frekari upplýsingar um hann. Snæfríður Þorsteins og Hildigunnur

Gunnarsdóttir hönnuðu dagatalið og Þorsteinn Vilhjálmsson ritstýrði því í samstarfi við Vísindavefinn.

## Endurbætur á friðlandinu í Vatnsmýri

Háskóli Íslands, Norræna húsið og Reykjavíkurborg standa að endurbótum á friðlandinu í Vatnsmýrinni en samkomulag um endurbætur var undirritað í Norræna húsinu á aldarafmælisárinu.

## Lýðheilsa fyrr og nú

Miðstöð í Lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands og Þjóðminjasafnið efndu til fyrirlestraraðar sem nefndist Lýðheilsa fyrr og nú í tilefni af aldarafmæli skólans. Þjóðminjasafn Íslands bauð stúdentum ókeypis aðgang að safninu allt afmælisárið.

## Háskólatónleikar

Í tilefni afmælisársins var boðið upp á röð Háskólatónleika með frumsaminni íslenskri tónlist víða um háskólasvæðið á árinu, m.a. í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík. Aðgangur var ókeypis og allir velkomnir.

## Frímerki tileinkað Háskóla Íslands

Íslandspóstur gaf út frímerki í tilefni af hundrað ára afmæli Háskóla Íslands árið 2011. Elsta bygging háskólans, Aðalbyggingin, prýðir frímerkið ásamt einkennismerki skólans. Arnar Snorrason hannaði merkið og voru 150 þúsund eintök gefin út. Þess má geta að á 50 ára afmæli háskólans var einnig gefið út frímerki.

## Háskólavörur

Bóksala stúdenta seldi úrval glæsilegra vara sérmerktum Háskóla Íslands. Ágóði af sölnunni rennur í Afreks- og hvatningarsjóð stúdenta Háskóla Íslands en markmið sjóðsins er að styðja við bakið á efnilegum stúdentum til frekari afreka á sviði náms og vísinda.

## Önnur afmæli

Aldarafmæli Háskóla Íslands árið 2011 setti að sjálfsögðu mikinn svip á starfsemi skólans á árinu. Afmælisins er getið í sérstökum kafla hér í árbókinni en jafnframt er þess getið mun víðar í bókinni enda er afmælis dagskráin uppistaðan í mörgum viðburðum á árinu. Fleiri afmælum var þó einnig fagnað á árinu.

## Náms- og starfsráðgjöf skólans 30 ára

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands fagnaði 30 ára afmæli árið 2011. Háskólaráð samþykkti árið 1979 að koma á námsráðgjöf við skólann og tveimur árum síðar var Námsráðgjöf Háskóla Íslands stofnuð. Hún var fyrst til húsa í Aðalbyggingu og fram til 1987 var einn ráðgjafi þar við störf er sálfræðingur var ráðinn til starfa. Í upphafi þótti einkum mikilvægt að veita nemendum aðstoð við að velja sér nám við hæfi við háskólann og draga úr brotthvarfi frá námi. Enn er mikilvægur þáttur í starfsemi að veita nemendum stuðning og ráðgjöf, bæði við námsval og á meðan á námi stendur, en auk þess leita nemendur til Náms- og starfsráðgjafar vegna sértækra námsörðugleika,



fötlunar eða veikinda. Árið 2007 var nafni Námsráðgjafar breytt í Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands enda voru nemendur þá þegar farnir að fá aðstoð við undirbúning fyrir atvinnuleit, svo sem við gerð starfsferilskrár og fleira sem lýtur að starfsþróun. Nemendum sem leita til Náms- og starfsráðgjafar hefur, líkt og nemendum við skólann yfirleitt, fjölgað gífurlega á þeim tíma sem liðinn er frá stofnun þjónustunnar. Árið 2000 komu rúmlega þrjú þúsund stúdentar til náms- og starfsráðgjafa en árið 2010 voru þeir rúmlega sjö þúsund. Þá fengu 59 nemendur sértæk úrræði í námi og prófum árið 1996 en háskólaárið 2010-2011 var þessi tala í kringum 700 nemendur og hjá Náms- og starfsráðgjöf starfa nú ellefu manns í rúmum tíu stöðugildum.

## Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum 20 ára

Á árinu fagnaði Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum 20 ára afmæli sínu og hélt af því tilefni alþjóðlega ráðstefnu í nóvember. Stofnun Rannsóknastofunnar átti sér nokkurn aðdraganda og var forveri hennar áhugahópur um kvennarannsóknir. Fyrsta áratuginn hafði stofan takmörkuð fjárráð en með samstarfssamningi stofunnar og Reykjavíkurborgar árið 2000 varð hins vegar breyting á starfsaðstæðum hennar og hefur samningurinn nú verið endurnýjaður tvisvar. Markmiðið var að efla rannsóknir á sviði kvenna- og kynjafræða og hafði stofan m.a. forystu um að koma á fót námsbraut í kynjafræðum við Háskóla Íslands og hvatti til stofnunar jafnréttisnefndar skólans. Þá átti hún mikinn þátt í þróun og uppbyggingu Alþjóðlegs jafnréttisskóla (GEST) og EDDU – öndvegisseturs sem eru ný og framsækin verkefni á sviði jafnréttismála. Þessi verkefni starfa þó sem sjálfstæðar einingar með aðskildar stjórnir og reglur en eru engu að síður í nánú samstarfi við Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum.

## Háskólabíó 50 ára

Í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands og hálftrar aldar afmæli Háskólabíós voru endursýndar valdar myndir úr safni kvikmyndahússins. Margar þeirra hafa ekki verið sýndar í bíói hér á landi árum saman en kvikmyndasýningar í Háskólabíói hafa verið afar fjölbreyttar í gegnum tíðina og var leitast við að endurspegla það á afmælisárinu.

## Andlát

Jón Bragi Bjarnason, prófessor í lífefnafræði, lést 3. janúar 2011 sl. á 63. aldursári. Jón Bragi varð lektor í efnafræði við Háskóla Íslands 1978, dósent í lífefnafræði 1979 og prófessor í sömu grein 1985. Aðalkennslugreinar hans voru á sviði lífrænnar efnafræði og lífefnafræði og sinnti hann kennslu ýmissa nemendahópa í lækna- og lífvísindum. Jón Bragi var mjög vel liðinn kennari og leiðbeindi hann mörgum framhaldsnemum. Rannsóknarsvið Jóns Braga var á sviði próteinefnafræði. Doktorsverkefni hans fjallaði um þætti í snákæitri sem valda blæðingum, en við Háskóla Íslands varð meginviðfangsefni hans rannsóknir á ensímum og vinnslu verðmætra efna úr sjávarlífverum og hagnýting þeirra. Hann var frumkvöðull á sviði líftæknirannsókna, var sérlega duglegur að afla styrkja til þeirra og átti samstarf við fjölda innlendra og erlendra vísindamanna. Hin síðari ár sneri hann sér að notkun ensíma kaldsjávarlífvera í lækisfræðilegum tilgangi og stofnaði fyrirtækið Ensímtækni ehf. Jón Bragi var duglegur að kynna rannsóknir sínar fyrir almenningi með fyrirlestrum og blaðaskrifum.

Hörður Þorvaldsson, umsjónarmaður hjá framkvæmda- og tæknisviði Háskóla Íslands, lést 4. janúar 2011 á 69. aldursári. Hörður hóf störf við Háskóla Íslands árið 2004, fyrst sem bílstjóri og síðar sem umsjónarmaður hjá rekstri fasteigna. Hörður reyndist fjölhæfur og ósérhlífinn í sínu starfi og gekk hann í nánast hvaða verk sem leysa þurfti.

Sólveig Karvelsdóttir, lektor í kennslufræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, lést 15. janúar 2011 sjötug að aldri. Sólveig hóf störf við Kennaraháskóla Íslands árið 1996 sem námsráðgjafi og gegndi hún því starfi til ársins 1999 er hún tók við starfi alþjóðafulltrúa Kennaraháskólans. Árið 2003 var Sólveig ráðin við sömu stofnun sem lektor í kennslufræði. Áherslusvið hennar í kennslu voru samskipti, bekkjarstjórnun og samstarf heimila og skóla. Af öðrum áhugasviðum hennar má nefna störf og viðhorf grunnskólakennara, líðan nemenda og ráðgjöf og voru rannsóknir hennar einkum á þessum sviðum. Þá vann Sólveig að fjölmörgum verkefnum sem beindust að mati á skólastarfi. Sólveig var afar vel liðinn kennari, enda hafði hún brennandi áhuga á viðfangsefnum sínum og bar mikla virðingu fyrir nemendum. Síðustu ár starfsævi sinnar var Sólveig þátttakandi í umfangsmiklu rannsóknarverkefni um starfshætti í grunnskóla og sat hún í stjórn þess verkefnis. Bar hún þar ábyrgð á þeim hluta rannsóknarinnar sem varðar þátt foreldra í skólastarfi.

Robert G. Cook, prófessor emeritus í enskum bókmenntum, lést 4. mars 2011 á 79. aldursári. Hann var ráðinn prófessor í ensku við Háskóla Íslands árið 1990 og gegndi því starfi til 2002 er hann lét af störfum fyrir aldurs sakir. Áður en Robert kom að Háskóla Íslands starfaði hann við enskudeild í Tulane-háskólans í New Orleans í Bandaríkjunum. Robert skrifaði mörg fræðirit um enskar, amerískar, franskar og íslenskar bókmenntir, meðal annars vann hann að útgáfu hinna forn-norsku Strengleika í samvinnu við Mattias Tveitane. Eftir að hann settist að á Íslandi rannsakaði hann aðallega forn-íslenskar bókmenntir og skrifaði greinar og fyrirlestra um Grettlu, Laxdælu og sérstaklega Njálu sem hann þýddi á ensku.

Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, prófessor emerita í uppeldissálarfræði við Kennaraháskóla Íslands, lést 3. september 2011 á 92. aldursári. Lengst af starfaði Sigríður sem kennari við Kennaraskólann, síðar Kennaraháskóla Íslands, eða frá 1948, þar af sem prófessor í uppeldissálarfræði frá 1974 til starfsloka. Rannsóknir hennar beindust lengi vel að mælingum á hæfileikum barna og doktorsverkefni hennar fjallaði um Rasch-kvarða og prófagerð. Síðar sneri hún sér að mælingum á lestrarhæfni barna en einnig sérkennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Hún veitti m.a. forstöðu fyrstu alþjóðlegu rannsókninni sem gerð var á Íslandi á læsi barna og ungmenna (IEA 1991). Sigríður var fyrsti forstöðumaður Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála og gegndi hún því starfi frá 1981 til 1990. Auk þessara starfa var Sigríður mikill áhugamaður um söfnun og skráningu á dönsum og söngleikjum og síðasta verkið sem hún skrifaði um söngdansa kom út í byrjun árs 2011.

Páll Hersteinsson, prófessor í líffræði við Háskóla Íslands, lést 13. október 2011 sextugur að aldri. Páll var skipaður í prófessor í líffræði við Háskóla Íslands með vistfræði spendýra sem sérgrein árið 1995 en hafði áður gegnt starfi veiðistjóra. Í því starfi beitti hann sér fyrir stóru auknum rannsóknum á refum og minkum og hóf markvissa vöktun á viðgangi íslenska refastofnsins. Þá var hann ötull við að miðla upplýsingum um rannsóknir og starfsemi embættisins. Páll lét strax að sér kveða í Háskóla Íslands. Hann kom á fót valnámskeiði um vistfræði spendýra 1996. Það vitnar um vinsældir námskeiðsins að það hefur verið kennt nær óslitið síðan. Páll tók einnig þátt í kennslu í atferlisfræði og almennri dýrafræði og átti þátt í framhaldsnámskeiðum um túlkun og miðlun vísindaniðurstaðna. Páll var vinsæll kennari. Auk þess að miðla nemendum af víðtækri þekkingu sinni lagði hann ríka áherslu á að kynna þeim aðferðir við öflun gagna og túlkun þeirra og brýndi fyrir þeim gagnrýna hugsun. Páll var mjög virkur við að móta rannsóknarnám í líffræði og leiðbeindi mörgum framhaldsnemum. Páll var afkastamikill vísindamaður og eftir hann liggur mikill fjöldi vísindarita, bæði á alþjóðlegum og innlendum vettvangi og að auki var ötull alþýðufræðari.

Einar B. Pálsson, prófessor emeritus, lést 28. október 2011 á 100. aldursári. Nærri frá upphafi verkfræðikennslu við Háskóla Íslands árið 1941 var Einar tengdur skólanum sem stundakennari og prófdómari allt til þess að hann var skipaður prófessor í byggingarverkfræði 1974. Hann tók þátt í umfangsmiklu norrænu rannsóknarverkefni um almenningssamgöngur á Norðurlöndunum 1972–1978 og ritaði íslenskan útdrátt um verkefnið. Áður en hann var ráðinn í fullt starf við Háskóla Íslands hafði hann starfað sem yfirverkfræðingur hjá Reykjavíkurborg og sem sjálfstætt starfandi

verkfræðingur og ráðgjafi. Einar var formaður orðanefndar byggingarverkfræðinga frá árinu 1980 og vann ötullega að gerð íðorðasafns um umhverfistækni sem kom út árið 2007. Einar var sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við Háskóla Íslands árið 1992.

## Opinn háskóli

### Margir opnir viðburðir dag hvern

Við Háskóla Íslands eru í viku hverri haldnir fjöldamargir fyrirlestrar og aðrir viðburðir sem opnir eru öllum almenningi. Til marks um hversu margir slíkir viðburðir eru jafnan á dagskrá má nefna að 2677 viðburðir voru skráðir í gagnagrunni viðburðadagatala háskólans á árinu 2011. Þessir viðburðir eru af ýmsum toga, jafnt opnir fyrirlestrar, ráðstefnur og málþing, sem margs konar aðrar upptakomur við skólann eða í tengslum við hann.

### Háskóladagurinn

Hinn árlegi háskóladagur var 19. febrúar. Þann dag kynna allir háskólar á Íslandi, auk danskra og sænskra háskóla, námsframboð sitt í grunn- og framhaldsnámi. Kynning á námi við Háskóla Íslands fór fram á Háskólatorgi, í Gimli og í Odda og var mjög vel sótt. Öll fræðasvið skólans og deildir þeirra kynntu þar nám sitt og starf og sviðin og margar deildanna gáfu út kynningarefni í tilefni dagsins. Auk þess kom Tímarit Háskóla Íslands út fyrir daginn, sérlega vandað og efnismikið í ár í tilefni aldarafmælisins. Þar voru rannsóknir og margs konar annað starf sem unnið er við skólann kynnt með áhugaverðum og aðgengilegum greinum. Þennan dag kynntu einnig stúdentar starf sitt að ýmsum réttindamálum. Háskóladagurinn var enn fremur haldinn á þremur stöðum utan höfuðborgarsvæðisins, á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði, og þar kynntu fræðasviðin námsframboð sitt, auk þess sem fulltrúar frá flestum deildum skólans fóru með námskynningar í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Í apríl var síðan nám á framhaldsstigi kynnt sérstaklega.

### Háskólalestin

Háskóli Íslands er skóli allrar þjóðarinnar og var aldarafmælinu fagnað víða um land með ferðalagi Háskólalestarinnar. Lestin ferðaðist um landið á árinu með veglega dagskrá og kom við á níu áfangastöðum, í Stykkishólmi, á Hvolsvelli, Höfn í Hornafirði, Skagaströnd, Húsavík, á Bolungarvík, Egilsstöðum, í Sandgerði og á Seltjarnarnesi. Var ferð lestarinnar um landið skipulögð á tímabilinu frá apríl og fram í ágúst í nánu samstarfi við rannsóknasetur Háskóla Íslands, Vísindavefnn, grunnskóla og sveitarfélögin sem áttu í hlut. Háskóli unga fólksins var í för með lestinum og hafði meðferðis svokallaða vísindaveislu þar sem fjör og fræði úr Háskóla unga fólksins, vísindi og viðburðir af Vísindavefnum, tilraunasmiðjur, örfyrirlestrar og alls kyns óvæntar upptakomur voru á dagskrá. Fyrri dagur heimsóknar lestarinnar venjulega helgaður grunnskólanum á staðnum og þar var Háskóli unga fólksins haldinn slegið upp og síðari daginn var „vísindaveislu“ slegið upp og var hún opin öllum landsmönnum með afar fjölbreyttri og fræðandi dagskrá. Auk heimabyggða rannsóknasetranna mætti Háskólalestin með stjörnutjaldið á opinn dag Menntavísindasviðs á Laugarvatni í september til fróðleiks og skemmtunar fyrir unga sem aldna.

### Háskóli unga fólksins

Starfsemi Háskóla unga fólksins var með hátíðarsniði og dagskráin því stærri í sniðum á afmælisárinu en önnur ár. Skólinn hefur verið starfræktur hvert sumar frá árinu 2004 og nýtur æ meiri vinsælda meðal ungs fólks á aldrinum 12–16 ára úr grunnskólum landsins. Þar kynnast

ungmennin um stund námi og starfi við Háskóla Íslands og að þessu sinni var rösklega fjögur hundruð grunnskólanemendum boðið á vettvang vísindanna snemma í júní. Nemendur í Háskóla unga fólksins geta valið milli fjölmargra námskeiða og raða þeir sjálfir saman stundatöflu sinni. Dagskráin stóð fimm virka dag með þemadegi í miðri vikunni þar sem nemendur gátu helgað sig ákveðnu verkefni heilan dag. Auk hins hefðbundna skólahalds á háskólasvæðinu slóst skólinn svo í för með Háskólalestinni sem ferðaðist víða um land og kom við á heimaslóðum rannsóknasetra Háskóla Íslands eins og lýst er hér að ofan.

## Vísindavefurinn og Evrópuvefurinn

Vísindavefurinn var upphaflega stofnaður sem liður í dagskrá Háskóla Íslands í tilefni af því að Reykjavík var ein af menningarborgum Evrópu árið 2000 og þróaðist hann strax hratt. Vefurinn er í hópi fjölsóttustu vefja landsins og nota jafnvel tugir þúsunda manna hann í hverri viku. Í ljósi þess hversu vel hefur tekist til með Vísindavefinn fékk Alþingi Háskóla Íslands til að setja upp og reka sérstakan upplýsingavef um Evrópusambandið og Evrópumál og var hann opnaður undir lok júnímánaðar. Tilgangur hans er að veita málefnalegar og óhlutdrægar upplýsingar um málefni álfunnar og sambandsins og verður uppsetning og framsetning efnis með svipuðu sniði og á Vísindavefnum. Á vefnum verður hægt að spyrja spurninga um allt sem viðkemur Evrópusambandinu og Evrópumálum og starfsmenn vefsins svara ýmist spurningunum sjálfir eða leita til fræðimanna á viðkomandi sviði.

## Vísindavaka

Þátttaka Háskóla Íslands á árlegri vísindavöku sem Rannís stendur fyrir var með afmællissniði í september í Háskólabíói. Vísindavakan er árlegur viðburður þar sem almenningi gefst kostur á að hitta vísindamenn sem stunda rannsóknir í ýmsum vísindagreinum og kynnast viðfangsefnum þeirra. Markmiðið með vísindavökunni er að færa vísindin nær almenningi og vekja hann til umhugsunar um mikilvægi rannsókna- og vísindastarfs í nútímasamfélagi með lifandi kynningum og skemmtilegum og fræðandi viðburðum. Vísindavakan er haldin samtímis um alla Evrópu á degi evrópska vísindamannsins. Bæði fyrirtæki, stofnanir og háskólar taka þátt í henni og hefur hlutur Háskóla Íslands þar jafnan verið verulegur. Í aðdraganda vísindavöku er svonefnt vísindakaffi á dagskrá. Það eru stuttir og óformlegir fyrirlestrar þar sem fræðimenn, ekki síst frá Háskóla Íslands, kynna viðfangsefni sín fyrir almenningi.

## Biophilia-verkefnið

Á haustdögum tóku vísindamenn við Háskóla Íslands virkan þátt í svokölluðum Biophilia-tónvísindasmiðjum fyrir reykvísk grunnskólabörn á aldrinum 10–12 ára sem söngkonan Björk Guðmundsdóttir stóð að í samvinnu við Háskóla Íslands, Reykjavíkurborg og Airwaves-tónlistarhátíðina. Verkefnið var sett á laggirnar í tengslum við tónleikaröð og útgáfu á nýrri hljómplötu Bjarkar, Biophilia. Í verkefninu voru nemendur leiddir um töfraveröld tónfræðinnar og í undraheima kristalla, hulduefnis, eldinga, jarðreks, tunglsins, þyngdarkrafts, veira, mündulhalla og erfðaefnis. Löggin á Biophilia vísa öll til þessara þátta. Vísindamenn og kennarar frá Háskóla Íslands kynntu framangreind undur náttúrunnar fyrir nemendum ásamt tónmennta- og náttúrufraeðikennurum frá Reykjavíkurborg. Inni í stórbrotinni veröld Biophilia-verkefnisins lærðu nemendur m.a. á snertivirk smáforrit (öpp) sem eru hin fyrstu sinnar tegundar í heiminum. Í framhaldinu sköpuðu nemendurnir sínar eigin tónsmíðar og hljóðrituðu þær. Markmiðið með þessum nýstárlegu vísinda- og tónfræðismiðjum er að kveikja áhuga og forvitni ungs fólks á lífinu og umheiminum í sinni víðustu mynd.



## Japanshátíð

Hin árlega Japanshátíð var haldin laugardaginn 27. janúar 2011 á Háskólatorgi en slík hátíð hefur verið haldin síðan 2005. Að hátíðinni standa nemendur í japönsku máli og menningu og sendiráð Japans á Íslandi. Fleiri hátíðir af svipuðum toga eru gjarnan haldnar við skólann og einnig kynna þjóðir tungumál sitt, menningu og nám í landinu á árlegum alþjóðadegi sem jafnan er haldinn á haustmisseri við Háskóla Íslands.

## Heimsóknir

### Forseti Slóveníu heimsótti Háskóla Íslands

Danilo Türk, forseti Slóveníu, heimsótti Háskóla Íslands í maí, átti fund með rektor og tók þátt í málstofu á vegum Félagsvísindasviðs meðan á opinberri heimsókn hans á Íslandi stóð. Með honum í för var gestgjafi hans, Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands. Í málstofunni ræddi Türk um stöðu Slóveníu í Evrópusambandinu og alþjóðasamfélaginu. Türk var kjörinn forseti Slóveníu árið 2007. Hann hefur starfað sem prófessor í alþjóðalögum við stærsta háskóla Slóveníu, Lublijana-háskóla, og á að baki langt starf sem erindreki fyrir Slóvena á alþjóðavettvangi, þar á meðal hjá Sameinuðu þjóðunum þar sem hann vann með Kofi Annan, framkvæmdastjóra samtakanna á þeim tíma, og auk þess hefur hann tekið virkan þátt í starfi að mannréttindamálum um árabil.

### Vandana Shiva flytur fyrirlestur

Í ágúst hélt fræðikonan og aðgerðasinninn Vandana Shiva opinn fyrirlestur um sjálfbæra þróun, umhverfi og mannréttindi fyrir troðfullum stærsta salnum í Háskólabíói. Háskóli Íslands og EDDA – öndvegissetur voru meðal þeirra sem stóðu að komu Vandana Shiva til Íslands en þetta var önnur heimsókn Vandana Shiva til Íslands. Meðal fjölmargra málefna sem Shiva lætur til sín taka eru lífrænn landbúnaður og barátta gegn því að fjölþjóðleg iðnaðarfyrirtæki nái yfirráðum yfir matvælaframleiðslu og gegn einkavæðingu vatns. Hún er jafnframt einn af þekktustu talsmönnum umhverfisfeminisma í heiminum og lítur svo á að baráttan fyrir jafnrétti og baráttan gegn eyðingu náttúrunnar séu samofnar. Fyrir störf sín hefur hún hlotið fjölda viðurkenninga, m.a. hin svokölluðu „Alternative Nobel Prize“, eða Right Livelihood Award.

### Sendinefndir frá Kína í heimsókn

Tvær sendinefndir frá kínverskum háskólum heimsóttu Háskóla Íslands á haustmánuðum, auk sendinefndar sem kom í maí. Markmiðið með heimsóknum nefndanna var að kynna sér starfsemi skólans og ræða mögulegt samstarf. Um vorið kom sendinefnd frá Communication University of China in Beijing ásamt heiðursrektor skólans, Liu Jinan. Skólinn útskrifar flesta þá sem starfa við kínverska fjölmiðla og fréttaskýringar.

Fyrri sendinefndin að haustinu, frá China University of Geosciences, var á Íslandi á vegum Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna til að kynna sér ýmsa þætti jarðhitanýtingar og -rannsókna hér á landi. China University of Geosciences er talinn einn fremsti jarðvísindaháskóli í Kína og tengsl hans við Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna eru allnokkur. Sendinefndin átti fund með Kristínu Ingólfssdóttur rektor, Jóni Atla Benediktssyni, aðstoðarrektor vísinda og kennslu, og Kristínu Völu Ragnarsdóttur, forseta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs. Einnig kynnti nefndin sér starfsemi og rannsóknir Jarðvísindadeildar háskólans í Öskju og átti að lokum fund með Sigurði M. Garðarssyni, prófessor við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild, og fleiri fulltrúum deildarinnar sem kynntu

þeim meðal annars GEORG – rannsóknarklasa í jarðhita. Heimsókninni lauk með því að hópurinn kynnti sér handritasýningu í Þjóðmenningarhúsinu á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Í síðari sendinefndinni um haustið voru fulltrúar frá Jilin-háskóla sem þegar starfar með Háskóla Íslands um nemendaskipti. Fyrir hópnum fór varaforseti skólans og var honum kynnt starfsemi Háskóla Íslands á fundi með Sigurði Guðmundssyni, forseta Heilbrigðisvísindasviðs, Kristínu Völu Ragnarsdóttur, forseta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, Pétri Ástvaldssyni frá Miðstöð framhaldsnáms og Áslaugu Jónsdóttur frá Alþjóðaskrifstofu. Hópurinn heimsótti enn fremur Öskju og Læknagarð, kynnti sér rannsóknir og starfsemi þar og ræddi möguleika á frekara samstarfi skólanna, meðal annars í heilbrigðisvísindum.

## Heimsóknir í tengslum við Alþjóðlega jafnréttisskólann (GEST)

Kazuhiko Takeuchi, aðstoðarrektors Háskóla Sameinuðu þjóðanna, sótti Háskóla Íslands heim á vormánuðum í tengslum við heimsókn hans í Alþjóðlega jafnréttisskólann (GEST), sem starfræktur er innan Hugvísindasviðs í samstarfi við utanríkisráðuneytið. Hefur skólinn nú sótt um aðild að Háskóla Sameinuðu þjóðanna, líkt og Jarðhitaskóli og Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna, sem eru hluti af framlagi Íslands til þróunarsamvinnu. Í árslok var svo Riad Malki, utanríkisráðherra Palestínu, gestur Háskóla Íslands þegar hann kynnti sér starfsemi Jafnréttisskólans. Malki kom hingað til lands til þess að taka við viðurkenningu Íslands á sjálfstæði Palestínuríkis og tók þátt í hátíðlegri athöfn vegna þess í Þjóðmenningarhúsinu. Í framhaldi af því hélt hann erindi á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands í Norræna húsinu.

## Gjafir

Skólanum bárust fjölmargar gjafir í tilefni aldarafmælis síns og er þeirra getið undir kaflanum um afmælið. Annarra gjafa er getið hér.

## Húseignin Bjarkargata 12

Áslaug Hafliðadóttir lyfjafræðingur lést í ágúst árið 2011 og ánafnaði hún Háskóla Íslands húseignina Bjarkargötu 12 ásamt talsverðum fjármunum. Áslaug fæddist í Reykjavík 22. ágúst 1929. Hún stundaði nám í lyfjafræði við Lyfjafræðingaskóla Íslands og verknám í Ingólfs Apóteki. Eftir útskrift sem aðstoðarlyfjafræðingur hélt Áslaug til Danmerkur og lauk kandidateksprófi í lyfjafræði frá Danmarks Farmaceutiske Höjskole 1957. Áslaug starfaði lengst af í Reykjavíkur Apóteki og Lyfjabúð Breiðholts og lagði þar m.a. mikla rækt við lyfjafræðinema frá Háskóla Íslands sem komu til verknáms undir hennar handleiðslu. Í Lyfjabúð Breiðholts starfaði Áslaug með Ingibjörgu Böðvarsdóttur apótekara. Auk samstarfs í apótekinu skrifuðu þær mikið saman um sögu lyfjafræði og vildu hlúa að sögulegri vitund í samfélaginu. Þær voru enn fremur ötulur hvatamenn að útkomu Lyfjafræðingatals. Þá vann Áslaug merkilegt starf ásamt hópi lyfjafræðinga við að koma upp Lyfjafræðisafni við Neströð á Seltjarnarnesi. Áslaug var sæmd gullmerki Lyfjafræðingafélags Íslands á 60 ára afmæli félagsins árið 1992 og á 75 ára afmæli félagsins var hún útnefnd heiðursfélagi Lyfjafræðingafélagsins. Þegar Áslaug féll frá hafði hún ánafnað Háskóla Íslands heimili sitt að Bjarkargötu 12 í Reykjavík og fjármunum að upphæð rúmlega 32 m.kr. Hvort tveggja var gefið í minningu foreldra hennar, Sesselju Eiríksdóttur og Hafliða Jóns Hafliðasonar, sem byggðu húsið að Bjarkargötu. Að hennar ósk verður arfurinn notaður til eflingar íslenskri tungu.

## **Styrkur frá Samtökum iðnaðarins**

Á vormisseri færðu Samtök iðnaðarins Háskóla Íslands veglegan styrk að upphæð 40 m.kr. til að styrkja nám og kennslu í verkfræði- og raunvísindagreinum.

## **Peningagjöf til Rannsóknasjóðs Ingibjargar R. Magnúsdóttur**

Í janúar færði Ingibjörg R. Magnúsdóttir, stofnandi Rannsóknasjóðs Ingibjargar R. Magnúsdóttur, Háskóla Íslands frekari peningagjöf að upphæð 500 þús. kr. til viðbótar öðru fé sem hún hefur lagt til sjóðsins, sem hún stofnaði 29. júní árið 2007 í því skyni að efla rannsóknir í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði. Úthlutað hefur verið úr sjóðnum árlega frá stofnun hans og alls hafa verið veittir sjö styrkir til doktorsverkefna á rannsóknasviði sjóðsins.

## **Stjórn málafræðideild fær bókgjöf**

Í mars færði Kjartan Jóhannsson, fyrrverandi þingmaður, ráðherra og sendiherra, Stjórn málafræðideild bókgjöf. Gjöfin geymir æviminningar sænskra og norskra stjórnámálanna sem voru í áhrifastöðum á sjötta og sjöunda ártugnum og inn í þann áttunda. Meðal höfunda eru Tage Erlander og Bratteli sem segir m.a. frá fangelsisdvöl sinni hjá nasistum. Ævisagnahöfundunum kynntist Kjartan flestum persónulega. Bækurnar voru færðar til geymslu á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni og eru þær þar aðgengilegar öllum.

## **Verðmæt bókgjöf á aldarafmæli**

Unnur Guðjónsdóttir færði Háskóla Íslands liðlega 170 ára gamla bók í skinnbandi í tilefni aldarafmælis móður sinnar og Háskóla Íslands. Bókin heitir „Sú litla Sálma og Vísnaþók, í tveimur portum, samantekin kristinnómi lands þessa til Heilla Eblingar og Siðbóta“. Hún er 9 x 15 cm að stærð og var prentuð í Viðeyjarklaustri 1839, eða eins og segir á titilblaði: „Eptir þeirri á Hólum í Hjaltadal prentuðu Utgáfu, árið 1757.“ Bókina átti Guðni Jónsson, prófessor og einn mikilvirkasti sagnfræðingur og útgefandi íslenskra fræða á 20. öld. Eftir að Guðni lést gaf eiginkona hans, Sigríður Einarsdóttir, móður Unnar, Margréti Theodóru Gunnarsdóttur, bókina til minningar um Guðna. Hann var föðurbróðir Margrétar. Eftir að hún lést eignaðist Unnur bókina. Viðstaddir afhendinguna voru Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs, og Guðmundur Jónsson, prófessor í sagnfræði, barnabarn Guðna. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn varðveitir bókina.

## **Gjafir frá frú Vigdís**

Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, færði verkfræðideildum Háskóla Íslands til varðveislu vindlakassa og bréfhúf sem voru í eigu föður hennar, Finnboga Rúts Þorvaldssonar. Finnbogi Rútur (1891-1973) var hafnarverkfræðingur og síðar prófessor í verkfræði við Háskóla Íslands og útskorna vindlakassann, sem Vigdís gaf skólanum, hlaut hann að gjöf frá nemendum sínum en bréfhúfurnar var gjöf til hans frá samstarfsfólki. Ólafur Pétur Pálsson, deildarforseti Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideildar tók við gjöfunum fyrir hönd verkfræðideilda skólans.



# Annað

## Myndlistarsýning Vísindavefs í Tröð

Í nóvember var haldin myndlistarsýning í Tröð, ganginum á milli Háskólatorg og Gimlis, í tengslum við útgáfu nýrrar bókar Vísindavefsins. Þórarinn Már Baldursson myndskreytti bókina og voru vatnslitamyndir hans úr bókinni sýningarefnið á þessari sýningunni. Bókin heitir „Af hverju gjósa fjöll? Spurningar og svör af Vísindavefnum um eldgos“ og henni er sérstaklega ætlað að kynna nútímajarðvísindi fyrir börnum á öllum aldri. Bókin fékk afar góðar viðtökur og myndirnar þóttu skemmtilegar og skýrandi og sýningin jafnframt fróðlegt.

## Framlag til krabbameinsrannsókna

Miðstöð í lýðheilsuvísindum og Þjóðminjasafn Ísland efndu til fyrirlestraraðar um krabbameinsrannsóknir í tilefni aldarafmælis Háskóla Íslands.

## Sjóðavefur Háskóla Íslands opnaður

Nýtt vefsvæði var opnað á heimasíðu Háskóla Íslands í febrúar. Þar eru á einum stað upplýsingar um alla sjóði og styrki sem nemendum, kennurum, vísindamönnum og starfsfólki háskólans standa til boða. Annars vegar eru það styrkir til rannsókna úr sérstökum rannsóknasjóðum háskólans sem doktorsnemar og fræðimenn við skólann geta sótt um í til vísindarannsókna og hins vegar eru það viðurkenningar í formi styrkja úr Styrktarsjóðum Háskóla Íslands sem veittir eru stúdentum og starfsmönnum Slóðin á nýja vefsvæðið er [sjodir.hi.is](http://sjodir.hi.is).

## Sjónvarpsþáttur um Stofnun Vigdísar Vigdísar Finnbogadóttur

Þáttur um Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum málum var á dagskrá Ríkisútvarpsins – sjónvarps í maí. Þátturinn nefndist „Altunga“ og þar var rætt við frú Vigdísi og fræðimenn á vegum stofnunarinnar sem heyrir undir Hugvísindastofnun Háskóla Íslands. Í þættinum ræddu rithöfundar einnig um reynslu sína af erlendum tungumálum og hvernig þau varpa ljósi á móðurmálið. Þar var einnig kynnt alþjóðleg tungumálamiðstöð sem Vigdísi hefur dreymt um að koma á laggirnar hér á landi. Ætlunin er að hún rísi við Háskóla Íslands og verði sameign allrar þjóðarinnar. Hollvinasamtökin Vinir Vigdísarstofnunar létu framleiða þáttinn.

## Háskólahlaupið

Árlegt háskólahlaup fór fram í apríl í heilsumánuði starfsfólks. Hlaupið var opið nemendum, starfsfólki og raunar öllum velunnurum Háskóla Íslands. Boðið var upp á tvær vegalengdir og gátu þátttakendur gengið eða hlaupið að vild. Þátttakendum hefur fjölgað ár frá ári og mælist hlaupið vel fyrir.



# Starfsnefndir háskólaráðs

## Fjármálanefnd

Háskólaráð skipar fjármálanefnd. Rektor tilnefnir formann. Guðmundur R. Jónsson prófessor sat áfram sem formaður nefndarinnar á árinu 2011. Fræðasviðin skipa aðra nefndarmenn og sitja forsetar fræðasviðanna í nefndinni: Ástráður Eysteinnsson fyrir Hugvísindasvið, Jón Torfi Jónasson fyrir Menntavísindasvið, Kristín Vala Ragnarsdóttir fyrir Verkfræði- og náttúruvísindasvið, Ólafur Þ. Harðarson fyrir Félagsvísindasvið og Sigurður Guðmundsson fyrir Heilbrigðisvísindasvið. Með fjármálanefnd starfaði Sigurður J. Hafsteinsson, sviðsstjóri fjármálasviðs. Ritari var Gunnlaugur H. Jónsson, innri endurskoðandi.

Nefndin hélt 20 fundi á árinu, 10 á hvoru misseri. Helstu verkefni nefndarinnar eru:

- að vera rektor og háskólaráði til ráðuneytis um hvað eina sem lýtur að fjármálum og rekstri háskólans,
- að hafa umsjón með samningum háskólans við menntamálaráðuneyti um fjármögnun kennslu og rannsókna,
- að vinna fjárhagsáætlun háskólans fyrir rektor sem ber hana undir háskólaráð til samþykktar,
- að gera tillögu um fjárlagaerindi háskólans,
- að fylgjast með afgreiðslu menntamálaráðuneytis á fjárlagaerindi skólans og vera rektor til ráðuneytis um frekari rök til að fylgja erindinu eftir,
- að gera tillögu til rektors og háskólaráðs um deililíkön sem notuð eru við skiptingu fjárveitinga á milli deilda, stofnana og stjórnarsýslueininga,
- að yfirfara ársreikning háskólans,
- að gera tillögu til rektors og háskólaráðs um skiptingu aukafjárveitinga á milli deilda, stofnana og stjórnarsýslueininga,
- að leiðbeina deildum, stofnunum og stjórnarsýslueiningum við gerð fjárhagsáætlana,
- að móta fjárhagsáætlun háskólans á grundvelli þessara fjárhagsáætlana og stefnumörkunar rektors og háskólaráðs,
- að framkvæma innra eftirlit með því að útgjöld deilda, stofnana og stjórnarsýslueininga fari ekki fram úr fjárveitingum,
- að stuðla að umræðum og málþingum innan háskólans og utan um fjármál og rekstur háskólans.

Fjármálanefnd útbjó fjárlagaerindi fyrir árið 2012, vann að frekari endurskoðun deililíkans og gerði tillögu til háskólaráðs um skiptingu fjárveitingar ársins 2012 milli sviða og annarra skipulagseininga.

Í fjárlagafrumvarp ársins 2012 var gert ráð fyrir 1% almennum sparnaði í rekstri. Á móti kom að í tilefni aldarafmælis skólans fékk skólinn 150 m.kr. á árinu 2011 með loforði um 250 m.kr. á árinu 2012 og 400 m.kr. á árinu 2013. Niðurskurður á fjárveitingum á sama tíma og nemendum fjölgaði gerði vinnu fjármálanefndarinnar umfangsmikla og erfiða í þröngri fjárhagsstöðu. Fjárveitingar til fræðasviðanna taka mið af árangri við kennslu og rannsóknir. Árangur í kennslu vegur þungt og eru þreyttu einingarnar að 8/10 hlutum miðaðar við þá grein sem viðkomandi námskeið er kennt í en að 2/10 hlutum miðað við heimagrein nemanda. Vægi kennslu í deililíkaninu minnkaði frá árinu 2010 úr 56,5% í 55,5% árið 2011. Fjárveitingar til rannsókna taka mið af fjölda útskrifaðra meistaranema og doktorsnema, fjölda rannsóknastiga kennara og árangri við að afla innlendra og erlendra styrkja úr samkeppnissjóðum, auk annarra styrkja. Vægi rannsókna jókst úr 23,9% á árinu 2010 í 26,2% árið 2011. Innan deililíkansins er húsnæðislíkan sem hvetur til aukinnar hagræðingar við nýtingu húsnæðis. Starfseiningar fá fjárveitingu til að mæta húsnæðiskostnaði en um leið geta

þær skilað húsnæði og þar með lækkað kostnað án þess að fjárveitingin til þeirra lækki. Húsnæðislíkanið hefur verið innleitt í áföngum og var að fullu tekið í notkun árið 2011. Sérstaklega hefur verið hugað að stöðugleika deililíkansins og var tryggt að skerðing á fjárveitingu til einstakra fræðasviða yrði ekki meiri en 3% að raungildi. Fyrir vikið jókst fjárveiting að krónutölu á bilinu 2,7% til 14,0%, minnst hjá Menntavísindasviði en mest hjá Heilbrigðisvísindasviði.

Rekstur Háskóla Íslands var í jafnvægi á árinu. Heildartekjur námu 14.100 m.kr. og afgangur af rekstri var 256 m.kr., samanborið við 209 m.kr. afgang árið áður.

## Gæðanefnd

Gæðanefnd háskólaráðs var fyrst skipuð 26. júní 2006. Nefndin sem starfaði fyrri hluta ársins 2011 var skipuð árið 2008 og rann skipunartími hennar út 30. júní 2011. Á fyrri hluta ársins áttu sæti í gæðanefnd þau Jón Atli Benediktsson, prófessor við Verkfræði- og náttúruvísindasvið, aðstoðarrektur vísinda og kennslu, formaður, Bryndís Brandsdóttir, vísindamaður við Raunvísindastofnun, Hólmfríður Garðarsdóttir, dósent við Hugvísindasvið, Ingileif Jónsdóttir, prófessor við Heilbrigðisvísindasvið, Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Menntavísindasvið, Sigurður Kári Árnason, fulltrúi stúdenta, og Valdimar Tr. Hafstein, dósent við Félagsvísindasvið. Frá 1. júlí urðu þær breytingar á skipan nefndarinnar að Amalía Björnsdóttir, dósent við Menntavísindasvið, tók við af Ingvari Sigurgeirssyni, Eiríkur Smári Sigurðsson, rannsóknastjóri Hugvísindasviðs, tók við af Hólmfríði Garðarsdóttur og Helga Ögmundsdóttir, prófessor við Heilbrigðisvísindasvið, tók við af Ingileif Jónsdóttur. Með nefndinni starfar Magnús Diðrik Baldursson, gæðastjóri Háskóla Íslands og skrifstofustjóri rektorsskrifstofu.

Í erindisbréfi gæðanefndar er hlutverki hennar lýst svo:

Hlutverk nefndarinnar er að tryggja gæði kennslu, rannsókna og stjórnunar við Háskóla Íslands. Í því felst m.a. að styrkja formlegt gæðakerfi háskólans og efla gæðamenningu innan hans. Gæðakerfi Háskóla Íslands miðar að því að mæta væntingum og þörfum nemenda, starfsmanna, atvinnulífs og hins alþjóðlega vísindasamfélags.

Verkefni gæðanefndar eru:

- að þróa, viðhalda og hafa eftirlit með formlegu gæðakerfi Háskóla Íslands,
- að fylgja eftir þeim þáttum Stefnu Háskóla Íslands 2011–2016 er lúta að gæðakerfi skólans og gæðum starfseminnar,
- að fylgjast með og taka mið af alþjóðlegri þróun og stefnumörkun á sviði gæðamála í háskólastarfi, s.s. á vettvangi EUA (European University Association), ENQA (European Association for Quality Assurance in Higher Education) og í tengslum við Bologna-ferlið,
- að hafa yfirumsjón með framkvæmd Rammaáætlunar um eflingu gæða í háskólastarfi á Íslandi (Icelandic Quality Enhancement Framework, QEF) innan Háskóla Íslands, þ.m.t. að skipuleggja innra mat, stýra framkvæmd matsins, fara yfir niðurstöður þess og gera tillögur til háskólaráðs um viðbrögð og úrbætur eftir því sem ástæða er til,
- að leggja faglegt mat og taka afstöðu til umsókna deilda um að bjóða völdum einstaklingum að gegna akademískum gestastörfum við deildirnar,
- að beita sér fyrir því að fram fari sjálfstætt innra og ytra gæðamat á Háskóla Íslands í heild, á faglegum og skipulagslegum einingum og stjórnarsýslu hans, eftir því sem ástæða er til. Slíkt gæðaeftirlit verði ávallt í höndum faglegs aðila eða sjálfstæðrar matsstofnunar sem styðst við viðurkennd alþjóðleg viðmið og kröfur,
- að hafa umsjón með rafrænni gæðahandbók Háskóla Íslands,

- að beita sér fyrir umræðu, þekkingu og vitund um gæðamál og stuðla með því að aukinni gæðamenningu innan og utan Háskóla Íslands,
- að vera rektor, háskólaráði, háskólaþingi, fræðasviðum, deildum, öðrum starfsnefndum, forstöðumönnum og sviðsstjórum til ráðuneytis um hvað eina sem lýtur að gæðamálum háskólans;
- að sinna öðrum þeim verkefnum sem rektor, háskólaráð eða háskólafundur kunna að fela nefndinni.

Gæðanefnd er starfandi stjórn Miðstöðvar framhaldsnáms við Háskóla Íslands, sem hefur m.a. það hlutverk að fylgja eftir settum viðmiðum og kröfum um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands.

Gæðanefnd starfar náið með öðrum aðilum er koma að sameiginlegum gæðamálum Háskóla Íslands, s.s. kennslumálanefnd, vísindanefnd, miðlægrri stjórnsýslu og stjórnsýslu fræðasviða og þeim þjónustueiningum sem undir hana heyra.

Gæðanefnd skal funda a.m.k. einu sinni í mánuði og gerir formaður hennar rektor og háskólaráði reglulega grein fyrir starfi hennar.

Gæðanefnd hélt 11 fundi á árinu, auk þess sem umtalsvert starf fór fram á milli funda. Helstu verkefni nefndarinnar voru þessi:

- Eftirfylgni með Stefnu Háskóla Íslands 2006–2011 á sviði gæðamála. Á árinu vann gæðanefnd m.a. að undirbúningi endurskoðunar á gildandi viðmiðum og kröfum um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands, auk þess sem nefndin fjallaði um ýmis samstarfsverkefni með kennslumálanefnd háskólaráðs, s.s. endurskoðun kennslukönnunar í grunnnámi, kennslukönnun fyrir framhaldsnám, þjálfun nýrra kennara, samþættingu kennslu og rannsókna, undirbúning kennslustefnu fræðasviða og deilda o.fl.
- Umsjón með starfsemi Miðstöðvar framhaldsnáms við Háskóla Íslands (e. Graduate School) en gæðanefnd gegnir hlutverki stjórnar miðstöðvarinnar. Miðstöð framhaldsnáms tók til starfa 1. febrúar 2009 og er aðstoðarrektor vísinda og kennslu starfandi forstöðumaður hennar. Pétur Ástvaldsson gegndi starfi verkefnisstjóra Miðstöðvar framhaldsnáms.
- Umsjón og eftirfylgni með ytri úttektum á háskólanum í heild og einstökum skipulagseiningum hans.
- Umfjöllun um þróun gæðamála háskóla á innlendum og erlendum vettvangi. Sérstaklega var fjallað um nýstofnað gæðaráð háskóla á Íslandi. Í því sambandi var á vettvangi gæðanefndar m.a. unnið að skipulagningu og gerð samræmdra leiðbeininga fyrir sjálfsmat deilda háskólans, skilgreiningu tölulegra upplýsinga fyrir matið og gerð viðhorfskannana meðal núverandi og fyrrverandi nemenda.
- Mat á umsóknum deilda og fræðasviða um ráðningu gestakennara m.t.t. þess hvort þær uppfylli ótvírætt akademískar hæfniskröfur. Á árinu voru afgreiddar nokkrar umsóknir deilda og fræðasviða um ráðningu akademískra gestakennara.
- Umfjöllum og afgreiðsla erinda sem háskólaráð og háskólaþing vísuðu til nefndarinnar.
- Gæðastjóri sat ráðstefnu EUA, ENQA, ESU og EURASHE, 6th European Quality Forum, sem fram fór í Antwerpen í Belgíu dagana 17.–19. nóvember.

## Jafnréttisnefnd

Fram til 30. júní 2011 var jafnréttisnefnd þannig skipuð: Brynhildur Flóvenz, dósent í Lagadeild, formaður, skipuð af rektor án tilnefningar, Arnfríður Guðmundsdóttir, Hugvísindasviði, Karl Örn Karlsson, Heilbrigðisvísindasviði, Ólafur Páll Jónsson, Menntavísindasviði, Rögnvaldur Ólafsson,

Verkfræði- og náttúruvísindasviði, Unnur Dís Skaptadóttir, Félagsvísindasviði, og Guðrún Sóley Gestsdóttir, fulltrúi stúdenta.

Með nefndinni störfuðu þau Arnar Gíslason jafnréttisfulltrúi og Amalía Skúladóttir, ritari nefndarinnar.

Jafnréttisnefnd í þessari mynd fundaði fimm sinnum á fyrri hluta ársins. Meðal þeirra málefna sem rædd voru á fundum nefndarinnar voru verklagsreglur um viðbrögð gagnvart kynferðislegri og kynbundinni áreitni í Háskóla Íslands, þróun árangursmælikvarða í jafnréttisstarfi háskólans og kynjaskipting við styrkúthlutanir úr sjóðum á vegum háskólans.

Tvö rannsóknaverkefni meistaranema sem nefndin styrkti á síðasta starfsári voru kynnt opinberlega á málþingi þann 18. mars, annars vegar lokaverkefni í kynjafræði um áhrifavalda og stýrandi orðræðu í menningu raun- og tæknivísindagreina við Háskóla Íslands og hins vegar lokaverkefni í náms- og starfsráðgjöf um námsval og aðstæður kvenna í ákveðnum greinum á Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands. Rannsóknirnar eru aðgengilegar á vefslóðinni [jafnretti.hi.is](http://jafnretti.hi.is). Rannsóknirnar voru unnar samhliða en í jafnréttisáætlun skólans er kveðið á um að slík rannsókn skuli gerð.

Ný jafnréttisnefnd var skipuð af háskólaráði frá 1. júlí 2011 til 30. júní 2014. Var hún þannig skipuð: Hrefna Friðriksdóttir, formaður, dósent í Lagadeild, skipuð af rektor án tilnefningar, Þóruna Elín Dietz, Heilbrigðisvísindasviði, Arnfríður Guðmundsdóttir, Hugvísindasviði, Gunnar Stefánsson, Verkfræði- og náttúruvísindasviði, Gyða Margrét Pétursdóttir, Félagsvísindasviði, Gunnar J. Gunnarsson, Menntavísindasviði, og Halla Tryggvadóttir, fulltrúi stúdenta.

Jafnréttisnefnd í þessari mynd fundaði þrisvar sinnum á árinu. Þann 1. október sendi nefndin erindi til háskólaráðs þar sem gerðar voru athugasemdir við skipan nefndarinnar í ljósi jafnréttisstefnu skólans og ákvæða jafnréttislaga um kynjahlutföll við nefndarskipan. Var skorað á háskólaráð að bregðast við og taldi jafnréttisnefnd rétt að sinna einungis brýnustu verkefnum þar til niðurstaða lægi fyrir. Erindið var óafgreitt í lok árs 2011.

Í október voru haldnir árlegir jafnréttisdagar Háskóla Íslands í þriðja sinn og var jafnréttisnefnd einn helsti bakhjarl hátíðarinnar ásamt ráði um málefni fatlaðra. Nefndin stóð á jafnréttisdögum fyrir opnu málþingi um umræðu og andóf í jafnréttisbaráttu þar sem Hilmar Magnússon og Sigríður Þorgeirsdóttir fluttu erindi. Jafnréttisnefnd auglýsti á haustmánuðum til umsóknar tvo styrki til meistaranema til að rannsaka samþættingu og árangursmælikvarða í jafnréttisstarfi háskólans. Í desember tók jafnréttisnefnd á móti nemendum Alþjóðlegs jafnréttisskóla GEST (Gender Equality Studies and Training Program).

## Kennslumálanefnd

Á árinu 2011 var kennslumálanefnd skipuð að nýju og erindisbréf hennar endurnýjað til ársins 2014. Í nefndina voru skipuð Róbert H. Haraldsson, formaður, Björn Guðbjörnsson, Heilbrigðisvísindasviði, Hafdís Ingvarsdóttir, Menntavísindasviði, Hjálmtýr Hafsteinsson, Verkfræði- og náttúruvísindasviði, Sif Einarsdóttir, Félagsvísindasviði, Sveinn Yngvi Egilsson, Hugvísindasviði, og Stefán Þór Helgason, fulltrúi stúdenta. Guðrún Geirsdóttir, formaður stjórnar Kennslumiðstöðvar, Þórður Kristinsson, sviðsstjóri kennslusviðs, og Hreinn Pálsson prófstjóri sátu fundi nefndarinnar og unnu með henni.

Í erindisbréfi kennslumálanefndar segir um hana: „Hlutverk nefndarinnar er að vinna að þeim markmiðum Stefnu Háskóla Íslands 2011–2016 er lúta að námi og kennslu. Í því felst að stuðla að

þróun kennslu og kennsluhátta við Háskóla Íslands og vinna á annan hátt að því að nemendur öðlist framúrskarandi menntun í nánum tengslum við rannsóknastarf skólans.“ Verkefni nefndarinnar eru síðan rakin í tólf liðum og má m.a. nefna að nefndinni er ætlað hafa með hendi samræmingu á kennslustefnu deilda í samvinnu við kennslunefndir fræðasviða.

Nefndin hélt 17 fundi á árinu 2011 og meðal helstu viðfangsefna hennar má nefna:

- samráðsfund með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis,
- samráðsfund með fulltrúum Félags íslenskra framhaldsskóla,
- samráðsfund með forsetum fræðasviða, deildarforsetum og skólameisturum framhaldsskóla þar sem fjallað var um mögulegar aðgangstakmarkanir og inntökupróf, hæfniskröfur Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, hæfniskröfur í Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda og um námsgengi og brottfall,
- spurningakönnun til deildarforseta um eftirfylgni við kennslukönnun, stuðningsnet við nemendur, hvernig fylgst er með námsframvindu nemenda, hæfniviðmið og námsálag og fjölda námseininga,
- þátttöku á málþingi á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um brotthvarf í framhaldsskólum,
- að endurreisn Kennslumálasjóðs á árinu 2012 var undirbúin, m.a. með breytingum á vinnureglum um úthlutun úr sjóðnum,
- að kennslumálaráðstefna í janúar 2012 var undirbúin í samráði við Stúdentaráð Háskóla Íslands,
- samvinnuverkefni Stjórn málafræðideildar og kennslumálanefndar um aðgerðir til að hamla gegn brottfalli, auka námsástundun meðal nemenda og bæta kennslu,
- að nefndin skipaði, að ósk mennta- og menningarmálaráðuneytisins, tvo fulltrúa í nefnd til að stuðla að framgangi Bologna-yfirlýsingarinnar á Íslandi,
- að í samráði við kennslunefndir sviða og gæðastjóra tók nefndin þátt í vinnu við skilgreiningu ramma fyrir kennslustefnu fræðasviða og deilda,
- að fjallað var um hugmynd um að hafa tvær kennslulotur á hverju kennslumisseri,
- að formaður nefndarinnar tók þátt í vinnu undirbúningshóps um gerð aðgangsprófa fyrir háskólastigið.

## Samráðsnefnd um kjaramál

Á vegum háskólaráðs og rektors starfar samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál. Henni er ætlað að tryggja samstarf og samráð við stéttarfélög og samtök starfsmanna háskólans um kjara- og réttindamál, auk þess sem hún gegnir hlutverki samstarfsnefndar samkvæmt 11. kafla kjarasamninga fjármálaráðherra og stéttarfélaganna ríkisstarfsmanna.

Samráðsnefndin er skipuð þremur fulltrúum. Tveir þeirra sitja starfs síns vegna í nefndinni en formaður er valinn úr röðum fastráðinna kennara. Nefndin var þannig skipuð árið 2011: Guðmundur R. Jónsson, prófessor, formaður, Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir, sviðsstjóri starfsmannasviðs, og Sigurður J. Hafsteinsson, sviðsstjóri fjármálasviðs. Starfsmaður nefndarinnar var Kristín Helga Markúsdóttir, lögfræðingur starfsmannasviðs.

Á árinu 2011 var mestum tíma nefndarinnar varið í viðræður við Félag prófessora og Félag háskólakennara. Efni fundanna var margvíslegt, m.a. að leysa úr ágreiningi um framkvæmd og túlkun kjara- og stofnanasamninga og afgreiðsla erinda sem nefndinni bárust. Félögunum var auk þess kynntur niðurskurður á fjárveitingum til háskólans og ræddar við þau leiðir til að mæta honum.

Auk þessa var gengið frá stofnanasamningi við Félag háskólakennara þar sem felldar voru inn í texta þær breytingar sem urðu á stofnanasamningi vegna samruna Félags háskólakennara og Kjarafélags Kennaraháskóla Íslands.

## Vísindanefnd

Umfangsmikill hluti starfsemi vísindanefndar sneri að Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Unnið var úr umsóknum og úthlutað úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2012 veturinn 2011. Breyting varð á skipulagi vísindanefndar og fagráða frá því 2010 og störfuðu þau nú með eftirfarandi hætti: Vísindanefnd er skipuð formönnum vísindanefnda fræðasviða Háskóla Íslands, auk formanns án tilnefningar, sem rektor skipaði. Vísindanefnd háskólaráðs verður jafnframt stjórn Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands og annast úthlutun úr sjóðnum á grundvelli tillagna fagráða. Á vegum vísindanefndar starfa sjálfstæð fagráð sem skipuð eru þremur til fimm fulltrúum hvert. Hlutverk fagráða er að annast faglegt mat og forgangsröðun á umsóknum í Rannsóknasjóð Háskóla Íslands, Doktorssjóð Rannsóknasjóðs og Háskólasjóð Eimskipafélagsins. Faglegt mat og forgangsröðun fagráða skal byggjast á forsendum og viðmiðum sem vísindanefnd háskólaráðs setur. Fagráðin meta allar umsóknir á fagsviði sínu. Samræming og lokafrágangur úthlutunar er síðan í höndum vísindanefndar.

Við úthlutun fyrir 2012 var unnið samkvæmt svipuðum viðmiðum og áður. Lögð var áhersla á að styrkja sem best þau verkefni sem líklegust þykja til árangurs vegna vísindagildis og virkni umsækjanda. Umsóknir voru 230 og alls var 191 verkefni styrkt. Alls var úthlutað um 203 m.kr. úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2012. Hver styrkur nam að meðaltali 1.063 þús.kr. (sjá nánar kafla um Rannsóknasjóð). Vísindanefnd sá einnig um úthlutun verkefndabundinna styrkja til tækjakaupa eins og áður. Einnig voru veittir styrkir til nýdoktora sem hluti af úthlutun Rannsóknasjóðs (sjá nánar kafla um Rannsóknasjóð). Þá voru veittir styrkir til ráðstefnuferða stúdenta í doktorsnámi. Unnt var að styrkja 48 doktorsnema úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands og Rannsóknasjóði í ár, umsóknir voru alls 171 (sjá nánar kafla um doktorsstyrki). Faglegt mat á umsóknum var, samkvæmt reglum, í höndum vísindanefndar og fagráða hennar. Var umsóknum forgangsráðað eftir vísindalegu gildi verkefnis, vísindalegri hæfni leiðbeinenda og náms- og rannsóknarferli stúdents.

Önnur verkefni vísindanefndar á árinu lutu aðallega að endurskoðun á Rannsóknasjóði, breyttu fyrirkomulagi varðandi umsóknir, styrkveitingar og úrvinnslu. Áætlað er að þær breytingar taki í gildi umsóknarárið 2013.

## Skipan vísindanefndar

Þann 10. október 2011 var ný vísindanefnd skipuð og mun hún sitja þar til í október 2014. Nefndina skipa: Guðrún Marteinsdóttir, prófessor á Verkfræði- og náttúruvísindasviði, formaður, Ármann Jakobsson, prófessor á Hugvísindasviði, Gylfi Magnússon, dósent á Félagsvísindasviði, Snorri Þór Sigurðsson, prófessor á Verkfræði- og náttúruvísindasviði, Steinunn Gestsdóttir, dósent á Menntavísindasviði, Þórdís Kristmundsdóttir, prófessor á Heilbrigðisvísindasviði, og Erna Kristín Blöndal, doktorsnemi í lögfræði, fulltrúi stúdenta.

Áður sátu í nefndinni, til 1. október 2011: Helga Ögmundsdóttir prófessor á Heilbrigðisvísindasviði, formaður, Jón Gunnar Bernburg, prófessor á Félagsvísindasviði, Steinunn Gestsdóttir, dósent á Menntavísindasviði, Freysteinn Sigmundsson, vísindamaður á Verkfræði- og náttúruvísindasviði, Herdís Sveinsdóttir, prófessor á Heilbrigðisvísindasviði, og Svavar Hrafn Svavarsson, prófessor á Hugvísindasviði.





# Stjórnsýsla

## Skrifstofa rektors

### Hlutverk rektors

Samkvæmt lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 er rektor formaður háskólaráðs, yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan. Hann hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki heildarstefnu í málefnum háskólans. Rektor ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi skólans og á milli funda háskólaráðs fer hann með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans. Rektor ræður starfslið sameiginlegrar stjórnsýslu háskólans og setur því starflýsingar. Mennta- og menningarmálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, að undangengnum almennum kosningum í háskólanum.

### Skrifstofa

Starfsemi skrifstofu rektors felst í því að framfylgja lögskipuðu hlutverki háskólarektors, gæta heildarhagsmuna Háskóla Íslands og greiða fyrir því eftir bestu getu að stefna skólans megi ganga vel fram, þannig að háskólinn nái að rækja og rækta hlutverk sitt sem allra best í kennslu og rannsóknum og þjónustu við samfélagið.

Rektorsskrifstofa hefur umsjón með málefnum sameiginlegrar stjórnsýslu háskólans, háskólaþingi, fundum háskólaráðs, ársfundi háskólans og fundum rektors með forsetum fræðasviða. Einnig hefur rektorsskrifstofa umsjón með samskiptum rektors við fulltrúa stjórnvalda, atvinnulífs og innlendra og erlendra háskóla- og rannsóknastofnana og samtaka þeirra, sem og við fulltrúa erlendra ríkja. Náin samvinna er við forseta fræðasviða, aðstoðarrektor vísinda og kennslu, framkvæmdastjóra fjármála og reksturs, deildarforseta, forstöðumenn stofnana og sviðsstjóra sameiginlegrar stjórnsýslu.

Á rektorsskrifstofu fer enn fremur fram margvísleg önnur regluleg starfsemi, svo sem móttaka og afgreiðsla erinda sem berast háskólanum, afgreiðsla viðtala eftir pöntun, miðlun upplýsinga til starfsmanna, umsjón með nefndum og starfshópum rektors um einstök málefni, útgáfa Árbókar Háskóla Íslands, umsjón með úthlutunum úr Háskólasjóði, brautskráningu kandiðata, viðurkenningum til starfsmanna, málþingum, ráðstefnuma og fyrirlestrum á vegum rektors, útgáfa ýmiss kynningarefnis og umsjón með boðum og samkomum á vegum rektors, svo að nokkuð sé nefnt.

### Starfslið

Rektor Háskóla Íslands er Kristín Ingólfssdóttir prófessor. Aðrir starfsmenn á skrifstofu rektors á árinu 2011 voru Jón Atli Benediktsson prófessor, aðstoðarrektor vísinda og kennslu, Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóri og gæðastjóri háskólans, Sæunn Stefánsdóttir sérfræðingur, Guðmundur Ragnarsson sérfræðingur, Heiðrún Kristjánsdóttir verkefnisstjóri og Margrét Ludwig verkefnisstjóri. Í upphafi árs varð skjalasafn háskólans hluti af rektorsskrifstofu og er gerð nánari grein fyrir því hér að aftan.

## **Stefnumótun, þróunarmál og gæðamál**

Rektor hefur frumkvæði að mótun sameiginlegrar stefnu Háskóla Íslands og eftirlit með framkvæmd hennar. Núverandi stefna háskóla Íslands gildir fyrir tímabilið 2011–2106. Einnig hefur rektorsskrifstofa umsjón með þróunar- og gæðamálum háskólans, m.a. í samvinnu við gæðanefnd háskólaráðs.

## **Áherslumál**

Á árinu 2011 voru liðin 100 ár frá stofnun Háskóla Íslands og setti aldarafmæli skólans mikinn svip á starfsemi rektorsskrifstofu á árinu. Í kaflanum um helstu viðburði 2011 framar í þessari Árbók er nánar fjallað um aldarafmæli Háskóla Íslands og vikið að fjölmörgum áherslumálum skólans sem með einum eða öðrum hætti var sinnt á vettvangi rektorsskrifstofu.

## **Skjalasafn**

### **Starfslið**

Nils Kjartan Guðmundsson tók við stöðu deildarstjóra skjalasafnsins á árinu, Áslaug J. Marinósdóttir hélt áfram utan um myndasafn skjalasafnsins og Kristín Indriðadóttir var ráðin til að vinna í skjalamálum.

### **Aðbúnaður og geymslur**

Hafist var handa við að skipuleggja skjalageymslur í kjallaranum í Aðalbyggingu og söfnun skjala úr skjalageymslum víðs vegar um háskólann til að koma þeim í aðalsafnið.

### **Hópvinnukerfið Náman (GoPro)**

Umsjón með málaskrár- og hópvinnukerfinu Námunni (GoPro) var eitt af helstu verkefnum skjalasafnsins. Samtals voru 1.889 ný mál skráð í málaskrá á árinu 2011 með 23.486 málsskjöl, sem gera 9,0 færslur á hvert mál að jafnaði, auk þess sem mikið af málsskjölum voru færð undir eldri mál. Heildarfjöldi málsskjala í Námunni var í lok árs 2011, 167.419 talsins.

Tekin var í notkun geymsluskrá á árinu, kölluð eBox, og í hana voru eldri gögn skráð. Mun sú vinna halda áfram þar til öll eldri skjöl skjalasafnsins eru skráð þar.

Fjöldi nýrra mála, færslur við þau og meðalfjöldi málskjala við hvert mál á árunum 2000–2011:

Ár	Ný mál	Málskjöl	Meðalfjöldi skjala á mál
2000	712	4.760	6,7
2001	666	4.134	6,2
2002	695	5.476	7,8
2003	800	6.000	7,5
2004	843	7.992	9,5
2005	1.048	10.199	9,7
2006	1.404	14.578	10,4
2007	1.488	15.573	10,5
2008	2.375	17.785	7,5
2009	3.153	32.629	10,3
2010	2.373	23.486	9,9
2011	1.889	21.014	11,1

Skjalasafnið hélt reglulega námskeið um Lotus Notes forritið þar sem kennt var á tölvupóst, dagatal og fleiri möguleika kerfisins. Sérstök námskeið voru einnig haldin um notkun á skjalastjórnarkerfinu Námunni (GoPro). Námskeiðunum var skipt upp í kennslu fyrir byrjendur annars vegar og lengra komna hins vegar.

Nokkuð var um að fólk kæmi á safnið og fengi fræðslu á staðnum en að jafnaði var kennt í kennslustofum í Stapa. Þá voru haldin einstaklingsnámskeið fyrir starfsfólk á skrifstofum eftir því sem notendum kerfisins fjölgaði. María Hjaltalín kerfisfræðingur kom reglulega frá fyrirtækinu Hugviti og hjálpaði til við verkefni sem út af stóðu.

## Námubikarinn

Námubikarinn 2011 hlaut Ásdís Magnúsdóttir fyrir að hafa lyft Grettistaki á Félagsvísindasviði og eru nú skjalamál þar til fyrirmyndar.

## Myndakerfið Birtingur (FotoStation)

Sigurður Örn Magnason, kerfisstjóri hjá Reiknistofnun, hafði umsjón með uppsetningu og utanumhaldi kerfisins. Skráning og umsjón mynda var í höndum Áslaugar J. Marinósdóttur. Á árinu voru áfram nýskráðar fjölmargar myndir í Birting, flestar skráðar jafnóðum og þær bárust safninu, og eru þær aðgengilegar á eftirfarandi vefslóð: <http://myndasafn.hi.is>. Átaki við að skanna eldri myndir var haldið áfram með aðstoð Arngríms Sigurðssonar og voru skannaðar ljósmyndir úr um það bil 30 ljósmyndamöppum.

## Skil til skjalasafns háskólans

Ýmsar sendingar bárust skjalasafninu á árinu frá fræðasviðunum. Þau skjöl voru skráð og sett í geymslur. Auk þess hafa skólanum borist ýmsar gjafir í formi muna og bóka og er það efni skráð og varðveitt á safninu.

## Ýmiss konar þjónusta

- Starfsmenn safnsins fóru í fjölda skjalavitjana á skrifstofur skólans og veittu ráð og leiðbeiningar um skjalastjórn og skjalavörslu, auk þess sem fjölmörg hollráð eru daglega veitt í síma og með tölvupósti.
- Fjöldi fólks úr stjórnslu skólans hefur reglulega samband til að leita skjala og fá ljósmyndir að láni.
- Safnið fékk marga gesti í heimsókn á árinu bæði innlenda og erlenda. Sumir vildu að fræðast um starfsemi safnsins en aðrir nota gögn safnsins vegna skrifa sinna og rannsókna.
- Skráningu á stafrænum ljósmyndum í umsjón Áslaugar J. Marinósdóttur var haldið áfram á árinu. Myndirnar eru geymdar á drifi hjá Reiknistofnun og skráðar í FotoStation-forritið.
- Áslaug J. Marinósdóttir sá um útgáfu doktorsskírteina fyrir skólann, en á árinu voru 50 doktorsskírteini útbúin og 6 heiðursdoktorsskírteini.

## Miðstöð framhaldsnáms

Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands (e. Graduate School) hóf starfsemi sína snemma árs 2009 í kjölfar Stefnu Háskóla Íslands 2006–2011. Miðstöðinni er ætlað að tryggja og efla gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands og stuðla að framgangi þess í samræmi við ákvarðanir háskólaráðs.

Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands hefur umsjón með settum viðmiðum og kröfum um gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands og fylgir þeim eftir. Markmiðið með því gæðaeftirliti er að viðhalda gæðum námsins, stuðla að ábyrgð leiðbeinenda, námsgreina og deilda. Enn fremur er henni ætlað að stuðla að kröftugu vísindastarfi sem stenst alþjóðlegan samanburð og samkeppni. Markið hefur verið sett hátt fyrir Háskóla Íslands og skólinn eflst gríðarlega sem rannsóknaskóli undanfarin ár og vöxtur doktorsnámsins er eðlilegur hluti af þeirri þróun. Skráðir nemendur í doktorsnám eru nú orðnir um fimm hundruð talsins.

Deildir háskólans bera faglega ábyrgð á framhaldsnámi við skólann. Miðstöð framhaldsnáms hefur heildaryfirsýn yfir framhaldsnámið og starfar náið með deildum, fræðasviðum og stjórnslu, auk þess að vera tengiliður við ýmsa samstarfsaðila innan lands og utan. Miðstöðin hefur aðsetur í Aðalbyggingu háskólans. Starfandi forstöðumaður er Jón Atli Benediktsson og verkefnisstjóri er Pétur Ástvaldsson.

## Hlutverk og verkefni

Hlutverk Miðstöðvar framhaldsnáms er að kortleggja doktorsnámið, í breiðum skilningi, með söfnun og greiningu tölulegra upplýsinga um námið og að sinna því að öllum almennum reglum sé framfylgt. Þar koma til umfjöllunar gæðakröfur til leiðbeinenda, svo og þeirra sem veljast til setu í doktorsnefndir. Miðstöðin sinnir upplýsingagjöf til leiðbeinenda um skyldur, réttindi og hlutverk þeirra, auk þess að leggja mat á hæfni andmælenda við doktorsvarnir. Nýjar reglur fræðasviða um meistara- og doktorsnámið voru samþykktar 2011 og er þar lögð áhersla á að gera verkferla Miðstöðvarinnar enn markvissari en áður. Með skýrari reglum um framhaldsnámið skapast meiri formfesta, sem er mikilvægt þegar horft er til þess hve umfangsmikið doktorsnám við Háskóla Íslands er orðið.

Meðal verkefna Miðstöðvarinnar er að halda utan um sértæka samstarfssamninga um framhaldsnám og sameiginlegar prófgráður með erlendum háskólum og veita leiðbeiningu um gerð slíkra samninga. Sömuleiðis sér hún um auglýsingu og úthlutun aðstoðarkennarastyrkja sem skólinn veitir til doktorsnema árlega, í samvinnu við vísindasvið. Miðstöðin hefur einnig staðið fyrir því, í

samvinnu við starfsmannasvið og Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands, að birta á vef skólans ýmsar hagnýtar upplýsingar til erlendra nemenda sem eru að flytjast til Íslands og innritast í doktorsnám.

Gagnagrunnur yfir alla skráða doktorsnema við Háskóla Íslands á hverjum tíma hefur verið tekinn í notkun en þar mynda upplýsingar frá fræðasviðum grunn að heildarskrá með nákvæmum upplýsingum um hvern doktorsnema, leiðbeinendur, doktorsnefndir, framgang námsins og fleira. Verk þetta hefur verið unnið í samvinnu við Reiknistofnun og tengist Uglunni. Umsjón er á hendi Miðstöðvarinnar en upplýsingarnar eru jafnframt miðlægar, þ.e.a.s. tengiliðir eða umsjónarmenn frá hverju fræðasviði tryggja að þar séu ávallt nýjustu og nákvæmstu upplýsingar um nemendur og stöðu þeirra í náminu.

Hinn 1. desember 2011 var í fyrsta sinn efnt til sérstakrar hátíðar sem tileinkuð er doktorsnámi og brautskráðum doktorum frá Háskóla Íslands. Að hátíðinni stóð Miðstöð framhaldsnáms. Þar voru heiðraðir þeir sem lokið höfðu doktorsprófi frá skólanum undanfarið ár, um 50 manns. Hér er um að ræða nýjung sem mælst hefur vel fyrir og verður fastur liður á dagskrá háskólans í framtíðinni.

## Markaðs- og samskiptamál

### Markaðs- og samskiptasvið

Markaðs- og samskiptasvið er eitt af sex þjónustu- og stoðsviðum sameiginlegrar stjórnýslu Háskóla Íslands. Sviðið hefur heildarumsjón með markaðs-, kynningar- og samskiptastarfi innan allra eininga háskólans og skilgreinir stefnu háskólans að þessu leyti í samvinnu við yfirstjórn hans, fræðasviðin fimm og sérstakt markaðs- og kynningarráð skólans. Markaðs- og samskiptasvið stýrir einnig gerð hönnunarstaðals háskólans í samvinnu við sömu aðila og gefur hann út. Sviðið stuðlar að því að ytri og innri hagsmunahópar hafi skýra mynd af hlutverki Háskóla Íslands, starfi hans, stefnu og stöðu.

### Helstu verkefni

Helstu verkefni markaðs- og samskiptasviðs ráðast að miklu leyti af eftirfarandi þáttum:

- mörkun stefnu um fagleg innri og ytri samskipti Háskóla Íslands,
- yfirstjórn ytri vefs og mörkun vefstefnu í samvinnu við sérstakan vefstjórnarhóp,
- eftirfylgni við framangreindar stefnur,
- upplýsingamiðlun á innri vef og þróun hans,
- samskiptum við fjölmiðla ásamt aðstoð og ráðgjöf um fjölmiðlasamskipti fyrir allar einingar háskólans,
- stjórnun viðburða á vegum Háskóla Íslands ásamt faglegri ráðgjöf og aðstoð í tengslum við viðburði,
- útgáfu markaðs-, kynningar- og fréttæfnis í nafni Háskóla Íslands,
- aðstoð og ráðgjöf við vinnslu markaðs- og kynningarefnis fyrir allar einingar,
- auglýsingamálum Háskóla Íslands,
- mótun hollvinastarfs og innleiðing á slíku starfi,
- umsjón og umsýslu með starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands,
- gerð samninga við samstarfsaðila um markaðs- og kynningarmál.

## Stjórn og starfslið

Sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs er Jón Örn Guðbjartsson. Kynningarmál á árinu voru í höndum hans og Björns Gíslasonar sem jafnframt ritstýrði vef skólans. Björn, sem var í framhaldsnámi við háskólann, hóf störf við sviðið á árinu en hann hafði áður starfað á kennsluviði skólans. Guðrún J. Bachmann helgaði krafta sína vísindamiðlun, sem er skilgreind sem áhersluþáttur í stefnu skólans. Hún var skólastjóri Háskóla unga fólksins og stýrði auk þess verkefninu Háskólalestin, sem einkenndist af „vísindaveislu“ víða um land. Háskóli unga fólksins var í för með lestinni og var starfræktur á fjölmörgum stöðum á landsbyggðinni. Guðrún stýrði jafnframt Vísindasmiðjunni, sem áformað er að opna á árinu 2012 í Háskólabíói. Markmið Vísindasmiðjunnar er að efla áhuga ungmenna á vísindum og fræðum með gagnvirkum og lifandi hætti og styðja þannig við kennslu á sviði náttúru- og raunvísinda. Vísindasmiðjan verður starfrækt í nánum tengslum við öll skólastig landsins.

Guðrún hafði jafnframt umsjón með verkefninu Biophilia sem hrint var í framkvæmd í samvinnu við tónlistarkonuna Björk Guðmundsdóttur og Reykjavíkurborg. Um var að ræða nýstárlegt verkefni þar sem fléttað var saman vísindum og tónlist og hvoru tveggja miðlað til grunnskólabarna.

Vefstjóri háskólans var Díana Dögg Víglundsdóttir. Droplaug Margrét Jónsdóttir vann við vefumsjón ásamt henni. Helga Brá Árnadóttir var verkefnisstjóri Styrktarsjóða Háskóla Íslands. Björg Magnúsdóttir var ráðin tímabundið til aðstoðar við vinnslu á Tímariti Háskóla Íslands og við kynningar á námsleiðum skólans en hún var í framhaldsnámi við háskólann. Björg var jafnframt til aðstoðar við undirbúning og rekstur Háskólalestar og við skólahald í Háskóla unga fólksins. Dagný Ósk Aradóttir sinnti ýmsum verkefnum á sviðinu tímabundið en hún var jafnframt í framhaldsnámi við Háskóla Íslands.

Upplýsingaskrifstofa háskólans heyrir undir sviðið. Deildarstjóri upplýsingaskrifstofu er Ása Kolka Haraldsdóttir og þar störfuðu einnig Guðrún Pétursdóttir og Guðbjörg S. Haraldsdóttir. Markmið upplýsingaskrifstofunnar er að veita greinargóðar upplýsingar um starfsemi Háskóla Íslands öllum þeim sem til hennar leita, hvort sem það eru nemendur, starfsmenn eða gestir. Helstu verkefni upplýsingaskrifstofu eru símsvörun í aðalnúmer háskólans, bókanir í stofur og gestaíbúðir og dreifing á kynningarefni Háskóla Íslands. Í desember fluttist upplýsingaskrifstofan í nýtt móttökurými í anddyri Aðalbyggingar úr rýminu innan við anddyrið þar sem símsvörun fyrir skólann hafði verið síðan Háskólabókasafn fluttist í Þjóðarbókhöð 1994.

## Viðburðaríkt aldarafmæli Háskóla Íslands

Háskóli Íslands hefur þjónað íslensku samfélagi í meira en 100 ár og ávallt verið virkur þátttakandi í uppbyggingu þess. Mikil vinna fór fram á markaðs- og samskiptasviði í verkefnum sem tengdust aldarafmæli skólans. Árið var einstaklega viðburðaríkt.

Markaðs- og samskiptasvið kom að óvenjumörgum viðburðum á aldarafmælisári háskólans. Sviðið sá auk þess um almannatengsl, fréttamiðlun, undirbúning, umsýslu og útfærslu á fjölmörgum viðburðum og tímabundnum verkefnum á árinu 2011, annaðhvort eitt og sér eða í samvinnu við aðrar einingar háskólans. Stærstu viðburðir ársins voru án efa hátíðarmálþing Háskóla Íslands í Háskólabíói í tilefni af aldarafmælinu og sérstök aldarafmælishátíð í Eldborgarsal Hörpu. Báðir þessir viðburðir voru í október.

Kofi Annan, fyrrverandi aðalritari Sameinuðu þjóðanna og friðarverðlaunahafi Nóbels, var aðalfyrirlesari á hátíðarmálþinginu en það bar yfirskriftina „Áskoranir 21. aldar“.

Í tilefni af aldarafmæli skólans var starfsfólki, stúdentum, samstarfsaðilum og velunnurum boðið til hátíðarsamkomu í Eldborgarsal Hörpu. Markaðs- og samskiptasvið tók þátt í mótun dagskrár og framleiðslu efnis fyrir viðburðinn. Afmælishátíðin var hápunktur afmælisdagskrárinnar sem stóð allt árið. Boðið var upp á fjölbreytta og lifandi dagskrá í máli, myndum, leik og tónum.

Hvert hinna fimm fræðasviða Háskóla Íslands var í sviðsljósinu í einn mánuð á afmælisárinu og stóð fyrir metnaðarfullri dagskrá sem markaðs- og samskiptasvið studdi. Buðu sviðin virtum erlendum gestum að halda öndvegisfyrirlestra við skólann.

Á vegum Heilbrigðisvísindasviðs komu Nóbelsverðlaunahafar í líf- og læknávisindum, Elizabeth Blackburn, er hlaut Nóbelsverðlaunin 2009, og Françoise Barré-Sinoussi, er hlaut verðlaunin árið 2008.

David Suzuki, prófessor í líffræði við University of British Columbia, var annar tveggja öndvegisfyrirlesara Verkfræði- og náttúruvísindasviðs. Hann hélt fyrirlestur í Öskju í apríl. Fyrirlesturinn var fluttur með fjarfundabúnaði og bar yfirskriftina „Afl náttúrunnar.“ Henry Petroski, prófessor í byggingarverkfræði og sagnfræði við Duke-háskólann í Norður-Karólínu í Bandaríkjunum, var seinni öndvegisfyrirlesari Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og flutti erindið „Success and Failure in Engineering: A Paradoxal Relationship“ í Hátíðasal Háskóla Íslands í október 2011.

Linda Darling-Hammond var öndvegisfyrirlesari Menntavísindasviðs og flutti hún erindið „Menntun og kennsla á 21. öld“ í Hátíðasal Háskóla Íslands í september 2011. Darling-Hammond er prófessor í menntavísindum við Stanford-háskóla í Bandaríkjunum.

Robert David Putnam, bandarískur stjórn málafræðingur, var öndvegisfyrirlesari Félagsvísindasviðs, en hann er prófessor við John F. Kennedy School of Government við Harvard-háskóla. Hann flutti erindið „Challenges to community in the contemporary world: Social capital, diversity, and inequality“ í Hátíðasal Háskóla Íslands í október 2011.

Noam Chomsky var öndvegisfyrirlesari Hugvísindasviðs og talaði í september fyrir fullu Háskólabíói. Chomsky er heimsþekktur bandarískur málvísindamaður, rithöfundur og virkur þátttakandi í stjórn málaumræðu. Hann er prófessor emeritus í málvísindum við Massachusetts Institute of Technology (MIT). Erindi Chomskys hét The two 9/11s: Their historical significance.

Markaðs- og samskiptasvið kom að sérstakri hátíðarfyrirlestraröð rektors í tilefni af aldarafmæli skólans. Kári Stefánsson, stofnandi, forstjóri og yfirmaður rannsókna Íslenskrar erfðagreiningar, flutti fyrsta erindið í janúar sem hann kallaði „Hönnun manns – hvernig maðurinn skapast af samspili erfða og umhverfis.“

Næstur talaði Hilmar B. Janusson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Össurar hf. Erindið, sem hann hélt í maí, kallaði hann Hreyfing mannsins. Frá hreyfihömlun til afreka. Hvernig geta verkfræðilegar lausnir fyrir hreyfihamlaða orðið hreyfingu allra til framdráttar?

Nemat Shafik, aðstoðarframkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, flutti síðasta erindið í þessari röð á haustmánuðum og bar það titilinn „Global Economic Challenges and Fostering Future Prosperity“.

Markaðs- og samskiptasvið stýrði kynningu á námsframboði Háskóla Íslands á háskóladeginum í febrúar ásamt kynningum á landsbyggðinni, m.a. á Akureyri, Selfossi, Egilsstöðum og Ísafirði. Námskynningin á háskóladeginum var fjölsóttari en nokkru sinni og var landsmönnum boðið í sérstaka vísindaveislu. Auk þessa sá sviðið um fjölda kynninga á helstu námsleiðum bæði innan skólans og utan. Sviðið og kynningarstjórar einstakra fræðasviða tóku einnig þátt í opinni



námsmessu í Laugardalshöll í maí í samstarfi við Vinnumálastofnun. Námsmessan var haldin undir yfirskriftinni „Nám er vinnandi vegur“ og miðaði að því að kynna námsmöguleika fyrir atvinnuleitendum.

## Önnur helstu verkefni sviðið sinnti á árinu 2011 og tengdust aldarafmælinu

- Sérstakur aldarafmælisvefur Háskóla Íslands.
- Formleg setningarathöfn afmælisárs í janúar 2011.
- Fjölmarginar gönguferðir undir heitinu „Með fróðleik í fararnesti“ í samvinnu við Ferðafélag Íslands.
- Háskóli unga fólksins með aldarafmælisniði. Hann fór víða um land í tilefni aldarafmælis.
- Háskólalest, sem byggðist á heimsóknum Háskóla Íslands á fjölmarga staði á landsbyggðinni.
- Vísindavaka með afmælisniði í september í Háskólabíói.
- Vísindapættirnir „Fjár sjóður framtíðar“ sýndir í Ríkissjónvarpinu á haustmánuðum.
- Biophilia, vísindamiðlunarverkefni með tónlistarkonunni Björk Guðmundsdóttur og Reykjavíkurborg.
- Hönnun og framleiðsla á sérstökum afmælisvörum skólans og dreifing þeirra.
- Tímarit Háskóla Íslands með aldarafmælisniði.
- Nýsköpunarmessa með afmælisniði.
- Hátíð brautskráðra doktora haldin í fyrsta sinn í desember þar sem fagnað var öllum þeim nýdöktorum sem brautskráðst höfðu frá skólanum tólf mánuði þar á undan.
- Almannatengslaherferðir vegna allra helstu viðburða ársins.

Aðrir viðburðir á afmælisári voru m.a.

- Brautskráningar frá Háskóla Íslands.
- Alþjóðadagur þar sem kynntir voru fjölbreyttir möguleikar í skiptinámi í samstarfi við Alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands.
- Kynning á háskólatónleikum.
- Móttaka íslenskra og erlendra gesta.
- Móttaka nýnema og nýnemadagar.
- Fjölmarginar úthlutanir úr styrktarsjóðum Háskóla Íslands.
- Úthlutun úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta við Háskóla Íslands.
- Þjóðarspegill.

## Útgáfa kynningarefnis

Markmiðið með útgáfu á kynningarefni háskólans er að veita samfélaginu skilvirka þjónustu og koma á framfæri upplýsingum um það fjölbreytta starf sem unnið er innan háskólans.

Árið 2011 var Tímarit Háskóla Íslands efnismeira en nokkru sinni og í því var lögð áhersla á rannsóknir innan Háskóla Íslands. Umbrot var í höndum Tryggva Ólafssonar og Jóns Arnar Guðbjartssonar en ljósmyndun í höndum Kristins Ingvarssonar, Stefáns Helga Valssonar, Gunnars Sverrissonar, Ragnars Axelssonar og Jóns Arnar Guðbjartssonar. Ritstjóri var Jón Örn Guðbjartsson en honum til aðstoðar var Pétur Georg Markan. Efnisöflun og vinnsla var að mestu í höndum starfsmanna markaðs- og samskiptasviðs en nokkur hluti greina kom frá nemendum í meistaranámi í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands.

Annað kynningarefni um starfsemi háskólans var af ýmsum toga, m.a.:

- Efnismikill bæklingur um helstu þætti í starfsemi Háskóla Íslands sem innihélt einnig nauðsynlegar upplýsingar fyrir nýnema við Háskóla Íslands.

- Yfirlit yfir allar námsleiðir í grunnnámi og framhaldsnámi við Háskóla Íslands.
- Kynningarbæklingur á ensku um starfsemi Háskóla Íslands.

Fjölmargar deildir og námsleiðir innan háskólans gáfu jafnframt út eigið kynningarefni um starfsemi sína og námsframboð. Einingarnar leituðu margar eftir ráðgjöf og þjónustu markaðs- og samskiptasviðs við hönnun, útgáfu og prentun á kynningarefni.

## Vefmál Háskóla Íslands

Heildarumsjón með inntaki og útliti ytri vefsvæða Háskóla Íslands er í umsjá markaðs- og samskiptasviðs. Sviðið vinnur náið með sérstökum vefstjórnarhópi. Í honum voru, auk Jóns Arnar Guðbjartssonar sviðsstjóra, þau Díana Dögg Víglundsdóttir, vefstjóri skólans, Droplaug Margrét Jónsdóttir, verkefnisstjóri vefmála, Björn Gíslason, vefritstjóri, Sif Sigfúsdóttir, fyrir Félagsvísindavið, María Ásdís Stefánsdóttir, fyrir Heilbrigðisvísindasvið, Sigurjón Ólafsson, fyrir Hugvísindasvið, en í apríl tók Guðmundur Hörður Guðmundsson við af honum, Kolbrún Mjöll Hrafnisdóttir, fyrir Menntavísindasvið og Ingi Rafn Ólafsson, fyrir Verkfræði- og náttúruvísindasvið.

Fjölmörg verkefni voru unnin á vefsviði á árinu. Í janúar var opnaður vefur tileinkaður aldarafmæli Háskóla Íslands, [aldarafmaeli.hi.is](http://aldarafmaeli.hi.is), sem kallaði á mikla vinnu allt árið. Í mars var opnaður annar vefur fyrir aldarsögu háskólans þar sem tímalína var hönnuð til að birta efnið með skýrum hætti. Ása Baldursdóttir ritstýrði báðum vefjunum.

Í febrúar var nýr vefur smíðaður fyrir efni sjóða og styrkja Háskóla Íslands, [sjodir.hi.is](http://sjodir.hi.is). Efni og uppbygging vefsins hafði verið í mótun um nokkurt skeið.

Í apríl var opnaður nýr vefur fyrir Háskóla unga fólksins, [ung.hi.is](http://ung.hi.is). Vefurinn er ætlaður væntanlegum og núverandi nemendum skólans sem eru á aldrinum 12 til 16 ára. Í maí var svo opnaður vefur fyrir Háskólalestina, [haskolalestin.hi.is](http://haskolalestin.hi.is). Þeim vef er ætlað að birta upplýsingar um ferðir lestarinnar um landið.

Í ágúst var opnaður nýr vefur Háskóla Íslands á ensku, [english.hi.is](http://english.hi.is). Mikil vinna fór í að greina þarfir erlendra nemenda, hagsmunahópa og starfsfólks við háskólann til að vefurinn mætti þörfum þessa stóra hóps notenda.

Mikill vinna fólst einnig í innleiðingu á nýjum heildarvef háskólans á íslensku, [hi.is](http://hi.is). Rýnihópar með nemendum, kennurum og hagsmunahópum unnu að greiningu þarfa með öllum sviðum og stjórnarsýslueiningum skólans. Auk þess var farið yfir efni og uppbyggingu vefsins.

Auk framangreindra vefja var opnaður eða uppfærður fjöldi vefja fyrir stofnanir Háskóla Íslands.

## Vísindamiðlun

Háskóli Íslands leggur ríka áherslu á að rækta fræðsluhlutverk sitt og miðla vísindum til almennings. Eitt helsta verkefni markaðs- og samskiptasviðs í vísindamiðlun árið 2011 var Háskóli unga fólksins, en í honum koma saman hundruð nemenda grunnskólanna og kynnast um stund námi og starfi við Háskóla Íslands. Að þessu sinni var rösklega fjögur hundruð grunnskólanemendum boðið á vettvang vísindanna.

Háskóli Íslands er skóli allrar þjóðarinnar og var aldarafmælinu fagnað víða um land með ferðalagi Háskólalestarinnar. Að lestinni stóðu Vísindavefurinn, Háskóli unga fólksins og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á landsbyggðinni. Lestin heimsótti níu áfangastaði á tímabilinu frá apríl og fram í

ágúst, í nánu samstarfi við grunnskóla, sveitarfélög og marga fleiri. Í lestinni voru í för fræði og fjör úr Háskóla unga fólksins, vísindi og viðburðir af Vísindavefnum, tilraunasmiðjum, örfyrirlestrar og alls kyns óvæntar upþákomur.

Vísindamenn við Háskóla Íslands tóku virkan þátt í svokölluðum Biophilia-tónvísindasmiðjum fyrir frgrunnskólabörn sem söngkonan Björk Guðmundsdóttir stóð að ásamt Reykjavíkurborg og háskólanum. Verkefnið var sett á laggirnar í tengslum við tónleikaröð og útgáfu á hljómplötu Bjarkar, Biophilia. Í verkefninu voru nemendur leiddir um töfraveröld tónfræðinnar og í undraheima kristalla, huldufenis, eldinga, jarðreks, tunglsins, þyngdarkrafts, veira, möndulhalla og erfðaefnis. Lögin á Biophilia vísa öll til þessara þátta. Vísindamenn og kennarar frá Háskóla Íslands kynntu framangreind undur náttúrunnar fyrir nemendum ásamt tónmennta- og náttúrufræðikennurum frá Reykjavíkurborg. Inni í stórbrotinni veröld Biophilia-verkefnisins lærðu nemendur m.a. á snertivirk smáforrit (e. app) sem eru hin fyrstu sinnar tegundar í heiminum. Í framhaldinu sköpuðu nemendurnir sínar eigin tónsmíðar og hljóðrituðu þær. Markmiðið með þessum nýstárlegu vísinda- og tónfræðismiðjum er að kveikja áhuga og forvitni ungs fólks á lífinu og umheiminum í sinni víðustu mynd.

Markaðs- og samskiptasvið vann að gerð sjónvarpsþátta um vísindarannsóknir við skólann hluta ársins 2011. Þættirnir voru sýndir í Ríkissjónvarpinu á haustmánuðum. Tilgangurinn með þáttunum var að veita fólki skarpa sýn á hið fjölbreytta starf sem vísindamenn skólans sinna við afar ólíkar aðstæður. Þættirnir náðu yfir vísindarannsóknir á öllum fræðasviðum skólans. Framleiðandi var Kukl, kvikmyndatökumaður var Bjarni Felix Bjarnason, um samsetningu og klippingu sá Konráð Gylfason en dagskrárgerð og stjórn upptöku var í höndum Jóns Arnar Guðbjartssonar. Handrit unnu Jón Örn Guðbjartsson, Guðrún J. Bachmann og Bjarni Felix Bjarnason.

## Háskóli Íslands í fjölmiðlum

Markaðs- og samskiptasvið háskólans starfar náið með íslenskum fjölmiðlum og leggur sig fram við að miðla til þeirra upplýsingum um starfsemi háskólans sem snerta m.a. vísindarannsóknir, viðburði, námsframboð, alþjóðatengsl, nýsköpun, tengsl við atvinnulíf, úthlutun styrkja, afrek og kennslu. Umfjöllun í fjölmiðlum um Háskóla Íslands var 64,2% allrar umfjöllunar á árinu um starfsemi háskóla á Íslandi. Þetta er miðað við skýrslu CreditInfo. Umfjöllun um Háskóla Íslands birtist 5.208 sinnum í greinum og fréttum í fjölmiðlum á árinu 2011 en árið á undan (2010) voru þau tilvik hins vegar 4.295.

Háskólinn hefur á að skipa fjölda sérfræðinga á ýmsum fræðasviðum sem fjölmiðlar nýta sér í æ ríkara mæli til að varpa ljósi á ólík málefni. Með samskiptum við fjölmiðla miðlar háskólinn fræðilegri sýn og margbreytilegri túlkun sérfræðinga sinna á málefnum líðandi stundar.

Markaðs- og samskiptasvið aðstoðaði fjölda innlendra og erlendra fjölmiðla við að nálgast sérfræðinga háskólans á árinu 2011. Sérfræðingar háskólans voru áberandi í umræðunni hér heima á árinu við álitsgjöf á ýmsum málum í samfélaginu, sem vörðuðu m.a. umhverfi, jarðvísindi, stöðu hagkerfisins, stjórnsmál, siðfræði, lögfræði, heilsu og hag almennings.

Fræðasvið, deildir og stofnanir háskólans leituðu ráðgjafar og þjónustu hjá markaðs- og samskiptasviði um ýmsa þætti fjölmiðlatengsla. Sviðið stóð jafnframt fyrir námskeiðum í almannatengslum og fjölmiðlasamskiptum fyrir starfsfólk sem sinnir kynningarmálum fyrir hönd Háskóla Íslands og hélt einnig námskeið fyrir sérfræðinga í líftækni við Læknadeild Háskóla Íslands.



## Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir markaðs- og samskiptasvið og hefur Helga Brá Árnadóttir umsjón með sjóðunum. Björg Magnúsdóttir leysti hana af í barneignarorlofi frá október til desember 2011. Fjármálastjóri Háskóla Íslands kemur að fjármálaumsýslu sjóðanna. Sjóðir háskólans eru nú ríflega sextíu ásamt gjöfum sem Háskóla Íslands hefur verið ánað. Sjóðirnir starfa flestir eftir staðfestri skipulagsskrá.

Veittir voru 365 styrkir úr sjóðum Styrktarsjóða Háskóla Íslands á árinu 2011, 289 úr Sáttmálasjóði og 76 úr öðrum sjóðum. Fjárfestingarstefna sjóðanna gerir ráð fyrir 75% fjárfestingu í skuldabréfum, 2% í innlendum hlutabréfum og 23% í erlendum hlutabréfum.

Á árinu var vefur Styrktarsjóða Háskóla Íslands opnaður en með honum batnaði aðgangur að upplýsingum um sjóði skólans og styrkveitingar.

Í stjórn Styrktarsjóða Háskóla Íslands eru Gylfi Magnússon, dósent í Viðskiptafræðideild, sem jafnframt er formaður stjórnar, Ása Ólafsdóttir, hrl. og lektor í Lagadeild, og Jóhann Ómarsson viðskiptafræðingur. Þá situr Gunnlaugur H. Jónsson, innri endurskoðandi Háskóla Íslands, árlegan stjórnarfund með fjárvörsluaðilum sjóðanna, sem haldinn er í upphafi hvers árs. Sigurður Jóhannesson, aðjunkt og sérfræðingur á Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, er varamaður í stjórn Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

## Innri tengsl og samstarf

Starfsmenn markaðs- og samskiptasviðs sátu í ýmsum vinnuhópum og nefndum um verkefni innan og utan háskólans á árinu. Jón Örn Guðbjartsson, Björn Gíslason og Guðrún J. Bachmann sátu í markaðs- og kynningarráði skólans ásamt Ásu Kolka Haraldsdóttur. Í markaðs- og kynningarráði sátu einnig Sif Sigfúsdóttir, fyrir Félagsvísindasvið, Sigurjón Ólafsson fyrir Hugvísindasvið fram í apríl en þá tók Guðmundur Hörður Guðmundsson við af honum, María Ásdís Stefánsdóttir, fyrir Heilbrigðisvísindasvið, Kolbrún Mjöll Hrafnadóttir, fyrir Menntavísindasvið, og Ingi Rafn Ólafsson, fyrir Verkfræði- og náttúruvísindasvið.

Jón Örn Guðbjartsson og Dána Dögg Víglundsdóttir leiddu vefstjórnarhóp skólans. Þá sátu Jón Örn og Guðrún J. Bachmann í sérstakri verkefnisstjórn um aldarafmæli Háskóla Íslands. Jón Örn sat einnig sem varamaður í stjórn Vísindavefsins.

## Kennslumál, stúdentar og brautskráningar

Helstu verkefni kennslusviðs eru yfirumsjón með kennslu- og nemendamálum skólans, reglusetningu og samningagerð, prófahaldi, mati á námi frá öðrum skólum, innlendum sem erlendum, og jafnréttismálum, svo og undirbúningur og afgreiðsla mála fyrir háskólaráð.

Kennslusvið annast sameiginleg mál háskólans er varða kennslu, próf, skráningu stúdenta, kennsluhúsnæði og búnað. Á vegum þess er auk skrifstofu sviðsins jafnframt starfrækt Kennslumiðstöð, Náms- og starfsráðgjöf, Nemendaskrá og Þjónustuborð í Háskólatorgi sem sérstakar starfseiningar. Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins er starfrækt á kennslusviði skv. samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið, sem og ENIC-/NARIC-upplýsinga- og matsskrifstofa um viðurkenningu náms frá öðrum löndum. Jafnréttisfulltrúi háskólans starfar innan sviðsins í nánu samstarfi við jafnréttisnefnd háskólaráðs.

Háskólaárið telst frá 1. júlí til jafnlengdar næsta ár og skiptist kennsluárið í tvö misseri, haustmisseri frá 20. ágúst til 18. desember og vormisseri frá 4. janúar til 10. maí. Nýskráning fer fram í lok maí og

byrjun júní ár hvert og einnig er tekið við skráningarbeiðnum í byrjun janúar. Háskóli Íslands brautskráir stúdenta tvisvar á ári, í júní og febrúar. Stúdentar sem ljúka námi í september geta fengið námslok sín staðfest og prófskírteini afhent í október. Nýttar voru heimildir til að veita undanþágu frá inntökuskilyrðum háskólaárið 2011–2012 skv. ákvörðun háskólaráðs. Nýskráningar á vormisseri 2011 voru 4171 og 4140 á haustmisseri 2011.

## Skrifstofa kennslusviðs

Á skrifstofu kennslusviðs er eitt meginverkefnið umsjón með undirbúningi funda háskólaráðs og umsjón með að ákvörðunum ráðsins og rektors sé framfylgt í samræmi við gildandi lög og reglur. Þá hefur skrifstofan umsjón með samningagerð í mörgum málefnum f.h. Háskóla Íslands, breytingum á lögum og reglum háskólans og setningu nýrra reglna. Sviðsstjóri hefur umsjón með framkvæmd verkefna samstarfsnefndar háskólastigsins og stefnunefndar Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúss og enn fremur umsjón með tengslum við Samtök norrænna háskóla (NUS) og Samtök evrópskra háskóla (EUA). Skrifstofan hefur umsjón með ráðningarmálum allra eininga kennslusviðs í tengslum við heildarfjárhagsáætlun sviðsins og skiptingu fjárveitingar á milli starfseininga þess.

Öll þjónusta kennslusviðs við nemendur er í Háskólatorgi. Á 3. hæð eru Nemendaskrá, Náms- og starfsráðgjöf, Matsskrifstofa – ENIC-/NARIC-upplýsingaskrifstofa og Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins. Á 2. hæð eru Þjónustuborð og skrifstofa jafnréttisfulltrúa háskólans.

Enn meiri áhersla var lögð á aðhald og hagræðingu í rekstri og sókn til að afla tekna en fyrri ár. Samþykkt háskólaráðs um heimild til gjaldtöku fyrir endurtökupróf tók gildi á haustmisseri og mun skila tekjum 2012. Samræmd heimasíða allra eininga kennslusviðs er stöðugt verkefni sem unnið er að, svo og skráning á öllum nefndum, stjórnnum og starfshópum skólans. Verkefnisstjóri á skrifstofu undirbýr fundi jafnréttisnefndar og ritar fundargerðir. Verkefnum einstakra starfseininga kennslusviðs er lýst sérstaklega aftur í þessum kafla.

## Lög og reglur

Reglur nr. 569/2009 tóku gildi 1. júlí 2009, sbr. lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands höfðu verið sameinaðir með lögum sem tóku gildi 1. júlí 2008. Endurskoðun á öðrum reglum skólans og stofnana hans í kjölfar nýrra laga, svo og heildarreglna, var haldið áfram frá fyrra ári. Nýjar reglur og breytingar á eldri reglum í voru birtar 28 sinnum í Stjórnartíðindum á árinu. Jafnframt var unnið að verklagsreglum sviðsins, sem eru hluti af gæðakerfi skólans. Verklagsreglum sem háskólaráð hefur samþykkt má fletta upp á vefsíðunni <http://www.hi.is/adalvefur/verklagsreglur>. Lögfræðingur háskólans, Ingibjörg Halldórsdóttir, hafði aðsetur í húsnæði skrifstofu kennslusviðs og vann náið með sviðsstjóra. Hún hætti störfum í maí 2011.

## Kennsluskrá

Kennsluskrá Háskóla Íslands er gefin út árlega á vefnum, á slóðinni [kennsluskra.hi.is](http://kennsluskra.hi.is). Í kennsluskránni eru m.a. tilgreindar allar námsleiðir og öll námskeið sem kennd eru við skólann og skipulagi námsins lýst. Gerð er grein fyrir hverri námsleið og hverju kjörsviði (áherslulínu) þegar við á, með yfirliti um námskeið og skiptingu þeirra á misseri og námsár. Lýsingum einstakra námskeiða má fletta upp, bæði á íslensku og ensku, auk annarra ítarupplýsinga. Í kennsluskrá er einnig að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar sem snerta umsóknir um nám, skráningu nemenda og skrásetningargjöld, nám og próf, svo og þjónustu við nemendur, réttindi þeirra og skyldur.

Kennsluskráin er alfarið unnin og birt í Uglu, hugbúnaðarkerfi Reiknistofnunar Háskóla Íslands. Ritstjóri kennsluskrár er Sveinn Klausen.

Um efni kennsluskrár, verkaskiptingu aðila, ábyrgð og vinnureglur er kveðið á í sérstökum verklagsreglum um kennsluskrá, settum af háskólaráði 5. nóvember 2009. Verklagsreglur um undirbúning og skipulagningu nýrra námsleiða, settar 4. mars 2010, tengjast einnig með beinum hætti vinnu við kennsluskrána. Þar er m.a. að finna skilgreiningar á ýmsum viðmiðum og hugtökum, auk þeirra ákvæða sem þarf að uppfylla þegar ný námsleið er sett á stofn.

Kennsluskráin er samkvæmt verklagsreglum unnin í samvinnu ritstjóra, ritnefndar og tengiliða deilda, námsbrauta og þverfræðilegs náms. Hvert fræðasvið á fulltrúa í ritnefnd kennsluskrár en kennslusvið ræður ritstjóra. Hver deild – og hver námsbraut, þegar því er að skipta – skipar starfsmann (tengilið), einn eða fleiri, sem sinnir kennsluskrárvinnu fyrir hönd deildarinnar. Kennarar koma einnig að gerð kennsluskrár, enda eru þeir m.a. ábyrgir fyrir tilteknum upplýsingum um námskeið, svo sem lýsingu á inntaki þeirra, markmiðum og hæfniviðmiðum. Ríflega 40 manns komu með beinum hætti að gerð kennsluskrár 2011–2012, fyrir utan fjölda kennara.

Vinna við undirbúning kennsluskrár háskólaársins 2011–2012 hófst í september 2010. Ritnefnd fundaði reglulega og einnig var efnt til nokkurra samráðs- og vinnufunda með tengiliðum deilda og námsbrauta. Gerðar voru ýmsar endurbætur á tæknilegum þáttum í vinnsluferli kennsluskrár og tilheyrandi undirkerfum Uglu í því skyni að auka skilvirkni, öryggi og yfirsýn. Sömuleiðis tók útlit kennsluskrár umtalsverðum breytingum og var svipur hennar með því gerður heildstæðari og stílhreinni en áður. Jafnframt var leitast við að bæta virkni kennsluskrárinnar á ýmsan hátt, til hægðarauka fyrir notendur. Sem dæmi má nefna nýja og endurbætta leitarmöguleika.

Efnistöð voru með sama sniði og undanfarin ár og á vettvangi fræðasviða og deilda var áfram lögð áhersla á að skilgreina og skrá hæfniviðmið í námskeiðum, sem er í verkahring kennara. Endanlegt námsframboð skýrðist í mörgum tilvikum seint, m.a. sökum fjárhagslegs aðhalds og endurskipulagningar á námi. Ný kennsluskrá var engu að síður birt 15. febrúar 2011, með skýrum fyrirvörum um hugsanlegar breytingar og viðbætur. Kennsluskráin taldist svo fullbúin um miðjan mars, þegar árleg námskeiðaskráning hófst.

Í kennsluskrá ársins 2011–2012 voru birtar upplýsingar um alls 4282 námskeið eða námsatvik (þ.m.t. lesnámskeið, verkefni, lokaverkefni, málstofur o.fl.). Þar af voru um 3400 námskeið með einn eða fleiri nemendur skráða og í tæplega 2200 námskeiðum voru nemendur 5 eða fleiri. Í um 270 námskeiðum voru nemendur 100 eða fleiri og 200 eða fleiri í um 90 námskeiðum.

Af 2100 kenndum námskeiðum voru 1355 í grunnnámi, 570 í framhaldsnámi og 175 í grunn- og framhaldsnámi. Af þessum námskeiðum voru 264 kennd á ensku, þar af 109 í grunnnámi. Um 120 námskeið voru kennd á öðrum erlendum tungumálum, flest í grunnnámi. Námskeið í skipulögðu fjarnámi voru tæplega 330, þar af um 210 í grunnnámi. Rúmlega helmingur fjarnámskeiða var á vegum Menntavísindasviðs.

Birtar voru upplýsingar um alls 337 námsleiðir, þar af 104 í grunnnámi og 233 í framhaldsnámi. Ekki eru taldar með 52 aukagreinar í bakkalárnámi, en bakkalárpróf getur verið samsett úr 120 eininga aðalgrein og 60 eininga aukagrein. (Þess má geta að 5 námsgreinar voru eingöngu í boði sem aukagreinar.) Meðtaldar eru hins vegar 6 diplómaleiðir í grunnnámi (60–90 eininga) og 36 diplómaleiðir í framhaldsnámi (30–60 eininga).

Í boði voru 134 námsleiðir til meistaraþrófs á háskólaárinu 2011–2012. Til doktorsþrófs voru í boði 63 skipulagðar námsleiðir. Á háskólaárinu voru samþykktar 14 nýjar námsleiðir og boðnar í fyrsta skipti, þar af 8 til doktorsþrófs.

Rétt er að nefna að námsgreinar sem kenndar eru við Háskóla Íslands eru umtalsvert færri en námsleiðir til prófgráðu eða lokaprófs. Greinin almenn bókmenntafræði er t.d. kennd til BA-prófs, bæði til 180 eininga og 120 eininga sem aðalgrein, til meistaraþrófs og til doktorsprófs, auk þess sem hún býðst sem aukagrein. Í kennsluskrá reiknast þetta í raun sem fimm mismunandi námsleiðir. Segja má að háskólaárið 2011–2012 hafi námsgreinar við Háskóla Íslands verið á bilinu 100–120, eftir því hversu þröngt hugtakið námsgrein er skilgreint.

## Ugla – vefkerfi Háskóla Íslands

Mikilvægur hluti af starfi miðlægrar stjórnáslu og stjórnáslu deilda snýr að þjónustu og aðstoð við nemendur, við skráningu, miðlun upplýsinga, skýringar á námsframvindu og reglum og aðstoð við tölvu- og nettengingu. Ugla er innri náms- og upplýsingavefur sem skólinn rekur og auðveldar upplýsingaflæði og samskipti í námi og skipulagi þess með ýmsum hætti. Þróun Uglunnar, sem hófst árið 2002, fer fram í nánú samstarfi kennsluviðs og Reiknistofnunar Háskóla Íslands. Vorið 2011 gerðu opinberu háskólarnir (Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum og Landbúnaðarháskóli Íslands) með sér rammásamning um samstarf í stoðþjónustu og þar á meðal var samið um að Ugla yrði tekin upp í öllum skólunum að lokinni kennslu vorið 2012. Verkefnið fór strax af stað og mikill tími fór í það, einkum á haustmisseri 2011. Frekari upplýsingar um verkefnið má finna í kafla Reiknistofnunar.

## Próf

Á reglulegum lokapróftímabilum, þ.e. í vor- og haustprófum á árinu 2011, voru haldin skrifleg próf í 994 námskeiðum og prófúrlausnir í þeim (staðið + fallið) voru um 40.600. Haldin voru sjúkra- og upptökupróf í janúar, maí og júní í 841 námskeiði og prófúrlausnir þar voru um 4.500. Úrlausnum fjölgaði í heild um 1,4% frá árinu áður. Á eftirfarandi yfirliti sést nánari skipting eftir námsstöðu (úrsögn, veikindi, fjarverandi, staðið, fall) og próftímabilum. Athugið að einn og sami námsmaðurinn getur verið með mismunandi námsstöðu og að yfirlitið miðast við hvert próftímabil fyrir sig en ekki endanlega niðurstöðu í hverju námskeiði. Sá sem fellur í einu prófi getur staðist próf í sama námskeiði síðar. Fjöldi prófa vísar til fjölda námskeiða sem lauk með skriflegum prófum. Í töflu 1 sést að úrsagnir eru að meðaltali 29% en þó sýnu mestar á reglulegum próftímabilum að hausti og vori.



Tafla 1.

Á próftöflu

Tímabil	Fjöldi prófa	Úrsögn	Veikindi	Fjarverandi	Staðið	Fall	Samtals	
Janúar	255	5%	3%	11%	63%	17%	1472	100%
Vorpróf 2011	457	33%	7%	9%	46%	6%	32462	100%
Maí	372	12%	6%	13%	56%	13%	2559	100%
Júní	214	9%	8%	18%	46%	18%	2436	100%
Haustpróf	537	29%	4%	6%	52%	8%	39122	100%
<b>Samtals</b>	<b>1835</b>	<b>29%</b>	<b>5%</b>	<b>8%</b>	<b>50%</b>	<b>8%</b>	<b>78051</b>	<b>100%</b>

Sé einungis miðað við hvort stúdentar stóðust prófraun eða féllu skerpist yfirlitið eins og sjá má í næstu töflu.

Tafla 2.

Á próftöflu

Tímabil	Fjöldi prófa	Staðið		Fall		Samtals	
Janúar	255	933	79%	247	21%	1180	100%
Vorpróf 2011	457	14879	88%	2011	12%	16890	100%
Maí	372	1422	81%	335	19%	1757	100%
Júní	214	1123	72%	447	28%	1570	100%
Haustpróf	537	20515	86%	3230	14%	23745	100%
<b>Samtals</b>	<b>1835</b>	<b>38872</b>	<b>86%</b>	<b>6270</b>	<b>14%</b>	<b>45142</b>	<b>100%</b>

Hér að ofan sést að hlutfallslega fleiri standast próf að vori en að hausti og meginskýringin er sennilega sú að hluti nemenda hefur horfið frá námi um áramót. Sömuleiðis sést, sem fyrr, að árangur í sjúkra- og upptökuprófum (janúar, maí og júní) er talsvert lakari en í hefðbundnum haust- og vorprófum.

Hafa ber í huga að fjölmörgum námskeiðum lýkur með verkefnum, ritgerðum eða með prófum sem eru alfarið á vegum kennara og því gefa tölur um fjölda prófa og prófúrlausna ekki heildarmynd af námsmati við skólann. Í eftirfarandi töflu vísar fjöldi prófa til námskeiða, ritgerða og verkefna þar sem lokaekinnir voru gefnar eða nemendur stóðust án einkunnar.

**Tafla 3.****Utan próftöflu**

Tímabil	Fjöldi prófa	Úrsagnir	Veikindi	Staðið	Fall	Samtals	
Janúar	43	1%	0%	74%	22 25%	89	100%
Vor	1.080	39%	0%	60%	337 2%	21.369	100%
Maí	52	2%	2%	88%	10 9%	112	100%
Júní	63	6%	4%	77%	18 12%	146	100%
Sumar	232	38%	0%	61%	8 1%	975	100%
Haust	927	37%	2%	59%	466 3%	17.660	100%
<b>Samtals</b>	<b>2.397</b>	<b>38%</b>	<b>1%</b>	<b>59%</b>	<b>861 2%</b>	<b>40.351</b>	<b>100%</b>

Sé einungis miðað við hvort stúdentar stóðust prófraun eða féllu skerpist yfirlitið eins og sjá má í töflu 4.

**Tafla 4.****Utan próftöflu**

Tímabil	Fjöldi prófa	Staðið	Fall	Samtals			
Vor	1.080	12.739	96%	337	4%	13.076	100%
<b>Maí</b>	<b>52</b>	<b>98</b>	<b>96%</b>	<b>10</b>	<b>4%</b>	<b>108</b>	<b>100%</b>
<b>Júní</b>	<b>63</b>	<b>113</b>	<b>96%</b>	<b>18</b>	<b>4%</b>	<b>131</b>	<b>100%</b>
Sumar	232	598	88%	8	12%	606	100%
Haust	927	10.341	94%	466	6%	10.807	100%
<b>Samtals</b>	<b>2.354</b>	<b>23.889</b>	<b>95%</b>	<b>839</b>	<b>5%</b>	<b>24.728</b>	<b>100%</b>

Starfsmenn kennslusviðs aðstoðuðu við framkvæmd 114 prófa sem haldin voru á kennslutíma og prófurlausnir þar voru um 8.750. Haldið var eitt skriflegt (e. Paper based) TOEFL-próf á árinu 2011 og var það síðasta skriflega TOEFL-prófið sem haldið hér er á landi. TOEFL-prófin eru nú alfarið þreytt á tölvur (e. Internet based) og Háskóli Íslands kemur framvegis ekki að framkvæmd þeirra. GRE-próf (Graduate Record Examinations) voru haldin haust og vor og þau þreyttu samtals um 60 manns. Ótalin eru tilfallandi fjarpróf sem háskólinn annast fyrir erlendar stofnanir en á meðal fastra viðskiptavina vegna fjarnáms Íslendinga eru University of South Africa og University of London en kennslusvið hefur umsjón með prófum frá fleiri skólum á hverju ári. Þá eru ótalin fjarpróf sem send eru frá háskólanum til umsjónaraðila innan lands og utan. Þegar allt er lagt saman er ljóst að starfsmenn kennslusviðs komu að u.þ.b. 54.000 próftökum á árinu 2011. Loks ber að nefna að inntökupróf í Læknadeild, sex tveggja stunda próf, voru haldin 14. og 15. júní og samtals voru 356 manns skráðir í þau.

## Starfsfólk

Ársverk á skrifstofu kennslusviðs og við prófahald voru 6,37. Þar störfuðu árið 2011: Þórður Kristinsson, sviðsstjóri, Amalía Skúladóttir, skrifstofustjóri (0,87), Sigurður Ingi Árnason, verkefnisstjóri prófahalds, Hreinn Pálsson, prófstjóri og verkefnisstjóri Uglu, Hrafnkell Björnsson, verkefnisstjóri í prófahaldi (0,5), Kolbrún Einarsdóttir, verkefnisstjóri á skrifstofu, og Sveinn Klausen, ritstjóri kennsluskrár og vefstjóri kennslusviðs, öll í fullu starfi nema skrifstofustjóri og verkefnisstjóri í prófahaldi.

## Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands

Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands annast formleg alþjóðasamskipti Háskóla Íslands, s.s. stúdenta-, kennara- og starfsmannaskipti og gerð samstarfssamninga við erlenda háskóla. Skrifstofan sinnir þjónustu við stúdenta og starfsmenn Háskóla Íslands sem fara utan á vegum samstarfsáætlana, annast móttöku umsókna skiptistúdenta og móttöku erlendra skiptistúdenta sem koma til landsins.

Í gildi er samningur Háskóla Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um rekstur Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins. Sá samningur kveður á um ýmsa þjónustu sem er opin öllum landsmönnum, s.s. upplýsingaþjónustu um nám erlendis, Landskrifstofu menntaáætlunar Evrópusambandsins í samvinnu við Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands, upplýsingaskrifstofu fyrir Erasmus Mundus og e-twinning áætlun Evrópusambandsins um rafrænt skólasamstarf og kynningarstarf vegna Bologna-ferlisins. Alþjóðaskrifstofan hefur einnig, í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið, umsjón með þátttöku íslenskra fulltrúa á vinnustofum/námskeiðum sem haldin eru á vegum tungumálamiðstöðvar Evrópuráðsins í Graz í Austurríki. Skrifstofan sér enn fremur um European Label viðurkenningu Evrópusambandsins, sem er veitt fyrir nýjungar í tungumálakennslu, í umboði mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Alþjóðaskrifstofan er landskrifstofa fyrir Nordplus-menntaáætlun norrænu ráðherranefndarinnar. Samkvæmt samningi við norrænu ráðherranefndina er Alþjóðaskrifstofan aðalstjórnandi Nordplus tungumála- og menningaráætlunarinnar. Í því felst að skrifstofan tekur við umsóknum frá öllum Norðurlöndunum, metur þær í samstarfi við Nordplus-skrifstofur annars staðar á Norðurlöndunum og gerir tillögu um úthlutun til stjórnar sem tekur endanlega ákvörðun um hana. Skrifstofan sér síðan um styrkúthlutanir og samningagerð við styrkhafa, fylgist með framkvæmd verkefna, innheimtir lokaskýrslur, uppgjör og annað sem lýtur að ut anumhaldi og framkvæmd áætlunarinnar. Alþjóðaskrifstofan er jafnframt meðstjórnandi í öðrum undiráætlunum Nordplus (Nordplus junior, Nordplus vögsen, Nordplus horisontal og Nordplus fyrir háskólastig). Norðurlanda- og Eystrasaltsþjóðirnar taka þátt í Nordplus-samstarfinu, að Nordplus tungumála- og

menningaráætluninni undanskilinni, en einungis Norðurlandabúar taka þátt í henni. Ný Nordplus-áætlun tekur gildi með nokkrum breytingum árið 2012. Unnið var að undirbúningi breytinganna á árinu.

## **Háskóli Íslands – samningar við erlenda háskóla og samstarfsnet**

Helstu áætlanirnar sem Háskóli Íslands tekur þátt í eru menntaáætlun Evrópusambandsins, einkum undirráætlanirnar Erasmus og Leónardó, Nordplus-áætlun Norðurlandaráðs og International Student Exchange Programme, sem er bandarísk stúdentaskiptaáætlun. Einnig hefur háskólinn gert tvíhliða samstarfssamninga við fjölmarga háskóla og háskólastofnanir víðs vegar um heiminn. Upplýsingar um alla samninga eru aðgengilegar á heimasíðu Alþjóðaskrifstofunnar: [www.ask.hi.is](http://www.ask.hi.is) og á slóðinni <http://www.hi.is/is/skolinn/skiptinam>. Háskóli Íslands er einnig þátttakandi í stóru evrópsku samstarfsneti háskóla, svonefndu Utrecht-neti. Utrecht-netið er samstarfsnet 30 háskóla í Evrópu og hefur netið gert samstarfssamninga við um 14 háskóla í Bandaríkjunum og sjö í Ástralíu. Þetta er því samstarfsnet um 50 háskóla í þremur heimsálfum. Forstöðumaður Alþjóðaskrifstofunnar sat í stjórn Utrecht-netsins frá 2004 og var forseti þess frá apríl 2009 til september 2010. Frá 2011 hefur forstöðumaður Alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands verið formaður í vinnuhópi á vegum Utrecht-netsins sem skipuleggur sameiginleg námskeið fyrir starfsmenn háskóla innan netsins. Í október 2011 var haldið námskeið fyrir starfsfólk háskólabókasafna innan Utrecht-netsins hér á landi. Um 30 manns frá 9 löndum tóku þátt í námskeiðinu og lýstu þátttakendur mikilli ánægju með námskeiðið.

Í gildi er 571 Erasmus-samningur við 321 evrópskan háskóla. Erasmus-samningar eru gerðir í hverju fagi og því eru stundum gerðir margir samningar við suma skóla eða einn opinn samningur. Stúdentaskipti eru verulega umfangsmikil en einnig taka kennarar Háskóla Íslands þátt í kennaraskiptum, námsefnisgerð, námskeiðahaldi í samvinnu við evrópska samstarfsaðila, þemanetum o.fl. Frá árinu 2007 hefur öðrum starfsmönnum háskóla enn fremur staðið til boða að sækja um Erasmus-styrki til að fara í námsheimsóknir til Evrópu.

Þátttaka Háskóla Íslands í Nordplus-samstarfinu er umfangsmikil og eru kennarar Háskóla Íslands þátttakendur í um 54 samstarfsnetum á um 12 fræðasviðum. Háskóli Íslands er þátttakandi í einu þverfaglegu Nordplus-neti, sem nefnist Nordlys, en starfsmaður á Alþjóðaskrifstofu sér um samskipti við það net. Skólaárið 2011–2012 fékk Nordlys-netið 36 þús. evrur til að styrkja stúdenta Háskóla Íslands til að fara í skiptinám til Norðurlandanna og hlaut 21 stúdent frá Háskóla Íslands styrk frá Nordlys-netinu. Alþjóðaskrifstofan fékk styrk að upphæð 9 þús. evrur frá Nordplus-áætluninni til að styrkja stúdenta frá Norðurlöndunum til að sækja íslenskunámskeið sem haldið er í ágústmánuði ár hvert. Háskólinn er í samstarfi innan Nordplus- eða Erasmus-netanna við alla helstu háskóla á Norðurlöndunum. Forstöðumaður Alþjóðaskrifstofu á sæti í „planeringsgruppe for internationalisering“ innan NUAS (Nordisk Universitets Administratørs Samarbejde) og sótti vinnufundi í hópnum. Starfsmenn Alþjóðaskrifstofunnar sitja einnig í stjórnnum Nordlys-netsins og Norek-netsins (norræns samstarfsnets í viðskiptafræði) og þeir eru einnig tengiliðir Háskóla Íslands við fjölmörg önnur Nordplus-net.

## **Nýir tvíhliða samningar við erlenda háskóla**


Árið 2011 var gerður tvíhliða samningur utan skipulagðra áætlana milli Háskóla Íslands og Iwate-háskóla í Japan. Einn prófessor og einn stúdent fengu styrk frá Iwate-háskóla til að heimsækja skólann og taka þátt í dagskrá á hans vegum. Einnig var gerður samningur við California Institute of Technology í Bandaríkjunum og við National Chiao Tung háskóla í Taívan. Í gildi eru um 142 samningar við háskóla utan Evrópu og sumir þeirra, eins og Isep- og kanadíska Crepuq-netið, veita íslenskum stúdentum aðgang að mörgum skólum. Færst hefur í vöxt að gerðir séu samningar um

sameiginlegt meistaranám og doktorsnám. Slíkir samningar ná fyrst og fremst til einstakra stúdenta en ekki til skólans í heild.

## Stúdentaskipti Háskóla Íslands

Gagnkvæm stúdentaskipti eru umfangsmikill þáttur í alþjóðasamstarfi Háskóla Íslands og í starfi því sem fram fer á Alþjóðaskrifstofunni. Alþjóðaskrifstofan tekur við umsóknum frá skiptistúdentum Háskóla Íslands sem hyggjast taka hluta af námi sínu erlendis og sjá starfsmenn skrifstofunnar um að koma samþykktum umsóknum til réttra aðila erlendis. Starfsmenn skrifstofunnar héldu á árinu fjölmarga kynningarfundum um stúdentaskipti með stúdentum í einstökum deildum og einnig í húsakynnum skrifstofunnar á Háskólatorgi. Árlega stendur Alþjóðaskrifstofan ásamt fleirum fyrir alþjóðadegi. Megintilgangur hans er að kynna stúdentum og starfsmönnum þá möguleika sem standa til boða hvað varðar stúdenta- og starfsmannaskipti. Starfsmenn skrifstofunnar taka einnig þátt í opnu húsi Háskóla Íslands og öðrum álíka viðburðum eftir því sem við á. Alþjóðaskrifstofan tekur einnig við umsóknum frá erlendum skiptistúdentum og sér um inntöku þeirra í samvinnu við viðkomandi deildir.


Skólaárið 2011–2012 fóru 272 stúdentar utan sem skiptistúdentar frá Háskóla Íslands og 426 erlendir skiptistúdentar komu til náms við Háskóla Íslands.



## Kennara- og starfsmannaskipti Háskóla Íslands

Kennurum sem taka þátt í Erasmus-kennaraskiptum hefur fjölgað verulega á undanförunum árum. Þar sem Alþjóðaskrifstofan sér um úthlutun styrkja til kennara- og starfsmannaskipta á vegum Erasmus-samstarfsins liggja fyrir tölulegar upplýsingar um fjölda kennara og starfsmanna sem taka þátt í áætluninni. Alþjóðaskrifstofan sér ekki um greiðslu styrkja til kennaraskipta í öðrum áætlunum eða vegna tvíhliðasamninga og hefur þar af leiðandi ekki yfirlit yfir þá starfsemi. Árið 2007 fór fleiri starfsmönnum en kennunum að bjóðast að taka þátt í skiptum á vegum Erasmus-áætlunarinnar og geta þeir nú sótt um Erasmus-styrki til að fara í starfsþjálfun við erlenda háskóla. Mikill áhugi er á slíkum heimsóknum meðal starfsmanna Háskóla Íslands og einnig hafa starfsmenn erlendra háskóla mikinn áhuga á að koma hingað til lands í námsheimsóknir. Alþjóðaskrifstofan

hefur tvívegis skipulagt vikulanga heimsókn sem erlendum samstarfsaðilum, aðallega starfsmönnum á alþjóðaskrifstofum, hefur verið boðið að taka þátt í. Þar fyrir utan eru starfsmenn á stjórnsýsluskrifstofum erlendra háskóla tíðir gestir hér við skólann til að kynna sér starfsemi hans.



## Móttaka erlendra skiptistúdenta

Alþjóðaskrifstofan sér um móttöku erlendra skiptistúdenta og umsóknir frá þeim berast til skrifstofunnar. Háskóli Íslands er samkvæmt samningum skuldbundinn til að aðstoða erlenda skiptistúdenta við að útvega sér húsnæði og er það eitt af verkefnum Alþjóðaskrifstofunnar. Einnig kemur í hlut starfsmanna skrifstofunnar að aðstoða stúdentana utan Evrópu að sækja um dvalarleyfi og annast samskipti við Útlendingastofnun. Mikið er um fyrirspurnir frá erlendum stúdentum sem vilja stunda nám við Háskóla Íslands. Alþjóðaskrifstofan svarar gjarnan fyrstu fyrirspurnum um nám við skólann og vísar nemendum síðan áfram eftir því sem við á.

Um árabíl hafa erlendir skiptistúdentar átt þess kost að sækja námskeið í íslensku máli og menningu í ágústmánuði áður en skólaárið hefst. Undanfarin fjögur ár hefur þetta námskeið verið haldið á Núpi í Dýrafirði og hefur Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum haldið námskeiðið í samvinnu við Alþjóðaskrifstofuna með styrk frá Erasmus- og Nordplus-áætlunum. Námskeiðið er ætlað Erasmus- og Nordplus-skiptistúdentum sem koma hingað til lands til náms við skóla á háskólastigi. Sumarið 2011 sóttu 84 stúdentar námskeiðið. Stúdentarnir hafa verið mjög ánægðir með námskeiðið og dvölinu fyrir vestan.

Starfsmenn Alþjóðaskrifstofu skipuleggja kynningarfundir í upphafi hvers misseris um starfsemi og þjónustu fyrir nýja erlenda stúdentana sem hefja nám við Háskóla Íslands. Kynningardagskrá um Ísland og íslensk málefni, Introduction to Iceland, er fastur liður í móttöku erlendu stúdentanna og erlendra starfsmanna. Um þrjú til fimm viðburðir eru skipulagðir á misseri fyrir þá, m.a. skoðunarferðir, fyrirlestrar um íslensk málefni, sýningar o.fl. Dagskráin „Introduction to Iceland“ er opin öllum erlendum stúdentum og starfsmönnum skóla á háskólastigi sem koma til landsins.

Í samvinnu við Stúdentaráð Háskóla Íslands starfrækir Alþjóðaskrifstofan aðstoðarmannakerfi fyrir erlenda stúdentana sem stunda nám við háskólann. Íslenskir stúdentar við Háskóla Íslands taka að sér að aðstoða og leiðbeina erlendu stúdentunum. Tilgangurinn með kerfinu er að erlendu stúdentarnir fái aðstoð við ýmis hagnýt atriði sem þarf að leysa í upphafi námsdvalar, þeim sé kynnt félagslíf stúdentana og komið sé í veg fyrir félagslega einangrun meðal þeirra.

## Kynningarstarf

Alþjóðaskrifstofan annaðist skipulagningu á þátttöku Íslands í sameiginlegri kynningu Norðurlandanna á ráðstefnu NAFSA-samtakanna, sem að þessu sinni var haldin í Vancouver í Kanada.

Heimasíða Alþjóðaskrifstofunnar er stöðugt í endurskoðun og hafa ný veflén verið tekin í notkun til að auðvelda aðgang að ýmsum áætlunum sem skrifstofan sér um framkvæmd á. Landskrifstofa menntaáætlunar Evrópusambandsins er með sérstaka heimasíðu á vefléninu [LME.is](http://LME.is) og einnig eru notuð veflénin [Erasmus.is](http://Erasmus.is), [Comenius.is](http://Comenius.is), [Grundtvig.is](http://Grundtvig.is) og [Leonardo.is](http://Leonardo.is) fyrir undiráætlanirnar. Að auki hefur veflénid [Nordplus.is](http://Nordplus.is) verið tekið í notkun fyrir samnefnda norræna menntaáætlun. Komid var á betri tengingu við [Nordplusonline.org](http://Nordplusonline.org), sem er opinber síða fyrir allar Nordplus-áætlanirnar. Veflénid [www.studyiniceland.is](http://www.studyiniceland.is) er ætlað erlendum aðilum sem eru að leita að upplýsingum um háskólanám á Íslandi. Síðan er á ensku og er hún unnin í samstarfi allra íslenskra skóla á háskólastigi.

## Upplýsingastofa um nám erlendis

Innan Alþjóðaskrifstofunnar er starfrækt upplýsingastofa um nám erlendis og er hún öllum opin. Markmið hennar er að safna, skipuleggja og miðla upplýsingum um nám erlendis. Hluti af starfseminni er að fylgjast með nýjungum og breytingum á Internetinu og tengja gagnlegar slóðir við heimasíðu Alþjóðaskrifstofu/upplýsingastofu. Fjölmarginir upplýsingafundir voru haldnir innan Háskóla Íslands og utan hans um möguleika á námi erlendis og á skiptinámi. Stærsti hópur notenda þjónustu upplýsingastofunnar eru háskólastúdentar og þeir sem hafa áhuga á stúdentaskiptum. Stór hópur fólks sem hyggur á nám á Norðurlöndunum, aðallega í Danmörku og Svíþjóð, leitar eftir upplýsingum á skrifstofunni. Samræmd umsóknareyðublöð háskóla í þessum löndum eru aðgengileg á heimasíðu skrifstofunnar ásamt leiðbeiningum um hvernig á að fylla þau út.

## Menntaáætlun Evrópusambandsins – Landskrifstofa á Íslandi

Í desember 2006 undirrituðu menntamálaráðherra og rektor Háskóla Íslands samning um rekstur nýrrar landskrifstofu menntaáætlunar Evrópusambandsins, þar sem kveðið er á um að Alþjóðaskrifstofan og Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands sjái í sameiningu um rekstur nýrrar menntaáætlunar Evrópusambandsins. Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins mun annast þau verkefni sem áður féllu undir Sókratesáætlunina, þ.e. Erasmus-áætlunina fyrir háskólastig, Comenius-áætlunina fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og Grundtvig-áætlunina fyrir fullorðinsfræðslu. Rannsóknþjónustan mun annast rekstur Leónardó-áætlunarinnar. Sameiginlega munu skrifstofurnar sjá um þveráætlanir. Menntamálaráðherra skipaði stjórn menntaáætlunar Evrópusambandsins og í henni sátu árið 2011: Stefán Stefánsson menntamála- og menningarmálaráðuneytinu, formaður án tilnefningar, Þorbjörg Kristjánsdóttir, tilnefnd af samstarfsnefnd háskólastigsins, Guðrún Eyjólfsdóttir, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins, Þorsteinn Sæberg Sigurðsson, tilnefndur af Kennarasambandi Íslands, Eyrún Björk Valsdóttir, Alþýðusambandi Íslands, Sigrún Ingibjörg Gísladóttir, tilnefnd af Landssambandi íslenskra háskólanema, Aðalheiður Sigurjónsdóttir, tilnefnd af Leikn, samtökum fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi, og Guðlaugur Pálmi Magnússon, tilnefndur af Félagi íslenskra framhaldsskóla.

Styrkir til úthlutunar menntaáætlunar Evrópusambandsins hér á landi voru árið 2011 sem hér segir:	
Comenius	792 þús. evrur
Erasmus	939 þús. evrur
Leónardó da Vinci	1.176 þús. evrur
Grundtvig	220 þús. evrur
Transversal programmes (study visits)	9 þús. evrur

Samtals 3.136 þús. evrur

Auk þessa fékk landskrifstofan framlag frá Evrópusambandinu til reksturs skrifstofunnar að upphæð 439 þús. evrur.

Fjölmarginir kynningarfundir voru haldnir víðs vegar um landið til að kynna menntaáætlunina.

## **Nordplus-menntaáætlun norrænu ráðherranefndarinnar – Landskrifstofa á Íslandi**

Eftir lokað útboð á Norðurlöndunum tók Alþjóðaskrifstofan að sér rekstur Nordplus-áætlunar norrænu ráðherranefndarinnar hér á landi árið 2004. Alþjóðaskrifstofan er aðalstjórnandi Nordplus sprog tungumála- og menningaráætlunarinnar og meðstjórnandi í Nordplus junior, Nordplus vogsen, Nordplus fyrir háskólastigið og Nordplus horisontal. Sérstakur samningur um rekstur landskrifstofu Nordplus-áætlunarinnar er í gildi á milli Alþjóðaskrifstofunnar og norrænu ráðherranefndarinnar.

Nýrri og nokkuð breyttri Nordplus-áætlun var hleypt af stokkunum í janúar 2008 með opunarhátíð í Norræna húsinu. Alþjóðaskrifstofan er áfram aðalstjórnandi Nordplus sprog tungumála- og menningaráætlunarinnar á Norðurlöndunum (Nordplus sprog). Starfsmenn Alþjóðaskrifstofunnar – Landskrifstofu Nordplus á Íslandi tóku þátt í samstarfsfundum með landskrifstofum Nordplus á Norðurlöndunum og stóðu fyrir viðamiklu kynningarstarfi hér á landi og aðstoðuðu umsækjendur eftir þörfum. Árið 2011 var lokaár Nordplus-áætlunarinnar. Í ársbyrjun 2012 tekur við ný og endurskoðuð áætlun með nokkrum breytingum. Árið 2011 var unnið að kynningum á þessum nýju áherslum í nýrri Nordplus-áætlun fyrir tímabilið 2012–2016.

## **Tungumálamiðstöðin í Graz**

Að ósk menntamála- og menningarmálaráðuneytisins hefur Alþjóðaskrifstofan verið tengiliður við Tungumálamiðstöðina í Graz og aðstoðað við val á þátttakendum á vinnustofur sem Tungumálamiðstöðin stendur fyrir. Árlega taka 4–5 íslenskir tungumálakennarar þátt í vinnustofum þessum. Hlutverk Tungumálamiðstöðvarinnar í Graz er að efla og styðja við nám og kennslu í tungumálum í Evrópu. Starfsemi miðstöðvarinnar felst m.a. í skipulagningu námskeiða og vinnustofa í Graz og víðar. Einnig er á vegum stofnunarinnar unnið að margvíslegum þróunar- og rannsóknarverkefnum á sviði tungumálanáms og tungumálakennslu í tengslum við vinnustofur og námskeið. Aðildarlönd geta almennt sent einn þátttakanda á hvert námskeið (vinnustofu) sér að kostnaðarlausu.

## **Erasmus Mundus**

Alþjóðaskrifstofan er upplýsingaskrifstofa fyrir áætlunina Erasmus Mundus á Íslandi. Áætlunin lýtur að samstarfi minnst þriggja háskóla í þremur löndum við að bjóða upp á sameiginlegt meistaranám. Góðir styrkir eru í boði til handa stúdentum utan Evrópu til að stunda meistaranám við evrópska



háskóla með Erasmus Mundus áætluninni. Er henni ætlað að laða að afburðanemendur utan Evrópu til náms í álfunni. Ný Erasmus Mundus II áætlun fyrir tímabilið 2009–2013 hóf göngu sína 2009. Spænskudeild Háskóla Íslands er þátttakandi í Erasmus Mundus verkefni með háskólum á Spáni. Þetta verkefni lýtur að því að mennta verðandi kennara sem kenna spænsku sem erlent mál. Það er mikil viðurkenning fyrir spænskudeild Háskóla Íslands að vera valin til samstarfs í verkefni sem þessu ([www.multiele.org](http://www.multiele.org)). Árið 2010 varð Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands aðili að meistaranámi á vegum Erasmus Mundus áætlunarinnar þar sem lögð er áhersla á nýtingu landupplýsingatækni í umhverfisfræðum og í skipulagi og stjórnun umhverfisauðlinda (sjá nánar: [www.gem-msc.org](http://www.gem-msc.org)). Þetta er samstarfsverkefni fimm þjóða í Evrópu. Engin ný Erasmus Mundus verkefni með íslenskri þátttöku hófu göngu sína 2011.

## E-twinning

E-twinning áætlunin lýtur að rafrænum samskiptum leik-, grunn- og framhaldsskóla í Evrópu. Alþjóðaskrifstofan fékk framlag frá Evrópusambandinu að upphæð 84 þús. evrur til reksturs e-twinning verkefnisins á árinu 2011. Þessari upphæð er ætlað að standa straum af 80% raunkostnaðar við áætlunina. Verðlaun voru veitt fyrir verkefni á öllum skólastigum. Landskrifstofa e-twinning styrkir árlega hóp kennara til að sækja e-twinning vinnustofur og viðburði. Gerður var samningur við nokkra „e-twinning ambassadora“ á landsbyggðinni til að annast kynningarmál í sínu nærumhverfi. „Ambassadorarnir“ eru kennarar sem hafa reynslu af þátttöku í e-twinning og hafa sýnt áætluninni mikinn áhuga. Hefur þetta fyrirkomulag gefist mjög vel.

## Bologna experts

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins veitti Alþjóðaskrifstofu styrk sem nam 17.250 evrum til að standa straum af kostnaði við kynningu á Bologna samræmingarferli háskóla í Evrópu hér á landi. Þetta fjórframlag á duga til að greiða um 80,23% af raunkostnaði við verkefnið. Markmið Bologna-ferlisins er að til verði samevrópskt hágæðaháskólasvæði, sem geri nemendum og háskólafólki kleift að flytjast á milli landa á auðveldan hátt. Skipaðir eru Bologna-kynningarfulltrúar í hverju landi sem vinna með starfsmönnum á skrifstofum sambærilegum Alþjóðaskrifstofu og menntamála- og menningarmálaráðuneyti að innleiðingu Bologna-ferilsins. Haldnir voru kynningarfundir og ráðstefnur um innleiðingu Bologna-ferlisins og Bologna-kynningarfulltrúar styrktir til að sækja vinnustofur og fundi erlendis. Bologna-kynningarfulltrúar á Íslandi voru árið 2011: Sigrún Magnúsdóttir, gæðastjóri Háskólans á Akureyri, Sara Sigurðardóttir, fulltrúi stúdenta, Gísli Fannberg, frá Háskóla Íslands, Steinn Jóhannsson, frá Háskólanum í Reykjavík. Þorbjörg Valdís Kristjánsdóttir, frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Signý Óskarsdóttir, frá Háskólanum á Bifröst, Guðrún Geirsdóttir, dósent í kennslufræðum á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, og Baldur Sigurðsson dósent í íslensku á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

## Þróunarsjóður EFTA – upplýsingamiðlun

Til miðs árs 2011 gegndi Alþjóðaskrifstofan hlutverki upplýsingaskrifstofu fyrir þróunarsjóð EFTA að því er lýtur að samstarfi í menntamálum. Rannís tók við hlutverkinu um mitt árið og hefur eftir það annast upplýsingaþjónustu vegna þróunarsjóðs EFTA hér á landi. Forstöðumanni Alþjóðaskrifstofu var boðið að taka þátt í lokaráðstefnu þróunarsjóðsins í Varsjá í Póllandi og halda þar erindi um íslenska menntakerfið, háskólaumhverfi hér á landi og reynslu okkar af þátttöku í þróunarsjóðsverkefnum og hlutverki upplýsingaveitu á Íslandi fyrir sjóðinn.



Háskóla  
2009

## Kennslumiðstöð

Kennslumiðstöð Háskóla Íslands var formlega stofnuð 31. ágúst 2001 og heyrir undir kennslusvið. Kennslumiðstöðin er til húsa á annarri hæð Íþróttahúss háskólans og er opin alla virka daga og þá geta kennarar og starfsmenn skólans fengið upplýsingar og aðstoð eða sent tölvupóst á netfang miðstöðvarinnar ([kemst@hi.is](mailto:kemst@hi.is)).

## Starfsfólk Kennslumiðstöðvar

Í Kennslumiðstöð starfa sjö manns í ríflega sex stöðugildum: Anna Kristín Halldórsdóttir, deildarstjóri til 1. sept. 2011 (í 100% starfshlutfalli), eftir það verkefnastjóri (í 50% starfshlutfalli), Anna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri til 1. ágúst 2011 (í 100% starfshlutfalli), Elva Björg Einarsdóttir, verkefnastjóri frá 1. okt. 2011 (í 100% starfshlutfalli), Grettir Sigurjónsson, tæknistjóri (í 100% starfshlutfalli), Guðrún Geirsdóttir, stjórnarformaður Kennslumiðstöðvarinnar til 31. ágúst 2011 (í 30% starfshlutfalli), eftir það deildarstjóri Kennslumiðstöðvarinnar (í 70% starfshlutfalli), Gústav K. Gústavsson, tæknimaður (í 50% starfshlutfalli), Kristbjörg Olsen, verkefnastjóri (í 100% starfshlutfalli), og Rúnar Sigurðsson, verkefnastjóri (í 100% starfshlutfalli).

## Námskeið, vinnustofur og kynningar

Markmið og hlutverk Kennslumiðstöðvar er að stuðla að þróun kennsluhátta við skólann með því að veita kennurum, deildum, fræðasviðum og stjórnendum skólans faglega aðstoð. Að þessu markmiði er unnið á ýmsan hátt, s.s. með ráðgjöf og föstum námskeiðum.

Námskrá Kennslumiðstöðvar tekur mið af stefnu og áherslum Háskóla Íslands, auk þess sem reynt er að koma til móts við þarfir einstakra fræðasviða í kennslumálum. Þó eru námskeið fyrir nýja kennara, svo og vinnustofur um upplýsingatækni, fastur liður í fræðsludagskrá miðstöðvarinnar. Árið 2011 var áhersla lögð á námskeið og vinnustofur um fjölbreytt námsmat, gerð og notkun hæfniviðmiða í kennslu og vinnuálag í námskeiðum í samræmi við viðmið Bologna-samkomulagsins. Yfirlit yfir námskeið og vinnustofur er að finna á vef Kennslumiðstöðvar ([kemst.hi.is](http://kemst.hi.is)) og þar skrá þátttakendur sig jafnframt til þátttöku. Góð mæting var á námskeið og vinnustofur Kennslumiðstöðvarinnar, svo og á kynningar og fyrirlestra sem haldnir voru á vegum hennar.

## Ráðgjöf og mat

Við Kennslumiðstöðina starfa sérfræðingar á sviði kennslufræði og upplýsingatækni í kennslu og til þeirra má leita til vegna ólíkra kennslufræðilegra viðfangsefna. Ráðgjöf til kennara og stjórenda er stór hluti af starfi miðstöðvarinnar. Auk ráðgjafar við kennara og kennarahópa, deildir og stjórendur eiga starfsmenn Kennslumiðstöðvarinnar sæti í nefndum og ráðum sem taka til kennslu og kennsluþróunar.

Kennslumiðstöðin býður kennurum og deildum upp á aðstoð við að meta gæði kennslu. Þar er um að ræða upptökur og greiningu á kennslu, miðmissisrismat og gæðahringi þar sem könnuð eru viðhorf nemenda til námsins.

## Námsleið í háskólakennslufræði

Í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands hefur Kennslumiðstöðin umsjón með námsleið í háskólakennslufræði fyrir háskólakennara. Námsleiðin er 30 eininga diplómanám sem samanstendur af þremur 10 eininga námskeiðum. Námsleiðin er opin þeim sem sinna háskólakennslu og er námið skipulagt sem nám með starfi. Upplýsingar um námsleiðina er að finna í

kennsluskra Háskóla Íslands, svo og á vef Kennslumiðstöðvarinnar. Skráning fer fram í gegnum Kennslumiðstöðina í júní ár hvert. Fjörutíu háskólakennarar höfðu lokið námskeiðum í kennslufræði háskóla í árslok 2011 og aðrir tíu voru skráðir í lokanámskeiðið sem stendur yfir í heilt ár.

## Kennsluvefur Kennslumiðstöðvar

Á kennsluvef Kennslumiðstöðvarinnar, [www.kemst.hi.is](http://www.kemst.hi.is), er að finna upplýsingar og fræðsluefni um háskólakennslu. Þar má t.a.m. nefna leiðbeiningarefni um gerð hæfniviðmiða og dreifildi tengd einstökum námskeiðum miðstöðvarinnar. Þá er þar að finna vefleiðbeiningar um Uglu, Moodle, Question Writer, eMission og K2 í Uglu. Á kennsluvefnum eru handbækur um kennslu sem unnar hafa verið á vegum miðstöðvarinnar að fyrirmynd Stanford-háskóla: Handbók fyrir kennara við Háskóla Íslands og Handbók aðstoðakennara. Á kennsluvefnum er jafnframt greinargott yfirlit yfir tímarit á sviði háskólakennslu.

## Önnur þjónusta

Hjá Kennslumiðstöðinni er að finna nokkurt safn fræðirit og handbóka um kennsluhætti á háskólastigi. Kennarar og starfsmenn hafa aðgang að þessum bókakosti þegar miðstöðin er opin og geta þeir jafnframt fengið bækur lánaðar. Á vef Kennslumiðstöðvarinnar er yfirlit yfir þær bækur sem til eru og þar sést forsiðumynd og efnisyfirlit hverrar bókar.

Í Kennslumiðstöðinni er fullkominn hljóðkleri er gefur kost á gæðaupptökum í eMission o.fl. og geta starfsmenn miðstöðvarinnar veitt aðstoð við upptökur.

Í Kennslumiðstöðinni er fullkomið fjarfundaherbergi og sér miðstöðin um fjarfundabúnað Háskóla Íslands og er hann mikið notaður í fjarkennslu, fyrir fundi og verkefnavinnu, bæði innanlands og erlendis, svo og vegna meistara- og doktorsvarna.

Kennslumiðstöðin tekur að sér að skanna fjölvalspróf og útreikning fyrir kennara gegn vægu gjaldi.

## Matsskrifstofa – ENIC-/NARIC-upplýsingaskrifstofa

Matsskrifstofa kennsluviðs sér um mat á prófvottorðum. Skrifstofan fer yfir allar umsóknir erlendra námsmanna sem óska eftir inngöngu í Háskóla Íslands og umsóknir þeirra sem óska eftir undanþágum frá inntökuskilyrðum skólans. Þá gegnir skrifstofan hlutverki ENIC-/NARIC-upplýsingaskrifstofu Íslands samkvæmt samningi Háskóla Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Meginhlutverk ENIC-/NARIC-upplýsingaskrifstofunnar er að leiðbeina bæði einstaklingum og stofnunum um mat á námi erlendis frá og veita erlendum aðilum upplýsingar um íslenskt menntakerfi og íslensk próf. Skrifstofan tekur þátt í samstarfi ENIC-/NARIC-upplýsingaskrifstofa og í er samstarfi norrænna ENIC-/NARIC-skrifstofa sem kallast NORRIC.

Alls bárust háskólanum 2.238 umsóknir frá erlendum aðilum á árinu 2011, af þeim komu 1.232 til afgreiðslu hjá matsskrifstofu en engin gögn bárust með 1.006 umsóknum. Þá bárust 658 umsóknir um undanþágur frá inntökuskilyrðum en af þeim komu 309 til afgreiðslu hjá matsskrifstofunni en engin eða ófullnægjandi gögn bárust með 349 umsóknum. Alls bárust matsskrifstofunni 63 ENIC-/NARIC-mál til úrlausnar á árinu 2011.

Matsskrifstofan er til húsa á efstu hæð Háskólatorgs. Á skrifstofunni eru tveir fastráðnir starfsmenn í fullu starfi, Gísli Fannberg deildarstjóri og Ína Dögg Eyþórsdóttir verkefnisstjóri. Ína var í fæðingarorlofi á árinu en Aníta Hannesdóttir, starfsmaður Nemendaskrár, leysti hana af. Ársverk voru 2,0.

## Náms- og starfsráðgjöf

Þjónusta Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands er miðlæg, til húsa á Háskólatorgi, og ætluð nemendum allra fræðasviða skólans. Markmið starfsfólks Náms- og starfsráðgjafar er að veita nemendum ráðgjöf og stuðning meðan á námi stendur og stuðla þannig að árangri og vellíðan í námi og draga úr brotthvarfi. Leitast er við að veita heildræna náms- og starfsráðgjöf með skipulagðri þjónustu, ráðgjöf og upplýsingamiðlun frá því að fólk íhugar nám við háskólann þar til það brautskráist og stígur sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Til að mæta fjölgun nemenda á undanförunum misserum og ásókn í þjónustu Náms- og starfsráðgjafar, á sama tíma og starfsmannafjöldi hefur staðið í stað, hefur áhersla á hópráðgjöf, námskeiðahald og fyrirlestra verið aukin. Í sama tilgangi hefur miðlun hagnýtra upplýsinga og fræðsluefnis á vefsíðu Náms- og starfsráðgjafar aukist. Fólk getur komið í opna viðtalstíma alla virka daga og fengið viðtal við náms- og starfsráðgjafa, auk þess sem hægt er að bóka viðtöl eftir samkomulagi. Nemendur í fjarnámi geta fengið ráðgjöf í síma og tölvupósti.

Samkvæmt skráningarkerfi Náms- og starfsráðgjafar var ráðgjöf og þjónusta veitt í 6709 tilvikum árið 2011.

## Náms- og starfsval

Veitt voru 3367 viðtöl vegna náms- og starfsvals eða upplýsinga varðandi nám. Þessi þjónusta stendur almenningi sem hyggur á nám í Háskóla Íslands til boða, sem og nemendum skólans.

Áhugakönnun Strongs hefur verið notuð um árabíl til að leiðbeina við náms- og starfsval. Strong-könnunin er lögð fyrir í fámennum hópum og mætir hópurnum aftur að viku liðinni til þess að fá niðurstöður úr könnuninni. Að öllu jöfnu er Strong-könnunin í boði tvisvar í mánuði á hverju háskólaári. Ítarlegar upplýsingar um hana er að finna á heimasíðu Náms- og starfsráðgjafar ([nshi.hi.is](http://nshi.hi.is)).

Náms- og starfsráðgjöf tók þátt í að skipuleggja dagskrá nýnemadaga sem haldnir eru í samráði við Stúdentaráð og Félagsstofnun stúdenta í upphafi kennslu á haustmisseri.

## Námstækni og vinnubrögð í háskólanámi

Fræðsla og námskeiðahald um námstækni og vinnubrögð í námi er veigamikill þáttur í starfsemi Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands. Haldin eru nokkurra vikna námskeið og stakir fyrirlestrar um efnið og hafa þeir einnig verið í boði á ensku fyrir erlenda nemendur. Þá geta nemendur fengið einstaklingsráðgjöf um vinnubrögð í námi og lögð er áhersla á að fræðsluefni og fyrirlestrar séu aðgengilegir á vef Náms- og starfsráðgjafar. Árið 2011 voru haldin ellefu námstækninámskeið og sex vinnustofur vegna lokaverkefna. Þá var boðið upp á tíu örfyrirlestra um sérhæft efni tengt vinnubrögðum í takt við það sem var á döfinni í námi nemenda á hverjum tíma.

## Starfsráðgjöf

Nemendum háskólans stendur til boða að fá ráðgjöf við að undirbúa atvinnuleit. Ráðgjöfin felur í sér kennslu í gerð ferilskár (CV) og kynningarbréfa. Einnig er lögð áhersla á að kenna nemendum að meta eigin styrkleika, gildi og viðhorf og farið er yfir framkomu í atvinnuviðtölum. Boðið var upp á tvær vinnustofur í atvinnuleit, sem og örfyrirlestra, auk þess sem nemendur fengu einstaklingsráðgjöf.

Eins og undanfarin ár tók Náms- og starfsráðgjöf þátt í árlegum framadögum háskólans.



## Sérúrræði í námi

Náms- og starfsráðgjöf hefur umsjón með málefnum fatlaðra stúdenta og leggur til úrræði á grundvelli faglegs álits sérfræðings og fylgir eftir framkvæmd úrræða í samvinnu við þá sem málið varðar. Ástæður fyrir úrræðum geta verið af ýmsum toga s.s. líkamleg fötlun, geðraskanir, sértækir námsörðugleikar, taugasálfræðileg vandamál eða langvarandi veikindi. Einstaklingum sem leita eftir sérúrræðum í námi og prófum hefur fjölgað í takt við fjölgun nemenda undanfarin ár og fengu 740 nemendur sérúrræði árið 2011.

## Sálfræðileg og persónuleg ráðgjöf

Í Náms- og starfsráðgjöf starfar sálfræðingur í hlutastarfi. Hlutverk hans er m.a. að greina sálræn og geðræn vandkvæði hjá nemendum, veita þeim skammtímameðferð eða vísa þeim áfram til viðeigandi sérfræðinga. Samstarf er haft við geðsvið Landspítala og er nemendum t.d. vísað á námskeið sem haldin eru þar. Einnig fá nemendur ráðgjöf í persónulegum málum hjá náms- og starfsráðgjöfum. Árið 2011 var veitt sálfræðileg eða persónuleg ráðgjöf í 636 viðtölum, haldin voru fjögur sjálfstyrkingarnámskeið og fjögur prófkvíðanámskeið.

Náms- og starfsráðgjöf hefur umsjón með fræðsluvef um geðspeki þar sem gagnlegar upplýsingar og fræðslu um geðheilbrigði er að finna.

## Starfsþjálfun

Á hverju ári koma nemendur í meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands í starfsþjálfun hjá Náms- og starfsráðgjöf. Nýju fyrirkomulagi á starfsþjálfun var komið á haustið 2011 þegar Náms- og starfsráðgjöf tók í fyrsta sinn við nemendum bæði af fyrsta og öðru ári. Gildandi samstarfssamningur er um þetta verkefni á milli kennslusviðs og Félagsvísindasviðs.

## Samstarf við fræðasvið

Kynningar á þjónustu Náms- og starfsráðgjafar eru hluti af nýnemakynningum á öllum fræðasviðum auk þess sem ráðgjafar halda stutt námskeið og fyrirlestra um vinnubrögð í háskólanámi á nýnemadögum eða í vinnulagsnámskeiðum á fyrsta námsári. Þá felst samstarf við fræðasvið í sérhæfðum fyrirlestrum eða stuttum námskeiðum s.s. um starfsráðgjöf, viðtalstækni fyrir mentora, prófundirbúning og tímastjórnun.

Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands bera ábyrgð á samskiptum við starfsmenn fræðasviða skólans sem tengiliðir. Árið 2011 voru Hildur Katrín Rafnsdóttir og Jóhanna Sólveig Lövdahl tengiliðir við Félagsvísindasvið, Hrafnhildur Kjartansdóttir við Heilbrigðisvísindasvið, Ásta Gunnlaug Briem við Hugvísindasvið, Kristjana Mjöll Sigurðardóttir við Menntavísindasvið og Jónína Kárdal við Verkfræði- og náttúruvísindasvið.

## Innlend og erlend samstarfsverkefni

Á haustmisseri 2011 tók Háskóli Íslands þátt í átakinu Námi er vinnandi vegur á vegum Vinnumálastofnunar Íslands. Markmiðið var að aðstoða þá sem höfðu verið lengi í atvinnuleit til náms. Samkvæmt nemendakerfi háskólans tóku 187 einstaklingar þátt í átakinu og var ráðinn einn náms- og starfsráðgjafi tímabundið til að veita þeim persónulegan stuðning, ráðgjöf og þjónustu.

Náms- og starfsráðgjöf hélt eitt námskeið undir yfirskriftinni Skref til skilnings en námskeiðið er afrakstur evrópsks samstarfsverkefnis, DARE 2, sem unnið var árin 2009 til 2011. Höfuðmarkmið námskeiðsins er að vekja kennara og aðra starfsmenn til vitundar um málefni fatlaðra nemenda við skólann. Ráð um málefni fatlaðs fólks studdi verkefnið fjárhagslega.

Önnur samstarfs- og þróunarverkefni sem Náms- og starfsráðgjöf tók þátt í árið 2011:

- Náms- og starfsráðgjöf átti fulltrúa í inntökunefnd og námsnefnd í MA-námi í náms- og starfsráðgjöf á Félagsvísindasviði.
- Náms- og starfsráðgjöf átti fulltrúa í stjórn Seturs í ævilangri náms- og starfsráðgjöf.
- Náms- og starfsráðgjöf starfaði með markaðs- og samskiptasviði vegna móttöku nýnema.
- Náms- og starfsráðgjöf tók þátt í Leonardo da Vinci verkefni, Transfer of Innovation: DARE 2 Disability Awareness – A New Challenge for Employees.
- Náms- og starfsráðgjöf tók þátt í NUAS, samstarfi námsráðgjafa í háskólum á Norðurlöndum.
- Náms- og starfsráðgjöf tók þátt í NNK, samstarfi starfsráðgjafa í háskólum á Norðurlöndum.
- Náms- og starfsráðgjöf tók þátt í NNDC, norrænu samstarfsneti um aðgengi fatlaðra að æðri menntun.
- Náms- og starfsráðgjöf átti fulltrúa í ráði um málefni fatlaðs fólks.
- Náms- og starfsráðgjöf átti fulltrúa í stjórn Þórsteinssjóðs.
- Náms- og starfsráðgjöf átti fulltrúa í stjórn Greiningarsjóðs um sértæka námsörðugleika.

Auk formlegra samskiptaverkefna leita erlendir fagaðilar á sviði náms- og starfsráðgjafar gjarnan eftir því að fá að heimsækja Náms- og starfsráðgjöf til að kynnast starfsemi.

## Starfsfólk

Ársverk í Náms- og starfsráðgjöf voru rúmlega 10. Þar störfuðu árið 2011: Arnfríður Ólafsdóttir náms- og starfsráðgjafi, deildarstjóri (100%, hætti störfum 1.5.2011), María Dóra Björnsdóttir náms- og starfsráðgjafi (100%, í námsleyfi 1.1.–30.4.2011) og deildarstjóri (50% 1.5.–31.12.2011), Anna Sigurðardóttir náms- og starfsráðgjafi (100%, í leyfi), Ásta Gunnlaug Briem náms- og starfsráðgjafi (100%), Dröfn Sigurbjörnsdóttir verkefnisstjóri (100%), Hildur Katrín Rafnsdóttir náms- og starfsráðgjafi (75%, í barnsburðarleyfi frá 6.12.2011), Hrafnhildur V. Kjartansdóttir náms- og starfsráðgjafi (100%), Ingunn Margrét Ágústsdóttir náms- og starfsráðgjafi (100%, í barnsburðarleyfi frá 1.7.2011), Jóhanna Sólveig Lövdahl náms- og starfsráðgjafi (100%, í afleysingu frá 1.8.2011), Jónína Kárdal náms- og starfsráðgjafi (100%), Katrín Ósk Eyjólfsdóttir náms- og starfsráðgjafi (100%, 16.9.–31.12.2011 fyrir átakið Nám er vinnandi vegur á vegum Vinnumálastofnunar), Kristjana Mjöll Sigurðardóttir náms- og starfsráðgjafi (100%), Magnús Stephensen skrifstofustjóri (100%), Ragna Ólafsdóttir sálfræðingur (50%) og Sigrún Edda Theodórsdóttir táknmálstúlkur (100%).

## Nemendaskrá

Nemendaskrá Háskóla Íslands heldur skrá yfir alla nemendur skólans og er skráin sá grunnur sem skipulag námsins byggist á, s.s. stundaskrár, skipan í stofur, skipulag prófa og bókakaup Bóksölu stúdenta. Þar fer fram nýskráning stúdenta, árleg skráning í námskeið og próf, varðveisla einkunna og innheimta skráningargjalds. Einnig geta stúdentar nálgast margháttaðar upplýsingar um námskeið sín og námsferil hjá Nemendaskrá. Á ákveðnum tímabilum, sem kynnt eru í kennsluálfmanaki skólans, geta stúdentar nýtt sér sjálfþjónustu Uglu og skráð sig sjálfir t.d. við árlega skráningu, skráningu úr prófi, skráningu í sjúkra- og upptökupróf og endurskoðað námskeiðaskráningu í byrjun haust- og vormisseris. Sjálfþjónusta nemenda í Uglu hefur breytt verkefnum starfsmanna, heimsóknnum nemenda hefur fækkað en fjarþjónusta í síma og í tölvupósti aukist. Erindi í tölvupósti árið 2011 voru 40.188 og fjölgaði þeim um rúm 10 þúsund frá árinu á



undan þrátt fyrir að nemendur nýttu sér sjálfsþjónustu í Uglu í meira mæli en áður. Erindum hafði áður fjölgað jafnt og þétt frá árinu 2006 er þau voru 13.852.

#### Tafla 5.

#### Fjöldi stúdenta í grunnnámi (þrep 1, stig 1) 2010–2011 og brautskráðir úr því námi á árinu 2011.

Tölur um skráða stúdenta (nemendur alls) eru frá febrúar 2011.

	Nemendur alls			Brautskráðir		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Félagsvísindasvið	1	3	4	0	0	0
Heilbrigðisvísindasvið	0	0	0	0	0	0
Hugvísindasvið	34	45	79	3	7	10
Menntavísindasvið	67	84	151	31	22	53
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	0	1	1	0	0	0
Samtals	102	133	235	34	29	63

#### Tafla 6.

#### Fjöldi stúdenta í bakkalárnámi (þrep 1, stig 2) 2010–2011 og brautskráðir úr því námi á árinu 2011.

Tölur um skráða stúdenta (nemendur alls) eru frá febrúar 2011.

	Nemendur alls			Brautskráðir		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Félagsvísindasvið	1152	1752	2904	120	239	359
Heilbrigðisvísindasvið*	264	1009	1273	61	184	245
Hugvísindasvið	793	1306	2099	78	178	256
Menntavísindasvið	217	1097	1314	62	360	422
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	1027	651	1678	144	89	233
Samtals	3453	5815	9268	465	1050	1515

\* Stúdentar í kandídatnámi í læknisfræði og tannlæknisfræði eru ekki taldir með hér þó svo að fyrstu þrjú árin teljist vera á þrepi 1, stigi 2.

#### Tafla 7.

#### Fjöldi stúdenta í framhaldsnámi á meistarastigi (þrep 2, stig 3) 2010–2011 og brautskráðir úr því námi á árinu 2011.

Tölur um skráða stúdenta (nemendur alls) eru frá febrúar 2011.

	Nemendur alls			Brautskráðir		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Félagsvísindasvið	180	358	538	53	98	151
Heilbrigðisvísindasvið*	124	276	400	19	68	87
Hugvísindasvið	4	26	30	0	6	6
Menntavísindasvið	47	124	171	29	95	124
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	30	34	64	11	17	28
Samtals	385	818	1203	112	284	396

\* Stúdentar í kandídatnámi í læknisfræði og tannlæknisfræði eru allir taldir hér þó svo að fyrstu þrjú árin teljist vera á þrepi 1, stigi 2.

**Tafla 8.**

**Fjöldi stúdenta í meistaranámi (þrep 2, stig 4) 2010–2011 og brautskráðir úr því námi á árinu 2011.** Tölur um skráða stúdenta (nemendur alls) eru frá febrúar 2011.

	Nemendur alls			Brautskráðir		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Félagsvísindasvið	378	857	1235	91	222	313
Heilbrigðisvísindasvið	65	313	378	11	89	100
Hugvísindasvið	129	313	442	26	78	104
Menntavísindasvið	97	571	668	8	73	81
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	221	164	385	55	35	90
Samtals	890	2218	3108	191	497	688

**Tafla 9.**

**Fjöldi stúdenta í doktorsnámi (þrep 3) 2010–2011 og brautskráðir úr því námi á árinu 2011.** Tölur um skráða stúdenta (nemendur alls) eru frá febrúar 2011.

	Nemendur alls			Brautskráðir		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Félagsvísindasvið	33	64	97	3	1	4
Heilbrigðisvísindasvið	27	75	102	6	8	14
Hugvísindasvið	33	43	76	3	3	6
Menntavísindasvið	19	50	69	1	2	3
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	89	64	153	15	8	23
Samtals	201	296	497	28	22	50

**Umsóknarkerfi**

Haldið var áfram að þróa nýtt rafrænt umsóknarkerfi fyrir öll námsstig í Háskóla Íslands árið 2011 í nánú samstarfi við marga aðila innan skólans, aðallega þó við hugbúnaðardeild Reiknistofnunar Háskóla Íslands. Árið 2009 var fyrst hægt að sækja um grunnám og framhaldsnám í sama umsóknarkerfinu. Var smíðaður nýr forsalur svokallaður þar sem umsóknir bíða afgreiðslu. Umsækjendur um grunnám hafa nokkur undanfarin ár getað fylgst með framvindu umsóknar sinnar á vef háskólans og með nýja forsalnum í umsóknarkerfinu geta umsækjendur um framhaldsnám við skólann einnig fylgst með afgreiðslu umsókna sinna á vefnum.

Í byrjun desember 2010 gátu erlendir umsækjendur í fyrsta sinn sótt rafrænt um nám í Háskóla Íslands. Þessi þróun umsóknarkerfis háskólans hefur kallað á breytt vinnulag hjá starfsmönnum miðlægrar stjórnýslu, Reiknistofnunar og deildarskrifstofa og samskipti þeirra í millum sem enn er verið að móta umsækjendum til hagsbóta. Árið 2011 hélt hugbúnaðardeild Reiknistofnunar áfram að bæta nýja umsóknarkerfið í Uglu. Að þessu sinni var unnið að því að skiptinemar erlendis frá gætu sótt rafrænt um skiptinám í Háskóla Íslands. Þessi viðbót var þó ekki að fullu komin í gagnið í árslok en séð var fyrir endann á henni á vormisseri 2012. Þess má jafnframt geta að Nemendaskrá og Alþjóðaskrifstofa skólans bættu þjónustuna við erlenda stúdenta á þann hátt að skólinn sækir nú um kennitölu fyrir nemendur frá löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins til að flýta enn frekar fyrir skráningu þeirra í nemendakerfið við komuna til landsins.

Afgreiðsla umsókna um grunnnám er sem fyrr í höndum Nemendaskrár. Afgreiðsla umsókna um framhaldsnám er í höndum kennara og starfsfólks deilda og námsbrauta með tengingu við umsóknarkerfi Nemendaskrárinnar með tilteknum aðgangsheimildum. Mat á erlendum prófskírteinum fer fram á Matsskrifstofu, sem og afgreiðsla erlendra umsókna, í samvinnu við Nemendaskrá og deildarskrifstofur. Umsækjendur sem fá umsóknir um nám samþykktar fá upplýsingar um hvernig standa skuli að greiðslu skráningargjaldsins. Þegar umsækjandi hefur greitt gjaldið fyrir háskólaárið er hann formlega orðinn nemandi í skólanum. Næsta skref í smíði umsóknarkerfisins er forritun fyrir gesta- og sumarnemendur. Er það orðið mjög brýnt verkefni, ekki síst í ljósi nýs samnings á milli opinberra háskóla sem var undirritaður 5. desember 2011 og vegna þess að erlendir nemendur sækja í auknum mæli í stök sumarnámskeið í Háskóla Íslands sem eru haldin um allt land.

Nemendaskrá sér einnig um brautskráningu í samvinnu við rektorsskrifstofu og deildir háskólans. Þá annast Nemendaskrá enn fremur þjónustu við brautskráða nemendur sem óska eftir hvers kyns staðfestingu og vottorðum um nám sitt í skólanum.

Um langt árabíl hefur Nemendaskrá séð um að senda út kannanir til þeirra nemenda skólans sem það leyfa. Yfirleitt eru þessar kannanir fyrir aðra nemendur Háskóla Íslands sem eru að vinna að ýmiss konar lokaverkefnum. Nemendaskrá sinnir einnig beiðnum frá nemendafélögum skólans, t.d. um netfangalista nýnema á haustin.

Nemendaskrá sér um rafrænar sendingar um námsframvindu nemenda vegna námslána til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, LÍN. Jafnframt er samvinna á milli Nemendaskrár og Félagsstofnunar stúdenta vegna búseturéttar í námsmannaíbúðum. Vinnumálastofnun fékk auk þess leyfi á árinu til að fá upplýsingar um námsstöðu nemenda til að keyra saman við gagnagrunn Vinnumálastofnunar vegna þeirra sem höfðu sótt um atvinnuleysisbætur. Háskólinn leitaði álits Persónuverndar á þessu árið 2009 og í ljósi m.a. 4. mgr. 9. gr. laga nr. 54/2006 heimilaði Persónuvernd að afhenda Vinnumálastofnun skrá með upplýsingum um þá sem sækja lánshæft nám við skólann. Þessu til viðbótar má nefna að Nemendaskrá veitir aðilum innan sem utan skólans ýmsa þjónustu. Það má nefna að Stúdentaráð þarf á Nemendaskrá að halda í kringum kosningar til að sannreyna hvaða nemendur eru á kjörskrá. Einnig ber við að Nemendaskrá sendi út upplýsingar til ákveðinna nemendahópa, t.d. erlendra stúdenta vegna viðburða sem tengjast landi þeirra og þjóð.

## Starfsfólk

Ársverk á Nemendaskrá voru 7,6. Þar störfuðu árið 2011: Droplaug Jóhannsdóttir verkefnisstjóri (100%), Elín Ágústa Ingimundardóttir verkefnisstjóri (100%), Erla Ósk Hermannsdóttir verkefnisstjóri (100%), en ráðning hennar var framlengd til áramóta á meðan Aníta Hannesdóttir leysti starfsmann á Matsskrifstofu af, Guðrún Valgerður Bóasdóttir verkefnisstjóri (100%), Jóna Margrét Guðmundsdóttir verkefnisstjóri (100%), Kristín Jónasdóttir skrifstofustjóri (100%), Stefanía Lóa Jónsdóttir deildarstjóri (100%) og Vilborg Norðdahl verkefnisstjóri(100%). Aníta Hannesdóttir verkefnisstjóri leysti Ínu Dögg Eyþórsdóttur, verkefnisstjóra á Matsskrifstofu, af í fæðingarorlofi hennar frá byrjun mars til loka ársins.

## Þjónustuborð

Þjónustuborð í Háskólatorgi veitir nemendum, starfsmönnum og gestum Háskóla Íslands fjölbætta þjónustu og almennar upplýsingar sem lúta að námi í skólanum. Þar fá nemendur vottorð um skólavist, brautskráningar- og námsferilsyfirlit, prentkvóta hjá Reiknistofnun og stúdenta- og

strætókort. Skráning nemenda á námskeið Náms- og starfsráðgjafar fer fram á Þjónustuborði og þar er veittur aðgangur að námsvef Uglunnar. Starfsmenn Þjónustuborðsins sjá einnig um bókanir í kennslustofur og fundarherbergi Háskólatorgs og þar kaupa starfsmenn háskólans matarmiða til nota í Hámu.

Afgreiðsla og velta jókst enn á árinu 2011 og er nú svo komið að velta hefur þrefaldast frá árinu 2008, sem var fyrsta starfsár Þjónustuborðsins. Mest álag á Þjónustuborði er við upphaf skólaársins. Við upphaf haustmisseris voru mest 855 viðskiptavinir afgreiddir á einum degi og 3.400 á einni viku. Á árinu voru einnig rúmlega 3.100 stúdentakort útbúin og afhent á Þjónustuborðinu og rúmlega 7.100 tölvupóstum var svarað, auk fjöldamargra símtala.

## Starfsfólk Þjónustuborðs

Ársverk á Þjónustuborðinu voru 4,1. Þar störfuðu Anna Birna Halldórsdóttir þjónustustjóri (100%) og þjónustufulltrúarnir Anna Friðrikka Jónsdóttir (5%), Ása Valgerður Gunnsteinsdóttir (57%), Ásta Gunnlaug Briem (33%), Guðrún Ásta Guðmundsdóttir (93%), Ingunn Anna Ragnarsdóttir (20%) og Sigríður Þórsdóttir (100%).

## Jafnréttismál

Hin árlega námskynning á háskóladegi fór fram í febrúar með þátttöku þeirra sem starfa að jafnréttismálum innan háskólans. Þar voru m.a. kynnt þau hagsmunafélög stúdenta sem starfa að jafnréttismálum. Áhugasamir umsækjendur um nám í Háskóla Íslands fengu þar tækifæri til að kynna sér stefnu háskólans og starfsemi á sviði jafnréttismála.

Tvö rannsóknarverkefni meistaránema sem jafnréttisnefnd styrkti á síðasta starfsári voru kynnt opinberlega á málþingi þann 18. mars. Annars vegar var kynnt lokaverkefni í kynjafræði um áhrifavalda og stýrandi orðræðu í menningu raun- og tæknivísindagreina við Háskóla Íslands og hins vegar lokaverkefni í náms- og starfsráðgjöf um námsval og aðstæður kvenna í ákveðnum greinum á Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands. Kveðið er á um gerð slíkrar rannsóknar í jafnréttisáætlun skólans.

Ráð um málefni fatlaðs fólks hóf samstarf við Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands um fræðsluverkefnið DARE 2. Markmið verkefnisins er að auka meðvitund akademískra kennara og starfsfólks um málefni fatlaðs fólks í háskólanum með námskeiðahaldi.

Jafnréttisdagar voru haldnir dagana 13.–27. október og var þar boðið upp á fyrirlestra og ýmsa viðburði. Jafnréttisdagar eru samstarfsverkefni fjölmargra aðila innan Háskóla Íslands sem starfa að jafnréttismálum: nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans. Þá var einnig komið á samstarfi við framandverkflokkinn Kviss Búmm Bang, Endemi, tímarit um samtímalist íslenskra kvenna og Nýlistasafnið. Helstu bakhjarlar jafnréttisdaga 2011 voru jafnréttisnefnd háskólans og ráð um málefni fatlaðs fólks en mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkti einnig verkefnið. Yfirumsjón með skipulagningu daganna hafði jafnréttisfulltrúi háskólans.

Jafnréttisdagar hafa fest sig í sessi sem árlegur viðburður í Háskóla Íslands. Á afmælisári háskólans var ákveðið að hafa jafnréttisdagana veglegri en áður og stóð dagskráin í tvær vikur. Fjölmargir viðburðir voru á jafnréttisdögum og má nefna hljóðverkasýninguna Endemis óhljóð sem fór fram á Háskólatorgi og verkið Svo eðlilegur náungi á vegum Kviss Búmm Bang, sem var í formi innsetningar á Háskólatorgi og uppsetningar í Tjarnarbíói. Einnig voru fluttir fjölmargir áhugaverðir fyrirlestrar, s.s. um umræðu og andóf í jafnréttisbaráttu, þar sem Hilmar Magnússon og Sigríður Þorgeirsdóttir fjölluðu um það málefni, málþing um jafnrétti, fötlun og háskólanám á vegum ráðs um málefni

fatlaðs fólks þar sem Eva Magnus, Knútur Birgisson, Aðalbjörg Gunnarsdóttir, Bergvin Oddsson og Jónína Kárdal fluttu erindi. Þá var haldinn opinn fundur um karla og jafnrétti undir yfirskriftinni Vinna, borða, sofa? þar sem Guðmundur Andri Thorsson, Gyða Margrét Pétursdóttir og Ingólfur V. Gíslason fluttu erindi. Lokahóf jafnréttisdaga var vel heppnað en þar voru Kviss Búmm Bang með nokkurs konar leikþátt og Hildur Knútsdóttir og Óttar M. Norðfjörð fjölluðu um poppkúltúr út frá kynjafræðilegu sjónarhorni. Hér eru aðeins nefnd brot af þeim fjölmörgu viðburðum sem fram fóru á jafnréttisdögum og voru þátttakendur og þeir sem stóðu að viðburðunum sammála um að dagarnir hefðu tekist afar vel.

## Nokkrar lykiltölur um jafnréttismál í Háskóla Íslands

Í október 2011 voru 14.014 nemendur skráðir í nám við Háskóla Íslands. Konur voru, eins og undanfarin ár, í töluverðum meirihluta meðal stúdenta. Hlutfall kvenna meðal stúdenta var 65,1% og þar með var hlutfall karla 34,9%. Það hlutfall er óbreytt frá árinu 2010 en hlutfall karla hafði aukist lítillega árin á undan, en það var 33,7% í október 2009 og 32,2% í október 2008.

Þegar horft er til framhaldsnema sérstaklega voru hlutföll kynjanna ójafnari, þar voru konur 69,6% nema og karlar 30,4%. Hlutfall karla hefur minnkað lítillega undanfarin ár en það var 31,1% í október 2010 og 31,9% í október 2009.

## Starfsfólk Háskóla Íslands eftir kynjum

Í lok árs 2011 voru starfsmenn Háskóla Íslands samtals 1386: 51,4% konur og 48,6% karlmenn. Ársverk voru 1181,9 og skiptust einnig tiltölulega jafnt milli kynja (51,7% konur og 48,3% karlar). Próffessorar voru fjölmennastir í hópi fastra kennara við Háskóla Íslands, eða 40,5%. Hér er fjallað um prófessora, dósentar, lektora og aðjunkta en ekki stundakennara. Kynjahlutföll meðal kennara voru 59% karlar og 41% konur. Ef einungis er litið til þriggja fyrstnefndu starfsheitanna þá hækkar hlutfall prófessora meðal kennara úr 40,5% í 46,6%. Þegar hópurnir er þrengdur með þeim hætti var hlutfall karla hærra meðal kennara en áður var nefnt eða 62,4% og hlutfall kvenna því 37,6%.

Af próffessorum voru 73,5% karlar og 26,5% konur, sem er nánast sama hlutfall og árið 2010 þegar 73,9% prófessora voru karlar og 26,1% konur. Í störfum dósentar voru 39,2% konur og 60,8% karlar, sem er svipað og árið 2010 þegar 39,6% dósentar voru konur og 60,4% karlar. Í störfum lektora voru 56% konur og 44% karlar, sem er nánast sama hlutfall og árið 2010. Í störfum aðjunkta var hlutfall kvenna hæst af öllum starfsheitunum, eða 63,1%, en karlar voru 36,9%. Hlutfall kvenna í störfum aðjunkta hefur hækkað lítillega frá árinu 2010 þegar konur voru 62,8% aðjunkta.

### Tafla 10.

#### Karlar og konur í akademískum störfum innan Háskóla Íslands í árslok 2011.

	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Aðjunktar	31	53	37%	63%
Lektorar	62	79	44%	56%
Dósentar	93	60	61%	39%
Próffessorar	189	68	74%	26%
Alls	375	260	59%	41%

Meðal sérfræðinga (akademískra starfsmanna með starfsheitin vísindamaður, fræðimaður eða sérfræðingur) voru fleiri karlar en konur, eða 34 karlar (68%) og 16 konur (32%). Meðal

rannsóknafólks (í störfum sem gera ekki ráð fyrir akademísku hæfismati) voru fleiri konur en karlar, eða 169 konur (59,7%) og 114 karlar (40,3%).

Meðal skrifstofufólks í Háskóla Íslands voru kynjahlutföllin 71,1% konur og 28,9% karlar. Til þessa hóps telst starfsfólk í miðlægrri stjórnýslu, á skrifstofum fræðasviða og skrifstofum stofnana utan sviða. Í hópi skrifstofufólks í miðlægrri stjórnýslu voru konur 72,1% og karlar 27,9%. Í hópi skrifstofufólks sem starfar innan fræðasviða voru konur 81,6% og karlar 18,4%. Í hópi skrifstofufólks á stofnunum utan fræðasviða voru konur 46,6% og karlar 53,4%.

Í hópi fólks í tæknistörfum voru karlar fleiri en konur, eða 48 karlar (73,8%) og 17 konur (26,7%). Til þessa hóps teljast m.a. umsjónarmenn, tæknifólk, iðnaðarmenn og baðverðir.

Æðsti stjórnandi háskólans, rektor, skipaður til 2015, er kona. Aðstoðarrektor kennslu og vísinda og framkvæmdastjóri framkvæmda- og tæknisviðs voru karlar og af sex sviðsstjórum í miðlægrri stjórnýslu voru fimm karlar og ein kona. Fjórir af fimm forsetum fræðasviða Háskóla Íslands voru karlar en á hinn bóginn voru fjórir af fimm rekstrarstjórum sviðanna konur. Af 25 kjörnum deildarforsetum voru 15 karlar (60%) og 10 konur (40%). Konum meðal deildarforseta fækkaði á árinu úr 11 í 10. Hlutföllin voru misjöfn eftir fræðasviðum. Á Félagsvísindasviði voru þrjár konur og þrjú karlar deildarforsetar. Á Heilbrigðisvísindasviði gegndu fjórir karlar og tvær konur starfi deildarforseta, á Hugvísindasviði voru þrjár konur og einn karl deildarforsetar, á Menntavísindasviði tvær konur og einn karl og á Verkfræði- og náttúruvísindasviði voru sex karlar deildarforsetar og engin kona, en það var jafnframt eina fræðasviðið þar sem forseti sviðsins var kona.

## **Kynjahlutföll í háskólaráði, á háskólaþingi og í starfsnefndum háskólaráðs**

Árið 2011 var háskólaráð skipað 11 fulltrúum, sex konum og fimm körlum. Á háskólaþingi í nóvember 2011 sat 71 fulltrúi með atkvæðisrétt, 36 karlar (50,7%) og 35 konur (49,3%). Á vegum háskólaráðs starfa sex starfsnefndir. Í þeim sátu samtals 37 fulltrúar, 20 karlar (54,1%) og 17 konur (45,9%). Karlar gegndu formennsku í fjórum nefndanna (fjármálanefnd, gæðanefnd, kennslumálanefnd og samráðsnefnd um kjaramál) og konur í tveimur (jafnréttisnefnd og vísindanefnd).

Samkvæmt 15. gr. jafnréttislaga skal þess gætt að hlutfall beggja kynja sé að lágmarki 40% í nefndum á vegum hins opinbera þegar um er að ræða fleiri en þrjú fulltrúa. Árið 2011 var samsetning í fjórum af sex starfsnefndum háskólaráðs í samræmi við þetta ákvæði. Í fjármálanefnd sátu 5 karlar (83%) og ein kona (17%). Allir fulltrúar í fjármálanefnd áttu þar sæti starfs síns vegna. Reglum um skipan nefnda var breytt á árinu og ný jafnréttisnefnd skipuð 1. júlí 2011. Samkvæmt nýjum reglum skyldu formenn jafnréttisnefnda fræðasviða eiga sæti í nefndinni, auk formanns, sem rektor skipaði, og fulltrúa stúdenta. Í nefndinni sem skipuð var 1. júlí 2011 sátu 5 konur (71,4%) og 2 karlar (28,6%) og uppfyllti nefndin því ekki skilyrði 15. greinar jafnréttislaga.

Konur voru fjölmennari í tveimur nefndanna, jafnréttisnefnd og vísindanefnd, sem voru einnig þær nefndir þar sem konur gegndu formennsku, en karlar voru fjölmennari í fjórum nefndanna (þeim sömu og karlar gegndu formennsku í).

Af þeim 37 fulltrúum sem áttu sæti í þessum nefndum voru fjórir fulltrúar stúdenta, tvær konur og tveir karlar, en stúdentar áttu fulltrúa í gæðanefnd, jafnréttisnefnd, kennslumálanefnd og vísindanefnd.

Með hverri nefnd störfuðu á bilinu einn til þrjú starfsmenn, sem jafnframt sátu fundi nefndanna. Alls var um að ræða 10 manns, sjö karla (70%) og þrjár konur (30%).



# Rannsóknir

Rannsóknir við Háskóla Íslands eru í örur vexti. Háskólinn hefur á öllum fræðasviðum sínum á að skipa metnaðarfullum vísindamönnum á heimsmælikvarða og er því vel í stakk búinn til ná enn betri árangri en þegar hefur náðst.

Í maí 2006 setti Háskóli Íslands sér metnaðarfulla stefnu til ársins 2011. Stefnan er mikilvægt skref í því langtímamarkmiði háskólans að komast í raðir bestu háskóla heims. Í þessu skyni hyggst háskólinn á næstu árum efla hágæðarannsóknir sem standast alþjóðleg viðmið á fjölbreyttum sviðum vísinda og fræða. Þessu markmiði ætlar háskólinn að ná með því að fimmfalda fjölda brautskráðra doktora, auka rannsóknavirkni og gæði rannsókna, m.a. með fjölgun birtra greina í ritrýndum, alþjóðlegum tímaritum, auka skipulegt samstarf við erlenda háskóla, auka sókn í samkeppnissjóði rannsókna, stórefla aðstöðu til rannsókna og auka þverfræðilegar rannsóknir. Síðast en ekki síst hyggst háskólinn efla nýsköpun og tengsl við rannsóknastofnanir, atvinnulíf og landsbyggð.

Annar áfangi að langtímamarkmiðinu er Stefna Háskóla Íslands 2011–2016. Í henni er lögð áhersla á að efla gæði og styrkja innviði allra þátta háskólastarfsins. Í því skyni hefur háskólinn sett sér markmið um rannsóknir og nýsköpun, nám og kennslu, mannauð og ábyrgð gagnvart samfélaginu og umheiminum. Helstu stefnunnar eru áhersla á gæðarannsóknir og alþjóðlegt samstarf, þróttmikið framhaldsnám sem uppfyllir alþjóðlegar gæðakröfur, samþættingu kennslu og rannsókna á öllum námsstigum, eflingu mannauðs og starfsánægju stúdenta og starfsmanna og samfélagslega og hnattræna ábyrgð á 21. öld.

Til að meta árangur af stefnu Háskóla Íslands um rannsóknir og nýsköpun verða eftirfarandi lykilmælikvarðar notaðir:

- Brautskráningarhlutfall doktorsnema, þ.e. hlutfall doktorsnema sem ljúka námi á tilsettum tíma (e. graduation rate).
- Brautskráningarhlutfall meistaranema.
- Fjöldi námskeiða á framhaldsstigi sem stendur nemendum á hverri námsleið til boða.
- Árleg fjölgun gæðabirtinga á hverju fræðasviði, þ.e. í ERIH-tímaritum, ISI-tímaritum og á öðrum ritrýndum vettvangi sem gerir strangar fræðilegar gæðakröfur, s.s. í bókum og bókarköflum.
- Árleg aukning tekna úr viðurkenndum rannsóknasjóðum.
- Fjöldi þverfræðilegra rannsóknaverkefna vísindamanna Háskóla Íslands sem hljóta styrk úr viðurkenndum rannsóknasjóðum.
- Fjöldi samninga við öflugan innlenda og erlenda samstarfsaðila.
- Fjöldi einkaleyfaumsókna, veittra einkaleyfa og sprotafyrtækja.

## Endurskoðun matskerfis 2010

Í janúar 2007 úrskurðaði kjararáð, sem starfar samkvæmt lögum nr. 47/2006, að ákvörðun launa og starfskjara prófessora skyldi ekki lengur heyra undir ráðið. Í kjölfarið fól fjármálaráðuneytið vísindasviði Háskóla Íslands að annast tímabundið umsjón með mati á verkum prófessora í ríkisháskólum og reikna út ritlaun og hækkun á milli launaflokka. Ákvörðun þessi var staðfest í samkomulagi prófessora í ríkisháskólum og fjármálaráðherra frá 26. september 2008. Með framangreindu samkomulagi var jafnframt skipuð nefnd sem falið var að útfæra framtíðarskipan verklags við mat á störfum prófessora. Nefnd þessa skipuðu fulltrúar samningsaðilanna (fjármálaráðuneytis og Félags prófessora) og fjórir aðrir fulltrúar: einn samkvæmt tilnefningu frá Háskóla Íslands, einn fulltrúi annarra opinberra háskóla, einn fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis og einn fulltrúi án tilnefningar og var hann oddamaður. Nefnd þessi



komst að samkomulagi um fyrirkomulag við mat á störfum akademískra starfsmanna í ríkisháskólunum hinn 6. nóvember 2009.

Með framangreindu fyrirkomulagi er sett á laggirnar vísindanefnd opinberra háskóla sem ætlað er að þróa matskerfi fyrir háskólana í samráði við Félag prófessora og önnur kjarafélög sem kerfið tekur til. Vísindanefnd opinberra háskóla skipa fjórir fulltrúar Háskóla Íslands, auk eins fulltrúa annarra opinberra háskóla.

Samkvæmt samkomulaginu gerir vísindanefnd opinberra háskóla tillögu um breytingar á matskerfinu til svokallaðrar matskerfisnefndar sem staðfestir kerfið fyrir hönd þeirra sem að samkomulaginu standa. Í matskerfisnefnd sitja fjórir fulltrúar: einn frá fjármálaráðuneyti, einn frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, einn frá Háskóla Íslands og einn frá öðrum opinberum háskólum.

Á háskólaþingi Háskóla Íslands 15. maí 2009 var til umræðu tillaga að endurskoðuðu matskerfi fyrir Háskóla Íslands sem vísindanefnd háskólaráðs hafði unnið að um alllangt skeið. Á fundinum var enn fremur kynnt greinargerð um framkomnar athugasemdir við tillöguna frá fræðasviðum Háskóla Íslands, deildum og kjarafélögum kennara, auk athugasemda frá Háskólanum á Akureyri. Í kjölfar ítarlegrar umræðu samþykkti háskólaþingið að fela forsetum fræðasviða og rektor að leiða málið til lykta á grundvelli tillögu vísindanefndar og þeirra athugasemda sem fram höfðu komið. Ljúka skyldi endurskoðun kerfisins fyrir árslok 2009. Þann 5. nóvember 2009 samþykkti háskólaráð Háskóla Íslands endurskoðaða tillögu að breyttu matskerfi fyrir sitt leyti.

Vísindanefnd opinberra háskóla samþykkti nýtt matskerfi fyrir sitt leyti hinn 18. desember 2009. Í samþykkt sinni lagði nefndin áherslu á að endurskoðun reglnanna hefjist strax árið eftir og myndi nefndin kalla eftir athugasemdum frá öllum sem málið varðar. Jafnframt myndi hún skoða sérstaklega hvernig matskerfið kæmi til með að reynast í samanburði við eldra kerfi. Við endurskoðun reglnanna skyldi nefndin leggja megináherslu á gæði með alþjóðleg viðmið að leiðarljósi.

Vísindanefnd opinberra háskóla leggur jafnframt áherslu á að ákvæði um sérstakt mat verði virkara en það hefur verið hefur og verði framkvæmt með gagnvirkum hætti. Slíkt jafningjamat annist viðurkenndir sérfræðingar sem standi utan hefðbundinna matsnefnda vegna vinnumats. Matskerfisnefnd staðfesti ákvörðun vísindanefndar opinberra háskóla 30. desember 2009 og tók nýtt kerfi gildi 1. janúar 2010.

## Matskerfi opinberra háskóla

### Forsendur

Matskerfi opinberra háskóla er grundvöllur mats á störfum akademískra starfsmanna, þ.e. þeirra sem ráðnir eru samkvæmt hæfnisdómi og eru í Félagi prófessora við ríkisháskóla eða í öðrum kjarafélögum sem hafa gert samning um aðild að kerfinu (svo sem Félag háskólakennara, Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands og Félag háskólakennara á Akureyri). Við Háskóla Íslands gildir að ritverk og annað útgefið efni sem ekki er auðkennt Háskóla Íslands (e. University of Iceland) er ekki tekið til mats. Mat á störfum nær til rannsókna, kennslu, stjórnunar, þjónustu og fleiri þátta. Árlegt framtal starfa felur í sér skýrslu um störf undangengins árs. Við Háskóla Íslands felur skýrslan einnig í sér uppfærslu svokallaðrar kennsluferilsskrár, yfirlit um samstarf við aðila utan Háskóla Íslands og yfirlit um aukastörf utan skólans. Engin stig, hvorki fyrir rannsóknir, kennslu né annað eru veitt fyrir en fullnægjandi framtali hefur verið skilað.

## Rannsóknir

Mat á rannsóknum byggist í meginatriðum á birtingarvettvangi ritverks. Litið er svo á að efni sem birtist á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur hafi þegar verið metið með tilliti til efnisöflunar, frumleika og framlags til nýrrar þekkingar. Þá skiptir sköpum hvernig útgefandi stendur að ritrýni. Ritrýni telst fullnægjandi þegar efni sem til stendur að birta er sent til a.m.k. tveggja ritrýna. Ritrýni skal vera nafnlaus, fagleg, efnisleg og unnin af viðurkenndum sérfræðingum á viðkomandi sviði. Enn fremur er lagt mat á dreifingu, aðgengi og áhrif ritverka.

## Kennsla

Lagt er mat á virkni og gæði í kennslu, m.a. í birtu kennsluefni, nýsköpun í kennslu og leiðbeiningu nemenda í framhaldsnámi. Við Háskóla Íslands gildir að kennslustig vegna kennslureynslu (B1) fást ekki nema kennsluferilsskrá hafi verið uppfærð samhliða framtali starfa, sbr. að framan, en uppfæra þarf skrána árlega í tengslum við mat á störfum.

## Stjórnun, þjónusta og annað

Mat er lagt á stjórnunarstörf, sbr. C-hluta matskerfisins, og þjónustu, sbr. D-hluta kerfisins. Lagt er mat á tiltekin stjórnunarstörf sem einkum eru á vegum háskólanna í heild eða fræðasviða þeirra. Stjórnun á vegum deilda er að jafnaði ekki metin til stiga samkvæmt reglum þessum. Í D-hluta er lagt mat á ýmis störf er falla undir þjónustu og fræðslu fyrir almenning sem háskólafolk sinnir í krafti sérþekkingar sinnar.

Nýtt matskerfi Háskóla Íslands tók gildi frá með mati á störfum ársins 2010. Tölurnar sem fara hér á eftir miðast því við nýja matskerfið hvað 2010 varðar en 2009 og fyrr miðast við það matskerfi sem hefur verið notað undanfarin ár.

## Breytingar á matskerfi opinberra háskóla – Samþykktar af matskerfisnefnd 28.12.2011

Tilkynning frá matkerfisnefnd um breytingar á matskerfi opinberra háskóla

Hinn 1. janúar 2010 gekk í gildi nýtt matskerfi fyrir akademíska starfsmenn í opinberum háskólum. Matskerfið er byggt á samkomulagi á milli Félags prófessora við opinbera háskóla, opinberu háskólanna, fjármálaráðuneytisins og mennta- menningarmálaráðuneytisins frá 6. nóvember 2009. Samkvæmt samkomulagi þessu er það hlutverk vísindanefndar opinberra háskóla að gera tillögu til matskerfisnefndar um breytingar á kerfinu.


Um leið og niðurstöður mats ársins 2010 lágu fyrir, eða um mitt ár 2011, hóf vísindanefnd opinberra háskóla endurskoðun kerfisins. Hinn 7. október sl. óskaði nefndin eftir athugasemdum og ábendingum frá opinberu háskólunum og þeim kjarafélögum akademískra starfsmanna sem kerfið tekur til. Þá lágu einnig fyrir ábendingar frá fulltrúum í matsnefndum, auk nokkurra ábendinga frá áhugasömum aðilum.

Vísindanefnd opinberra háskóla samþykkti tillögur um breytingar á matskerfi opinberra háskóla á fundi sínum 14. desember 2011. Matkerfisnefnd hefur fjallað um tillögurnar og samþykkti, á fundi sínum 28. desember 2011, eftirfarandi breytingar á matskerfinu, sem gilda frá og með 1. janúar 2012. Störf akademískra starfsmanna á árinu 2011 verða metin í samræmi við þær reglur sem þá voru í gildi.

## Helstu breytingar á matskerfi opinberra háskóla:

1. Flokkun íslenskra vísinda- og fræðitímarita  
Í eldri reglum voru íslensk vísinda- og fræðitímarit flokkuð í samræmi við 18 tilgreind skilyrði. Flokkunarskilyrðin hafa verið endurskoðuð í ljósi reynslunnar og m.a. með það í huga að eftirleiðis mun vísindanefnd opinberra háskóla ákvarða, í samráði við hóp sérfræðinga, í hvaða stigaflokk tímarit fellur. Flokkun tímarits gildir til þriggja ára. Flokkunin grundvallast því áfram á hlutlægum skilyrðum, eins og verið hefur, en jafnframt á faglegu mati sérfræðinga.
2. Fjölgun ISI-tímarita í efsta flokki (20 stiga flokki)  
Hingað til hafa greinar í svokölluðum ISI-tímaritum með 10% hæsta áhrifastuðulinn (e. impact factor) í sínum flokki verið metnar til 20 stiga. Þetta hlutfall er nú hækkað í 20%. Með breytingu þessari er vægi bestu alþjóðlegu vísindatímaritanna aukið.
3. Hámark á fjölda stiga í flokki A6, fyrirlestrar og veggspjöld  
Sett er 20 stiga hámark á ári á fjölda rannsóknastiga vegna fyrirlestra og veggspjalda sem metin eru í flokki A6.
4. Mat á bókum og bókarköflum  
Í því skyni að bæta og samræma mat á bókum og bókarköflum mun matskerfisnefnd skipa sérstaka þriggja manna nefnd sem annast mat á slíkum ritverkum fyrir öll fræðasvið. Gert er ráð fyrir að þessi nefnd kalli til sérfræðinga eftir þörfum til að meta einstök verk.
5. Skýrslur – sérstakt mat  
Ákvæði um sérstakt mat nær nú yfir skýrslur (A8.1) að uppfylltum almennum skilyrðum.
6. Nýsköpun í listum  
Skilgreiningar á undirflokkum í A10.7 (nýsköpun í listum) eru færðar úr megin skjali matskerfisins í sérstakan viðauka II.
7. Útgáfuár  
Það verður æ algengara að í tímaritum birtist greinar fyrst rafrænt á vef og síðar á prenti. Til að taka af öll tvímæli er bætt við skýringu á bls. 1 um að útgáfuár ritverka telst vera það ár sem það birtist á prenti. Ef ritverk birtist á vef ári áður en það birtist á prenti er heimilt að telja það fram strax og það birtist á vef og er þá ekki nauðsynlegt að telja það fram aftur þegar það birtist á prenti.


Mynd 1. Heildarrannsóknastig Háskóla Íslands 2007–2010



\*Nýtt matskerfi 2010


Á myndum 1 og 2 er að finna yfirlit yfir heildarrannsóknastig akademískra starfsmanna Háskóla Íslands og stofnana hans árin 2007–2010. Á mynd 3 má sjá meðaltal rannsóknastiga akademískra starfsmanna eftir fræðasviðum 2010. Á mynd 4 má sjá meðaltal rannsóknastiga akademískra starfsmanna á fræðasviðum árið 2010, reiknað á fjölda starfsmanna í deild annars vegar og á fjölda starfsígilda hins vegar. Eins og sjá má er mjög mismunandi eftir fræðasviðum hve mikill munurinn er en almennt má segja að fjöldi hlutastarfa í deild og stærð deildar hafi mest áhrif þar á.

Mynd 2. Meðaltal rannsóknastiga 2007–2010. Allir starfsmenn




\*Nýtt matskerfi 2010


Mynd 3. Meðaltal rannsóknastiga 2010 eftir fræðasviðum



Mynd 4. Meðaltal rannsóknastiga 2010 á hvern starfsmann/starfsígildi eftir fræðasviðum



Mynd 5. Meðaltal rannsóknastiga 2007–2010 á hvern starfsmann á stofnunum tengdum Háskóla Íslands




\*Nýtt matskerfi 2010


### Skil á rannsóknaskýrslum

Á myndum 6 og 7 má sjá hve mismunandi skil eru á rannsóknaskýrslum hjá fræðasviðum og stofnunum. Tölurnar fyrir fræðasviðin á mynd 6 eiga einungis við skil á árinu 2010.

Mynd 6. Skil á rannsóknaskýrslum 2010 eftir fræðasviðum



Mynd 7. Skil á rannsóknaskýrslum 2007–2010. Stofnanir tengdar Háskóla Íslands




\*Nýtt matskerfi 2010


### Ritvirkni greind eftir flokkum ritverka

Á mynd 8 sést að 40% rannsóknastiga háskólans árið 2010 eru vegna greina sem birtust í alþjóðlegum tímaritum skráðum í ISI-gagnagrunnum, ERIH-A- og -B-listunum og íslenskum, ritrýndum tímaritum. ISI-gagnagrunnarnir eru þrír: á sviðum félagsvísinda, hugvísinda og heilbrigðis- og raunvísinda. ERIH-listarnir eru þrír og skiptast í A-, B- og C-lista. Þeir eru evrópskir gæðalistar. Fyrirlestrar og veggspjöld gefa 25% rannsóknastiga en aðrir flokkar koma alllangt á eftir. Bókarkafar gefa 11%, ráðstefnugreinar 7% og bækur gefa 3% rannsóknastiga. Aðrir hlutar matskerfisins standa fyrir 16% rannsóknastiga. Þar sem verk ársins 2010 voru metin eftir nýju matskerfi er samanburður við fyrri ár ekki mögulegur vegna breytinga á flokkum. Á mynd 9 má sjá hlutfall ritrýndra greina í heildarritvirkni fræðasviða. Það hlutfall jókst á öllum fræðasviðum árið 2010.

Mynd 8. Ritvirkni 2010, greind eftir birtingarflokkum



Mynd 9. Hlutfall ritrýndra greina 2008–2010 eftir fræðasviðum






## Rannsóknatengdir sjóðir

### Vinnumatssjóður

Sjóðurinn var stofnaður 1989 og byggist á kjarasamningi Félags háskólakennara og fjármálaráðherra. Allir akademískir starfsmenn sem eru í Félagi háskólakennara og í meira en 50% starfi eiga rétt á greiðslum úr sjóðnum. Vinnumatssjóður greiðir félagsmönnum sem sýnt hafa árangur í rannsóknum í samræmi við mat á ritverkum. Birtar greinar og rit eru metin og fari afköst yfir tiltekin mörk öðlast viðkomandi hlutdeild í Vinnumatssjóði í samræmi við stigafjölda. Á árinu 2011 voru akademískum starfsmönnum við Háskóla Íslands greiddar 194,4 m.kr., auk launatengdra gjalda, úr Vinnumatssjóði fyrir rannsóknafköst ársins 2010. Á mynd 10 má sjá hlutfall úthlutana úr Vinnumatssjóði eftir fræðasviðum síðustu ár.

Mynd 10. Hlutfall fræðasviða í Vinnumatssjóði 2007–2010 (%)



### Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora

Prófessorar fá greiðslu úr Ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora fyrir vinnu við rannsóknir umfram tiltekið lágmark. Greitt er fyrir birtar greinar og önnur ritverk í samræmi við stigafjölda sem grundvallast á mati á þessum verkum.


### Rannsóknasjóður

Vísindanefnd háskólans fer með stjórn Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands. Úr Rannsóknasjóði geta kennarar og sérfræðingar fengið styrki til vel skilgreindra verkefna, ef þau teljast hafa álitlegt vísindagildi að mati sérfróðra umsagnaraðila, ef fyrri störf umsækjanda sýna að hann sé líklegur til að ná árangri og full skil hafa verið gerð með framvinduskýrslum um nýtingu fyrri styrkja sem sjóðurinn hefur veitt umsækjanda. Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir eða undirsjóði, þ.e. almennan sjóð, skráningarsjóð og lausn frá kennslu. Fyrir árið 2012 var úthlutað 203 m.kr. til 191 verkefnis eða


að meðaltali 1063 þús.kr. á hverja styrkta umsókn (sjá myndir 11–13). Þar af voru fjögur skráningarverkefni styrkt.

Einnig veitir sjóðurinn nýdoktorum sem starfa við háskólann styrki (sjá mynd 14) og doktorsnemum ferðastyrki. Þessar styrkleiðir eru hluti af viðbótarfjárveitingu til styrktar rannsóknanámi við háskólann. Þá veitir Rannsóknasjóður doktorsnemum launastyrki en nánar er fjallað um það í sérkafla um framhaldsnám.


Mynd 11. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Heildarupphæð umsókna og styrkja 2009–2012 (m.kr. á verðlagi hvers árs)




Mynd 12. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Meðalupphæð styrkja (þús.kr.) og hlutfall úthlutunar af umbeðnu fé 2009–2012 (%)



Mynd 13. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Fjöldi umsókna og styrkja og hlutfall styrktra umsókna 2009–2012 (%)



Mynd 14. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Styrkir til nýdoktora. Fjöldi umsókna og styrkja og úthlutunarupphæð 2008–2011 (m.kr.)



## Tækjakaupasjóður


Háskólinn fær ekki fjárveitingu úr ríkissjóði til tækjakaupa en aflar fjár til þeirra með Hapdrætti Háskóla Íslands. Markmið sjóðsins er að gera kennurum og sérfræðingum kleift að kaupa nauðsynleg tæki til rannsókna. Sjóðurinn hafði á árinu 2011 um 31 m.kr. til ráðstöfunar. Sjóðurinn skiptist í tvo undirsjóði, sérhæfðan tækjakaupasjóð og verkefnabundinn tækjakaupasjóð. Sérhæfðu tækjakaupafé er úthlutað á grundvelli umsókna frá kennurum og sérfræðingum, sem forgangsraðað er af deildum. Verkefnabundnu tækjakaupafé er úthlutað af vísindanefnd háskólaráðs samhliða úthlutun úr Rannsóknasjóði.

Þá eru einnig veittir s.k. mótframlagastyrkir sem eru háðir því að umsækjandi hljóti styrk frá Tækjasjóði Vísinda- og tækniráðs. Alls voru veittir 8 slíkir styrkir á árinu að upphæð 15,2 m.kr.

## Verkefnabundin tæki

Til Rannsóknasjóðs má sækja um fé til kaupa á tækjabúnaði sem er nauðsynlegur til einstakra rannsóknaverkefna. Ráðstöfunarfé til kaupa á tækjum í þessu skyni kemur úr Tækjakaupasjóði háskólans. Fyrir árið 2011 var úthlutað um 6 m.kr. eftir þessari leið.

Mynd 15. Úthlutun úr Tækjakaupasjóði 2008–2011 (m.kr. á verðlagi hvers árs)



## Rannsóknatengt framhaldsnám


Mikilvægasta stefnumál Háskóla Íslands og helsti vaxtarbroddurinn í starfi hans er rannsóknatengt framhaldsnám: meistara- og doktorsnám. Þótt allt háskólanám hvíli að nokkru leyti á rannsóknavinnu nemenda greinir framhaldsnámið sig frá grunnnáminu þar sem í því er lögð höfuðáhersla á rannsóknir sem nemendur vinna undir handleiðslu leiðbeinenda. Framhaldsnámið er því einnig nefnt rannsóknánám. Í öllum deildum háskólans er nú í boði framhaldsnám eða rannsóknánám eftir fyrsta háskólapróf. Hvatt er til þess að hluti námsins fari fram við erlenda háskóla. Þangað eru einkum sótt sérhæfð námskeið sem háskólinn getur ekki boðið en rannsóknaverkefni eru yfirleitt unnin hér á landi, stundum í samvinnu við erlenda aðila.

Í stefnu Háskóla Íslands 2006–2011 var meðal annars stefnt að því að stórefla rannsóknatengt framhaldsnám við háskólann með því að fimmfalda fjölda brautskráðra doktora og tvöfalda fjölda brautskráðra meistaranema á tímabilinu. Það markmið er vel á veg komið. Þá var gert ráð fyrir að styrkjakerfi fyrir doktorsnám yrði stóreflt í áföngum fyrir árslok 2011. Rannsóknasjóður háskólans hefur verið tvöfaldaður á tímabilinu og nemur árlegt ráðstöfunarfé hans yfir 300 m.kr. og er a.m.k. helmingi þeirrar fjárhæðar varið í þágu doktorsnáms. Þá hafa deildir getað ráðið doktorsnema í aðstoðarkennarastörf.

## Doktorsstyrkir

Í samræmi við stefnu Háskóla Íslands hefur verið úthlutað sérstökum doktorsstyrkjum úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Umsóknarferli og faglegt matsferli er sameiginlegt fyrir báða sjóðina en úthlutunarnefnd Háskólasjóðs úthlutar styrkjum úr Háskólasjóði en vísindanefnd háskólaráðs doktorsstyrkjum Rannsóknasjóðs. Alls barst 171 umsókn í sjóðina, flestar fyrir verkefni þar sem samstarf leiðbeinanda og stúdents er hafið en 37 umsóknir voru eftir svokallaðri leið þar sem leiðbeinandi sækir um á grundvelli rannsóknaverkefnis til að ráða doktorsnema. Samtals voru veittir styrkir til 48 nemenda úr sjóðunum tveimur á árinu 2011.

Mynd 16. Doktorsstyrkir 2006–2011



## Háskólasjóður Eimskipafélags Íslands

Í maí 2011 var úthlutað í fjórða sinn úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands og var það í fyrsta skipti sem sjóðurinn úthlutaði nýjum styrkjum síðan 2008. Úthlutað var styrkjum til 15 verkefna.

Eftirtaldir hlutu styrk til þriggja ára: Elín Soffía Ólafsdóttir, Ivan Shelykh, Jón Atli Benediktsson, Jón Friðrik Sigurðsson og Viðar Guðmundsson.

Styrkur til tveggja ára: André Thibault, Ármann Jakobsson, Hannes Jónsson, Sigrún Aðalbjarnardóttir, Ragnar Sigbjörnsson og Þorgerður Einarsdóttir.

Styrkur til eins árs: Guðmundur Jónsson, Inga Þórsdóttir, Kristján Árnason og Unnur Dís Skaptadóttir.

Þann 11. október fór svo fram aukaúthlutun úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands í tilefni aldarafmælis Háskóla Íslands. Alls var úthlutað 12 styrkjum.

Eftirtaldir hlutu styrk til þriggja ára: Guðmundur Hrafn Guðmundsson, Guðrún Gísladóttir, Ingibjörg Svala Jónsdóttir, Magnús Karl Magnússon og Stefán Þ. Sigurðsson.

Styrkur til tveggja ára: Halldór Pálsson, Haraldur Ólafsson, Helgi Gunnlaugsson, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Sesselja Sigurborg Ómarsdóttir.

Styrkur til eins árs: Birna Arnbjörnsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir.

## Doktorsstyrkir Rannsóknasjóðs

Í maí 2011 var úthlutað doktorsstyrkjum Rannsóknasjóðs í fimmta sinn. Alls var veittur 21 styrkur.

Eftirtaldir hlutu styrk eftir leið b: Árni Kristjánsson, Einar Örn Sveinbjörnsson, Fjóla Jónsdóttir, Hafliði Pétur Gíslason, Jóna Freysdóttir, Jórunn Erla Eyfjörð, Snorri Þorgeir Ingvarsson, Snorri Þór Sigurðsson, Snæbjörn Pálsson, Steinunn Gestsdóttir, Torfi H. Tulinius, Vilhjálmur Árnason, Þorsteinn Loftsson og Þórarinn Gíslason.

Eftirtaldir hlutu styrk til þriggja ára: Guðmundur Hálfðanarson, Gunnar Helgi Kristinsson, Jónína Einarsdóttir og Tinna Laufey Ásgeirsdóttir.


Styrkur til tveggja ára: Dagný Kristjánsdóttir.

Styrkur til eins árs: Hanna Ragnarsdóttir og Sigurður Reynir Gíslason.

## Ferðastyrkir Rannsóknasjóðs

Á árinu voru veittir styrkir til ráðstefnuferða doktorsnema. Ferðastyrkirnir eru ætlaðir til þess að styrkja nema til þess að kynna niðurstöður sínar á ráðstefnum, fyrst og fremst erlendis, en ekki til námsferða eða þátttöku í námskeiðum. Skilyrði styrkveitingar var að fyrir lægi staðfest framlag nemanda á ráðstefnunni. Alls bárust 133 umsóknir og reyndist unnt að styrkja 112 þeirra.


Mynd 17. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands – Ferðastyrkir 2009–2011



## Aðstoðarkennarastyrkir

Í samræmi við stefnu Háskóla Íslands var sett á fót styrkjakerfi aðstoðarkennara. Markmið styrkjanna er að gera meistara- og doktorsnemum kleift að annast hóflega kennslu á sama tíma og þeir vinna að rannsóknaverkefni sínu. Við fjármögnun styrkjanna er gert ráð fyrir sameiginlegri fjármögnun af kennslu- og rannsóknafjárveitingum. Alls voru veittir 20 styrkir á árinu samtals að upphæð rúmlega 36 m.kr.

Mynd 18. Aðstoðarkennarastyrkir 2008–2011



## Aðstoðarmannasjóður

Markmið Aðstoðarmannasjóðs er að gera kennurum kleift að ráða sér stúdent eða nýbrautskráðan aðstoðarmann við rannsóknir og/eða kennslu og að aðstoðarmaðurinn öðlist þjálfun og færni í faglegum vinnubrögðum. Sjóðurinn veitir mjög hóflega styrki sem ætlaðir eru til greiða aðstoðarmanni laun á viðkomandi misseri. Frá árinu 2010 hafa fræðasviðin séð um úthlutun styrkja úr sjóðnum.

## Rannsóknastöðustyrkir

Rannsóknastöðustyrkir eru ætlaðir vísindamönnum sem hafa lokið doktorsprófi á síðastliðnum fimm árum og voru þeir veittir til allt að þriggja ára. Um þessa styrki gátu akademískir starfsmenn Háskóla Íslands sótt í samstarfi við nýdoktor. Ekki hefur verið úthlutað nýjum rannsóknastöðustyrkjum frá árinu 2008 en staðið var við skuldbindingar sjóðsins frá því ári.

## Ritaskrá Háskóla Íslands

Ritaskráin tekur til rita sem samin eru af háskólakennurum, sérfræðingum og öðrum starfsmönnum háskólans og byggist hún á upplýsingum sem starfsmenn senda til vísindasviðs vegna framtals starfa. Skráin endurspeglar hversu gróskumikið og fjölbreytt starf er við Háskóla Íslands. Efni ritaskrárinnar er flokkað í samræmi við matsreglur, sbr. mynd 8.

# Starfsmanna- og starfsþróunarmál

Meginhlutverk starfsmannasviðs háskólans er að vinna að vönduðum vinnubrögðum í starfsmannamálum við Háskóla Íslands og tryggja að lögum og reglum sé framfylgt í meðferð starfsmannamála. Verkefni starfsmannasviðs tekur mið af starfsmannastefnu háskólans. Leitast er við að gera háskólann að góðum vinnustað þar sem gott starf er unnið af áhugasömu, samstilltu og ábyrgu fólki í anda jafnræðis. Tryggja á starfsmönnum sem best starfsskilyrði og möguleika til að vaxa og dafna í starfi. Starfsmannasvið leggur áherslu á eitt af grunngildum Háskóla Íslands um heilindi og virðingu.

Starfsmannasvið er eitt af sex sviðum í sameiginlegri stjórnslu skólans og heyrir undir fjármál og rekstur. Á sviðinu störfuðu fimm starfskonur árið 2011 í 4,6 stöðugildum. Þær eru: Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir sviðsstjóri og verkefnastjórnarnir Anna Toher, Elísabet Þorsteinsdóttir, Hildur Halldórsdóttir og Kristín Helga Markúsdóttir, sem einnig er lögfræðingur sviðsins. Kristín Helga var ráðin til sviðsins í maí 2011 en þá lét af störfum Sólveig B. Gunnarsdóttir lögfræðingur sem starfað hafði við sviðið í 11 ár.

## Auglýsingar og umsóknir


Á árinu 2011 voru auglýst 39 akademísk störf sem alls 127 einstaklingar sóttu um (sjá mynd 1). Á árinu voru 46 önnur störf auglýst og sóttu 999 einstaklingar um þau (sjá mynd 2.) Á mynd 3 má sjá meðalfjölda umsækjenda um hvert starf hjá Háskóla Íslands. Þá voru auglýst 88 störf á vegum Vinnumálastofnunar vegna sumarstarfa til tveggja mánaða.

Mynd 1. Akademísk störf og aðjunktur – fjöldi auglýstra starfa og umsókna






Mynd 2. Önnur störf – fjöldi auglýstra starfa og umsókna




Mynd 3. Meðalfjöldi umsókna um hvert starf



## Starfsfólk

Fjöldi starfsfólks með ráðningarsaming við Háskóla Íslands í desember 2011 var 1.386 í 1.182 stöðugildum. Talsvert fleiri en fastráðið starfsfólk þiggja laun frá Háskóla Íslands og voru heildarlaun sem greidd voru með launatengdum gjöldum 9.153,5 milljónir króna, greidd 4.404 einstaklingum. Á mynd 4 og 5 má sjá fjölda starfsmanna við Háskóla Íslands eftir kyni og störfum.

Mynd 4. Fjöldi starfsfólks eftir kyni og starfsheitum, alls 1.386 einstaklingar



Mynd 5a. Allt starfsfólk á föstum launum

## Háskóli Íslands að meðtöldum starfsmönnum Raunvísindastofnunar Fjöldi starfsmanna með ráðningarsamning í desember 2011

Fjöldi einstaklinga 2011							Skrifstofufólk fræðasviða	Skrifstofufólk miðlæg stjórnsýsla	Stofnanir utan sviða – skrifstofufólk	Tæknifólk	Alls í HÍ 2011
Prófessorar	Dósentar	Lektorar	Aðjuntar	Sérfræðingar	Rannsóknarfólk						
Konur	68	60	79	53	16	169	129	88	34	17	713
Karlar	189	93	62	31	34	114	29	34	39	48	673
Alls	257	153	141	84	50	283	158	122	73	65	<b>1386</b>

551

Ársverk 2011							Skrifstofufólk fræðasviða	Skrifstofufólk miðlæg stjórnsýsla	Stofnanir utan sviða – skrifstofufólk	Tæknifólk	Alls í HÍ 2011
Prófessorar	Dósentar	Lektorar	Aðjuntar	Sérfræðingar	Rannsóknarfólk						
Konur	64,0	53,4	71,3	38	15,5	128,4	113,0	81,8	30,9	14,0	610
Karlar	159,9	71,9	49,5	22	33,0	96,1	25,3	30,3	38,1	45,5	571
Alls	223,9	125,3	120,8	60,1	48,5	224,5	138,3	112,1	69,0	59,5	<b>1181,9</b>

Til glöggvunar á starfsheitum eru „sérfræðingar“ akademískir starfsmenn og þá einnig „fræðimenn“ og „vísindamenn“. „Rannsóknarfólk“ eru starfsmenn sem ekki hafa akademískt hæfi en starfa við rannsóknir, s.s. starfsmenn á rannsóknastofum við þjónusturannsóknir, háskólanemar, nýdóttorar og starfsmenn við rannsóknir, sem eru oftast á sérstökum rannsóknastyrkjum. „Tæknifólk“ eru iðnaðarmenn, umsjónarmenn, starfsmenn lóðar, tanntæknar, baðverðir og ræstingarfólk.

Skrifstofufólki eru skipt í þrjú flokka: starfsmenn í miðlægri stjórnsýslu, starfsmenn stjórnsýslu fræðasviða og starfsmenn þjónustu- og rannsóknastofnana, en laun þeirra eru oft greidd af sjálfsaflafé. Að gefnu tilefni eru hér nánari skýringar á þessum hópi:

„Skrifstofufólk á einingum utan fræðasviða“: Reiknistofnun, Endurmenntunarstofnun, háskólasetrin úti á landi, Bókasafn Stakkahlíð, Rannsóknþjónusta háskólans og Háskólaútgáfan.

„Skrifstofufólk í miðlægri stjórnsýslu“: Starfsmenn námsráðgjafar, nemendaskrár, alþjóðaskrifstofu, kennslumiðstöðvar, kennslusviðs, vísindasviðs, starfsmannasviðs, fjármálasviðs, markaðs- og samskiptasviðs, framkvæmda- og tæknisviðs, stjórnsýslu á rekstri fasteigna, rektorsskrifstofu, háskólasjóðs og skjalasafns.


„Skrifstofufólk fræðasviða og stofnana sem heyra undir fræðasvið“: Hér eru starfsmenn stjórnsýslu hvers fræðasviðs og deilda sem undir það heyra. Auk þess teljast til þessa hóps allir starfsmenn á stofnunum sem tilheyra fræðasviðinu og ekki eru í hópi akademískra starfsmanna eða nema. Þannig eru t.d. starfsmenn Félagsvísindastofnunar með í samtölu skrifstofufólks Félagsvísindasviðs og Líffræðistofnunar er talin með Verk- og náttúruvísindasviði.

2011	Karlur			Konur			Samtals			Karlur			Konur			Samtals			Samtals
	Karlur	Konur	Samtals	Karlur	Konur	Samtals	Karlur	Konur	Samtals	Karlur	Konur	Samtals	Karlur	Konur	Samtals				
Hjúkrunarfræðideild	0	8	8	1	6	7	2	8	10	1	1	2	27						
Læknadeild	5	10	15	27	8	35	41	5	46	2	5	7	103						
Lyfjafræðideild	1	1	2	1	2	3	3	3	6	0	0	0	11						
Matvæla- og næringarfræðideild	2	0	2	2	0	2	1	3	4	0	0	0	8						
Sálfræðideild	1	4	5	4	1	5	3	0	3	0	0	0	13						
Tannlæknadeild	7	0	7	3	1	4	3	1	4	0	1	1	16						
Guðfræði- og trúarbragðafræðideild	1	0	1	0	1	1	5	1	6	0	0	0	8						
Íslensku- og menningardeild	2	2	4	1	3	4	12	5	17	4	6	10	35						
Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda	2	5	7	4	2	6	2	5	7	4	9	13	33						
Sagnfræði- og heimspekideild	0	1	1	1	1	2	17	2	19	1	1	2	24						
Menntavísindasvið	16	30	46	14	18	32	13	11	24	10	20	30	132						
Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild	4	1	5	4	1	5	11	1	12	0	0	0	22						
Jarðvísindadeild	0	0	0	0	2	2	6	1	7	0	0	0	9						
Líf- og umhverfisvísindadeild	1	3	4	4	4	8	8	5	13	0	0	0	25						
Rafmagns- og tölvuverkfræðideild	3	1	4	1	0	1	4	1	5	0	0	0	10						
Raunvísindadeild	0	0	0	5	0	5	28	0	28	0	0	0	33						
Umhverfis- og byggingarverkfræðideild	0	0	0	4	1	5	6	0	6	0	0	0	11						
Félagsráðgjafardeild	1	3	4	0	3	3	0	2	2	1	2	3	12						
Hagfræðideild	1	1	2	3	0	3	5	0	5	0	0	0	10						
Lagadeild	5	2	7	6	2	8	2	4	6			0	21						
Viðskiptafræðideild	8	2	10	4	2	6	5	0	5	6	3	9	30						
Stjórn málafræðideild	1	3	4	0	0	0	5	1	6	1	3	4	14						
Félags- og mannvísindadeild	1	2	3	4	2	6	7	9	16	1	2	3	28						
<b>Samtals</b>	<b>62</b>	<b>79</b>	<b>141</b>	<b>93</b>	<b>60</b>	<b>153</b>	<b>189</b>	<b>68</b>	<b>257</b>	<b>31</b>	<b>53</b>	<b>84</b>	<b>635</b>						
	<i>Karlur</i>	<i>Konur</i>	<i>Samtals</i>	<i>Karlur</i>	<i>Konur</i>	<i>Samtals</i>	<i>Karlur</i>	<i>Konur</i>	<i>Samtals</i>	<i>Karlur</i>	<i>Konur</i>	<i>Samtals</i>							
		<i>Lektorar</i>			<i>Dósentar</i>			<i>Prófessorar</i>			<i>Aðjuntar</i>								

Mynd 5b. Allt starfsfólk á föstum launum eftir fræðasviðum

Á mynd 6 má sjá meðalaldur akademískra starfsmanna við Háskóla Íslands á árunum 2000, 2005, 2008 og 2011.

Mynd 6. Meðalaldur prófessora, dósentra og lektora við Háskóla Íslands



Á launaskrá Háskóla Íslands er einnig starfsfólk sem ráðið er í verkefna- og tímavinnu. Stundakennarar eru þar fjölmennasti hópurinn og fjöldi þeirra á árinu 2011 má sjá á mynd 7.

Mynd 7. Umfang stundakennslu við Háskóla Íslands 2011

	Fjöldi einstaklinga <sup>1</sup>	Fjöldi stunda <sup>1</sup>	Fjöldi einstaklinga <sup>2</sup>	Fjöldi stunda <sup>2</sup>	Stundir alls	Ígildi aðjunkta
Félagsvísindasvið	459	77.771	-	-	77.771	73
Heilbrigðisvísindasvið	795	78.443	-	-	78.443	73
Hugvísindasvið	188	45.468	-	-	45.468	42
Menntavísindasvið	195	17.395	-	-	17.395	16
Menntavísindasvið / vettvangskennsla	166	5.307	67	1.606	6.913	6
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	362	77.130	-	-	77.130	72
	2.165	301.514	67	1.606	303.120	283

<sup>1</sup>Stundakennsla greidd í tímavinnu

<sup>2</sup>Vettvangskennsla greidd sem yfirvinna

Stundakennsla 1 og 2 umreiknuð í kennslu aðjunkta í fullu starfi (1072,5 stundir/ár)

Starfsmannavelta við skólann mælist 5,7% í heild fyrir árið 2011. Þar af er starfsmannavelta akademísku starfsfólks 5,5% og annars starfsfólks 5,8%. Starfsmannavelta er mæld með því að taka þann fjölda sem hætti störfum á tímabilinu (mánuður eða ár) og deila með meðalfjölda starfsmanna á tímabilinu. Tímabundnir starfsmenn eru ekki taldir með. Ekki er gerður greinarmunur á heildarveltu (e. total turnover) og sjálfviljugri veltu eða raunveltu (e. voluntary turnover) en sjálfviljug velta kallast það þegar einungis þeir sem hætta að eigin ósk eru taldir. Allir þeir sem hætta störfum eru því taldir með í tölum um starfsmannaveltu háskólans.

## Fræðsla

Mikið úrval námskeiða var í boði 2011 líkt og undanfarin ár þrátt fyrir færri námskeið. Við val á efni í fræðsludagskrána er tekið mið af óskum starfsfólks um fræðslu í starfsmannasamtölum, tillögum og ábendingum úr ánægjukönnun í lok námskeiða, ásamt því sem markmið við stjórn skólans eru höfð að leiðarljósi. Mikil áhersla er lögð á að vefritarar, þ.e. þeir sem sjá um að skrifa efni á heimasíðu háskólans í Drupal-kerfinu, fái reglulega kennslu á vefinn og aðgang að vinnustofu í kjölfarið. Önnur hugbúnaðar- og kerfisfræðsla var í boði, s.s. kennsla á Lotus Notes póstkerfið og dagbókina sem því er tengd, skjalavistunarkerfið Námuna, Excel, Pivot-töflugerð og Power Point glærugerð, og voru þessi námskeið vel sótt. Tungumálanámskeið voru í boði, sérsniðin fyrir starfsfólk í háskólastarfi. Boðið var upp á kennslu í ensku, dönsku og íslensku sem öðru máli fyrir erlenda starfsmenn.

Fræðsludagur starfsfólks í stjórnsýslustörfum var vel sóttur og út úr því starfi voru valin þrjú umbótaverkefni:

- Verklagsreglur í stjórnsýslu
- Hlutverk og skipting verkefna í miðlægri stjórnsýslu og stjórnsýslu sviða
- Upplýsingaflæði – innri vefur

Vinnuhópar sem skipaðir voru í kjölfar fræðsludagsins kynntu niðurstöður sínar haustið 2011 og haldið var áfram að vinna enn frekar að tveimur síðari verkefnum.

Boðið var upp á námskeið í persónulegri færni, s.s. námskeiðin Að auka seiglu og stjórna eigin líðan, Samskiptastílar og Framsögn og raddbeiting.

Haldin var sérstök móttaka fyrir nýtt starfsfólk þrisvar á árinu, bæði á íslensku og ensku. Í kjölfar íslensku móttökunnar var boðið upp á kynningu frá umboðsmanni Alþingis sem nefndist Hvað felur í sér að vera opinber starfsmaður? Þessari fræðslu hefur verið vel tekið jafnt hjá nýju starfsfólki sem þeim sem hafa verið hér lengur.


## Önnur fræðsla

Minna var um kaffifundi og fræðslu fyrir erlenda starfsmenn en áður. Þá fækkaði fræðslufundum stjórnenda við skólann frá því árið áður. Morgunfundum Skólabæjarhópsins, fyrrverandi starfsfólks sem hætt hefur störfum sökum aldurs, hefur hins vegar vaxið fiskur um hrygg.

Heilsumánuður var haldinn frá 15. mars til 14. apríl með fjölbreyttri dagskrá um hollustu og hreyfingu og boðið var upp á ýmsar heilsumælingar í tengslum við dagskrána. Þátttaka í viðburðum á heilsudögum hefur aukist og ber þá hæst að þátttakendum í Háskólahlaupinu hefur fjölgað. Alls tóku 147 háskólaborgarar, nemendur og starfsfólk, þátt í hlaupinu á árinu.



Mynd 8. Umfang fræðslu á vegum starfsmannasviðs mælt í vinnustundum starfsmanna



## Rekstur og framkvæmdir

Framkvæmda- og tæknisvið hefur yfirumsjón með málefnum er lúta að skipulagi háskólasvæðisins, rekstri bygginga Háskóla Íslands og framkvæmdum á hans vegum. Sviðsstjóri er Guðmundur R. Jónsson og skrifstofustjóri er Sigurlaug I. Lövdahl.

Eftirfarandi einingar heyra undir sviðið:

- Byggingar og tækni, sem hefur umsjón með viðhaldi fasteigna, hirðingu lóða Háskóla Íslands og rekstri verkstæðis. Árlega er unnið að fjölmörgum viðhaldsverkefnum innan- sem utanhúss. Hjá deildinni starfa 13 fastráðnir menn og leitað er til verktaka eftir þörfum. Umfang verkefna hefur aukist eftir því sem skólinn hefur stækkað. Byggingarmagn háskólans er um hundrað þúsund fermetrar. Framkvæmdir vegna viðhalds háskólabygginga eru almennt fjármagnaðar af fjárveitingu skólans en kostnaður vegna meiriháttar viðhaldsverkefna og nýbygginga er borinn af Hapdrætti Háskóla Íslands og umfang verkefna hverju sinni háðar árlegu fjárframlagi hapdrættisins. Byggingastjóri er Ingólfur B. Aðalbjörnsson.
- Rekstur fasteigna, sem sér um almennan rekstur á húsnæði Háskóla Íslands. Stærstu verkefni eru almenn umsjón með húsnæðinu, aðgangs- og öryggiskerfum, ræstingu og sorphirðumálum, þ.m.t. flokkun til endurvinnslu en unnið er markvisst að því að auka og bæta hana. Rekstur fasteigna hefur yfirumsjón og eftirlit með bókunum í stofur og reglum þar að lútandi. Þá heyrir tæknibúnaður í kennslustofum, ýmsir leigu- og verksamningar, tryggingamál, fasteignagjöld, rafmagn og hiti undir starfseininguna. Fastir starfsmenn eru 22 en auk þess sá hluti ræstingafólks sem er starfsmenn Háskóla Íslands. Rekstrarstjóri fasteigna er jafnframt starfsmaður öryggisnefndar Háskóla Íslands en aðbúnaður, hollustuhættir og almennt öryggi starfsmanna heyra bæði undir starfsmannasvið og öryggisnefnd. Rekstrarstjóri er Sigríður Björnsdóttir.
- Íþróttahús háskólans, þar sem nemendum og starfsfólki er boðið upp á aðstöðu til heilsuræktar í leikfimissal og tækjasal. Rekin eru tvö íþróttahús við Háskóla Íslands sem opin eru nemendum og starfsfólki skólans gegn vægu gjaldi. Annað þeirra er við Sæmundargötu en hitt er á Laugarvatni þar sem Íþróttufræðasetur Menntavísindasviðs er til húsa.

- Póst- og sendilsþjónusta. Einn starfsmaður í fullu starfi hefur umsjón með póstsendingum frá skólanum og til hans, auk innanhússpósts.

## **Helstu viðhalds- og framkvæmdaverkefni framkvæmda- og tæknisviðs á árinu:**

### **Aðalbygging**

Haldið var áfram með endurbætur og breytingar innan byggingarinnar og á lóð sem hófust á árinu 2010. Í anddyri var útbúin ný móttaka í samráði við húsafriðunarnefnd og þótti hún takast afar vel. Upplýsingaskrifstofa fluttist í þetta nýja móttökurými í desember úr rýminu inni af anddyrinu þar sem símsvörun hafði verið síðan Háskólabókasafn fluttist í Þjóðarbókhöfðu árið 1994. Byrjað var á framkvæmd við uppsetningu á útiljósum og neyðarlýsingu og er stefnt að verklokum innan næstu tveggja ára.

### **Árnagarður**

Unnið var að utanhússviðgerðum og m.a. gert við steypuskemmdir, útveggir holufylltir og málaðir. Einnig voru gluggakarmar yfirfarnir og málaðir.

### **Hús Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum**

Á árinu 2008 fór fram samkeppni um hönnun húss Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sigurvegarar samkeppninnar voru Hornsteinar arkitektar sem luku hönnun byggingarinnar haustið 2010. Byggingin mun hýsa Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og íslenskuhluta Íslensku- og menningardeildar á Hugvísindasviði. Framkvæmdin verður á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Háskóla Íslands en ekki liggur fyrir hvenær verkið getur hafist.

### **Landspítali – Háskólasjúkrahús**

Framkvæmda- og tæknisvið hefur frá árinu 2006 tekið þátt í undirbúningsvinnu vegna nýs háskólasjúkrahúss í samráði við heilbrigðisvísindadeildir skólans. Sumarið 2010 fór fram samkeppni um frumhönnun á 66 þúsund m<sup>2</sup> byggingum fyrir Landspítala – Háskólasjúkrahús og allt að 10 þúsund m<sup>2</sup> byggingu fyrir Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands, ásamt gerð nýs deiliskipulags fyrir spítalasvæðið. Vinningshafi var SPITAL-hópurinn. Frá haustinu 2010 hefur framkvæmda- og tæknisvið, ásamt fulltrúum frá Heilbrigðisvísindasviði, tekið þátt í vinnu vegna frumhönnunarinnar en gert er ráð fyrir að henni ljúki í byrjun árs 2011.

### **Laugarvatn**

Unnið var að fjölmörgum viðhaldsverkefnum í skólahúsi, íþróttahúsi og sundlaug.

### **Læknagarður**

Gagngerar endurbætur fóru fram á ytra byrði hússins. Gert var við steypuskemmdir, útveggir holufylltir og málaðir, svo og gluggar. Vesturhluti lóðarinnar var þökulagður en sumarið áður hafði lóð sunnan og austan við húsið verið jöfnuð og sáð í hana grasi.

## **Oddi**

Gerðar voru verulegar breytingar á 3. hæð byggingarinnar. Útbúið var nýtt opið rými fyrir doktorsnema á Félagsvísindasviði með einstaklingsaðstöðu í básum og samnýtanlegu fundarherbergi. Rýmið er aðskilið frá almennu rými með glervegg.

## **Stakkahlíð**

Gagngerar endurbætur voru gerðar á ytra byrði hússins. Gert var við steypuskemmdir, útveggir holufylltir og málaðir, svo og gluggar.

## **Neshagi 16**

Salerni fyrir fatlaða var komið fyrir á 1. hæð hússins og unnið að smærri viðhaldsverkefnum innanhúss.

# **Fjárreiður og rekstur**

## **Starfsemi fjármálasviðs**

Helstu verkefni fjármálasviðs eru áætlanagerð, fjárvarsla, innkaup, launaafgreiðsla og reikningshald. Þá vinnur sviðið með fjármálanefnd og samráðsnefnd um kjaramál. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs vann með fjármálanefnd háskólaráðs eins og áður og var á árinu unnið að ýmsum málum er lúta að skiptingu fjármagns innan skólans og fræðasviðanna fimm.


## **Heildartölur um rekstur Háskóla Íslands 2011 með samanburði við árið 2010**

Háskóli Íslands var rekinn með 256,5 m.kr. tekjuafgangi samanborið við 209,5 m.kr. afgang árið áður. Hagnaðurinn skiptist þannig að af reglulegri starfsemi var 214,5 m.kr. afgangur samanborið við 421,2 m.kr. árið áður. Fjármagnstekjur námu 42,0 m.kr. samanborið við 211,7 m.kr. fjármagnsgjöld árið áður. Stærstur hluti þessara fjármagnstekna og -gjalda er vegna gengisbreytinga og er þessi liður því óreglulegur.


Fjárveiting í fjárlögum nam 8.489,0 m.kr. og lækkaði um 5,4% frá árinu áður. Til viðbótar komu fjárheimildir frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna sérstakra verkefna, launabóta og ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora. Þá fékk Háskóli Íslands í lok ársins 150 m.kr. á fjárukalögum í tilefni aldarafmælis skólans. Alls námu viðbótarfjárheimildir 589,8 m.kr. Samtals námu því fjárheimildir 9.078,8 m.kr. og lækkuðu um 0,9% frá árinu áður.

Greiðslur úr ríkissjóði á árinu námu 9.162,9 m.kr. og versnaði staða Háskóla Íslands gagnvart ríkissjóði um 84,0 m.kr. og skuldaði háskólinn ríkissjóði 189,9 m.kr. í árslok. Sértekjur námu alls 5.021,3 m.kr. samanborið við 4.952,6 m.kr. árið áður og munar þar mest um auknar erlendar tekjur sem námu alls 1.138,8 m.kr. og hækkuðu um 176,0 m.kr. frá árinu áður. Sértekjur jukust um 68,6 m.kr. þrátt fyrir 183,0 m.kr. lækkun á framlagi frá Happraetti Háskóla Íslands. Skrásetningargjöld námu 564,7 m.kr. Tekjur af endurmenntun og símenntun námu 423,0 m.kr., sem er 11% samdráttur frá árinu áður.


Mynd 1. Tekjur Háskóla Íslands 2000–2011 í m.kr.



Mynd 2. Skipting útgjalda Háskóla Íslands 2011



Mynd 3. Skipting útgjalda eftir fræðasviðum 2011



Innlendir styrkir til Háskóla Íslands námu 1.404,6 m.kr. og hækkuðu um 7,3%. Rekstrartekjur alls lækkuðu um 0,1% og námu 14.100,1 m.kr. samanborið við 14.116,2 m.kr. árið áður. Í ársreikningi 2008 voru í fyrsta sinn færðar fyrirfram innheimtar tekjur til lækkunar á styrkjum og til skuldar í efnahag. Þessi upphæð lækkaði og nam 1.225,4 m.kr. á árinu 2011 samanborið við 1331,5 m.kr. árið áður. Lækkunin frá árinu 2010 til ársins 2011 nemur því 106 m.kr., og skýrist hún af styrkjum sem aflað hafði verið á fyrri árum og voru notaðir á árinu 2011.

Útgjöld námu alls 13.886 m.kr. samanborið við 13.695 m.kr. árið áður. Afgangur var af reglulegum rekstri og nam hann 214,5 m.kr. samanborið við 421,2 m.kr. árið áður. Útgjöld alls jukust um 190,7 m.kr., eða 1,4% milli ára. Þetta skiptist þannig að rekstrarútgjöld uxu um 582,4 m.kr., eða 4,5%, frá 2010 til 2011 en framkvæmdaliðir lækkuðu um 391,7 m.kr. Þessi lækkun framkvæmdaliða endurspeglar tímabundið hlé á framkvæmum uns Hús Vigdísar Finnbogadóttur og Hús Íslenskra fræða verða reyst. Ársverkum fjölgaði um 0,2% milli ára og voru þau 1.277,5 árið 2011. Laun á hvert ársverk jukust um 2,7% og fór launakostnaður alls úr 8.836,5 m.kr. í 9.096,6 m.kr.

Fjölgun starfsmanna og aukning launa- og annars reksturskostnaðar hefur á liðnum árum verið mun minni en sem nemur fjölgun nemenda og verðlagshækkunum. Með öðrum orðum þá hefur framleiðni Háskóla Íslands aukist.

### Framkvæmd kennslusamnings

Hinn 11. janúar 2007 var undirritaður samningur milli Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytisins um framkvæmd kennslu og rannsókna. Samningurinn var til fimm ára, 2007 til 2011, en framkvæmd hans var frestað árið 2009. Framlög skólans voru hækkuð um 300 m.kr. á fjárlögum 2007 og 640 m.kr. á fjárlögum 2008 í tengslum við samninginn. Í samningnum var gert ráð fyrir að rannsóknaframlög til skólans skyldu hækka um 640 m.kr. árlega á tímabilinu 2008–2011 og hefðu þá hækkað um tæpa þrjú milljarða í lok samningstímabilsins, árið 2011. Vegna efnahagsástands var framkvæmd samningsins frestað á árinu 2009 og því kemur ekki til þeirra viðbótarframlaga sem þar

er getið. Í tilefni aldarafmælis skólans á árinu 2011 fékk skólinn aftur á móti 150 m.kr. til eflingar rannsóknnum og kennslu með vilyrði fyrir 250 m.kr. fjárveitingu á árinu 2012 og 400 m.kr. á árinu 2013.

Háskóli Íslands hefur skilað af sér kennsluuppgjöri vegna ársins 2011 í samræmi við kennslusamning. Þar kom fram að á árinu 2011 var 14.014 nemandi skráður við háskólann. Virkni nemenda var að meðaltali 67,0% og virkir nemendur alls 9.392. Þar af voru 127 nemendur í MBA- og MPM-námi og þeir greiddu kennslukostnað að fullu og voru því utan kennslusamningsins. Að viðbættum 50 nemendum frá Keili komu til uppgjörs samkvæmt kennslusamningi 9.315 virkir nemendur. Á fjárlögum ársins 2011 var gert ráð fyrir samtals 8.865 virkum nemendum. Virkir nemendur umfram fjárlög voru því 450.

## Kennsla

Skráðum nemendum fjölgaði um 33 á árinu, eða 0,3%. Bókfærð gjöld kennsludeilda námu 8.405,7 m.kr., sértekjur námu 1.329,7 m.kr. og fjárveiting 7.137,1 m.kr. Afgangur varð því af rekstri deilda. Tekjur vegna endurmenntunar og símenntunar drógust saman á árinu um 11% og voru 423,1 m.kr. samanborið við 474,1 m.kr. árið áður.

## Rannsóknir

Styrkir til rannsókna á árinu 2011 jukust um 427 m.kr. frá 2010. Styrkir námu 2.543,4 m.kr. samanborið við 2.272,1 m.kr. árið áður. Tekjur af innlendum styrkjum jukust um 95,2 m.kr. og erlendir styrkir jukust um 176,1 m.kr. Styrkir eru að mestu til rannsókna en þó er hluti erlendu styrkjanna sérstaklega ætlaður til aukinna erlendra samskipta nemenda og kennara. Aðrar sértekjur af þjónustu og rannsóknnum námu 938,1 m.kr. samanborið við 899,3 m.kr. árið áður.

## Sameiginleg stjórnýsla og rekstur fasteigna

Jafnvægi var í rekstri sameiginlegrar stjórnýslu á árinu 2011 þrátt fyrir aukin umsvif skólans. Rekstur fasteigna var rekinn með 39,6 m.kr. afgangi samanborið við 56,2 m.kr. afgang árið áður. Gripið hefur verið til margvíslegra hagræðingaraðgerða í rekstri fasteigna sem skýra þennan afgang.

## Framkvæmdafé

Framlög frá Happraetti Háskóla Íslands til viðhalds bygginga, framkvæmda og tækjakaupa námu 552 m.kr. árið 2011 samanborið við 735 m.kr. árið 2010. Stærstu viðhaldsverkefni voru unnin við Aðalbyggingu, Odda og húsnæðið við Stakkahlíð. Mikill samdráttur varð á nýframkvæmdum og tækjakaupum samanber eftirfarandi töflu.

## Byggingar og tækjakaup

Fjárhæðir í þús.kr.	2011	2010
Aðalbygging	165	52.305
Landspítali – Háskólasjúkrahús (ný bygging)	48.642	0
Aðrar byggingar	86.546	432.887
Tækjakaup	26.326	57.536
Húsgögn og búnaður	40.162	29.997
Annað	0	51.488
Samtals	201.842	624.213

# Ársreikningur Háskóla Íslands 2011

<b>Ársreikningur Háskóla Íslands 2011</b>			
<b>Rekstrarreikningur</b>			
	<b>2011</b>	<b>2010</b>	<b>Breyting</b>
	<b>þús.kr.</b>	<b>þús.kr.</b>	<b>%</b>
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Fjárlög	8.489.000	8.976.400	-5,4%
Fjáráukalög og fjárheimildir	589.840	187.142	215,2%
<b>Fjárveiting alls</b>	<b>9.078.840</b>	<b>9.163.542</b>	<b>-0,9%</b>
Framlag Happraættis Háskóla Íslands	552.000	735.000	-24,9%
Skrásetningargjöld	564.673	572.088	-1,3%
Endurmenntun, símenntun	423.066	474.080	-10,8%
Erlendar tekjur (styrkir)	1.138.842	962.788	18,3%
Innlendir styrkir	1.404.584	1.309.353	7,3%
Aðrar sértekjur	938.099	899.306	4,3%
<b>Sértekjur</b>	<b>5.021.263</b>	<b>4.952.615</b>	<b>1,4%</b>
<b>Rekstrartekjur alls</b>	<b>14.100.104</b>	<b>14.116.157</b>	<b>-0,1%</b>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Sameiginleg stjórnarsýsla	1.010.214	837.250	20,7%
Félagsvísindasvið	1.802.498	1.577.127	14,3%
Heilbrigðisvísindasvið	2.021.975	1.950.015	3,7%
Hugvísindasvið	1.209.670	1.096.944	10,3%
Menntavísindasvið	1.407.733	1.495.473	-5,9%
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	1.963.811	2.084.310	-5,8%
Rannsóknastofnanir utan fræðasviða	148.725	277.661	-46,4%
Þjónustustofnanir	1.622.151	1.354.019	19,8%
Endurmenntunarstofnun	302.954	327.120	-7,4%
Sameiginlegur kostnaður fræðasviða	931.506	864.674	7,7%
Rekstur fasteigna	983.709	957.961	2,7%
<b>Rekstur alls</b>	<b>13.404.946</b>	<b>12.822.556</b>	<b>4,5%</b>
Viðhald fasteigna	278.835	248.186	12,3%
Tækjakaup	66.488	80.881	-17,8%
Nýbyggingar	135.354	543.331	-75,1%
<b>Viðhald og nýbyggingar</b>	<b>480.676</b>	<b>872.399</b>	<b>-44,9%</b>
<b>Útgjöld alls</b>	<b>13.885.623</b>	<b>13.694.955</b>	<b>1,4%</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>214.481</b>	<b>421.202</b>	
Fjármunatekjur (fjármunagjöld)	41.977	-211.707	

<b>Tekjuafgangur ársins</b>	<b>256.458</b>	<b>209.495</b>
<b>Efnahagsreikningur 31. desember 2011</b>		
	<b>2010</b>	<b>2010</b>
<b>Eignir</b>	<b>þús.kr</b>	<b>þús.kr</b>
Bankainnstæður í erlendri mynt	1.113.972	1.211.554
Sjóðir og innlendar bankainnstæður	845.220	401.534
Skammtímakröfur	468.059	624.303
Hlutafé**	345.871	335.371
<b>Eignir alls</b>	<b>2.773.122</b>	<b>2.572.762</b>
<b>Skuldir</b>		
Langtímaskuldir	39.565	42.947
Viðskiptareikningur ríkissjóðs	189.928	105.892
Skammtímaskuldir	1.402.094	1.538.846
Eigið fé	1.141.535	885.077
<b>Skuldir alls</b>	<b>2.773.122</b>	<b>2.572.762</b>
** Einkum Vísindagarðar ehf. og Keilir ehf.		

## Innri endurskoðun

Innri endurskoðun vinnur fyrir háskólaráð og á hún að bæta rekstur háskólans með því að aðstoða stjórnendur við að ná settum rekstrarmarkmiðum, meta árangur og bæta áhættustýringu, eftirlit og stjórnun. Aðaláhersla innri endurskoðunar er því að kanna og meta hvort innra eftirlitið sé virkt svo að starfsemi háskólans sé í eðlilegum farvegi. Innri endurskoðun er sjálfstæð eining sem heyrir faglega undir háskólaráð og stjórnsýslulega undir rektor. Við innri endurskoðun starfar einn starfsmaður, Gunnlaugur H. Jónsson.

Samkvæmt erindisbréfi er hlutverk innri endurskoðunar eftirfarandi:

- Að aðstoða stjórnendur við að greina og meta áhættuþætti í rekstri háskólans.
- Að meta hvort innri stjórnþætti háskólans, upplýsingakerfi, vinnuferlar, skipulag og stjórnun séu árangursrík, hæfi markmiðum skólans og séu örugg.
- Að meta hvort reikningshald, uppgjör og ársreikningar séu í samræmi við innri og ytri lög og reglur.
- Að meta hvort rekstur háskólans stefni að sameiginlegu markmiði og enn fremur að háskólaráð og stjórnendur skólans fái réttar og nauðsynlegar upplýsingar til þess að taka ákvarðanir.
- Að ráðleggja um málefni er varða rekstur og fjármál og málefni er varða innri stjórnun og stýringu.
- Að leggja til breytingar sem geta bætt rekstur og stjórnun háskólans og breytt verklagi og stjórnkerfum til hins betra.
- Að gera ýmsar úttektir á starfsemi skólans í samráði við háskólaráð og rektor skólans.

Samkvæmt reglum Evrópusambandsins þarf að fylgja vottorð frá endurskoðanda um að fjárhagsleg uppgjör á rannsóknaverkefnum séu í samræmi við bókhald Háskóla Íslands og reglur sambandsins. Innri endurskoðun vottar reglulega uppgjör til Evrópusambandsins, svo og norrænu ráðherranefndarinnar, vegna verkefna sem unnin hafa verið innan skólans.

Í janúar 2010 skilaði innri endurskoðun úttekt á fjármálum, rekstri og starfsmannamálum námsbrautar í fornleifafræði, sem og tengslum hennar við aðila utan háskólans. Skýrslan var skrifuð á ensku og var hluti af alþjóðlegri úttekt á námsbrautinni. Innri endurskoðun lagði til:



- að reglulega yrði metið hvort réttlæt看legt væri að halda úti námsbrautum sem draga að sér takmarkaðan fjölda nemenda,
- að þeir kennarar sem starfa við Fornleifafraeðistofnun Íslands verði að hluta í starfi við Háskóla Íslands og að hluta við Fornleifastofnun Íslands, líkt og kennari sem er að hluta í starfi við Háskóla Íslands og að hluta í starfi við Þjóðminjasafn Íslands.

Nemendaskrárkerfið er eitt mikilvægasta upplýsingakerfi skólans. Innri endurskoðun hefur bent á að jafnframt sé mjög mikilvægt að það nýtist vel sem stjórnþæki. Þá muni aukin samvinna háskóla og væntanleg samnýting þeirra á nemendaskrárkerfi Háskóla Íslands leiða til þess að enn frekari kröfur verða gerðar til kerfisins. Bent hefur verið á nokkur atriði sem þarfnast úrbóta:

- að gefin verði út notendahandbók,
- að hugtök verði skilgreind nánar og samræmd alþjóðlegum venjum,
- að skerpt verði á hugtakinu nemandi, þannig að fjöldi nemenda sé í samræmi við tölur Hagstofu Íslands,
- að aðgreind verði hugtök/gagnabreytur sem varða skipulag háskóla en undir það falla fræðasvið, deildir og námsbrautir annars vegar og hins vegar hugtök sem varða fræðin, þ.e. námsgreinar, en undir námsgreinar falla námsleiðir og námskeið sem miða að tiltekinni prófgráðu,
- að háskólaráð, að fenginni tillögu kennslusviðs, skilgreini þær námsgreinar og þær prófgráður sem nám við skólann skuli falla undir,
- að allar námsleiðir skuli falla undir tiltekna námsgrein og ljúka með tiltekinni prófgráðu,
- að skráning nemenda verði ítarlegri en nú þannig að nemendur tilgreini við skráningu hvort þeir ætli að vera í fullu námi eða hlutanámi,
- að úrvinnsla á árangri nemenda taki mið af einstaklingum/kennitölum en ekki námsferlum sem eru mun fleiri en nemendurnir,
- að vegna aukinnar samvinnu og væntanlegrar samnýtingar háskóla á nemendaskrárkerfinu og aukinna nemendaskipta milli skóla verði allir ríkisháskólarnir í sama nemendaskrárkerfinu þannig að nemendur geti skráð sig í einu kerfi í námskeið óháð skólum og kennarar skráð námsárangur nemenda óháð skólum,
- að númer námskeiða og námsleiða verði samræmd þannig að ekki séu í gangi gömul og ný númer samtímis,
- að námsleiðum verði fækkað með því að fella niður fámennustu námsleiðirnar,
- að skráðum námskeiðum verði fækkað með því að samræma námsframboð milli greina, sameina námskeið og fella niður námskeið sem hafa ekki verið kennd í nokkur ár eða laðað að sér fáa virka nemendur.

Háskólabíó var opnað á 50 ára afmæli Háskóla Íslands árið 1961. Lengi vel bar það sig fjárhagslega og naut þess að vera með stóran sal. Með breyttum aðstæðum var talið nauðsynlegt að bæta við fleiri sölum og var bætt við nýbyggingu með fjórum bíósölum sem teknir voru í notkun á árinu 1989. Reksturinn hefur ekki borið sig árum saman og hefur Háskóli Íslands þurft að styðja við reksturinn fjárhagslega. Reksturinn varð enn erfiðari eftir að Sinfóníuhljómsveitin flutti í Hörpu vorið 2011. Lagt er til að rekstri Háskólabíós verði hætt, efnahagsreikningur bíósins sameinaður efnahagsreikningi háskólans og byggingin rekin sem ein af byggingum háskólans.

Alþjóðaskrifstofan og Rannsóknþjónustan sinna sameiginlega ýmsum verkefnum, þar á meðal úthlutun styrkja fyrir Evrópusambandið. Innri endurskoðun leggur til að hugað verði að því að sameina innan Háskóla Íslands alla umsjón með úthlutun erlendra styrkja. Þá verði að tryggja að bókhald Háskóla Íslands gefi rétta mynd af stöðu allra verkefna sem sinnt er fyrir Evrópusambandið, enda er það eina lögformlega kerfið til þess að halda utan um fjármál verkefna skólans. Þeir sem bera fjárhagslega ábyrgð á þessum verkefnum þurfa í samræmi við reglur Evrópusambandsins að tryggja að bókhaldið endurspegli rétta stöðu verkefna á hverjum tíma.

Innri endurskoðun vann með reikningshaldi og Ríkisendurskoðun að fjárhagslegu uppgjöri ársins 2011. Rekstur Háskóla Íslands var í jafnvægi á árinu 2011. Heildarvelta nam 13.981 m.kr. og afgangur af rekstri var 74 m.kr. samanborið við 241 m.kr. afgang árið áður. Innri endurskoðun telur að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Háskóla Íslands á árinu 2011 en minnir á fyrri ábendingar um að ríkið viðurkenni formlega eignarhald skólans á tilteknum eignum, svo sem Vísindagörðum ehf., Herdísarvík og fleiri fasteignum sem skólanum hafa verið gefnar. Eigið fé í lok árs 2011 var 750 m.kr. og þar af voru 335 m.kr. bundnar í hlutafé, einkum í Vísindagörðum og Keili. Enn fremur er lagt til að komið verði á samræmdri skráningu á eignum skólans og aukin vinna verði lögð í að sinna innheimtu krafna og samræma viðskiptamannabókhalda Háskóla Íslands viðskiptabókhalda viðkomandi viðskiptavina.

## Skýrsla stjórnenda Styrktarsjóða Háskóla Íslands

Í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands eru rúmlega sextíu sjóðir og gjafir sem borist hafa háskólanum allt frá stofnun hans. Hluti sjóðanna starfar eftir staðfestri skipulagsskrá þar sem kveðið er á um hvernig styrkjum skuli úthlutað til ýmissa verkefna nemenda, kennara eða vísindamanna. Fjárreiður Styrktarsjóðanna eru aðskildar frá fjárreiðum skólans. Bókhalda sjóðanna er sjálfstætt og lýtur endurskoðun löggilts endurskoðanda og Ríkisendurskoðunar. Endurskoðandi sjóðanna er endurskoðunarfyrtækið PwC og fyrir hönd þess þeir Gunnar T. Ásgeirsson og Kristinn Kristjánsson, löggiltir endurskoðendur. PwC hefur jafnframt séð um bókhalda sjóðanna frá árinu 2008. Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir markaðs- og samskiptasvið í miðlægrri stjórnslu Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri Styrktarsjóðanna er Helga Brá Árnadóttir, starfsmaður sviðsins. Í fjarveru hennar leysti Björg Magnúsdóttir, verkefnisstjóri á markaðs- og samskiptasviði, hana af sinnti verkefnum tengdum Styrktarsjóðunum frá nóvember 2011 og fram til ársins 2012.

Stjórnarmenn Styrktarsjóða Háskóla Íslands eru Gylfi Magnússon, dósent í Viðskiptafræðideild, sem jafnframt er formaður stjórnar, Ása Ólafsdóttir, lektor í Lagadeild, og Jóhann Ómarsson, viðskiptafræðingur. Varamaður er Sigurður Jóhannesson, aðjunkt og sérfræðingur við Hagfræðistofnun. Þá situr Gunnlaugur H. Jónsson, innri endurskoðandi Háskóla Íslands, árlegan stjórnarfund með fjárvörsluaðilum sjóðanna sem haldinn er í upphafi hvers árs.

### Helstu atriði í starfsemi sjóðanna árið 2011

Töluvert var um úthlutanir úr styrktarsjóðum Háskóla Íslands á árinu og í tilefni aldarafmælis skólans voru margar úthlutananna veglegar. Enginn nýr styrktarsjóður var stofnaður í umsjón Styrktarsjóðanna á árinu en aftur á móti var í fyrsta sinn úthlutað úr tveimur sjóðum og í fyrsta sinn auglýst eftir umsóknum um styrki úr einum sjóði.

- Í janúar afhenti Ingibjörg R. Magnúsdóttir háskólanum peningagjöf sem rann í Rannsóknasjóð Ingibjargar R. Magnúsdóttur. Í júní var auglýst eftir umsóknum um styrki í sjóðinn en í október var síðan úthlutað úr honum til þriggja doktorsnema í ljósmóður- og hjúkunarfræði við Háskóla Íslands. Styrkhafar voru: Brynja Ingaadóttir, sérfræðingur í hjúkrun aðgerðasjúklinga við skurðlækningasvið Landspítala – háskólasjúkrahúss og klínískur lektor við Hjúkunarfræðideild Háskóla Íslands, Sigfríður Inga Karlsdóttir, ljósmóðir og lektor við Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri, og Sigrún Sigurðardóttir hjúkunarfræðingur, MS í heilbrigðisvísindum.
- Í janúar var veittur styrkur úr Starfssjóði Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands til fyrirlestra- og námskeiðahalda við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild skólans.
- Í janúar voru tveimur doktorsnemunum í lyfjafræði veittar viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur við rannsóknir úr Verðlaunasjóði Bergþóru og Þorsteins Sch. Thorsteinssonar. Úthlutað var úr sjóðnum í sjötta sinn. Styrkhafar voru: Guðrún Þengilsdóttir og María Dolores Moya Ortega, doktorsnemar við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands.

- Þann 24. febrúar 2011 var nýr sjóðavefur Styrktarsjóða Háskóla Íslands, [www.sjodir.hi.is](http://www.sjodir.hi.is), opnaður og er hann einnig aðgengilegur af aðalvef háskólans, [www.hi.is](http://www.hi.is). Á vefnum eru upplýsingar um alla sjóði á vegum Styrktarsjóða háskólans, s.s. upplýsingar um úthlutanir og umsóknarferli, viðtöl við styrkþega og annað sem tengist sjóðunum. Umsjón með vefnum er í höndum verkefnisstjóra Styrktarsjóða háskólans.
- Í mars var auglýst eftir umsóknum úr Menningar- og framfarasjóði Ludvigs Storr. Fáar umsóknir bárust en þá var auglýst aftur og barst þá talsverður fjöldi umsókna. Í nóvember var 20 milljónum króna úthlutað úr sjóðnum til sex einstaklinga og fimm verkefna. Úthlutunin var sérlega vegleg í tilefni aldarafmælis Háskóla Íslands og þrjátíu ára afmælis sjóðsins. Styrkhafar voru: Aldís Sigfúsdóttir ráðgjafarverkfræðingur, Birgir Jónsson, dósent við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild, Borge Johannes Wigum jarðverkfræðingur, Haukur Jörundur Eiríksson, verkfræðingur og aðjunkt við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild, Ragnar Sigbjörnsson, prófessor við Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði, og Sigurður Erlingsson, prófessor við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild.
- Í apríl var úthlutað úr Watanabe-styrktarsjóðnum í fyrsta sinn við hátíðlega athöfn í Hátíðasal Háskóla Íslands en sjóðurinn var stofnaður á árinu 2008. Stofnandi sjóðsins, Toshizo „Tom“ Watanabe, var viðstaddur athöfnina þegar þrjú hlutu styrk til námsdvalar í Japan og á Íslandi. Styrkhafar voru: Harald Schaller, doktorsnemi við Líf- og umhverfisvísindadeild, Kazuho Oshima, doktorsnemi í evrópskri sögu og félagsvísindum við Hitobashi-háskóla, og Helga Ragnarsdóttir, nemi í japönsku við Háskóla Íslands. Í september var auglýst eftir umsóknum fyrir úthlutun vorið 2012.
- Í apríl var auglýst eftir umsóknum um styrki úr Minningarsjóði dr. phil. Jóns Jóhannessonar. Í júnímánuði var úthlutað úr sjóðnum til eins meistaranema í sagnfræði. Styrkhafi var: Vilhelm Vilhelmsson, meistaranemi í sagnfræði.
- Í apríl var auglýst eftir umsóknum um styrki úr Styrktarsjóði Listasafns Háskóla Íslands. Í júnímánuði var úthlutað úr sjóðnum í sjöunda sinn til styrktar rannsóknum á íslenski myndlist. Styrkþegar voru tveir. Þeir voru: Arndís S. Árnadóttir og Jón B. K. Ransu.
- Fyrstu styrkir úr Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur voru veittir í apríl. Fimm manns hlutu styrk. Veittur var styrkur til fimm eftirtalinnna verkefna: Ársrit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur fyrir árið 2010, Milli mála, hlaut stærsta styrkinn að upphæð 880.000 kr. og ársrit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur fyrir árið 2011, sem væntanlegt er, hlaut styrk að upphæð 440.000 kr., Júlían Meldon D'Arcy hlaut styrk að upphæð 300.000 kr. til að gefa út tvímála útgáfu af ljóðabók Jónasar Þorbjarnarsonar sem nefnist Hliðargötur, Birna Arnbjörnsdóttir hlaut styrk að upphæð 265.000 kr. til að varðveita raunveruleg dæmi um vestur-íslensku og Hólmfríður Garðarsdóttir hlaut 115.000 kr. styrk vegna útgáfu tvímála bókarinnar Yfir saltan mar: Þýðingar á ljóðum Jorge Luis Borgesar á Íslandi.
- Í maí var í fjórða sinn auglýst eftir umsóknum um styrki úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta Háskóla Íslands. Í júní hlutu fjórtán afburðanemendur, sem hófu nám í háskólanum haustið 2011, styrki. Þeir voru: Andri Már Kristinsson, sem hefur nám í vélaverkfræði, Auður Tinna Aðalbjarnardóttir, sem hefur nám í lögfræði, Arnór Ingi Sigurðsson, sem hefur nám í lífefna- og sameindalíffræði, Ásbjörg Einarsdóttir, sem hefur nám í iðnaðarverkfræði, Erla Björt Björnsdóttir, sem hefur nám í lyfjafræði, Eva Hrunn Hlynsdóttir, sem hefur nám í læknisfræði, Guðjón Reykdal Óskarsson, sem hefur nám í lyfjafræði, Gunnar Björn Ólafsson, sem hefur nám í læknisfræði, Helga Þórarinsdóttir, sem hefur nám í læknisfræði, Herbjörg Andrésdóttir, sem hefur nám í umhverfis- og byggingarverkfræði, Hrafnhildur Gunnarsdóttir, sem hefur nám í læknisfræði, Sigtryggur Hauksson, sem hefur nám í eðlisfræði, Svava Berglind Finsen, sem hefur nám í ensku og Yrsa Yngvadóttir, sem hefur nám í læknisfræði.
- Í maí var 60 milljónum króna úthlutað úr Háskólasjóði H/f Eimskipafélags Íslands til fimmtán doktorsnema. Í október var aftur úthlutað úr sjóðnum og fengu þá tólf doktorsnemar styrk, samtals að fjárhæð 40 milljónir króna. Úthlutanir ársins voru sérlega veglegar í tilefni aldarafmælis háskólans. Yfirlit yfir styrkhafa er í kafla um rannsóknir frammar í þessu riti. Í desember var á ný auglýst eftir umsóknum úr sjóðnum fyrir vorið 2012.

- Í maí fékk einn nemandi ferðastyrk úr sjóði Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli til þess að afla heimilda í doktorsverkefni sitt í guðfræði. Styrkhafi var: Móeiður Júníusdóttir, doktorsnemi í guðfræði.
- Í júní voru sex afburðanemendur sem útskrifuðust úr í eðlis- eða efnafræði á síðustu þremur árum verðlaunaðir með styrkjum úr Verðlaunasjóði Guðmundar P. Bjarnasonar frá Akranesi. Styrkþegarnir voru: Þórey María Maríusdóttir (sem lauk BS-prófi í eðlisfræði árið 2009), Inga Rún Helgadóttir (sem lauk BS-prófi í eðlisfræði árið 2010), Katla Kristjánsdóttir (sem lauk BS-prófi í efnafræði árið 2010), Elvar Karl Bjarkason (sem lauk BS-prófi í eðlisfræði árið 2011), Kristín Björg Arnardóttir (sem lauk einnig BS-prófi í eðlisfræði árið 2011) og Katrín Lilja Sigurðardóttir (sem lauk BS-prófi í efnafræði árið 2011).
- Í júlí fór fram úthlutun úr sjóði Selmu og Kay Langvads. Einn styrkur var veittur og var styrkhafi Elín Soffía Ólafsdóttir, prófessor í lyfja- og efnafræði náttúrufræða við Háskóla Íslands. Um var að ræða aukaúthlutun í tilefni aldarafmælis háskólans.
- Í október var auglýst eftir umsóknum um styrki til rannsókna á einelti úr Styrktarsjóði Margaretar og Bents Sch. Thorsteinssonar. Breytingar á skipulagsskrá voru einnig ræddar innan stjórnarinnar. Fyrirhugað er að úthluta tveimur styrkþegum styrki snemma á árinu 2012.
- Í október var auglýst eftir umsóknum um styrki í Þórsteinssjóð. Vegleg úthlutun í tilefni aldarafmælisins fór fram í desember þegar samtals tveimur milljónum króna var úthlutað til fjögurra styrkþega. Þeir voru: Bergvin Oddsson, nemi í stjórnmálafræði, Rósa María Hjörvar, nemi í þýðingfræði, og Sigríður Björnsdóttir, nemi í norsku og íslensku, og sérstakan rannsóknastyrk hlaut síðan Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent í fötlunarfræðum.
- Stefán Þór Helgason, nemi við Háskóla Íslands og sumarstarfsmaður við verkefni tengd Styrktarsjóðum skólans, vann og skilaði skýrslu um óvirka sjóði innan skólans í október.
- Á aldarafmæli Háskóla Íslands tilkynnti danski vélaverkfræðingurinn Godtfred Vestergaard um peningagjöf til skólans í annað sinn, samtals 40 þús. DKK. Godtfred er danskur en af íslenskum ættum og er hann forstjóri fyrirtækisins Vestergaard Company A/S. Tengsl Godtfreds Vestergaard við Ísland eru nái, móðir hans og eiginkona voru báðar íslenskar. Elín Brynjólfssdóttir, eiginkona Godtfreds, lést árið 2001, en hún var dóttir Brynjólfs Bjarnasonar, fyrrverandi menntamálaráðherra og heimspekings. Þau hjónin stofnuðu Heimspekisjóð Brynjólfs Bjarnasonar við Háskóla Íslands árið 1990 en sá sjóður styrkir nemendur í framhaldsnámi í heimspeki. Peningarnir verða afhentir afburðanemanda í vélaverkfræði í sumarbyrjun 2012.
- Í desember voru niðurstöður þriggja eineltisrannsókna, sem birtust í riti á vegum Stofnunar Ármanns Snævarr, kynntar á málþingi í Öskju. Veittur var styrkur til verkefnisins úr Styrktarsjóði Margaretar og Bents Sch. Thorsteinssonar.
- Þann 21. desember var úthlutað úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar. Venju samkvæmt var styrkþeginn sá nemandi sem hlaut hæstu meðaleinkunn eftir annað ár í námi við verkfræðideildir skólans. Styrkhafinn í ár var Guðmundur Freyr Aðalsteinsson, nemandi í vélaverkfræði.
- Í desember var í fyrsta skipti auglýst eftir umsóknum í Minningarsjóð Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda. Úthlutað verður í fyrsta sinn í apríl 2012.

Veittir voru 365 styrkir úr sjóðum Styrktarsjóða Háskóla Íslands á árinu, 289 úr Sáttmálasjóði og 76 úr öðrum sjóðum.

Fjárfestingarstefna sjóðanna var óbreytt á árinu.

Hrein eign styrktarsjóða Háskóla Íslands í árslok 2011 nam 2.313.897.827 kr. og voru tekjur umfram gjöld á árinu 61.411.575 kr. Hrein eign styrktarsjóðanna jókst á árinu úr 2.220,8 milljónum króna í 2.313,9 milljónir króna. Rúmlega 1 þús. milljóna króna verðbréfaeign styrktarsjóðanna var í fjárvörslu og eignastýringu hjá Íslandsbanka. Íslandsbanki náði ekki að uppfylla kröfu fjárfestingarstefnu Styrktarsjóðanna um 6,7% ávöxtun. Ávöxtun safnsins í vörslu Íslandsbanka var jákvæð um 5,23% frá 1. janúar 2011 til 31. desember 2011.

Helstu niðurstöður úr rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir sjóðina árið 2011

- Bókfærður hagnaður sjóðanna árið 2011 nam 61,4 milljónum króna samanborið við 99,0 milljóna króna hagnað árið 2010. Lítið var um fjárfestingarkosti á árinu og voru innlán og ríkistryggð verðbréf meginuppistaðan í safninu.
- Heildareign allra sjóða 31. desember 2011, samkvæmt reikningsskilunum, nam 2.369.658.368 kr.
- Nafnávöxtun eigna styrktarsjóðanna, sem voru í umsjón Íslandsbanka, var jákvæð um 5,23%. Ávöxtun heildareigna var jákvæð um 2,77%.

## Hrein eign sundurliðuð eftir sjóðum

	Hrein eign	
	2011	2010
Almanakssjóður	97.461.655	92.263.607
Columbiasjóður	14.656.524	13.838.189
Det Danske Selskabs Studenterlegat	496.792	470.122
Eggertssjóður	112.127.685	106.108.053
Forlagsbogh., Dr. Phil. h. c. Einar Munksgaards Stiftelse	1.330.485	1.259.116
Framfarasj. B. H. Bjarnasonar kaupmanns	291.594	275.939
Gjafasjóður Guðmundar J. Andréssonar gullsmiðs	90.420.298	85.566.039
Gjafasjóður Guðmundar Thorsteinssonar	5.791.617	5.480.691
Gjöf Framkvæmdabanka Ísl. til að skreyta hátíðarsal HÍ	4.287.499	4.057.322
Gjöf Gunnars Th. Bjargmundssonar	652.951	617.897
Gjöf Soffíu Jónsdóttur Sörensen	3.567.973	3.376.424
Háskólasjóður	184.414.120	177.152.195
Háskólasjóður H/f Eimskipafélags Íslands í vörslu HÍ	23.619.117	22.351.113
Háskólasjóður Stúdentafélags Reykjavíkur	550.018	521.648
Heimspækisjóður Brynjólfs Bjarnasonar	3.203.473	3.031.493
Legat Guðmundar Magnússonar og Katrínar Skúladóttur	8.804.811	8.332.120
Menningar og framfarasjóður Ludvig Storr	311.652.778	306.224.742
Minningarsjóður um aldarafmæli frjálsrar verslunar á Íslandi	3.830.196	3.624.570
Minningarsjóður Aðalsteins Kristjánssonar	62.331.001	58.984.729
Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda	34.448.268	29.725.943
Minningarsjóður dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors	2.461.870	2.460.367
Minningarsjóður dr. Rögnvalds Péturssonar	19.413.928	18.371.681
Minningarsjóður Guðrúnar Marteinsdóttur	1.018.833	927.962
Minningarsjóður John MaKenna Pearson	16.703.240	15.806.518
Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar verkfræðings	2.644.913	2.502.920
Minningarsjóður norskra stúdenta	1.945.932	1.841.464
Minningarsjóður Theódórs Johnson	19.895.324	18.827.233
Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents	1.949.787	1.812.722
Norðmannsgjöf	25.789.722	24.405.188
Rannsóknarsjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur	10.649.045	10.372.891
Sagnfræðisjóður dr. Björns Þorsteinssonar	8.121.316	7.716.906
Sáttmálasjóður Háskóla Íslands	577.230.432	550.226.653
Selma og Kay Langvads Legat	53.125.993	49.936.494
Sjóðasafn Háskóla Íslands	29.912.299	28.309.023
Sjóður Árna Magnússonar	15.004.025	14.198.527
Sjóður Nielsar Dungals prófessors	5.375.046	5.086.484
Sjóður Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli	15.960.134	15.220.914
Sjóður Sigríðar Lárusdóttur	18.827.380	17.816.730
Starfssjóður Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands	14.972.396	14.232.200
Starfssjóður Læknadeildar Háskóla Íslands	1.919.003	1.815.980
Starfssjóður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands	2.593.542	2.454.307
Styrktarsjóður Erlendar Haraldssonar	1.096.570	1.037.701

Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands	13.394.491	12.675.401
Styrktarsj. Margaretar og Bents Sch. Thorsteinssonar	20.483.884	19.566.999
Styrktarsjóður Ragnheiðar Jónsdóttur	10.608.643	10.039.112
Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur	20.410.460	21.239.549
Styrktarsjóður Þorbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur	22.978.546	21.776.070
Sögusjóður stúdenta	1.799.013	1.702.432
Tækjasjóður Verkfræðideildar – Landmælingar	1.834.354	1.735.876
Verðlaunasjóður Alfreds Benson	2.587.326	2.448.424
Verðlaunasjóður Bergþóru og Þorsteins Sch. Thorsteinssonar	17.704.329	17.570.588
Verðlaunasjóður Óskars Þórðarsonar læknis	23.736.518	22.462.211
Þórsteinssjóður	32.867.760	33.203.039
Watanabe styrktarsjóðurinn	378.651.837	354.917.736
Fjármagnstekjuskattskuldbinding vegna verðbréfasjóða	-43.708.920	-27.172.366
	<b>2.313.897.826</b>	<b>2.220.807.888</b>

## **Veittir styrkir sundurliðaðir eftir sjóðum 2010 og 2011**

<b>Sjóður</b>	<b>2011</b>	<b>2010</b>
Almanakssjóður	0	750.000
Eggertssjóður	0	9.450.000
Heimspækisjóður Brynjólfs Bjarnasonar	0	200.000
Menningar-og framfarasjóður Ludvigs Storr	20.000.000	0
Minningarsjóður dr. Phil Jóns Jóhannessonar prófessors	200.000	200.000
Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar	250.000	200.000
Rannsóknasjóður Ingibjargar Magnúsdóttir	1.000.000	1.000.000
Sáttmálasjóður Háskóla Íslands*	0	53.640.927
Selma og Kay Langvads Legat	3.245.550	1.419.250
Sjóður Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli	120.000	700.000
Starfssjóður Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands	60.000	0
Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands	1.000.000	0
Styrktarsjóður Margaretar og Bents Sch. Thorsteinssonar	0	2.200.000
Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur	2.000.000	0
Styrktarsjóður Þorbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur	0	4.187.499
Verðlaunasjóður Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar	800.000	1.050.000
Verðlaunasjóður Guðmundar P. Bjarnasonar	4.500.000	0
Watanabe Styrktarsjóðurinn	2.379.174	0
Þórsteinssjóður	2.000.000	0
	<b>37.554.724</b>	<b>74.997.676</b>

\* Á árinu var fyrirkomulagi á Sáttmálasjóði breytt og hann færður beint undir Háskóla Íslands.

## Sameiginlegur efnahagsreikningur 31. desember 2011

Eignir	2011	2010
Fasteign	181.750.000	173.700.000
Verðbréfasjóðir og hlutabréf	1.145.460.562	1.142.978.510
Aðrar eignir	567.600.366	539.079.246
Innstæður á bankareikningum	474.847.440	405.319.174
	<hr/>	<hr/>
	2.369.658.368	2.261.076.930
<b>Eignir samtals</b>	<b>2.369.658.368</b>	<b>2.261.076.930</b>
	<hr/> <hr/>	<hr/> <hr/>
<b>Eigið fé</b>		
Höfuðstóll í ársbyrjun	2.220.807.889	2.165.084.714
Aðrar breytingar	69.461.575	86.902.816
Þýðingarmunur	23.628.363	-31.179.641
	<hr/>	<hr/>
	2.313.897.827	2.220.807.889
<b>Skuldir</b>		
Fjármagnstekjuskattsskuldbinding vegna verðbréfasjóða	43.708.920	27.172.366
Skammtímaskuldir	12.051.621	13.096.675
	<hr/>	<hr/>
	55.760.541	40.269.041
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>2.369.658.368</b>	<b>2.261.076.930</b>
	<hr/> <hr/>	<hr/> <hr/>





Fræðasvið

# Félagsvísindasvið

## Almennt yfirlit og stjórn

Á Félagsvísindasviði eru sex deildir: Félags- og mannvísindadeild, Félagsráðgjafardeild, Hagfræðideild, Lagadeild, Stjórn málafræðideild og Viðskiptafræðideild.

Ólafur Þ. Harðarson prófessor var forseti Félagsvísindasviðs. Deildarforsetar mynda stjórn fræðasviðsins ásamt forseta og þeir voru: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, forseti Félags- og mannvísindadeildar, Guðný Björk Eydal, forseti Félagsráðgjafardeildar, Ingjaldur Hannibalsson, forseti Viðskiptafræðideildar, Róbert R. Spanó, forseti Lagadeildar, Þorgerður Einarsdóttir, forseti Stjórn málafræðideildar, og Þórólfur Matthíasson, forseti Hagfræðideildar. Þóra Flygenring Sigurðardóttir var fulltrúi nemenda til 1. október en þá tók Sara Sigurðardóttir við sem fulltrúi nemenda í stjórn sviðsins.

## Þing Félagsvísindasviðs


Tvö þing Félagsvísindasviðs voru haldin á árinu. Hið fyrra var haldið 11. mars og var þar lögð fram jafnréttisáætlun sviðs og samþykkt ásamt aðgerðaáætlun. Á þinginu var einnig fjallað um samfélagslega ábyrgð háskólamanna og fluttu Róbert R. Spanó, prófessor í Lagadeild, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, lektor í Stjórn málafræðideild og Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, lektor í Hagfræðideild inngangserindi um það efni. Að loknum erindum voru almennar umræður.

Síðara þing sviðsins var haldið 18. nóvember og var fjallað um kennslumál. Ólafur H. Jóhannsson, lektor á Menntavísindasviði flutti fyrirlestur sem nefndist „Kennslumenning/námsmenning.“ Þá fluttu tveir fulltrúar nemenda fyrirlestra um sýn nemenda á fyrirlestra í stórum hópum en það voru Sara Sigurðardóttir og Sólrún Sigvaldadóttir. Síðan fluttu eftirtaldir kennarar fyrirlestra um hvernig hægt væri að virkja nemendur í stórum hópum: Hafsteinn Þór Hauksson, Silja Bára Ómarsdóttir, Stefán Hrafn Jónsson, Ásgeir Jónsson og Hervör Alma Árnadóttir. Þá var unnið í umræðuhópum.

## Starfsfólk

Félagsvísindasvið – heildarfjöldi starfsmanna		
	Fjöldi	Starfsígildi
Konur	105	86
Karlar	82	71
<b>Samtals</b>	<b>187</b>	<b>157</b>

## Félagsvísindasvið 2011



## Stjórnsýsla

Stjórnsýsla fræðasviðsins			
	Karlar	Konur	Samtals
<b>Félagsvísindasvið</b>	2	7	9
Félagsráðgjafardeild	0	3	3
Lagadeild	0	4	4
Viðskiptafræðideild og Hagfræðideild	0	6	6
Stjórn málafræðideild	0	2	2
Félags- og mannvísindadeild	0	5	5
<b>Fjöldi</b>			<b>29</b>
<b>Starfsgjöldi</b>			<b>25,2</b>

Skrifstofa Félagsvísindasviðs veitir nemendum og kennurum alla almenna þjónustu og starfsfólk skrifstofunnar sér einnig um margvísleg verkefni fyrir hönd sviðsins, s.s. fjármál, kennslumál, markaðs- og kynningarmál, umsjón með upplýsingatæknimálum, starfsmannamál og skjalavistun. Á skrifstofu sviðsins störfuðu auk forseta, Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir rekstrarstjóri, Ásdís Magnúsdóttir, verkefnisstjóri og skjalavörður, Guðni Geir Jónsson fjármálastjóri, Kolbrún Eggertsdóttir kennslustjóri og Sif Sigfúsdóttir markaðs- og samskiptastjóri. Þar störfuðu einnig deildarstjórar og verkefnastjórar sem annast nærþjónustu við deildir sviðsins, sjá nánar í köflum um deildirnar.

Félagsvísindasvið annast rekstur upplýsinga- og þjónustuborðs í Gimli og er þar einnig veitt þjónusta fyrir Hugvísindasvið og Sálfræðideild á Heilbrigðisvísindasviði. Þar fá nemendur svör við almennum fyrirspurnum sem varða námið. Jafnframt fer þar fram öll umsýsla verkefna, skil til kennara og afhending til nemenda. Auk þess eru pósthólf kennara og annarra starfsmanna staðsett þar.

Félagsvísindasvið hefur tekið upp þá nýbreytni að bjóða samstarfsfólki í stjórnýslu annarra sviða í morgunkaffi og óformlegt spjall. Fyrstu gestirnir voru starfsmenn miðlægrar stjórnýslu og var boðið haldið í Gimli þann 1. febrúar. Markmiðið var fyrst og fremst að styrkja tengsl og samvinnu milli sviða.

Starfsdagur stjórnýslu sviðsins var haldinn 25. nóvember og var fjallað um kynningarmál, móttöku nýnema og þjónustu við nemendur og kennara. Þórhallur Guðlaugsson, dósent í Viðskiptafræðideild, hélt erindi um rannsóknir sínar á viðhorfum nýnema. Þá var unnið í umræðuhópum og m.a. fjallað um úrbætur við móttöku nýnema.

Haldnir voru reglubundnir starfsmannafundir, auk vikulegra samráðsfunda rekstrarstjóra með deildarstjórum.

## Nefndir

Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor í Lagadeild, var í stjórn Stofnunar Sæmundar fróða fyrir hönd sviðsins. Daði Már Kristófersson, dósent í Hagfræðideild, átti sæti í starfshópi háskólaráðs um aukna samkenndu. Daði Már Kristófersson, dósent í Hagfræðideild, og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor í félagsfræði, áttu sæti í starfshópi háskólaráðs um stefnu Háskóla Íslands.

Þórhallur Örn Guðlaugsson, dósent í Viðskiptafræðideild, átti sæti í kennslumálanefnd Háskóla Íslands til 30. júní. Sif Einarsdóttir, dósent í Félags- og mannvísindadeild, tók sæti hans í nefndinni frá 1. júlí til 31. desember. Valdimar Tryggvi Hafstein, dósent í Þjóðfræði, sat í gæðanefnd Háskóla Íslands fyrir hönd sviðsins.

Björg Thorarensen, prófessor í Lagadeild, átti sæti fyrir hönd sviðsins í framgangsnefnd Háskóla Íslands.

Eftirtaldir voru skipaðir í dóm- og framgangsnefnd sviðsins: Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor í Lagadeild, Helgi Gunnlaugsson, prófessor í Félags- og mannvísindadeild, og Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í Félagsráðgjafardeild.

Afmælisnefnd Félagsvísindasviðs var skipuð eftirtöldum: Sif Sigfúsdóttir, fulltrúi Viðskiptafræðideildar, formaður, Tinna Ásgeirsdóttir, fulltrúi Hagfræðideildar, Margrét S. Björnsdóttir, fulltrúi Stjórn málafræðideildar, Sigrún Júlíusdóttir, fulltrúi Félagsráðgjafardeildar, Helgi Gunnlaugsson, fulltrúi Félags- og mannvísindadeildar, og María Thejll, fulltrúi Lagadeildar.

Jafnréttisnefnd Félagsvísindasviðs var skipuð eftirtöldum til 30. júní: Þorgerður Einarsdóttir, fulltrúi Stjórn málafræðideildar, formaður, Ársæll Valfells, fulltrúi Viðskiptafræðideildar, Hervör Alma Árnadóttir, fulltrúi Félagsráðgjafardeildar, Ingólfur V. Gíslason, fulltrúi Félags- og mannvísindadeildar, María Thejll, fulltrúi Lagadeildar, og Helgi Tómasson, fulltrúi Hagfræðideildar. Frá 1. júlí var nefndin skipuð eftirtöldum: Gyða Margrét Pétursdóttir, formaður, fulltrúi Stjórn málafræðideildar, Sigurjón B. Hafsteinnsson, varaformaður, fulltrúi Félags- og mannvísindadeildar, Þóra Christiansen, fulltrúi Viðskiptafræðideildar, Anni G. Haugen, fulltrúi Félagsráðgjafardeildar, og Hafsteinn Þór Hauksson, fulltrúi Lagadeildar. Fulltrúi nemenda var Adam Hoffritz. Bryndís Erna Jóhannsdóttir, verkefnisstjóri á skrifstofu Félagsvísindasviðs, starfaði með nefndinni.

Kennslunefnd Félagsvísindasviðs var skipuð eftirtöldum til 30. júní: Þórhallur Guðlaugsson, fulltrúi Viðskiptafræðideildar, formaður, Pétur Leifsson, fulltrúi Lagadeildar, Anni G. Haugen, fulltrúi Félagsráðgjafardeildar, Alyson K.G. Bailes, fulltrúi Stjórn málafræðideildar, Sif Einarsdóttir, fulltrúi

Félags- og mannvísindadeildar, og Helgi Tómasson, fulltrúi Hagfræðideildar. Fulltrúi nemenda var Snæfríður Ólafsdóttir. Frá 1. júlí var nefndin skipuð eftirtöldum: Sif Einarsdóttir, fulltrúi Félags- og mannvísindadeildar, formaður, Daði Már Kristófersson, fulltrúi Hagfræðideildar, varaformaður, Silja Bára Ómarsdóttir, fulltrúi Stjórn málafræðideildar, Hrefna Ólafsdóttir, fulltrúi Félagsráðgjafardeildar, Trausti Fannar Valsson, fulltrúi Lagadeildar, og Margrét Sigrún Sigurðardóttir, fulltrúi Viðskiptafræðideildar. Sólrún Sigvaldadóttir var fulltrúi nemenda. Kolbrún Eggertsdóttir, kennslustjóri Félagsvísindasviðs, starfaði með nefndinni.

Vísindanefnd Félagsvísindasviðs var skipuð eftirtöldum til 30. júní: Snjólfur Ólafsson, fulltrúi Viðskiptafræðideildar, formaður, Jónína Einarsdóttir, fulltrúi Félags- og mannvísindadeildar, Steinunn Hrafnisdóttir, fulltrúi Félagsráðgjafardeildar, Tór Einarsson, fulltrúi Hagfræðideildar, Aðalheiður Jóhannsdóttir, fulltrúi Lagadeildar, og Baldur Þórhallsson, fulltrúi Stjórn málafræðideildar. Fulltrúi nemenda var Sif Jónsdóttir. Frá 1. júlí var nefndin skipuð eftirtöldum: Gylfi Magnússon, fulltrúi Viðskiptafræðideildar, formaður, Aðalheiður Jóhannsdóttir, fulltrúi Lagadeildar, varaformaður, Terry Gunnell, fulltrúi Félags- og mannvísindadeildar, Freydís Jóna Freysteinsdóttir, fulltrúi Félagsráðgjafardeildar, Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, fulltrúi Hagfræðideildar, og Hulda Þórisdóttir, fulltrúi Stjórn málafræðideildar. Fulltrúi nemenda var Jóhannes Hraunfjörð Karlsson. Kolbrún Eggertsdóttir, kennslustjóri Félagsvísindasviðs, starfaði með nefndinni.

Fulltrúar sviðsins á Háskólaþingi voru: Björg Thorarensen, prófessor í Lagadeild, Helgi Tómasson, dósent í Hagfræðideild, Ómar H. Kristmundsson, prófessor í Stjórn málafræðideild, Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor í Viðskiptafræðideild, Sif Einarsdóttir, dósent í Félags- og mannvísindadeild, og Sigurveig H. Sigurðardóttir, lektor í Félagsráðgjafardeild. Auk þeirra á forseti sviðsins sæti á Háskólaþingi ásamt forsetum deilda.

## Fjármál fræðasviðsins

### Fjármál Félagsvísindasviðs\*

Fjárveiting	1.445.175
Sértekjur	304.541
Tekjur alls	1.749.716
Útgjöld	1.802.498
Tekjuafgangur	-52.782
Ársverk	208
Skráðir nemendur	4703
Virkir nemendur	2.926
Nemendur/ársverk	22,6
Virkni nemenda	62,2%

\* Upphæðir eru í þús. kr.

## Doktorsnám og rannsóknir

Félagsvísindasvið hélt námskeið fyrir leiðbeinendur doktorsnema dagana 30. maí – 1. júní. Kennari var Pamela Denicolo, prófessor við háskólann í Reading í Bretlandi.

Félagsvísindasvið stóð fyrir námskeiðinu Málstofa um doktorsnám fyrir doktorsnema á sviðinu. Kennt var aðra hvora viku. Umsjónarkennari var Guðbjörg Linda Rafnsdóttir prófessor. Námskeiðið var byggt upp á fyrirlestrum og umræðum ásamt kynningu doktorsnema á verkefnum sínum. Hluti af námskeiðinu var ráðstefna doktorsnema sem haldin var um haustið.

Stjórn sviðs samþykkti á fundi sínum þann 17. mars reglur um grunnþjónustu við doktorsnema í öllum deildum, um aðstöðu, styrki til millisafnalána, styrki til þess að sækja ráðstefnur og útgáfustyrk vegna lokaritgerðar.

Nýjar reglur um doktorsnám voru samþykktar á árinu í deildum, í sviðsstjórn og háskólaráði.

Vinna hófst við nýja vinnuaðstöðu fyrir doktorsnema á þriðju hæð í Odda og fengu fyrstu nemendurnir vinnuaðstöðu þar til bráðabirgða í október.

Félagsvísindasvið stóð fyrir námskeiði fyrir doktorsnema á sviðinu 2. nóvember til 14. desember um gerð rannsóknáætlana og umsókna um styrki. Kennari var Gunnar Þór Jóhannesson, sérfræðingur á Félagsvísindastofnun.

Félagsvísindasvið endurnýjaði samning við Félagsvísindastofnun um þjónustu við kennara vegna rannsókna þeirra.

Úthlutað var úr aðstoðarmannasjóði Félagsvísindasviðs og fengu allir þeir kennarar styrk sem sóttu um hann. Meginhluti styrkja kennaranna rann til rannsókna þeirra.

Félagsvísindasvið hélt námskeið um gerð góðra umsókna um rannsóknastyrki þann 17. maí. Lögð var áhersla á gerð umsókna fyrir Rannsóknasjóð Íslands.

Félagsvísindasvið stóð fyrir ráðstefnunni Þjóðarspekillinn þann 29. október. Var hún tíunda félagsvísindaráðstefna Háskóla Íslands. Markmið ráðstefnunnar er að kynna það sem er efst á baugi í rannsóknum í félagsvísindum hér á landi. Gefið var út rafrænt ráðstefnurit með öllum erindum sem flutt voru á ráðstefnunni.

## Húsnæðismál

Félagsvísindasvið hefur nú fengið framtíðarhúsnæði í þremur samtengdum byggingum, Odda, Gimli og Lögbergi, og tengjast byggingarnar einnig Háskólatorgi. Skrifstofur Félagsvísindasviðs og deilda þess eru allar á neðstu hæðinni í Gimli. Lagadeild hefur aðsetur í Lögbergi, Viðskiptafræðideild í Gimli, Félagsráðgjafardeild, Hagfræðideild og Stjórn málafræðideild í Odda en kennarar í Félags- og mannvísindadeild eru bæði til húsa í Gimli og Odda. Í öllum þremur byggingunum er jafnframt aðstaða fyrir rannsóknastofnanir á Félagsvísindasviði og vinnuaðstaða fyrir stundakennara, doktorsnema, meistaranema og grunnnema. Heilbrigðisvísindasvið, Hugvísindasvið, Menntavísindasvið og þverfræðilegar rannsóknastofnanir nýta til bráðabirgða hluta húsnæðisins í Gimli og Odda. Félagsvísindasvið á þannig góða vaxtarmöguleika á næstu árum í byggingunum þremur þegar starfsemi annarra sviða flyst í aðrar byggingar á háskólasvæðinu.

## Markaðs- og kynningarmál

Á árinu var gefið út mánaðarlegt rafrænt innanhúsfréttabréf sem sent er í tölvupósti til allra fastráðinna starfsmanna á sviðinu og ýmissa tengiliða innan skólans. Unnið var að nýju útliti á vef sviðsins á árinu en þar er ávallt að finna nýjustu upplýsingar um viðburði og fréttir frá hverri deild fyrir sig. Vefurinn var endurnýjaður á ensku og á árinu stofnaði Félagsvísindasvið Facebook-síðu.

Þann 10. janúar hélt Félagsvísindasvið móttöku fyrir nýnema en margar deildir sviðsins taka á móti nýnemum á vormisseri. Í febrúar var háskóladagurinn haldinn þar sem öll svið skólans komu saman og kynntu námsframboð sitt í helstu byggingum skólans. Félagsvísindasvið var með aðstöðu á Háskólatorgi. Í mars og apríl var tekið á móti nemendum Kvennaskólans í Reykjavík og nemendum í Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs. Þá var sviðið kynnt í Menntaskólanum í Reykjavík, Verzlunarskóla Íslands, Menntaskólanum við Hamrahlíð og Borgarholtsskóla á sama tíma. Í apríl kynntu allar deildir sitt námsframboð sitt á meistarastigi í Odda.

Félagsvísindasvið tók þátt í opinni námsmessu í LaugardaLandspítala – háskólasjúkrahúsi öll í apríl. Átakið „Nám er vinnandi vegur“ fór fram í tengslum við það markmið stjórnvalda að hlutfall Íslendinga á aldrinum 20 til 66 ára sem ekki hafa lokið námi í framhaldsskóla fari úr 30 prósentum niður í 10 prósent árið 2020.

Í júní tóku kennarar á Félagsvísindasviði þátt í Háskóla unga fólksins. Nemendur í Háskóla unga fólksins geta valið milli fjölmargra námskeiða og raða þeir sjálfir saman stundatöflu sinni. Háskóli unga fólksins var í þetta sinn opinn grunnskólanemendum sem eru fæddir á árunum 1996–2000 (í 6.–10. bekk grunnskóla).

Þann 25. ágúst bauð Félagsvísindasvið framhaldsnemum til móttöku í Háskólabíói og síðan buðu deildir sviðsins þeim til sín. Þann 27. ágúst var samsvarandi móttaka haldin fyrir nýnema á sviðinu og þann 29. ágúst bauð sviðið erlendum nemendum sviðsins til sín eftir almenna móttöku alþjóðaskrifstofu fyrir alla nemendur Háskóla Íslands.

Fundur forseta, rekstrarstjóra og kennslustjóra sviðsins með formönnum nemendafélaga á sviðinu var haldinn 8. september. Á fundinum var gerð grein fyrir stöðu þeirra mála er varða nemendur og hvað væri framundan á vettvangi sviðs og deilda.

Í október hélt Félagsvísindasvið kynningarfundum um skiptinám í samvinnu við alþjóðaskrifstofu í deildum. Kynntir voru möguleikar á skiptinámi í viðkomandi deild, nemendur sögðu frá reynslu sinni af skiptinámi og kennarar fluttu erindi um mikilvægi þess að stunda nám erlendis að hluta. Að lokum var fjallað um ferli umsókna og mat að námi loknu.

Í tilefni af 100 ára afmæli Háskóla Íslands var Félagsvísindasviði úthlutað októbermánuði til kynningar og hátíðahalda. Þar tóku allar deildir sviðsins þátt í viðburðunum, sem voru hátt á þriðja tug, og var David Putnam fenginn sem öndvegisfyrirlesari Félagsvísindasviðs. Aðrir erlendir gestir Félagsvísindasviðs vegna afmælishátíðarinnar voru Daniel Miller og Paul Collier.

Í nóvember voru teknar myndir fyrir fimm deildir sviðsins. Nemendur sviðsins aðstoðuðu við myndatökurnar og voru húsakynni háskólans notuð. Ljósmyndirnar voru notaðar á nýjan vef sviðsins og í nýja bæklinga fyrir deildirnar.

## Félags- og mannvísindadeild

### Almennt yfirlit og stjórn

Félags- og mannvísindadeild skiptist í sex námsbrautir í lok ársins 2011: bókasafns- og upplýsingafræði, félagsfræði, fötlunarfræði, mannfræði, náms- og starfsráðgjöf, þjóðfræði og safnafræði. Bláa- og fréttamennska er einnig námsgrein innan Félags- og mannvísindadeildar. Formenn námsbrauta eiga sæti í deildarráði ásamt deildarforseta og varadeildarforseta. Guðbjörg



Linda Rafnsdóttir, prófessor í félagsfræði, er deildarforseti og Jónína Einarsdóttir, prófessor í mannfræði, varadeildarforseti.

Vísindanefnd deildarinnar skipuðu fyrri hluta ársins: Jónína Einarsdóttir, formaður, en hún var einnig formaður vísindanefndar fræðasviðsins fyrri hluta ársins, Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent í fötlunarfræði, Gísli Pálsson, prófessor í mannfræði, Þórólfur Þórlindsson, prófessor í félagsfræði, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, prófessor í bókasafns- og upplýsingafræði, og Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, prófessor í náms- og starfsráðgjöf. Um mitt árið 2011 tók ný vísindanefnd til starfa. Í henna tóku sæti: Jóhanna Gunnlaugsdóttir, formaður, Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Þórólfur Þórlindsson, Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, Terry Gunnell og Unnur Dís Skaptadóttir.

Fulltrúi deildarinnar í kennslunefnd fræðasviðsins var Sif Einarsdóttir, dósent í náms- og starfsráðgjöf, og í jafnréttisnefnd sviðsins Sigurjón B. Hafsteinsson, lektor í safnafræði. Fulltrúi deildarinnar í gæðanefnd Háskóla Íslands var Valdimar Tryggvi Hafstein, dósent í þjóðfræði.

Á vegum deildarinnar var haldinn einn prófessorafyrirlestur vegna framgangs kennara í prófessorsstöðu.

Á árinu 2011 voru 55 ár liðin frá upphafi kennslu í bókasafns- og upplýsingafræði við Háskóla Íslands. Var þess sérstaklega minnst með málstofu um frelsi til upplýsinga, hlutverk bókasafna og upplýsingamiðstöðva á þessu sviði og hvernig þau geti eflt vitsmunaleg frelsi og veitt óhindraðan aðgang að upplýsingum. Málstofan var haldin í samstarfi við Félag bókasafns- og upplýsingafræða og alþjóðasamtök bókasafns- og upplýsingafræðinga (FAIFE).

Dagskrá deildarinnar í tilefni af 100 ára afmælishátíð háskólans var fjölbreytt. Námsbrautir í deildinni buðu upp á ýmiss konar fræðslu og skemmtun bæði í skólanum og utan hans. Í afmælimánuðinum, október, voru auglýstir átta viðburðir á vegum deildarinnar, meðal annars tjaldspjall á Austurvelli sem þótti takast vel.

## Starfsfólk

Í lok ársins 2011 voru við deildina 26 fastráðnir kennarar sem skiptust þannig: 16 prófessorar, 5 dósentar, 4 lektorar og 2 aðjunktur sem hvor um sig er í 49% starfi. Í hópi fastráðinna kennara voru 13 konur og 12 karlar. Auk þeirra kenndu fjölmargir gesta- og stundakennarar við deildina, auk rannsóknadósentar og gestaprófessors. Breytingar á störfum fastráðinna kennara á árinu voru þær að Sigurjón B. Hafsteinsson, lektor í safnafræði, fékk framgang í starf dósentar. Á árinu kom Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, prófessor í mannfræði, úr launalausum leyfi. Á skrifstofu deildarinnar starfa fimm verkefnisstjórar ásamt deildarstjóra í samtals 4,25 stöðugildum.

Námsbrautir í Félags- og mannvísindadeild hafa tekið þátt í samvinnuverkefni Vinnumálastofnunar um sumarstörf fyrir námsmenn og atvinnuleitendur síðustu þrjú árin.

Félags- og mannvísindadeild		
Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi
Konur	5	4,5
Karlar	0	0
<b>Samtals</b>	<b>5</b>	<b>4,5</b>
Aðjunktur		
Konur	2	0,98
Karlar	1	0,49
Lektorar		
Konur	2	2
Karlar	1	1
Dósentar		
Konur	2	2
Karlar	4	4
Prófessorar		
Konur	9	9
Karlar	7	5,89
<b>Samtals</b>	<b>28</b>	<b>25,36</b>
Félagsvísindastofnun og rannsóknafólk í deildinni		
Konur	16	14,1
Karlar	6	5,36
<b>Samtals</b>	<b>22</b>	<b>19,46</b>

## Nám og kennsla

### Grunnnám

Í námsbrautum Félags- og mannvísindadeildar var boðið upp á fjölbreytt grunnnám sem lýkur með BA-prófi. Til BA-prófs eru kenndar eftirfarandi námsgreinar: bókasafns- og upplýsingafræði, félagsfræði, mannfræði og þjóðfræði. Hægt er að taka 120 einingar í aðalgrein og 60 einingar í aukagrein innan eða utan deildarinnar. Auk framangreindra námsgreina er boðið upp á aukagreinar atvinnulífsfræði, fjölmiðlafræði og safnafræði innan deildarinnar.

### Framhaldsnám

Fjölbreytt framhaldsnám var í boði við deildina, rannsóknatengt og starfsmiðað. Boðið er upp á diplómanám á meistarastigi í eftirfarandi námsgreinum: fötlunarfræði, þróunarfræði, safnafræði, bókasafns- og upplýsingafræði, félagsfræði og mannfræði með margvíslegum áherslulínum. Meistaránám getur bæði verið skipulagt sem einstaklingsmiðað og/eða með námskeiðum. Boðið er upp á meistaránám (120e) í blaða- og fréttamennsku, bókasafns- og upplýsingafræði, félagsfræði, fötlunarfræði, mannfræði, hnattrænum tengslum, fólksflutningum og fjölmenningarfræði, náms- og starfsráðgjöf, norrænni trú, safnafræði, þjóðfræði, hagnýtri þjóðfræði og þróunarfræði. Doktorsnám er hægt að stunda í öllum námsgreinum deildarinnar nema blaða- og fréttamennsku. Í lok ársins 2011 voru 53 doktorsnemendur í námi við deildina.

### Nýjar námsleiðir

Boðið var upp á nýtt kjörsvið á meistarastigi í mannfræði, þjóðfræði og safnafræði sem nefnist efnismenning. Um er að ræða samstarf námsgreina á þremur fræðasviðum, Félagsvísindasviði, Hugvísindasviði og Verk- og náttúruvísindasviði. Námsgreinarnar eru mannfræði, þjóðfræði og

safnafræði í Félags- og mannvísindadeild, ferðamálafræði í Líf- og umhverfisvísindadeild og fornleifafræði í Sagnfræði- og heimspekideild.

### **Fjarnám**

Boðið er upp á öflugt fjarnám í deildinni. Allt nám í mannfræði, þróunarfræði, þjóðfræði og safnafræði má taka sem fjarnám. Aðrar námsbrautir þjóða einstök námskeið í fjarnámi.

Í lok ársins stunduðu u.þ.b. 1.100 nemendur nám í deildarinni.

### **Doktorsvarnir**

Einn doktorsnemi varði ritgerð sína frá deildinni á síðasta ári, Helga Þórey Björnsdóttir, í mannfræði.

### **Rannsóknir**

Kennarar við deildina reka öflugt rannsóknastarf, bæði sem einyrkjar og í samstarfi við aðra, innlenda sem erlenda aðila. Til margra þessara rannsóknaverkefna hafa fengist styrkir, bæði erlendir og innlendir. Í tengslum við rannsóknir kennara eru fjölmargar rannsóknasetur/-stofur sem eru undir hatti Félagsvísindastofnunar. Félags- og mannvísindadeild er ein af þremur deildum fræðasviðsins sem á aðild að Félagsvísindastofnun (<http://www.fel.hi.is>).

### **Námsbraut í mannfræði**

Helstu rannsóknasvið á námsbrautinni eru fjölmenningslegt samfélag, alþjóðleg þróunarmál, hreyfanleiki, börn, erfðasaga þjóða, trúarbrögð, hugmyndir um kynþætti og þjóðerni, áhrif loftslagsbreytinga, hnattvæðing, fjölskyldutengsl, skynjun, vistfræðileg mannfræði, inúítar, innflytjendur, sjávarbyggðir, hirðingjar, frumbyggjar, listsköpun og heilsa. Rannsóknir beinast að íslenskum samtíma og sögulegri fortíð og hafa verið gerðar í Afríku, á norðurslóðum og í Eyjaálfu.

Kennarar á námsbrautinni eru í víðtæku alþjóðlegu rannsóknasamstarfi jafnt sem innlendu og má þar m.a. nefna samstarfsverkefni við Roskilde-háskóla, The Nordic Colonial Mind. Ráðstefna sem tengist þessu samstarfsverkefni var haldin á Íslandi í nóvember.

### **Námsbraut í þjóðfræði/safnafræði**

Helstu rannsóknasvið á námsbrautinni eru hversdagsmening, þjóðfræði samtímans, menningararfur, menningarpólitík, höfundarréttur á höfundarlausu efni, leiklist, sviðslistafræði, þjóðsagnir, norræn trú, hátíðir, söfn, samfélag og safnkenningar, fjölmiðlun frumbyggja, dauðinn, sjónræn menning og sjónrænar kenningar.

Kennarar á námsbrautinni tóku þátt í margvíslegum samstarfsverkefnum, bæði innlendum og erlendum. Þar má sérstaklega nefna verkefni Menningarsköpun: Fræðilegir áhrifavaldar, uppsprettur innblástrar og langtímaáhrif menningarsköpunar Sigurðar málara og Kvöldfélagsmanna 1857–1874; Copywriting Creativity: Creative Values, Cultural Heritage Institutions and Systems of Intellectual Property (CULTIVATE); Lögverndun ókunns höfundar og Félagsleg sköpun og hugverkaréttur.

### **Námsbraut í náms- og starfsráðgjöf**

Helstu rannsóknasvið á námsbrautinni eru starfsáhugi og persónuleikapróun, viðhorf Íslendinga til sálfræðilegrar ráðgjafar, námsferli og námsgengi ungmenna, brotthvarf frá námi, mat á náms- og

starfsráðgjöf við fullorðna, stefnumótun og þróun mælitækis um aðlögunarhæfni á náms- og starfsferli.

Kennarar á námsbrautinni tóku þátt í margvíslegum samstarfsverkefnum, bæði innlendum og erlendum. Helstu rannsóknaverkefni kennara tengjast rannsókn á fullorðnum notendum í ráðgjöf: Voices of users, þróun mælitækis sem kallast Könnun á aðlögunarhæfni á starfsferli og þarfagreining og framkvæmdaráætlun á uppbyggingu upplýsinga- og ráðgjafarkerfis á Íslandi.

## Námsbraut í bókasafns- og upplýsingafræði

Helstu rannsóknasvið á námsbrautinni eru m.a. upplýsingahegðun, upplýsingalæsi, miðlun upplýsinga og þekkingar, upplýsingafræði og heilsuefling, upplýsingaöflun, rafræn miðlun og öflun upplýsinga, hindranir við upplýsingahegðun, upplýsingahegðun eldri borgara, stuðningur aðstandenda við eldri borgara, upplýsinga- og skjalastjórn, rafræn skjalastjórnarkerfi, gæðastjórnun, þekkingarstjórnun, rafræn samskipti, flokkunarvísindi og flokkunarkenningar.

Kennarar á námsbrautinni taka þátt í ýmsum erlendum samstarfsverkefnum og má m.a. nefna samstarfsnet háskóla á Norðurlöndunum og í Eystrasaltlöndunum (NORSLIS – Nordic Research School in Information Studies) um doktorsnám í bókasafns- og upplýsingafræði.

## Námsbraut í félagsfræði

Helstu rannsóknasvið á námsbrautinni eru m.a. atvinnulífsfræði, afbrotufræði, birtingarmyndir valds, frávíkshæðun, fátækt, félagsleg lagskipting, félagslegt hlutverk fjölmiðla, kynjafræði, lífshættir og lífshættir, lýðheilsa, margbreytileiki, námsárangur, neysla, ofbeldi, staða eldra fólks, ungt fólk, vinnuskipulag og vinnutengd líðan, vinnumarkaður, þróun velferðar og þjóðfélagsbreytingar.

Kennarar á námsbrautinni taka þátt í ýmsum innlendum og erlendum samstarfsverkefnum. Þar má m.a. nefna nýtt verkefni sem Edda – öndvegissetur styrkir og nefnist Social Inequality, Subjective Justice and Well-Being.

## Námsbraut í fötlunarfræði

Helstu rannsóknasvið á námsbrautinni eru m.a. þróun fötlunarfræða sem fræðigreinar, kenningasmíð um fötlun, kyn og fötlun, börn, ungmenni og fötlun, mannréttindi, sjálfstætt líf og notendastýrð persónuleg aðstoð, fjölmening, fjölskyldur og fötlun, velferð og fötlun.

Námsbrautin er í stóru Marie Curie samstarfsverkefni sem nefnist Early Stage Researchers. Þetta verkefni, sem er innan 7. rammaáætlunar Evrópusambandsins, styrkir tvo erlenda doktorsnema til náms. Um er að ræða styrkþegastöður á fullum launum í þrjú ár og allur kostnaður er greiddur með Marie Curie styrknum.

## 100 ára afmæli Háskóla Íslands – viðburðir á vegum deildarinnar

Í tilefni af 100 ára afmæli Háskóla Íslands bauð deildin Daniel Miller að halda fyrirlestur sem hann nefndi Facebook and Digital Anthropology. Þá bauð deildin upp á tjaldspjall á Austurvelli og haldið var hádegiserindi á Hallveigarstöðum sem nefndist Tíminn og valdið. Deildin gaf út nýjan námsbækling fyrir bókasafns- og upplýsingafræði.

## Brautskráðir stúdentar frá Félags- og mannvísindadeild 2011

	Karlar	Konur	Alls
<b>BA-próf Alls:</b>	<b>13</b>	<b>61</b>	<b>74</b>
Bókasafns- og upplýsingafræði		9	9
Félagsfræði	9	20	29
Mannfræði	4	25	29
Þjóðfræði		7	7
<b>Viðbótardiplóma Alls:</b>	<b>4</b>	<b>24</b>	<b>28</b>
Bókasafns- og upplýsingafræði	1	2	3
Félagsfræði		7	7
Fötlunarfræði	1	9	10
Náms- og starfsráðgjöf	1	1	2
Safnafræði		1	1
Próunarfræði	1	4	5
<b>Meistarapróf Alls:</b>	<b>8</b>	<b>59</b>	<b>67</b>
Blaða- og fréttamennska	1	10	11
Bókasafns- og upplýsingafræði		1	1
Félagsfræði	2	4	6
Fötlunarfræði		3	3
Mannfræði		3	3
Náms- og starfsráðgjöf	1	15	16
Norræn trú		1	1
Safnafræði	1	1	2
Þjóðfræði	2	2	4
Próunarfræði		7	7
MLIS – Bókasafns- og upplýsingafræði	1	12	13
<b>Doktorspróf Alls:</b>		<b>1</b>	<b>1</b>
Mannfræði		1	1
<b>Samtals:</b>	<b>25</b>	<b>145</b>	<b>170</b>

## Félagsráðgjafardeild

### Almennt yfirlit og stjórn

Félagsráðgjafardeild er á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Skrifstofa deildarinnar er til húsa í Gimli og skrifstofur kennara eru í Odda. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd er starfrækt af Félagsráðgjafardeild í samvinnu við samstarfsaðila á vettvangi og er til húsa hjá Félagsvísindastofnun. Deildin er einn stofnaðila fræðaseturs þriðja geirans og er einnig ein þriggja deilda á Félagsvísindasviði sem standa að Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Steinunn Hrafnadóttir gegndi starfi deildarforseta á vormisseri í stað kjörins deildarforseta, Guðnýjar Bjarkar Eydal, sem þá var í rannsóknarleyfi. Þann 1. júlí var Steinunn Hrafnadóttir kjörin

deildarforseti og Guðný Björk Eydal varaforseti til tveggja ára. Stella Vestmann gegndi starfi deildarstjóra.

Félagsráðgjafardeild á fulltrúa í eftirfarandi nefndum til viðbótar við nefndir Félagsvísindasviðs: Stjórn Félagsráðgjafafélags Íslands, sérfræðinefnd, sbr. reglugerð um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf nr. 555/1999, og matsnefnd um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf, sbr. reglugerð nr. 555/1999.

## Starfsmannamál

Við lok ársins 2011 störfuðu við deildina 18 starfsmenn í 11,1 stöðugildi, 16 konur og 2 karlar. Stöðurnar skiptust þannig: tveir prófessorar, þrír dósentar, fjórir lektorar og sex aðjunktur í samtals 9,10 stöðugildum, einn deildarstjóri og tveir verkefnisstjórar samtals í einu stöðugildi. Auk þess starfa við deildina fjölmargir stunda- og starfsþjálfunarkennarar.

Breytingar á starfsmannahaldi á árinu voru þessar: Starfshlutfall Freydísar Jónu Freysteinsdóttur dósents var aukið úr 20% í 100%. Kolbrún Hanna Jónasdóttir, fulltrúi í 50% starfi, lét af störfum við deildina en í hennar stað var Fríða Björk Arnardóttir ráðin og er nú í 50% starfi verkefnisstjóra.

Félagsráðgjafardeild		Fjöldi	Starfsígildi
Stjórnsýsla			
	Konur	3	2
	Karlar	0	0
	<b>Samtals</b>	<b>3</b>	<b>2</b>
Aðjunktur			
	Konur	2	0,2
	Karlar	1	0,2
Lektorar			
	Konur	3	3
	Karlar	1	1
Dósentar			
	Konur	3	3
	Karlar	0	
Prófessorar			
	Konur	2	1,49
	Karlar	0	
	<b>Samtals</b>	<b>12</b>	<b>8,89</b>

## Nám og kennsla

Við Félagsráðgjafardeild voru í boði eftirfarandi námsleiðir árið 2011: BA í félagsráðgjöf, MA í félagsráðgjöf til starfsréttinda, MA í félagsráðgjöf, MA í fjölskyldumeðferð, MA í öldrunarfræði, norrænt MA-nám í öldrunarfræði (NordMaG), diplómanám í öldrunarþjónustu og loks doktorsnám í félagsráðgjöf. Á árinu var auk þess unnið að endurskoðun reglna deildarinnar.

Nemendur í grunnnámi við Félagsráðgjafardeild voru 143 talsins á árinu en 63 lögðu stund á framhaldsnám.

Tekið var á móti nýnemum í grunn- og framhaldsnám í upphafi beggja kennslumissera. Ragnheiður Lára Guðrúnardóttir, MA-nemi í félagsráðgjöf, stýrði mentorakerfi til stuðnings fyrir nýnema við deildina bæði á haust- og vormisseri.

### **Doktorsnám**

Við Félagsráðgjafardeild voru skráðir fjórir doktorsnemar. Þeir og aðrir framhaldsnemar halda reglulega málstofur í tengslum við rannsóknaverkefni sín og einnig eru haldnar málstofur þegar erlendir sérfræðingar koma til landsins. Umsjón með doktorsnámi hefur Sigrún Júlíusdóttir prófessor.

### **Rannsóknir**

Kennarar Félagsráðgjafardeildar taka virkan þátt í rannsóknastarfi bæði hérlendis og á alþjóðlegum vettvangi, m.a. með norrænum öndvegissetum á sviði velferðarrannsókna, REASSESS og Nordwell. Félagsráðgjafardeild er aðili að ÍSFORSA, sem er félag um rannsóknir á sviði félagsráðgjafar á Íslandi.

Kennarar deildarinnar stunda rannsóknir á ýmsum sviðum, s.s. á sviði aðferða- og matsfræða, barnaverndar, velferðar- og fjölskyldumála, öldrunarfræða og þriðja geirans.

### **Viðburðir og viðurkenningar**

Sameiginleg norræn ráðstefna um velferðarmál var haldin í Reykjavík dagana 11. til 13. ágúst og var Félagsráðgjafardeild á meðal aðstandenda. Á ráðstefnunni, sem bar yfirskriftina Welfare and Professionalism in Turbulent Times, voru Sigrúnu Júlíusdóttur, prófessor við Félagsráðgjafardeild, veitt heiðursverðlaun Samtaka norrænna háskóla í félagsráðgjöf. Sigrún hlaut verðlaunin fyrir framlag sitt til kennslu í félagsráðgjöf, þátttöku sína í þróun fagsins, rannsóknir á sviði barna- og fjölskyldumála, bæði hérlendis og á alþjóðavettvangi, og fyrir þátttöku í norrænu og alþjóðlegu samstarfi á sviði félagsráðgjafar.

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd fagnaði einnig fimm ára starfsafmæli á árinu. Við það tækifæri var stofnaður Rannsókn- og þróunarsjóður Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd en honum er ætlað að styðja við rannsóknir sem lúta að barna- og fjölskylduvernd.

### **Alþjóðasamskipti**

Tveir grunnemar í félagsráðgjöf fóru í skiptinám til Danmerkur á árinu. Félagsráðgjafardeild er aðili að átta NordPlus-samstarfsnetum og sinnir formennsku í tveimur slíkum. Félagsráðgjafardeild er aðili að Nordiska socialhögskolekommittén (NSHK), European Association of Schools of Social Work (EASSW) og International Association of Schools of Social Work (ISSAW). Þá er Félagsráðgjafardeild aðili að FORSA (Samtökum um rannsóknir í félagsráðgjöf á Norðurlöndum).

### **Gæðamál**

Deildin vann að ýmsum gæðamálum á haustmisseri. Skrifstofa deildar og deildarforseti unnu að mótun verkferla ásamt heildarendurskoðun á reglum deildarinnar.

Deildin heldur reglulega málstofur annars vegar með grunnnemum og hins vegar með framhaldsnemum deildarinnar. Þá eru jafnframt haldin námskeið á hverju ári fyrir starfsþjálfunarkennara deildarinnar.

Deildin býður öllum nýnemum deildarinnar að nýta sér þjónustu mentora en þeir aðstoða nýnema við að fóta sig í háskólanum fyrsta árið.

## 100 ára afmæli Háskóla Íslands – viðburðir á vegum deildarinnar

Í tilefni af 100 ára afmæli Háskóla Íslands og 30 ára kennsluafmæli félagsráðgjafar á Íslandi stóð Félagssráðgjafardeild fyrir tveimur viðburðum í október, mánuði afmælisviðburða Félagssvísindasviðs. Sigrún Sigurðardóttir, menningarfræðingur og aðjunkt við Listaháskóla Íslands, og Anni G. Haugen, lektor við Félagssráðgjafardeild, héldu fyrirlesturinn Börn, feður og fjölskyldutengsl – þrælkun, þroski, þrá, síðan fóru fram pallborðsumræður og ljósmyndasýning var sett upp í tengslum við fyrirlesturinn.

Á vegum deildarinnar var einnig haldið erindi og fram fóru pallborðsumræður með yfirskriftinni Saga, samfélag, siðfræði – félagsráðgjöf í hálfra öld en þar sögðu starfandi félagsráðgjafar frá upplifun sinni og þeim veruleika sem blasti við þeim þegar þeir útskrifuðust sem félagsráðgjafar. Fyrirlesarar voru Guðrún Sigríður Jónsdóttir, Gunnar Sandholt og Inga Vildís Bjarnadóttir félagsráðgjafar. Steinunn Hrafnadóttir deildarforseti ávarpaði samkomuna.

## Hollvinafélag

Hollvinafélag Félagssráðgjafardeildar Háskóla Íslands var stofnað á árinu. Hlutverk félagsins er að efla kennslu og rannsóknir við deildina og auka og styrkja tengsl hennar við fyrrverandi nemendur sína og aðra velunnara. Hollvinafélagið mun á hverju ári, ásamt Félagssráðgjafardeild, bjóða afmælisárgöngum til móttöku ásamt hollvinum þar sem veittar verða viðurkenningar fyrir besta námsárangur í framhaldsnámi. Félagið mun einnig gefa út rafrænt fréttabréf tvisvar á ári og senda það hollvinum svo að þeir geti fylgst með kennslu, starfi, rannsóknum og útgáfu á vegum deildarinnar.

## Brautskráðir stúdentar frá Félagssráðgjafardeild 2011

	Karlar	Konur	Alls
<b>BA-próf Alls:</b>	<b>2</b>	<b>44</b>	<b>46</b>
Félagssráðgjöf	2	44	46
<b>Viðbótardiplóma Alls:</b>		<b>7</b>	<b>7</b>
Félagssráðgjöf		1	1
Öldrunarþjónusta		6	6
<b>Meistarapróf Alls:</b>		<b>15</b>	<b>15</b>
Félagssráðgjöf		1	1
Félagssráðgjöf: Starfsréttindanám		10	10
Norrænt meistaránám í öldrunarfræðum		2	2
Öldrunarfræði		1	1
MSW – Félagssráðgjöf		1	1
<b>Samtals:</b>	<b>2</b>	<b>66</b>	<b>68</b>



# Hagfræðideild

## Stjórn og starfsfólk

Þórólfur Matthíasson var deildarforseti Hagfræðideildar á árinu og Birgir Þór Runólfsson varaforseti. Engar akademískar nýráðningar voru á árinu. Í upphafi árs fór Ásgeir Jónsson úr 50% starfshlutfalli í 100% starf. Skrifstofa deildarinnar er rekin sameiginlega með Viðskiptafræðideild. Á árinu störfuðu þar deildarstjóri í 100% starfi og fjórir verkefnastjórar, í 100%, 90%, 75% og 50% starfi. Bjargey A. Guðbrandsdóttir var ráðin í 50% starf á árinu sem verkefnastjóri kynningarmála í Hagfræðideild og Viðskiptafræðideild.

Hagfræðideild		Fjöldi	Starfsígildi
Lektorar			
Konur	1	1	
Karlar	1	1	
Dósentar			
Konur			
Karlar	3	3	
Prófessorar			
Konur			
Karlar	5	5	
	<b>10</b>	<b>10,0</b>	
Hagfræðistofnun			
Konur	0	0	
Karlar	4	4	
<b>Samtals</b>	<b>4</b>	<b>4,0</b>	

## Nám og kennsla

Á árinu voru gerðar nokkrar breytingar á námi við deildinni, einkum í BS-námi. Veigamest var sú breyting að niður féllu tvö tölfræðinámskeið. Í stað þeirra sækja BS-nemar nú námskeið í Raunvísindadeild. Stundakennarar voru álíka margir og árið áður, sem og nemendur í grunnnámi. Þau sérsvið sem boðið var upp á í MS-námi voru almenn hagfræði, fjármálhagfræði og heilsuhagfræði og var aðsókn svipuð og árið áður. Í doktorsnám voru skráðir sex nemendur. Fjárveiting til Hagfræðideildar á árinu var um 128 milljónir króna.

## Útgáfa

- Þorvaldur Gylfason prófessor ritstýrði bókinni Auðlindastjórn (Beyond the Curse. Policies to Harness the Power of Natural Resources) ásamt Rabah Arezki og Amadou Sy.
- Þórólfur Matthíasson prófessor, Ásgeir Jónsson lektor og Þorvaldur Gylfason prófessor rituðu hver um sig kafla í bókina Jón Sigurðsson. Hugsjónir og stefnumál, sem gefin var út af Hinu íslenska bókmenntafélagi.
- Ásgeir Jónsson lektor ritaði eftirmála bókarinnar Makt myrkranna eftir Bram Stoker í þýðingu Valdimars Ásmundssonar sem var endurútgefin á árinu.

Auk þess birtu kennarar deildarinnar ríkulega í alþjóðlegum tímaritum á árinu 2011.

## 100 ára afmæli Háskóla Íslands – viðburðir á vegum deildarinnar

- Málstofa 5. október: Hagfræði fjölskyldunnar. Fyrirlesarar voru Tinna L. Ásgeirsdóttir lektor og Helgi Tómasson dósent.
- Málþing 13. október: Jón Sigurðsson forseti: Hugsjónir og stefnumál – tveggja alda minning. Málþingið var haldið í samstarfi við Lagadeild og Hið íslenska bókmenntafélag.
- Ráðstefnan Þjóðarspegil var haldin var 28. október. Þar voru haldin sex erindi um hagfræði. Ráðstefnan var haldin í Háskólatorgi og var aðsókn góð.

## Brautskráðir stúdentar frá Hagfræðideild 2011

	Karlar	Konur	Alls
<b>BA-próf Alls:</b>	<b>5</b>	<b>7</b>	<b>12</b>
Hagfræði	5	7	12
<b>BS-próf Alls:</b>	<b>11</b>	<b>7</b>	<b>18</b>
Hagfræði	11	7	18
<b>Meistarapróf Alls:</b>	<b>7</b>	<b>9</b>	<b>16</b>
Fjármálhagfræði	4	1	5
Hagfræði	2	2	4
Heilsuhagfræði	1	6	7
<b>Samtals:</b>	<b>23</b>	<b>23</b>	<b>46</b>

## Lagadeild

### Almennt yfirlit, stjórn og starfsmenn

Róbert R. Spanó prófessor var forseti Lagadeildar allt árið og Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor var varaforseti deildarinnar á sama tíma. Deildarforseti fór ásamt deildarfundi með stjórn deildarinnar. Við deildina voru 22 fastráðnir kennarar, sjö prófessorar, þar af sex í fullu starfi, átta dósentar, þar af fjórir í fullu starfi, og sjö lektorar, þar af þrír í fullu starfi. Þá voru átta aðjunktur skipaðir við deildina skv. „gamlu“ aðjunktakerfinu. Engir nýir fastir starfsmenn voru ráðnir í Lagadeild á árinu.

Lagadeild		fjöldi	Starfsígildi
Stjórnsýsla			
Konur		4	3,6
Karlar			
<b>Samtals</b>		<b>4</b>	<b>3,6</b>
Lektorar			
Konur		2	1,2
Karlar		5	3,1
Dósentar			
Konur		2	1,5
Karlar		6	4,1

	Prófessorar		
	Konur	4	4
	Karlar	2	2
	<b>Samtals</b>	<b>21</b>	<b>15,9</b>
	<b>Lagastofnun og Hafréttarstofnun</b>		
	Konur	3	2,5
	Karlar	1	1
	<b>Samtals</b>	<b>4</b>	<b>3,5</b>

## Nám og kennsla

Í Lagadeild er boðið upp á þriggja ára 180 eininga nám til BA-prófs í lögfræði. Að loknu BA-prófi er boðið upp á 120 eininga framhaldsnám til meistaraþrófs í lögfræði og útskrifast nemendur með lærdómstílinn magister juris. Nemum í meistaranáminu er boðið upp á að auka sérhæfingu sína með því að velja eitt af tíu áherslusviðum sem í boði eru. Meistaraneimar sinna umræðu- og verkefnatímum í öllum BA-námskeiðum við deildina og geta fengið aðstoðarkennsluna metna til allt að 6 eininga í meistaranámi sitt.

LL.M. in Natural Resources Law and International Environmental Law er sérhæft 90 eininga meistaranám í alþjóðlegum umhverfisrétti og auðlindarétti. Námið er á ensku.

Lagadeild býður upp á 180 eininga doktorsnám í lögfræði og í árslok stunduðu átta nemendur doktorsnám við deildina.

Lagadeild og Viðskiptafræðideild standa saman að þverfaglegu meistaranámi í skattarétti og reikningshaldi. Námið veitir fræðilega menntun á á sviðum er snerta skattamál og reikningskil. Námið er 90 eða 120 einingar.

### Doktorsvarnir

Þann 3. nóvember varði Eiríkur Jónsson, dósent við Lagadeild, doktorsritgerð sína „Vernd lögaðila samkvæmt 71. og 73. gr. stjórnarskrárinnar“. Andmælendur voru Páll Hreinsson, dómari við EFTA-dómstólinn, og Ragnhildur Helgadóttir, prófessor við Lagadeild Háskólans í Reykjavík. Leiðbeinandi Eiríks var Björg Thorarensen professor og ásamt henni voru í doktorsnefndinni þau Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari og Róbert R. Spanó prófessor.

## Nefndir og ráð

Við Lagadeild starfa bæði rannsóknanámsnefnd og námsnefnd. Þá starfar BA-nefnd, sem hefur m.a. umsjón með endurskoðun á BA-námi deildarinnar.

## Gæðamál

Nýnemum Lagaeildar er boðið upp á að taka þátt í mentoraverkefni sem felst í því að nemendur á þriðja, fjórða og fimmta ári taka að sér hóp nýnema að hausti og veita þeim leiðsögn í fyrstu skrefunum í nýjum skóla. Lagadeild fundar með þeim meistaranemum sem brautskrást hverju sinni og aðstoðar þá við atvinnuleit og virkjar þá til þátttöku í hollvinafélagi deildarinnar.

## Rannsóknir

Lagastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni eru vísindalegar rannsóknastofnanir sem heyra undir Lagadeild (sjá kafla um þær stofnanir). Kennarar deildarinnar voru afkastamiklir við rannsóknir og ritstörf. Þeir tóku þátt í fjölmörgum málstofum, fundum og ráðstefnum á vegum deildarinnar og Lagastofnunar. Þá voru kennarar deildarinnar framsögumenn á ýmsum málstofum annarra deilda Háskóla Íslands og á vegum Orators, félags laganema.

## 100 ára afmæli Háskóla Íslands – viðburðir á vegum deildarinnar

Í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands stóð Lagadeild fyrir opnu húsi þann 27. október. Opnaður var vefaðgangur að upptökum á öllum fyrirlestrum í námskeiðinu Inngangur að lögfræði. Eftir hádegi þann sama dag var haldið hátíðarmálþing Lagadeildar og Úlfljóts, tímarits laganema, og að því loknu voru haldin sýndarréttarhöld í Lögbergsdómi, þar sem laganemar tókust á um það hvenær ummæli á Facebook færu yfir mörk hins leyfilega og teldust refsiverð.

Lagadeild og þátturinn Vítt og breitt á Rás 1 í Ríkisútvarpinu efndu til samstarfs um nýu útvarpsþætti um lögfræðileg málefni á föstudagsmorgnum vorið 2011 og ræddu fræðimenn deildarinnar við stjórnandann um mál á sínu sérsviði.

## Alþjóðasamskipti

- Lagadeild tók við umsjón með Nordplus-laganetinu og þar með umsjón með öllum stúdentaskiptum milli lagadeilda á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum. Hefur alþjóðafultrúi deildarinnar yfirumsjón með starfinu ásamt Stellu Vestmann, deildarstjóra í Félagsráðgjafardeild.
- Norræna sakfræðiráðið, Nordisk Samarbejdsráð for kriminologi (NSfK), hefur aðsetur sitt í Lögbergi frá árinu 2010. Ragnheiður Bragadóttir prófessor er formaður ráðsins.
- Fjórir gestakennarar frá lagadeild Háskólans í Árósum kenndu í námskeiðinu Alþjóðlegur skattaréttur á vormisseri.
- Á árinu stunduðu 35 íslenskir laganemar skiptinám við erlenda háskóla og deildin tók við 33 erlendum skiptinimum.

Lagadeild og þátturinn Vítt og breitt á Rás 1 efndu til samstarfs um nýu útvarpsþætti um lögfræðileg málefni á föstudagsmorgnum vorið 2011 og ræddu fræðimenn deildarinnar við stjórnandann um mál á sínu sérsviði.

## Brautskráðir stúdentar frá Lagadeild 2011

	Karlar	Konur	Alls
<b>BA-próf Alls:</b>	<b>35</b>	<b>38</b>	<b>73</b>
Lögfræði	35	38	73
<b>Meistarapróf Alls:</b>	<b>26</b>	<b>36</b>	<b>62</b>
Lögfræði	26	36	62
<b>Doktorspróf Alls:</b>	<b>1</b>		<b>1</b>
Lögfræði	1		1
	<b>62</b>	<b>74</b>	<b>136</b>

# Stjórn málafræðideild

## Yfirlit, stjórn og starfsfólk

Þorgerður Einarsdóttir prófessor gegndi starfi deildarforseta og Ómar H. Kristmundsson starfi varadeildarforseta. Deildarforseti fer með stjórn deildarinnar ásamt deildarfundum. Við deildina eru tólf fastráðnir kennarar: sex prófessorar, fjórir lektorar og tveir aðjuntar. Auk þeirra er einn aðjunktur með tímabundna ráðningu og annar án rannsóknarskyldu. Af þessum kennurum eru átta konur og sex karlar. Auk ofangreindra kennara starfa fjölmargir stundakennarar við deildina. Svanur Kristjánsson prófessor fór úr fullu starfi í 49% starfshlutfall 1. ágúst og Stefania Óskarsdóttir var ráðin lektor í stjórn málafræði 1. júlí. Samningur var undirritaður í nóvember við Peadar Kriby, prófessor í alþjóðastjórn málum og stefnumótun við Limerick-háskóla á Írlandi, um stöðu gistinguþrífessors til tveggja ára. Skrifstofa deildarinnar er í Gimli og kennarar deildarinnar hafa aðsetur í Odda og Gimli. Deildarstjóri var Elva Ellertsdóttir. Verkefnisstjóri í hálfu starfi var Bryndís E. Jóhannsdóttir í fjarveru Önnu Margrétar Eggertsdóttur sem var í barneignarleyfi. Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála starfar undir Stjórn málafræðideild. Deildin er aðili að Félagsvísindastofnun.

Stjórn málafræðideild			
Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi	
Konur	2	1,5	
Karlar	0		
<b>Samtals</b>	<b>2</b>	<b>1,5</b>	
Aðjuntar			
Konur	3	3	
Karlar	1	1	
Lektorar			
Konur	3	3	
Karlar	1	1	
Dósentar			
Konur	0		
Karlar	0		
Prófessorar			
Konur	1	1	
• Karlar	5	4,49	
<b>Samtals</b>	<b>14</b>	<b>13,5</b>	
Alþjóðamálastofnun og Stofnun stjórnsýslufræða		Fjöldi	Starfsígildi
Konur	7	1,75	
Karlar	1	1	
<b>Samtals</b>	<b>8</b>	<b>2,8</b>	

## Nám og kennsla

Í Stjórn málafræðideild er unnt að stunda þriggja ára nám í stjórn málafræði sem lýkur með BA-prófi. Kynjafræði er kennd sem aukagrein í grunnnámi. Til BA-prófs er krafist minnst 180 eininga. Annaðhvort skal nemandi ljúka 180 einingum í aðalgrein eða 120 einingum í aðalgrein og 60 einingum í aukagrein. Að loknu BA-prófi er hægt að stunda tveggja ára meistaranám í eftirfarandi

námsgreinum: alþjóðasamskiptum, Evrópufræði, kynjafræði, opinberri stjórnsýslu og stjórnmálafræði. Hægt er að stunda diplómanám (30e) í alþjóðasamskiptum, Evrópufræðum, hagnýtri jafnréttisfræði, opinberri stjórnsýslu og smáríkjafræðum. Einnig er hægt að stunda doktorsnám í kynjafræði og stjórnmálafræði.

### **Doktorsnám**

Doktorsnemar við deildina voru þrettán, þar af hóf einn nám á árinu. Samningur um sameiginlega doktorsgráðu Auðar H. Ingólfssdóttur var gerður við Háskólann í Lapplandi. Leiðbeinandi f.h. Háskóla Íslands er Þorgerður Einarsdóttir, prófessor.

### **Doktorsvörn**

Þann 26. apríl varði Magnús Árni Magnússon doktorsritgerð sína í stjórnmálafræði. Andmælendur voru Sieglinde Gstöhl, prófessor við College of Europe í Brugge og forstöðumaður Evrópufræðináms við skólann og Maximilian Conrad, lektor við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. Leiðbeinandi verkefnisins var Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, en ásamt honum voru í doktorsnefndinni Guðmundur Hálfðanarson, prófessor í sagnfræði, Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, og Valur Ingimundarson, prófessor í sagnfræði.

### **Erlendir gestakennarar**

Gerry Stoker, prófessor við Southampton-háskóla á Englandi, kenndi á tveggja vikna námskeiði á haustmisseri sem ætlað var bæði grunn- og framhaldsnemum. Námskeiðið nefndist Hvernig virkar stjórnmálastarfsemi og hvernig gæti hún virkað enn betur?

### **Rannsóknir**

Kennarar deildarinnar hafa verið afkastamiklir við rannsóknir og ritstörf. Helstu rannsóknasvið kennara eru: lýðræði, opinber stjórnsýsla, mannauðsstjórnun hins opinbera, smáríki og samrunaþróunin í Evrópu, öryggis- og varnarmál, pólitísk sálfræði og kynja- og margbreytileikafræði.

### **100 ára afmæli Háskóla Íslands – viðburðir á vegum deildarinnar**

Málþing 24. október: Hernaðarlist og valdaklækir? Er stjórnmálamenning samtímans tamari körlum en konum? Stjórnmálafræðideild og Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna héldu málþingið í sameiningu í tilefni aldarafmælisins og 15 ára afmæli námsbrautar í kynjafræði. Stutt inngangserindi voru flutt og síðan fóru fram pallborðsumræður.

### **Alþjóðasamskipti og kennsla á ensku**

Á árinu var boðið upp á tólf námskeið á ensku, samtals 78 einingar, við deildina. Þá stóð Rannsóknasetur um smáríki fyrir tveggja vikna alþjóðlegum sumarskóla 18. til 30. júní þar sem öll kennsla fór fram á ensku.

## Brautskráðir stúdentar frá Stjórn málafræðideild 2011

	Karlar	Konur	Alls
<b>BA-próf Alls:</b>	<b>13</b>	<b>30</b>	<b>43</b>
Stjórn málafræði	13	30	43
<b>Viðbótardiplóma Alls:</b>	<b>17</b>	<b>34</b>	<b>51</b>
Alþjóðasamskipti	5	1	6
Evrópufræði	1		1
Hagnýt jafnréttisfræði		12	12
Opinber stjórn sýsla	8	19	27
Smárikjafræði: Smárikí í Evrópu	3	2	5
<b>Meistarapróf Alls:</b>	<b>6</b>	<b>18</b>	<b>24</b>
Alþjóðasamskipti	6	13	19
Kynjafræði		4	4
Stjórn málafræði		1	1
<b>MPA-próf Alls:</b>	<b>9</b>	<b>17</b>	<b>26</b>
Opinber stjórn sýsla	9	17	26
<b>Doktorspróf Alls:</b>	<b>1</b>		<b>1</b>
Stjórn málafræði	1		1
<b>Samtals:</b>	<b>46</b>	<b>99</b>	<b>145</b>

## Viðskiptafræðideild

### Almennt yfirlit, stjórn og starfsfólk

Ingjaldur Hannibalsson var deildarforseti Viðskiptafræðideildar á árinu og Snjólfur Ólafsson varaforseti. Ingi Rúnar Eðvarðsson var ráðinn prófessor 1. ágúst og Eiríkur Hilmarsson var ráðinn lektor í 50% starfshlutfalli 1. júlí. Kristján Jóhannsson lektor var í 20% starfi allt árið, Elmar H. Hallgrímsson aðjunkt var í launalausú leyfi frá 1. júlí og Bjarni Frímann Karlsson lektor var einnig í launalausú leyfi frá 1. september. Þráinn Eggertsson lét af störfum prófessors sökum aldurs 1. maí. Í kjölfar þess að föstum kennurum fjölgaði fækkaði stundakennurum nokkuð. Á skrifstofu deildarinnar, sem er rekin sameiginlega með Hagfræðideild, störfuðu á árinu deildarstjóri í 100% starfi og fjórir verkefnastjórar, í 100%, 90%, 75% og 50% starfi. Bjargey A. Guðbrandsdóttir var ráðin í 50% starf á árinu sem verkefnastjóri kynningarmála í Hagfræðideild og Viðskiptafræðideild og 25 % starfs sem verkefnastjóri í M.Acc.-námi. Fjárveiting til Viðskiptafræðideildar á árinu var um 311 milljónir króna.

Viðskiptafræðideild		
Stjórnsýsla Viðskiptafræðideildar og Hagfræðideildar	Fjöldi	Starfsígildi
Konur	6	4,9
Karlar	0	0
<b>Samtals</b>	<b>6</b>	<b>4,9</b>
Aðjuntar		
Konur	3	3
Karlar	6	5
Lektorar		
Konur	2	2
Karlar	8	6,2
Dósentar		
Konur	2	
Karlar	4	4
Prófessorar		
Konur		
Karlar	5	4,35
<b>Samtals</b>	<b>30</b>	<b>24,55</b>
<b>Viðskiptafræðistofnun og rannsóknafólk í deildinni</b>		
Konur	4	3,07
Karlar	1	1
<b>Samtals</b>	<b>5</b>	<b>4,07</b>

## Nám og kennsla

Nemar í grunnnámi voru álíka margir í Viðskiptafræðideild og árið áður. Nemendum fjölgaði í MS-námi á öllum námsleiðum og í doktorsnámi en nemendum í MBA-námi fækkaði lítillega.

## Doktorsvarnir

Ein doktorsvörn var við Viðskiptafræðideild á árinu er Gunnar Óskarsson varði ritgerð sína í mars 2011.

## Rannsóknir

Mjög góð aðsókn var á opinbera fyrirlestra á vegum deildarinnar. Á ráðstefnu í félagsvísindum, þjóðarspegli, sem haldin var 28. október var haldið 31 erindi um viðskiptafræði.

## Alþjóðasamstarf og erlendir gestafyrirlesarar

- 10. febrúar flutti Deborah Sturman, lögmaður sem starfar í Bandaríkjunum og í Evrópu, erindi á vegum Samtaka fjárfesta, Lagadeildar og Viðskiptafræðideildar. Erindið nefndist Hverjum gagnast hópmálsóknir?
- 25. október hélt Chibuike U. Uche, gestarannsakandi við The Nordic Africa Institute í Svíþjóð og prófessor við Banking and Financial Institutions í University of Nigeria, erindið The European Union and Monetary Integration in West Africa.
- 26. október flutti Lee Benham, prófessor emeritus við Washington University í St. Louis, erindið Small Countries, Important Innovations.



## 100 ára afmæli Háskóla Íslands – viðburðir á vegum deildarinnar

- Fyrirlestrar 6. október: Markaðsfræðin í fortíð, nútíð og framtíð. Fyrirlesarar voru þrír.
- Fyrirlestrar 10. október: Umhverfi nýsköpunar á Íslandi. Fyrirlesarar voru fimm.
- Fyrirlestrar 11. október: Framtíð íslensks fjármálamarkaðar. Fyrirlesarar voru sex.
- Málþing 30. september til heiðurs Brynjólfi Sigurðssyni prófessor emeritus. Átta erindi voru haldin, bæði innlendra og erlendra fræðimanna og fólks út atvinnulífinu.

## Brautskráðir stúdentar frá Viðskiptafræðideild 2011

	Karlar	Konur	Alls
<b>BS-próf Alls:</b>	<b>41</b>	<b>52</b>	<b>93</b>
Viðskiptafræði	41	52	93
<b>Meistarapróf Alls:</b>	<b>35</b>	<b>68</b>	<b>103</b>
Fjármál fyrirtækja	8	10	18
Mannauðsstjórnun	2	28	30
Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti	11	17	28
Sjálfbær orka og viðskipti	2		2
Skattaréttur og reikningsskil		1	1
Stjórnun og stefnumótun	11	9	20
Viðskiptafræði	1	3	4
<b>M.Acc.-próf Alls:</b>	<b>23</b>	<b>18</b>	<b>41</b>
Reikningshald og endurskoðun	5	7	12
Reikningsskil og endurskoðun	18	11	29
<b>MBA-próf Alls:</b>	<b>9</b>	<b>15</b>	<b>24</b>
Viðskiptafræði	9	15	24
<b>Doktorspróf Alls:</b>	<b>1</b>		<b>1</b>
Viðskiptafræði	1		1
<b>Samtals:</b>	<b>109</b>	<b>153</b>	<b>262</b>

## Félagsvísindastofnun

### Almennt yfirlit

Félagsvísindastofnun er rannsókn- og fræðastofnun innan Háskóla Íslands og heyrir undir þrjár af deildum skólans, Félags- og mannvísindadeild, Félagsráðgjafardeild og Stjórn málafræðideild. Stofnunin sinnir rannsóknum, ráðgjöf og þjónustuverkefnum sem tengjast viðfangsefnum félagsvísindanna. Undir hatti Félagsvísindastofnunar voru á árinu 2011 starfrækt 16 rannsóknasetur og rannsóknastofur á fræðasviðum deildanna þriggja sem að stofnuninni standa, auk þess sem stofnunin er í nánu samstarfi við fræðimenn deildanna og aðrar rannsóknastofnanir innan Háskóla Íslands og utan. Stofnunin hefur verið starfrækt frá árinu 1985.

Eftirtaldir rannsóknastofnanir/-stofur sem starfa undir hatti Félagsvísindastofnunar eru á vegum Félags- og mannvísindadeildar: Mannfræðistofnun (þar var engin starfsemi á árinu), Miðstöð rannsóknarblaðamennsku á Íslandi, Rannsóknamiðstöð í þjóðfræði (þar var engin starfsemi á árinu),

Rannsóknasetur í fötlunarfræðum, Rannsóknasetur í safnafræðum, Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti (þar var engin starfsemi á árinu), Rannsóknarsetur um fólksflutninga og fjölmenningu, Rannsóknastofa í afbrotufræði, Rannsóknastofa í vinnuvernd (þar var engin starfsemi á árinu og sú stofa verður raunar lögð niður fljótlega), Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf og þjófmalastofnun. Á vegum Félagsráðgjafardeildar er Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og á vegum Stjórn málafræðideildar eru Rannsóknasetur í skatta- og velferðarmálum og Fræðasetur þriðja geirans, sem er einnig á vegum Félagsráðgjafardeildar. Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna er þverfagleg stofnun ýmissa fræðimanna á Félagsvísindasviði og heyrir beint undir það. Rannsóknasetrið Lífshættir barna og ungmenna hefur verið flutt yfir á Menntavísindasvið en er þó áfram með aðstöðu á Félagsvísindastofnun og hefur óformlega tengingu við hana.

## Stjórn

Stjórn Félagsvísindastofnunar er skipuð til þriggja ára. Í henni sitja deildarforsetar þeirra þriggja deilda sem að stofnuninni standa. Auk þeirra sitja í stjórninni þrír fulltrúar til viðbótar sem kjörnir eru af deildunum, tveir úr Félags- og mannvísindadeild og einn úr Stjórn málafræðideild. Árið 2011 sátu í stjórn: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, deildarforseti Félags- og mannvísindadeildar, formaður, Steinunn Hrafnisdóttir, deildarforseti Félagsráðgjafardeildar, Þorgerður Einarsdóttir, deildarforseti Stjórn málafræðideildar, Ágústa Pálsdóttir, Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Helgi Gunnlaugsson, Ómar H. Kristmundsson, Sveinn Eggertsson, Terry Gunnell og Andrea G. Dofradóttir.

## Starfsfólk

Starfslið Félagsvísindastofnunar í reglubundnu starfi, að hluta eða allt árið 2011, var sem hér segir: Guðbjörg Andrea Jónsdóttir forstöðumaður, Andrea G. Dofradóttir verkefnisstjóri, Auður Magnús Leiknisdóttir verkefnisstjóri, Ágústa Edda Björnsdóttir verkefnisstjóri, Ásdís Aðalbjörg Arnalds verkefnisstjóri, Guðlaug J. Sturludóttir verkefnisstjóri, Gunnar Þór Jóhannesson verkefnisstjóri, Heiður Hrund Jónsdóttir verkefnisstjóri, Hrefna Guðmundsdóttir verkefnisstjóri, Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir verkefnisstjóri, Sóley Lúðvíksdóttir þjónustufulltrúi, Vala Jónsdóttir verkefnisstjóri og Viðar Halldórsson verkefnisstjóri. Að auki störfuðu hjá stofnuninni á annað hundrað aðrir einstaklingar sem spyrjar í rannsóknaverkefnum eða í öðrum tímabundnum störfum fyrir stofnunina.

## Fjármál

Árið 2011 var velta Félagsvísindastofnunar og rannsóknastofa sem starfa undir stofnuninni um 164 milljónir króna. Félagsvísindastofnun hefur þá sérstöðu meðal rannsóknastofnana Háskóla Íslands að fá enga fjárveitingu frá hinu opinbera, hvorki til rannsóknastarfa né fyrir stöðuheimildir starfsmanna. Stofnunin hefur, líkt og fyrri ár, að mestu leyti fjármagnað starfsemi sína með rannsókn- og tölfræðiráðgjöf, gagnaöflun og úrvinnslu fyrir kennara háskólans og hagnýtum þjónusturannsóknum fyrir aðila utan háskólans. Stofnunin fjármagnar sjálf allan tækjabúnað sinn og rekstur.

## Rannsóknir og verkefni

Helstu styrkir sem stofnunin og/eða starfsfólk hennar fékk á árinu 2011 voru COST-styrkur til þátttöku í samstarfsverkefni tuttugu og sjö þjóða: WEBDATANET: web-based data-collection – methodological challenges, solutions and implementations; styrkur frá NICE í verkefnið InTerAct: Industry-academia interaction in the marine sector ásamt rannsóknahópi um hagnýta vöruferla við Háskóla Íslands, norrænu háskólunum DTU, NTNU, UMB, SLU og fyrirtækinu Umano; styrkur frá



## Vefur stofnunarinnar

Á vef stofnunarinnar má finna allar helstu upplýsingar um starfsemina og upplýsingar um aðgang að opnum gagnasöfnum um íslenskt samfélag sem stofnunin og aðrir hafa átt þátt í að afla. Veffang Félagsvísindastofnunar er [www.felagsvisindastofnun.is](http://www.felagsvisindastofnun.is).

## Rannsóknasetur í fötlunarfræðum

### Almennt yfirlit

Rannsóknasetur í fötlunarfræðum er ein af undirstofnunum Félagsvísindastofnunar og er þverfaglegur vettvangur fyrir rannsóknir og miðlun þekkingar á sviði fötlunarfræða og í málefnum fatlaðs fólks.

### Starfslið

Við Rannsóknasetrið starfa fastir kennarar í fötlunarfræðum, verkefnisstjórar og nemendur í MA- og doktorsnámi. Allt starf á vegum rannsóknasetursins er fjármagnað með styrkjum sem forstöðumaður eða aðstoðarforstöðumaður afla og með þjónusturannsóknum. Umsvif jukust mjög á árinu 2011 og störfuðu 11 manns við Rannsóknasetrið að hluta eða allt árið: Rannveig Traustadóttir, prófessor í fötlunarfræðum, forstöðumaður, Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent í fötlunarfræðum, aðstoðarforstöðumaður, James G. Rice nýdoktor, Kristín Björnsdóttir, lektor í þroskaþjálfarafræðum, Kristjana Jokumsen verkefnastjóri, Ciara Brennan, doktorsnemi í fötlunarfræðum sem starfar við Marie Curie verkefnið DREAM (Disability Rights Expanding Accessible Markets), Orla Kelly, doktorsnemi í fötlunarfræðum starfar einnig við Marie Curie verkefnið DREAM, Eiríkur Karl Ólafsson Smith, doktorsnemi í fötlunarfræðum, verkefnisstjóri, Knútur Birgisson, MA-nemi í fötlunarfræðum, rannsóknamaður, Embla Ágústsdóttir vefstýra og Snæfríður Þóra Egilson, prófessor við Háskólann á Akureyri, sem var í samstarfi við setrið um rannsóknir og ráðstefnuhald. Auk ofantaldra tengjast nokkrir MA- og doktorsnemar í fötlunarfræðum starfi rannsóknasetursins eða hafa unnið afmörkuð verkefni. Þá voru nokkur smærri verkefni fjármögguð af Nýsköpunarsjóði námsmanna eða Vinnumálastofnun.

### Rannsóknir

Rannsóknasetrið tók þátt í nokkrum alþjóðlegum verkefnum og nokkrum innlendum á árinu 2011.

- Evrópuverkefnið Fundamental Rights of People with Intellectual Disabilities and Mental Health Problems. Fjármagnað af FRA (the Fundamental Rights Agency of the European Union). Þátttakendur voru allar 27 aðildarþjóðir Evrópusambandsins (2010–2011).
- Evrópuverkefnið ANED (A Network of European Disability Experts). Fjármagnað af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Þátttakendur allar Evrópusambands- og EFTA-þjóðirnar (2008–2011).
- Norrænt öndvegissetur um velferðarrannsóknir: REASSESS (Nordic Centre of Excellence: Reassessing the Nordic Welfare Model). Fjármagnað af NordForsk. Þátttakendur eru allar Norðurlandþjóðirnar (2007–2011).

### Ný alþjóðleg rannsóknaverkefni á árinu 2011

- Norræna verkefnið Social Regulation in Nordic Welfare States: The Impact on Employment among Youth from Ethnic Minorities and Youth with Disabilities. Fjármagnað af norrænu ráðherranefndinni. Þátttakendur eru allar Norðurlandþjóðirnar (2011–2013).

- DREAM (Disability Rights Expanding Accessible Markets). Marie Curie verkefni sem felst í því að þjálfa 14 unga vísindamenn til að læra um og innleiða nýjan mannréttindasáttmála fyrir fatlað fólk. Tveir ungir vísindamenn starfa við verkefnið í fullu starfi við Rannsóknasetrið í þrjú ár og eru þeir jafnframt doktorsnemar í fötlunarfræðum. Þátttakendur eru sjö Evrópuþjóðir (2011–2014).
- Leonardo Evrópuverkefnið Inclusive Education sem er unnið í samstarfi við Sjálfsbjörg – landssamtök fatlaðra og fleiri hagsmunasamtök fatlaðs fólks í Evrópu (2011).

#### **Innlend verkefni á árinu 2011**

- Verkefnið Jafnrétti til náms: Fatlaðir nemendur við Háskóla Íslands. Unnið í samvinnu við Lagadeild og styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna, Rannsóknarsetri í fötlunarfræðum og Vinnumálastofnun.
- Verkefnið Fátækt og félagslegar aðstæður öryrkja. Rannsóknaverkefni unnið í tilefni af Evrópuári 2010 gegn fátækt og félagslegri einangrun. Fjármagnað af styrkjum frá Evrópuárinu í gegnum velferðarráðuneytið. Verkefnið unnið í samstarfi við Öryrkjabandalag Íslands (2010–2011).
- Verkefnið Yfirfærsla málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga var unnið að beiðni velferðarráðuneytisins vegna yfirfærslu tiltekinna þátta málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011. Verkefnið felst í því að kortleggja aðstæður fatlaðs fólks á þessum tímamótum þannig að unnt verði að meta árangur af yfirfærslunni. Unnið í samstarfi Félagsvísindastofnunar, Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands (2010–2011).

### **Samstarfssamningur um rannsóknir og kennslu í fötlunarfræðum**

Samstarfssamningur er í gildi milli Öryrkjabandalags Íslands og Háskóla Íslands um kennslu og rannsóknir á sviði fötlunarfræða. Framlag Öryrkjabandalagsins er 6 milljónir króna á ári í tvö ár (frá júní 2010 – júní 2012), alls 12 milljón krónur, sem skiptist jafnt milli námsbrautar í fötlunarfræðum og Rannsóknasetursins.

### **Kynningarstarfsemi**

#### **Fyrirlestrar og gestafræðimenn**

Nokkrir erlendir fræðimenn komu til landsins á vegum Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum og héldu fyrirlestra og málstofur í samstarfi við Félags- og mannvísindadeild og aðra aðila innan háskólans:

- Ella Callow, sem starfar við The National Center for Parents with Disabilities and their Families í Berkeley, heimsótti Rannsóknasetrið í maí til samráðs um rannsóknaverkefni og annað fræðastarf.
- Marjorie DeVault, prófessor við Syracuse University, var gestafræðimaður við Rannsóknasetrið í maí. Hún hélt málstofu sem nefndist Institutional Ethnography: An „alternative sociology“ 26. maí fyrir doktorsnema í Félags- og mannvísindadeild.
- Borgunn Ytterhus, prófessor við NTNU (Norwegian University of Science and Technology) í Þrándheimi. Hún kom hingað til lands m.a. til að halda norrænt doktorsnemanámskeið í fötlunarfræðum sem hafði yfirskriftina Children of the Welfare State: the Case of Disability. Fyrri hluti námskeiðsins fór fram við Háskóla Íslands í maí og seinni hlutinn við NTNU í september.
- Kelley Johnson, prófessor og forstöðumaður The Norah Fry Research Centre við Bristol-háskóla, var gestafræðimaður við Rannsóknasetrið í sex vikur (í október og nóvember). Hún hélt hraðnámskeið um „Inclusive Research“ fyrir MA- og doktorsnema í október. Hún hélt einnig opinberan fyrirlestur hinn 8. nóvember við Háskóla Íslands sem bar heitið Towards a Good life for People with Intellectual Disabilities.
- Eva Magnús, lektor við Sör Trönderlag University College, var gestafræðimaður við setrið í október og hélt m.a. erindi á málþingi á jafnréttisdögum Háskóla Íslands.

### Ráðstefnur og málþing

- Málþing á Grand hóteli í Reykjavík 25. febrúar 2011: Daglegt líf, afkoma og aðstæður öryrkja. Málþingið var haldið í samvinnu við velferðarráðuneytið, Öryrkjabandalag Íslands og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands í tilefni af Evrópuári 2010 gegn fátækt og félagslegri einangrun.
- Ráðstefna NNDR (Nordic Network for Disability Research) var haldin 26.–28. maí á Grand hóteli í Reykjavík. Rannsóknasetrið kom að þessari viðamiklu ráðstefnu með virkum hætti varðandi undirbúning og framkvæmd í samráði við Félag um fötlunarrannsóknir.
- Málþing var haldið föstudaginn 14. október á jafnréttisdögum Háskóla Íslands í samvinnu við ráð um málefni fatlaðs fólks og jafnréttisnefnd Háskóla Íslands. Yfirskriftin málþingsins var Jafnrétti, fötlun og háskólanám.
- Opin ráðstefna um aðstæður fatlaðs fólks, Aðbúnaður, þjónusta, viðhorf, líðan, sjálfstæði, var haldin 26. október í Norðurljósasal Hörpu á vegum velferðarráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga í samstarfi við Félagsvísindastofun, Rannsóknastofnun í fötlunarfræðum og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands.

## Rannsóknasetur í safnafræðum

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknasetur í safnafræðum heyrir undir Félagsvísindastofnun og eitt af markmiðum setursins er að standa fyrir almennri umræðu um málefni safna. Starfsemi þess var með hefðbundnu sniði á árinu eins og árið á undan. Engar breytingar urðu á stjórn setursins, en í henni sitja: Elfa Hlín Pétursdóttir, fulltrúi Félags íslenskra safna og safnmanna, Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, fulltrúi Safnaráðs, Rakel Pétursdóttir, deildarstjóri Listasafns Íslands, fulltrúi Félags íslenskra safnafræðinga, Paul Basu dósent, fulltrúi University College London, Terry Gunnell prófessor, fulltrúi námsbrautar í safnafræðum, Sigurjón Baldur Hafsteinsson lektor, fulltrúi námsbrautar í safnafræðum, formaður, og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar.

### Rannsóknir

Unnið var að rannsókn á þátttöku innflytjenda í íslensku safnastarfi. Tinna Grétarsdóttir og Sigurjón Baldur Hafsteinsson unnu að verkefninu með styrk frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Enn fremur var sótt um nokkra styrki í innlenda samkeppnisjóði og gerð tilboð í verkefni á vegum safna.

### Kynningarstarfsemi

Á árinu var unnið að gerð heimasíðu fyrir setrið ([safnafrædi.hi.is](http://safnafrædi.hi.is)) en áætlanir eru um að á síðunni fari fram virk umræða um þær rannsóknir sem setrið er aðili að.

### Ráðstefnur og málþing

Fyrstu niðurstöður úr rannsókninni á þátttöku innflytjenda í íslensku safnastarfi, sem hér að ofan er getið, voru kynntar á alþjóðlegri ráðstefnu um málefni innflytjenda (Integration and Immigrants' Participation, 14.–15. október 2011) og með viðtali í Tímariti Háskóla Íslands.

Haldið var málþing í byrjun ársins um ritskoðun, þöggun og skoðanakúgun í samhengi safna og sýningarrýma. Á málþinginu voru m.a. teknar til umræðu spurningarnar: Eiga slík rými eitthvert erindi inn í umræður um ritskoðun, þöggun, skoðanakúgun, endurreisn og endurmat? Hvert er

hlutverk safna í lýðræðislegri umræðu, jafnvel í bælingu eða þöggun skoðana? Hver er samfélagsleg skylda safna til að sporna við þöggun? Er það hlutverk safna að vera siðgæðisvörður? Til hvaða bragðs á að taka veki sýning hörð viðbrögð? Hvert er hlutverk opinberra aðila í slíkum aðstæðum? En fjölmiðla? En menntamanna? Hversu langt á að ganga í málamiðlun sýnenda, sýningarstjóra, stjórnenda, gesta safna og sýningarrýma? Hvert er hlutverk gesta í að veita söfnum, sýningum, sýnendum og jafnvel öðrum sýningargestum aðhald? Þátttakendur í pallborðsumræðum voru: Steinunn Gunnlaugsdóttir listamaður, Birta Guðjónsdóttir, safnstjóri og listamaður, Hannes Lárusson listamaður, Haukur Már Helgason heimspekingur, Birna Kristjánsdóttir sérfræðingur, Jón Ólafsson heimspekingur og Ólöf K. Sigurðardóttir safnstjóri. Stjórnandi var Hjálmar Sveinsson heimspekingur. Málþingið var vel sótt og er hægt að nálgast upptöku af því á heimasíðu setursins.

Þann 20. nóvember stóð setrið fyrir málþingi um safnfræðslu ásamt Listasafni Reykjavíkur.

### Fyrirlestrar

Setrið og Þjóðminjasafn Íslands buðu saman til tveggja opinberra fyrirlestra. Laurie K. Bertram við University of Toronto í Kanada hélt þann fyrri þann 27. maí og nefndist hann „Immigrant Things: Identity and Objects in Icelandic-Canadian History, 1870–Onwards“. Þann síðari hélt Kathrin Maurer, lektor við University of Southern Denmark, 2. desember og nefndist hann „Memory and Museum Culture in Contemporary Germany“.

### Námskeið

Setrið stóð að þriggja daga námskeiði í safnfræðslu í samvinnu við Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri. Áætlað er að slíkum námskeiðum verði haldið áfram því að námskeiðið tókst með afbrigðum vel. Þátttaka í námskeiðinu var ígildi tveggja eininga í háskólanámi.

## Rannsóknasetur um fólksflutninga og fjölmenningu

Rannsóknasetur um fólksflutninga og fjölmenningu vinnur að ýmsum rannsóknaverkefnum sem tengjast fólksflutningum og fjölmenningu. Setrið starfar á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands innan vébanda Félagsvísindastofnunar.

### Verkefni sem setrið tengdist á árinu

- Styrkur fékkst úr Þróunarsjóði innflytjendamála í rannsóknaverkefnið Kynþáttafordómar á Íslandi undir stjórn Kristínar Loftsdóttur. Rannsókninni er ætlað að dýpka skilning á kynþáttafordómum í íslensku samhengi með því að skoða nokkuð náið upplifun ákveðins hóps, þ.e. þeirra sem flytjast hingað frá Afríku, en sögulega séð hafa kynþáttafordómar gjarnan tengst litarhætti. Tekin voru viðtöl við fólk af afrískum uppruna á Íslandi og fólk sem starfar að málefnum tengdum fólki af erlendum uppruna. Einn starfsmaður hefur unnið við verkefnið ásamt verkefnastjóra.
- Rannsóknasjóður Háskóla Íslands veitti styrk til rannsóknaverkefnisins Íslensk sjálfsmýnd í kreppu en þar er ætlunin að skoða þjóðernishugmyndir á Íslandi fyrir og eftir hrún. Lögð er sérstök áhersla á skörun þjóðernis við kyn og hugmyndir um hvítleika, sem og samspil fortíðar og nútíðar í samtímanum. Viðtöl hafa verið tekin í tengslum við verkefnið og fjölmiðlaumræða skoðuð. Kristín Loftsdóttir er verkefnastjóri. Þrír starfsmenn unnu að verkefninu ásamt verkefnisstjóra.
- Verkefnið þverþjóðleg tengsl og þátttaka í íslensku samfélagi. Konur og karlar frá Filippseyjum á Íslandi er fjármagnað af Rannís og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri er Unnur Dís Skaptadóttir. Rannsóknaverkefnið fjallar um stöðu og viðhorf fólks frá Filippseyjum sem hefur flust til Íslands. Í rannsókninni er sjónum beint að reynslu þeirra af því að koma sér fyrir á Íslandi og tengslaneti þeirra innanlands og við fólk í Filippseyjum. Auk verkefnisstjóra unnu þrír starfsmenn að verkefninu á árinu.

- Rannsóknaverkefnið *The Participation of Immigrants in Civil Society and Labour Market in the Economic recession* er hluti af stærra verkefni: *The Path to Equality: Promoting Diversity and Breaking Down Stereotypes in Iceland*, sem unnið er í samvinnu við Mannréttindaskrifstofu Íslands. Verkefnið var fjármagnað af þróunarsjóðnum *For Diversity / Against Discrimination* sem er á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Verkefnið var unnið undir stjórn Unnar Dísar Skaptadóttur, Önnu Wojtynska og Helgu Ólaf. Verkefnið fjallar um stöðu útlendinga á Íslandi eftir efnahagshrunið 2008. Verkefnið felur í sér rannsókn á viðhorfum innflytjenda og þjónustuaðila og greiningu á fjölmiðlaumfjöllun. Í rannsókninni var notuð spurningalistakönnun, einstaklingsviðtöl, rýnihópaviðtöl og fjölmiðlagreining. Starfsmenn í verkefninu, auk verkefnisstjóra, voru tveir. Haldin var alþjóðleg ráðstefna, *Integration and Immigrants' Participation*, í Reykjavík í tengslum við verkefnið 14.–15. nóvember.

Styrkur fékkst frá NOS-HS til rannsóknansins *Crisis in the Nordic Countries* árið 2011 til að halda þrjár ráðstefnur (sem verða haldnar 2012). Ráðstefnurnar verða þverfaglegar og þar leiða saman hesta sína fræðimenn víða að sem hafa rannsakað sérstaklega samfélög á Norðurlöndum og umræðu um fjölmenningu. Kristín Loftsdóttir og Lars Jensen, dósent við Roskilde-háskóla, leiða verkefnið.

Styrkur fékkst frá NordForsk til rannsóknansins *Generations, Multiculturalism and Nordic Identity* til að standa að doktorsnemanámskeiðum á öllum Norðurlöndunum og í Eistlandi á árunum 2011–2013. Unnur Dís Skaptadóttir er fulltrúi Íslands í stjórn verkefnisins.

Samstarf var tekið upp við Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands við stofnun þess í janúar 2011. Að miðstöðinni standa kennarar og fræðafólk á Félagsvísindasviði sem stunda rannsóknir á sviði mannréttinda og mismununar, jafnréttis-, kynja- og margbreytileikafræða.

## Rannsóknastofa í afbrotufræði

### Almennt yfirlit

Rannsóknastofa í afbrotufræði var stofnuð í desember 2004 og heyrir undir Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Stofan er samstarfsvettvangur Háskóla Íslands og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Stofan annast fyrst og fremst margvíslegar rannsóknir er lúta að afbrotum: Tíðni og félagslegt mynstur brota, viðhorf og reynslu af afbrotum, ótta við afbrot og öryggi borgaranna, auk alþjóðlegs samanburðar og fjölþjóðlegrar samvinnu. Jafnframt stendur stofan að málþingum og útgáfu fræðibóka um afbrotufræðileg málefni.

### Stjórn og starfsfólk

Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði, og Rannveig Þórisdóttir, aðjunkt í félagsfræði og sérfræðingur hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, hafa stýrt stofunni frá upphafi. Snorri Örn Árnason, sérfræðingur hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og stundakennari í félagsfræði, hefur einnig unnið að verkefnum á vegum stofunnar.

### Rannsóknir

Meðal stórra verkefna sem stofan hefur unnið að má nefna alþjóðlega rannsókn á brotaþolum. Á árinu 2011 var áfram unnið úr viðamikilli norrænni rannsókn á afstöðu almennings og dómara á



Norðurlöndum til refsinga. Einnig var unnin ítarleg rannsókn á afbrotum á höfuðborgarsvæðinu, dreifingu tilkynnta brota eftir svæðum og reynslu íbúa af lögreglu, öryggi og afbrotum.

## Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd

### Starfslið

Árið 2011 var Elísabet Karlsdóttir framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd í fullu starfi og Ásdís A. Arnalds verkefnisstjóri í 30% starfi. Fleiri starfsmenn störfuðu enn fremur tímabundið við stofnunina í styttri eða lengri tíma. Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur í nánu samstarfi við framkvæmdanefnd stofnunarinnar, sem í eru formaður stjórnar og fulltrúi Félagsráðgjafardeildar. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd hefur náið samstarf við sérfræðinga Félagsráðgjafardeildar en verkefni eru einnig unnin í samstarfi við Félagsvísindastofnun eða með aðkeyptri þjónustu frá henni (sjá kafla um stofnunina). Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd er eingöngu rekin með styrkjum og þjónustuverkefnum sem framkvæmdanefnd aflar.

### Stjórn

Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í Félagsráðgjafardeild, formaður, Halldór Guðmundsson, lektor í Félagsráðgjafardeild, fulltrúi Félagsráðgjafardeildar, Steinunn Hrafnisdóttir, dósent í Félagsráðgjafardeild og deildarforseti Félagsráðgjafardeildar, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar, Ellý Alda Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar, Þór G. Þórarinnsson, velferðarráðuneyti, og Valgerður Halldórsdóttir, Félagsráðgjafafélagi Íslands.

Helstu nýmæli og breytingar fólust í að fylgja eftir aðgerðaáætlun stofnunarinnar um að gera hana sýnilegri og fjölga samstarfsaðilum.

### Samstarfssamningur

Árið 2011 undirrituðu Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd, Landssamband eldri borgara og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands samkomulag um samstarf. Markmiðið með því er að skapa vettvang fyrir nýsköpun, umræðu, upplýsingaöflun og -miðlun, rannsóknir og þróunarstarf í málefnum eldri borgara.

### Útgáfa

Ritröð Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd og Ísforsa

- Ritroð IV: Flóttabörn á Íslandi. Rannsókn á viðhorfum og reynslu flóttabarna. Höfundur: Guðbjörg Ottósdóttir. Verkefnið var styrkt af Sumargjöf.
- Ritroð V: Verkefni, vinnuumhverfi og líðan starfsfólks í umönnun aldraðra á Íslandi. Norræn samanburðarrannsókn. Höfundur: Elísabet Karlsdóttir.
- Ritroð VI: Það kemur alveg nýtt look á fólk. Rannsókn á gerð áætlaða um meðferð máls í barnaverndarstarfi. Höfundur: Anni G. Haugen.

## Þjónustuverkefni

- Þjónusta Barnahúss: Reynsla barna og ungmenna af skýrslutöku og meðferð 2007–2009. Höfundar: Anna Kristín Newton, Elín Hjaltadóttir og Heiður Hrund Jónsdóttir. Unnið fyrir Barnaverndarstofu.
- Ný sjónarhorn og leiðir til bættrar geðheilu. Norrænt verkefni um valdeflingu í geðheilbrigðisþjónustu. Höfundar: Lára Björnsdóttir, Halldór S. Guðmundsson, Kristín Sigursveinsdóttir og Auður Axelsdóttir. Gefið út á íslensku og norsku.

## Frumrannsókn

- Félagslegar aðstæður pólskra barnafjölskyldna í Reykjavík. Höfundar: Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, Ásta Guðmundsdóttir og Ásdís A. Arnalds. Styrkt af Evrópuári gegn fátækt og félagslegri einangrun.

## Málstofur og ráðstefnur

- Málþing í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands og Landssamband eldri borgara: Hjúkrunarheimili framtíðarinnar – heimilisfólk, aðbúnaður, þjónusta.
- Málþing í samstarfi við Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni: Sameiginleg forsjá – heimild dómara (Parents in disputes – after the courtroom). Mai Heide Ottosen, sérfræðingur í skilnaðarráttum við Dansk Socialforskningsinstitut, fjallaði um matsrannsókn á samstarfi foreldra og á jafnri búsetu barna eftir skilnað. Aðrir fyrirlesarar voru Hrefna Friðriksdóttir og Sigrún Júlíusdóttir. Innanríkisráðherra flutti lokaorð.

## Málstofuröð Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd og Félagsráðgjafardeildar Vorið 2011. Þema: Afskipt börn í íslensku velferðarkerfi.

- Kynning og viðbrögð við skýrslu UNICEF: The children left behind (Börn skilin út undan). Í samstarfi við UNICEF. Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF, Júlíus Björnsson, forstöðumaður Námsmatsstofnunar, Anna Björg Arnardóttir yfirhjúkrunarfræðingur, sviðsstjóri við Landlæknisembættið, og Halldór S. Guðmundsson, lektor við Félagsráðgjafardeild.
- Theoretical perspectives in researching with children. Í samstarfi við Rannsóknastofnun í menntunarfræðum ungra barna á Menntavísindasviði. Sue Dockett, prófessor við Charles Sturt University í Ástralíu.
- Rights and participation vs. vulnerability and protection. Anne Trine Kjörholt, framkvæmdastjóri og dósent við Norwegian Centre for Child Research.
- Flóttabörn á Íslandi: Niðurstöður rannsóknar á viðhorfum og reynslu flóttabarna. Guðbjörg Ottósdóttir, félagsráðgjafi og doktorsnemi við háskólann í Reading, og Helena N. Wolimbwa, félagsráðgjafi við þjónustumiðstöðina Vesturgarð.
- Niðurstöður könnunar á félagslegum aðstæðum pólskra barnafjölskyldna í Reykjavík. Í samstarfi við Evrópuár gegn fátækt og félagslegri einangrun. Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, félagsráðgjafi við þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, og Ásta Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi hjá Barnavernd Reykjavíkur.
- Börn utanveltu í skólasamfélaginu. Sigrún Harðardóttir, félagsráðgjafi og doktorsnemi í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands.
- Börnin í barnaverndinni. Halldór S. Guðmundsson, lektor við Félagsráðgjafardeild.
- Olnbogabörn – í spegli tímans. Sigrún Júlíusdóttir, prófessor við Félagsráðgjafardeild.

## Málstofur

**Haustið 2011. Þema: Foreldrar í skilnaði, samvinnusamtöl og sátt í fjölskyldum.**

- Samvinnusamtöl í skilnaðarferlinu (Family law and the experience of divorce counselling in a Swedish community). Sune Carlson, félagsráðgjafi og sérfræðingur í skilnaðarráðgjöf við fjölskyldudeild félagsþjónustunnar í Växjö.
- Skilnaðarferli foreldra: börn og sátt í fjölskyldum. Sigrún Júlíusdóttir, prófessor við Félagsráðgjafardeild.

## Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf

### Almennt yfirlit og stjórn

Í stjórn Sérfræðiseturs í ævilangri náms- og starfsráðgjöf sitja Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, prófessor í náms- og starfsráðgjöf, formaður, Björg Kristjánsdóttir, formaður Félags náms- og starfsráðgjafa, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, og María Dóra Björnsdóttir, deildarstjóri Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands. Á setrinu voru tveir starfsmenn í um það bil einu og hálfu stöðugildi árið 2011, þær Andrea G. Dofradóttir og Guðrún Birna Kjartansdóttir.

### Rannsóknir

Sérfræðisetrið vann að innlendum og erlendum verkefnum. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir var ábyrgðarmaður þeirra allra.

- Evrópskt samstarfsnet um stefnumótun í ævilangri náms- og starfsráðgjöf (European Lifelong Guidance Policy Network). Framkvæmd verkefnisins og leiðandi hlutverk í vinnupakka var í höndum setursins í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Verkefnið er fjármagnað af menntaáætlun Evrópusambandsins með stuðningi framkvæmdastjórnar sambandsins.
- Norræn rannsókn um rödd ráðþega í ráðgjöf: Voice of users – Promoting quality of guidance for adults in the Nordic countries. Verkefnið er fjármagnað af norrænu ráðherranefndinni og NVL, norrænu tengslaneti um nám fullorðinna.
- Alþjóðlegt vísindasamstarfsverkefni um hönnun á mælitæki á aðlögunarhæfni á náms- og starfsferli: Könnun á aðlögunarhæfni á náms- og starfsferli, skammstafað KANS (Career Adapt-Abilities Scale). Einnig var unnið að handbók um mælitækið sem er til leiðsagnar þeim sem nota það.
- Upplýsinga- og ráðgjafarkerfi um nám og störf, þarfagreining og framkvæmdaáætlun. Setrið hlaut styrk hjá Starfsmenntaráði til að vinna verkefnið.

### Kynningarstarfsemi

#### Útgáfa

- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, Andrea G. Dofradóttir og Guðrún Birna Kjartansdóttir (2011). Voice of users. Promoting quality of guidance for adults in the Nordic countries. Höfundar: Anders Lovén, Carla Tønder Jessing, Erik Hagaseth Haug, Minna Koivunen, Peter Plant, Raimo Vuorinen, Tomas Mjørnheden. Helsinki: Nordic Network for Adult Learning (NVL): <http://www.nordvux.net/page/1143/vagledning.htm>.
- Setrið gefur reglulega út fréttabréf og er með heimasíðu þar sem hægt er að nálgast fréttir af starfi þess: [www.saens.hi.is](http://www.saens.hi.is).

#### Ráðstefnur

- Hálf dagsráðstefna var haldin í maí 2011 á Grand hóteli í Reykjavík með yfirskriftinni Náms- og starfsráðgjöf í netheimum og raddir ráðþega.
- Norrænt tengslanet um nám fullorðinna bauð upp á málstofu í nóvember 2011 um niðurstöður rannsóknarinnar Voice of users – Promoting quality of guidance for adults in the Nordic countries. Málstofan var haldin í samstarfi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Sérfræðiseturs í ævilangri náms- og starfsráðgjöf.

### Annað

Andrea G. Dofradóttir fór í mars til Jyväskylä í Finnlandi á ráðstefnu Nordisk Educational Research Association þar sem hún og norrænir samstarfsfélagar í verkefninu Voice of users – Promoting quality of guidance for adults in the Nordic countries kynntu niðurstöður rannsóknarinnar.

Andrea G. Dofradóttir fór í kynnisferð til Danmerkur dagana 10.-11. október á vegum European Lifelong Guidance Policy Network til að kynna sér skipan náms- og starfsráðgjafar í Danmörku með áherslu á aðgengi að náms- og starfsráðgjöf og notkun upplýsingatækni.

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir fór á ráðstefnu í European Lifelong Guidance Policy Network í Osló þann 10. nóvember og kynnti rannsóknina Raddir fullorðinna – stuðlað að gæðum í náms- og starfsráðgjöf fullorðinna á Norðurlöndum.

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir fór til Búdapest á alþjóðlegt málþing um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf 5.-7. desember. Íslendingar áttu þar með áheyrnarfulltrúa í fyrsta sinn. Fyrir fundinn voru drög að stefnumótun um náms- og starfsráðgjöf samin. Hægt er nálgast skýrslu um fundinn á heimasíðu setursins.

Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf er með aðsetur í Gimli.

## Hagfræðistofnun

### Almennt yfirlit, stjórn og starfsfólk

Hagfræðistofnun sinnir rannsóknum og þjónustuverkefnum á sviði hagfræði. Í stjórn stofnunarinnar eru Ragnar Árnason, formaður, Tór Einarsson, Þórólfur Matthíasson, Jón Ásbergsson og einn fulltrúi frá Ökonómiu, félagi hagfræðinema við Háskóla Íslands. Forstöðumaður Hagfræðistofnunar er Sveinn Agnarsson og aðrir fastir starfsmenn við stofnunina eru Sigurður Jóhannesson og Jónas Hlynur Hallgrímsson. Þá störfuðu 5–7 lausráðnir starfsmenn við stofnunina að jafnaði á árinu. Flestir þeirra voru í grunn- eða meistaranámi í hagfræði eða hafa nýlengi prófi, en stofnunin hefur alla tíð lagt mikla áherslu á að gefa nemendum tækifæri til að tileinka sér grunnatriði í fræðilegri rannsóknavinnu. Fastir kennarar við Hagfræðideild hafa einnig iðulega komið að ýmsum verkefnum Hagfræðistofnunar.

### Rannsóknir

Hagfræðistofnun á aðild að rannsóknaverkefninu Deepfishman (sjá <http://deepfishman.hafro.is/doku.php>) sem styrkt er af sjöundu rammaáætlun Evrópusambandsins um rannsóknir og þróun. Franska hafrannsóknastofnunin, IFREMER, leiðir verkið sem rannsóknastofnanir frá tólf Evrópulöndum eiga aðild að. Deepfishman er þriggja ára verkefni og í því er ætlunin að kanna ýmsa þætti tengda veiðum á djúpsjávafiskistofnum. Verkinu lýkur haustið 2012.

Í mars 2011 hófst vinna við annað rannsóknaverkefni, Ecofishman (<http://www.ecofishman.com/>) sem Evrópusambandið styrkir og Matís ohf. leiðir. Að verkefninu koma 15 rannsóknastofnanir frá átta löndum. Auk Hagfræðistofnunar taka fræðimenn úr Félags- og mannvísindadeild og Líf- og umhverfisvísindadeild þátt í verkefninu fyrir hönd Háskóla Íslands. Höfuðmarkmiðið með þessu verkefni er að þróa nýja aðferðafræði sem nýtist við breytingar og umbætur á fiskveiðistjórnunarkerfi Evrópusambandsins. Lögð er áhersla á samstarf við sjómenn, útgerð og vinnslu og að hagnýta upplýsingar úr rafrænum afladagbókum. Markmið verkefnisins er að stuðla að vistvænni, sjálfbærri og hagrænni stjórnun með sérstakri áherslu á rekjanleika og það að halda brottkasti afla í lágmarki.

Sem fyrr áttu starfsmenn Hagfræðistofnunar aðild að tveimur evrópskum rannsóknahópum: annars vegar European Network of Experts on Employment and Gender Equality Issues og hins vegar European Employment Observatory.

## Útgáfa

Á árinu 2011 kom út ein rannsóknaritgerð í ritröð Hagfræðistofnunar:

W11:01 Manoj Atolia, Tor Einarsson and Milton Marquis. Liquidity Shortages in a Model with Equilibrium Shirking (pdf-skjal).

## Þjónustuverkefni

Hagfræðistofnun tók að sér fjölmörg þjónustuverkefni á árinu 2011 og vann m.a. eftirfarandi skýrslur:

- C11:01 Fjárhagslegur aðskilnaður fiskveiða og vinnslu: Kostir og gallar.
- C11:02 Áhrif tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu á komur erlendra ferðamanna.
- C11:03 Þróun á húsnæðismarkaði og samanburður við önnur lönd.
- C11:04 Hagfræðileg greining á nýtingu vatns.
- C11:05 Fyrirtækjaaðskilnaður á rafmagnsmarkaði.
- C11:06 Beint og óbeint framlag áliðnaðar til landsframleiðslu.
- C11:07 Staða og horfur svínaræktarinnar – Ísland og Evrópusambandið.
- C11:08 Greinargerð um afföll íbúðalána við stofnun nýju bankanna og kostnað við niðurfærslu lána.

Skýrslurnar eru allar aðgengilegar á nýrri heimasíðu stofnunarinnar, [www.hhi.hi.is](http://www.hhi.hi.is), sem tekin var í gagnið á haustmánuðum. Þar er jafnframt að finna allar eldri skýrslur og annað efni, m.a. skýrslur um hagvöxt eftir landshlutum, en það verkefni er unnið í samstarfi við Byggðastofnun. Eru þær skýrslur einnig aðgengilegar á heimasíðu Byggðastofnunar.

## Ráðstefnur og erindi

Starfsmenn stofnunarinnar héldu fjölmörg erindi jafnt innan lands sem utan á árinu, tóku þátt á ráðstefnum og gáfu álit við ýmis tækifæri. Þá voru starfsmenn Hagfræðistofnunar áberandi í fjölmiðlaumfjöllun um efnahagsmál bæði hérlendis og erlendis.



- o Róbert Marshall, þingmaður og formaður alsherjarnefndar Alþingis
- o Magnús Árni Skúlason, framkvæmdastjóri Reykjavík Economics
- o Sigrún Benediktsdóttir hdl. og aðalmaður í landskjörstjórn
- 28. september. Opinn fundur: Tvísköttunarsamningar og evrópskar skattareglur
  - o Ragnheiður Snorradóttir hdl. LL.M., lögmaður hjá LEX lögmannsstofu
- 16. nóvember. Opinn fundur í samvinnu við Sakfræðifélag Íslands og Orator, félag laganema: Bribery and the Like – in a Nordic context with an outlook to the new British legislation
  - o Lars Bo Langsted, prófessor við Lagadeild Álaborgarháskóla

## Annað – Kynningarefni um Icesave

Alþingi fól innanríkisráðuneytinu að semja við Lagastofnun um að útbúa hlutlaust kynningarefni vegna þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-samningana vorið 2011 en ráðuneytið hafði samið við stofnunina um sambærilegt verkefni árið áður. Lagastofnun samdi og ritstýrði texta í prentuðum kynningarbæklingi sem dreift var á öll heimili í landinu. Stofnunin sá einnig um að setja upp kynningarvef með sama texta og í kynningarbæklingi, auk þess sem þar var ítarlegri umfjöllun en í kynningarbæklingnum og annað efni sem tengdist málinu.

## Mannréttindastofnun

### Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn Mannréttindastofnunar var þannig skipuð árið 2011: Björg Thorarensen, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands, formaður, Hjördís Hákonardóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, Róbert R. Spanó, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands, og Ásgerður Ragnarsdóttir hdl., meðstjórnendur. Varamenn í stjórn voru Hilmar Magnússon hrl. og Pétur Dam Leifsson, dósent við Lagadeild Háskóla Íslands. Forstöðumaður í hlutastarfi var María Thejll hdl.

### Rannsóknir

#### Landsáætlun í mannréttindamálum

Mannréttindastofnun fékk á árinu 2011 styrk frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, til að rannsaka innihald og áætlanir Norðurlandanna í mannréttindamálum ásamt því að vinna grunnvinnu og lýsingu á stöðunni hér á landi og í framhaldinu vinna drög að áætlun í mannréttindamálum fyrir Íslendinga. Stofnunin réð Ernu Margréti Þórðardóttur, LL.M. í mannréttindum, til að vinna verkefnið og í júní 2011 var það nánar skilgreint í samvinnu við innanríkisráðuneytið. Þar var aukin áhersla lögð á að gerð yrði grein fyrir því hvernig aðrar Norðurlandabjóðir hefðu unnið stefnumótun og áætlanagerð um mannréttindi og metið yrði hvaða leiðir koma til greina sem fyrirmynd fyrir landsáætlun á Íslandi. Jafnframt skyldi gera grein fyrir starfsemi landsstofnana í mannréttindamálum á Norðurlöndum. Skýrslu um gerð landsáætlunar í mannréttindum á Íslandi var skilað til innanríkisráðuneytisins í október 2011.

### Kynningarstarfsemi

#### Útgáfa

#### Dómareifanir Mannréttindadómstóls Evrópu

Í tímaritinu eru reifaðir valdir dómar sem taldir eru hafa sérstakt gildi fyrir túlkun ákvæða sáttmálans. Þá eru teknir með dómar sem hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenskan rétt, einkum í málum gegn hinum Norðurlöndunum þar sem oft er til umfjöllunar löggjöf eða ákvarðanir sem eiga

hliðstæðu í íslenskri réttarframkvæmd. Loks eru birtar í heild sinni í íslenskri þýðingu ákvarðanir og dómur í kærumálum gegn íslenska ríkinu.

Annað hefti ársins 2010, þar sem reifaðir eru dómur uppkveðnir á tímabilinu júlí til desember 2010, kom út í apríl 2011. Fyrsta hefti ársins 2011, með dómum frá janúar til júní 2011, kom út í október 2011. Innanríkisráðuneytið, áður dómsmálaráðuneytið hefur frá upphafi styrkt útgáfu dómareifananna. Í ár ákvað ráðuneytið að skera fjárveitinguna niður um þriðjung sem hefur í för með sér að stofnunin hefur þurft að greiða með útgáfunni. Þrátt fyrir það var ákveðið að prenta reifanirnar sem komu út á árinu. Verði styrkurinn ekki hækkaður á næsta ári kann að fara svo að ekki verði unnt að láta prenta reifanir heldur verði látið við það sitja að birta þær á heimasíðu stofnunarinnar en leitað er leiða til að hagræða útgáfunni, svo sem með því að stytta reifanirnar og minnka verulega tímaritið til að draga úr kostnaði við prentun og launakostnaði vegna vinnu við þessar reifanir.

### **Námsferð í boði svissneskra yfirvalda 12.–16. maí**

Mannréttindastofnun hefur átt samstarf við Evrópustofnun um þjóðarfrumkvæði og þjóðaratkvæðagreiðslur (IRI). Að beiðni Brunos Kaufmann hjá IRI hafði Mannréttindastofnun milligöngu um að tilnefna þátttakendur í námsferð til Sviss á vegum utanríkisráðuneytis Sviss og að halda utan um skipulagningu vegna hennar hérlandis. Í námsferðinni var kynnt fyrirkomulag og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna og þjóðarfrumkvæðis í Sviss. Farið var yfir mismunandi fyrirkomulag á landsvísu, innan kantóna og á sveitarstjórnarstigi, og fundir og kynningar voru haldnar í Zürich, Bern og Luzern.

Þátttakendur voru: Salvör Nordal og Þorkell Helgason, frá stjórnlagaráði, Hermann Sæmundsson, frá innanríkisráðuneyti, Róbert Marshall, þingmaður og formaður allLandspítala – háskólasjúkrahúsi erjarnefndar Alþingis, Sigrún Benediktsdóttir hdl., frá landskjörstjórn, Magnús Árni Skúlason og Jóhannes Þ. Skúlason, frá InDefence, María Thejll, frá Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Sjúrdur Skaale frá Færeyjum og Johan Lund Olsen frá Grænlandi, auk Þórdísar Arnljótsdóttur, fréttakonu hjá Ríkisútvarpinu.

Þátttakendur sátu fund með Andi Gross, sem á sæti á ráðgjafabingi Evrópuráðsins. Gross fór yfir þróun og núverandi ákvæði um beint lýðræði í stjórnarskrá Sviss, við hvaða aðstæður þjóðaratkvæðagreiðslur eru haldnar og hvernig þær fara fram. Í Bern var farið yfir áhrif þess að í gildi eru virk ákvæði um beint lýðræði og stjórnsýsluframkvæmdina. Forseti borgarráðs Lucern, Rolf Krummenacher, og Adrian Schmidt, fyrrverandi forseti borgarráðs, tóku á móti hópnum í ráðhúsi Luzern. Þeir gerðu grein fyrir framkvæmd og fyrirkomulagi beins lýðræðis í kantónum og á sveitarstjórnarstiginu. Hópurinn heimsótti kjörstað í Luzern, sem var opinn í tvær klukkustundir, en um 95% þeirra sem greiða atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslum greiða atkvæði heima hjá sér og senda atkvæðið í pósti. Fylgst var með talningu atkvæða. Fundað var með varaformanni Græna flokksins í Sviss, Aline Trede, sem fór yfir framkvæmdina við þjóðarfrumkvæði og hvernig tillagan sem slík og umræðan um hana getur haft áhrif á löggjöfina þó að ekki komi til þjóðaratkvæðagreiðslu um hana.

Skipulag og utnumhald í námsferðinni var einstakt og upplýsingar til þátttakenda lærdómsríkar. Ákveðið var að fylgja ferðinni eftir með ráðstefnu á Íslandi um haustið. Þann 14. og 15. september voru haldnar ráðstefnur um beint lýðræði á Íslandi. Þann 14. var áhersla lögð á beint lýðræði á sveitarstjórnarstiginu og þann 15. var umfjöllunin almenn og um fyrirkomulag á landsvísu, auk þess sem fjallað var um þann lærdóm sem þátttakendur í námsferðinni til Sviss drógu af henni.



### **Nútímalegt beint lýðræði í Sviss og á Íslandi – Bæklingur og sýning**

Í tengslum við ráðstefnuna um beint lýðræði þann 14. og 15. september styrkti utanríkisráðuneyti Sviss útgáfu bæklinga um beint lýðræði í Sviss og á Íslandi og uppsetningu sýningar um sama efni. Mannréttindastofnun sá um textagerð, þýðingu og uppsetningu sýningarinnar og hönnun og prentun bæklingans í samvinnu við Lagastofnun. Sýningin var opnuð þann 14. september í Ráðhúsi Reykjavíkur. Bæklingnum var dreift á ráðstefnunni.

### **Fundir og ráðstefnur**

- 12. janúar. Málstofa um leiðir til að afnema misvægi atkvæða og áhrif þeirra: Landið eitt kjördæmi og jafn kosningaréttur. Rætt var um hvort rétt sé að jafna kosningarrétt að fullu og hvort því markmiði verði best náð með því að breyta landinu í eitt kjördæmi. Farið var yfir kosti og galla slíkra breytinga bæði frá sjónarhóli stjórnmalaflokka og aðstöðu kjósenda í landinu til að hafa áhrif og hvort aðrir leiðir séu vænlegri við þróun kosningaskipulags hér á landi. Þátttaka var góð, um 80 manns mættu. Frummælendur voru: Grétar Þór Eyþórsson, prófessor við Háskólann á Akureyri og Ólafur Þ. Harðarson, prófessor og forseti Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands.
- 28. janúar. Ráðstefna á vegum Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands og Lagadeildar Háskólans í Reykjavík í samvinnu við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins/TAIEX, um réttindaskrá Evrópusambandsins og áhrif Lissabon-sáttmáls: The Charter of Fundamental Rights and the EU under the Lisbon Treaty: Towards Enhanced Human Rights Protection. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra flutti ávarp og Ragnhildur Helgadóttir, prófessor við Lagadeild Háskólans í Reykjavík, var fundarstjóri. Skráðir þátttakendur voru 120. Frummælendur: Jean Claude Pirus, framkvæmdastjóri lagasviðs Evrópusambandsins, Davíð Þór Björgvinsson, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, Elvira Mendez Pinedo, prófessor við Lagadeild Háskóla Ísland og Björg Thorarensen, prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands.
- 15. september. Ráðstefna um þjóðaratkvæðagreiðslur í samvinnu Mannréttindastofnunar, Lagastofnunar, svissneska utanríkisráðuneytisins og Evrópustofnunar um þjóðarfrumkvæði og þjóðaratkvæðagreiðslur (Institute of Referendums and Initiative, IRI). Ólafur Þ. Harðarson forseti Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands flutti ávarp og Þórdís Arnljótsdóttir fréttamaður hjá Ríkisútvarpinu var fundarstjóri. Skráðir þátttakendur voru 50. Frummælendur voru: Salvör Nordal, forseti stjórnlagaráðs og forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands, Bruno Kaufmann, forstöðumaður Evrópustofnunar um þjóðarfrumkvæði og þjóðaratkvæðagreiðslur (Institute of Referendums and Initiative, IRI), María Thejll, forstöðumaður Lagastofnunar og Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands, Jóhannes Þ. Skúlason, aðstoðarmaður formanns Framsóknarflokksins og einn af stofnendum InDefence, Róbert Marshall, þingmaður og formaður allsherjarnefndar Alþingis, Magnús Árni Skúlason, framkvæmdastjóri Reykjavík Economics og einn af stofnendum InDefence og Sigrún Benediktsdóttir hdl. og aðalmaður í landskjörstjórn.

### **Annað – Efni á heimasíðu**

Dómareifanir Mannréttindadómstólsins, bæklingur um beint lýðræði í Sviss og á Íslandi og skýrsla um landsáætlun í mannréttindamálum eru birt á heimasíðu stofnunarinnar:

<http://stofnanir.hi.is/mannrettindastofnun/>.

## Rannsóknastofa í Evrópurétti

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í Evrópurétti lýtur þriggja manna stjórn sem skipuð er til þriggja ára. Stjórnina skipa María Elvira Mendez Pinedo prófessor, formaður, Stefán Már Stefánsson prófessor og Dóra Guðmundsdóttir, doktorsnemi í Evrópurétti við Cambridge og aðjunkt við Lagadeild Háskóla Íslands.

Rannsóknastofa í Evrópurétti stendur fyrir vísindalegum rannsóknum í Evrópurétti og EES-rétti. Helsta markmið rannsóknastofunnar er að skipuleggja og framkvæma rannsóknir á öllum sviðum Evrópuréttar og EES-réttar, efla rannsóknir, fræðilega umfjöllun, útgáfu fræðiritra og umræðu um Evrópurétt og EES-rétt.

Hlutverk rannsóknastofunnar er einkum að stunda fræðilegar rannsóknir á Evrópurétti og EES-rétti, efla samvinnu innan Lagadeildar og Lagastofnunar, við aðra háskóla, háskóladeildir og stofnanir sem stunda rannsóknir á Evrópurétti. Einnig er henni ætlað að efla alþjóðlegt samstarf við fyrrgreinda aðila, kynna og birta opinberlega rannsóknaniðurstöður hér á landi og á alþjóðlegum vettvangi og styðja við grunnnám og framhaldsnám á sviði Evrópuréttar og EES-réttar.

### Rannsóknir og rannsóknastyrkir

Á vegum stofunnar var unnið að ýmsum verkefnum árið 2011.

Unnið var að útgáfu rits á sviði Evrópuréttar sem stefnt er að komi út árið 2012. Ritið tengist doktorsverkefni Ólafs Ísberg Hannessonar, doktorsnema við European University Institute í Flórens. Rannsóknin skiptist í tvennt. Í fyrri hluta hennar er leitast við að grafast fyrir um stöðu, gildissvið og áhrif meginreglunnar um forgangsáhrif í Evrópurétti og stjórnskipunarrétti og hlutverk dómstóla aðildarríkjanna í réttarvörslukerfi Evrópusambandsins við framkvæmd og fullnustu sambandsréttar. Í öðrum hluta er leidd í ljós staða og framkvæmd EES-samningsins í dómaframkvæmd EFTA-dómstólsins og í íslenskri dómaframkvæmd. Þá er gerð grein fyrir stöðu og framkvæmd samningsins með hliðsjón af þeim fræðilegu viðhorfum sem átt hafa upp á pallborðið í evrópskri lögfræði undanfarinn áratug og birtast í lagakenningum um pluralisma (fjölhyggju). Slíkar kenningar gefa nýja innsýn í fjölhyggju (e. pluralist nature) EES-samningsins og samvinnu sjálfstæðra dómstóla EFTA-ríkjanna við EFTA-dómstólinn. Rannsóknaverkefnið var styrkt af Rannsóknasjóði Íslands (Rannís).

Þá hefur verið unnið að rannsóknaverkefninu Equality into Reality: Action for Diversity and Non-Discrimination in Iceland, sem fékk Progress-styrk frá Evrópusambandinu. Rit með niðurstöðum rannsókna á að koma út árið 2012. Sá hluti rannsóknarinnar sem tengdist rannsóknastofunni ber heitið: Access to Justice and non-discrimination in European Law – A critical view.

Enn fremur hefur verið unnið að rannsókn um nýja neytendalöggjöf í Evrópu í kjölfar fjármálakreppunnar og er hún jafnframt doktorsverkefni Irinu Domurath, doktorsnema við Lagadeild Háskóla Íslands, sem vinnur hana undir handleiðslu Maríu Elviru Mendez Pinedo. Þar er þróunin á sviði evrópskrar neytendaverndarlöggjafar rannsökuð með það að markmiði að færa nýja þekkingu á þessu réttarsviði til Íslands. Styrkur fékkst frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til rannsóknarinnar.

### Alþjóðleg samvinna og kynningarstarfsemi

Rannsóknastofan er í samvinnu við European University Institute í Flórens.

Á heimasíðu rannsóknastofunnar er að finna margvíslegt efni á sviði Evrópuréttar. Þar er gerð grein fyrir rannsóknaverkefnum sem rannsóknastofan hefur komið að frá 2007, styrkjum sem fengist hafa til rannsóknaverkefna, og getið um meistararitgerðir á sviði Evrópuréttar og námskeið í Evrópurétti sem kennd eru við Lagadeild Háskóla Íslands. Heimasíða stofunnar er [http://lagastofnun.hi.is/rannsoknastofa\\_i\\_evropuretti](http://lagastofnun.hi.is/rannsoknastofa_i_evropuretti).

## Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti var sett á laggirnar síðla árs 2009 og hóf starfsemi vorið 2010. Stofan lýtur þriggja manna stjórn sem skipuð er til þriggja ára. Stjórnina skipa Aðalheiður Jóhannsdóttir, formaður, Lárus Blöndal hæstaréttarlögmaður og Helgi Áss Grétarsson, lektor og doktorsnemi við Lagadeild. Hlutverk stofunnar er að stunda fræðilegar rannsóknir á sviði innlands og alþjóðlegs umhverfis- og auðlindaréttar, þ.m.t. á rétti Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðinisins, efla samvinnu innanlands og utan, styðja meistara- og doktorsnema til að taka þátt í rannsóknum á fræðasviðinu, svo og að kynna og birta niðurstöður rannsókna á sviðinu.

### Rannsóknir

Á vegum stofunnar er m.a. unnið að útgáfu heildstæðs rits um íslenskan umhverfis- og auðlindarétt og er stefnt að útgáfu árið 2013. Jafnframt hefur verið unnið að minni rannsóknaverkefnum, þ.m.t. er tímaritsgrein um áhrif þess á Evrópusambandið ef Ísland yrði aðildarríki með áherslu á heimskautasvæðið. Greinin kemur til með að birtast í German Yearbook of International Law um mitt ár 2012. Ennfremur hefur verið unnið að bókarkafli um áhrif sérstakra markmiða fyrir líffræðilega fjölbreytni (e. international biodiversity targets), sem samþykkt hafa verið í samræmi við samningum um vernd líffræðilegrar fjölbreytni, og er áætlað að sú rannsókn birtist í afmælisriti sem gefið verður út í Noregi í mars 2012.

### Alþjóðleg samvinna

Dagana 2.–3. september 2011 var haldin sameiginleg vinnustofa með Lagadeild Tromsø-háskóla í Noregi. Vinnustofuna sóttu nokkrir prófessorar, aðrir kennarar og doktorsnemar og var tilgangur hennar að skiptast á skoðunum og fjalla um ákveðna þætti umhverfis- og auðlindaréttar með sérstakri áherslu á fiskveiðar. Meðal annars var fjallað um nýlega samninga sem gerðir hafa verið á milli Noregs og Rússlands og varða m.a. mörkun efnahagslögsögu ríkjanna í Barentshafi, auðlindanýtingu í Barentshafi, reglur sem varða friðlýst svæði í hafi, megindrætti íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins og helstu þætti íslenskrar umhverfislöggjafar. Vinnustofan tókst vel og hefur samstarfinu verið haldið áfram, m.a. með gagnkvæmri þátttöku í doktorsnefndum.

### Kynningarstarfsemi

Á heimasíðu rannsóknastofunnar er að finna margvíslegt efni á sviði umhverfis- og auðlindaréttar, þ.m.t. lista yfir ýmsar áhugaverðar heimasíður, opinberar áætlanir sem máli skipta, gagnagrunna, þ.m.t. ECLOLEX og the Directory of Open Access Journals, og alþjóðleg tengslanet, þ.m.t. NELN (Nordic Environmental Law Network). Á heimasíðunni er einnig virk upplýsingamiðlum fyrir doktorsnema og aðra sem varðar ráðstefnur, námskeið og styrki. Heimasíða stofunnar er [http://www.lagastofnun.hi.is/rannsoknastofa\\_i\\_umhverfis\\_og\\_audlindaretti](http://www.lagastofnun.hi.is/rannsoknastofa_i_umhverfis_og_audlindaretti).

## Rannsóknasetur í skatta- og velferðarmálum

Forstöðumaður setursins er Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Honum til aðstoðar voru árið 2011 Snorri G. Bergsson sagnfræðingur, Friðbjörn Orri Ketilsson hagfræðinemi, Viktor Orri Valgarðsson stjórnmálafræðinemi og George Leite, laganemi í Brasilíu.

Á setrinu var á árinu unnið að rannsóknum á sögu kommúnistahreyfingarinnar íslensku og á tengslum umhverfisverndar og atvinnufrelsis. Aðalrannsóknaverkefni setursins ber heitið „Umhverfisvernd, eignaréttindi og auðlindanýting“ og hefur forstöðumaður umsjón með því. Hófst það haustið 2008 og er ætlunin að ljúka því árið 2013. Einnig er að hefjast hjá setrinu rannsókn á falli íslensku bankanna haustið 2008.

### Rannsóknir

Forstöðumaður gaf út bókina Íslenska kommúnista 1918–1998 haustið 2011 og flutti fyrirlestra víða um efni bókarinnar. Þá vann hann í nokkra mánuði að rannsóknum á umhverfisvernd og auðlindanýtingu í Rio de Janeiro í Brasilíu en þar er hann í samstarfi við Millenium Institute og Cato Institute (Brasilíudeild). Hann undirbýr bók með vinnuheitinu Frelsið er grænt og handrit að sjónvarpsþætti með vinnuheitinu Raddir vorsins fagna.

### Kynningarstarfsemi

Auk bókarinnar Íslenskra kommúnista 1918–1998 flutti forstöðumaður erindi, meðal annars hjá Alþjóðamálastofnun háskólans, Félagsvísindastofnun sáskólans og Sagnfræðingafélagi Íslands, og birti nokkrar ritgerðir um rannsóknir sínar, meðal annars í Þjóðmálum og Vísbendingu. Þá gaf einn aðstoðarmanna forstöðumanns, Snorri G. Bergsson, út bókina Roðinn í austri og fjallar hún um íslensku kommúnistahreyfinguna. Annar aðstoðarmanna forstöðumanns, Viktor Orri Valgarðsson, vann með honum að viðamikilli rannsókn á tiltæku myndefni um sögu kommúnistahreyfingarinnar íslensku og tengsl hennar við hina alþjóðlegu kommúnistahreyfingu. Enn fremur skipulagði forstöðumaður kynningu á bókinni Uppsprettan eftir Ayn Rand og var haldinn fundur með erlendum fræðimönnum um bókina haustið 2011.

### Annað

Forstöðumaður setursins fékk styrk úr sjóði Bjarna Benediktssonar til rannsókna á sögu kommúnismans. Setrið starfar í tengslum við einkafyrirtækið Conferences and Ideas ehf. að því að fjármagna rannsóknaverkefni í umhverfismálum. Einnig er setrið í tengslum við Almenna bókafélagið. Setrið er til húsa á skrifstofu forstöðumanns í Odda.

## Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni

### Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni var þannig skipuð árið 2011: Hrefna Friðriksdóttir, frá Lagadeild, formaður, Erla Kolbrún Svavarsdóttir, frá Heilbrigðisvísindasviði, Guðrún Kristinsdóttir, frá Menntavísindasviði, Sigrún Júlíusdóttir, frá Félagsráðgjafardeild, og

Vilhjálmur Árnason, frá Hugvísindasviði. Forstöðumaður í 50% starfi er Þórhildur Líndal lögfræðingur og fyrrverandi umboðsmaður barna.

## Rannsóknir

Um mitt ár 2010 fékk Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr 2,2 milljóna króna styrk úr Styrktarsjóði Margaretar og Bents Sch. Thorsteinssonar til að rannsaka einelti meðal barna í samvinnu við Félagsráðgjafardeild og Menntavísindasvið. Þrjú meistaranemar á sviði lögfræði, félagsráðgjafar og menntavísinda fengu – eftir auglýsingu – útlutað styrkjum af ofangreindu fé til að vinna að þessu verkefni, sem fólst í því að skrifa meistararitgerðir undir handleiðslu umsjónarkennara hlutaðeigandi deildar og í framhaldinu vinna að sameiginlegri þverfræðilegri skýrslu um helstu niðurstöður. Verkefnisstjórnina skipuðu: Hrefna Friðriksdóttir, dósent í Lagadeild, Halldór S. Guðmundsson, lektor í Félagsráðgjafardeild, og Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor á Menntavísindasviði, en þau voru jafnframt leiðbeinendur meistaránemanna við samningu ritgerðanna. Brynja Bragadóttir, doktor í vinnu- og heilsusálfræði, starfaði með stjórninni en formaður var Þórhildur Líndal. Niðurstöður rannsóknarinnar birtust í ritinu Ábyrgð og aðgerðir. sem gefið var út af Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr. Ritstjóri Þórhildur Líndal. Öllum grunnskólum landsins var gefið ritið til fróðleiks.

## Kynningarstarfsemi

Heiðursrit tileinkað minningu dr. Ármanns Snævarr, kom út þegar ár var liðið frá andláti hans 15. febr. 2011. Í heiðursritinu er að finna 22 fræðigreinar eftir 25 höfunda, sem allar fjalla á einn eða annan hátt um fjölskyldumálefni með hina þverfræðilegu sýn að leiðarljósi. Meðal höfunda eru fjórir norrænir fræðimenn. Margar greinar í ritinu eru ritrýndar að ósk höfunda. Auk fræðigreinanna er, í ritinu, að finna ýmislegt annað efni. Ritstjóri Þórhildur Líndal.

Ákveðið var að hefja útgáfu ritraðar um fjölskyldumálefni á breiðum grundvelli á vegum RÁS. Fyrsta tölublaðið leit dagsins ljós í desember og hefur að geyma lokaskýrslu þverfræðilegrar rannsóknar á einelti meðal barna á Íslandi. Höfundar efnis eru sex að tölu, þrjú höfundar meistararitgerða og leiðbeinendur þeirra, sem eru jafnframt meðhöfundar að því efni er birtist í ritinu. Ritstjóri þessa tölublaðs var Þórhildur Líndal. Eftt var til opins málþings í Öskju 7. des. þar sem höfundar .þ.e. Daníel Reynisson, lögfræðingur, Hjördís Árnadóttir, félagsráðgjafi og Sjöfn Kristjánsdóttir, uppeldis og menntunarfræðingur, kynntu niðurstöður og gerðu grein fyrir tillögum til úrbóta.

Boðað var til opinnar málstofu 6. apríl 2011, sem bar yfirskriftina: Skóli fyrir alla – eru allir að njóta sín? Nokkur umræða hafði orðið í samfélaginu um kosti og galla þeirrar stefnu sem nefnd hefur verið skóli án aðgreiningar - skóli fyrir alla. Frummælendur voru: Brynhildur Flóvenz, dósent við lagadeild HÍ, sem fjallaði um rétt barna til menntunar á Íslandi. Anna Kristín Sigurðardóttir, lektor í skólaþróun við Menntavísindasvið HÍ varpaði fram spurningunni: Er íslenski skólinn án aðgreiningar? Þriðji frummælandinn var Haraldur Finnsson fv. skólastjóri. Hann nefndi erindi sitt: Að stuðla að alhliða þroska.

Hinn 14. október var haldið opið málþing í samstarfi við RBF um heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá þrátt fyrir andstöðu annars foreldris. Af því tilefni var Mai Heide Ottosen sérfræðingi í skilnaðarráttum við Dansk socialforsknings institut (SFI) boðið hingað til lands. Á málþinginu greindi hún frá niðurstöðum matsrannsóknar á reynslu Dana af þessu fyrirkomulagi. Auk hennar voru Hrefna Friðriksdóttir og Sigrún Júlíusdóttir með stutt erindi. Innanríkisráðherra ávarpaði þingið. Lára Björnsdóttir, var málþingsstjóri.



# Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála

## Almennt yfirlit og stjórn

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er á vegum Stjórnmálafræðideildar Háskóla Íslands sem sjálfstæð eining í tengslum við Félagsvísindastofnun. Stjórn stofnunarinnar skipa Ómar H. Kristmundsson, formaður, Gunnar Helgi Kristinsson, Magnús Pétursson, Ólafur Þ. Harðarson, Trausti Fannar Valsson og Regína Ásvaldsdóttir. Stofnunin er rekin af sjálfsaflafé.

## Starfsmenn og helstu verkefni

Ásta Möller er forstöðumaður stofnunarinnar. Þrír starfsmenn voru ráðnir til sérstakra verkefna sumarið 2011 með stuðningi átaks Vinnuálagstofnunar um störf fyrir atvinnuleitendur og námsmenn.

Hrefna Ástmarsdóttir, stjórnmálafræðingur og MPA-nemi, vann að uppsetningu á upplýsingasíðu á Vefnum. Síðan er vettvangur fyrir opinbera umræðu um umbætur og nýsköpun í opinberum rekstri ([www.nyskopunarvefur.is](http://www.nyskopunarvefur.is)). Verkefnið er hluti af samstarfi stofnunarinnar, fjármálaráðuneytisins, Félags forstöðumanna ríkisstofnana, Rannís og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands um eflingu nýsköpunar í opinberri þjónustu á Íslandi. Aðilar unnu að þessu markmiði með ýmsum hætti, m.a. með ráðstefnu haustið 2011, en þar voru nýsköpunarverðlaun í opinberum rekstri afhent í fyrsta sinn.

Hrefna Ástmarsdóttir var síðan ráðin í hlutastarf sem verkefnastjóri.

Guðjón Idir Guðnýjarsen heimspekingur gerði frumathugun á stofnun upplýsingagáttar fyrir eldri borgara og aðstandendur þeirra í samstarfi við Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Landssamband eldri borgara. Athugunin var hluti af verkefni til að efla og vekja athygli á nýsköpun í þjónustu við eldri borgara í landinu.

Jökull Torfason stjórnmálafræðinemi aðstoðaði við undirbúning og framkvæmd evrópskrar ráðstefnu, European Consortium of Political Research (ECPR), sem haldin var í Háskóla Íslands 24.–27. ágúst 2011. Jafnframt starfaði Margrét S. Björnsdóttir við þetta verkefni. Ráðstefnuna sóttu um 2500 fræðimenn og fór hún vel fram.

## Samstarfsaðilar og samstarfsvettvangur

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála er samstarfsvettvangur kennara í stjórnsýslu- og stjórnmálafræðum og starfa þeir þar með fjölmörgum aðilum sem vilja vinna að umbótum, þróun, fræðslu og rannsóknum á sviði stjórnsýslu og stjórnmála, utan sem innan háskólasamfélagsins. Má þar m.a. nefna Alþingi, ráðuneyti, opinberar stofnanir, samtök eins og Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag forstöðumanna ríkisstofnana, stéttarfélög og stjórnmálaflokka. Veigamikill hluti af starfsemi stofnunarinnar og mikilvæg tekjulind er skipulagning á málþingum, ráðstefnum og námskeiðum í samstarfi við ýmsa aðila um efni er tengjast starfsemi hins opinbera. Markhópurinn er m.a. stjórnendur og starfsmenn stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og fag- og áhugafólk um opinbera stjórnsýslu. Þá stendur stofnunin fyrir opnum fyrirlestrum og fundum um stjórnmál og stjórnsýslu í samstarfi við marga aðila. Á árinu 2011 voru haldnir um 30 atburðir á vegum stofnunarinnar og sóttu þá hátt á þriðja þúsund manns.

Rannsóknarborð er samstarfsvettvangur kennara Stjórn málafræðideildar og doktorsnema deildarinnar haldið á þriggja til fjögurra vikna fresti yfir háskólaárið. Á árinu 2011 var lögð áhersla á að skapa fræðimönnum og doktorsnemum tækifæri til að leggja fram verkefni, rannsóknir eða greinar í vinnslu til gagnrýnnar umræðu á jafningjagrunni.

## Rannsóknir og þróunarverkefni

Eftirfarandi rannsóknar- og þróunarverkefni voru veigamest í starfsemi stofnunarinnar 2011:

Mat á faglegum ávinningi af flutningi málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga en það var unnið í samstarfi við Félagsvísindastofnun og Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum.

Nýsköpun í opinberum rekstri og þróun upplýsingasíðu fyrir eldra fólk og aðstandendur þeirra sem gerð er grein fyrir hér að framan.

Evrópuverkefnið EGOV4U eða Rafrænar lausnir fyrir alla, sem er hluti af samstarfssamningi stofnunarinnar og Reykjavíkurborgar. Verkefnið felur í sér að safna upplýsingum um áhrif rafrænnar stjórnáslu á þá sem minna mega sín í samfélaginu.

Undirbúningur og framkvæmd forstöðumannakönnunar 2011 hófst á haustdögum í samstarfi við fjármálaráðuneytið og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Sambærileg könnun var gerð á árunum 2006–2007.

## Útgáfa og kynningar

Veftímaritið Stjórn málafræðisýsla er gefið út tvisvar á ári í opnum aðgangi, í júní og desember á vefsíðunni [www.stjornmalogstjornsysla.is](http://www.stjornmalogstjornsysla.is) en prentuð útgáfa ritrýndra greina úr ritinu kemur út einu sinni á ári. Í 7. árgangi 2011 birtust alls 26 ritrýndar greinar og 7 greinar almenns eðlis. Greinum fjölgaði mikið frá því áður þar sem 7–16 fræðigreinar birtust árlega í tímaritinu á árunum 2005–2010. Vorið 2011 var veftímaritið gefið út með nýju útliti. Greinar sem eru birtar í tímaritinu eru metnar í hæsta flokk, eða til fimmtán stiga, skv. matskerfi opinberra háskóla. Ritstjórar tímaritsins eru Arnar Þór Músson, Gunnar Helgi Kristinsson, Ómar H. Kristmundsson og Margrét S. Björnsdóttir. Vefstjóri er Haukur Arnþórsson stjórnsýslufræðingur. Að auki starfar ráðgefandi ritstjórn að tímaritinu.

## Vefur stofnunarinnar

Á vef stofnunarinnar, [www.stjornsyslustofnun.hi.is](http://www.stjornsyslustofnun.hi.is), er að finna helstu upplýsingar um starfsemi hennar, svo og upplýsingar um rannsóknaráherslur fræðimanna Stjórn málafræðideildar.

## Viðskiptafræðistofnun

### Almennt yfirlit

Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands er fræðslu- og rannsóknastofnun sem er starfrækt í umboði Viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands. Viðskiptafræðistofnun hvetur til hagnýtra og fræðilegra rannsókna, stundar útgáfustarfsemi og býður upp á vettvang fyrir kynningar og umræðu um rannsóknir á sviði viðskipta. Viðskiptafræðistofnun hefur í gegnum tíðina lagt áherslu á alþjóðlegt rannsóknasamstarf og leggur metnað sinn í að halda góðum tengslum við erlenda fræðimenn um



leið og stöðugt er unnið að því að mynda ný tengsl, bæði erlendis og innanlands. Viðskiptafræðistofnun annast einnig umsýslu með MBA-námi og stökum námskeiðum í viðskiptafræðum (í VMV-námi) sem ætlað er nemendum sem jafnframt eru virkir þátttakendur á vinnumarkaði.

## Stjórn

Í stjórn Viðskiptafræðistofnunar voru fram til júliloka: Þórhallur Guðlaugsson formaður, Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, Jón Snorri Snorrason, Runólfur Smári Steinþórsson og Þóra Christiansen. Frá og með 1. ágúst voru í stjórn: Auður Hermannsdóttir formaður, Ingi Rúnar Eðvarðsson, Kári Kristinsson, Þórður Óskarsson og Þóra Christiansen. Auður Hermannsdóttir var forstöðumaður Viðskiptafræðistofnunar fram til 1. febrúar 2011 en þá tók Magnús Pálsson tók við stöðu hennar. Magnús er einnig forstöðumaður MBA- og VMV-náms. Aðrir starfsmenn Viðskiptafræðistofnunar eru Ester Rós Gústavsdóttir og Lena Heimisdóttir verkefnisstjórar.

## Rannsóknir

Á árinu hélt Auður Hermannsdóttir áfram vinnu við rannsóknaverkefnið COBEREN en það er samstarfsverkefni rannsakenda frá 31 landi í Evrópu og er styrkt af Evrópusambandinu. Markmið verkefnisins er að þróa þekkingargrunn um neytendahegðun. Spurningalisti var lagður fyrir í öllum löndunum sem taka þátt í rannsókninni og gekk það vel. Rannsakendur hófu jafnframt að skrifa bók út frá niðurstöðum rannsóknarinnar og verður hún gefin út á árinu 2012. Rannsóknaverkefninu verður formlega lokið á árinu 2012 en rannsakendur hyggjast halda áfram að vinna saman að rannsóknnum á neytendahegðun. Þá vann Þórhallur Guðlaugsson að rannsóknaverkefni um Strætó bs. fyrir hönd Viðskiptafræðistofnunar.

Á árinu voru gefnar út fjórar ritgerðir, „vinnugreinar“ (Working Papers), í ritröð Viðskiptafræðistofnunar og eru þær birtar á heimasíðu Viðskiptafræðistofnunar, [www.ibr.hi.is](http://www.ibr.hi.is):  
W11:01 Gylfi Dalmann Aðalsteinsson og Björg Ársælsdóttir: Mannauðsstjórar og hlutverk þeirra í stjórnun meiriháttar breytinga innan fyrirtækja  
W11:02 Þórhallur Guðlaugsson og Guðmundur Skarphéðinsson: Þróun þekkingarstjórnunarkvarða með atriðum úr spurningalista Denison  
W11:03 Snjólfur Ólafsson: Stefna íslensku þjóðarinnar  
W11:04 Guðmundur Skarphéðinsson og Þórhallur Guðlaugsson: Mat á próffræðilegum eiginleikum spurningalista Denison um fyrirtækjameningu

## Ráðstefnur

Viðskiptafræðistofnun stóð fyrir vorráðstefnu um rannsóknir í viðskiptafræði. Var þetta í þriðja sinn sem ráðstefnan var haldin en hún er vettvangur fyrir fræðimenn sem stunda rannsóknir á sviði viðskipta til að kynna viðfangsefni sín og niðurstöður. Kynntar voru 24 ritrýndar greinar um ólík svið viðskipta, svo sem um fjármál, mannauð, markaðsmál, menningu og stjórnun. Greinarnar sem kynntar voru á ráðstefnunni má sjá í heild sinni á vef Viðskiptafræðistofnunar: [www.ibr.hi.is](http://www.ibr.hi.is).

## Málstofur

Á árinu 2011 stóð Viðskiptafræðistofnun fyrir 28 rannsóknamálstofum. Þær eru vettvangur rannsakenda til að kynna rannsóknir sem komnar eru mislangt á veg og fjalla með fræðilegum hætti um viðfangsefni viðskiptafræðinnar. Eftirtalin erindi voru flutt:

### Vorið 2011

- Simon Harris: The goals of business

- Lára Jóhannsdóttir: Frá aðgerðaleysi til samþættingar – Stefna norræna váttryggingafélaga í loftlagsmálum
- Lára Jóhannsdóttir og Snjólfur Ólafsson: Nýtt rannsóknaverkefni í mannauðsstjórnun
- Runólfur Smári Steinþórsson: Klasar og þekkingarkjarnar
- Þórhallur Guðlaugsson: Siðferðileg álitæfni í markaðsstarfi
- Friðrik Eysteinnsson: Áhrif tónlistar í auglýsingum á vörumerkjavirði
- Auður Hermannsdóttir: Trúir fólk auglýsingum?
- Þórhallur Guðlaugsson: Er ímynd bankanna að styrkjast?
- Inga Jóna Jónsdóttir: Leið orðræðugreiningar í rannsókn á stjórnun mannauðs og nýsköpunarstarfs
- Ingibjörg Sigurðardóttir: Umfang og samkeppnishæfni hestamennsku á Íslandi
- Þóra Christiansen: Hvatar og markmið í samningum
- Auður Hermannsdóttir: Leiðin frá ánægju til tryggðar
- Vilhjálmur Jens Árnason: Íslenski sjávarklasinn
- Guðlaug Þóra Stefánsdóttir: Nýsköpunargeta fyrirtækja

### **Haustið 2011**

- Eðvald Möller: Mikilvægi verkefnastjóra við úthýsingu
- Þórhallur Guðlaugsson: Þróun á viðhorfi og væntingum nýnema við Háskóla Íslands
- Auður Hermannsdóttir: Mælingar á tryggð viðskiptavina
- Árelía Eydís Guðmundsdóttir: Endurskilgreining fyrirtækja – áskorun stjórnenda
- Friðrik Eysteinnsson: Samkeppnishæfni Íslands sem áfangastaðar
- Kári Kristinsson: Erfiðis- eða akkerisáhrif?
- Ingi Rúnar Eðvaldsson: Þekkingarstjórnun og samkeppnishæfni fyrirtækja
- Kristín Atladóttir: Does one-size-fits-all fit anyone. Efficiency in copyright for primary creators
- Gylfi Dalmann Aðalsteinsson: Samanburður á verkföllum á opinberum og almennum vinnumarkaði
- Gunnar Óskarsson: Er færni í upplýsingatækni mikilvæg fyrir fleiri en „tölvunörda“?
- Friðrik Eysteinnsson: Hver er arðsemi íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja?
- Auður Hermannsdóttir: Mælingar á ímynd landa – Umræða um nýtt rannsóknaverkefni
- Inga Jóna Jónsdóttir: Samvinna um nýjar lausnir – Um Change Laboratory aðferðafræðina sem tengir saman rannsakendur og þá sem starfa á vettvangi að nýsköpun
- Runólfur Smári Steinþórsson: Tímamarkaðar skipulagsheildir

### **Rannsóknamiðstöðvar**

Innan Viðskiptafræðistofnunar eru starfræktar fimm rannsóknamiðstöðvar. Hver um sig er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs þar sem meginmarkmið er að miðla aukinni þekkingu til fræðaheimsins, sem og til íslensks þjóðlífs.

- Rannsóknamiðstöð um alþjóðaviðskipti er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs á sviði alþjóðaviðskipta. Forsvarsmaður er Snjólfur Ólafsson prófessor.
- Rannsóknamiðstöð um stefnu og samkeppnishæfni er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs á sviði stefnumiðaðrar stjórnunar og samkeppnishæfni í víðum skilningi. Rannsóknamiðstöðin er hugsuð sem bakhjarl kennslu og rannsókna á sviðinu. Studdi hún við kennslu á árinu 2011 með því að miðla efni til nemenda, einkum í námskeiðinu Samkeppnishæfni. Innan vébanda miðstöðvarinnar var unnið að rannsóknaverkefnum í samstarfi við meistaranema og einnig stóð rannsóknamiðstöðin beint að rannsóknaverkefnum. Niðurstöðum var miðlað á ráðstefnum og með fyrirlestrum, m.a. með þátttöku í vinnustofunni MOC Cluster Research Workshop við Harvard Business School. Forsvarsmaður miðstöðvarinnar er Runólfur Smári Steinþórsson prófessor.

- Rannsóknamiðstöð skapandi greina er vettvangur rannsókna á menningu og sköpun innan viðskiptafræða. Markmið miðstöðvarinnar er m.a. að rannsaka og efla skilning og þekkingu á menningu og sköpun í hagrænum skilningi. Unnið var að verkefni um kortlagningu skapandi greina og lauk verkefninu með kynningu skýrslu í maímánuði 2011. Helstu niðurstöður skýrslunnar eru þær að skapandi greinar hér á landi veltu 189 milljörðum árið 2009. Hluttur hins opinbera er um 12,5% af heildarveltu greinanna. Ársverk sama ár í skapandi greinum voru 9371 og útflutningstekjur um 24 milljarðar, eða um 3% af heildarútflutningstekjum þjóðarinnar. Velta skapandi greina hefur haldist nokkuð stöðug þrátt fyrir efnahagslega lægð í öðrum atvinnugreinum og ársverkum í þeim hefur fjölgað. Komið var inn á ýmsa áhugaverða þætti í skýrslunni og sem dæmi má nefna að vöxtur innan skapandi greina hefur verið mestur í útgáfu á tölvuleikjum en hér á landi hefur velta í henni sexfaldast á árunum 2005–2009. Forsvarsmaður miðstövarinnar er Margrét Sigrún Sigurðardóttir, lektor við Viðskiptafræðideild.
- Rannsóknamiðstöð um stjórnarhætti er rannsóknastofa sem starfrækt er í tengslum við Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands. Forstöðumaður rannsóknamiðstöðvarinnar er Eypór Ívar Jónsson, gestadósent við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn.
- Íslenski sjávarklasinn er samstarfsverkefni margra fyrirtækja í haftengdri starfsemi sem hófst í október 2010 hjá Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands. Verkefnið byrjaði með því að kortlögð var starfsemi sem snýr að hafinu, allt frá hefðbundnum fiskveiðum og fiskvinnslu, rannsóknum og nýsköpun til líftækni og hátækniframleiðslu, flutningastarfsemi, fjármálastarfsemi og viðgerðar- og viðhaldsþjónustu. Markmið verkefnisins er að bæta samstarf, auka verðmæti og efla skilning á mikilvægi þeirrar starfsemi sem undir sjávarklasann fellur. Niðurstöður fyrstu rannsókna staðfesta ekki einungis mikilvægi og umfang þeirrar starfsemi sem fellur undir verkefnið heldur ekki síður þau áhrif sem aukið samstarf og uppbygging á þessu sviði getur skilað íslensku samfélagi til framtíðar. Á árinu var unnið að skýrslu Íslenska sjávarklasans um sjávarklasa við Norður-Atlantshaf.



# Heilbrigðisvísindasvið

## Almennt yfirlit, stjórn og stefna

Á Heilbrigðisvísindasviði eru sex deildir: Hjúkrunarfræðideild, Lyfjafræðideild, Læknadeild, Matvæla- og næringarfræðideild, Sálfræðideild og Tannlæknadeild. Forseti Heilbrigðisvísindasviðs er Sigurður Guðmundsson. Auk sviðsforseta sitja deildarforsetar í stjórn sviðsins og einn fulltrúi nemenda. Rekstrarstjóri situr stjórnarfundum. Árið 2011 sátu í stjórn sviðsins, auk sviðsforseta, Guðrún Kristjánsdóttir prófessor, fyrir Hjúkrunarfræðideildar, Þórdís Kristmundsdóttir prófessor (til 30. júní) og Már Músson prófessor (frá 1. júlí), fyrir Lyfjafræðideild, Guðmundur Þorgeirsson prófessor, fyrir Læknadeild, Inga Þórsdóttir prófessor, fyrir Matvæla- og næringarfræðideild, Daníel Þór Ólason dósent, fyrir Sálfræðideild, og Teitur Jónsson dósent, fyrir Tannlæknadeild. Fulltrúar nemenda voru Írís Gunnarsdóttir (til 30. júní) og Baldvin Ingi Gunnarsson (frá 1. júlí).

Á árinu var haldinn 21 stjórnarfundur og vinnu við stefnumótun Heilbrigðisvísindasviðs var haldið áfram. Í stefnunni er áhersla lögð á rannsóknir, kennslu, stoðþjónustu, mannauð og samfélagið.

Þing Heilbrigðisvísindasviðs var haldið 14. apríl 2011. Í upphafi dagskrár ávarpaði Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra þingfulltrúa og sat fyrir svörum. Forseti og rekstrarstjóri fóru yfir stöðu mála. Stefna sviðsins og framhald stefnumótunarvinnunnar voru til umræðu og formaður vísindanefndar sviðsins ræddi um rannsóknir innan þess. Þá ræddi fulltrúi nemenda í stjórn sviðsins þau málefni sem helst brunnu á nemendum.

## Starfsfólk

Á skrifstofu Heilbrigðisvísindasviðs starfa nú, auk forseta, rekstrarstjóri, markaðs- og vefstjóri, starfsmannastjóri og kennslustjóri. Þórana Elín Dietz starfsmannastjóri kom til starfa á ný að loknu barneignarleyfi. Ingibjörg Þórisdóttir var ráðin í starf kennslustjóra í stað Þóru Ragnheiðar Stefánsdóttur, sem lét af störfum að eigin ósk.

Í árslok voru 26 starfsmenn í stjórnsýslu í deildum og á sviðsskrifstofu í 21,6 stöðugildum. Aðrir starfsmenn við stoðþjónustu í klíník í Tannlæknadeild og við ýmsar rannsóknastofnanir voru 9 í 6 stöðugildum.

Á árinu 2011 störfuðu 73 prófessorar, 56 dósentar, 39 lektorar og 10 aðjuntar með kennsluskyldu á Heilbrigðisvísindasviði. Í heild voru stöðugildi þeirra 123.


Stundakennarar voru alls 900 og aðjuntar án kennsluskyldu 68 talsins. Rannsóknarfólk, nemar og nýdóttarar voru alls 165 í 129,36 stöðugildum.

Starfsfólk Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði voru alls 23 í 21,53 stöðugildum.

### Heilbrigðisvísindasvið – heildarfjöldi starfsmanna

	Fjöldi	Starfsígildi
Konur	173	131,4
Karlar	136	93,5
<b>309</b>	<b>224,8</b>	

## Heilbrigðisvísindasvið 2011



Stjórnsýsla fræðasviðs og stoðþjónusta*			
	Karlar	Konur	Samtals
<b>Heilbrigðisvísindasvið</b>	<b>1</b>	<b>4</b>	<b>5</b>
Hjúkrunafræðideild	0	5	5
Læknadeild	1	10	11
Lyfjafræðideild	0	1	1
Matvæla- og næringarfræðideild	0	1	1
Sálfræðideild	0	2	2
Tannlæknadeild	1	9	10
		<b>Einstaklingar</b>	<b>35</b>
		<b>Starfsígildi</b>	<b>27,6</b>

\* Þar með talið starfsfólk á klíník í Tannlæknadeild og tæknifólk deilda

## Stoðþjónusta og stjórnsýsla

Rekstrarstjóri ber ábyrgð á rekstri og stjórnun stoðþjónustunnar, í samráði við forseta sviðsins. Innan hverrar deildar er deildarskrifstofa.

Reglulegir fundir voru haldnir með öllum starfsmönnum í stjórnslu og stoðþjónustu. Rekstrarstjóri og aðrir starfsmenn á sviðsskrifstofu fundu mánaðarlega með deildarstjórum og verkefnastjórum námsbrauta.

Stefnumótunardagur stoðþjónustunnar var haldinn 29. apríl í lyfjafræðisafninu við Neströð. Þema dagsins var liðsheild og hvernig virkja má hana til að ná árangri í starfi. Hafrún Kristjánsdóttir vinnusálfræðingur var hafði framsögu og stýrði hópavinnu.

## Nefndir

Fulltrúar deilda í fastanefndum sviðsins eru skipaðir til þriggja ára og fulltrúar nemenda til eins árs í senn. Nefndir heyra undir stjórn Heilbrigðisvísindasviðs.

Í kennslumálanefnd Heilbrigðisvísindasviðs voru Björn Guðbjörnsson, fulltrúi Læknadeildar, formaður, Brynja Örygsdóttir, fulltrúi Hjúkrunarfræðideildar, Hákon Hrafn Sigurðsson, fulltrúi Lyfjafræðideildar, Alfons Ramel, fulltrúi Matvæla- og næringarfræðideildar, Ingunn Hansdóttir, fulltrúi Sálfræðideildar, og Karl Örn Karlsson, fulltrúi Tannlæknadeildar. Fulltrúi nemenda var Gunnar Freyr Róbertsson. Kennslustjóri sviðsins er starfsmaður nefndarinnar.

Í vísindanefnd Heilbrigðisvísindasviðs voru Þórdís Kristmundsdóttir, fulltrúi Lyfjafræðideildar, formaður, Helga Jónsdóttir, fulltrúi Hjúkrunarfræðideildar, Vilhjálmur Rafnsson, fulltrúi Læknadeildar, Ágústa Guðmundsdóttir, fulltrúi Matvæla- og næringarfræðideildar, Fanney Þórsdóttir, fulltrúi Sálfræðideildar, og Inga B. Árnadóttir, fulltrúi Tannlæknadeildar. Kennslustjóri sviðsins er starfsmaður nefndarinnar.

Í doktorsnefnd Heilbrigðisvísindasviðs voru Helga M. Ögmundsdóttir, fulltrúi Læknadeildar, formaður, Herdís Sveinsdóttir, fulltrúi Hjúkrunarfræðideildar, Sveinbjörn Gizurarson, fulltrúi Lyfjafræðideildar, Inga Þórsdóttir, fulltrúi Matvæla- og næringarfræðideildar, Daníel Ólason, fulltrúi Sálfræðideildar, Sigurður Rúnar Sæmundsson, fulltrúi Tannlæknadeildar, og Arna Hauksdóttir, fulltrúi Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum. Kennslustjóri sviðsins er starfsmaður nefndarinnar.

Jafnréttisnefnd Heilbrigðisvísindasviðs skipuðu Þórana Elín Dietz, starfsmannastjóri, formaður, Bryndís Benediktsdóttir, dósent við Læknadeild, Páll Biering, dósent við Hjúkrunarfræðideild, og Jóhanna Hildur Jónsdóttir, fulltrúi nemenda.

Bókasafnsnefnd Heilbrigðisvísindasviðs skipuðu Ásta Thoroddsen, fulltrúi Hjúkrunarfræðideildar, formaður, Elín Soffía Ólafsdóttir, fulltrúi Lyfjafræðideildar, Gísli Einarsson, fulltrúi Læknadeildar, Alfons Ramel, fulltrúi Matvæla- og næringarfræðideildar, Guðmundur Bjarni Arnkelsson, fulltrúi Sálfræðideildar, Peter Holbrook, fulltrúi Tannlæknadeildar, og Unnur Björk Arnfj. Jóhannudóttir, fulltrúi nemenda.

## Fjármál fræðasviðsins

### Fjármál Heilbrigðisvísindasviðs\*

Fjárveiting	1.624.804
Sértekjur	384.348
Tekjur alls	2.009.152
Útgjöld	2.021.975

Tekjuafgangur	-12.822
Ársverk	255,0537
Skráðir nemendur	2371
Virkir nemendur	1.751
Nemendur/ársverk	9,3
Virkni nemenda	73,8%

\* Upphæðir eru í þús. kr.

## Heiðursdoktorar

Þrjár heiðursdoktorsnafnbætur voru veittar frá deildum Heilbrigðisvísindasviðs á árinu. Við Hjúkrunarfræðideild voru þær Connie White Delaney, prófessor og deildarforseti Hjúkrunarfræðideildar Háskólans í Minnesota, og Margaret E. Wilson, prófessor emeritus við Hjúkrunarfræðideild Háskólans í Nebraska, sæmdar heiðursdoktorsnafnbótum. Við Læknadeild var Margrét Guðnadóttir, prófessor emerita, sæmd heiðursdoktorsnafnbót.

## Doktorsvarnir

Frá deildum Heilbrigðisvísindasviðs fóru 14 doktorsvarnir fram á árinu 2011: tvær frá Lyfjafræðideild, tvær frá Matvæla- og næringarfræðideild og átta frá Læknadeild.

## Akademískar nafnbætur

Á árinu hlutu 13 manns, 12 starfsmenn Landspítala og einn starfsmaður Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, akademískar nafnbætur við deildir Heilbrigðisvísindasviðs. Þær skiptast þannig milli deilda að átta nafnbætur voru veittar í Læknadeild, fjórar í Hjúkrunarfræðideild og ein í Sálfræðideild. Um er að ræða fjórar dósentsnafnbætur og níu lektorsnafnbætur.

## Húsnæðismál

Starfsemi Heilbrigðisvísindasviðs er dreifð á 13 mismunandi staði um allt háskólasvæðið. Auk þess fer hluti af starfsemi Matvæla- og næringarfræðideildar fram hjá Matís í Grafarholti. Þetta setur töluvert mark á starfsemi sviðsins. Ljóst er að starfsemi sviðsins mun ekki komast undir eitt þak fyrr en með tilkomu nýs Landspítala. Þar er gert ráð fyrir að deildir sviðsins fái aðstöðu fyrir skrifstofur, kennslu og rannsóknir.

## Markaðs- og kynningarmál

Háskóladagurinn var haldinn 19. febrúar. Á háskóladeginum kynna allir háskólar á Íslandi, auk danskra og sænskra háskóla, námsframboð sitt í grunn- og framhaldsnámi. Kynning á námi við Háskóla Íslands fór fram á Háskólatorgi, í Gimli og í Odda og var mjög vel sótt. Allar deildir Heilbrigðisvísindasviðs tóku þátt í kynningunni og kynntu það grunnnám sem í boði er. Margar deilda og námsbrauta sviðsins gáfu út nýja kynningarbæklinga af þessu tilefni. Rannsóknir vísindamanna úr öllum deildum sviðsins voru kynnar í veglegu tímariti Háskóla Íslands sem kom út fyrir kynninguna. Háskóladagurinn var einnig haldinn á þremur stöðum utan höfuðborgarsvæðisins: á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði, og kynnti markaðs- og vefstjóri sviðsins námsframboð þess á



Þessum stöðum. Grunnám var einnig kynnt í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu og á Selfossi.

Nám á Heilbrigðisvísindasviði var auk þess kynnt í tengslum við átakið „Nám er vinnandi vegur“ og fóru kynningar m.a. fram á Landspítala – háskólasjúkrahúsi öll og í Reykjanesbæ.

Vefur Heilbrigðisvísindasviðs og deilda þess gegna lykilhlutverki í upplýsingamiðlun og kynningarstarfi. Þar er ávallt að finna nýjustu upplýsingar um nám og kennslu á sviðinu, auk fréttu og upplýsinga um viðburði. Vefur sviðsins og deilda þess hefur verið í stöðugri þróun og vinnslu enda er hann í eðli sínu síbreytilegur og lifandi og þarfnast stöðugs viðhalds og vinnu. Á árinu voru opnaðir nýir vefir nokkurra stofnana og kennara.

Útgáfa fréttabréfs Heilbrigðisvísindasviðs lá niðri á árinu.

## Aldarafmæli Háskóla Íslands

Á afmælisári Háskóla Íslands var einn mánuður tileinkaður hverju fræðasviða skólans og var janúar mánuður Heilbrigðisvísindasviðs. Ráðstefna um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum var haldin á Háskólatorgi 5.–6. janúar og var hún einn stærsti viðburður afmælisdagskrárinnar. Að ráðstefnunni, sem haldin er annað hvert ár, standa allar deildir og námsbrautir sviðsins, auk Miðstöðvar í Lýðheilsuvísindum og Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

Í afmælisdagskránni var lögð áhersla á að bjóða upp á fjölbreytta og áhugaverða viðburði sem höfðu til sem flestra. Þann 15. janúar var opið hús á Háskólatorgi á vegum nemendafélaga á Heilbrigðisvísindasviði. Skjöldur, forvarnafélag hjúkrunarfræðinema, og Ástráður, forvarnafélag læknanema, kynntu starfsemi sína. Tannlæknanemar kenndu góða tannhirðu og ungmennadeild Blóðgjafafélags Íslands fræddi gesti og gangandi um mikilvægi blóðgjafa. Boðið var upp á blóðþrýstingsmælingar, fræðslu um sykurmagn í ýmsum þekktum fæðutegundum og margt fleira. Þá var hinn sívinsæli Bangaspítali á staðnum og vakti mikla gleði meðal yngstu gestanna.

Boðið var upp á sex hádegisfyrirlestra ætlaða almenningi. Fyrirlestrarnir voru sex talsins, einn frá hverri deild sviðsins.

- 10. janúar: Helga Gottfreðsdóttir, dósent við Námsraut í ljósmóðurfræði, Hjúkrunarfræðideild: Að eiga von á barni.
- 12. janúar: Þórhallur Ingi Halldórsson, lektor við Matvæla- og næringarfræðideild: Heilsufarsleg áhrif sætuefna.
- 17. janúar: Einar S. Björnsson, prófessor við Læknadeild: Lifrarskaði af völdum lyfja og náttúruafþreyinga – algengi og afleiðingar .
- 24. janúar: Bjarni E. Þjetursson, prófessor við Tannlæknadeild: Tannplantar í tannlækningum – er tæknin búin að ná móður náttúru?
- 26. janúar: Sesselja Ómarsdóttir, dósent við Lyfjafræðideild: Náttúrulyf og náttúruvörur.
- 31. janúar: Urður Njarðvík, lektor við Sálfræðideild: „Er þetta ekki bara óþekkt?“ Athyglisbrestur með ofvirkni hjá íslenskum börnum.

Öndvegisfyrirlesarar Heilbrigðisvísindasviðs á afmælisári voru tveir nóbelsverðlaunahafar í líf- og læknávisindum, þær Elizabeth Blackburn og Françoise Barré-Sinoussi. Fyrirlestur Blackburn bar yfirskriftina Telomerar og telomerasar: Hvernig hafa þeir áhrif á heilsu manna og sjúkdóma? Fyrirlestur Barré-Sinoussi var á dagskrá málþings sem haldið var til heiðurs Birni Sigurðssyni, fyrsta forstöðumanni Keldna. Erindi hennar nefndist Uppgötvun HIV-veirunnar: Dæmi um hvernig grunnrannsóknir eru hagnýttar í baráttu gegn nýrri farsótt.

Að auki buðu einstaka deildir og námsbrautir innan sviðsins upp á dagskrá og ýmsa viðburði tengda afmælisárinu.

## Hjúkrunarfræðideild

### Almennt yfirlit og stjórn

Í Hjúkrunarfræðideild er boðið upp á grunn- og framhaldsnám í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði. Á rannsóknasviðinu hefur meðal annars verið lögð áhersla á að efla klínískar rannsóknir og fjölga doktorsnemum undanfarin ár. Deildarforseti Hjúkrunarfræðideildar er Guðrún Kristjánsdóttir prófessor og varadeildarforseti er Helga Bragadóttir dósent.

### Starfsfólk

Í lok árs störfuðu tíu prófessorar, sjö dósentar, átta lektorar og tveir aðjuntar með kennsluskyldu við deildina. Þá voru 9 aðjuntar án kennsluskyldu í starfi. Þrettán aðilar voru með nafnbótina klínískur lektor við deildina í lok árs 2011. Um 330 stundakennarar komu að kennslu við deildina. Deildin hefur áður gert samning við fjóra einstaklinga um gestastöður kennara. Tvær heiðursdoktorsnafnbætur voru veittar við deildina 6. október, þeim Connie White Delaney og Margeret E. Wilson. Var það í fyrsta skipti sem heiðursdoktorsnafnbætur voru veittar við Hjúkrunarfræðideild.

Á deildarskrifstofu störfuðu fimm starfsmenn í 4,15 stöðugildum en stöðugildi fastráðinna kennara voru tæp 23 og við verknámsstofu er starfandi verkefnisstjóri í 60% starfi. Björk Bjarkadóttir og Elva Björg Einarsdóttir létu af störfum við stjórnsýslu deildarinnar og tóku Íris Stefánsdóttir og Þóra Þorsteinsdóttir við störfum þeirra. Helga Sif Friðjónsdóttir lektor lét af störfum í lok árs.

Hjúkrunarfræðideild		
Stjórnsýsla og stoðþjónusta	Fjöldi	Starfsígildi
Konur	5	3,55
Karlar	0	
Aðjuntar		
Konur	1	0,5
Karlar	1	0,5
Lektorar		
Konur	8	7,5
Karlar	0	
Dósentar		
Konur	6	5
Karlar	1	1
Prófessorar		
Konur	8	6,74
Karlar	2	2
	<b>27</b>	<b>23,24</b>
Starfsmenn Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði		
Konur	6	3,7
Karlar	2	2
	<b>8</b>	<b>5,7</b>

## Nám og kennsla

Nám til BS-gráðu í hjúkrunarfræði er 240 einingar. Embættispróf í ljósmóðurfræði er 120 eininga nám að loknu BS-prófi í hjúkrunarfræði. Meistaránám í hjúkrunarfræði er 120 einingar og einnig var á árinu kennt diplómanám í skurð- og svæfingahjúkrun til 54 eininga á meistarastigi. Meistaránám er einnig í boði í ljósmóðurfræði. Doktorsnám er til 180 eininga.

Grunnnám í hjúkrunarfræði er fjögurra ára nám sem lýkur með BS-gráðu og gefur jafnframt leyfi til að sækja um hjúkrunarleyfi á Íslandi. Námskrá fyrir grunnnám árið 2011 var í öllum meginatriðum sú sama og á árinu áður. Heldur færri nýnemar hófu grunnnám við deildina á haustmisseri en árið áður, eða um 150 nemendur, 69 þeirra komust í gegnum samkeppnispróf haustmisseris. Á árinu útskrifuðust 74 nemendur úr BS-námi við Hjúkrunarfræðideild.

Við Hjúkrunarfræðideild voru í lok árs skráðir 22 nemar í diplómanámi, 22 nemar í kandidateitnámi í ljósmóðurfræði og 74 meistaraneinar. Við deildina hófu 27 nemendur meistaránám á haustmisseri 2011, þar af þrír í meistaránámi í ljósmóðurfræði. Aðrir meistaraneinendur leggja áherslu á klíniska sérhæfingu, rannsóknabjálfun eða stjórnun.

Á árinu luku 22 nemendur meistaraprófi frá Hjúkrunarfræðideild: 16 meistaraprófi í hjúkrunarfræði, tveir meistaraprófi í upplýsingatækni á heilbrigðissviði (MHI), þrír meistaraprófi í ljósmóðurfræði og einn meistaraprófi í lýðheilsuvísindum (MPH).

Á árinu var einn nýr doktorsnemandi tekinn í nám við Hjúkrunarfræðideild og voru við árslok níu nemendur í doktorsnámi.

## Alþjóðasamskipti

Hjúkrunarfræðideild er aðili að nokkrum norrænum samstarfsnetum. Norlys er samstarfsnet fyrir grunnnám í hjúkrun og hefur það net einkum nýst fyrir klínískt skiptinám. Í framhaldsnámi taka nemendur aðallega þátt í fagmiðuðum samstarfsnetum, til dæmis Nordannet (svæfingahjúkrun), Nordinnet (gjörgæsluhjúkrun), Nordejordemodern (ljósmóðurfræði) og Nordsnet sem er þverfaglegt net. Hafa netin bæði nýst nemendum og kennurum.

Meðal erlendra gesta sem komu að kennslu við deildina á árinu voru Margaret E. Wilson, fyrrverandi dósent við Háskólann í Nebraska, sem kenndi námskeið í meistara- og doktorsnámi.

## Rannsóknir

Öflug rannsóknastarfsemi er við deildina. Sem dæmi má nefna rannsóknir Sigríðar Gunnarsdóttur dósents um áhrif inngrips á klínískum deildum til að breyta viðhorfum og viðbrögðum í meðhöndlun verkja. Áfram hefur Helga Jónsdóttir prófessor sinnt rannsóknnum sínum á hjúkrun fólks með langvinna lungnateppu og fjölskyldum þeirra. Erla K. Svavarsdóttir prófessor hefur sinnt umfangsmiklu verkefni um fjölskylduhjúkrun á fjölmörgum deildum Landspítala. Helga Bragadóttir dósent stýrði langtímarannsókn á þróun gæðavísa í starfsumhverfi sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga. Kristín Björnsdóttir prófessor hefur beint rannsóknnum sínum að þróun stefnu og þjónustu til að skapa tækifæri til að fólk geti dvalið við kjöraðstæður á heimilum sínum jafnvel þótt heilsunni hraki.

Málþing um rannsóknir á fræðasviðum Hjúkrunarfræðideildar var haldið 5. desember í samstarfi við Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði. Tilgangur með málþinginu er að miðla þekkingu á fræðasviðum

Hjúkrunarfræðideildar og voru erindi á þinginu tíu. Málstofur voru haldnar reglulega á árinu og meðal annars var haldin málstofa 20. maí í tilefni af 250 ára afmæli ljósmóðurmenntunar á Íslandi.

## Markaðs- og kynningarmál

BS- og MS-nám í hjúkrunarfræði og nám í ljósmóðurfræði var kynnt á sameiginlegri námskynningu Háskóla Íslands í febrúar. Hermann, hermisjúklingur Hjúkrunarfræðideildar, lék stórt hlutverk á námskynningunni líkt og á fyrri árum og vakti þar mikla athygli. Framhaldsnámið var kynnt í fyrsta sinn á þessari kynningu en hafði áður verið kynnt sérstaklega á sameiginlegri framhaldsnámskynningu í mars. Kynningarnar heppnuðust vel og fjölgaði umsóknnum á flestum námsstigum við deildina.

## Annað

Hjúkrunarfræðideild hefur á árinu unnið áfram með Landspítala – háskólasjúkrahúsi við uppbyggingu á nýju skipulagi í tengslum við samvinnu hjúkrunar á Landspítala og Hjúkrunarfræðideildar. Í því sambandi hefur þeim sérfræðingum sem hafa óskað eftir klínískum nafnbótum í hjúkrunarfræði fjölgað.

Dagur Hjúkrunarfræðideildar, sem haldinn er hátíðlegur ár hvert, var að þessu sinni 3. október. Deildarforseti hélt ávarp og auk þess voru afhentir styrkir úr Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur og styrkþegar kynntu doktorsverkefni sín.

Krossgötur, kynningardagur hjúkrunarfræðinema, var haldinn í þriðja sinn 21. janúar. Hjúkrunarfræðinemar á fjórða ári grunnnáms kynntu fyrir gestum og gangandi ýmsar hliðar á starfi hjúkrunarfræðinga í samfélaginu. Þyrluhjúkrun og hjúkrun á skemmtiferðaskipum og í fangelsum vakti sérstaka athygli gesta.

## Brautskráðir stúdentar frá Hjúkrunarfræðideild 2011

	Karlar	Konur	Alls
<b>BS-próf Alls:</b>	<b>3</b>	<b>59</b>	<b>62</b>
Hjúkrunarfræði	3	59	62
<b>Kandídatpróf Alls:</b>		<b>12</b>	<b>12</b>
Ljósmóðurfræði		12	12
<b>Viðbótardiplóma Alls:</b>		<b>6</b>	<b>6</b>
Sérsvið hjúkrunar		6	6
<b>Meistarapróf Alls:</b>		<b>19</b>	<b>19</b>
Hjúkrunarfræði		16	16
Ljósmóðurfræði		3	3
<b>Samtals:</b>	<b>3</b>	<b>96</b>	<b>99</b>

# Lyfjafræðideild

## Almennt yfirlit og stjórn

Már Másson prófessor tók við starfi deildarforseta Lyfjafræðideildar af Þórdísi Kristmundsdóttur prófessor í júlí. Á sama tíma tók Hákon Hrafn Sigurðsson dósent við sem varadeildarforseti af Má Mássyni.

## Starfsfólk

Á árinu 2011 störfuðu hjá Lyfjafræðideild sex prófessorar og þrjár dósentar, auk tveggja aðjunktá, deildarstjóra og eins aðstoðarmanns á rannsóknastofum. Einnig kemur fjöldi stundakennara að kennslunni. Einn nýdoktor starfaði við deildina. Anna Ingibjörg Gunnarsdóttir var ráðin í 15% stöðu lektors og Pétur Sigurður Gunnarsson var ráðinn í 37% stöðu lektors við deildina. Við deildina eru tveir klínískir lektorar og einn klínískur dósent.

Kristín Ingólfsdóttir prófessor var í leyfi þar sem hún gegnir nú stöðu rektors Háskóla Íslands.

Lyfjafræðideild		
Stjórnsýsla	fjöldi	Starfsígildi
Konur	1	1
Karlar	0	
Lektorar		
Konur	1	0,15
Karlar	1	0,37
Dósentar		
Konur	2	2
Karlar	1	1
Prófessorar		
Konur	3	3
Karlar	3	3
	<b>11</b>	<b>9,52</b>
Aðrir starfsmenn deildar		
Konur	7	5,24
Karlar	3	3
	<b>10</b>	<b>8,24</b>

## Nám og kennsla

Í Lyfjafræðideild eru stundaðar rannsóknir, kennsla, fræðsla og þjónusta. Starfsemi deildarinnar hefur miðast við að sinna þessum fjórum þáttum en aðaláherslan er lögð á kennslu og rannsóknir í lyfjafræði og lyfjavísindum. Við deildina eru menntaðir lyfjafræðingar en markmið háskólanáms í lyfjafræði er að nemendur séu að námi loknu hæfir til að stunda öll almenn lyfjafræðistörf: í lyfjabúðum, við lyfjagerð, í lyfjaiðnaði og lyfjaheildverslunum, á sjúkrahúsum og við rannsóknir. Auk þess er boðið upp á rannsóknamiðað nám til MS-prófs í lyfjavísindum.

Við Lyfjafræðideild er boðið upp á þriggja ára BS-nám í lyfjafræði og tveggja ára MS-nám í lyfjafræði. Að loknu tveggja ára meistaranámi í lyfjafræði geta nemendur sótt um starfsleyfi lyfjafræðings til Landlæknisembættisins. Við Lyfjafræðideild er einnig boðið upp á 120 eininga MS-nám í lyfjavísindum (e. pharmaceutical sciences) fyrir þá sem hafa lokið BS-prófi í efnafræði, lífefnafræði, líffræði, lyfjafræði eða skyldum greinum. Að loknu MS-námi býður Lyfjafræðideild upp á þriggja ára doktorsnám í lyfjafræði og lyfjavísindum og er það 180 eininga nám.

Á haustmisseri 2011 voru 134 nemendur innritaðir í nám í Lyfjafræðideild, þar af 78 í BS-nám, 31 í MS-nám í lyfjafræði og þrír í MS-nám í lyfjavísindum.

Kristján Guðmundsson gestaprófessor kenndi við deildina á vormisseri og Einar Mäntylä gestadósent á haustmisseri.

### **Doktorsnám**

Doktorsnám í lyfjafræði og lyfjavísindum er í stöðugri sókn og árið 2011 voru 22 doktorsnemar skráðir við deildina, þar af tveir í þverfaglegu doktorsnámi í samvinnu Lyfjafræðideildar og námsbrautar í lýðheilsuvísindum.

### **Doktorsvarnir**

Tveir doktorsnemar luku námi frá Lyfjafræðideild 2011. Þann 11. maí varð Martin Messner efnafræðingur doktorsritgerð sína í lyfjavísindum og þann 29. ágúst varði Helga Zoëga doktorsritgerð sína í lýðheilsuvísindum frá Lyfjafræðideild.

### **Alþjóðasamskipti**

Tveir skiptinemar frá Póllandi, einn frá Ítalíu, einn frá Spáni og einn frá Þýskalandi stunduðu nám við deildina á árinu. Nokkrir íslenskir lyfjafræðinemar fóru utan í skiptinám og tóku hluta af námi sínu við erlenda háskóla.

Pia Vuorela, frá háskólanum í Åbo, var gestaprófessor við deildina og kenndi einnig námskeiðið „Natural products and drug design“.

Ráðstefnan Nordic Social Pharmacy and Health Services Research (NSPC & NNGCP) var haldin 15.–16. júní á Hótel Loftleiðum. Anna Birna Almarsdóttir prófessor skipulagði ráðstefnuna.

### **Rannsóknir**

Mikil áhersla er lögð á rannsóknir og góður árangur á því sviði einkennir starf deildarinnar. Allir fastráðnir kennarar eru virkir í rannsóknum eins og sjá má á vef deildarinnar þar sem kennarar birta m.a. ritaskrár sínar. Fjöldi birtinga í ISI-tímaritum er almennt viðurkenndur sem mælikvarði á rannsóknarvirkni og þar er árangur kennara Lyfjafræðideildar með því besta sem gerist í Háskóla Íslands. Þessi mikla rannsóknarvirkni endurspeglast í fjölda doktors- og meistaranema við deildina. Kennarar Lyfjafræðideildar eru iðnir við að sækja um og fá rannsóknastyrki, bæði úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum, til að standa straum af launum doktorsnema og rekstri rannsóknastofa.

### **Kynningarstarfsemi**

Lyfjafræðinámið var kynnt á háskóladeginum. Lyfjafræðinemar hafa tekið að sér að fara í framhaldsskóla og kynna námið fyrir nemendum þar. Doktorsnemar, meistaranemar og kennarar

deildarinnar, auk erlendra og innlendra gestafyrirlesara, hafa kynnt rannsóknir sínar á málstofu Lyfjafræðideildar.

## Annað

Lyfjafræðideild veitir árlega viðurkenningu þeim nemendum sem hljóta hæsta einkunn á BS- og MS-prófi, sem og þeim nemanda sem nær bestum árangri á prófum fyrsta árs. Viðurkenningar vegna háskólaársins 2010–2011 voru veittar á degi lyfjafræðinnar, sem var að þessu sinni þann 22. október. Viðurkenningarnar hlutu Ólöf Ásta Jósteynsdóttir, fyrir besta árangur á MS-prófi, Ingólfur Birgisson, fyrir besta árangur á BS-prófi, og Elva Friðjónsdóttir, fyrir besta árangur á prófum fyrsta árs.

Þann 20. janúar var tveimur doktorsnemum veittur styrkur úr Verðlaunasjóði Bergþóru og Þorsteins Scheving Thorsteinssonar lyfsala. Styrkþegarnir voru Guðrún Pengilsdóttir og María Dolores Moya Ortega.

## Brautskráðir stúdentar frá Lyfjafræðideild 2011

	Karlar	Konur	Alls
<b>BS-próf Alls:</b>	<b>4</b>	<b>10</b>	<b>14</b>
Lyfjafræði	4	10	14
<b>Meistarapróf Alls:</b>	<b>5</b>	<b>11</b>	<b>16</b>
Lyfjafræði	5	11	16
<b>Doktorspróf Alls:</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>2</b>
Lyfjavísindi	1		1
Lýðheilsuvísindi við lyfjafræðideild		1	1
<b>Samtals:</b>	<b>10</b>	<b>22</b>	<b>32</b>

## Læknadeild

### Læknisfræði

#### Almennt yfirlit og stjórn

Í Læknadeild fara fram kennsla og rannsóknir í læknisfræði en að auki heyra undir deildina námsbraut í sjúkráþjálfun, námsbraut í geislafræði og námsbraut í lífeindafræði, Miðstöð í Lýðheilsuvísindum, sem sinnir þverfaglegu meistara- og doktorsnámi, og þverfræðilegt meistaranám í talmeinafræði. Námsbrautir hafa sérstakar námsbrautarstjórnir og situr deildarforseti stjórnarfundum þeirra. (Sjá sérstakan kafla um námsbrautir.)

Fyrri hluta árs var deildarráð Læknadeildar skipað þeim Guðmundi Þorgeirssyni, prófessor og deildarforseta, Kristjáni Erlendssyni, dósent og varadeildarforseta, Ingibjörgu Harðardóttur prófessor, Gísli H. Sigurðssyni prófessor, Tómasi Guðbjartssyni prófessor, Karli K. Andersen prófessor, Mörthu Á. Hjálmsdóttur, dósent og námsbrautarstjóra í lífeindafræði, Díönu Óskarsdóttur, lektor og formanni námsbrautar í geislafræði, og Árna Árnasyni, dósent og formanni námsbrautar í sjúkráþjálfun. Þann 1. júlí urðu þær breytingar á deildarráði að Magnús Karl

Magnússon prófessor tók við embætti varadeildarforseta af Kristjáni Erlendssyni og Hannes Petersen dósent tók sæti í deildarráði. Að auki sátu fundi deildarráðs tveir fulltrúar læknanema. Varamenn í deildarráði voru Eiríkur Steingrímsson prófessor, Ragnar Bjarnason dósent, Bryndís Benediktsdóttir dósent, Jórunn Erla Eyfjörð prófessor og Jakob Kristinsson prófessor.

Skipan starfsmanna á skrifstofu Læknadeildar í Læknagarði var óbreytt frá fyrra ári: Erna Sigurðardóttir deildarstjóri, Púriður Pálsdóttir verkefnastjóri og Ingunn Baldursdóttir fulltrúi. Helga Ögmundsdóttir var formaður rannsóknanámsnefndar og fagstjóri rannsóknatengds náms var Gunnsteinn Haraldsson.

Í tilefni af 100 ára afmæli Læknadeildar var Margrét Guðnadóttir, prófessor emerita, sæmd heiðursdoktorsnafnbót, doctor medicinae honoris causa, fyrir vísindaframlag á sviði veirufræði og greiningu veirusýkinga. Deildin veitti henni heiðursdoktorsnafnbótina við hátíðlega athöfn þann 10. nóvember.

## Starfsfólk

Við kennslu og rannsóknir í læknisfræði störfuðu á árinu 90 fastráðnir kennarar, þar af 58 í hlutastörfum (37–75%). Fastráðnir kennarar voru í ársbyrjun 44 prófessorar, 38 dósentar og 8 lektorar. Aðjunktar voru 52. Hlutastörf klínískra kennara við Læknadeild (oftast 37% eða 50%) eru yfirleitt í tengslum við a.m.k. 50% starf á sama fræðasviði á Landspítala eða annarri stofnun sem Læknadeild hefur samstarfssamning við. Á öðrum stað í þessu riti má sjá lista yfir ráðningar í deildinni.

Eftirtaldir starfsmenn létu af störfum á árinu: Jóhannes Björnsson, prófessor í líffærameinafræði, Kistrún Benediktsdóttir, dósent í líffærameinafræði, og Elín Laxdal, dósent í æðaskurðlækningum.

Læknadeild			
	Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi
	Konur	10	7,49
	Karlar	1	0,5
Aðjunktar			
	Konur	5	2,07
	Karlar	2	0,62
Lektorar			
	Konur	10	7,12
	Karlar	5	2,36
Dósentar			
	Konur	8	4,94
	Karlar	27	14,58
Prófessorar			
	Konur	5	4
	Karlar	41	23,49
		<b>103</b>	<b>59,2</b>
Akademískir sérfræðingar			
	Konur	1	0,49
	Karlar	1	1
		<b>2</b>	<b>1,5</b>
Aðrir starfsmenn deildar (rannsóknafólk)			
	Konur	28	21,44



	Karlar	11	9,66
		<b>39</b>	<b>31</b>
Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði			
	Konur	13	11,88
	Karlar	3	2,25
		<b>16</b>	<b>14,1</b>

## Nám og kennsla

Inntökupróf í læknisfræði og sjúkraþjálfun fóru fram dagana 14. og 15. júní og tókst framkvæmd þeirra með ágætum. Alls þreyttu 306 stúdentar próf í læknisfræði og 70 stúdentar inntökupróf í sjúkraþjálfun. Samtals þreyttu því 376 stúdentar inntökuprófið og hófu þeir 49 efstu nám í læknisfræði um haustið og 25 í sjúkraþjálfun. Kynjaskipting þeirra sem hófu nám í læknisfræði var 24 karlar og 25 konur og í sjúkraþjálfun sjö karlar og 18 konur.

Í júní voru 38 læknanemar brautskráðir með BS-gráðu í læknisfræði og í október brautskráðust 11 nemendur með sömu gráðu. Alls luku 44 nemendur embættisprófi í læknisfræði árið 2011. Þar af voru 17 karlar og 27 konur. Rannsóknatengt framhaldsnám er sem fyrr í miklum blóma í deildinni. Málstofa í náminu var haldin mánaðarlega yfir veturinn og var hún vel sótt. Þar fluttu bæði nemendur í rannsóknatengdu námi og kennarar erindi. Um 130 nemendur voru í rannsóknatengdu námi á árinu, 62 í meistaranámi og 67 í doktorsnámi. Í líf- og læknávisindum hófu 12 nemendur meistaranám. Á árinu 2011 luku sjö meistaraþrófi í læknisfræði.

Nemendur á sjötta ári í læknisfræði þreyttu að venju alþjóðlegt próf, CCSe (Comprehensive Clinical Science Examination). Niðurstöður prófsins leiddu í ljós að íslenskir læknanemar standa, sem fyrr, afar vel í samanburði við bandaríska nemendur og árangur þeirra þykir eftirtektarverður.

## Gestakennarar

Undirritaðir voru samningar um gestakennarastöður við eftirfarandi aðila:

- Alan I. Pack, yfirmann við Center for Sleep and Circadian Neurobiology við University of Pennsylvania School of Medicine
- Ingólf Johannessen, dósent í veirufræði við háskólann í Edinborg
- Þóru Másdóttur, talmeinafræðing hjá Heyrnar- og talmeinafræðingum Íslands

## Doktorspróf

Í doktorsnám voru innritaðir 9 nemendur og 10 doktorsnemar luku doktorsprófi á árinu, þar af fjórir karlar og sex konur. Nánari upplýsingar um brautskráða doktora og verkefni þeirra er að finna á öðrum stað í þessu riti. Frá upphafi hefur Læknadeild nú brautskráð samtals 67 nemendur með doktorspróf, 32 karla og 35 konur.

## Alþjóðasamskipti

Nemendaskipti við erlenda háskóla árið 2011 voru með þeim hætti að 13 erlendir skiptinemar stunduðu nám við deildina. Þeir voru frá Þýskalandi, Danmörku, Hollandi, Noregi og Ungverjalandi. Einn nemandi í læknisfræði fór í skiptinámi til Svíþjóðar. Afar sterk hefð er fyrir alþjóðlegu rannsóknasamstarfi í deildinni og einnig koma margir læknar erlendis frá að kennslu í Læknadeild.

## Rannsóknir

Kennarar og aðrir vísindamenn Læknadeildar stunda öflugt rannsóknarstarf. Auk sjálfstæðra verkefna tengjast kennarar deildarinnar mörgum helstu rannsóknastofnunum landsins, Keldum, Íslenskri erfðagreiningu, Hjartavernd og Krabbameinsfélagi Íslands. Landspítali – háskólasjúkrahús er síðan vettvangur rannsókna allra þeirra kennara sem gegna þar störfum samhliða störfum við Háskóla Íslands. Vísindanefnd Læknadeildar, undir forystu Vilhjálms Rafnssonar prófessors, starfar í umboði deildarforseta og deildarráðs og var þeim til ráðgjafar um mál er lúta að rannsóknum og aðstöðu til þeirra í samvinnu við fulltrúa úr öðrum deildum Heilbrigðisvísindasviðs auk þess sem hún stendur fyrir rannsóknaráðstefnu í líf- og heilbrigðisvísindum.

Lífvísindasetur Háskóla Íslands var stofnað formlega þann 30. nóvember. Setrið er hýst í Læknadeild en er regnhlífarsamtök þeirra sem starfa við lífvísindi í Háskóla Íslands. Markmið Lífvísindaseturs er að stuðla að bættu akademísku umhverfi fyrir vísindamenn og rannsóknanema þar sem eftirsótt verður að vinna og starfa. Ávinningur þessa fyrirkomulags er aukin samvinna margvíslegra rannsóknahópa. Þegar er komin góð reynsla á samstarfið og má þar nefna að sameiginlegar rannsóknir nemenda hafa margfaldast, sem og sameiginlegar umsóknir um tækjakaup, húsnæði nýtist betur, hagrætt hefur verið í rekstri með magninnkaupum og skapast hefur frjór jarðvegur fyrir gestafyrirlestra. Vonir standa til þess að Lífvísindasetur verði öflugur styrkumsækjandi erlendis og rannsóknir Háskóla Íslands á þessu sviði enn sýnilegri en áður.

## Markaðs- og kynningarmál

Markaðs- og kynningarstarf Læknadeildar var með hefðbundnum hætti á árinu. Deildin tók þátt í sameiginlegum námskynningum Háskóla Íslands þar sem námsframboð í grunn- og framhaldsnámi var kynnt. Að auki var grunnnámið kynnt í nokkrum framhaldsskólum sem höfðu óskað eftir því.

Samningur var gerður á milli Heilbrigðisvísindasviðs og fyrirtækjanna AstraZeneca og Novartis um eflingu kennslu og rannsókna í ofnæmisfræði og klíniskri ónæmisfræði innan Læknadeildar. Fyrirtækin tvö fjármagna tímabundna stöðu dósents í 20% starfshlutfalli.

## Annað

### Akademískar nafnbætur

Eftirtaldir voru metnir til akademískra nafnbóta við Læknadeild árið 2011:

Brynja R. Guðmundsdóttir lífeindafræðingur, lektorshæfi

Dóra Lúðvíksdóttir lungnalæknir, dósentshæfi

Guðmundur J. Arason líffræðingur, dósentshæfi

María Heimisdóttir læknir, lektorshæfi

Marianna Garðarsdóttir röntgenlæknir, lektorshæfi

Már Kristjánsson smitsjúkdómalæknir, dósentshæfi

Sigurður Kristjánsson barnalæknir, dósentshæfi

Sigurveig Sigurðardóttir barnalæknir, lektorshæfi

### Viðurkenningar

Á árhátíð læknanema sem haldin var 19. mars heiðruðu læknanemar Tómas Guðbjartsson prófessor fyrir framúrskarandi kennslu og Þuríði Pálsdóttur verkefnisstjóra á skrifstofu Læknadeildar fyrir velvild og gjöfult starf í þágu læknanema.

## Fyrirlestrar

### Málþing til heiðurs Jóhanni Axelssyni

Lífeðlisfræðistofnun efndi til málþings til heiðurs Jóhanni Axelssyni, prófessor emeritus, þann 4. janúar. Á þinginu fluttu tíu íslenskir fræðimenn erindi um rannsóknir í lífeðlisfræði. Jóhann er brautryðjandi á sviði rannsókna og kennslu í lífeðlisfræði á Íslandi. Hann hefur haft mikil áhrif á kennsluhætti í lífeðlisfræði á sviði líf- og heilbrigðisvísinda innan Háskóla Íslands, ekki síst hvað varðar gæði verklegrar kennslu og nýjungar. Hann hefur birt fjölda greina um margvísleg rannsóknarefni, sem spanna taugalífeðlisfræði, lífeðlisfræði beinagrindarvöðva, ofurnæmi vöðvafruma, lífeðlisfræði sléttra vöðva í æðum og meltingarvegi, hlutverk umhverfis og erfða í hjarta- og æðasjúkdómum, ofkælingu og lífeðlisfræðileg áhrif hennar og meðhöndlun og á síðustu árum dægursveiflur melatóníns og árstíðabundnar sveiflur í lundarfari (skammdegisdrunga).

### Ráðstefna um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum

Læknadeild tók þátt í ráðstefnu um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum sem var haldin á Háskólatorgi 5. og 6. janúar á vegum deilda og námsbrauta Heilbrigðisvísindasviðs og Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Fjöldi áhugaverðra kynninga fór fram með stuttum erindum eða veggspjöldum. Að auki voru fluttir gestafyrirlestrar og lengri erindi. Efni ráðstefnunnar var afar fjölbreytt og mörg metnaðarfull verkefni voru kynnt.

### Opnar hjartaskurðaðgerðir á Íslandi

Í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands efndi Háskóli Íslands til opinnar fyrirlestraraðar á árinu og 5. janúar flutti Tómas Guðbjartsson, prófessor við Læknadeild og yfirlæknir á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, erindi um opnar hjartaskurðaðgerðir á Íslandi. Aðrir fyrirlesarar voru Þórólfur Guðnason, smitsjúkdómalæknir barna og yfirlæknir á sóttvarnasviði Landlæknisembættisins, og Laufey Steingrímisdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild og á Rannsóknastofu í næringarfræði. Fundarstjóri var Guðmundur Þorgeirsson, forseti Læknadeildar.

### Hönnun manns

Kári Stefánsson, forstjóri og yfirmaður rannsókna Íslenskrar erfðagreiningar og prófessor við Læknadeild, flutti fyrsta erindið í röð hátíðarfyrirlestra rektors á aldarafmæli Háskóla Íslands laugardaginn 15. janúar. Í erindi sínu fjallaði Kári um hönnun mannsins, hvernig hann skapast af samspili erfða og umhverfis.

### Lifarskaði af völdum lyfja og náttúruafna: algengi og afleiðingar

Mánudaginn 17. janúar flutti Einar S. Björnsson prófessor erindi um lifarskaða. Fyrirlesturinn var hluti af hádegisfyrirlestraröð Heilbrigðisvísindasviðs sem efnt var til í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands. Í fyrirlestrinum fjallaði Einar um hvaða lyf og náttúruafni geta haft áhrif á lifrina og batahorfur sjúklinga með lifarskaða af völdum lyfja.

## Námsbraut í sjúkráþjálfun

### Stjórn og starfsfólk

Árið 2011 störfuðu sjö fastráðnir kennarar við námsbrautina, fjórir dósentar í 100% stöðu og þrír lektorar, einn í 75% stöðu og tveir í 50% stöðu. Á árinu hlaut einn lektor framgang í dósentstöðu. Einn aðjunkt starfaði einnig við námsbrautina. Árni Árnason dósent gegndi formennsku námsbrautarinnar. Eitt 100% stöðugildi var við stjórnarsýslu námsbrautarinnar og gegndi Ásta Guðjónsdóttir því starfi. Stjórn námsbrautarinnar var skipuð öllum fastráðnum kennurum hennar,

auk þriggja fulltrúa nemenda. Deildarforseti Læknadeildar, Guðmundur Þorgeirsson, var áheyrnarfulltrúi á námsbrautarfundum.

## Kennslumál

Inntökupróf voru haldin í júní og að þeim loknum fengu 25 nemendur sæti á fyrsta ári. BS-verkefni brautskráningarkandídata voru kynnt í maí, 13 nemendur kynntu sex verkefni.

MS-nám í hreyfivísindum er skipulagt af námsbraut í sjúkraþjálfun í tengslum við framhaldsnám Læknadeildar. Fastráðnir kennarar námsbrautarinnar voru leiðbeinendur alls 22 MS-nema og fjögurra doktorsnema á árinu. Af þeim var einn MS-nemi brautskráður á árinu og einn doktorsnemi.

## Gestakennari

Undirritaður var samningur um stöðu gestakennara við Elisabeth Dean, prófessor við sjúkraþjálfunardeild Háskólans í British Columbia í Vancouver í Kanada.

## Rannsóknir

Rannsóknastofa í hreyfivísindum er til húsa í húsnæði námsbrautar í sjúkraþjálfun í Stapa. Þar er góð aðstaða til ýmiss konar rannsókna á sviði hreyfivísinda. Árið 2011 stunduðu kennarar námsbrautarinnar og nemendur þeirra í BS-námi og framhaldsnámi m.a. rannsóknir á hreyfingu og þreki barna, hreyfingu fullorðinna, meiðslum í handknattleik og knattspyrnu, samanburði á mismunandi aðferðum við meðhöndlun á einkennum frá stoðkerfi, beitingu fótleggja við uppstökk og landingar hjá ungu knattspyrnufólki, gönguþjálfun hjá fólki með parkinsonsveiki, hreyfistjórn eftir hálsáverka o.fl. Auk þess er rannsóknastofan notuð til kennslu í grunn- og framhaldsnámi. Nokkur verkefni voru unnin í samstarfi við stoðtækjafyrirtækið Össur en miklar væntingar eru bundnar við áframhaldandi samstarf við fyrirtækið. Samstarf hefur einnig verið við aðrar deildir Háskóla Íslands og fyrirtæki um notkun rannsóknastofunnar til rannsókna, kennslu og þróunar.

Unnið hefur verið að nýsköpunarverkefninu „Gönguhermirinn“ sem er unnið í samstarfi kennara og nemenda námsbrautar í sjúkraþjálfun, rafmagns- og tölvuverkfræði og véla- og iðnaðarverkfræði.

Kennarar námsbrautarinnar fluttu nokkra fyrirlestra á erlendum vísindaráðstefnum á árinu, auk fjölda fyrirlestra fyrir ýmsar stofnanir og samtök á Íslandi.

## Kynningarstarf

Nemendur og kennarar unnu saman að því að kynna nám í sjúkraþjálfun á námskynningu í febrúar. Þar var m.a. dreift bæklingi um nám í sjúkraþjálfun og starf að því loknu. Hreyfingur, sem stofnaður var árið 2006, er fræðslu- og kynningarverkefni þar sem nemar í sjúkraþjálfun fara í framhaldsskóla og fræða nemendur. Verkefnið er hugsað til forvarna gegn álagseinkennum hjá framhaldsskólanemum, þar sem hvatning til aukinnar hreyfingar og bættra lífshátta vegur þungt.

## Námsbraut í geislafræði

### Stjórn og starfsfólk

Við námsbraut í geislafræði starfa fjórir fastráðnir kennarar í hlutastarfi sem samhliða því starfa á rannsóknastofum eða myndgreiningardeildum. Díana Óskarsdóttir er námsbrautarstjóri og við stjórnarsýslu námsbrautarinnar er eitt 50% stöðugildi sem rekið er í sameiningu með námsbraut í lífeindafræði.

### Kennsla

Kennsla í geislafræði hófst við Háskóla Íslands árið 2005 og fyrstu nemendurnir útskrifuðust með BS-gráðu vorið 2008. Haustið 2008 hófst kennsla á framhaldsstigi og fyrstu nemendurnir með diplómapróf á framhaldsstigi útskrifuðust vorið 2009, en það próf veitir réttindi til að sækja um starfsleyfi sem geislafræðingur. Fyrsti meistaranemandinn í geislafræði útskrifaðist með MS-gráðu vorið 2011. Enn er unnið að uppbyggingu framhaldsnámsins sem og áframhaldandi þróun á kennslu í grunnnámi.

### Rannsóknir

Rannsóknir þær sem kennarar stunda fóru að mestu fram á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi, hjá Röntgen Domus og Hjartavernd. Rannsóknirnar snerust um beinþéttnimælingar, geislameðferð og tölvusneiðmyndun.

### Kynningarstarf

Nemendur og kennarar unnu saman að því að kynna nám í geislafræði á háskóladeginum í febrúar. Félag lífeinda- og geislafræðinema, FLOG, skipulagði kynninguna af hálfu nemenda á háskóladeginum.

## Námsbraut í lífeindafræði

### Stjórn og starfsfólk

Við námsbraut í lífeindafræði starfa fimm fastráðnir kennarar, flestir í hlutastarfi samhliða starfi á rannsóknastofum Landspítala – háskólasjúkrahúss, auk fjölda stundakennara. Martha Á. Hjálmarsdóttir er námsbrautarstjóri.

### Kennsla

Kennsla í lífeindafræði hófst við Háskóla Íslands árið 2005 og fyrstu nemendurnir útskrifuðust með BS-próf vorið 2008. Þá um haustið hófst kennsla á framhaldsstigi og fyrstu nemendurnir með diplómapróf á framhaldsstigi útskrifuðust vorið 2009. Veitir það próf réttindi til að sækja um starfsleyfi sem lífeindafræðingur og er jafnframt fyrra árið í meistaranámi hjá þeim nemendum sem halda áfram. Ári síðar útskrifaðist síðan fyrsti nemandinn með meistaraþróf í lífeindafræði.

Á árinu var haldið samkeppnispróf um 30 sæti til áframhaldandi náms eftir fyrsta misseri. Námsbrautin er stýrir og tekur þátt í samstarfsnetinu BIONord, sem er samstarfsnet 14 skóla á

Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjum og er styrkt af Nordplus. Meginviðfangsefni BIONord eru nemenda- og kennaraskipti, samskipti kennara innan sérgreina lífeindafræðinnar og aðferðir við námsmat.

## **Rannsóknir**

Rannsóknir sem kennarar og nemendur stunda fóru að mestu fram á rannsóknadeildum Landspítalans og spönnuðu flest svið lífeindafræðinnar.

## **Kynningarstarf**

Nemendur og kennarar unnu saman að því að kynna nám í lífeindafræði á háskóladeginum í febrúar og tóku þátt í kynningum í framhaldskólunum. Nemendur áttu mikið frumkvæði í skipulagningu og framkvæmd kynningarmála og var starf þeirra til sérstakrar fyrirmyndar.



2

3

8

9

10

3

1

16

9

ning

21

22

ari er

ingur frá

vs. haploid

## Brautskráðir stúdentar frá Læknadeild 2011

	Karlar	Konur	Alls
<b>BS-próf Alls:</b>	<b>24</b>	<b>49</b>	<b>73</b>
Geislafræði		3	3
Lífeindafræði		7	7
Læknisfræði	20	29	49
Sjúkrþjálfun	4	10	14
<b>Kandídatpróf Alls:</b>	<b>17</b>	<b>27</b>	<b>44</b>
Læknisfræði	17	27	44
<b>Viðbótardiplóma Alls:</b>	<b>1</b>	<b>10</b>	<b>11</b>
Geislafræði	1	5	6
Lífeindafræði		5	5
<b>Meistarapróf Alls:</b>		<b>15</b>	<b>15</b>
Geislafræði		1	1
Heilbrigðisvísindi		1	1
Líf- og læknisvísindi		10	10
Lífeindafræði		3	3
<b>Doktorspróf Alls:</b>	<b>4</b>	<b>5</b>	<b>9</b>
Líf- og læknisvísindi	2	4	6
Læknisfræði	2	1	3
<b>Lýðheilsuvísindi Alls:</b>		<b>20</b>	<b>20</b>
<b>Viðbótardiplóma Alls:</b>		<b>8</b>	<b>8</b>
Lýðheilsuvísindi		8	8
<b>Meistarapróf Alls:</b>		<b>11</b>	<b>11</b>
Lýðheilsuvísindi		11	11
<b>Doktorspróf Alls:</b>		<b>1</b>	<b>1</b>
Lýðheilsuvísindi		1	1
<b>Upplýsingatækni á heilbrigðissviði Alls:</b>	<b>1</b>	<b>3</b>	<b>4</b>
<b>MHI-próf Alls:</b>	<b>1</b>	<b>3</b>	<b>4</b>
Upplýsingatækni á heilbrigðissviði	1	3	4
<b>Samtals:</b>	<b>46</b>	<b>106</b>	<b>152</b>

## Matvæla- og næringarfræðideild

### Almennt yfirlit og stjórn

Deildarforseti Matvæla- og næringarfræðideildar var Inga Þórsdóttir, prófessor í næringarfræði, og varadeildarforseti Guðjón Þorkelsson, dósent í matvælafræði. Innan deildarinnar störfuðu níu kennarar í mismunandi starfshlutfalli, fjórir í næringarfræði og fimm í matvælafræði, auk þess sem fræðimaður á Rannsóknastofu í næringarfræði kenndi næringarfræði. Starfandi fræðimenn á Matis ohf. og næringarráðgjafar á Næringarstofu Landspítala sinntu einnig stundakennslu við deildina.



Einn gestaprófessor var við deildina, Sjöfn Sigurgísladóttir, fyrrverandi forstjóri Matís. Laufey Steingrímsdóttir var ráðin í 100% starf prófessors í næringarfræði, frá 1. janúar 2011, tímabundið til tveggja ára samkvæmt sérstöku samkomulagi við Landbúnaðarháskóla Íslands. Starfshlutfall deildarstjóra skrifstofu var aukið í 60% frá 1. júní 2011.

Matvæla- og næringarfræðideild		
Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi
Konur	1	0,6
Karlar	0	
Lektorar		
Konur	0	
Karlar	2	1,37
Dósentar		
Konur	0	
Karlar	2	0,87
Prófessorar		
Konur	3	2,24
Karlar	1	1
	<b>8</b>	<b>5,48</b>
Akademískir sérfræðingar		
Konur	0	0
Karlar	1	1
	<b>1</b>	<b>1,0</b>
Rannsóknastofa í næringarfræði		
Konur	17	10
Karlar	1	0,9
	<b>18</b>	<b>11</b>

## Nám og kennsla

Deildin leitast við að vera í fremstu röð með vönduðum rannsóknum og kennslu sem stenst samanburð á alþjóðlegum vettvangi. Matvæla- og næringarfræðideild er öflug eining innan Háskóla Íslands í rannsóknavirkni á hvert stöðugildi kennara og er um helmingur fjárframlags til deildarinnar tilkominn vegna rannsókna. Fylgst er með kennslukönnunum og tekið mið af þeim. Lögð er áhersla á sterkt fræðilegt og lausnamiðað nám.

Árið 2011 bauð Matvæla- og næringarfræðideild upp á nám til BS-, MS- og doktorsgráðu í báðum fræðigreinum deildarinnar, matvælafræði og næringarfræði. Haustið 2008 hófst í fyrsta skipti á Íslandi grunnnám í næringarfræði til BS-prófs en næringarfræði hafði um nokkurra ára skeið verið kennd til meistaraþrófs og doktorsnemendum leiðbeint.

Háskóli Íslands hefur boðið upp á nám í matvælafræði um alllangt skeið, fyrst eingöngu til BS-prófs, en síðar til meistara- og doktorsprófs.

Deildarskrifstofa er til húsa á Eiríksgötu 29 ásamt aðstöðu fyrir deildarforseta, kennara í næringarfræði, Rannsóknastofu í næringarfræði og Næringarstofu Landspítala. Alvarlegur skortur á húsnæði stendur Matvæla- og næringarfræðideild fyrir þrifum og hefur sá skortur reynst dýrkeyptur. Kennarar í matvælafræði, aðrir en Ágústa Guðmundsdóttir, hafa starfsaðstöðu hjá Matís ohf. Unnið er að aukinni samvinnu við Matís til að auka möguleika fyrir nemendur og kennara, auk þess sem gerð var áætlun um að húsnæði Rannsóknastofu í næringarfræði yrði

stækkað á Landspítala. Einnig miðar samvinnan að því að auka nýliðun í fræðigreininni. Kennarar í næringarfræði hafa aðstoðu á Landspítala gegnum samstarfssamning milli Háskóla Íslands og spítalans um rekstur Rannsóknastofu í næringarfræði.

Deildin leggur áherslu á rannsóknatengt framhaldsnám og fjallar um umsóknir og framgang námsins á deildarfundum þar sem stuðst er við reglur deildarinnar þar að lútandi. Rannsóknatengt framhaldsnám stendur með miklum blóma við deildina og stunduðu 11 nemendur doktorsnám og 18 nemendur meistaranám við deildina á árinu en alls voru 152 nemendur skráðir í nám við Matvæla- og næringarfræðideild á árinu 2011.

## Doktorsvarnir

Minh Minh Van Nguyen lauk doktorsprófi í matvælafræði og Ólöf Guðný Geirsdóttir lauk doktorsprófi í næringarfræði á árinu 2011.

## Alþjóðasamskipti

Nokkrir nemendur í framhalds- og grunnnámi fóru utan í skiptinám og tveir erlendir nemendur voru í skiptinámi við deildina á árinu. Kennarar við deildina og nemendur í framhaldsnámi störfuðu mikið með evrópskum og bandarískum stofnunum og skólum. Nokkrir erlendir nemendur eru í rannsóknanámi við Matvæla- og næringarfræðideild og þar af er einn sem hefur tengst deildinni gegnum nám við Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna.

## Rannsóknir

Rannsóknir hafa verið mjög öflugar í deildinni og eru þær að stærstum hluta í tengslum við Rannsóknastofu í næringarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala, Lýðheilsustöð, Rannsóknastofu í matvælaefnafræði og Matís ohf.

## Markaðs- og kynningarmál

Á námskynningu háskólans var unnið að því að kynna námsleiðir deildarinnar. Kynningin tókst afar vel og skilaði sér í fjölgun nýnema í grunnnám í deildina. Vefur deildarinnar tilheyrir Heilbrigðisvísindasviði og sér deildarstjóri um uppfærslu og innsetningu á hann ásamt markaðs- og vefstjóra Heilbrigðisvísindasviðs.

## Brautskráðir stúdentar frá Matvæla- og næringarfræðideild 2011

	Karlar	Konur	Alls
<b>BS-próf Alls:</b>		7	7
Matvælafræði		2	2
Næringarfræði		5	5
<b>Meistarapróf Alls:</b>	2	5	7
Matvælafræði	1		1
Næringarfræði	1	5	6
<b>Doktorspróf Alls:</b>	1	1	2
Matvælafræði	1		1
Næringarfræði		1	1
<b>Samtals:</b>	<b>3</b>	<b>13</b>	<b>16</b>

# Sálfræðideild

## Almennt yfirlit og stjórn

Daníel Þór Ólason dósent var deildarforseti og varadeildarforseti var Árni Kristjánsson dósent.

Deildarráð hélt fundi hálfsmánaðarlega. Deildarforseti og varadeildarforseti eiga sjálfkrafa sæti í deildarráði en þrjú aðrir kennarar voru kosnir á deildarfundum 8. júní 2010, Urður Njarðvík, Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson. Varamennirnir Zuilma Gabriela Sigurðardóttir dósent og Guðmundur B. Arnkelsson dósent sátu í deildarráði fyrir Einar Guðmundsson og Sigurð J. Grétarsson meðan þeir voru í rannsóknarleyfi.

Deildarráðsfundi sitja einnig einn fulltrúi BS-nema og einn fulltrúi framhaldsnema í sálfræði. Kennarafundir voru haldnir einu sinni í mánuði og deildarfundir einu sinni til tvisvar á misseri.

## Starfsfólk

Við Sálfræðideild störfuðu þrjú prófessorar, fimm dósentar, fimm lektorar og þrjú aðjuntar, auk deildarstjóra og verkefnisstjóra á skrifstofu deildarinnar. Þrjú nýir lektorar voru ráðnir til starfa í Sálfræðideild: Ingunn Hansdóttir frá 1. apríl, Ragna B. Garðarsdóttir frá 1. júlí og Andri Steinþór Björnsson frá 1. september. Starfshlutfall Jóhönnu Gyðu Stefánsdóttur verkefnisstjóra var aukið í 75% 1. september.

Samþykkt var á deildarráðsfundi 14. janúar að veita Erlu Sigríði Grétarsdóttur nafnbótina klínískur lektor.

Kennarar í Sálfræðideild hafa skrifstofur í Odda og Aragötu 14. Deildarskrifstofan er í Odda.

Sálfræðideild		
Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi
Konur	2	1,75
Karlar	0	
Lektorar		
Konur	4	4
Karlar	1	1
Dósentar		
Konur	1	1
Karlar	4	4
Prófessorar		
Konur	0	
Karlar	3	3
	<b>13</b>	<b>13</b>
Rannsóknafólk		
Konur	1	0,75
Karlar	1	0,9
	<b>2</b>	<b>2</b>

## Nám og kennsla

Nemendur í Sálfræðideild voru 628 þann 20. október 2011. Fjöldi nýnema í BS-námi var u.þ.b. 250. Sálfræði er kennd til BS-prófs, MS-prófs (einstaklingsbundið rannsóknatengt nám), MS-prófs í félags- og vinnusálfræði, cand. psych. prófs og doktorsprófs. Inn í cand. psych. nám voru teknir 24 nemendur, sjö nemendur voru teknir inn í MS-nám í félags- og vinnusálfræði og sjö nemendur í einstaklingsbundið rannsóknatengt MS-nám. Alls voru 93 nemendur í meistaranámi haustið 2011.

## Doktorsnám

Fjórir doktorsnemar bættust við á árinu og voru þeir í árslok 12 talsins.

## Alþjóðasamskipti

Sálfræðideild tók þátt í Evrópuverkefningu Europlat (European Psychology Learning and Teaching). Fulltrúar deildarinnar í því voru Urður Njarðvík lektor og Daníel Þór Ólason dósent. Sálfræðideild tekur einnig þátt í verkefningu Nordic Baltic Doctoral Network in Psychology.

## Rannsóknir

Rannsóknir kennara í Sálfræðideild fjalla um helstu svið sálfræðinnar.

- Árni Kristjánsson fékk styrk frá Rannís í meistaraverkefni Ómars I. Jóhannessonar, sem og doktorsstyrk í sama verkefni úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Árni Kristjánsson fékk 192 tíma (25%) flutta af kennsluskyldu yfir í rannsóknir í samræmi við reglur um árangurstengda tilfærslu starfsþátta.
- Daníel Þór Ólason fékk styrk frá Hapdrættisnefnd innanríkisráðuneytisind til að rannsaka spilahegðun og algengi spilavanda meðal fullorðinna Íslendinga árið 2011.
- Ragna B. Garðarsdóttir fékk styrk frá Rannís í rannsókn sína „Leiðir minni efnishygga til meiri velsældar? Rannsóknir á lífsgildabreytingum á Íslandi og Bretlandi.“
- Zuilma G. Sigurðardóttir fékk styrk frá Rannís í meistaraverkefni Ástu Harðardóttur og hún fékk einnig styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til doktorverkefnis Kristínar Guðmundsdóttur.

## Málstofur

Sex málstofur voru á vormisseri:

- 23. febrúar. Fyrirlestur. Haukur Örvar Pálmason, sálfræðingur á Barna- og unglingsdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss: Áhrif og tengsl catechol-O-methyltransferase (COMT Val158Met) breytileikans á alvarleika athyglisbrests og ofvirkni (ADHD) einkenna og meðfylgjandi hegðunarröskun.
- 9. mars. Fyrirlestur. Ingibjörg Sveinsdóttir, Ph.D., BCBA-D, sálfræðingur á heilsugæslustöðinni í Firði í Hafnarfirði: Sálfræðiþjónusta í heilsugæslu: Þverfaglegt samstarf á gagnreyndum grunni.
- 16. mars. Fyrirlestur. Ragnar Pétur Ólafsson, sálfræðingur og doktorsnemi, fjallaði um rannsóknir sínar á hugsanastjórn og stýriferli í áráttu- og þráhyggjuröskun.
- 6. apríl. Fyrirlestur. Halldór Hauksson, sálfræðingur og sviðsstjóri á Barnaverndarstofu, Funi Sigurðsson og Ingibjörg Markúsdóttir, sálfræðingar á Barnaverndarstofu og teymisstjórar meðferðarteymis fyrir fjölkerfameðferð (MST): Meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu og áhrif gagnreyndra aðferða.
- 13. apríl. Kynning á doktorsverkefni. Arndís Vilhjálmisdóttir doktorsnemi: Hard work and success: a study in work motivation for the 21st century.
- 11. maí. Kynning á doktorsverkefni. Hannes Björnsson, sálfræðingur og doktorsnemi: Eugenics and the history of psychology in Iceland.

Fjórar málstofur voru á haustmisseri:

- 7. september. Fyrirlestur. Mackay, heiðursprófessor í Northeastern-háskólanum í Boston: Class Merger and Intersection: Stimulus and Training Variables.
- 7. október. Fyrirlestur. William O'Brien, einn höfundur bókarinnar „Principles and practice of behavioral assessment“, sem hefur verið grunnbók í námskeiðinu Greining og mat í cand. psych. náminu í Háskóla Íslands: Acceptance and Commitment Therapy: Theory, Processes, and Outcomes. Hann kenndi einnig cand. psych. nemum á fyrsta ári í einni kennslustund í námskeiðinu Greining og mat.
- 19. október. Fyrirlestur. Sigurður Óli Sigurðsson, lektor við University of Maryland í Baltimore-sýslu og aðjunkt við lækna- og atferlissvísindadeild Johns Hopkins háskóla: Atferlisgreining í vinnuumhverfum: Greiningartæki og inngríp.
- 24. október. Fyrirlestur. Erik Arntzen, prófessor í atferlisgreiningu við Akershus háskóla: Research on Variables Influencing Equivalence Class Formation.

Sálfræðideild tók þátt í vísindaráðstefnu Heilbrigðisvísindasviðs 5.–6. janúar. Tveir kennarar, einn doktorsnemi og einn meistaranemi héldu þar fyrirlestra. Deildin tók einnig þátt í doktorsdegi Heilbrigðisvísindasviðs 1. apríl. Tveir doktorsnemar úr deildinni kynntu rannsóknirnar sínar og svöruðu fyrirspurnum.

Sálfræðideild hélt sálfræðiþing í samstarfi við Sálfræðingafélagi Íslands 7. og 8. apríl. Tíu kennarar og tuttugu framhaldsnemar í Sálfræðideild héldu þar fyrirlestra. Sérstakar málstofur voru tileinkaðar minningu Friðriks H. Jónssonar og Jakobs Smára.

Sálfræðideild tók þátt í SATÍS-ráðstefnu (Samtaka um atferlisgreiningu á Íslandi) 21. október.

## Markaðs- og kynningarmál

Sálfræðideild tók þátt í sameiginlegum kynningum Háskóla Íslands á námsframboði á grunn- og framhaldsstigi.

## Brautskráðir stúdentar frá Sálfræðideild 2011

	Karlar	Konur	Alls
<b>BS-próf Alls:</b>	<b>29</b>	<b>56</b>	<b>85</b>
Sálfræði	29	56	85
<b>Cand. psych.-próf Alls:</b>	<b>1</b>	<b>15</b>	<b>16</b>
Sálfræði	1	15	16
<b>Meistarapróf Alls:</b>	<b>2</b>	<b>10</b>	<b>12</b>
Sálfræði	2	8	10
Félags- og vinnusálfræði		2	2
<b>Samtals:</b>	<b>32</b>	<b>81</b>	<b>113</b>

# Tannlæknadeild

## Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn deildarinnar var óbreytt frá fyrra ári. Teitur Jónsson dósent var deildarforseti og Bjarni Elvar Pjetursson prófessor varadeildarforseti en ásamt þeim skipuðu deildarráð Björn Ragnarsson lektor, Ellen Flosadóttir dósent, Sigurjón Arnlaugsson lektor, Vigdís Valsdóttir, verkefnisstjóri námsbrautar í tannsmíði, og tveir fulltrúar stúdenta. Deildarráðsfundir voru haldnir tvisvar í mánuði og þá sátu einnig deildarstjórnir Guðrún Ívars og Hanna G. Daníelsdóttir.

Deildarfundir voru haldnir tvisvar á hverju misseri, á þeim eiga sæti allir fastráðnir kennarar deildarinnar og þrjú fulltrúar stúdenta.

Peter Holbrook prófessor var forstöðumaður rannsóknastofu og Svend Richter dósent formaður Tannlækningastofnunar.

## Starfsfólk

Við deildina störfuðu 15 fastráðnir kennarar í 12,5 stöðugildum: fjórir prófessorar, fjórir dósentar og sjö lektorar, auk tveggja aðjunktá og fjölda stundakennara. Í árslok 2011 höfðu enn fremur verið auglýst störf lektora í lyflæknisfræði og í tannfyllingar- og tannsjúkdómafræðum. Á klíník starfaði deildarstjóri ásamt fjórum tanntæknum í alls rúmlega fimm stöðugildum en aðrir starfsmenn voru deildarstjóri á skrifstofu, tannsmíðameistari og verkefnisstjóri tannsmíðanáms.

Álfheiður Hrönn Ástvaldsdóttir lektor hætti störfum að loknu vormisseri 2011 og Guðmundur Ásgeir Björnsson lektor í árslok 2011. Einnig hættu störfum Ágústa Þorkeldsdóttir tanntækni og Ásdís Friðriksdóttir tannsmíðameistari. Gunnar Vagn Gunnarsson tannsmíðameistari var ráðinn í tímabundna stöðu og Aðalheiður Svana Sigurðardóttir var ráðin í 40% starf aðjunktá við námsbraut tannsmíða.

Tannlæknadeild		
Stjórnsýsla og klíník	Fjöldi	Starfsigildi
Konur	9	7,4
Karlar	1	0,75
Aðjunktá		
Konur	1	0,4
Karlar	0	0
Lektorar		
Konur	0	
Karlar	7	4,74
Dósentar		
Konur	1	0,7
Karlar	3	2,7
Prófessorar		
Konur	1	1
Karlar	3	3
	<b>16</b>	<b>12,54</b>

## Nám og kennsla

Við Tannlæknadeild er í boði kandidateitnáms í tannlæknisfræði og meistara- og doktorsnáms, auk námsbrautar tannsmíða til BS-prófs. Að loknu fyrsta haustmisseri kandidateitnámsins eru haldin samkeppnispróf og öðlast þá sjö efstu nemendurnir rétt til áframhaldandi náms.

Við námsbraut tannsmíða, sem tók til starfa 2009, fá fimm efstu nemendurnir á sama hátt rétt til áframhaldandi náms.

Á haustmisseri 2011 voru skráðir 92 nemendur við Tannlæknadeild til kandidateitprófs tannlækna, þar af 59 á fyrsta ári og 22 í BS-námi tannsmíða. Í framhaldsnámi við deildina voru á haustmisseri fjórir meistaranemar og tveir doktorsnemar.

Í bóklegt 60 eininga viðbótarnám í tannsmíði til BS-gráðu fyrir útskrifaða tannsmíði með sveinspróf voru 16 skráðir á haustmisseri 2011.

Verkleg þjálfun tanntæknanema ásamt fræðilegum fyrirlestrum fer fram eins og áður í samvinnu við Fjölbrotaskólann í Ármúla.

Á árinu var stofnuð nefnd til að endurskipuleggja nám við Tannlæknadeild og er markmiðið að taka mið af innlendra og alþjóðlegri þróun á námslengd, námsefni og prófgráðum. Horft verður til evrópska háskólasvæðisins (European Higher Education Area) þar sem unnið er að samræmingu námsáfangna til BS-prófs eftir þriggja ára háskólanám og MS-prófs eftir tveggja ára nám til viðbótar.

## Alþjóðasamskipti

Deildin tók á móti skiptinema frá Stokkhólmi á vormisseri og einn tannlæknanemi fór þangað á haustmisseri 2011. Annar tannlæknanemi fór á haustmisseri vestur um haf, til Iowa, og braut þar með blað í sögu nemendaskipta í deildinni en hingað til hefur deildin eingöngu haft samskipti við Norðurlandþjóðir.

## Rannsóknir

Deildarfundur samþykkti breytingar á rekstrarformi rannsóknastofu deildarinnar og deildarráð skipaði Peter Holbrook, Björn Ragnarsson og Karl Örn Karlsson í stjórn hennar. Starfsemi rannsóknastofunnar er óbreytt, þ.e.a.s. þar verða vísinda- og þjónusturannsóknir, auk kennslu. Rannsóknastofan er fjárhagslega sjálfstæð innan deildarinnar og skilaði hallalausum rekstri á árinu 2011.

Niðurstöður íslenskra rannsókna í tannlæknisfræði birtust í vísindaritum og á alþjóðlegum ráðstefnum víða um heim og hér á landi kynntu tannlæknar rannsóknir sínar m.a. á XV. ráðstefnu um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum í janúar, á 22. vetrarfundi Tannlækningastofnunar, á ráðstefnum íslenskra tannlækna og í Tannlæknablaðinu.

Rannsóknarafköst kennara hafa áhrif á fjárveitingu til deildarinnar og hækkaði sú upphæð um 20% frá fyrra ári. Tannlæknadeild stendur þó ekki enn jafnfætis öðrum deildum Heilbrigðisvísindasviðs að þessu leyti.

Þátttaka nemenda í rannsóknum fer einnig hratt vaxandi. Þannig voru 17% útskriftarnema skráðir í rannsóknanámskeið sem valgrein á árunum 1990–1998, 65% 2003–2009 og nánast allir 2010 og 2011.

## Gæðamál

Nýjar reglur voru settar hvernig skyldi standa að því að velja nemendur til náms í tannlækningum og tannsmíði. Fram til þessa hefur deildin stuðst að mestu við námskeiðslýsingu í kennsluskra og almennar reglur háskólans en eftir desemberpróf 2009 og 2010 varð ljóst að skerpa þyrfti á ýmsum ákvæðum. Í nýju reglunum, sem samþykktar voru í háskólaráði, hafa lágmarkseinkunnir verið samræmdar og einnig stendur nú skýrum stöfum að sjúkrapróf séu ekki haldin í samkeppnisprófum.

Samþykktar voru nýjar reglur um 85% mætingarskyldu nemenda í öll námskeið. Einnig voru þróaðir verkferlar og samningsform til að skipuleggja seinkun á útskrift eftir námsleyfi og barnsburðarleyfi.

Staðfestur var formlegur listi yfir allar nefndir og nefndarmenn á vegum Tannlæknadeildar og tilnefningar hennar í nefndir og ráð á vegum Heilbrigðisvísindasviðs, Háskóla Íslands, opinberra aðila og annarra. Alls eru á listanum 37 tilnefningar í nefndir og önnur trúnaðarstörf og er hann því góð heimild um stjórnunarstörf kennara.

## Markaðs- og kynningarmál

Tannlæknadeild tók þátt í sameiginlegum kynningum á starfsemi Heilbrigðisvísindasviðs og námsframboði, meðal annars á háskóladeginum. Ekki virðist þó mikil þörf á að vekja sérstaka athygli á deildinni þar sem fjöldi nýnema er jafnan langt umfram þann hóp sem hægt er að veita kennslu í klínískum greinum í húsakynnum deildarinnar.

### Átaksverkefni 2011 og samningur við Sjúkratryggingar Íslands

Sérstakt átaksverkefni til hjálpar börnum tekjulágra foreldra var unnið á Tannlæknadeild sumarið 2011 samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands. Þá unnu 17 tannlæknar 122 dagsverk á deildinni og fengu til meðferðar alls 581 sjúkling. Árangur af verkefninu var góður en þó var ekki hægt að aðstoða nema hluta þeirra sem á þurftu að halda og höfðu fengið samþykki fyrir tannlæknaþjónustunni.

Samningur við Sjúkratryggingar Íslands um þjónustu við tryggða sjúklinga var í gildi allt árið 2011. Með honum er staðfest að Tannlæknadeild er ekki einungis menntastofnun heldur einnig hluti af heilbrigðiskerfi landsins og að Sjúkratryggingar greiði þar með fyrir þá tannlæknaþjónustu sem þar er veitt. Tannlæknaþjónusta sem veitt er almenningi er einn helsti þátturinn í tannlæknanáminu en vegna samningsins skilar hún jafnframt í vaxandi mæli sértekjum til deildarinnar.

## Brautskráðir stúdentar frá Tannlæknadeild 2011

	Karlar	Konur	Alls
<b>BS-próf Alls:</b>	<b>1</b>	<b>3</b>	<b>4</b>
Tannsmíði	1	3	4
<b>Kandídatpróf Alls:</b>	<b>1</b>	<b>5</b>	<b>6</b>
Tannlæknisfræði	1	5	6
<b>Samtals:</b>	<b>2</b>	<b>8</b>	<b>10</b>



## Lífeðlisfræðistofnun

Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands var komið á fót árið 1995 og tók þá við hlutverki Rannsóknastofu í lífeðlisfræði sem starfrækt hafði verið í þrjú áratugi.

Stofnunin er til húsa í Læknagarði en aðstaða til rannsókna í endurhæfingu og lífeðlisfræði öndunar er á Reykjalundi. Meginhlutverk stofnunarinnar er tvíþætt: annars vegar rannsóknir í lífeðlisfræði og hins vegar að veita aðstöðu til verklegrar kennslu í lífeðlisfræði, bæði í grunnnámi og rannsóknatengdu framhaldsnámi.

Stofnunin veitir öllum fastráðnum kennurum og sérfræðingum Háskóla Íslands í lífeðlisfræði rannsóknaaðstöðu, í hvaða deild sem þeir eru, svo sem Læknadeild og Hjúkrunarfræðideild. Einnig getur stjórn stofnunarinnar veitt vísindamönnum á öðrum fræðasviðum aðstöðu eftir því sem aðstæður leyfa og efni standa til. Á stofnuninni er unnið að undirstöðurannsóknum á margvíslegum sviðum lífeðlisfræðinnar. Með þessum rannsóknum er aflað nýrrar þekkingar sem kemur að notum við lausn á ýmsum viðfangsefnum, bæði fræðilegum og hagnýtum.

Starfsmenn stofnunarinnar annast alla kennslu í lífeðlisfræði við Háskóla Íslands og leggur stofnunin til aðstöðu og tækjabúnað til verklegrar kennslu. Að auki hefur stofnunin tekið að sér að annast kennslu í lífeðlisfræðinámskeiðum í þeim námsleiðum við skólann sem ekki hafa fastráðinn kennara í greininni. Þannig hefur tekist að halda nær allri starfsemi á sviði lífeðlisfræði innan háskólans á einum stað. Auk þess annast stofnunin kennslu í tveimur námskeiðum í lífeðlisfræði í heilbrigðisverkfræði Háskólann í Reykjavík samkvæmt samningi við skólann.

## Lífefna- og sameindalíffræðistofa

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofan er starfsvettvangur kennara Læknadeildar í fræðigreinunum lífefnafræði, sameindalíffræði og erfðafræði. Á fræðasviðinu eru stundaðar grunnrannsóknir og rannsóknir á hagnýtri notkun þessara fræðigreina í læknisfræði og öðrum heilbrigðisvísindum. Auk þess að reka Lífefna- og sameindalíffræðistofu tengist fræðasviðið erfða- og sameindalæknisfræðideild og klínískri lífefnafræðideild við Landspítalann með samstarfssamningi Háskóla Íslands við sjúkrahúsið. Ýmsir aðilar á skyldum sviðum nota aðstöðu á stofunni. Forstöðumaður er Jón Jóhannes Jónsson prófessor sem fékk framgang á árinu. Aðrir háskólakennarar eru Eiríkur Steingrímsson prófessor, Ingibjörg Harðardóttir prófessor, Reynir Arngrímsson dósent og Stefán Þ. Sigurðsson dósent. Óttar Rolfsson var ráðinn sem lektor með aðalstarfsaðstöðu við Rannsóknarsetur í kerfislíffræði. Guðrún Valdimarsdóttir er í stöðu rannsóknasérfræðings við læknadeild og vinnur að stofnfrumrannsóknum. Umsjón með daglegum rekstri rannsóknastofunnar hefur Jónína Jóhannsdóttir yfirlífefnafræðingur. Á rannsóknastofunni starfa á annan tug nema í rannsóknatengdu námi. Auk framangreindra unnu nokkrir einstaklingar að ýmsum verkefnum.

Eftirfarandi rannsóknanemar luku námi á árinu: Martin Ingi Sigurðsson lauk doktorsvekefninu „Bioinformatic and biological analysis of DNA methylation in the human genome“ undir leiðsögn Jóns Jóhannesar. Hildur Hrönn Arnardóttir lauk doktorsverkefninu: „The effects of dietary fish oil on cell populations, cytokines, chemokines and chemokine receptors in healthy mice and mice with endotoxin-induced peritonitis“, Arna Stefánsdóttir lauk meistaraverkefninu: „The effects of the omega-3 fatty acid eicosapentaenoic acid on dendritic cells and their ability to stimulate CD4+ T cells in vitro“ og Guðný Ella Thorlacius lauk meistaraverkefninu: „The effects of natural compounds

on immune cell“ allar undir leiðsögn Ingibjargar og Jónu Freysdóttur, prófessors í ónæmisfræði. Lena Valdimarsdóttir lauk meistaraverkefni sínu: „Effects of Transforming Growth Factor-beta (TGF $\beta$ ) superfamily on pluripotency and differentiation of human embryonic stem cells“ og Arna Rún Ómarsdóttir lauk meistaraverkefninu: „Regulation by microRNAs during cardiovascular differentiation of human embryonic stem cells“ báðar undir leiðsögn Guðrúnar Valdimarsdóttur.

## Rannsóknir

Helstu rannsóknasvið eru efnaskipti og eiginleikar kjarnsýra, líffræði erfðamengis mannsins, genalækningar, genatjáning, stofnfrumur og þroskunarlíffræði, næringarfræðitengd ónæmisfræði, erfðarannsóknir á bananaflugu, rannsóknir á stofnfrumulínum úr músa- og mannafrumum og kerfislíffræði efnaskipta. Helstu einstök verkefni voru:

- a) Hlutverk og starfsemi Mitf-umritunarþáttarins í þroskun og starfsemi litfruma (e. melanocytes), þ.e. markgen, boðleiðir, innangensuppbót og bælistökkbreytingar.
- b) Áhrif fitusýra og náttúruafna á ónæmiskerfið.
- c) Umritun DNA með RNA-pólýmerasa II.
- d) Tengsl umritunar við DNA-viðgerð.
- e) Greining erfðabreytileika og DNA-skemmda í erfðaefnissýnum. Þetta verkefni er unnið í samstarfi við Lífend ehf. sem er með starfsaðstöðu á stofunni.
- f) Hlutverk TGF-vaxtarþáttarins í stofnfrumum (ES-frumum) úr fósturvísnum músa og mannsins.
- g) Utangenaerfðir hjá manningum.

Á rannsóknastofunni er sérhæfður tækjabúnaður fyrir sameindalíffræðivinnu sem jafnframt er notaður við klínískar sameindaerfðarannsóknir í samstarfi við erfða- og sameindalæknisfræðideild Landspítala – Háskólasjúkrahúss.

## Kynningarstarfsemi

Eiríkur Steingrímsson hélt boðsfyrirlestrana „MITF: Structure and a novel target gene“ á ráðstefnunni The 3rd Melanoma Workshop í Milanó, Ítalíu, og fyrirlesturinn „An induced suppressor mutation at the microphthalmia locus in the mouse reveals novel insights into bHLHZip transcription factor function“ á 21. International Pigment Cell Conference í Bordeaux, Frakklandi. Eiríkur hélt einnig almennan fræðslufyrirlestur á árinu, „Hair graying, melanoma and the MITF transcription factor“ á fundi hjá European Molecular Biology Conference. Ýmsir starfsmenn og nemendur héldu erindi á ráðstefnum eða kynntu veggspjöld.

## Annað

Rannsóknir á stofunni voru styrktar af ýmsum aðilum, þ.m.t. með styrkjum frá Rannís, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Aðstoðarmannasjóði, Rannsóknánámsjóði, doktorsnemasjóði, Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands, Vísindasjóði Landspítala – Háskólasjúkrahúss, Nýsköpunarsjóði námsmanna og National Institute of Health í Bandaríkjunum. Samtals nam ytra fé úr samkeppnisstyrkjum til rannsókna á Lífefna- og sameindalíffræðistofu tugum milljóna króna.

Guðrún Valdimarsdóttir er verkefnastjóri GPMLS (Graduate Program in Molecular Life Sciences). Eiríkur Steingrímsson var fulltrúi menntamálaráðuneytisins hjá European Molecular Biology Conference (EMBC) og European Molecular Biology Laboratory (EMBL) Council. Hann sat einnig í fagráði NordForsk í náttúru-, tækni- og heilbrigðisvísindum.



# Lífvísindasetur

## Almennt yfirlit og stjórn

Lífvísindasetur Háskóla Íslands er formlegt samstarf þeirra rannsóknæfninga við háskólann og tengdar stofnanir þar sem stundaðar eru rannsóknir á sviði lífvísinda. Frá 2008 var heitið Lífvísindasetur notað yfir óformlegt samstarf rannsóknastofa sem starfa í Læknagarði. Þetta samstarf skilaði sér í aukinni samvinnu rannsóknahópa, samrekstri tækja og sameiginlegri fyrirlestraröð. Á árinu var því ákveðið að formgera þetta samstarf og um leið stækka það þannig að það næði til sem flestra lífvísindamanna sem starfa við Háskóla Íslands og tengdar stofnanir. Lífvísindasetur Háskóla Íslands var formlega stofnað 30. nóvember 2011 með opunarathöfn í Öskju að viðstöddum rektor, forseta Heilbrigðisvísindasviðs, deildarforseta Læknadeildar og öðrum góðum gestum.

Hlutverk Lífvísindaseturs er m.a. að skapa sameiginlegan vettvang þeirra sem stunda rannsóknir á sviði lífvísinda við Háskóla Íslands og tengdar stofnanir, að efla rannsóknir og kennslu í lífvísindum, að auka sýnileika rannsókna á þessu sviði við Háskóla Íslands og tengdar stofnanir, að efla samstarf á sviði lífvísinda, læknisfræði og annarra heilbrigðisvísindagreina, að efla tengsl við atvinnu- og þjóðlíf og að gangast fyrir ráðstefnum, námskeiðum og fyrirlestrum í lífvísindum.

Stjórn Lífvísindaseturs er skipuð þeim Eiríki Steingrímssyni (sem er formaður), Þórarni Guðjónssyni, Sigríði Klöru Böðvarsdóttur, Jónu Freysdóttur og Ara Jóni Arasyni (fulltrúa doktorsnema).

## Rannsóknir

Rannsóknahópar þeir sem heyra undir Lífvísindasetur stunda rannsóknir á ýmsum sviðum lífvísinda, svo sem sameindalíffræði krabbameins, starfsemi og sérhæfingu stofnfruma, taugalíffræði, stjórnun genatjáningar, ónæmisfræði, erfðalækninga og næringar- og matvælafræði, auk lífeðlisfræði. Í lok ársins tilheyrði 41 verkefnisstjóri Lífvísindasetri og voru þeir með rannsóknaaðstöðu í Læknagarði, á Landspítala, á Keldum og við Háskólann í Reykjavík. Rannsóknahóparnir birtu fjölda greina á árinu og nokkrir meistara- og doktorsnemar luku prófi á árinu.

## Kynningarstarfsemi

Vísindamenn Lífvísindaseturs kynntu rannsóknir sínar á innlendum og erlendum ráðstefnum. Vikulegir fyrirlestrar voru auglýstir í nafni Lífvísindaseturs, Keldna og ónæmisfræðideildar Landspítalans. Auk þess stóð Lífvísindasetur fyrir fyrirlestrum erlendra gesta sem heimsóttu Háskóla Íslands. Þau Margrét Helga Ögmundsdóttir og Jón Þór Bergþórsson skipulögðu fyrirlestrana í Læknagarði en Jóna Freysdóttir skipulagði fyrirlestra ónæmisfræðideildar.

## Miðstöð í lýðheilsuvísindum

### Almennt yfirlit og stjórn

Kennsla í lýðheilsuvísindum hófst við Háskóla Íslands í september árið 2007. Að náminu standa allar deildir Heilbrigðis- og Félagsvísindasviðs ásamt Miðstöð í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands sem jafnframt hefur umsjón með náminu. Breidd Háskóla Íslands, þverfræðileg nálgun og alþjóðleg tengsl gera nemendum kleift að velja úr miklum fjölda námskeiða og móta þannig námið í átt að

á hugasviði sínu. Í námsstjórn þverfræðilegs náms í lýðheilsuvísindum sitja: Haraldur Briem, sóttvarnarlæknir og dósent við Læknadeild, formaður námsstjórnar, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor og forseti Félags- og mannvísindadeildar, Guðrún Kristjánsdóttir, prófessor og forseti Hjúkrunarfræðideildar, Guðmundur Þorgeirsson, prófessor og forseti Læknadeildar, og Unnur Anna Valdimarsdóttir, dósent og forstöðumaður Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum.

## Starfsfólk

Unnur Anna Valdimarsdóttir, sem einnig er dósent við Miðstöð í lýðheilsuvísindum, gegnir starfi forstöðumanns. Auk hennar starfa tveir kennarar við miðstöðina, Thor Aspelund dósent (í hálfri stöðu) og Arna Hauksdóttir lektor, sem og einn rannsóknasérfræðingur í tölfræði, Örn Ólafsson, og einn verkefnisstjóri, Dóra R. Ólafsdóttir. Hjá Miðstöð í lýðheilsuvísindum hafa 11 doktorsnemar og einn rannsóknasérfræðingur aðstöðu og koma flestir að stunda- og dæmatímakennslu. Að auki hafa nokkrir erlendingar doktorsnemar og nýdóttorar tímabundið aðstöðu við miðstöðina.

## Nám og kennsla

Sem áður er megináhersla í meistaranámi í lýðheilsuvísindum (MPH) lögð á rannsóknaraðferðir (faralds- og líftölfræði), undirbúning rannsókna, heilsueflingu og forvarnir. Verið er að þróa þrjár námsleiðir innan námsins þar sem lögð verður áhersla á sérþekkingu á meginlegum aðferðum lýðheilsuvísinda og framkvæmd rannsókna, heilbrigðisstjórnun og forvarnir og heilsueflingu. Kennarar og gestafyrirlesarar í skyldunámskeiðum eru flestir úr öðrum deildum eða námsbrautum við Háskóla Íslands og samstarfsstofnunum hans innanlands og utan. Við árslok stunduðu 47 nemendur meistaranám og 21 nemandi diplómanám. Árið 2011 brautskráðust 11 nemendur með meistaraþáttu (MPH) og 8 nemendur með diplómaþáttu. Doktorsnám í lýðheilsuvísindum er í stöðugri sókn, í desember árið 2011 voru 16 nemendur skráðir í námið og tvær doktorsritgerðir voru varðar á árinu.

Á skólaárinu var einnig hafinn undirbúningur að samkennslu í faraldsfræði og líftölfræði með Læknadeild; fyrirhugað er að þessi grunnnámskeið verði haldin samtímis fyrir meistaranemendur í lýðheilsuvísindum og nemendur á þriðja ári í læknisfræði.

## Alþjóðasamskipti

Miðstöð í lýðheilsuvísindum og Harvard School of Public Health endurnýjuðu samstarfssamning sinn um samvinnu í rannsóknum, kennslu og þjálfun og leiðbeiningu ungra vísindamanna árið 2010 og hefur það samstarf gengið sérlega vel á liðnu skólaári, t.a.m. með einni doktorsvörn. Þá var lagt af stað með umfangsmikla áætlun um framsýna rannsókn, Heilsusögubankann (SAGA cohort) í samstarfi við Krabbameinsfélag Íslands og ýmsar erlendar vísindastofnanir. Áætlað er að rannsóknin taki til um 100.000 Íslendinga á 10 árum og með henni verði mikilvægum spurningum um áhrif og samspil sálrænnar streitu og erfða á heilsufar svarað. Námsbrautin bauð upp á eitt vikulangt námskeið í samstarfi við Nordic School of Public Health, Scientific Communication, og kennari í því var Alexandra Krettek. Um tugur meistara- og doktorsnema sótti námskeið við Nordic School of Public Health, Karolinska Institutet og Harvard School of Public Health.

## Rannsóknir

Starfsfólk og nemendur Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum fengu 27 greinar birtar eða samþykktar árið 2011 í erlendum ritrýndum tímaritum. Helstu rannsóknasvið Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum eru:

1. Áföll og streita: afleiðingar á heilsufar og forvarnarviðbrögð
2. Áhrifaþættir langvinnra sjúkdóma

3. Umhverfi og heilsa: loftgæði og notkun öndunarfæralyfja
4. Heilsuefling barna og unglunga
5. Sóttvarnir og viðbrögð við ýmsum heilsufarsögnum
6. Jafnrétti til heilsu: öryggi, aðgengi og nýjungar í heilbrigðisþjónustu

Rannsóknaverkefni meistara- og doktorsnema snúa flest að einhverju ofangreindra sviða. Rannsóknir Miðstöðvar í Lýðheilsuvísindum eru flestar unnar í samvinnu við Hjartavernd, Krabbameinsskrá, Lýðheilsustöð, Landlæknisembættið og Landspítalann. Nemendur og kennarar í Lýðheilsuvísindum hlutu á árinu styrki í rannsóknir sínar m.a. frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Aðstoðarmannasjóði Háskóla Íslands, Vísindasjóði Landspítalans, Rannsóknasjóði vísinda- og tækniráðs, Rannsóknarnámssjóði og Nýsköpunarsjóði námsmanna, auk fjölmargra smærri styrkja frá ýmsum félagasamtökum.

## Markaðs- og kynningarmál

Námið var kynnt á sameiginlegri framhaldsnámskynningu háskólans og einnig voru haldnir tveir kynningarfundir. Opnar málstofur á vegum Miðstöðvar í Lýðheilsuvísindum voru haldnar mánaðarlega og þar kynntu doktorsnemar rannsóknáætlanir og/eða fyrstu niðurstöður sínar. Nokkrir af meistara- og doktorsnemendum kynntu enn fremur fyrstu niðurstöður sínar á ráðstefnum og málþingum innanlands og erlendis. Árið 2011 var afmælisár Háskóla Íslands og af því tilefni héldu Miðstöð í Lýðheilsuvísindum og Þjóðminjasafn Íslands fyrirlestraröð í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins um ýmis mál tengd lýðheilsu fyrr og nú.

## Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði

### Stjórn og starfsfólk

Forstöðumaður Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði er Magnús Karl Magnússon prófessor og skrifstofustjóri er Sigríður Ísafold Håkansson. Fast starfslið, að meðtöldum kennurum með starfsaðstöðu á rannsóknastofunni og doktorsnemum, er 20 starfsmenn (sjá nánar á vefsíðu: [www.hi.is/rle](http://www.hi.is/rle)). Þrír nemar voru í rannsóknatengdu námi á rannsóknastofunni á árinu, þau Brynhildur Thors, Bjarni Sigurðsson og Gunnar Skúli Ármannsson í doktorsnámi og einn læknanemi í þriðja árs verkefni. Auk þess stunduðu fjórir doktorsnemar og tveir meistaranemar nám við Rannsóknastofu í stofnfrumufræðum sem rekin er í Læknagarði í samstarfi Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði og líffærafræðideildar Læknadeildar.

### Kennsla

Starfsfólk rannsóknastofunnar sá um eða tók þátt í kennslu læknanema, tannlæknanema, hjúkrunarfræðinema, geislafræðinema, nema í sjúkráþjálfun, líffræðinema og lyfjafræðinema við háskólann. Einnig kenndi starfsfólk rannsóknastofunnar á ýmsum námskeiðum öðrum.

### Grunnrannsóknir

Unnið var að mörgum rannsóknaverkefnum, sumum í samstarfi við innlenda og erlenda vísindamenn, og eru þær helstu eftirtaldar:

- Kopar-, cerúlóplasmín- og súperoxíðdismútasi í sjúklingum með hrörnunarsjúkdóma í miðtaugakerfi (með öldrunarlæknum og taugasjúkdómalæknum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi).

- Rannsóknir á boðkerfum í ræktuðum æðapelsfrumum, sérstaklega þeim sem virkja eNOS- og NO-myndun og hlutverk AMP-kínasa í boðkerfunum (hluti af doktorsverkefni Brynhildar Thors).
- Rannsókn á lyfjahvörfum paracetamóls ásamt styrk glútatíons, cýsteins, hómócýsteins og cýstein-glýsíns í blóði (með læknum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi; hluti af doktorsverkefni Gunnars Skúla Ármannssonar).
- Rannsókn á þunglyndum karlmönnum og tengslum við kortisól og testósterón í munnvatni (með læknum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi; hluti af doktorsverkefni Bjarna Sigurðssonar).
- Rannsóknir á blóðfitulækkandi verkun ACTH (með lækni á Landspítala – háskólasjúkrahúsi).
- Þrávirk lífræn efni í blóði íslenskra mæðra. Samstarfsverkefni átta þjóða sem liggja að norðurheimskautssvæðinu; AMAP.
- Tengsl þrávirkra lífrænna efna og viðkomu íslenska arnarstofnsins. Í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrufræðistofu Vesturlands.
- Þrávirk lífræn efni í lofti og úrkomu við Stórhöfða, með Veðurstofu Íslands.
- Samnorræn rannsókn: Alkohol og andre rusmidler blant nordiske drepte motorvognførere 2001–2002.
- Eitranir á Íslandi. Faraldsfræðilegar rannsóknir á eitrunum og dauðsföllum af völdum eitrana.
- Rannsókn á notkun ópíata og prótónupumpuhemla og tengsl þeirra við beinbrot.
- Rannsóknir á stofnfrumum í þekjuvef með áherslu á brjóst- og lungnaþekju, unnið á Rannsóknastofu í stofnfrumufræðum í samvinnu við líffærafræðideild Læknadeildar.

## Þjónusturannsóknir

Stundaðar voru umfangsmiklar þjónusturannsóknir í fjórum deildum: réttarefnafræðideild (deildarstjóri: Jakob Kristinsson), lyfjarannsóknadeild (deildarstjóri: Elísabet Sólbergadóttir), alkóhóldeild (deildarstjóri: Kristín Magnúsdóttir) og eiturefnafræðideild (deildarstjóri: Kristín Ólafsdóttir). Rannsóknir þessar voru unnar fyrir dómsmála- og lögregluþjónustur, lækna, sjúkrastofnanir, lyfjaframleiðendur, heilbrigðiseftirlit, rafveitur, Matis, Nýsköpunarstofnun, vatnsframleiðendur, Össur hf. o.fl. Unnið var að gæðahandbók fyrir rannsóknastofuna. Elín Magnúsdóttir lyfjafræðingur, sem er starfsmaður rannsóknastofunnar, hélt áfram að þróa gagnagrunn fyrir skráningu á móttöku sýna og niðurstöðum rannsókna.

## Húsnæði

Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði er til húsa í Haga, Hofsvallagötu 53. Á þriðju hæð í nýrri hluta hússins eru 16 skrifstofur og fundaherbergi og á fyrstu hæð eru rannsóknastofur. Lyfjafræðideild Háskóla Íslands er einnig til húsa í Haga. Veffang Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði er: [www.hi.is/rle](http://www.hi.is/rle).

## Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahús vinnur samkvæmt reglum nr. 542 frá 15. júní 2010 um Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala. Aðalviðfangsefni stofnunarinnar er að styðja við og efla rannsóknir kennara Hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands og hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á Landspítala. Heimasíða stofnunarinnar er [www.rsh.hi.is](http://www.rsh.hi.is)





## Stjórn og starfslið

Í stjórn Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði sátu á árinu: Sóley S. Bender, prófessor við Hjúkrunarfræðideild, formaður, Rúnar Vilhjálmsson, prófessor við Hjúkrunarfræðideild, tilnefndur af deildinni, Auðna Ágústsdóttir, tilnefnd af framkvæmdastjóra hjúkrunar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi frá 1. janúar 2011 til 5. september 2011, Eydís Sveinbjarnardóttir tók sæti hennar 5. september, og Sigríður Gunnarsdóttir, lektor við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, varamaður, tilnefnd af Hjúkrunarfræðideild.

Alls voru haldnir átta stjórnarfundir á starfsárinu.

Starfsmenn Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði voru eftirtaldar: Sólfríður Guðmundsdóttir var verkefnastjóri klínískra rannsókna í 50% stöðugildi til 31. mars og verkefnastjóri daglegs reksturs í 50% stöðugildi til maí. Margrét Björnsdóttir tók við af henni í 50% stöðu verkefnastjóra daglegs reksturs 1. maí. Ekki var unnt að ráða aftur í 50% stöðu verkefnastjóra klínískra rannsókna þar sem Landspítali ákvað að fella niður styrk til stofnunarinnar frá 1. apríl. Jóhanna Eyrún Torfadóttir tók tímabundið við 20% stöðugildi rannsóknasérfræðings í aðferða- og tölfræði frá 1. febrúar til 1. júlí. Guðný Bergþóra Tryggvadóttir, rannsóknasérfræðingur í aðferða- og tölfræði, kom aftur til starfa í tímavinnu 1. október.

## Húsnæði

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði hefur aðstöðu í Eirbergi, Eiríksgötu 34. Á annarri hæð í A-álmú hefur stofnunin til afnota tvær skrifstofur fyrir starfsmenn, tölvuver og lesaðstöðu fyrir meistaranema. Á þriðju hæð í A-álmú er vinnuaðstaða fyrir doktorsnemendur. Á fyrstu hæð í C-álmú er Rannsóknasetur Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði (Mörgustofa).

## Rannsóknir

Markmið Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði er að styðja við rannsóknir kennara, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra við Landspítala. Einnig leitast stofnunin við að koma rannsóknum á framfæri í formi málstofa og fyrirlestra og með því að birta þær á heimasíðu sinni.

Samkvæmt stefnu Hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands 2006-2011 er eitt af aðalmarkmiðum deildarinnar að efla hágæðarannsóknir sem standast alþjóðleg viðmið. Til þess að ná því markmiði vill Hjúkrunarfræðideild auka rannsóknavirkni, gæði rannsókna og fjölga greinum í virtum ritryndum tímaritum. Helsti mælikvarði á rannsóknavirkni kemur fram í rannsóknastigum starfsmanna deildarinnar. Þau eru metin út frá þáttum eins og fjölda ritryndra tímaritsgreina, bóka, bókarkafla og erinda sem kennarar flytja ár hvert. Ekki liggja fyrir tölur um rannsóknastig fyrir árið 2011. Meðaltal rannsóknastiga heilbrigðisvísindadeilda á hvert starfsgildi árið 2010 sýnir að Matvæla- og næringarfræðideild er með flest stig, eða 52,7, og Tannlæknadeild er með fæst stig, eða 21. Hjúkrunarfræðideild er með 23,1 stig. Alls hlutu kennarar við deildina styrki til tólf rannsóknaverkefna.

## Útgáfa

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði gefur út rafrænt fréttabréf, Rannsóknafréttir, fjórum sinnum á ári. Þar er sagt frá markverðum rannsóknum og helstu viðburðum á vegum stofnunarinnar. Einnig gefur hún út rafrænt fréttabréf á ensku, Newsletter. Nursing & Midwifery Research.

Viðburðir á vegum Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði og kynningar á rannsóknaniðurstöðum

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði leggur áherslu á að fylgjast með rannsóknum í hjúkrunarfræði og koma þeim á framfæri. Það er m.a. gert með því að halda málstofur, fyrirlestra og málþing þar sem greint er frá rannsóknum og rannsóknaniðurstöðum. Á árinu stóð Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði að níu málstofum, tveimur opnum fyrirlestrum, þremur hádegissamræðum, einu málþingi og þremur kynningardögum á lokaverkefnum meistaranema.

## Rannsóknasjóðir

### Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur

Markmið Rannsóknasjóðs Ingibjargar R. Magnúsdóttur er að efla rannsóknir í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði. Styrkir eru veittir til rannsóknaverkefna hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra í doktorsnámi, sem falla að markmiði sjóðsins og á þessu ári úthlutaði sjóðurinn styrk að upphæð samtals einni milljón króna. Styrkþegarnir voru Brynja Ingadóttir, doktorsnemi, Sigfríður Inga Karlsdóttir doktorsnemi og Sigrún Sigurðardóttir, doktorsnemi.

### Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar

Hinn 22. desember 2008 var Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda stofnaður. Stofnfé var 25 milljónir króna. Tilgangur sjóðsins og markmið er að styrkja ljósmæður og hjúkrunarfræðinga til framhaldsnáms. Sjóðurinn er í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

## Rannsóknastofa í næringarfræði

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í næringarfræði tók til starfa 1997 og hefur starfað frá árinu 2005 samkvæmt samningi milli Landspítala – háskólasjúkrahúss og Háskóla Íslands. Aðstaða er á Landspítala þar sem rannsóknastofan deilir aðstöðu með Næringarstofu spítalans á Eiríksgötu 29.

Í árslok voru starfsmenn rannsóknastofnunar 22. Sex þeirra voru fastir starfsmenn: þrír prófessorar, lektor, fræðimaður og verkefnastjóri. Aðrir voru doktors- og meistaranemar og verkefnaráðnir starfsmenn.

Í stjórn Rannsóknastofu í næringarfræði sátu á árinu Ágústa Guðmundsdóttir prófessor, formaður stjórnar, Pálmi V. Jónsson dósent, Lilja Stefánsdóttir hjúkrunarframkvæmdastjóri og Oddný Gunnarsdóttir, ritari stjórnar. Inga Þórsdóttir prófessor er forstöðumaður stofunnar.

Sex nemendur, sem unnu lokaverkefni sín á Rannsóknastofu í næringarfræði, útskrifuðust með meistaraþróf á árinu og einn nemandi lauk doktorsþrófi. Í heildina unnu 17 meistara- og doktorsnemar að verkefnum á Rannsóknastofu í næringarfræði á árinu, ásamt nokkrum starfsmönnum í öðrum verkefnum. Að auki voru fjórir sumarstarfsmenn í námsverkefnum og 15 unnu tímabundið við rannsóknina Landskönnun á mataræði Íslendinga.

### Rannsóknir

Hér á eftir fer lýsing á helstu verkefnum Rannsóknastofu í næringarfræði á árinu. Áhersla er lögð á næringu og heilsu viðkæmra hópa eins og barnshafandi kvenna, ungra barna, veikra og of þungra einstaklinga og gamals fólks.

Fyrst er lýst fjórum íhlutandi rannsóknum sem hófust 2007 eða síðar og eru allar nokkurra ára rannsóknaverkefni. Unnið var að gagnasöfnun, skipulagningu, úrvinnslu og skrifum vísindagreina um niðurstöður þessara íhlutandi rannsóknaverkefna:

- Rannsókn á áhrifaþáttum fæðuvals og næringar meðal barna og foreldra, sem styrkt er af Evrópusambandinu (ProGreens: Promotion of Fruit and Vegetable Consumption of School Children (2008–2011). Supported by DG-SANCO). Rannsóknastofa í næringarfræði sér um gagnabankann fyrir öll löndin sem taka þátt í verkefninu. Þetta er viðamikil íhlutandi rannsókn meðal 11 ára skólabarna sem Ása Guðrún Kristjánsdóttir nýdóktor vinnur að.
- Rannsókn á áhrifum af lengd brjóstgjafar, styrkt af bandarískum rannsóknasjóðum og unnin í samstarfi við Geir Gunnlaugsson landlækni, vísindamenn við Harvard-háskóla og Rannsóknastöð um heilsu barna í London (IceAge: Exclusive Breastfeeding for 4 or 6 Months. A Randomized Controlled Trial).
- Rannsókn á næringu, hreyfingu aldraðra og vöðvauppbyggingu, sem styrkt hefur verið af Tækniþróunarsjóði (IceProQuality: Randomized Intervention Trial Conducted in Iceland Which Investigates the Effects of Protein Quality and Quantity in Combination with Resistance Exercise on Muscle Mass and Strength in Elderly People). Rannsóknin er meðal annars unnin í samstarfi við vísindamenn við Læknadeild, bæði sérfræðing í öldrunarlækningum og við námsbraut í sjúkraþjálfun.
- Rannsókn á kerfislíffræðilegum þáttum tengdum næringu og efnaskiptavillu (SYSDIET – System Biology in Controlled Dietary Interventions and Cohort Studies – Understanding the Health Effects of Nordic Foods with Regard to Prevention of Metabolic Syndrome, Obesity, Insulin Resistance, Diabetic T2 and Cardiovascular Diseases), sem er norrænt öndvegisverkefni á sviði næringarfræði, styrkt af NordForsk.

NordForsk styrkir einnig öndvegisverkefnið HELGA (Nordic Health — Whole Grain Food) sem fluttist til Rannsóknastofu í næringarfræði með Laufeyju Steingrimsdóttur. Þar er áhersla lögð á heilsufarsleg áhrif heilkornaafurða.

Önnur rannsóknaverkefni sem ýmist hófust árinu eða var fram haldið frá fyrri árum voru helst:

- Framsæ rannsókn á næringu ungbarna og skólabarna þar sem upplýsingum um 6 ára börn var nú safnað. Unnið var að gagnasöfnun.
- Næringarástand sjúklinga og undirbúningur skipulegrar skimunar fyrir vannæringu. Unnið í samstarfi við deildir Landspítala – háskólasjúkrahúss.
- Aðferða- og faraldsfræðilegar rannsóknir á næringu á mismunandi æviskeiðum og heilsufari, þar með talið rannsókn á joðbúskap og selenbúskap, og samstarfsverkefni við Hjartavernd um næringarfræðileg gögn og Reykjavíkurrannsókn og AGES-rannsókn Hjartaverndar.
- Þátttaka í stórum erlendum faraldsfræðirannsóknum m.a. rannsóknum á eiturefnum í matvælum fyrir útkomu meðgöngu þar sem tvö stærstu fæðingargagnasöfn sem innihalda næringarfræðilegar upplýsingar eru notuð.
- Landskönnun á mataræði Íslendinga í samstarfi við Matvælastofnun Íslands á Selfossi (MAST) og embætti landlæknis. Gagnasöfnun og úrvinnslu var lokið og birting niðurstaðna undirbúin.
- Norrænar ráðleggingar um næringarefni. Víðtækt norrænt samstarf sem byggist á kerfisbundinni ritrýni á birtum rannsóknaniðurstöðum og endurskoðun ráðlagðra dagskammta allra aldurshópa.

Áhersla á næringu og vöxt snemma á lífsleiðinni og heilsufar og líkamspýngd bæði á barnsaldri og síðar á ævinni kemur fram í fjölda verkefna rannsóknastofunnar. Rannsóknir á lífvirkni efna í fæðu, svo sem fiski og mysu, hafa verið fyrirferðarmiklar. Það sama á við um rannsóknir á viðbættum efnum og eiturefnum í mat. Á rannsóknastofunni voru einnig stundaðar rannsóknir á næringarástandi mismunandi sjúklingahópa og undanfarið aðallega á næringarástandi aldraðra í því skyni að bæta heilsu aldraðra og auka lífsgæði þeirra.

Sex meistaraverkefnum var lokið árið 2011 og einu doktorsverkefni. Fjöl margar niðurstöður úr þessum rannsóknum hafa birst í alþjóðlegum ritrýndum fag tímaritum og fræðilegum álitserðum. Auk þess hefur starfsfólk Rannsóknastofu í næringarfræði haldið fjölda fyrirlestra og kynnt veggspjöld á innlendum og alþjóðlegum ráðstefnum og þingum á árinu.

## Verðlaun

Forstöðumaður Rannsóknastofu í næringarfræði, Inga Þórsdóttir, prófessor í næringarfræði, hlaut hvatningarstyrk Landspítalans árið 2011 ásamt tveimur öðrum vísindamönnum. Styrkurinn hljóðaði upp á þrjár milljónir króna og var til rannsóknaverkefnisins Næring ungbarna – Framsæ langtímarannsókn á landsúrtaki. Tilgangur hvatningarstyrksins er að hvetja vísindamenn og styðja rannsóknir sterkra rannsóknahópa á Landspítala.

Tíu ungum starfsmönnum Landspítala sem stunda klínískar rannsóknir á spítalanum voru afhentir styrkir úr Vísindasjóði Landspítala – háskólasjúkrahúss við athöfn í Hringsal spítalans 20. desember. Það er í fyrsta skipti sem slíkir styrkir eru veittir á Landspítala. Hver styrkur nemur einni milljón króna. Markmiðið með styrkjunum er að efla klínískar rannsóknir á spítalanum og styðja rannsóknavirkni ungra starfsmanna. Styrkþegi á Rannsóknastofu í næringarfræði var Ása Guðrún Kristjánsdóttir næringarfræðingur og nefnist rannsókn hennar Fæðuvenjur kvenna með lotugræðgi (bulimia nervosa) og ótilgreinda átröskun. Meðumsækjandi Ásu var Inga Þórsdóttir, prófessor og næringarfræðingur.

## Samstarf og styrkir

Samstarfsaðilar í rannsóknastörfum Rannsóknastofu í næringarfræði eru fjölmargir og er virkt samstarf við u.þ.b. 30 alþjóðlegar stofnanir og háskóla og einnig ýmsar stofnanir innanlands. Rannsóknastofan hlaut á árinu nokkra minni innlenda styrki en stærstur hluti rannsóknastyrkja stofunnar kom þó erlendis frá.

## Kynningarstarfsemi

Rannsóknastofa í næringarfræði veitir margs konar þjónustu út í samfélagið, bæði hérlendis og erlendis, þar sem sérfræðipækking og rannsóknaniðurstöður stofunnar eru nauðsynlegar og nýttast til að veita áður óþekktar upplýsingar. Á heimasíðu Rannsóknastofu í næringarfræði, [www.rin.hi.is](http://www.rin.hi.is), er að finna helstu upplýsingar um stofuna, allar rannsóknir, allar birtar skýrslur og greinar sem eru tengdar þessum rannsóknum og margt fleira til fróðleiks sem tengt er starfsemi stofunnar.

Í lok árs voru birtar niðurstöður rannsókna á mataræði Íslendinga 18 ára og eldri 2010–2011 og af því tilefni kom út skýrsla sem er birt í heild sinni á heimasíðu landlæknis og Rannsóknastofu í næringarfræði.

## Rannsóknastofnun um lyfjamál

Rannsóknastofnun um lyfjamál við Háskóla Íslands var stofnuð 25. apríl 2007. Stofnaðilar voru Háskóli Íslands, Lyfjastofnun, Landlæknisembættið, Landspítali – háskólasjúkrahús, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Lyfjafræðingafélag Íslands. Rannsóknastofnunin hefur aðsetur í húsakynnum lyfjafræðideildar í Haga við Hofsvallagötu.

Rannsóknastofnun um lyfjamál við Háskóla Íslands einbeitir sér að rannsóknum og úttektum á lyfjamálum. Markmið stofnunarinnar er að auka rannsóknir og fræðslu um lyfjanotkun og lyfjastefnu á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi og er ætlað að vera víðtækur vettvangur rannsókna á sviði lyfjamála, lyfjahagfræði og lyfjafaraldsfræði. Sérstök áhersla er lögð á rannsóknir er lúta að skynsamlegri ákvarðanatöku um lyfjanotkun, lyfjafaraldsfræði og lyfjahagfræði.

Starfsemi Rannsóknastofnunar um lyfjamál hefur að mestu legið niðri undanfarin ár vegna fjárskorts. Eitt doktorsverkefni tengist stofnuninni en þá rannsókn vinnur Guðrún Þengilsdóttir og fjallar hún um meðferðarheldni á statínum, þunglyndis- og sykursýkilyfjum. Einnig hafa verið birtar greinar og niðurstöður kynntar á alþjóðlegum vettvangi sem tengjast starfseminni.

## Tannlækningastofnun

### Almennt yfirlit og stjórn

Tannlækningastofnun er rannsókna-, fræðslu- og þjónustustofnun í tannlæknisfræði og skyldum greinum sem stundaðar eru við Tannlæknadeild. Stofnunin er til húsa í Læknagarði.

Stjórn Tannlækningastofnunar 2011 skipuðu Svend Richter dósent, formaður, Björn Ragnarsson lektor, Sigurjón Arnlaugsson lektor, Karl Örn Karlsson lektor, Sigfús Þór Elíasson prófessor og Alís G. Heiðar, fulltrúi nemenda.

Tannlækningastofnun tók til starfa 1997 og var reglugerð um hana samþykkt í háskólaráði á því sama ári. Reglur um Tannlækningastofnun Háskóla Íslands eru nr. 544/2010.

### Helstu þættir starfseminnar eru nú þessir:

- Rannsóknir sem starfsmenn Tannlæknadeildar stunda.
- Árlegur fundur um rannsóknir í tannlækningum þar sem kynntar eru rannsóknir og rannsóknáætlanir starfsmanna stofnunarinnar og annarra á sviði tannlæknisfræði.
- Endurmenntunarnámskeið og árleg röð fyrirlestra fyrir tannlækna.
- Álitsgerðir sem unnar eru af sérfræðingum stofnunarinnar fyrir opinbera aðila, einkum landlækni og úrskurðarnefnd almennatrygginga.
- Sérverkefni á sviði heilbrigðisþjónustu, einkum í samvinnu við Landspítala – háskólasjúkrahús.
- Tekjum Tannlækningastofnunar er varið til að efla rannsóknir og kennslu við Tannlæknadeild.

### Kynningarstarfsemi

#### Ráðstefnur og fundir

Tannlækningastofnun stóð fyrir vetrarfundi stofnunarinnar, Rannsóknir í tannlækningum, í Læknagarði 10. desember. Á fundinum voru haldin fimm afar fróðleg erlend erindi og tíu innlend, sem og kynningar á rannsóknaverkefnum tannlækna- og tannsmíðanema. Á fundinum voru enn fremur sýnd þrjú veggspjöld þar sem rannsóknir og aðferðir í tannlækningum voru kynntar. Ágrip erinda og veggspjalda verða birt í Tannlæknablaðinu 1. tbl. 30. árg. 2012.

Tannlækningastofnun stóð fyrir fyrirlestraröð á vormisseri 2011 í samvinnu við Tannlæknadeild. Fyrirlestraröðin var ætluð tannlæknanemum og útskrifuðum tannlæknum. Þar ræddu ýmsir heilbrigðisstarfsmenn og fleiri sérfræðingar málefni sem tengjast óbeint tannlækningum og ætlað



er að víkka sjónarhorn starfandi tannlækna og tannlæknanema. Fyrirlestrarnir voru haldnir í Læknagarði.

## Hugvísindasvið

### Skipulag og stjórn

Á Hugvísindasviði eru fjórar deildir: Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, Íslensku- og menningardeild og Sagnfræði- og heimspekideild.

Forseti sviðsins var Ástráður Eysteinnsson. Deildarforseti Deildar erlendra tungumála var Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönsku, og varadeildarforseti var Matthew Whelpton, dósent í ensku. Deildarforseti Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar var Sólveig Anna Bóasdóttir dósent og Pétur Pétursson prófessor var varadeildarforseti. Deildarforseti Íslensku- og menningardeildar var Dagný Kristjánsdóttir, prófessor í íslensku, og varadeildarforseti var Gauti Kristmannsson, prófessor í þýðingfræði. Deildarforseti Sagnfræði- og heimspekideildar var Eggert Þór Bernharðsson, prófessor í hagnýtri menningarmiðlun, og varadeildarforseti var Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki.

Stjórn Hugvísindasviðs er skipuð forseta sviðsins og deildarforsetum, auk þess sem nemendur eiga einn aðalfulltrúa og að auki einn áheyrnarfulltrúa. Brynhildur Stefánsdóttir var fulltrúi nemenda framan af ári og eftir mitt ár kom Markús Þórhallsson inn sem áheyrnarfulltrúi.

Á fræðasviðinu starfar heildstæður stjórnsýslu- og skrifstofukjarni fyrir allt sviðið. Þar eru m.a. starfandi verkefnastjórar einstakra deilda sem sinna erindum deildanna og tryggja tengsl þeirra við stjórnsýslu- og þjónustumiðstöð sviðsins, sem og miðlæga stjórnsýslu háskólans.

Á skrifstofunni eru ellefu starfsmenn: sviðsforseti, rekstrarstjóri, rannsóknastjóri, kennslustjóri, kynningar- og vefstjóri, verkefnastjóri alþjóðamála og verkefnastjóri Hugvísindastofnunar, auk fjögurra annarra verkefnastjóra sem sinna málefnum deilda, framhaldsnáms, húsnæðismála, brautskráningar, móttöku- og samskiptamála, sem og annarri þjónustu við deildir, kennara og nemendur sviðsins.

### Markaðs- og kynningarmál

Á sviðinu var gefið út innanhússfréttabréf, Hugskeyti, sem var sent í tölvupósti til allra fastráðinna starfsmanna sviðsins og ýmissa tengiliða innan skólans. Í fréttabréfinu, sem kom út fimm sinnum á árinu, var sagt frá helstu tíðindum af starfsmannamálum, viðburðum, viðurkenningum og öðru frétt næmu í starfi sviðsins og fréttum af starfsmönnum.

Vefur sviðsins gegnir lykilhlutverki í upplýsingamiðlun og kynningarstarfi. Þar er ávallt að finna nýjustu upplýsingar um nám og kennslu á sviðinu, auk þess sem þar er greint frá viðburðum og fréttir birtar um það sem ber hæst hverju sinni. Á innri vef, Uglu, er að finna ýmsar upplýsingar sem eingöngu eru ætlaðar starfsmönnum, s.s. fundargerðir, sniðmát, eyðublöð o.fl. Á árinu var átaki í að stofna vefi fyrir kennara sviðsins haldið áfram.

Sviðið rekur vefritið [Hugras.is](http://Hugras.is), sem opið er öllum, og þar eru birtar voru greinar og pistlar fræðimanna og nemenda í hugvísindum.

Hugvísindasvið tók þátt í almennum kynningum á námi við Háskóla Íslands þar sem nemendur og kennarar lögðu gjörva hönd á plóg ásamt kynningarnefnd sviðsins. Hæst bar háskóladaginn í febrúar, auk þess sem margir framhaldsskólar voru heimsóttir og tekið var á móti einstökum hópum.

## Rannsóknir

Starfsemi Hugvísindastofnunar hefur verið eflað á undanförunum árum. Það hefur skilað sér í bættri rannsóknþjónustu á sviðinu og í auknum stuðningi við rannsóknaverkefni, ráðstefnuhald, útgáfu fræðiritra og fleiri rannsóknatengda þætti. Fjallað er ítarlega um rannsóknir á sviðinu í kaflanum um Hugvísindastofnun og undirstofnanir hennar.

Forseti sviðsins er jafnframt stjórnarformaður Hugvísindastofnunar og sú starfsemi sem lýtur sérstaklega að stjórnun og þjónustu rannsóknamála – þ.e. störf rannsóknastjóra og verkefnastjóra Hugvísindastofnunar, auk ýmissa starfa sviðsforseta og rekstrarstjóra – er þannig hluti af því heildstæða stjórnsýslustarfi sem sinnt er á skrifstofu sviðsins. Stjórn Hugvísindastofnunar er jafnframt vísindanefnd sviðsins. Hugvísindastofnun sinnir margvíslegri rannsóknþjónustu á sviðinu og undir hana heyra sex fastar grunnstofnanir (Bókmennta- og listfræðastofnun, Guðfræðistofnun, Heimspekistofnun, Málvísindastofnun, Sagnfræðistofnun og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum), sem og aðrar sjálfstæðar rannsóknastofnanir sem hafa heimilisfesti á Hugvísindasviði og eiga fulltrúa í stjórn Hugvísindastofnunar. Þrjár stofnanir hafa slíka aðild að Hugvísindastofnun, þ.e. Siðfræðistofnun, Edda – öndvegissetur og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum. Þetta eru öflugar stofnanir sem standa fyrir þverfræðilegum rannsóknum og tengslum Hugvísindasviðs við önnur fræðasvið háskólans sem og út fyrir skólann. Sjá nánar umfjöllun í köflum um stofnanirnar. Innan vébanda Hugvísindastofnunar eða einstakra aðildarstofnana hennar geta einnig starfað sérhæfðar rannsóknastofur.

## Nefndir og ráð

Auk vísindanefndar, sem vikið er að hér að framan, starfa nokkrar fastanefndir á sviðinu: kennslunefnd, kynningarnefnd og jafnréttisnefnd.


## Stefna sviðsins

Hugvísindasvið vinnur eftir stefnu sem hefur verið samþykkt fyrir árin 2009 til 2013. Hana má lesa á heimasíðu sviðsins. Jafnréttisstefnu sviðsins má lesa í heild sinni á innri vef háskólans.

## Starfsmannamál

Hugvísindasvið – heildarfjöldi starfsmanna		
	Fjöldi	Stöðuígildi
Konur	76	65,95
Karlar	78	66,9
Samtals	<b>154</b>	<b>132,9</b>





	Stjórnsýsla fræðasviðs		
	Karlar	Konur	Samtals
<b>Hugvísindasvið</b>	<b>4</b>	<b>7</b>	<b>11</b>
Fjöldi			<b>11</b>
Stöðuígildi			<b>10,5</b>

## Fjármál fræðasviðsins

### Fjármál Hugvísindasviðs\*

Fjárveiting	963.700
Sértekjur	345.212
Tekjur alls	1.308.911
Útgjöld	1.209.670
Tekjuafgangur	99.241
Ársverk	154,6361
Skráðir nemendur	2718
Virkir nemendur	1.700
Nemendur/ársverk	17,6
Virkni nemenda	63,3%

\* Upphæðir eru í þús. kr.

## Heiðursdoktorar

Hugvísindasvið veitti þremur fræðimönnum heiðursdoktorsnafnbót þann 1. desember 2011. Einn heiðursdoktor var kjörinn í hverri þeirra þriggja fræðigreina hugvísinda sem eiga samfellda aldarsögu innan Háskóla Íslands, það er að segja í norrænum fræðum, guðfræði og heimspeki.

Jóhann Páll Árnason hlaut nafnbótina frá Sagnfræði- og heimspekideild. Hann er prófessor emeritus í samfélagskenningum við La Trobe-háskóla í Ástralíu. Hann hefur kennt og starfað við háskóla og virtar fræðastofnanir í París, Tékklandi, Svíþjóð, Japan og víðar. Jóhann er líkast til sá íslenski hugsuður sem kunnastur er á alþjóðlegum fræðavettvangi, enda hefur hann gefið út fjölda bóka og greina á ensku, þýsku, frönsku og tékknesku, auk þess sem verk hans hafa verið þýdd á fleiri tungumál. Hann hefur verið einn ritstjóra Thesis Eleven sem er víðlesid tamarit á sviði gagnrýninna samfélagskenninga.

Kari Elisabeth Børresen hlaut nafnbótina frá Guðfræði- og trúarbragðafræðideild. Hún er prófessor emerita við Guðfræðideild Óslóarháskóla. Hún er sérfræðingur á sviði vestrænnar guðfræði- og kirkjusögu með sérstakri áherslu á kvenna- og kynjafræði. Hún hefur m.a. stundað rannsóknir við margar háskóla- og rannsóknastofnanir, s.s. Sorbonne, Poitiers, Heidelberg, Mainz, Oxford og Róm. Hún er meðlimur í öllum helstu fræðafélögum á sínu sviði og hefur tekið mikinn þátt í alþjóðlegu rannsóknasamstarfi. Børresen er einn virtasti guðfræðingur innan háskólasamfélagsins á Norðurlöndum. Sérstaða rannsókna hennar felst í kvenna- og kynjafræðilegu sjónarhorni á kristna guðfræðisögu en þar er hún brautryðjandi, ekki aðeins á Norðurlöndum heldur í alþjóðlegu samhengi.

Marianne E. Kalinke hlaut nafnbótina frá Íslensku- og menningardeild. Hún er prófessor emerita við Illinois-háskóla í Urbana og Champaign. Helstu rannsóknasvið hennar eru menningarleg tengsl milli Norðurlanda og meginlands Evrópu og hún hefur lagt mikinn skerf fram til eins vanræktasta sviðs íslenskra miðaldabókmennta, þ.e. þýðinga á riddarasögum og helgisögum. Hún hefur ritað og ritstýrt fjölda bóka á sviði norrænna miðaldabókmennta. Hún hefur margoft setið í dómnefndum og unnið önnur störf fyrir Háskóla Íslands, auk þess sem hún hefur verið nánast árviss gestur á Árnastofnun áratugum saman. Hjá Marianne Kalinke fara saman mikil og einlæg vinátta við Ísland og Íslendinga, sérstök ræktarsemi við Háskóla Íslands, öguð og vönduð fræðimennska og nýsköpun á fræðasviðinu.

## Doktorsvarnir

Þann 5. mars varði Ásgrímur Angantýsson doktorsritgerð sína, *The Syntax of Embedded Clauses in Icelandic and Related Languages*, við Íslensku- og menningardeild. Ritgerðin varðar stöðu íslensku meðal norrænna mála, frá sjónarmiði beygingafræði og setningafræði. Íslenska er þekkt fyrir ríkulegt beygingakerfi og setningarleg einkenni á borð við beygingarsamræmi frumlags og sagnar, aukafallsfrumlög, stílfærslu og sagnfærslu í öllum tegundum aukasetninga en skandinavísku meginlandsmálin skortir yfirleitt öll þessi einkenni. Aðalleiðbeinandi var Höskuldur Þráinsson, prófessor við Háskóla Íslands og í doktorsnefnd voru auk hans Þórhallur Eypórsson, sérfræðingur við Háskóla Íslands, og Molly Diesing, prófessor við Cornell-háskóla í Bandaríkjunum.

Þann 19. ágúst varði Arndís S. Árnadóttir doktorsritgerð sína, *Nútímaheimilið í mótun – fagurbætur, funksjónalismi og norræn áhrif á íslenska hönnun 1900-1970*, við Sagnfræði- og heimspekideild. Í ritgerðinni er fjallað um þær breytingar sem urðu á hóbýlaháttum Íslendinga þegar hin fjölþjóðlega nútímahreyfing í byggingarlist og hönnun breiddist út á tímabilinu 1900-1970 og tengsl þeirra við norrænan listiðnað og hönnun. Efnið er skoðað frá sjónarhóli módernismans og efnismenningar hvað varðar húsgagnaframleiðslu, neysluhætti og hlutverk sýninga. Aðalleiðbeinandi var

Guðmundur Jónsson, prófessor í sagnfræði, og aðrir í doktorsnefndinni voru Ásdís Ólafsdóttir, listfræðingur í París, og Guðrún Helgadóttir, prófessor við Háskólann á Hólum.

Þann 23. september varði Erla Hulda Halldórsdóttir doktorsritgerð sína, Nútímans konur. Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850-1903, við Sagnfræði- og heimspekideild. Í ritgerðinni er fjallað um mótun kyngervis kvenna á Íslandi á síðari hluta 19. aldar. Meginspurningar rannsóknarinnar eru tvær: annars vegar hvaða áhrif umræða um menntun kvenna og kvennaskóla hafði á hugmyndir um kyngervi og hins vegar hvernig konur sjálfar brugðust við þessari umræðu og hvaða áhrif þær höfðu á hana. Til grundvallar liggur umræða sem hófst í landsmálablöðunum frá 1870 um hvaða menntun hæfði konum og hinu svokallaða kvenlega eðli. Aðalleiðbeinandi var Guðmundur Hálfðanarson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands. Aðrir í doktorsnefndinni voru Gunnar Karlsson, prófessor emeritus, Gro Hagemann, prófessor í sagnfræði við Oslóarháskóla, og Þorgerður Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði við Háskóla Íslands.

Þann 21. október varði Jóhannes B. Sigtryggsson doktorsritgerð sína, Málið á Ævisögu Jóns Steingrímssonar, við Íslensku- og menningardeild. Ritgerðin er framlag til þekkingar á síðari alda málsögu og sérstaklega sögu 18. aldar máls. Meginviðfangsefni ritgerðarinnar er ýtarleg lýsing og rannsókn á hljóðum og beygingu í eiginhandarriti sjálfsævisögu séra Jóns Steingrímssonar, Lbs. 182 4to, sem talið er vera ritað á árunum 1778-1783 og 1791. Ný uppskrift ævisögunnar fylgir ritgerðinni. Aðalleiðbeinandi var Guðrún Kvaran, prófessor við Háskóla Íslands og stofustjóri við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Aðrir í doktorsnefndinni voru Kjartan Ottósson, prófessor við Oslóarháskóla, og Guðrún Þórhallsdóttir, dósent við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands.

Þann 2. desember varði Guðrún Ingólfssdóttir doktorsritgerð sína, Í hverri bók er mannsandi. Handritasýrpur – bókmenning, þekking og sjálfsmynd karla og kvenna á 18. öld, við Íslensku- og menningardeild. Höfuðviðfangsefni ritgerðarinnar er rannsókn á tilurð og byggingu handrita sem geyma fjölbreytilegt efni, svokallaðra handritasýrpu. Rannsóknin einkorðast við sýrpur frá 18. öld. Reynt er að varpa ljósi á bókmenningu Íslendinga á umbrotatímum í sögu þeirra, sýna hvernig lærdir og leikir byggðu upp þekkingargrundvöll sinn. Rannsakaðar eru sýrpur skólagenginna skrifara og alþjóðfólks, til að kanna hvort ólík menntun hafi áhrif á efnisval og form sýrpuanna. Rannsóknartilgátan var sú að sýrpuar væru heildstæðari að byggingu og gæfu skýrari vísbendingu um sjálfsmynd skrifaranna/eigendanna og stöðu þeirra í heiminum en áður hefur verið talið. Aðalleiðbeinandi var Bergljót Soffía Kristjánsdóttir prófessor en aðrir í doktorsnefnd voru Sverrir Tómasson rannsóknaprófessor og Davíð Erlingsson, prófessor emeritus.

Þann 9. desember varði Áslaug Sverrisdóttir doktorsritgerð sína, Mótun hugmynda um íslenskt handverk 1850-1930. Áhrif fjölbjóðlegra hugmyndahreyfinga, við Sagnfræði- og heimspekideild. Í rannsókninni var kannað hvort þrjár fjölbjóðlegar „hreyfingar“ – iðnsýningar, heimilisiðnaðarhreyfingin og listiðnaðarhreyfingin – hafi átt hlutdeild í því að móta hugmyndir Íslendinga um hlutverk handverks gamla íslenska sveitasamfélagsins frá 1850 til 1930. Fyrirnefndar hreyfingar í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og á Bretlandi mynda bakgrunn rannsóknarinnar. Aðalleiðbeinandi var Gunnar Karlsson, sagnfræðingur og prófessor emeritus, og aðrir í doktorsnefndinni voru Ásdís Ólafsdóttir listfræðingur, Árni Björnsson þjóðháttfræðingur og Hrefna Róbertsdóttir sagnfræðingur.

## Aðrir viðburðir

Hugvísindasvið og stofnanir þess standa fyrir fjölmörgum viðburðum í hverjum mánuði, ýmist í samstarfi við aðra eða á eigin vegum. Viðburðirnir eru af ýmsum toga, s.s. stakir fyrirlestrar, fyrirlestraraðir, málþing, menningarhátíðir, málstofur, innlendar sem alþjóðlegar ráðstefnur, auk

hins árlega Hugvísindafþings sem fyrst var haldið árið 1996. Hér að aftan er sagt frá stærstu viðburðum ársins.

## Þing Hugvísindasviðs

Efnt var til þings Hugvísindasviðs 28. janúar 2011 í stofu N-132 í Öskju. Á dagskrá voru ýmis mál en þau helstu voru kynning og umræða um fjármál sviðsins, Hugarás, vefrit sviðsins, kennslumálefni, Stefna Háskóla Íslands og samræming stefnu Hugvísindasviðs við það. Annað þing ársins var haldið í Lögbergi, L-101, 7. júní 2011. Á dagskrá þingsins var kynning sviðsforseta á stöðu Hugvísindasviðs, viðmið í einkunnagjöf, viðmið um álag í námskeiðum, ráðning og aðbúnaður stundakennara og ársfundur Hugvísindastofnunar.

## Hugvísindafþing

Hugvísindafþing var haldið í tveimur hlutum í tilefni aldarafmælisárs Háskóla Íslands. Fyrri hlutinn var haldinn 11. og 12. mars og sá seinni 25. og 26. mars. Á fyrra þinginu var boðið upp á um 60 fyrirlestra og á því seinna voru um 170 fyrirlestrar í boði í yfir 30 málstofum. Nánar er fjallað um Hugvísindafþing í kafla um Hugvísindastofnun.

## Afmælisár Háskóla Íslands

Aldarafmælisár Háskóla Íslands var viðburðaríkt á Hugvísindasviði. Efnt var til fjölda viðburða í tilefni afmælisins og var marsmánuður tileinkaður hugvísindum. Nemendur efndu til dagskrár alla miðvikudaga og þann 5. mars var almenningi boðið á örnámskeið í hugvísindum. Umfjöllunarefni námskeiðanna var fjölbreytt, þar á meðal gagnrýnin hugsun, Hallgerður langbrók, ástarsögur og handritalestur. Laugardaginn 19. mars var efnt til stefnumóta við almenning um borg og bý þar sem meðal annars var efnt til kvikmyndasýninga, táknmálstónleikagjörnings og leiðsagnar sem sérfræðingar buðu upp á víðs vegar um borgina. Þá voru vefyfyrirlestrar í flutningi kennara á sviðinu birtir föstudaginn 25. mars á Hugarás, vefriti sviðsins. Sviðið efndi til textasamkeppni í mars sem öllum nemendum, kennurum og öðru starfsfólki skólans var boðið að taka þátt í. Dómnefnd valdi texta sem hafðir voru til sýnis í Kringlunni frá 11. til 19. mars. Aðalheiður Guðmundsdóttir, aðjunkt í þjóðfræði á Félagsvísindasviði, hlaut fyrstu verðlaun í keppninni. Noam Chomsky var öndvegisfyrirlesari Hugvísindasviðs á aldarafmælinu. Hann flutti fyrirlestur í stóra sal Háskólabíós þann 9. september. Sama dag flutti Chomsky fyrirlestur í þverfaglegri málstofu sem haldin var um verk hans og nefndist Mál, sál og samfélag.

## Menningarhátíðir

Hin árlega Japanshátíð var haldin í sjöunda sinn í janúar en hún hefur öðlast fastan sess hjá mörgum enda er mjög vandað til hennar af hálfu nemenda og kennara í japönsku í samstarfi við japanska sendiráðið. Hátíðin var fjölsótt að vanda.

Efnt var til kínverskrar hausthátíðar í október sem Konfusíusarstofnunin Norðurljós við Háskóla Íslands og sendiráð Kína stóðu að í Öskju. Þessi hátíð var ekki síður skipulögð af metnaði og öllum til sóma sem að henni stóðu.

## Námskynningar

Í febrúar var námskynning haldin í Háskóla Íslands á svonefndum háskóladegi. Dagurinn þótti takast mjög vel og var fjölsóttur að vanda. Sviðið tók enn fremur þátt í margvíslegum öðrum

námskynningum í framhaldsskólum, ýmist með öðrum deildum og sviðum skólans eða á eigin vegum með kynningum á stökum námsgreinum eða deildum Hugvísindasviðs.

## **Meistara- og doktorsnemadagur**

Hugvísindasvið efndi til meistara- og doktorsnemadags föstudaginn 18. nóvember. Þá kynntu meistara- og doktorsnemar rannsóknir sínar á sviði hugvísinda. Tuttugu erindi voru flutt í sex málstofum.

## **Samkomulag um nám í túlkunarfræðum**

Utanríkisráðuneytið gerði samkomulag við Hugvísindasvið um að annast menntun í nytjaþýðingum og ráðstefnutúlkun til að mæta stóraukinni eftirspurn eftir fólki sem getur túlkað milli íslensku og annarra tungumála. Þessi þörf mun enn aukast í tengslum við aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu og því var nauðsynlegt að koma á námi á þessu sviði túlkunar- og þýðingarfræða.

## **Alþjóðasamskipti**

### **Erlendir nemendur**

Erlendir nemendur við Háskóla Íslands voru 1022 talsins og þar af var 401 skráður við Hugvísindasvið. Nemendur skráðir í íslensku sem annað mál (BA-nám) voru 177 og nemendur skráðir í hagnýta íslensku sem annað mál (diplómanám) voru 87. Nemendur í alþjóðlegu meistaranámi í íslenskum miðaldafræðum (Medieval Icelandic Studies) voru 14.

### **Erlendir skiptinemendur**

Erlendir skiptinemendur sem komu til Háskóla Íslands voru samtals 403 talsins. Af þessum nemendum var 81 nemandi skráður í skiptinámi við Hugvísindasvið. Þessir nemendur komu meðal annars á vegum Erasmus-menntaáætlunarinnar, Nordplus-menntaáætlunarinnar, ISEP-stúdentaskipta við Bandaríkin, AEN, sem er samstarfsnet á milli Utrecht-samstarfsnets evrópskra háskóla og Háskóli Íslands er aðili að, og sjö háskóla í Ástralíu, CREPUQ-samstarfssamningsins við háskóla í Kanada og samstarfssamings við háskóla á Indlandi, Japan og Kína, auk þess sem Háskóli Íslands er í samstarfi við háskóla í Taívan, Taílandi og Suður-Kóreu. Þá koma hingað einnig skiptistúdentar við aðra háskóla fyrir tilstuðlan tvíhliðasamninga sem Háskóli Íslands er aðili að.

### **Nemendur í skiptinámi**

Nemendur Háskóla Íslands sem fóru sem skiptinemendur til erlendra háskóla voru alls 260, þar af voru nemendur Hugvísindasviðs 77. Nemendur Háskóla Íslands sem fóru í skiptinámi utan Evrópu voru alls 54 og voru 23 þeirra af Hugvísindasviði. Nemendur sem fóru í skiptinámi til Evrópulanda voru alls 206 og þar af voru nemendur af Hugvísindasviði 54. Nemendur úr Deild erlendra tungumála sem fóru í skiptinámi utan Evrópu voru 20, einn úr Guðfræði- og trúarbragðafræðideild og tveir úr Sagnfræði- og heimspekideild. Nemendur úr Deild erlendra tungumála sem fóru í skiptinámi til Evrópulanda voru 26, úr Guðfræði- og trúarbragðafræðideild tveir, 12 úr Íslensku- og menningardeild og 14 úr Sagnfræði- og heimspekideild. Auk þess fór 15 nemendur í þýsku til Tübingen í Þýskalandi í kennsluferð í tvær vikur í febrúar og er það í tólfta sinn sem slík ferð er farin þangað. Þetta samstarf er mjög mikilvægt í námi nemenda í þýsku. Hópur nemenda í dönsku fór í árlega námsferð á Schæffergården í Danmörku í verkefnavíkunni að hausti, alls 12 nemendur.

### **Námskeið kennd á ensku og öðrum tungumálum**

Við Hugvísindasvið er fjöldi námskeiða kenndur á erlendum tungumálum. Í Deild erlendra tungumála er að mestu kennt á viðkomandi tungumáli. Í námsbraut í ensku er að sjálfsgöðu kennt á

ensku en á öðrum námsbrautum í Deild erlendra tungumála er boðið upp á nokkur námskeið á ensku um sögu, þjóðfélag og menningu viðkomandi þjóða. Þá er í öðrum deildum Hugvísindasviðs boðið upp á námskeið á ensku í grunn- og framhaldsnámi og eru þar talin með námskeið gestakennara í styttri tíma. Áhugi erlendra skiptinemenda á námskeiðum í erlendum tungumálum á meðan þeir stunda skiptinám við Háskóla Íslands hefur aukist töluvert.

### **Kennaraskipti**

Fimm kennarar Hugvísindasviðs fóru til erlendra háskóla á vegum ERASMUS-kennaraskipta. Þeir fóru til Frakklands, Ítalíu og Þýskalands. Þá heimsækja kennarar sviðsins marga skóla á hverju ári. Heimsóknir erlendra gestakennara eru hluti af alþjóðastarfi deildarinnar og auka á fjölbreytni í kennslu. Gestakennarar dvelja í mislangan tíma við sviðið og kenna sumir í málstofum daglega í nokkrar vikur.

### **Annað**

Ýmis önnur alþjóðleg samskipti, eins og fyrirlestraferðir og samstarfsverkefni, eru hluti af starfsemi Hugvísindasviðs. Þá komu ýmsir erlendir fyrirlesarar í heimsókn á sviðið eins og á hverju háskólaári.

## **Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda**

Í námi við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda eru kennd 13 erlend tungumál. Lögð er áhersla á að tungumálakennslan og fræðileg innsýn í bókmenntir, málvísindi og menningu annarra þjóða veiti nemendum þekkingu og færni til að takast á við störf t.d. við alþjóðasamskipti, menningartengd málefni, viðskipti, þýðingar, fjölmiðla, ferðaþjónustu, útgáfu, almannatengsl og stjórnsýslu.

### **Stjórn**

Deildarforseti Deildar erlendra tungumála var Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönsku, og varadeildarforseti Matthew Whelpton, dósent í ensku.

### **Ráð og nefndir**

Deildinni er skipað í þrjár námsbrautir: námsbraut í ensku, námsbraut í rómönskum málum, grísku, latínu og japönsku og námsbraut í Norðurlandamálum, kínversku, rússnesku og þýsku. Við deildina starfa þrjár fastar stjórnunareiningar til viðbótar, auk deildarfundar: deildarráð, framhaldsnámsnefnd og kennslunefnd.

### **Námsgreinar**

Við deildina voru eftirfarandi námsgreinar: danska, enska, frönsk fræði, gríska, ítalska, japanskt mál og menning, kínversk fræði, Austur-Asíufræði, latína, norska, Norðurlandafræði, rússneska, spænska, sænska, þýska og þýska í ferðaþjónustu og miðlun, enska: bókmenntir, menning og miðlun.

### **Starfsmannamál**


Af helstu tíðindum í starfsmannamálum deildarinnar ber þetta hæst:

- Akemi Tanii var ráðin í stöðu aðjunktis í japönsku máli og menningu á haustmisseri 2011.
- Jessica Guse var ráðin í lektorsstöðu í þýsku 1. september 2011.

- Kristín Ísleifsdóttir var ráðin í stöðu aðjunkt og tók við greinarformennsku í japönsku máli og menningu fyrir skólaárið 2011/2012.
- Marlene Petersen var ráðin í stöðu aðjunkt í dönskum bókmenntum frá 1. ágúst 2011.
- Michele Broccia var ráðinn í stöðu sendikennara í ítölsku frá 1. sept. 2011.
- Yucheng Jia var ráðinn til starfa sem sendikennari í kínverskum fræðum á haustmisseri 2011.
- Gro Tove Sandmark var ráðin í stöðu sendikennara í norsku frá 1. ágúst 2011.

#### Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda

	Fjöldi	Stöðuígildi
Aðjuntar		
Konur	9	7,74
Karlar	4	3,17
Lektorar		
Konur	5	4,5
Karlar	2	1,31
Dósentar		
Konur	2	2
Karlar	4	3,51
Prófessorar		
Konur	5	5
Karlar	2	2
Samtals	<b>33</b>	<b>29,2</b>





## Brautskráðir stúdentar frá Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda 2011

	Karlar	Konur	Alls
<b>BA-próf Alls:</b>	<b>23</b>	<b>62</b>	<b>85</b>
Austur-Asíufræði	2	1	3
Danska		5	5
Enska	12	28	40
Franska	3	4	7
Frönsk fræði		1	1
Gríska	1		1
Ítalska		3	3
Japanskt mál og menning	3	2	5
Kínverskt mál og menning	1		1
Latína		1	1
Norska		1	1
Rússneska		1	1
Spænska		6	6
Pýska	1	9	10
<b>Grunndiplóma Alls:</b>		<b>2</b>	<b>2</b>
Hagnýt ítalska fyrir atvinnulífið		1	1
Hagnýt spænska fyrir atvinnulífið		1	1
<b>M.Paed.-próf Alls:</b>		<b>2</b>	<b>2</b>
Danska		1	1
Franska		1	1
<b>Meistarapróf Alls:</b>		<b>4</b>	<b>4</b>
Enska		3	3
Spænska		1	1
<b>Samtals:</b>	<b>23</b>	<b>70</b>	<b>93</b>

## Guðfræði- og trúarbragðafræðideild

Markmið Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar er að bjóða upp á nám í guðfræði og trúarbragðafræðum sem stenst alþjóðlegan samanburð. Með því er stúdentum gert mögulegt að afla sér þekkingar sem sífelld skiptir meira máli á öllum sviðum samfélagsins. Deildin er helsta miðstöð guðfræði- og trúarbragðafræðirannsókna héraendis.

### Stjórn

Deildarforseti Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar var Sólveig Anna Bóasdóttir dósent. Pétur Pétursson var varadeildarforseti.

## Ráð og nefndir

Við deildina starfa eftirtaldar stjórnunareiningar, auk deildarfundar: rannsóknarnámsnefnd, námsnefnd, stjórn Trúarbragðafræðistofu, stjórn Guðfræðistofnunar og ritnefnd Ritraðar Guðfræðistofnunar.

## Námsgreinar

Við deildina er boðið upp á eftirfarandi námsgreinar: almenna trúarbragðafræði, djáknanám og guðfræði.

## Starfsfólk

Guðfræði- og trúarbragðafræðideild		
	Fjöldi	Stöðuígildi
Lektorar		
Konur	0	
Karlar	1	0,25
Dósentar		
Konur	1	1
Karlar	0	
Prófessorar		
Konur	1	1
Karlar	5	4,31
Samtals	8	6,6

## Brautskráðir stúdentar frá Guðfræði- og trúarbragðafræðideild 2011

	Karlar	Konur	Alls
<b>BA-próf Alls:</b>	<b>7</b>	<b>13</b>	<b>20</b>
Guðfræði	7	12	19
Guðfræði – Djáknanám		1	1
<b>Kandídatpróf Alls:</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>5</b>
Guðfræði		2	2
Guðfræði – framhaldsnám eftir BA-próf	2	1	3
<b>Viðbótardiplóma Alls:</b>		<b>2</b>	<b>2</b>
Djáknanám		2	2
<b>Meistarapróf Alls:</b>	<b>1</b>		<b>1</b>
Guðfræði	1		1
<b>Samtals:</b>	<b>10</b>	<b>18</b>	<b>28</b>

# Íslensku- og menningardeild

Deildin hvílir á tveimur meginstoðum, annars vegar íslensku og tengdum greinum og hins vegar menningargreinum. Í deildinni eru nú kenndar á annan tug námsgreina, sumar bæði á grunn- og framhaldsstigi en aðrar eingöngu í grunnnámi og enn aðrar eingöngu í framhaldsnámi.

## Stjórn

Deildarforseti Íslensku- og menningardeildar var Dagný Kristjánsdóttir, prófessor í íslensku. Varadeildarforseti var Gauti Kristmannsson, dósent í þýðingafræði.

## Ráð og nefndir

Við deildina starfar ein föst stjórnunareining, auk deildarfundar: framhaldsnámsnefnd.

## Námsgreinar

Við deildina eru kenndar eftirfarandi námsgreinar: almenn bókmenntafræði, almenn málvísindi, íslenska, íslenska sem annað mál, kvikmyndafræði, listfræði, ritlist, samfélagstúlkun, táknmálsfræði, þýðingafræði, hagnýt ritstjórn og útgáfa, menningarfræði, íslensk miðaldafræði og máltækni.

## Starfsmannamál

Af helstu tíðindum í starfsmannamálum deildarinnar ber þetta hæst:

- Sif Ríkharðsdóttir var ráðin sérfræðingur við Bókmennta- og listfræðastofnun.
- Þórhallur Eypórsson er fræðimaður á Málvísindastofnun.
- Ármann Jakobsson hlaut framgang úr starfi dósents í starf prófessors.
- Gauti Kristmannsson hlaut framgang úr starfi dósents í starf prófessors.

### Íslensku- og menningardeild

	Fjöldi	Stöðuígildi
Aðjunktur		
Konur	6	5,29
Karlar	4	2,7
Lektorar		
Konur	2	1,6
Karlar	2	2
Dósentar		
Konur	3	3
Karlar	1	1
Prófessorar		
Konur	5	5
Karlar	12	11,38
Samtals	35	32,0
Verkefnisstjóri		
Konur	1	0,5

## Brautskráðir stúdentar frá Íslensku- og menningardeild 2011

	Karlar	Konur	Alls
<b>BA-próf Alls:</b>	<b>22</b>	<b>76</b>	<b>98</b>
Almenn bókmenntafræði	6	14	20
Almenn málvísindi	1	8	9
Íslenska	1	14	15
Íslenska fyrir erlenda stúdenta	5	17	22
Íslenska sem annað mál		1	1
Kvikmyndafræði	4	2	6
Listfræði	2	15	17
Ritlist	3	3	6
Táknmálsfræði		1	1
Táknmálsfræði og táknmálstúlkun		1	1
<b>Grunndiplóma Alls:</b>	<b>3</b>	<b>5</b>	<b>8</b>
Hagnýt íslenska		1	1
Hagnýt íslenska fyrir erlenda stúdenta	1	1	2
Íslenska sem annað mál – hagnýtt nám	2	3	5
<b>Viðbótardiplóma Alls:</b>		<b>1</b>	<b>1</b>
Hagnýtt nám í þýðingum		1	1
<b>M.Paed.-próf Alls:</b>		<b>1</b>	<b>1</b>
Íslenska		1	1
<b>Meistarapróf Alls:</b>	<b>9</b>	<b>48</b>	<b>57</b>
Almenn bókmenntafræði	3	1	4
Hagnýt ritstjórn og útgáfa	2	17	19
Íslensk fræði		1	1
Íslensk málfræði	1	1	2
Íslenskar bókmenntir		6	6
Menningarfræði		4	4
Miðaldafræði	3	7	10
Tungutækni		1	1
Þýðingafræði		10	10
<b>Doktorspróf Alls:</b>	<b>3</b>		<b>3</b>
Íslensk málfræði	2		2
Íslenskar bókmenntir		1	1
<b>Samtals:</b>	<b>36</b>	<b>132</b>	<b>168</b>

## Sagnfræði- og heimspekideild

Í Sagnfræði- og heimspekideild er skapandi samstarf á milli nemenda og kennara bæði í kennslu og rannsóknum. Í kennslunni, sem meðal annars fer fram í formi málstofa, er lögð áhersla á að virkja nemendur til rökræðu um viðfangsefnið. Í öflugu rannsóknanámi deildarinnar starfa nemendur og kennarar náið saman í því augnamiði að nemendur verði sem hæfastir á sínu sviði.

## Stjórn

Deildarforseti Sagnfræði- og heimspekideildar var Eggert Þór Bernharðsson, prófessor í hagnýtri menningarmiðlun, og varadeildarforseti Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki.

## Námsbrautir

Við deildina eru eftirfarandi námsgreinar: sagnfræði, heimspeki, fornleifafræði, klassísk fræði, hagnýt menningarmiðlun og hagnýt siðfræði.

## Ráð og nefndir

Við deildina starfa tvær fastar stjórnunareiningar, auk deildarfundar: framhaldsnámsnefnd og deildarráð.

## Starfsfólk

Sagnfræði- og heimspekideild		
	Fjöldi	Stöðuígildi
Aðjuntar		
Konur	1	1
Karlar	1	1
Lektorar		
Konur	1	0,5
Karlar	0	
Dósentar		
Konur	1	0,55
Karlar	1	1
Prófessorar		
Konur	2	2
Karlar	17	15,38
Samtals	24	21,4

## Brautskráðir stúdentar frá Sagnfræði- og heimspekideild 2011

	Karlar	Konur	Alls
<b>BA-próf Alls:</b>	<b>26</b>	<b>27</b>	<b>53</b>
Fornleifafræði	2	8	10
Heimspeki	13	6	19
Sagnfræði	11	13	24
<b>Meistarapróf Alls:</b>	<b>14</b>	<b>23</b>	<b>37</b>
Fornleifafræði	4	1	5
Hagnýt menningarmiðlun	1	18	19
Heilbrigðis- og lífsiðfræði	1		1
Heimspeki	1	2	3
Sagnfræði	5	2	7
Viðskiptasiðfræði	2		2
<b>Doktorspróf Alls:</b>		<b>3</b>	<b>3</b>
Sagnfræði		3	3
<b>Samtals:</b>	<b>40</b>	<b>53</b>	<b>93</b>

## Hugvísindastofnun

### Almennt yfirlit, stjórn og starfsfólk

Forseti Hugvísindasviðs, Ástráður Eysteinnsson, er stjórnarformaður Hugvísindastofnunar. Stjórn stofnunarinnar var skipuð eftirtöldum fulltrúum stofnana sem eiga aðild að henni: Ármann Jakobsson var fulltrúi Bókmennta- og listfræðastofnunar og varaformaður stjórnar, Einar Sigurbjörnsson var fulltrúi Guðfræðistofnunar fyrri hluta árs en þá tók Arnfríður Guðmundsdóttir við, Páll Skúlason var fulltrúi Heimspekistofnunar fyrri hluta árs en þá tók Róbert Haraldsson við, Höskuldur Þráinsson var fulltrúi fyrir Málvísindastofnun, Valur Ingimundarson fyrir Sagnfræðistofnun, Auður Hauksdóttir fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Vilhjálmur Árnason fyrir Siðfræðistofnun, Irma Erlingsdóttir fyrir öndvegissetrið EDDU og Guðni Elísson fyrir Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum. Sigrún Sigurðardóttir og Íris Ellenberger sóttu stjórnarfundi á árinu sem fulltrúar doktorsnema.

Margrét Guðmundsdóttir var verkefnastjóri og Eiríkur Smári Sigurðarson rannsóknastjóri Hugvísindasviðs, en störfin teljast til Hugvísindastofnunar.

Innan Hugvísindastofnunar starfa sex grunnstofnanir:

- Bókmennta- og listfræðastofnun
- Guðfræðistofnun
- Heimspekistofnun
- Málvísindastofnun
- Sagnfræðistofnun
- Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum

Allir fastir starfsmenn sviðsins eiga aðild að einni fræðistofnun, grunnstofnun, jafnframt því að eiga aðild að Hugvísindastofnun. Innan fræðistofnananna er sameiginlegur vettvangur þeirra sem fást við rannsóknir af sama meiddi. Samkvæmt reglum Hugvísindastofnunar geta einnig starfað innan

hennar faglega sjálfstæðar rannsóknastofnanir með heimilisfesti á Hugvísindasviði. Innan Hugvísindastofnunar eru nú þrjár sjálfstæðar rannsóknastofnanir:

- Edda – öndvegissetur
- Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum
- Siðfræðistofnun

Innan vébanda Hugvísindastofnunar starfa þrjár stofur, Miðaldastofa, sem er þverfræðileg stofa fólks úr öllum deildum sviðsins ásamt fræðimönnum í þjóðfræði á Félagsvísindasviði og á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Rannsóknastofa í máltileinkun, sem byggist á samstarfi Málvísindastofnunar, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Tungumálamiðstöðvar Háskóla Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, og Þýðingasetur, sem einnig starfar náið með Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Miðaldastofa var eflað á árinu og ráðinn til hennar fræðimaður, Haraldur Bernharðsson, sem vann að uppbyggingu alþjóðlegs meistaranáms í norrænum í miðaldafræðum, rannsóknum og kennslu.

## Rannsóknir og stoðþjónusta

Meginhlutverk Hugvísindastofnunar er að veita ýmiss konar rannsóknþjónustu á fræðasviði hugvísinda. Alla jafna kemur frumkvæði að verkefnum, hvort sem um er að ræða rannsóknir, ráðstefnur eða útgáfu, frá aðildarstofnunum Hugvísindastofnunar eða einstökum fræðimönnum á Hugvísindasviði. Stofnunin:

- hvetur til sóknar í sjóði og miðlar þekkingu á styrkjum og styrkjamöguleikum til starfsmanna,
- aðstoðar við umsóknagerð,
- aðstoðar við bókhald, uppgjör og skýrslur vegna styrkja,
- aðstoðar við ráðstefnuhald og fundahöld sem tengjast alþjóðlegu samstarfi,
- veitir ráðgjöf og aðstoð við útgáfu,
- aðstoðar aðildarstofnanir, einkum þær sem ekki hafa fastan starfsmann, við fjárumsýslu og bókaútgáfu, sem og við vefmiðlun og önnur kynningarmál í samvinnu við vef- og kynningarstjóra sviðsins.

Aðstoð við umsóknir getur verið margvísleg, allt frá því að gera kostnaðaráætlanir, ganga frá samningum sem tengjast verkefni, lesa yfir umsókn og gera tillögur um breytingar eða taka þátt í því að skipuleggja verkefni, til þess að semja umsókn í öllum meginatriðum. Markmiðið með þjónustunni er að bæta umsóknir og auka þannig styrkjamöguleika en ekki síður að fjölga þeim sem sækja í sjóði og finna ný styrkjatækifæri fyrir starfsmenn sviðsins. Margir starfsmenn eru reyndir umsækjendur og þurfa litla aðstoð en þeir sækjast þó í síauknum mæli eftir ráðgjöf hjá Hugvísindastofnun, bæði hvað varðar sóknartækifæri og yfirlestur umsókna. Á árinu aðstoðaði stofnunin við nokkra tugi umsókna. Starfsfólk Hugvísindastofnunar hefur í auknum mæli haft frumkvæði að umsóknum ásamt starfsfólki sviðsins, sérstaklega í norræna og evrópska sjóði.

Stuðningur Hugvísindastofnunar við rannsóknir á sviðinu felst einnig í styrkveitingum til rannsóknatengdrar starfsemi og einstakra rannsakernda. Árið 2009 var tveimur sjóðum komið á fót í þessu skyni. Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar veitir stofnunum styrki til ráðstefnuhalds, heimsókna fræðimanna og útgáfu og einstaklingum styrki vegna þýðinga, uppbyggingar í rannsóknum o.fl. Samþykkti stjórnin úthlutun upp á um 4,3 milljónir króna, þar af yfir 80% til ráðstefnuhalds og útgáfu. Styrkirnir komu þó ekki allir til greiðslu á árinu og ekki er víst að öll verkefni sem fengu styrkloforð verði að veruleika. Á árinu var Stuðningssjóður Hugvísindastofnunar lagður niður, en hann umbunaði starfsmönnum fyrir að sækja rannsóknafé í samkeppnissjóði heima og erlendis eða fyrir virkni í alþjóðlegu rannsóknasamstarfi. Ákveðið var að úthluta slíkum stuðningi til verkefnisstjóra styrktra verkefna samhliða skiptingu fjárveitingar Hugvísindastofnunar. Styrkirnir

voru ýmist 100 þús., 150 þús. eða 250 þús. kr. eftir upphæð og gerð styrkja. Á árinu fengu 11 verkefnisstjórar slíka styrki, alls 1.450 þús. kr.

## Útgáfa, ráðstefnur og þing

Útgáfa Ritsins, tímarits Hugvísindastofnunar, er stærsti þátturinn í útgáfumálum stofnunarinnar. Ritið kemur út þrisvar á ári og tveir ritstjórar stýra hverju hefti. Aðalritstjórar árið 2011 voru Ásdís R. Magnúsdóttir og Pröstur Helgason og stýrðu þau tveimur heftum ársins en Guðni Elísson og Jón Ólafsson voru gestarítstjórar fyrsta heftis. Aðildarstofnanir Hugvísindastofnunar standa líka fyrir umtalsverðri útgáfu tímarita og bóka.

Stærsta viðfangsefni Hugvísindastofnunar á sviði ráðstefnuhalds er jafnan umsjón árlegs Hugvísindabings. Í tilefni af 100 ára afmæli háskólans var þingið tvískipt í þetta sinn. Dagana 11.–12. mars var fyrirlestrahlaðborð. Þar var boðið upp á yfir 60 fyrirlestra sem ekki var raðað saman eftir þeim. Þessum hluta þingsins lauk með fyrirlestrum tveggja erlendra sérfræðinga í miðaldafræði, Davids Wallace, sem er prófessor í ensku við Háskólann í Pennsylvaníu og situr í stöðu sem kennd er við Judith Rodin, og Ritu Copeland, sem er prófessor í fornfræði, ensku og samamburðarbókmenntum við Háskólann í Pennsylvaníu og gegnir stöðu sem kennd er við Edmund J. og Louise W. Kahn. Hálfum mánuði síðar, 25.–26. mars, var Hugvísindabingi fram haldið með þemabingi þar sem fluttir voru um 170 fyrirlestrar í yfir 30 málstofum. Á þinginu voru tveir erlendir gestir á vegum Málvísindastofnunar og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Frans Gregersen, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla og stjórnandi verkefnisins LANCHART (Language Change in Real Time), og Erik Skyum-Nielsen, lektor í bókmenntum við Kaupmannahafnarháskóla og fyrrverandi prófastur á Garði. Hugvísindabingur var fjölbreytt og fjölsótt.

Aðrar fagráðstefnur sem starfsmenn Hugvísindastofnunar vinna að eru í flestum tilvikum á vegum einherrar af aðildarstofnunum eða samvinnuverkefni þeirra og Hugvísindastofnunar.

## Húsnæðismál og starfsaðstaða

Skrifstofa Hugvísindastofnunar er í rými stjórnarsýslu sviðsins á þriðju hæð í Aðalbyggingu. Verkefnisstjóri hefur eftir sem áður umsjón með vinnurými doktorsnema í Gimli en fékk sér til aðstoðar prófast úr hópi doktorsnema. Íris Ellenberger tók starfið að sér. Aðildarstofnanir Hugvísindastofnunar hafa allar herbergi til umráða fyrir starfsmenn, gestafræðimenn og/eða nýdoktora. Aðstaða fyrir starfslið aðildarstofnana, en fjórar þeirra hafa fastráðið starfsfólk, er ýmist í Gimli eða Nýja-Garði.

## Fjármál

Við úthlutun fjárveitingar frá Hugvísindasviði til Hugvísindastofnunar var tekið mið af þeim mótframlögum sem sviðið fékk vegna rannsóknastyrkja úr samkeppnissjóðum. Sem fyrr bitnaði þó erfiður fjárhagur sviðsins einnig á stofnuninni. Um 80% af fjárveitingu Hugvísindastofnunar var varið til að styrkja starfsemi aðildarstofnananna, auk þess sem Hugvísindastofnun greiddi fyrir allt húsnæði sem þær hafa til umráða með sérstakri fjárveitingu sem fékkst til þess. Þá var fé lagt í Rannsóknasjóð Hugvísindastofnunar en hlutur stofnunarinnar í fjárveitingu var einkum notaður til útgáfu Ritsins og Hugvísindabings.





## Bókmennta- og listfræðastofnun

Á árinu sátu í stjórn stofnunarinnar Ármann Jakobsson, formaður, Benedikt Hjartarson og Þórdís Edda Jóhannesdóttir. Formaðurinn var á árinu kosinn varaformaður stjórnar Hugvísindastofnunar fram til ársins 2014 og tók enn fremur sæti í vísindanefnd Háskóla Íslands. Sif Ríkharðsdóttir var ráðin sérfræðingur við stofnunina í samvinnu við Hugvísindastofnun og sviðið.

Starfsemi stofnunarinnar var með hefðbundnu sniði á árinu. Mestur þungi starfsins fólst í útgáfunni eins og verið hefur en talsvert var rætt um það á aðalfundi hvort það sé eðlileg framtíðarstefna stofnunarinnar. Jafnframt voru ýmis verkefni félaga styrkt. Má þar nefna verkefnið wikisaga sem opnað verður á Netinu á Hugvísindapíngi árið 2012.

Á árinu komu út þrjár bækur: Sæborgin eftir Úlfhildi Dagsdóttur í ritröðinni Fræðirit, Í hverri bók er mannsandi eftir Guðrúnu Ingólfsdóttur í ritröðinni Studia Islandica og Hef ég verið hér áður? eftir Guðna Elísson og Öldu Björk Valdimarsdóttur í ritröðinni Höfundar. Allar bækurnar komu út á útgáfuári í samræmi við nýja stefnu stofnunarinnar sem var samþykkt á aðalfundi 2011. Sex bækur eru á útgáfuáætlun 2012–13.

Félagar Bókmennta- og listfræðastofnunar voru virkir í ýmsu erlendu samstarfi og héldu erindi víða um heim og á Íslandi auk þess sem bækur þeirra voru gefnar út hérlendis og erlendis. Áfram var unnið að verkefninu Alfræði íslenskra bókmennta og stefnt er að útgáfu á Netinu á árinu 2012 og einnig Íslenskri barnabókmenntasögu og fleiri verkefnum, meðal annars á grundvelli styrkja frá Rannsóknasjóði háskólans. Styrkur fékkst frá Nordplus til að vinna að tveimur nýjum námskeiðum í Icelandic Online, sem er íslenskukennsla á Netinu. Námskeiðin eru helguð bókmenntum og öðrum rauntextum af ýmsu tagi og er verkefninu stýrt af Jóni Karli Helgasyni. Þá fékk verkefnið Minni og gleymska: Rof, eyður og sjálfsmýnd þjóðar, undir stjórn Gunnþórunnar Guðmundsdóttur, styrk frá Eddu – öndvegissetri.

Stofnunin tók þátt í fyrirlestraröðunum Hvernig verður bók til? og Skáldatal ásamt námsbraut í ritlist, í málþingi um Kristmann Guðmundsson ásamt norska sendiráðinu í október, í minningardagskrá um Svein Skorra Höskuldsson ásamt Snorrastofu um haustið og í fyrirlestraröðinni Ferðafélagar ásamt Gljúfrasteini veturinn 2011–12. Á Hugvísindapíngi 2011 hafði stofnunin frumkvæði að þremur málstofum (alls níu erindum) í tilefni afmælisárs Háskóla Íslands. Þá leiddu félagar hennar ýmsar aðrar málstofur á þinginu. Stofnunin hafði húsnaði í Árnagarði á árinu. Auk sérfræðings stofnunarinnar nýttist herbergið erlendum gestum.

## Guðfræðistofnun

### Stjórn

Núverandi stjórn var kjörin á ársfundi stofnunarinnar sem haldinn var 2. mars 2011. Stjórnina skipa: Arnfríður Guðmundsdóttir prófessor, formaður, Hjalti Hugason prófessor, meðstjórnandi og varaformaður, og María Ágústsdóttir, fulltrúi doktorsnema. Sigfinnur Þorleifsson lektor er varamaður. Stjórnin er skipuð til þriggja ára.

## Ritröð Guðfræðistofnunar

Ritstjórn ritraðarinnar skipa núna: Gunnlaugur A. Jónsson prófessor, ritstjóri, Pétur Pétursson prófessor og Sólveig Anna Bóasdóttir dósent. Tvö hefti ritraðarinnar komu út á árinu: hefti nr. 32 í ritstjórn Sólveigar Önnu Bóasdóttur og hefti nr. 33 í ritstjórn Gunnlaugs A. Jónssonar.

## Málstofur og málþing

- Á vegum Guðfræðistofnunar voru haldnar fjórar málstofur á árinu.
- Málþing 18. október: Kynferðisleg misnotkun á börnum í trúarlegu samhengi. Málþingið skipulagði Guðfræðistofnun í samstarfi við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands, Fagráð um meðferð kynferðisbrota innan Þjóðkirkjunnar og Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur. Aðalfyrirlesari var Marie M. Fortune frá Faith Trust Institute í Bandaríkjunum. Málþingið var haldið í Hátíðasal Háskóla Íslands og var fullt út úr dyrum.
- Hugvísindaping. Að venju voru félagar í Guðfræðistofnun virkir þátttakendur í Hugvísindapingi, sem haldið var í tvennu lagi árið 2011, 11. og 25. mars, í tilefni aldarafmælis Háskóla Íslands.

## Rannsóknir

Innan stofnunarinnar var unnið að ýmsum rannsóknum í samræmi við ólík fagsvið félaganna og félagar hennar voru virkir í norrænum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum.

### Rannsóknaverkefnið 2017.is

Haustið 2011 gekkst stjórn Guðfræðistofnunar fyrir því að koma á stofn þverfræðilegu rannsóknaverkefni í tilefni þess að árið 2017 verða liðin 500 ár frá því að Marteinn Lúther hóf siðbót innan miðaldakirkjunnar. Undirtektir fræðafólks á ólíkum sviðum hafa frá upphafi verið mjög góðar. Þann 6. desember var boðið til „hugmyndaþings“ og formlegur stofnfundar haldinn í framhaldi af því. Verkefnið nefnist Siðaskipti í sögu og samtíð – Þverfaglegt rannsóknaverkefni um áhrif siðaskiptanna á kirkju, samfélag og menningu í 500 ár. Vinnuheiti verkefnisins er 2017.is og viðfangsefni þess er þverfaglegar rannsóknir á lúthersku siðaskiptunum og áhrifum þeirra á sviði kirkju, samfélags og menningar í víðum skilningi. Verkefnið hefur bæði sögulega vídd og samtímalega skírskotun og rúmar viðfangsefni sem lúta bæði að innlendum og erlendum málum. Stýrihópur heldur utan um verkefnið og ber ábyrgð á að skipuleggja almenna starfsemi og atburði á vegum verkefnisins og að vera fulltrúum Guðfræðistofnunar til ráðuneytis við styrkjaumsóknir og fjármögnun. Í stýrihópnum sitja: Arnfríður Guðmundsdóttir (formaður), Hjalti Hugason (framkvæmdastjóri), Erla Hulda Halldórsdóttir, Auður Styrkárssdóttir og Sveinn Yngvi Egilsson.

## Trúarbragðafræðistofa

Stjórn Trúarbragðafræðistofu, sem jafnframt er námsnefnd um þverfaglegt nám í almennum trúarbragðafræðum, er óbreytt frá fyrra ári. Formaður hennar er Pétur Pétursson prófessor og aðrir stjórnarmenn eru Terry Gunnell prófessor og Sigríður Þorgeirsdóttir prófessor. Hlutverk Trúarbragðafræðistofu er að skipuleggja þverfaglegt nám í almennum trúarbragðafræðum en einnig felst starfsemi hennar í að svara spurningum um trúarhreyfingar, undirbúa kennsluefni, flokka úrklippur úr dagblöðum og tímaritum um trúarhreyfingar og trúarefni, afla gagna um trúarhreyfingar á Íslandi af Netinu og taka þátt í ýmiss konar samvinnu í verkefnum á vegum Samráðsvettvangs trúfélaga á Íslandi.

# Heimspekistofnun

## Stjórn

Í stjórn stofnunarinnar sitja Róbert H. Haraldsson, formaður, Jón Á. Kalmansson og Svavar Hrafn Svavarsson. Varamaður er Gunnar Harðarson.

## Fyrirlestrar og málþing

Heimspekistofnun stóð fyrir margvíslegu fyrirlestrahaldi á árinu 2011, m.a. opinberum fyrirlestrum og hádegisfundaröðinni „Verk í vinnslu“, auk þess sem stofnunin tók þátt í nokkrum málþingum.

### Opinberir fyrirlestrar

- 20. janúar: Milli forms og formleysis (Staðhæfingarhyggja Adornos). Marcus Steinweg, heimspekikennari við Listaháskólann í Braunschweig (í samstarfi við Félag áhugamanna um heimspeki).
- 1. september: A Riddle Named Philosophy. Ron Aharoni, prófessor í stærðfræði við Technion Israel Institute of Technology (í samstarfi við Félag áhugamanna um heimspeki).
- 29. september: Dogs and Concepts. Alice Cray, prófessor við New School í New York.
- 3. nóvember: State Violence and Feminist Discourses. Mechthild Nagel, prófessor í heimspeki við Ríkisháskólann í New York (í samvinnu við Eddu – öndvegissetur).
- 4. nóvember: The Rise of Political Agonism and its Relation to Deconstruction: The Case of Chantal Mouffe. H.W. Siemens, prófessor í nútímaheimspeki við Leiden Institute for Philosophy (í samvinnu við Eddu – öndvegissetur).
- 3. desember: Wittgenstein, Language Use and Moral Responsibility. Anne-Marie Christiansen, lektor við Syddansk-háskólann.

### Ráðstefnur og málþing

- Fyrirbærafræði á krepputímum – ráðstefna Norræna fyrirbærafræðifélagsins (Nordic Society for Phenomenology – NoSP) í Háskóla Íslands 28.–30. apríl (ásamt Eddu – öndvegissetri með aðild Félags áhugamanna um heimspeki og Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands).
- Nordic Workshop in Early Modern Philosophy 2011 í Háskóla Íslands 4.–5. júní.
- Kennsla gagnrýnnar hugsunar og siðfræði – opið málþing í Odda, Háskóla Íslands, 1. október (ásamt Rannsóknastofnu um háskóla, Siðfræðistofnun og Félagi heimspekikennara).

### Hádegisfyrirlestrararnir Verk í vinnslu

- 27. janúar: Teaching the History of Philosophy and the History of Science: Connections in the 17th Century. Kristen L. Zacharias, dósent og deildarforseti heimspekideildar Albright College og gistikennari við Háskóla Íslands.
- 18. febrúar: Rannsóknir á fæðingarhugtakinu. Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands.
- 4. mars: Samúðarfullt ímyndunarafl. Jón Á. Kalmansson, doktorsnemi í heimspeki.
- 18. mars: Mill um málfrelsi. Róbert H. Haraldsson, prófessor við Háskóla Íslands.
- 1. apríl: Kitsch: Non-Art in Modernity – Masquerade in Postmodernity. An Analysis of the Doing and Undoing of Art and Kitsch. Julia Knezevic, doktorsnemi við Háskóla Íslands.
- 16. september: De Re Internalist Conativism and Moral Realism. Adrian Kuzniar, gestur Heimspekistofnunar frá háskólanum í Warsaw.
- 28. október: Radicalism and Progress. Paul McLaughlin, heimspekikennari við háskólann í Tartu og gistikennari í heimspeki við Háskóla Íslands.

- 25. nóvember: Philosophy, Ideology and the Politics of Emancipation. Andrius Bielskis, gestakennari í heimspeki við Háskóla Íslands.

## Rannsóknir

Félagar í Heimspekistofnun unnu að ýmsum rannsóknum, meðal annars á grundvelli styrkja frá Rannsóknasjóði háskólans. Þá hefur stofnunin, ásamt Siðfræðistofnun og Rannsóknastofu um háskóla, staðið að samstarfsverkefni um eflingu kennslu í gagnrýninni hugsun og siðfræði í skólum landsins. Fyrir verkefninu hafa farið Páll Skúlason, prófessor í heimspeki, og Henry A. Henrysson, starfsmaður verkefnisins. Einnig voru veitt mótframlög vegna tveggja rannsóknaverkefna sem Vinnumálastofnun styrkti. Bæði verkefnin tengdust gagnrýninni hugsun og þau nefndust Gagnrýnin hugsun og fjölmiðlar og Gagnrýnin hugsun, hagnýt rökfræði og siðfræði.

## Útgáfumál

- Á árinu 2011 kom út ein bók á vegum Heimspekistofnunar: Af ást til heimsins eftir Hönnuh Arendt í ritstjórn Sigríðar Þorgeirsdóttur (ýmsir þýðendur).
- Heimspekistofnun styrkti útgáfu Hugar. Tímarits um heimspeki.
- Heimspekistofnun styrkti útgáfu bókarinnar John Dewey í hugsun og verki.

## Málvísindastofnun

### Stjórn og starfsmenn

Fulltrúar kennara í stjórn Málvísindastofnunar voru eins og áður þeir Höskuldur Þráinsson, stjórnarformaður, og Matthew Whelpton. Fulltrúi framhaldsnema var Theódóra A. Torfadóttir en Rannveig Sverrisdóttir var varamaður í stjórn. Stjórnin naut sem fyrr liðsinnis verkefnastjóra Hugvísindastofnunar. Stofnunin hafði aðstöðu í Gimli fram í september en fluttist þá á þriðju hæð Árnagarðs. Þá deilir stofnunin vinnuherbergi á þriðju hæð Nýja-Garðs.

Þórhallur Eypórsson var ráðinn sérfræðingur við Málvísindastofnun frá 1. júlí 2011 í samræmi við nýjar reglur Hugvísindastofnunar um slíkar ráðningar. Þórhallur hafði aðstöðu í vinnuherbergi stofnunarinnar og sömuleiðis Tania Strahan nýdoktor þar til starfssamningur hennar rann út. Ýmsir rannsóknamenn höfðu tímabundna vinnuaðstöðu í Árnagarði, Nýja-Garði og hjá Stofnun Árna Magnússonar að Neshaga 16.

Félagar í Málvísindastofnun á árinu voru 25 en þá eru ótaldir rannsóknamenn í tímabundnum verkefnum.

## Rannsóknir

### Rannsóknaverkefni og rannsóknastyrkir til félaga í Málvísindastofnun

Félagar í Málvísindastofnun stýra fjölmörgum rannsóknaverkefnum eða taka þátt í þeim, ýmist íslenskum eða fjölþjóðlegum. Á árinu bættust þrjú ný verkefni í þann hóp:

- Eiríkur Rögnvaldsson er verkefnisstjóri íslenska hlutans í META-NORD, en það er máltækni-verkefni sem nýtur styrks frá Evrópusambandinu.
- Matthew Whelpton er verkefnisstjóri íslenska hlutans í verkefninu Evolution of Semantic Systems, en því er stýrt frá Max Planck Institute of Psycholinguistics í Nijmegen.

- Rannveig Sverrisdóttir og Jóhannes Gísli Jónsson sitja í stjórn verkefnisins Rannsókn á málfræði tákna í Evrópu, en það er svokallað COST-verkefni á vegum Evrópusambandsins.

Þá var haldið áfram vinnu við ýmis verkefni sem hafa notið styrkja frá Rannsóknasjóði (gegnum Rannís), Rannsóknasjóði háskólans, Þjóðhátíðarsjóði o.fl. Þetta eru einkum verkefni Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð (Rannís og Þjóðhátíðarsjóður, Höskuldur Þráinsson o.fl.), Málfræðilegar formdeildir og hlutverksliðir með hliðsjón af miðlunarhætti (Rannís, Jóhannes Gísli Jónsson o.fl.), Hagkvæm máltækni utan ensku – íslenska tilraunin (öndvegisstyrkur frá Rannís, Eiríkur Rögnvaldsson o.fl.), Samspil bragkerfis, hljóðkerfis og setningagerðar (Rannís, Þórhallur Eyþórsson o.fl.), Söguleg hljóðkerfis- og beygingarfræði forníslensku (Rannís, Jón Axel Harðarson), Söfnun og skráning gagna um íslenska tákna (Þjóðhátíðarsjóður, Rannveig Sverrisdóttir), Indo-European Case and Argument Structure in a Typological Perspective (Háskólinn í Bergen, íslenskur meðstjórnandi Þórhallur Eyþórsson), Sögulegur íslenskur trjábanks (Rannsóknasjóður Háskóla Íslands, Eiríkur Rögnvaldsson), Brag- og málkerfi dróttkvæða og rímna: textavinna og braggreining (Rannsóknasjóður Háskóla Íslands, Kristján Árnason), Umskráning og aðlögun mállýskugagna (Rannsóknasjóður Háskóla Íslands, Höskuldur Þráinsson), Íslenskt mál á 19. öld (Rannsóknasjóður Háskóla Íslands, Jóhannes Gísli Jónsson). Þá eru ótaldar allar þær rannsóknir sem félagar í stofnuninni vinna að í rannsóknatíma sínum án þess að hljóta til þess sérstaka styrki.

Loks má nefna að Málvísindastofnun fékk sjálf styrk frá Vinnumálastofnun til þess að ráða starfsmann til að endurnýja heimasíðu.

## Styrkir sem stofnunin veitti

Stofnunin tók upp þá nýbreytni að veita MA-nemum styrki til þess að fara á ráðstefnur erlendis til að flytja fyrirlestra, enda eiga þeir ekki kost á öðrum styrkjum til þess. Stofnunin veitti tvo slíka styrki á árinu. Önnur nýjung voru mótframlög vegna styrkja úr Nýsköpunarsjóði námsmanna og frá Vinnumálastofnun. Þrjú slíkir styrkir voru veittir á árinu, tveir vegna verkefna sem Nýsköpunarsjóður styrkti og einn vegna styrks frá Vinnumálastofnun.

## Kynningarstarfsemi og útgáfa

### Ný heimasíða

Meginþáttur í kynningarstarfsemi stofnunarinnar á árinu var vinna við nýja heimasíðu (sjá [malvis.hi.is](http://malvis.hi.is)). Þar má nú finna ítarlegar upplýsingar um félagi í stofnuninni og rannsóknir þeirra, yfirlit yfir útgáfubækur stofnunarinnar, fræðilegar ráðstefnur sem eru á döfinni, upplýsingar um rannsóknastyrki o.s.frv.

### Ráðstefnur

Stofnunin átti aðild að eftirfarandi ráðstefnum á árinu:

- Aðild að Rask-ráðstefnu með Íslenska málfræðifélaginu í janúar.
- Heimsókn prófessors Frans Gregersen í Kaupmannahöfn á Hugvísindaping í mars.
- Stuðningur við alþjóðlega bragfræðiráðstefnu í september (tengd rannsóknaverkefnum Þórhalls Eyþórssonar og Kristjáns Árnasonar).

Þá hafði stofnunin samvinnu við Íslenska málfræðifélagið um hið svokallaða „Málvísindakaffi“ á föstudögum en Málfræðifélagið sá um skipulagninguna að þessu sinni.

### Útgáfa

Meginkostnaður stofnunarinnar vegna útgáfustarfsemi á árinu fólst í því að sjá um umbrot og frágang á nýrri útgáfu bókarinnar Faroese: A Handbook and Reference Grammar eftir Höskuld

Práinsson o.fl. Málvísindastofnun gefur bókina nú út í samvinnu við forlagið Fróðskap í Færeyjum. Nokkrar kennslubækur voru endurútgefnar en engar nýjar bækur komu út á árinu.

## Fjármál

Málvísindastofnun fær fast framlag frá Hugvísindastofnun, eins og aðrar aðildarstofnanir hennar. Auk þess fær stofnunin viðbótarframlag sem er í hlutfalli við þá rannsóknastyrki sem félagar í stofnuninni afla. Þar sem félagar í Málvísindastofnun hafa fengið allmarga styrki úr samkeppnissjóðum undanfarin ár hefur fjárhagur stofnunarinnar batnað til muna.

## Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum er þverfagleg stofnun sem heyrir undir Hugvísindasvið. Rannsóknastofan miðlar þekkingu á sviði kvenna- og kynjafræða, m.a. með því að sinna rannsóknum, styðja við bakið á rannsakendum og skipuleggja ráðstefnur og fundi. Stofnunin tekur þátt í evrópskum og norrænum rannsóknaverkefnum og tengslanetum með fjölbreyttum áherslum. Þá birtir hún niðurstöður rannsókna á fræðasviðinu með bókaútgáfu og hefur frá upphafi staðið fyrir reglulegum fyrirlestrum og ræðum þar sem fræðimenn kynna rannsóknaverkefni sín.

## Stjórn og starfslíð

Forseti Hugvísindasviðs skipaði, 28. janúar 2011, nýja stjórn Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum til næstu þriggja ára. Í stjórninni sitja: Guðni Elísson, prófessor í bókmenntafræði, stjórnarformaður, Kristín Björnsdóttir, prófessor í hjúkrunarfræði, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor í menntunarfræðum, og Anna Karlsdóttir, lektor í landfræði. Fastir starfsmenn Rannsóknastofunnar eru Irma Erlingsdóttir og Hildur Fjóra Antonsdóttir.

## Viðburðir

Auk hefðbundinna hádegisfyrirlestra, sem eru haldnir hálfsmánaðarlega, stóð stofnunin fyrir nokkrum stærri viðburðum. Í september stóð rannsóknastofan fyrir málþingi sem bar yfirskriftina War Rapes and Peace-Building in Bosnia and Herzegovina, sem og málþingi um stöðu kvenna innan vísindasamfélagsins. Það þing var haldið í samstarfi við Heilbrigðisvísindasvið. Í nóvember skipulagði stofan alþjóðlega ráðstefnu í samstarfi við Eddu – öndvegissetur og norræna samstarfsnetið Gender, Body, Health. Hæst bar hins vegar alþjóðlegu ráðstefnuna Þræðir og fléttur – Menning, samfélag og umhverfi, sem haldin var í tilefni af 20 ára afmæli Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum.

## Útgáfa

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum stóð að útgáfu tveggja bóka á árinu. Annars vegar kom út bókinn Á rauðum sokkum á vegum stofunnar og Háskólaútgáfunnar og hins vegar bókinn Nútímans konur. Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850–1903 eftir Erlu Huldu Halldórsdóttur á vegum stofunnar, Sagnfræðistofnunar og Háskólaútgáfunnar.

## Rannsóknir

Unnið var að rannsóknaverkefninu Kynjaðar afleiðingar fjármálakreppunnar. Markmið rannsóknarinnar var að skoða ólíka þætti er varða verkaskiptingu kynjanna á heimilum í tengslum við fjármálakreppuna.





## Kvennaslóðir

Vefsetrið Kvennaslóðir ([www.kvennaslodir.is](http://www.kvennaslodir.is)) er gagnabanki með nöfnum og ferilskrárm kvensérfræðinga á ýmsum sviðum. Markmið Kvennaslóða er að gera þekkingu og hæfni kvenna sýnilega og aðgengilega.

## Samstarfsnet

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum starfar náið með erlendum stofnunum á sviði kvenna- og kynjafræða, m.a. NIKK (Norrænu rannsóknastofnuninni í kvenna- og kynjafræðum/jafnréttisfræðum), sem er hýst við Háskólann í Osló, AOIFE (Association of Institutions for Feminist Education and Research in Europe) og ATHENA (Advanced Thematic Network in Activities in Women's Studies in Europe), sem nýtur styrks úr Grundtvig-áætluninni. Árið 2011 starfaði Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum með fjölda innlendra samstarfsaðila líkt og venja hefur verið. Stofnunin á m.a. fulltrúa í nefnd um konur og vísindi á vegum menntamálaráðuneytisins, í stjórn Kvennasögusafnsins, í stjórn Miðstöðvar munnlegrar sögu, í jafnréttisráði og í nefnd fjármálaráðuneytisins um kynjaða fjárlagagerð.

## Heimasíða

Á heimasíðu Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum er þekkingu miðlað um kvenna- og kynjarannsóknir, sagt er frá rannsóknum, ráðstefnum og ólíkum möguleikum á rannsóknasviðinu. Slóð heimasíðunnar er [www.rikk.hi.is](http://www.rikk.hi.is).

## Edda – öndvegissetur

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum er systurstofnun og samstarfsaðili Eddu – öndvegisseturs. Edda er eitt af þremur verkefnum sem fengu öndvegisstyrk á grundvelli markáætlunar vísinda- og tækniráðs árið 2009 og er sjálfstæð rannsóknastofnun sem heyrir undir Hugvísindasvið. Edda er vettvangur fyrir gagnrýnar samtímarannsóknir á sviði samfélags-, stjórn mála- og menningarrýni með áherslu á jafnrétti og margbreytileika.

## Alþjóðlegur jafnréttisskóli

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum er samstarfsaðili Alþjóðlegs jafnréttisskóla – GEST Programme (sem hét áður GET Programme) er stofnsettur var árið 2009 og er þróaður samhliða Eddu – öndvegissetri. Á þriðja starfsári GEST tók skólinn á móti sjö nemendum frá Palestínu, Mósambík og Úganda sem stunduðu nám við hann í 20 vikur á haustmánuðum. Skólinn stóð jafnframt fyrir fjölda viðburða á árinu. Markmið Alþjóðlegs jafnréttisskóla er að þjálfa nemendur til þess að takast á við jafnréttismál á víðum grundvelli í heimalandi sínu. Námið er þverfaglegt og rekið við Hugvísindasvið Háskóla Íslands í samstarfi við utanríkisráðuneytið.

## Sagnfræðistofnun

Sagnfræðistofnun annast grunnrannsóknir í sagnfræði og fornleifafræði, ein og sér eða í samvinnu við aðrar stofnanir. Einnig gengst hún fyrir ráðstefnum, annast útgáfustarfsemi og tekur að sér þjónusturannsóknir fyrir opinbera aðila og einkaaðila. Stofnunin hefur til umræða skrifstofu fyrir gestafræðimenn í Gimli og einnig aðstöðu í Guðnastofu í Árnagarði, en þar er einnig bókasafn hennar. Hún fær árlegt framlag af fjárveitingu Hugvísindastofnunar og aflar auk þess viðbótarstyrkja til starfseminnar.

## Stjórn og starfsmenn

Í stjórn sátu á árinu Valur Ingimundarson, forstöðumaður, Anna Agnarsdóttir, fulltrúi starfsmanna, og Ólafur Arnar Sveinsson, fulltrúi meistaranema. Kennarar í sagnfræði og fornleifafræði eru fastalið stofnunarinnar en einnig starfsfólk, sérfræðingar og styrkþegar stofnunarinnar og framhaldsnemar í sömu greinum. Loks eru kennarar á eftirlaunum félagar í Sagnfræðistofnun. Stúdentar hafa gegnt tímabundnum verkefnum fyrir stofnunina, s.s. skrásetningu bókakosts, umsjón með vefsetrinu Söguslóðum og vinnu við bókalager. Forstöðumaður hafði á hendi framkvæmdastjórn og daglegan rekstur. Hann er enn fremur fulltrúi stofnunarinnar í stjórn Hugvísindastofnunar.

## Fyrirlestrar

Meðal viðburða á vegum Sagnfræðistofnunar á árinu má nefna eftirfarandi:

- Bernd Wegner, prófessor við Helmut Schmidt-háskólann í Hamborg hélt fyrirlestur á vegum stofnunarinnar um Þýskaland og Evrópu á 20. öld.
- Í tilefni 200 afmælis Jóns Sigurðssonar stóð Sagnfræðistofnun, ásamt Háskóla Íslands og afmælisnefnd Jóns Sigurðssonar, fyrir málþingi undir heitinu Þjóðhetjan og Þjóðríkið – Jón Sigurðsson 200 ára.
- Sagnfræðistofnun stóð að ráðstefnunni Cold War Cultures – Ideologies, Exchanges, Representations. Ráðstefnan var haldin við Háskóla Íslands og var hluti af norrænu samstarfsneti og rannsóknaverkefni sem ber heitið the Nordic and North/Central European Network of Cold War Researchers (NORCENCOWAR) en það er fjármagnað með styrk frá norræna vísindasjóðnum Nordforsk.

Enn fremur tók Sagnfræðistofnun þátt í undirbúningi 4. íslenska sögupingsins (2012).

## Rannsóknir

Rannsóknir einstakra starfsmanna, sem margar hverjar nutu styrkja á árinu, meðal annars úr Rannsóknasjóði háskólans, eru jafnframt helstu verkin sem unnin eru á vegum Sagnfræðistofnunar og er gerð grein fyrir þeim í Ritaskrá Háskóla Íslands.

## Annað

Stofnunin hefur komið að ýmsum verkefnum í samstarfi við aðra (s.s. Reykholtuverkefni; ritun á sögu utanríkisverslunar Íslands; verkefni vegna 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar og samstarfsneti um menningarsögu kalda stríðsins). Stofnunin starfrækir vefsetrið Söguslóðir ([soguslodir.hi.is](http://soguslodir.hi.is)) þar sem vistuð eru upplýsingasöfn um sagnfræði og birtar fréttir úr fræðunum.

## Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum

### Stjórn og starfsmenn

Hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum starfa 38 fræðimenn. Á árinu gegndi Auður Hauksdóttir starfi forstöðumanns og varaforstöðumaður var Oddný G. Sverrisdóttir. Fagráð var kosið vorið 2010 til tveggja ára. Í því eiga sæti, auk forstöðumanns og varaforstöðumanns, Birna Arnbjörnsdóttir, Gauti Kristmannsson, Geir Sigurðsson, Kristín Guðrún Jónsdóttir og Rebekka Þráinsdóttir. Verkefnastjóri var Hrefna Ingólfsdóttir. Á árinu hlaut Gauti Kristmannsson framgang í starf prófessors.

## Starfsemi stofnunarinnar

Árið 2011 var tíunda starfsár Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Á þessum tímamótum var lögð áhersla á að efla innra starf stofnunarinnar og móta framtíðarstefnu um rannsóknir og alþjóðlegt samstarf. Áfram var unnið að undirbúningi að byggingu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur sem mun rísa á horni Suðurgötu og Brynjólfsgötu. Efnt var til hönnunarsamkeppni um bygginguna í desember og er áætlað að verklegar framkvæmdir geti hafist á fyrri hluta árs 2013 og að byggingin verði tekin í notkun haustið 2014. Byggingin mun stórbæta aðstöðu til rannsókna og kennslu í erlendum tungumálum, sem og fyrir alþjóðlegt samstarf.

Íslensk stjórnvöld leituðu eftir samþykki Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, um að alþjóðlega tungumálamiðstöðin fengi að starfa undir merkjum hennar og var það samþykkt einróma á ársfundi UNESCO í nóvember. Alþjóðlegu tungumálamiðstöðinni er ætlað að stuðla að fjölyngi og skilningi á ólíkri menningu þjóða og varðveislu tungumála. Sérstök áhersla verður lögð á þýðingar og hlutverk þeirra fyrir menningu og tungu. Auk aðstöðu til kennslu, rannsókna og fræðastarfs verður komið á fót upplifunarsetri, þar sem leikir og lærðir geta fræðst um ólík tungumál og menningarheima á lifandi hátt. Enskt heiti miðstöðvarinnar verður Vigdís International Centre for Multilingualism and Intercultural Understanding.

Gerð er ítarlegri grein fyrir starfsemi stofnunarinnar á árinu en hér er unnt í ársskýrslu hennar sem er birt á vefslóðinni: [http://vigdis.hi.is/sites/vigdis.hi.is/files/rsskyrsla\\_svf\\_2011\\_0.pdf](http://vigdis.hi.is/sites/vigdis.hi.is/files/rsskyrsla_svf_2011_0.pdf).

## Ráðstefnur og málþing

Að venju stóð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum fyrir ráðstefnum, málþingum og fyrirlestrum.

- 25.–28. maí: Alþjóðleg ráðstefna um rannsóknir á norrænum málum sem öðru og erlendu máli var haldin í samvinnu við Málvísindastofnun Háskóla Íslands. Lykilfyrirlesarar voru Alan Firth, dósent við háskólann í Newcastle, Anne Holmen, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla, Diane Larsen-Freeman, prófessor við háskólann í Michigan, og Ema Ushioda, dósent við háskólann í Warwick. Auk þeirra voru flutt nokkur sjálfstæð erindi og um sjötíu fræðimenn fjölluðu um rannsóknir sínar í 20 málstofum. Rúmlega hundrað erlendir fræðimenn sóttu ráðstefnuna og hátt á þriðja tug Íslendinga.
- 27.–28. október: Ráðstefna um norrænar tungumála- og menningarrannsóknir í tilefni af 100 ára afmæli Háskóla Íslands. Ráðstefnan hófst með lykilfyrirlestri prófessors Jørn Lund frá Danmörku, en meðal annarra erlendra fyrirlesara má nefna Anju Saxena, prófessor við Uppsalaháskóla, Anne Holmen, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla, Brit Mæhlum, prófessor við NTNU, Giselu Håkanson, prófessor við háskólann í Lundi, Gunnstein Akselberg, prófessor við háskólann í Bergen, Jens Allwood og Lars Borin, prófessora við Gautaborgarháskóla, Marjut Vehkanen, CIMO í Finnlandi, og Ullu Börestam, prófessor við Uppsalaháskóla.
- 18. mars: Málþing um norrænan mótternisma í bókmenntum, myndlist og arkitektúr. Að þinginu stóðu kennarar í norrænum málum sem starfa hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, svo og Stofnun Árna Magnússonar. Fyrirlesarar voru Benedikt Hjartarson, aðjunkt við Háskóla Íslands, Claus Ankersen rithöfundur, Guja Dögg Hauksdóttir arkitekt, Hadle Oftedal Andersen, lektor við Helsinkiháskóla, Ingmar Lemhagen gagnrýnandi og Tania Ørum, lektor við Kaupmannahafnarháskóla. Jón Yngvi Jóhannsson bókmenntafræðingur stjórnaði umræðum.
- 23. mars: Alliance française og námsbraut í frönskum fræðum við Háskóla Íslands efndu til málþingsins Er franska málið? ásamt Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum í tilefni af hátíð franskrar tungu og var það mjög vel sótt. Rætt var um gildi þess að kunna frönsku og fólk úr ólíkum starfsgreinum sagði frá því hvernig franskan nýtist þeim í starfi. Vigdís Finnbogadóttir setti þingið en aðrir þátttakendur voru: Edda Bergsveinsdóttir, nemi í frönskum fræðum, Silja Bára Ómarsdóttir, aðjunkt í stjórn málafræði, Nína Björk Jónsdóttir, sendiráðsritari í

utanríkisráðuneytinu, Eiríkur Ingvar Ingvarsson, forstjóri Eden Mining ehf., Katrín Ólína hönnuður, Guðrún Vilmundardóttir, útgáfustjóri hjá Bjarti, og Ásdís R. Magnúsdóttir prófessor, sem stýrði umræðum.

- Hugvísindamars: Hugvísindaping. Dagana 11.–12. mars fluttu tólf starfsmenn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum erindi auk Eriks Skyum-Nielsen, lektors við Kaupmannahafnarháskóla, en hann var gestafyrirlesari stofnunarinnar á Hugvísindapingi. Dagana 25.–26. mars efndu stofnanir á sviðinu til þematengdra málstofa með starfsmönnum, doktorsnemum, nýdöktorum og gestafræðimönnum.
- Apríl: Vinnustofa um rafræn kennslugögn. Annegret Middeke og Matthias Jung frá Fachverband für Deutsch als Fremdsprache fræddu tungumálakennara um hvernig hægt er að útbúa kennslugögn á rafrænu formi svo að þau nýtist öðrum sem kenna sama efni annars staðar.
- 7. apríl: Málping um norræn tjáskipti var haldið í samstarfi við sendiráð Svíþjóðar, Noregs, Danmerkur og Finnlands ásamt Svensk-Ísländska Samarbetsfonden og Dansk-Íslandsk Samarbejdsudvalg. Vigdís Finnbogadóttir setti þingið og því næst tók menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, til máls. Meðal fyrirlesara voru Lars Erik Edlund, prófessor við háskólann í Umeå, Bodil Aurstad frá Nordisk sprogkoordination, Auður Hauksdóttir, dósent í dönsku við Deild erlendra tungumála, og Michael Dal, lektor í dönsku við Menntavísindasvið.
- 2. maí: Málstofa um rannsóknir á norrænum tungumálum. Randi Benedikte Brodersen, lektor í dönsku, hafði umsjón með málstofunni en erindi fluttu Auður Hauksdóttir dósent, Gunnstein Akselberg, prófessor við háskólann í Bergen, Marc D.S. Volhardt, stundakennari við Háskóla Íslands, Peter Raagaard, lektor á Menntavísindasviði, Randi Benedikte Brodersen og Þórhildur Oddsdóttir aðjunkt.
- 9. nóvember: Málping um frönskukennslu í tilefni sameiginlegs 100 ára afmælis Háskóla Íslands og Alliance française á Íslandi á árinu. Á þinginu var litið yfir farinn veg, horft til framtíðar og leitast við að meta stöðu frönskunnar í íslensku menntakerfi. Framsögumenn voru Friðrik Rafnsson, forseti Alliance française á Íslandi, Sigríður Anna Guðbrandsdóttir, formaður Félags frönskukennara á Íslandi, Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönsku máli og bókmenntum, María S. Gunnarsdóttir frönskukennari, Sigurborg Jónsdóttir framhaldsskólakennari, Edda Bergsveinsdóttir og Dóra Haraldsdóttir, nemendur í frönskum fræðum, og Arnór Guðmundsson, skrifstofustjóri í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Fundarstjórar voru Ásta Ingibjartsdóttir, Eyjólfur Már Sigurðsson og François Heenen.
- 17. nóvember: Kynning á máltækinu [www.frasar.net](http://www.frasar.net) sem var opnað árið 2010. Kynningin var haldin í samvinnu við Félag dönskukennara. Auður Hauksdóttir og Guðrún Haraldsdóttir gerðu grein fyrir viðbótum og nýjum leitarmöguleikum og Erna Jessen og Elísabet Valtýsdóttir kynntu verkefni og leiki sem þær hafa samið.
- 18. nóvember: Ítölsk mosaík, dagskrá í tilefni viku ítalskrar tungu og menningar sem var þetta árið helguð 150 ára afmæli sameiningar Ítalíu. Ítölskukennarar við Háskóla Íslands og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum stóðu fyrir dagskránni í samvinnu við Ítalska félagið á Íslandi og ítalska sendiráðið í Osló. Erindi fluttu Marco Bertollo, varaformaður Ítalska félagsins á Íslandi, Maurizio Tani, stundakennari í ítölsku, og Stefano Rosatti, aðjunkt í ítölsku við Háskóla Íslands. Pamela De Sensi lék á flautu á milli atriða.

## Fyrirlestrar

- Í janúar var haldin fyrirlestraröð um spænska tungu á vegum námsleiðar í spænsku við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Fyrirlesarar voru Mar Cruz Piñol, dósent við háskólann í Barcelona, Estrella Montolio Durán, prófessor við sama háskóla, og Juan Pablo Mora, dósent við háskólann í Sevilla.
- Á vormisseri stóðu námsbraut í rússnesku við Háskóla Íslands, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og sendiráð Rússneska sambandsríkisins fyrir röð erinda þar sem fjallað var um ýmsa þætti rússneskrar menningar. Fyrirlesarar voru Rebekka Þráinsdóttir, aðjunkt í

rússnesku, Anna Guðlaugsdóttir rússneskufræðingur, Árni Bergmann, rithöfundur og þýðandi, Áslaug Thorlacius myndlistarmaður, Elísa Björg Þorsteinsdóttir, listfræðingur og þýðandi, og Pétur Pétursson, prófessor í guðfræði.

- Í tengslum við heimsókn danskra menntaskólanemenda og rannsókn á málfari ungs fólks í Danmörku voru haldnir tveir fyrirlestrar um málfar ungra Dana og svokölluð gíraffatjáskipti eða tjáskipti án ofbeldis. Fyrirlestrarnir voru hluti af málstofu við Háskóla Íslands um málfar ungmenna og voru í umsjón Randi Benedikte Brodersen hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.
- Peter Austin, prófessor við University of London, hélt fyrirlesturinn 7,000 Languages: Linguistic and Cultural Diversity from Global and Local Perspectives.
- Azucena Penas, dósent við Universidad Autónoma de Madrid (UAM) í Madríd, hélt fyrirlestur um gerð spænskra orðabóka.
- Alberto Blanco, eitt þekktasta ljóðskáld Mexíkós, hélt fyrirlesturinn Twenty Chapters of Mexican Art in the 20th Century.
- Neil Munro, ráðstefnutúlkur hjá Evrópusambandinu, hélt fyrirlesturinn Margtyngi Evrópusambandsins – prófraun í samskiptum.
- Ulla Börestam, prófessor við Uppsalaháskóla, hélt fyrirlestur um norrænan málskilning og tjáskipti.

## Alþjóðleg rannsóknaverkefni og samstarfsnet

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum tekur þátt í samstarfsnetinu CampUSCulturae ásamt rannsóknastofnunum í fimm öðrum háskólum í jafnmörgum Evrópulöndum. Á árinu fékk netið styrk úr Menningaráætlun Evrópusambandsins til rannsókna á barnabókmenntum og barnamenningu, ásamt varðveislu menningar minnihlutahópa, sem margir hverjir tala tungumál sem eiga í vök að verjast.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum hlaut styrk frá norrænu samstarfsnefndinni um hug- og félagsvísindarannsóknir (NOS-HS) til að standa fyrir samstarfsnetinu Lingua Nordica – Lingua Franca, en starfsemi þess snýst um rannsóknir á norrænum tjáskiptum.

## Aðrir viðburðir

Japanshátíð var haldin sjöunda árið í röð í janúar, í samvinnu við sendiráð Japans á Íslandi og námsleið í japönsku við Háskóla Íslands. Meðal annars var sýnd teathöfn, blómaskreytingar og kynning á bardagaíþróttum.

Menningar- og menntamálaráðherra grænlesku landstjórnarinnar, Mimi Karlsen, heimsótti Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum í maí. Hlýddi hún á kynningu Auðar Hauksdóttur, forstöðumanns stofnunarinnar, á alþjóðlegu tungumálamiðstöðinni sem hýsa mun m.a. sérstök heimasvæði fyrir grænlesku, færeysku og samísku.

Sjónvarpsþáttur um Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum var á dagskrá Ríkissjónvarpsins í maí. Þar var rætt við Vigdísu Finnbogadóttur og nokkra fræðimenn um starfsemi stofnunarinnar og framtíðarsýn. Einnig fjölluðu þjóðþekktir rithöfundar um erlend tungumál og menningu og gildi tungumála fyrir einstaklinga og samfélag. Viðar Víkingsson hafði veg og vanda af gerð þáttarins.

Evrópski tungumáladagurinn var haldinn hátíðlegur 26. september í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneyti, STÍL – samtök tungumálakennara og samtökin AUS, AFS og Móðurmál.

Reglulega voru haldnar kvikmyndasýningar fyrir nemendur og almenning. Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýndi kínverskar kvikmyndir og einnig voru ítalskar, franskar, spænskar og rússneskar kvikmyndir teknar til sýninga. Í mars var efnt til þýskra kvikmyndadaga í samvinnu RIFF, Goethe Institut, Sjónlínunnar, Kötlu Travel, sendiráðs Þýskalands á Íslandi, Þýsk-íslenska viðskiptaráðsins, RÚV og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

## Útgáfa fræðiritra

- Milli mála, ársrit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, 2011. Þriðja hefti ársritsins fjallar um erlendar bókmenntir frá ýmsum sjónarhornum. Í ársritinu birta sjö fræðimenn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum greinar um rannsóknir sínar, þau Ásdís R. Magnúsdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir, Hólfríður Garðarsdóttir, Magnús Fjalldal, Martin S. Regal, Oddný G. Sverrisdóttir og Stefano Rosatti. Auk fræðigreina er einnig að finna nokkrar þýðingar. Bókinni ritstýrðu Sigrún Ástríður Eiríksdóttir og Erla Erlendsdóttir. Ársritið er gefið út í samvinnu við Háskólaútgáfuna.
- Hliðargötur / Sideroads. Bókin er tvímála útgáfa ljóðabókar Jónasar Þorbjarnarsonar og kom út á vegum stofnunarinnar og Háskólaútgáfunnar. Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og JPV-útgáfa veittu styrk til að gefa út bókina. Ástráður Eysteinnsson og Júlían Meldon D'Arcy þýddu.
- Vörður í menningarfræði samtímans, ný ritröð á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, hóf göngu sína á árinu. Fyrstu bækurnar í ritröðinni eru Rekferðir, greinasafn eftir Guðna Elísson, prófessor í bókmenntafræðum, og Viðbrögð úr Víðsjá, safn ritdóma eftir Gauta Kristmannsson, prófessor í þýðingafraeði. Markmið ritraðarinnar er að birta greinasöfn sem fjalla um menningar- og fræðileg málefni samtímans.

## Tungumálamiðstöð

### Stjórn og starfslíð

Eyjólfur Már Sigurðsson er forstöðumaður miðstöðvarinnar og auk hans störfuðu eftirfarandi nemendur í tímavinnu á árinu: Kristín Una Friðjónsdóttir, Sabine Sennefelder, Tinna Þórudóttir Þorvaldsdóttir, Lenka Kovárová, Natalia Kovachkina, Edda Ýr Meier og Þorvaldur Skúli Björnsson.

### Starfsemi

Sem fyrr bauð miðstöðin upp á tungumálanámskeið bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Nemendum gafst kostur á að stunda nám í dönsku, frönsku, ítölsku, spænsku og þýsku. Íslenskunámskeið voru haldin fyrir erlenda starfsmenn háskólans bæði á vormisseri og á haustmisseri og einnig var boðið upp á ensku- og dönskunámskeið fyrir starfsmenn. Tungumálamiðstöðin bauð upp á fjarkennslu í íslensku (Icelandic Online PLUS). Í boði voru bæði námskeið fyrir byrjendur og lengra komna. Miðstöðin hélt reglulegar vinnustofur fyrir tungumálakennara og hélt alþjóðleg stöðupróf bæði í þýsku (TestDaF) og spænsku (DELE).

### Alþjóðlegt samstarf

Tungumálamiðstöðin er í margs konar samstarfi við erlenda aðila. Hún er meðlimur í CERCLES (Confédération Européenne des Centres de Langues de l'Enseignement Supérieur) sem eru Evrópusamtök tungumálamiðstöðva á háskólastigi.

Miðstöðin hélt áfram þátttöku í samstarfsnetinu Lingu@net World Wide sem styrkt er af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og hófst það verkefni í lok árs 2009. Verkefnið er framhald af fyrra verkefni Lingu@net Europa.

Forstöðumaður Tungumálamiðstöðvarinnar situr í stjórn Tungumálamiðstöðvarinnar í Graz í Austurríki (ECML, European Centre for Modern Languages). Hlutverk hennar er að efla og styðja við nám og kennslu í tungumálum í Evrópu.



# VELKOMIN Í HÁSKÓLA ÍSLANDS



HÁSKÓLUGA FÓLKINS

- Gætt
- Gætt
- Gætt
- Gætt



# Menntavísindasvið

## Skipulag og stjórn

Á Menntavísindasviði eru þrjár deildir: Íþróttta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild, Kennaradeild og Uppeldis- og menntunarfræðideild.

Forseti sviðsins var Jón Torfi Jónasson. Deildarforseti Íþróttta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeildar var Erlingur Jóhannsson prófessor og varadeildarforseti Ástríður Stefánsdóttir dósent. Deildarforseti Kennaradeildar var Anna Kristín Sigurðardóttir lektor og varadeildarforsetar voru Ingvar Sigurgeirsson prófessor á vormisseri og Gunnar E. Finnbogason prófessor á haustmisseri. Deildarforseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar var Hanna Ragnarsdóttir dósent og varadeildarforseti Ólafur Páll Jónsson dósent. Amalía Björnsdóttir dósent gegndi starfi varadeildarforseta á haustmisseri á rannsóknamisseri Ólafs Páls.

Stjórn Menntavísindasviðs er skipuð forseta sviðsins og deildarforsetum auk þess sem nemendur eiga einn fulltrúa í stjórn. Kristjana Björk Traustadóttir var fulltrúi nemenda á árinu.

Alls voru haldnir 17 stjórnarfundir á árinu. Rekstrarstjóri sviðsins er Björg Gísladóttir og situr hún stjórnarfundum.

## Þing Menntavísindasviðs

Þing Menntavísindasviðs var haldið þann 18. ágúst 2011. Umfjöllunarefnið var starf nútímaháskóla og var það samtvinnað umræðu um framtíðarhúsnæði Menntavísindasviðs í tengslum við stefnu Háskóla Íslands. Viðfangsefnið var þarfagreining og stefnumótun fyrir sviðið með áform um nýbyggingu á háskólasvæðinu í huga.

Unnið var í þremur hópum að eftirtöldum verkefnum:

1. Samfélagið: Fengist var við spurninguna hverjum Menntavísindasvið þjónar, þ.e. gagnvart hverjum eða hverju liggja frumskyldur sviðsins. Fyrirheit og væntingar: Unnið var með þau fyrirheit eða væntingar sem gefnar eru um það sem á að koma út úr náminu fyrir:
  - a. nemendur sviðsins,
  - b. væntanlegan starfsvettvang,
  - c. íslenskt samfélag.
2. Samhengið: Reynt var að skilgreina tækifæri, ögranir eða áskoranir sem fylgdu því ef ný bygging yrði byggð fyrir sviðið á háskólasvæðinu.
3. Auðkenni / ímynd: Hóparnir beðnir um að tilgreina atriði (ljóð, orð, setningu, mynd) sem gæti táknað það sem sviðið vill standa fyrir.

Unnið var samkvæmt aðlöguðu ferli Design Down Process.

Í undirbúningsnefnd þingsins voru Anna Kristín Sigurðardóttir, deildarforseti Kennaradeildar, Guðrún Geirsdóttir dósent og Ólafur Proppé, fyrrverandi rektor Kennaraháskóla Íslands.


Auk þingsins hélt forseti sviðs tvo upplýsingafundi fyrir starfsfólk, þann fyrri þann 24. janúar og og þann síðari 6. júní.

## Starfsfólk

Í lok árs 2011 voru 177 starfsmenn í 156,6 stöðugildum við Menntavísindasvið.

### Menntavísindasvið – heildarfjöldi starfsmanna

	Fjöldi	Starfsígildi
Konur	123	105,9
Karlar	62	53,9
<b>Samtals</b>	<b>185</b>	<b>159,8</b>



### Stjórnsýsla fræðasviðs

	Karlar	Konur	Samtals
<b>Menntavísindasvið</b>	<b>8</b>	<b>22</b>	<b>30</b>
<b>Fjöldi</b>			<b>30</b>
<b>Starfsígildi</b>			<b>27,2</b>

### Menntavísindasvið – heildarfjöldi starfsmanna

	Fjöldi	Starfsígildi
Konur	115	102,3
Karlar	62	54,3
<b>Samtals</b>	<b>177</b>	<b>156,5</b>

**Nánari sundurliðun starfsmanna****Stjórnsýsla*****Kennsluskrifstofa****konur* 16 14,7*karlar* 0 0***Almenn skrifstofa****konur* 6 5,6*karlar ( þ.m.t. forseti sviðsins)* 2 1,37**Kennarar*****Aðjunkt 2 (< 50% starf tímabundið)****konur* 6 1,9*karlar* 4 1,15***Aðjunkt 1****konur* 14 12,7*karlar* 6 6***Lektorar****konur* 32 31,75*karlar* 18 17***Dósentar****konur* 18 15,75*karlar* 12 10,5***Prófessorar****konur* 11 10,5*karlar* 14 12,75***Bókasafn****konur* 8 6,4

	<i>karlar</i>	0	0
<b>Menntasmiðja</b>			
	<i>konur</i>	1	0,5
	<i>karlar</i>	5	4,49
<b>Menntavísindastofnun / Símenntun og ráðgjöf</b>			
	<i>konur</i>	3	2,5
	<i>karlar</i>	1	1
		<b>177</b>	<b>156,56</b>

Að auki voru nokkrir aðstoðarmenn á rannsóknastofnum í tímabundnum verkefnum og tveir af starfsmönnum stjórnsýslu voru í veikindaleyfi stærstan hluta ársins.

Fjórir fastráðnir akademískir starfsmenn minnkuðu við sig starfshlutfall og fóru í 49% starf. Einn hætti vegna aldurs og fjórir hurfu til annarra starfa.

## Stjórnsýsla og stoðþjónusta

Stjórnsýsla og stoðþjónusta á Menntavísindasviði skiptist á árinu í skrifstofu, Menntasmiðju, bókasafn, Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf og Menntavísindastofnun.

## Fjármál fræðasviðsins

### Fjármál Menntavísindasviðs\*

Fjárveiting	1.574.780
Sértekjur	-53.772
Tekjur alls	1.521.008
Útgjöld	1.407.733
Tekjuafgangur	113.274
Ársverk	174,7222
Skráðir nemendur	2028
Virkir nemendur	1.469
Nemendur/ársverk	11,6
Virkni nemenda	69,1%

\* Upphæðir eru í þús. kr.

## Skrifstofa

Í árslok skiptist skrifstofa Menntavísindasviðs í almenna skrifstofu og kennsluskrifstofu. Almenna skrifstofan sinnir stjórnábyrgðum málefnum, málum sviðsforseta og stjórnar, kynningar- og vefmálum, fjármálum og rekstri, starfsmannamálum og skjalamálum. Kennsluskrifstofa annast verkefnastjórn fyrir deildir, vettvangsnám og alþjóðamál. Þar er einnig haldið utan um námsferla nemenda, unnið að kennsluskrá, inntökumálum, stundatöflugerð, stofubókunum, prófaumsýslu, brautskráningu o.fl. fyrir sviðið.

## Menntasmiðja

Menntasmiðja veitir nærþjónustu á Menntavísindasviði til viðbótar við miðlæga þjónustu Reiknistofnunar, Kennslumiðstöðvar og reksturs fasteigna. Menntasmiðja sinnir einkum þjónustu við nemendur og starfsfólk vegna eigin tölva og tölvuvera, námsumsjónarkerfa, vefþjónustu og annarra upplýsingatækniverkefna með sérstakri áherslu á sveigjanlega kennsluhætti og stuðning við nám, kennslu og rannsóknir. Starfsmenn voru 6 í 5,5 stöðugildum eins og árið 2010.

Námsumsjónarkerfið Blackboard (Blakkur) var tekið úr notkun 30. júní 2011 á Menntavísindasviði en tekið upp samstarf um Moodle. Ingvar Ágúst Ingvarsson er fulltrúi Menntasmiðju í teymi sem sér um Moodle með Kennslumiðstöð og Reiknistofnun. Haustið 2011 tók Sigurður Jónsson, forstöðumaður Menntasmiðju, að sér að stjórna samstarfi íslenskra háskóla um varnir gegn ritstuldi með Turnitin-forritinu.

## Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf

Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf er stofnun við Menntavísindasvið sem stendur fyrir námskeiðum, fræðslufundum og fyrirlestrum fyrir skóla, stofnanir, félagasamtök og einstaklinga og vinnur þjónustuverkefni, einkum fyrir skóla og sveitarfélög. Stofnunin veitir einnig ráðgjöf og sér um útgáfu á sviði uppeldis, menntunar og þjálfunar. Mikið hefur dregið úr umsvifum stofnunarinnar á síðustu árum og í árslok 2011 var einn starfsmaður, Edda Kjartansdóttir forstöðumaður, í fullu starfi við hana. Vettvangsráð sviðsins er jafnframt stjórn Símenntunar – rannsókna – ráðgjafar. Sjá nánar umfjöllun um það hér að neðan.

Á árinu sóttu samtals 62 þátttakendur fjögur auglýst námskeið á vegum Símenntunar – rannsókna – ráðgjafar. Auk þess voru haldin námskeið í sex skólum fyrir u.þ.b. 200 kennara í samstarfi við skólaskrifstofur á landsbyggðinni og skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. Þá hefur stofnunin umsjón með Pestalozzi-námskeiðum á vegum Evrópuráðsins og fóru tveir verkefnisstjórar frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkur á námskeið um bættan skólabrag.

Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf tók þátt í framkvæmd Menntakviku, árlegri ráðstefnu Menntavísindasviðs, í samvinnu við Menntavísindastofnun. Stofnunin tók þátt í undirbúningi að tveimur öðrum ráðstefnum á árinu, ráðstefnu um útinám í desember og Enirdelm-ráðstefnu sem haldin var í ágúst.

Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf fékk styrk úr endurmenntunarsjóði grunnskóla í samstarfi við Kópavogsbæ fyrir skólaárið 2011–2012 og tók þátt í starfendarannsóknaverkefni með kennurum, skólastjórnum, þroskaþjálfara og starfsfólki á menntasviði Kópavogs.

Forstöðumaður Símenntunar – rannsókna – ráðgjafar vann með vettvangsráði Menntavísindasviðs sem starfsmaður ráðsins og sat einnig í stýrihópi nefndar um símenntun og starfsþróun leik-, grunn- og framhaldsskólakennara fyrri hluta ársins og seinni hluta ársins var hann starfsmaður þeirrar nefndar í 50% starfi.

Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf sá um dreifingu tímaritsins Uppeldis- og menntunar á árinu.

## Ráð og nefndir

Á Menntavísindasviði starfa fjögur starfsráð: doktorsráð, kennsluráð, rannsóknaráð og vettvangsráð, auk jafnréttisnefndar.

### Doktorsráð

Doktorsráð hefur það meginhlutverk að þróa doktorsnámið og tryggja að það standist alþjóðlegar kröfur. Það starfar með deildum Menntavísindasviðs og hefur umsjón með náminu, námskeiðahaldi og þeirri stjórnýslu sem námið krefst. Auk þess hefur ráðið samstarf við Miðstöð framhaldsnáms um doktorsnámið.

Doktorsráð skipuðu: Ólöf Garðarsdóttir prófessor, formaður, Gretar L. Marinósson prófessor, varaformaður, Anna Sigríður Ólafsdóttir dósent, Gunnhildur Óskarsdóttir dósent, Guðrún Kristinsdóttir prófessor og Jón Ingvar Kjaran, fulltrúi doktorsnema. Verkefnisstjóri er Sólrún B. Kristinsdóttir. Varamenn voru Gunnar E. Finnbogason prófessor, Guðrún V. Stefánsdóttir dósent, Amalía Björnsdóttir dósent og Anh-Dao Tran, fulltrúi doktorsnema.

Meginviðfangsefni doktorsráðs á árinu, auk þess að annast inntöku nema í doktorsnám, var að ganga frá reglum um doktorsnám við sviðið. Þá var unnið að því að útfæra verklag fyrir áfangamat og doktorsvarnir.

### Rannsóknaráð

Hlutverk rannsóknaráðs sviðsins er að efla rannsóknir á sviðinu. Á vormisseri 2011 skipuðu ráðið: Steinunn Gestsdóttir dósent, formaður, Guðný Guðbjörnsdóttir prófessor, Helga Rut Guðmundsdóttir lektor, Jóhanna Einarsdóttir prófessor, Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor og Sigurborg Matthíasdóttir, fulltrúi nemenda. Varamenn voru Gestur Guðmundsson prófessor og Sólvieg Jakobsdóttir dósent. Nýtt rannsóknaráð var skipað 1. júlí 2011 til 30. júní 2013. Í því sitja: Steinunn Gestsdóttir dósent, formaður, Helgi Skúli Kjartansson prófessor, Helga Rut Guðmundsdóttir lektor, Jóhanna Einarsdóttir lektor og Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor og Edda Óskarsdóttir fulltrúi framhaldsnemenda. Ekki voru skipaðir varamenn. Ráðið starfar sem stjórn Menntavísindastofnunar. Forstöðumaður stofnunarinnar er Kristín Erla Harðardóttir.

Rannsóknaráð og forstöðumaður Menntavísindastofnunar höfðu samstarf um ýmis mál sem snerta rannsóknir við sviðið. Má þar helst nefna að Menntavísindastofnun hafði umsjón með Menntakviku, ráðstefnu Menntavísindasviðs, forstöðumaður gaf upplýsingar og aðstoðaði við styrkumsóknir og fjármögnun rannsókna, var ráðgefandi um rannsóknir, utanumhald um rannsóknafé og uppgjör þess. Að auki voru gerðir samningar við nýjar rannsóknastofur við sviðið og áttu ráðið og Menntavísindastofnun í samstarfi við stjórn sviðsins og doktorsráð um þau mál.

Formaður rannsóknaráðs er fulltrúi Menntavísindasviðs í vísindanefnd Háskóla Íslands og tók ráðið helstu viðfangefni vísindanefndar til umfjöllunar, auk þess sem það sinnti hlutverki fagráðs sviðsins sem leggur faglegt mat á umsóknir fræðimanna og doktorsnema í Rannsóknasjóð Háskóla Íslands.

### Vettvangsráð

Vettvangsráð Menntavísindasviðs hóf störf í mars 2009. Því er ætlað að efla samstarf við þann vettvang sem Menntavísindasvið þjónar, m.a. að hafa yfirsýn yfir þau verkefni sem tengjast samstarfi við vettvang, beita sér fyrir kynningu á þeim innan og utan sviðsins og setja fram hugmyndir um hvernig má sinna þeim betur. Ráðinu er einnig gert að setja fram hugmyndir að

stefnu Menntavísindasviðs í einstökum málaflokkum, m.a. um vettvangsnám, símenntun, þróunarstarf, ráðgjöf, tengsl sviðsins við atvinnulíf, rannsóknir á vettvangi, samráð við hagsmunaaðila og kynningar-, útgáfu- og fræðslustarf.

Formaður vettvangsráðs er Guðný Helga Gunnarsdóttir lektor. Hún tók við formennsku á árinu 2011 af Ingvari Sigurgeirssyni prófessor. Aðrir í ráðinu voru Guðmundur B. Kristmundsson dósent, Sigríður Pétursdóttir, deildarstjóri Kennaradeildar, og Bryndís Garðarsdóttir lektor. Varamenn voru þær Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir lektor og Kristín Lilliendahl aðjunkt og tóku þær fullan þátt í störfum ráðsins á árinu. Edda Kjartansdóttir, forstöðumaður Símenntunar – rannsóknar – ráðgjafar, vann með vettvangsráðinu sem starfsmaður og er vettvangsráð jafnframt stjórn Símenntunar – rannsóknar – ráðgjafar.

Á árinu vann ráðið m.a. við það að skilgreina hlutverk sitt og skýra áhersluatriði. Fjallað var um hvernig koma má stefnu ráðsins í framkvæmd. Meðal annars var byrjað að ræða hvernig opna megi formlegt nám á sviðinu fyrir þær stéttir sem starfa á vettvangi og leita leiða til að efla samstarf sviðsins við vettvang. Heimasiða ráðsins er [www.vefsetur.hi.is/mvsavettvangi/](http://www.vefsetur.hi.is/mvsavettvangi/) en þar er stefnt að því að finna megi m.a. upplýsingar um vettvangstengd verkefni starfsmanna sviðsins.

### **Kennsluráð**

Ýmis starfsemi fór fram á vegum kennsluráðs Menntavísindasviðs. Meðal þess sem ráðið vann að á árinu var m.a. að tengja rannsóknir og kennslu, finna leiðir til að auka virkni nemenda og kanna viðhorf kennara og nemenda á samkennsluforminu sem tekið var upp fyrir tveimur árum, þ.e. að stað- og fjarnemum sé kennt saman.

Kennsluráð hafði samstarf við Menntasmiðju og Kennslumiðstöð um námskeið í notkun Moodle-forritsins fyrir kennara sviðsins en kennarar sviðsins þurfa að vera sérlega leiknir í notkun samskiptaforrita vegna hve margir fjarnemar eru við sviðið.

Kennsluráð fær jafnan til liðs við sig kennara sem sinna ákveðnum afmörkuðum verkefnum. Sem dæmi um slíkt verkefni á árinu má nefna endurskoðun á tillögum um viðurlög við ritstuldi. Ærin verkefni bíða svo næsta árs, m.a. að ljúka við aðgerðaáætlun, finna leiðir til að þróa samkennsluna, skipuleggja mat á öllu vettvangsnámi, gera tillögur um reglubundið mat á kennslu, auk hins miðlæga mats, og svo mætti lengi telja.

### **Jafnréttisnefnd Menntavísindasviðs**

Gunnar J. Gunnarsson dósent var skipaður formaður jafnréttisnefndar frá og með haustmisseri 2011. Ekki tókst að koma saman nýrri nefnd það misseri en Gunnar sat í jafnréttisnefnd Háskóla Íslands fyrir hönd Menntavísindasviðs.

### **Húsnæðismál**

Mestur hluti starfsemi Menntavísindasviðs og öll kennsla utan grunnnáms í íþrótt- og heilsufræðum fer fram í höfuðstöðvum sviðsins við Stakkahlíð og í list- og verkgreinahúsi við Skipholt 37. Kennsla í grunnnámi í íþrótt- og heilsufræði fer fram í húsnæði skólans á Laugarvatni þar sem öll aðstaða til íþróttaiðkunar er til staðar. Skrifstofur kennara í Reykjavík eru í Stakkahlíð en einnig í leiguhúsnæði í Skipholti 37, Bolholti 6 og 8 og í Odda.

Vegna hagræðingar á árinu var leiguhúsnæði í Skipholti 50c sagt upp frá og með haustmánuðum og kennarar sem þar höfðu aðstöðu fluttu aðsetur sitt ýmist í Bolholt 6 eða í Stakkahlíð. Þetta kallaði á miklar tilfæringar, breyta þurfti kennslustofum í skrifstofur og leggja niður tölvustofur og breyta í almennar kennslustofur.



GUFUBAD

Djup 1,80 m.



## Markaðs- og kynningarmál

Menntavísindasvið tók þátt í háskóladeginum (opnu húsi) 19. febrúar. Þar kynntu öll fræðasvið skólans grunnám sitt í Aðalbyggingu, Háskólatorgi, Gimli, Odda og Öskju. Fjölmargir viðburðir og uppákomur voru í boði fyrir fólk á öllum aldri. Í tengslum við háskóladaginn var tímarit skólans gefið út en þar var m.a. að finna greinar um rannsóknir vísindamanna við Menntavísindasvið. Í mars var grunnám kynnt á Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði og á Selfossi. Kynningarstjóri fór ásamt nemendum sviðsins í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu eða tók á móti framhaldsskólanemum í húsakynnum Menntavísindasviðs.

Framhaldsnám var kynnt 24. mars í húsakynnum sviðsins við Stakkahlíð. Nemendur og kennarar allra deilda sviðsins tóku á móti gestum og kynntu þær fjölmörgu námsleiðir sem í boði eru.

Á árinu var áfram boðið upp á opnar vinnustofur í gerð persónulegra vefja fyrir kennara. Allmargir nýttu sér þjónustuna og komu sér upp wordpress-vef. Vefráð sviðsins fundaði reglulega á árinu en það er hugsað sem samstarfsvettvangur þeirra sem koma að vefmálum við Menntavísindasvið. Stofnaðir voru nýir vefir rannsóknastofa og vefir einstakra rannsókna og ráðstefna.

Stofnuð var kynningarnefnd vegna leik- og grunnskólakennaranáms í því augnamiði að fjölga umsóknum. Í nefndinni sátu fulltrúar Kennaradeildar, fulltrúar allra skólastiga frá Kennarasambandi Íslands, kynningar- og vefstjóri Menntavísindasviðs og nemendur í leik- og grunnskólakennarafræði. Lögð var áhersla á að gefa út kynningarefni um nýtt kennaranám og fjölbreytta möguleika fyrir verðandi kennara og einnig um nám fyrir starfandi kennara. Formaður nefndarinnar var Ása Helga Ragnarsdóttir, aðjunkt við Menntavísindasvið.

Þrjú kynningarmyndbönd voru gerð á árinu, eitt um grunnskólakennarafræði, annað um leikskólakennarafræði og hið þriðja um íþrótt- og heilsufræði. Kynningarbæklingar voru uppfærðir og endurprentaðir.

## Útgáfa

### Uppeldi og menntun

Á árinu komu út tvö hefti 20. árgangs tímaritsins Uppeldis og menntunar. Ritið var fyrst gefið út árið 1992 af Kennaraháskóla Íslands en er nú gefið út af Menntavísindasviði Háskóla Íslands í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Tímaritið er fyrst og fremst vettvangur fræðilegrar umfjöllunar um efni tengt uppeldi og skólastarfi en einnig fara þar fram umræða og skoðanaskipti um álitæfni er varða starfshætti og stefnumótun fyrir mennta- og uppeldisstofnanir. Ritstjóri er Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor. Auk hans eru í ritnefnd Freyja Birgisdóttir lektor, Guðrún V. Stefánsdóttir dósent, Kristján Þór Magnússon lektor og Ólafur Páll Jónsson dósent.

### Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun

Menntavísindasvið gefur út veftímaritið Netlu – Veftímarit um uppeldi og menntun (<http://netla.hi.is/>) en útgáfa þess hófst árið 2002 í Kennaraháskóla Íslands. Í Netlu birtast ritrýndar fræðigreinar, greinar af almennari toga, erindi, frásagnir af þróunarstarfi, umræðugreinar, hugleiðingar, pistlar, viðtöl, ritfregnir og dómar. Kostir vefmiðils eru nýttir eftir föngum og geta höfundar meðal annars birt vefi, hljóddæmi og myndskreið. Auk greina á íslensku birtast í ritinu greinar á ensku. Árið 2011 birtust alls 17 greinar í veftímaritinu um fjölbreytt efni. Að auki voru birtar 40 greinar í ráðstefnuriti Netlu, Menntakviku 2011, sem birt var á vef Netlu í árslok. Kennarasamband Íslands og Þroskaþjálfafélag Íslands leggja útgáfunni lið með því að tilnefna fulltrúa í ritnefnd. Ritstjóri árið 2011 var Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Menntavísindasvið. Aðrir fulltrúar Menntavísindasviðs voru Bryndís Garðarsdóttir lektor, Ólafur Kvaran prófessor, Torfi Hjartarson lektor og Þorsteinn Helgason dósent. Fulltrúi Þroskaþjálfafélags Íslands var Vibeke

Þorbjörnsdóttir verkefnisstjóri og Kristín Elfa Guðnadóttir, ritstjóri Skólavörðunnar, var fulltrúi Kennarasambands Íslands. Með ritstjórn starfaði Heiðrún Kristjánsdóttir. Netla er öllum opin og áskrift er ókeypis. Hægt er að skrá sig á póstlista og fá þannig upplýsingar um nýjar birtingar. Áskrifendur að póstlistanum eru rúmlega 1.600 talsins.

## Helstu þættir í starfsemi sviðsins á árinu

### Aldarafmæli Háskóla Íslands – september: mánuður Menntavísindasviðs

Á afmælisári Háskóla Íslands var septembermánuður tileinkaður menntavísindum. Í mánuðinum lögðu fulltrúar sviðsins áherslu á að efla enn frekar tengsl við vettvang, m.a. með heimsóknum kennara Menntavísindasviðs í skóla og stofnanir sem tengjast fræðasviðinu. Menntavísindasvið stóð fyrir opnu húsi þar sem leik-, grunn- og framhaldsskólar kynntu áhugaverð verkefni sem unnið er að í skólunum og var dagskráin afar lífleg og fjölbreytt. Á Laugarvatni tóku nemendur og kennarar á móti gestum og buðu m.a. upp á fræðslu og ráðgjöf. Fræðasviðið bauð enn fremur foreldrum upp á örnámskeið öll miðvikudagskvöld í afmælimánuðinum, þar sem fjallað var um uppeldisaðferðir, næringu barna, sjálfbærni í menntun og tónlist. Allnokkrir íslenskir og erlendir fyrirlesarar héldu erindi í mánuðinum, boðið var upp á ráðstefnu um stjórnun og forystu í menntamállum, almenningi var boðið í gönguferð um slóðir menntunar og fræðslu í Reykjavík og haldin var árleg ráðstefna Menntavísindasviðs, Menntakvika, þar sem rannsóknir vísindamanna fræðasviðsins voru kynntar.

#### 1. september – Öndvegisfyrirlestur Menntavísindasviðs

Linda Darling-Hammond, öndvegisfyrirlesari Menntavísindasviðs, flutti erindið „Menntun og kennsla á 21. öld“ í Hátíðasal Háskóla Íslands og markaði upphaf afmælisdagskrár Menntavísindasviðs. Darling-Hammond er prófessor í menntavísindum við Stanford-háskóla í Bandaríkjunum. Í erindi sínu lagði hún áherslu á mikilvægi þess að endurskipuleggja allt skólastarf í ljósi breyttra tíma og síbreytilegrar framtíðar. Erindið flutti Darling-Hammond fyrir fullum Hátíðasal og var erindinu jafnframt varpað á skjá í tveimur kennslustofum í Aðalbyggingu sem einnig voru þétt setnar. Má áætla að hátt í 300 manns hafi hlýtt á Darling-Hammond fjalla um skóla framtíðarinnar.

#### 3. september – Fjölskyldudagur á Laugarvatni

Nemendur og kennarar á Laugarvatni tóku á móti gestum á opnum degi og buðu m.a. upp á fræðslu og ráðgjöf um heilsu og hreyfingu fyrir alla fjölskylduna. Boðið var upp á næringarráðgjöf, ýmsa leiki, bátsferðir, stafagöngunámskeið, heilsumælingar og fyrirlestra, sem og að kynna sér rannsóknir námsbrautar í íþrótt- og heilsufræði. Nokkur hundruð manns heimsóttu Laugvetninga á þessum degi og fengu fræðandi skemmtun. Þá var Háskólalestin með stjörnutjaldið á staðnum.

#### 5. september – Upphaf skóla- og stofnanaheimsókna

Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs, heimsóttu Vatnsendaskóla og mörkuðu þar með upphaf heimsókna kennara við Menntavísindasvið í skóla og stofnanir tengdar sviðinu í afmælimánuðinum. Þar kynntu þau sér skólastarfið og rektor brá sér í kennslustund í 7. bekk og fræddi nemendur um eitt af mörgum nytjaefnum sem unnið er úr þara. Markmiðið með heimsóknunum var að efla enn frekar tengsl Menntavísindasviðs við vettvanginn.

#### 7., 14., 21. og 28. september – Örnámskeið fyrir foreldra

Menntavísindasvið bauð foreldrum upp á örnámskeið öll miðvikudagskvöld í afmælimánuðinum, þar sem fjallað var um uppeldisaðferðir, næringu barna, sjálfbærni í menntun og tónlist. Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor við Menntavísindasvið, hafði umsjón með fyrsta námskeiðinu, Ræðum

saman heima: Uppeldisaðferðir foreldra og velferð barna og unglunga, sem haldið var 7. september. Á námskeiðinu voru samskipti foreldra og barna í brennidepli. Þann 14. september fjallaði Helga Rut Guðmundsdóttir, lektor við Menntavísindasvið, um ört vaxandi umfang rannsókna á sviði tónlistar og vitsmunavísinda og gerði grein fyrir helstu niðurstöðum þeirra á námskeiðinu Hver eru raunveruleg áhrif tónlistarnáms á heilann? Þann 21. september var boðið upp á námskeiðið Í átt að aukinni hollustu – börnunum komið á bragðið en þar fjallaði Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent við Menntavísindasvið, um matarvenjur, matvæðni og næringarþörf barna og ráðlagði um heilsusamlegt fæðuval. Auður Pálsdóttir, aðjunkt við Menntavísindasvið, fjallaði þann 28. september um hugtökin sjálfbær þróun og sjálfbærni menntun í nýrri aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla í námskeiðinu Hvers konar menntun í skólum stuðlar að sjálfbæru samfélagi? Námskeiðin voru afar vel sótt.

#### **10. september – Skólaganga**

Helgi Skúli Kjartansson, prófessor við Kennaradeild, leiddi gönguferð um slóðir menntunar og fræðslu í höfuðborginni. Gönguferðin hófst við gatnamót Pósthússtrætis og Hafnarstrætis. Gangan var hluti af samstarfi Háskóla Íslands og Ferðafélags Íslands á aldarafmæli skólans en farið var í fjölmargar göngur í og við Reykjavík á árinu undir yfirskriftinni „Með fróðleik í fararnesti“.

#### **14. september – Fyrirlestur Catherine Snow**

Catherine Snow, prófessor í menntavísindum við Harvard-háskóla, flutti fyrirlesturinn Örvun (les)skilnings með markvissum umræðum í skólastofunni (Word Generation: Promoting Classroom Discussion to Teach Academic Language and Deep Comprehension). Í fyrirlesturinum lagði hún áherslu á mikilvægi djúps lesskilnings og hvernig hann er frábrugðinn þeim grunnkilningi sem við erum vanalega að fást við. Þá fjallaði hún um hvaða aðferðir í kennslustofunni ýta best undir það að nemendur öðlist djúpskilning í lestri. Snow var gestur Rannsóknastofu um þroska, mál og læsi barna og unglunga.

#### **17. september – Opið hús á Menntavísindasviði**

Fjöldi fólks lagði leið sína í opið hús á Menntavísindasviði. Í boði voru listasmiðjur, leikir, tónlistaratriði, gjörningur og kynningar á spennandi verkefnum í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Nemendur 6. bekkjar Víkurskóla slógu í gegn með frumflutningi á tónverkinu Eldingu sem þau sömdu í tónmenntatíma undir handleiðslu Gunnars Ben tónlistarkennara. Í Skála var kaffihúsastemning með tónlistarflutningi og þar var opnuð ljósmyndasýningin Fullgild þátttaka en hún var hluti af lokaverkefni Kolbrúnar Daggar Kristjánsdóttur til BA-prófs í þroskaþjálfrafræðum. Hljómsveitin Brother Grass vakti mikla lukku en hljómsveitina skipa m.a. fyrrverandi nemendur Menntavísindasviðs. Nemendur og kennarar við Menntavísindasvið bökuðu hátt á fimmta hundrad vöflur handa gestum. Gestum var svo boðið að taka þátt í spennandi smíðjum undir leiðsögn kennara og nemenda á Menntavísindasviði.

#### **19. september – Kennarastarfið og pólitík**

Alistair Ross flutti fyrirlestur um þær áskoranir sem kennarar standa daglega frammi fyrir og felast í að ákveða hvað eigi að kenna. Hann sagði kennara þurfa að taka þýðingarmiklar ákvarðanir um menntun ungra borgara og hvernig þroska megi hugsun þeirra um mannréttindi. Ross færði fyrir því rök að þessar ákvarðanir væru í eðli sínu pólitískar, kennarar væru pólitískir gerendur og kennslan sjálf í eðli sínu pólitískt athæfi. Ross kom á fót evrópska netsamvinnuverkefninu Children's Identity and Citizenship in Europe (CiCe) sem Evrópuráðið hefur styrkt frá árinu 1998. Flestar Evrópuþjóðir taka þátt í verkefninu, þar á meðal Íslendingar sem hafa gert það frá upphafi.

#### **21. september – Er auðveldara að eiga fatlað barn nú en áður?**

Dóra S. Bjarnason, prófessor við Menntavísindasvið, kynnti rannsókn sína á reynslu foreldra fatlaðra barna af stuðningi á árunum 1974–2008 og Kristín Björnsdóttir lektor ræddi niðurstöðurnar og lagði mat á gildi þeirra. Kynningin var ætluð foreldrum og fjölskyldum, fagfólki og almenningi.

## **22.–24. september – Menntun og störf skólastjórnenda: Hin siðferðilega vídd**

Um 80 erlendir og um 30 íslenskir sérfræðingar á sviði menntastjórnunar sátu ráðstefnu ENIRDELM-samtakanna sem haldin var við Menntavísindasvið. ENIRDELM-samtökin (European Network for Improving Research and Development in Educational Leadership and Management) eru evrópsk samtök fræðimanna og starfenda sem helga sig rannsóknum á sviði menntastjórnunar en þau fögnuðu 20 ára afmæli á árinu. Þema ráðstefnunnar að þessu sinni var Menntun og störf skólastjórnenda: Hin siðferðilega vídd. Aðalfyrirlesarar á ráðstefnunni voru þau Marianne Coleman, fyrrverandi lektor við Institute of Education við University of London, Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, og Sigurður Kristinsson, dósent og forseti Hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri.

## **27. september – Hvernig kenna góðir kennarar?**

Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Menntavísindasvið, flutti fyrirlesturinn Hvernig kenna góðir kennarar? Þar leitaðist hann við að bregða upp svipmyndum af minnisstæðum kennslustundum úr reynslubanka sínum og tengdi þær hugmyndum um góða kennslu. Ingvar hefur fylgst með fleiri kennslustundum en flestir aðrir Íslendingar en þær munu vera vel á annað þúsund og ná til tuga skóla, allra skólastiga og fjölmargra námsgreina.

## **29. september – Menntun til framtíðar: Horft 25 ár fram á veg**

Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs, velti því fyrir sér hvernig menntun og skólastarf komi til með að þróast næsta aldarfjórðunginn. Hann fjallaði um ólíkar hugmyndir um menntun fyrir framtíðina og um hlutverk skóla og hvað hann telji skipta mestu þegar rætt er um eðli, inntak og skipan menntunar. Hann ræddi jafnframt hvað hvetur til breytinga en þó einkum hvað letur eða jafnvel hindrar þær. Jón Torfi sagði tilefni til verulegra breytinga á skólakerfinu. Endurskoða þyrfti kennslu og námsefni á öllum skólastigum.

## **30. september – Menntakvika: Rannsóknir, nýbreytni, þróun**

Árleg ráðstefna Menntavísindasviðs, Menntakvika: rannsóknir, nýbreytni og þróun, er rannsóknaveitvangur sviðsins. Ráðstefnunni er ætlað að kynna og miðla því sem efst er á baugi í rannsóknum og þróun í menntavísindum og tengdum efnum. Menntakvikann var haldin föstudaginn 30. september, með fjölbreyttri dagskrá þar sem 189 fyrirlestrar voru haldnir í 53 samhliða málstofum. Auk þess var flutt leiksýning sem bar heitið „Nordic mythology through the arts“. Flytjendur og þátttakendur á Menntakvikunni voru fræðimenn af Menntavísindasviði og af öðrum sviðum Háskóla Íslands, auk annarra háskóla hér á landi og erlendis, sem og framhaldsnemar og aðrir sem vinna á vettvangi uppeldis og menntamála. Fjallað var um efni sem spannar öll fræðasvið Menntavísindasviðs og var þátttaka í ráðstefnunni mjög góð. Í tengslum við ráðstefnuna var flytjendum gefinn kostur á því að birta greinar með erindum sínum í sérriti Netlu, ráðstefnuriti Menntakvikunni 2011. Höfundum var boðið upp á velja um að birta ritrýndar eða ritstýrðar greinar. Inn voru sendar 59 greinar, 50 ritrýndar og 9 ritstýrðar, og af þeim voru svo birtar 33 ritrýndar og 7 ritstýrðar.

## **Styrktarsamningur um Lesvefinn undirritaður**

Menntavísindasvið og mennta- og menningarmálaráðuneytið undirrituðu samning til tveggja ára um styrk til þróunar og viðhalds á vefnum [lesvefurinn.is](http://lesvefurinn.is). Á vefnum er m.a. fjallað um hugtakið læsi, lestur yngri barna, lestrarörðugleika og hvernig hvetja megi börn til aukins lesturs.

## Samstarf um kennslu á sviði menntunarfræða ungra barna

Menntavísindasvið, Gautaborgarháskóli og Queensland University of Technology hófu samstarf um kennslu á sviði menntunarfræða ungra barna. Nemendur í meistara- og doktorsnámi eiga þess kost að taka 15 eininga áfanga sem kenndur er sameiginlega íslenskum, sænskum og áströlskum stúdentum.

## Stofnun rannsóknastofu í tónlistarfræðum

Rannsóknastofa í tónlistarfræðum var stofnuð 25. febrúar. Markmið rannsóknastofunnar er að efla tónlistarrannsóknir á Íslandi og skapa vettvang til samvinnu þeirra sem þær stunda. Formaður rannsóknastofunnar er Helga Rut Guðmundsdóttir lektor og auk hennar eru í stjórn stofunnar Njörður Sigurjónsson lektor og Rósa Þorsteinsdóttir rannsóknarlektor.

## Viðurkenningar til starfsmanna

- Kristján Kristjánsson, prófessor í heimspeki menntunar við Uppeldis- og menntunarfræðideild, hlaut heiðursverðlaun úr Verðlaunasjóði Ásu Guðmundsdóttur Wright, Ásusjóði. Hann hlaut verðlaunin fyrir forystu í alþjóðlegu fræðasamfélagi sem fæst við siðfræði, stjórn málaheimspeki og heimspeki menntunar.
- Guðbjörg Pálsdóttir, Guðný Helga Gunnarsdóttir og Jónína Vala Kristinsdóttir, lektorar við Menntavísindasvið, hlutu Íslensku menntaverðlaunin fyrir Geisla, námsefnisflokk í stærðfræði fyrir miðstig grunnskóla.

## Viðurkenningar til nemenda

Helga Ágústsdóttir hlaut viðurkenningu úr Minningarsjóði Ásgeirs S. Björnssonar fyrir lokaverkefni sitt til B.Ed.-prófs. Lokaverkefni Helgu, Matgráðuga prinsessan, skiptist í tvennt. Annars vegar er það myndasaga með texta fyrir börn og hins vegar greinargerð þar sem gerð er grein fyrir myndskreyttum sögum fyrir börn almennt og fjallað um ýmsar hugmyndir þeim tengdar.

## Doktorsvarnir

Þrjár doktorsvarnir fóru fram frá Menntavísindasviði á árinu. Þann 11. mars varði Karen Rut Gísladóttir doktorsritgerð sína Ég er heyrnarlaus, ekki ólæs: Hugmyndafræðilegt ferðalag heyrandi kennara inn í lestrar- og ritunaraudlindir heyrnarlausra nemenda. Í ritgerðinni lýsir Karen rannsókn sem hún gerði á eigin kennslu en hún hefur kennt heyrnarlausum nemendum íslensku um árabíl. Í kennslunni hefur Karen reynt að tileinka sér nýjar kennsluaðferðir sem fela í sér að hún byggir kennsluna á hæfileikum nemenda og þeim auðlindum sem þeir búa yfir og eiga rætur í lífi þeirra utan skólans. Andmælendur voru Jean McNiff, prófessor við York St John University, og James Paul Gee, prófessor við Arizona State University. Leiðbeinendur Karenar voru Hafþór Guðjónsson, dósent í kennslufræðum, Hafdís Guðjónsdóttir, dósent í kennslufræðum og sérkennslufræðum, bæði á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, og Amy Suzanne Johnson Lachuk, prófessor við University of South Carolina.

Þann 15. ágúst fór fram fyrsta doktorsvörnin í íþrótt- og heilsufræði við íslenskan háskóla þegar Kristján Þór Magnússon varði ritgerð sína Hreyfing og þrek 7 og 9 ára Íslendinga – Samanburður tveggja úrtaka og áhrif tveggja ára skólaíhlutunar. Meginniðurstöður doktorsritgerðarinnar voru þær að þótt aðgerðir sem gripið var til á tveggja ára íhlutunartímabili innan þriggja reykvískra skóla hafi skilað aukinni hreyfingu meðal barna á skólatíma, þá hafi slík íhlutun lítil eða engin áhrif haft á hreyfingu barnanna utan skólatíma, þrek þeirra eða holdafar. Einnig var hreyfing og þrek 9 ára

reykvískra barna (fæddra 1994 og 1999) minni árið 2008 en árið 2003. Andmælendur voru Ylva Trolle Lagerros, læknir og faraldsfræðingur við Karolinska spítalann í Stokkhólmi, og Ragnar Bjarnason, sérfræðingur í innkirtlasjúkdómum barna og unglunga við Landspítalann. Aðalleiðbeinandi var Erlingur Jóhannsson, prófessor við Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild Háskóla Íslands, og meðleiðbeinandi var Þórarinn Sveinsson, dósent við Læknadeild Háskóla Íslands.

Þann 21. desember varði Svanborg R. Jónsdóttir doktorsritgerð sína Nýsköpunarmennt í íslenskum grunnskólum. Meginmarkmiðið var að rannsaka hvernig kennarar vinna með nýsköpunar- og frumkvöðlamenteit og greina stöðu hennar í íslenskum grunnskólum. Nýsköpunar- og frumkvöðlamenteit var einn af þremur köflum í aðalnámskrá grunnskóla 1999 um upplýsinga- og tæknimenteit. Í ritgerðinni var leitast við að draga fram skilning á eðli þessa námssviðs og á þeim skilyrðum sem slík menteitun þrífst best í. Til að gera þetta voru fundnar leiðir til að greina opinbera orðræðu, skoða áhrifaþætti í skólaþróun og rýna nánar í samskipti kennara og nemenda og val á viðfangsefnum. Andmælendur voru Pat Thomson, prófessor við Nottingham University, og Ross Deuchar, prófessor við University of the West of Scotland. Aðalleiðbeinandi var Allyson Macdonald, prófessor á Menntavísindasviði, meðleiðbeinandi var Anna Craft, prófessor við háskólann í Exeter í Bretlandi, og sérfræðingur í doktorsnefndinni var Örn Daníel Jónsson, prófessor á Félagsvísindasviði háskólans.

## **Brautskráning úr diplómanámi**

Brautskráning kandidateita úr starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun á vegum Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeildar Menntavísindasviðs fór fram í Skriðu laugardaginn 11. júní. Þetta var í annað sinn sem brautskráð var úr náminu en alls voru brautskráðir átján kandidateitar. Árið 2009 voru brautskráðir tuttugu og tveir kandidateitar.

## **Helstu ráðstefnur, málþing og fyrirlestrar**

Á árinu var haldinn fjöldi ráðstefna, málþinga og fyrirlestra sem tengdust m.a. afmælistánuði Menntavísindasviðs, september. Hér verða taldar upp helstu ráðstefnur, málþing og fyrirlestrar ársins sem ekki koma fyrir í kaflanum um aldarafmæli háskólans hér að framan.

### **Ráðstefna um tónlistarrannsóknir**

Ráðstefna um tónlistarrannsóknir var haldin 25. febrúar í listgreinahúsi Menntavísindasviðs. Á ráðstefnunni voru haldin níu erindi um tónlistarrannsóknir á Íslandi. Ráðstefnunni var ætlað að skapa fræðilegan vettvang fyrir rannsakendur á sviði tónlistarrannsókna og að stuðla að eflingu tónlistarrannsókna á Íslandi.

### **Hlustið á okkur – Ráðstefna Rannsóknastofu um skóla án aðgreiningar**

Þann 31. mars stóð Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar fyrir fjölsótttri ráðstefnu sem nefndist Hlustið á okkur: Hvað eflir og hvað hindrar þátttöku allra barna og unglunga í lýðræðislegu námssamfélagi skólanna?

### **Gagnrýnin hugsun í skólastarfi**

Þann 6. maí efndu Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri og Menntavísindasvið Háskóla Íslands til ráðstefnu um gagnrýna hugsun í skólastarfi. Markmið ráðstefnunnar var að efla skilning á eðli gagnrýnnar hugsunar og ræða möguleika á að iðka hana og efla í skólastarfi á öllum skólastigum.

### **Norma 11 – Norræn ráðstefna um stærðfræðimenteitun**

Norma 11, sjötta norræna ráðstefnan um rannsóknir á sviði stærðfræðimenntunar, var haldin við Menntavísindasvið 11.–14. maí í samstarfi við NORME, norræn samtök félaga um rannsóknir á sviði stærðfræðimenntunar.

### **What Are the Prospects of Higher Education in the 21st Century? Ideas, Research and Policy**

Rannsóknastofa um háskóla hélt 24. alþjóðalegu ráðstefnu CHER-samtakanna (Consortium for Higher Education Research) 23.–24. júní.

### **Hvað má læra af rannsóknum á skólastarfi?**

Samtök áhugafólks um skólaþróun og Rannsóknastofa um þróun skólastarfs við Háskóla Íslands héldu ráðstefnu í húsaáætlun Menntavísindasviðs við Stakkahlíð 18.–19. nóvember undir yfirskriftinni Hvað má læra af rannsóknum á skólastarfi?

### **Útinám á Íslandi ...hvað er í gangi?**

Þann 2. desember fór fram ráðstefnan Útinám á Íslandi ...hvað er í gangi? Markmiðið var að leiða saman þá sem standa að útinámi og útvíst á Íslandi, vekja athygli á rannsóknum og áhugaverðu starfi á vettvangi og leggja drög að stefnu og inntaki þverfaglegrar menntunar á háskólastigi á sviði útináms og útivistar.

Auk þessa sem talið er upp hér að ofan voru haldnar fjölmargar ráðstefnur og málþing á vegum einstakra rannsóknastofa á sviðinu (sjá nánar í umfjöllun um þær).

## **Alþjóðasamskipti**

### **Erlendir stúdentar og skiptistúdentar**

Á árinu stunduðu 104 stúdentar með erlent ríkisfang nám á Menntavísindasviði. Þar af voru 46 skiptistúdentar í eina eða tvær annir en flestir hinna voru í alþjóðlegu námi í menntunarfræðum. Skiptistúdentarnir komu meðal annars á vegum Erasmus-menntaáætlunarinnar, Nordplus-menntaáætlunarinnar og ISEP-áætlunarinnar, sem er samstarfsnet um stúdentaskipti til Bandaríkjanna.

### **Íslenskir skiptistúdentar**

Á árinu fóru 17 stúdentar á Menntavísindasviði í skiptinám til erlendra samstarfsskóla. Þeir fóru á vegum Nordplus-netanna ICE, Spica, Alka og Teacher Education Network. Einnig fóru nemendur utan á vegum Erasmus-áætlunarinnar og ISEP-stúdentaskipta við Bandaríkin.

### **Starfsmannaskipti**

Nokkur fjöldi kennara og annarra starfsmanna á Menntavísindasviði fór í kennara- og starfsmannaskipti til erlendra samstarfsskóla Menntavísindasviðs. Oftast var farið til Norðurlandanna. Starfsmenn nýttu sér aðallega Erasmus- og Nordplus-áætlanirnar í þessu sambandi.

### **Erlendir gestir**

Fjöldi erlendra gesta og gestakennara sótti Menntavísindasvið heim og var stærsti hópurinn frá Norðurlöndum. Einn hluti alþjóðastarfs Menntavísindasviðs er að taka árlega á móti dönskum sendi- og farkennara sem vinnur í skólum á Íslandi. Um er að ræða samstarfsverkefni milli danska og íslenska menntamálaráðuneytisins. Aðalhlutverk sendikennara er að stjórna málveri þar sem unnið er að talþjálfun kennaranema til að auka færni þeirra í dönsku talmáli ásamt því að eiga faglegt samstarf við fastráðinn lektor í dönsku. Sendikennarinn þetta ár var Peter Raagaard. Að auki sóttu

erlendir doktorsnemar málstofur á Menntavísindasviði og erlendir gestir voru þátttakendur á alþjóðlegum ráðstefnum sem haldnar voru á Menntavísindasviði.

Í tengslum við afmælistánuð Menntavísindasviðs, september, héldu Linda Darling Hammond, prófessor í menntavísindum við Stanford-háskóla í Bandaríkjunum, Catherine Snow, prófessor í menntavísindum við Harvard-háskóla, og Alistair Ross, prófessor emeritus við við Metropolitan-háskólann í London, fyrirlestra. Auk þess komu ýmsir aðrir erlendir fræðimenn í heimsókn og fluttu fyrirlestra við sviðið.

### **Námskeið kennd á ensku og öðrum tungumálum**

Boðið var upp á fjölda námskeiða á ensku á Menntavísindasviði í grunn- og framhaldsnámi m.a. á námsleiðinni International Studies in Education. Einnig voru sérsniðin námskeið fyrir skiptinema kennd á ensku og nokkur námskeið námsbrautar í enskukennslu. Þá voru námskeið námsbrautar í dönskukennslu kennd á dönsku.

Menntavísindasvið var þátttakandi í 12 Nordplus-netum sem fengu úthlutað styrk á árinu.

## **Rannsóknir**

Á Menntavísindasviði eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir á sviði menntunar, uppeldis og þjálfunar í þeim tilgangi að skapa nýja þekkingu íslensku samfélagsi til hagsbóta. Markmiðið er að efla rannsóknir og leitast við að tryggja að skipulag og þróun íslenskra fræðslu- og menntamála sé byggð á bestu fánlegu þekkingu á hverjum tíma.

Menntavísindastofnun er rannsóknastofnun á Menntavísindasviði og eru starfræktar átján rannsóknastofur undir hatti hennar.

Markmið rannsóknastofanna er að auka og efla rannsóknir, hvorrar á sínu fræðasviði, með því m.a. að auka samvinnu rannsakenda, ekki síst þverfaglega og alþjóðlega, og miðla fenginni þekkingu út í samfélagið, m.a. með ráðstefnum og málþingum.

Einn rannsóknahópur starfaði við sviðið, auk þeirra rannsóknastofa, sem hér er getið, rannsóknahópur um náttúrufræðimenntun.

Hér aftar er sérstaklega fjallað um Menntavísindastofnun og einstakar rannsóknastofur undir hennar hatti.

### **Styrkir til rannsókna**

Nokkrir kennarar á Menntavísindasviði hlutu allstóra styrki til verkefna sinna á árinu.

- Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Hreyfing, þrek, holdafar og efnaskiptaheilsa íslenskra barna með þroskahömlun (HEALTH-ID).
- Allyson Macdonald prófessor fékk styrk úr sama sjóði til verkefnisins Breyttar kröfur námskrár – trú kennara á getu hópsins.
- Erlingur S. Jóhannsson prófessor fékk framhaldsstyrk frá Rannís til verkefnisins Líkamlegt atgervi, félagslegir þættir og andleg líðan unglinga og ungmenna.
- Sigurbjörn Árni Arngrímsson hlaut styrk úr tækjakaupasjóði Rannís til verkefnisins Tækjabúnaður til þrekmælinga.
- Sigurður Jónsson, forstöðumaður Menntasmiðju, fékk styrk úr Þróunarsjóði námsgagna fyrir Tungumálatorg.
- Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir fékk styrk úr Þróunarsjóði námsgagna vegna verkefnabankans Viltu læra íslensku?



- Lilja Rós Þorleifsdóttir fékk styrk úr Þróunarsjóði námsgagna vegna verkefnisins Brúin.
- Jakob Frímann Þorsteinsson aðjunkt fékk bókaútgáfustyrk úr Náttúrverndarsjóði Pálma Jónssonar.

Erlendir styrkir fengust til nokkurra rannsóknaverkefna á árinu.

- Til verkefnisins Diverse Teachers for Diverse Learners fékkst NordForsk-tengslanetsstyrkur. Hanna Ragnarsdóttir dósent stýrir verkefninu en auk hennar eru Hafdís Guðjónsdóttir, Róbert Berman og Samúel Lefever í verkefnahópnum. Þau starfa með fólki frá Noregi, Finnlandi, Bretlandi og Kanada að verkefninu.
- NordForsk-tengslanetsstyrkur fékkst einnig í verkefnið Stuttering Research and Educational Network (STUREN) en Jóhanna Einarsdóttir lektor stýrir því. Í verkefninu eru einnig þátttakendur frá Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Belgíu og Bandaríkjunum.
- Sólveig Jakobsdóttir dósent var meðumsækjandi í NordForsk-tengslanetinu NordLac – Learning across contexts.
- Erlingur Jóhannsson prófessor fékk NordForsk-styrk til að halda doktorsnámskeið sem bar heitið Young physical activity and well-being.
- Svanborg R. Jónsdóttir lektor var meðumsækjandi í Leónardó-verkefni sem stýrt er frá Spáni um stöðu frumkvöðla. Verkefnið nefnist Transference of Innovation project – Acknowledging and Developing Entrepreneurial Practice in Teacher Training.
- Anna Sigríður Ólafsdóttir dósent hlaut Leónardó-styrk til verkefnisins eQUITY – Creating Equality in Health Through Capacity Building in Europe Between Health Care Workers. Samstarfsaðilar hennar eru frá Danmörku, Noregi, Belgíu og Portúgal.
- Michael Dal hlaut Nordplus-styrk til verkefnisins Læsi og lestur í dönskunámi.
- Freyja Hreinsdóttir fékk Comeniusar-verkefnastyrk til verkefnisins Dynamical and Creative Mathematics Using ICT.

Auk þessa alls fengu nokkrir kennarar framhaldsstyrki í erlend verkefni á árinu. Má þar nefna að Ingi Þór Einarsson aðjunkt hlaut styrk fyrir Leónardó-verkefnið Adapted Physical Activity in Vocational Education and Training og Ólöf Garðarsdóttir prófessor í verkefnið North Atlantic Population Project.

Menntavísindasvið úthlutaði á árinu í þriðja sinn rannsóknastyrkjum til akademískra starfsmanna á grundvelli fjölda rannsóknarstiga á síðustu þremur árum.

### Rannsóknamisseri

Árið 2011 fengu 26 kennarar úthlutað rannsóknamisseri, fimmtán á vormisseri og ellefu á haustmisseri. Af þeim sem fengu úthlutað rannsóknamisseri á haustmisserinu hafnaði einn því og þrír frestuðu töku leyfis vegna hagsmuna deildar sinnar.

### Bókasafn

Bókasafn Menntavísindasviðs er sérhæft bókasafn á sviði menntavísinda og þeirra faggreina sem kenndar eru á sviðinu. Það er rekið fyrir miðlæga fjárveitingu en er undir stjórn sviðsins. Bókasafnið er til húsa í Hamri við Stakkahlíð. Einnig er safndeild við Íþróttfræðasetrið á Laugarvatni. Eitt af meginmarkmiðum safnsins er að efla upplýsingalæsi notenda. Kynningar og fræðsla um öflun og skráningu heimilda er því mikilvægur þáttur starfseminnar, oft í samvinnu við ritver Menntavísindasviðs. Safnið tekur virkan þátt í að efla menntarannsóknir með ýmiss konar þjónustu við rannsakendur og rannsóknastofur. Góð samvinna er við önnur bókasöfn Háskóla Íslands og Námsgagnastofnun. Í samvinnu við Námsgagnastofnun er árleg námsgagnasýning haldin í húsakynnum Menntavísindasviðs. Nýr leitarvefur, [leitir.is](http://leitir.is), var formlega tekinn í notkun á árinu og

mun hann leysa af hólmi vefinn [gegner.is](http://gegner.is). Starfsmenn voru í árslok 8 í 6,7 stöðugildum og einn starfsmaður í tímavinnu.

Á árinu var unnið samkvæmt stefnu safnsins en þar er einkum lögð áhersla á uppbyggingu safnkosts sem er gagnlegur við nám, kennslu og rannsóknir á sviðinu og kennslu og þjálfun í upplýsingatækni. Bókasafnið býður kennurum og fræðimönnum við skólann margþætta þjónustu og leggur þannig sitt af mörkum til menntarannsókna.

Starfsmenn safnsins eru átta í 6,7 stöðugildum, auk eins starfsmanns í tímavinnu. Forstöðumaður bókasafns er Gunnhildur Björnsdóttir.

### **Aðföng og safnkostur**

Safnkostur bókasafns Menntavísindasviðs er fjölbreyttur og eru þar um 94 þúsund skráð eintök í Gegni. Ný aðföng á árinu töldust alls 2642, þ.a. eru um 400 gjafir, 430 lokaverkefni nemenda og 120 tímarit í áskrift. Þar að auki er á safninu aðgangur að rafrænu efni í gegnum landsaðgang ([hvar.is](http://hvar.is)) og séráskriftir Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Árið 2010 var markvisst farið að bjóða starfsmönnum Menntavísindasviðs upp á árverknipjónustu úr rafrænum tímaritum og gagnagrunnum. Á árinu nýttu 26 starfsmenn sér þessa þjónustu.

### **Útlán**

Heildarfjöldi útlána á árinu var 20.173 og hefur þeim fækkað frá árinu áður. Aukinn aðgangur að rafrænu efni á háskólanetinu og í landsaðgangi hefur áhrif á þróun útlána. Fleiri og fleiri greinar eru sóttar úr rafrænum tímaritum sem bókasafnið er áskrifandi að. Á árinu voru sóttar 712 greinar úr þrettán tímaritum sem einungis eru keypt rafrænt í séráskrift. Þá eru ótaldar aðrar greinar sem fást gegnum landsaðgang eða eru aðgengilegar með öðrum hætti rafrænt. Mun minna er lánað af lokaverkefnum en áður eftir að prentuðum eintökum aftur til 2007 var pakkað niður til varðveislu og þau ekki lengur lánuð út enda eru þau geymd í rafrænu formi í Skemmuni.

### **Millisafnalán**

Bókasafn Menntavísindasviðs útvegar notendum sínum ljósrit af greinum sem ekki eru til í safninu og lánsrit frá erlendum bókasöfnum og söfnum utan höfuðborgarsvæðisins. Safnið fékk á árinu í millisafnaláni 527 rit og lánaði 192. Sameiginleg gagnaskrá fyrir allt landið nýtist söfnum vel og beiðnir koma víðs vegar að.

### **Skemman**

Lokaverkefni nemenda eru varðveitt í Skemmuni, rafrænu gagnasafni fyrir lokaverkefni og rannsóknarit kennara og fræðimanna háskólanna. Frá árinu 2007 hafa 1648 lokaverkefni nemenda á Menntavísindasviði verið vistuð þar og er aðgangur opinn að þeim flestum. Í Skemmuni eru einnig vistaðar 68 greinar eftir kennara sviðsins.

### **Notendafræðsla**

Eitt af meginmarkmiðum safnsins er að efla upplýsingalæsi notenda. Kynningar og fræðsla um öflun og skráningu heimilda er því mikilvægur þáttur starfseminnar, oft í samvinnu við ritver Menntavísindasviðs. Alls nutu um 1300 nemendur notendafræðslu í einhverri mynd. Safnið stóð fyrir notendafræðslu á mismunandi námskeiðum, ýmist í samvinnu við kennara, samstarfi við ritver, eða upp á eigin spýtur. Þá var afmörkuðum hópum, framhaldsnemum og kennurum boðið upp á námskeið og kynningar vegna lokaverkefna, auk einkakennslu.

### **Samstarf**

Bókasafnið á gott samstarf við önnur bókasöfn Háskóla Íslands og starfsmenn safnsins taka þátt í ýmsu samstarfi meðal bókasafna. Safnið á fulltrúa í fulltrúaráði Aleflis, vinnuhópi um upplýsingalæsi

meðal háskólabókasafna, verkefnisstjórn Skemmunnar, samstarfshópi um SFX, vinnuhópi um rafrænar bækur og vinnuhópi um höfundaréttarmál.

Góð samvinna er við Námsgagnastofnun og í samvinnu við hana eru í safninu settar upp kynningar á námsefni einstakra námsgreina auk varanlegrar sýningar á öllu námsefni grunnskóla. Árleg haustsýning Námsgagnastofnunar hefur verið haldin í húsakynnum Menntavísindasviðs undanfarin ár.

### Úr dagbók safnsins

Nýr leitarvefur, [leitir.is](http://leitir.is), var formlega tekinn í notkun á árinu. Leitir er sameiginlegur leitarvefur fyrir ýmis gagnasöfn, þar á meðal Gegni, Skemmuna og [Timarit.is](http://Timarit.is). Þar er einnig unnt að leita á einum stað í rafrænum gagnasöfnum og tímaritum sem keypt eru í séráskriftum og landsaðgangi.

Bókasafnið fékk í lok árs tilraunaaðgang að gagnasafninu Education Research Complete sem hýsir m.a. Tímarit um menntarannsóknir. Í kjölfarið var ákveðið að undirrita samning um að tímaritið Uppeldi og menntun færi einnig inn í þennan gagnagrunn. Rafrænn aðgangur að Uppeldi- og menntun var formlega opnaður á [Timarit.is](http://Timarit.is) í lok september.

Safnið fékk ýmsa góða gesti á árinu, auk hefðbundinna lánþega. Má þar nefna nemendur úr Kennaradeild Háskólans á Akureyri, sem komu í vettvangsferð, og starfsfólk háskólabókasafna í ýmsum Evrópulöndum sem kynntu sér starfsemi safnsins og ritvers sviðsins á starfsþjálfunarviku sem haldin var á vegum Utrecht-netsins í október.

### Deildir fræðasviðsins

Menntavísindasvið menntar kennara fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla, uppeldis- og menntunarfræðinga, náms- og kennslufræðinga, íþrótt- og heilsufræðinga, tómstunda- og félagsmálafræðinga og þroskaþjálfara. Í öllu námi við Menntavísindasvið er lögð áhersla á sterk tengsl við þær stéttir sem sviðið menntar og starfsvettvang þeirra, s.s. skóla og aðrar stofnanir samfélagsins.

Á Menntavísindasviði eru starfandi þrjár deildir: Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild, Kennaradeild og Uppeldis- og menntunarfræðideild. Auk þess er boðið upp á doktorsnám þvert á deildir.

## Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild

### Stjórn og skipulag deildarinnar

Í Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild eru þrjár námsbrautir:

- Íþrótt- og heilsufræði. Formaður námsbrautarinnar í grunn- og framhaldsnámi var Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor. Varaformaður námsbrautarinnar í grunnnámi var Hafþór Birgir Guðmundsson lektor. Varaformaður námsbrautarinnar í framhaldsnámi var Erlingur S. Jóhannsson prófessor.
- Tómstunda- og félagsmálafræði. Formaður námsbrautarinnar í grunn- og framhaldsnámi var Sigurlína Davíðsdóttir dósent og varaformaður námsbrautarinnar var Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir lektor.
- Þroskaþjálfufræði. Formaður námsbrautarinnar í grunn- og framhaldsnámi var Ástríður Stefánsdóttir dósent og varaformaður námsbrautarinnar var Guðrún V. Stefánsdóttir dósent.

Deildarforseti var Erlingur S. Jóhannsson prófessor og varadeildarforseti Ástríður Stefánsdóttir dósent. Deildarráð Ípróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeildar skipuðu, auk deildarforseta, varadeildarforseta, formanna og varaformanna námsbrauta, fulltrúar nemenda. Þeir voru á árinu Eyrún Haraldsdóttir, nemandi í tómsunda- og félagsmálafræði, og Magnea Arnardóttir, nemandi í þroskaþjálfafraði.

## Starfsfólk

Í Ípróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild voru 23 kennarar: 2 prófessorar, 2 dósentar, 6 lektorar og 13 aðjuntar. Átta kennarar við deildina stunda doktorsnám. Einn kennari við deildina lauk doktorsprófi ípróttá- og heilsufræði á árinu og fór doktorsvörnin fram þann 15. ágúst. Í desember lét Kári Jónsson lektor í ípróttáfræði af störfum og fór til annarra starfa.

## Nám og kennsla

Námsbrautir deildarinnar starfa sjálfstætt og vinna á margan hátt út frá mismunandi forsendum, byggja starf sitt á ólíkri hugmyndafræði og faglegar áherslur eru því margar og ólíkar. Nám í deildinni er í mikilli þróun og örum vexti en fræðigreinar deildarinnar eiga sér ekki langa sögu á háskólastigi hérlendis. Við slíkar aðstæður er rannsókná- og þróunarstarf afar mikilvægt og hefur í stefnu deildarinnar verið lögð rík áhersla á að efla þann þátt í starfseminni. Engu að síður er eitt helsta markmið deildarinnar að standa vörð um sérstöðu og sérhæfingu námsbrauta, bæði í grunn- og framhaldsnámi, og örva þekkingarsköpun sem nýtist fagstéttum og vettvangi.

Deildarráð samþykkti tvær viðbótardiplómur við deildina, þ.e. viðbótardiplómu í heilbrigði og heilsuuppeldi (30 einingar) og viðbótardiplómu í þroskaþjálfafraði (30 einingar). Báðar þessar námsleiðir eru hugsaðar sem valkostur fyrir fólk í starfi á vettvangi sem vill styrkja sig fræðilega.

Í deildinni eru um 470 nemendur í grunn- og framhaldsnámi. Lögð er áhersla á að bjóða metnaðarfullt nám fyrir þær fagstéttir sem deildin útskrifar. Vettvangsnám og tengsl við vettvang skipa mikilvægan sess í skipulagi námsins. Námið er fjölbreytt og byggist á mörgum ólíkum fræðasviðum. Samstarf við aðrar deildir á Menntavísindasviði og önnur fræðasvið Háskóla Íslands er því mikilvægt í öllu starfi deildarinnar.

Í ípróttá- og heilsufræði er boðið upp á 180 eininga grunnnám til BS-gráðu og 120 eininga framhaldsnám til M.Ed.- eða MS-gráðu. Einnig er ípróttakennurum sem brautskráðust frá Ípróttakennaraskóla Íslands fyrir 1998 boðið 60 eininga viðbótarnám til að ljúka BS-gráðu. Í grunnnámi sérhæfa nemendur sig á öðru af tveimur mismunandi kjörsviðum, þ.e. kjörsviðinu Kennari eða kjörsviðinu Þjálfari. Þeir sem ljúka námi af kjörsviðinu Kennari ljúka 80 einingum í uppeldis- og kennslufræði og 100 einingum í faggreinum. Þeir sem ljúka námi af kjörsviðinu Þjálfari ljúka 50 einingum í uppeldis- og kennslufræði og 130 einingum í faggreinum. Lögð er áhersla á að búa nemendur undir fjölbreytt störf á sviði ípróttakennslu, heilsuræktar og þjálfunar, m.a. við þjálfun ípróttafólks, þjálfun á heilsuræktarstöðvum, þjálfun aldraðra og við æskulýðs- og félagsmálastörf.

Í M.Ed.-námi eru nemendur sérstaklega búnir undir ípróttakennslu í grunnskóla og ljúka þeir 40 eininga uppeldis- og kennslufræði og 80 eininga faggreinum. Í MS-námi eru nemendur búnir undir frekara nám í ípróttá- og heilsufræði auk meiri sérhæfingar á sviði þjálfunar. Í MS-náminu er hægt að ljúka 10 einingum til viðbótar í uppeldis- og kennslufræði og þá er hægt að sækja um leyfisbréf sem kennari í framhaldsskóla. Meistaránám í ípróttá- og heilsufræði er samstarfsverkefni ípróttá- og heilsufræðibrautar á Menntavísindasviði og Heilbrigðisvísindasviðs.

Í tómsunda- og félagsmálafræði er boðið 180 eininga grunnnám til BA-gráðu og framhaldsnám til M.Ed.-gráðu. Einnig er hægt að ljúka tómsunda- og félagsmálafræði sem 120 eininga aðalgrein og 60 eininga aukagrein. Lögð er áhersla á að nemendur fái heildarsýn yfir þá starfsemi sem fer fram í frítíma fólks á öllum aldri og kynnist menningar- og uppeldislutverki tómsundastarfs. Nám í tómsunda- og félagsmálafræði felur m.a. í sér að nemendur öðlast víðtæka þekkingu og kunnáttu í að skipuleggja, stjórna, framkvæma og meta tómsundastarf fyrir fólk á öllum aldri. Í lok námsins fá nemendur tækifæri til að sérhæfa sig á einu af sérsviðum tómsunda- og félagsmálafræðanna.

Í þroskaþjálfarafræði er boðið 180 eininga grunnnám til BA-gráðu og 120 eininga framhaldsnám til MA-gráðu. Einnig er þroskaþjálfurum sem luku prófi frá Þroskaþjálfarskóla Íslands boðið að bæta við sig 30 einingum til að ljúka BA-prófi í þroskaþjálfarafræði. Haustið 2011 voru teknir inn 20 nemendur í 60 eininga starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun. Nám í þroskaþjálfarafræði felur í sér víðtæka og þverfaglega þekkingu til að geta skapað fötluðu fólki eðlilegt og sjálfstætt líf í samfélagi fyrir alla.

Í MA-námi í þroskaþjálfarafræði er hægt að velja á milli rannsóknatengds og starfstengds náms. Í rannsóknatengdu námi er nemendum er gefinn kostur á að sérhæfa sig í rannsóknum á vettvangi fatlaðs fólks. Í starfstengdu námi gefst nemendum færi á að dýpka þekkingu sína á sviðinu til að vera leiðandi í þjónustu við fatlað fólk.

## Rannsóknir

Helstu viðfangsefni rannsókna kennara við deildina eru á sviði íþróttá- og heilsufræða, næringarfræði, barna- og æskulýðsfræða, tómsundafræða, stjórnsýslu og félagsvísinda, þroskaþjálfarafræða, fötlunarfræða, sálfræði og siðfræði.

Í tengslum við Íþróttáfræðasetur á Laugarvatni starfar öflug rannsóknastofa í íþróttá- og heilsufræði þar sem unnið er að fjölda rannsóknaverkefna (sjá nánar kafla um rannsóknastofur). Fjölmargir styrkir til ýmiss konar rannsóknaverkefna fengust á árinu, og nokkrar alþjóðlegar ritrýndar vísindagreinar voru birtar í erlendum vísindatímaritum auk þess sem fleiri birtust í innlendum tímaritum.

Rannsóknir og þróunarverkefni í tómsunda- og félagsmálafræði eru einkum á sviði félags- og uppeldisfræði. Sem dæmi um verkefni má nefna fagmennsku og starfsaðferðir í æskulýðsstarfi, uppeldisgildi viðburða, einelti í ýmsum myndum, börn og náttúru, útivist og útinám, skilgreiningu hugtaka og rannsóknir sem tengjast náminu sjálfu, gildi þess og gæðum. Námsbraut í tómsunda- og félagsmálafræði er hluti af Rannsóknastofu í barna- og æskulýðsfræðum sem starfar á Menntavísindasviði og leggur stund á rannsóknir er varða málefni barna og unglinga í víðu samhengi.

Í þroskaþjálfarafræði hefur áherslan m.a. verið á rannsóknir í samvinnu við fatlað fólk. Má þar nefna lífssögurannsóknir, rannsóknir sem beinast að notendastýrðri persónulegri aðstoð við fatlað fólk og þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Auk þess hefur verið lögð áhersla á greiningu á siðferðilegum álitamálum fagstétta og störfum þroskaþjálfara.

Rannsóknastofa í þroskaþjálfarafræði er starfrækt við deildina en markmið hennar er meðal annars að stuðla að auknum rannsóknum, ráðgjöf og þróunarstarfi í málaflokkum er tengjast fötluðu fólki og störfum þroskaþjálfara. Á vegum rannsóknastofunnar voru skipulagðir fræðslufyrirlestrar og nýju rannsóknaverkefni, sem ber heitið Sálfræði og fullorðinsár, var ýtt úr vör.



ELKOMINÍ  
A. C. ISLANDS



## Gæðamál

Deildin tók þátt í árlegri kennslukönnun Háskóla Íslands. Matsfundir hafa verið haldnir með nemendum á öllum námsbrautum, bæði í grunn- og framhaldsnámi, og niðurstöður þeirra notaðar til að meta stöðu náms og kennslu og efla og styrkja faglegt starf deildarinnar enn frekar.

## Viðburðir

Í tilefni 100 ára afmælis Háskóla Íslands bauð deildin upp á opinn dag á Laugarvatni (sjá hér að ofan), fyrirlestra, sýningar og fleira.

## Brautskráðir stúdentar frá Íprótta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild 2011

	Karlar	Konur	Alls
<b>B.Ed.-próf Alls:</b>	<b>9</b>	<b>9</b>	<b>18</b>
Íprótta- og heilsufræði – staðnám	6	7	13
Ípróttafræði – staðnám	3	2	5
<b>BA-próf Alls:</b>	<b>10</b>	<b>57</b>	<b>67</b>
Tómsunda- og félagsmálafræði		4	4
Tómsunda- og félagsmálafræði – fjarnám	3	2	5
Þroskaþjálfufræði	2	3	5
Þroskaþjálfufræði – fjarnám	3	27	30
Þroskaþjálfufræði – staðnám	2	21	23
<b>BS-próf Alls:</b>	<b>18</b>	<b>8</b>	<b>26</b>
Íprótta- og heilsufræði – staðnám	17	6	23
Ípróttafræði – staðnám	1	2	3
<b>M.Ed.-próf Alls:</b>	<b>1</b>	<b>3</b>	<b>4</b>
Íprótta- og heilsufræði	1	2	3
Þroskaþjálfufræði		1	1
<b>MS-próf Alls:</b>		<b>2</b>	<b>2</b>
Íprótta- og heilsufræði		2	2
<b>Samtals:</b>	<b>38</b>	<b>79</b>	<b>117</b>

## Kennaradeild

### Stjórn og skipulag deildarinnar

Námsbrautir Kennaradeildar voru fyrri hluta árs 2011:

- Grunnskólakennarafræði. Formaður námsbrautarinnar var Kristín Jónsdóttir lektor.
- Leikskólakennarafræði. Formaður námsbrautarinnar var Þórdís Þórðardóttir lektor.
- Kennslufræði. Formaður námsbrautarinnar var Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor.
- Náms- og kennslufræði. Formaður námsbrautarinnar var Hafþór Guðjónsson dósent.

Ný skipan námsbrauta tók gildi 1. júlí 2011 og var við skipulagið tekið mið af nýjum lögum og reglugerð um inntak kennaramenntunar. Á öllum nýju námsbrautum er bæði boðið upp á grunn- og framhaldsnám.

Námsbrautirnar eru:

- Menntun ungra barna í leik- og grunnskóla. Formaður námsbrautarinnar var Þórdís Þórðardóttir lektor.
- Grunnskólakennsla. Formaður námsbrautarinnar var Guðbjörg Pálsdóttir lektor.
- Faggreinakennsla í grunnskóla. Formaður námsbrautarinnar var Halla Jónsdóttir aðjunkt.
- Kennslufræði framhaldsskóla og háskóla. Formaður námsbrautarinnar var Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor.

Deildarforseti var Anna Kristín Sigurðardóttir lektor og varadeildarforseti var Ingvar Sigurgeirsson prófessor fyrri hluta ársins en Gunnar E. Finnbogason prófessor tók við sem varadeildarforseti á haustmíssi. Deildarráð skipuðu, auk deildarforseta, varadeildarforseta og formanna námsbrauta, eftirtaldir fulltrúar kennara: Arna H. Jónsdóttir lektor, Guðbjörg Pálsdóttir lektor, Helgi Skúli Kjartansson prófessor og Guðrún Geirsdóttir dósent. Vormíssið var rannsóknarmíssi þeirra Þórdísar Þórðardóttur námsbrautarformanns og kennarafulltrúanna Helga Skúla Kjartanssonar og Guðrúnar Geirsdóttur og tóku þau því ekki þátt í starfi deildarráðs á míssinu. Bryndís Garðarsdóttir og Hrönn Pálmadóttir voru staðgenglar Þórdísar í deildarráði og varamenn kennara á árinu voru Gunnar J. Gunnarsson, Hrefna Sigurjónsdóttir, Ólöf Garðarsdóttir og Freyja Hreinsdóttir.

Á haustmíssi tóku formenn nýrra námsbrauta sæti í deildarráði. Þá varð Guðbjörg Pálsdóttir námsbrautarformaður og á sæti í ráðinu sem slík en hún hafði áður verið fulltrúi kennara. Varamaður kennara kom í hennar stað.

Karl Sigtryggsson og Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir voru fulltrúar nemenda í deildarráði á vormíssi og Kristjana Björk Traustadóttir á haustmíssi.

Deildarstjóri á kennsluskrifstofu er Sigríður Pétursdóttir.

## Starfsfólk

Samtals voru í Kennaradeild 89 kennarar, prófessorar, dósentar, lektorar og aðjuntar. Stjórnýslustarfsfólk deildarinnar tilheyrir kennsluskrifstofu.

## Stefna Kennaradeildar

Meginhlutverk Kennaradeildar Menntavísindasviðs er að hafa forystu um vandaða menntun fyrir kennara á öllum skólastigum. Kennaradeild menntar, í samstarfi við þá sem starfa á vettvangi, öflugt fagfólk til að leggja grunn að árangursríku starfi í skólum landsins og leiða faglega þróun þess. Deildin leggur því áherslu á rannsóknir og þróunarstarf á sviði menntamála og skólastarfs.

Í Kennaradeild er lögð alúð við fólk og fræði. Það felur í sér að starfshættir deildarinnar byggjast á lýðræði, jafnrétti, sjálfbærni og virðingu fyrir einstaklingum og margbreytileika mannlífsins. Lögð er áhersla á vísindaleg vinnubrögð, siðferðilega ábyrgð, gagnrýna hugsun og skapandi starf.

Í Kennaradeild er litið á kennaramenntun sem ævimenntun og starfsþróun sem mikilvægan þátt í starfi hvers kennara.

## Nám og kennsla

Á vormíssi 2011 voru þrjár námsleiðir í boði í grunnnámi í Kennaradeild: grunnskólakennarafræði og leikskólakennarafræði til B.Ed.-gráðu og 60 eininga kennsluréttindánám fyrir iðnmeistarar. Í



framhaldsnámi voru sex námsleiðir í boði: viðbótardiplóma í kennslufræði til kennsluréttinda á framhaldsskólastigi (60e) og viðbótardiplóma í kennslufræði fyrir háskólakennara (30e) og M.Ed.- og MA-gráður í náms- og kennslufræði, ásamt tveimur viðbótardiplómum. Lögð hefur verið áhersla á fjölbreytt nám sem búa á kennara á öllum skólastigum undir að móta námsumhverfi við hæfi fjölbreytts nemendahóps og undir leiðtogastörf í skólum landsins.

Á fyrri hluta árs 2011 var námið skipulagt með sama hætti og á haustmisseri 2010, sjá árbók 2010. Haustið 2011 tók gildi eftirfarandi skipan náms í Kennaradeild:

Grunnnám:

**Menntun ungra barna í leik- og grunnskóla, B.Ed., 180 einingar**

Námsleiðir:

- Leikskólakennarafræði, B.Ed., 180 e
- Kennsla ungra barna í grunnskóla, B.Ed., 180 e
- Leikskólakennarafræði, aukagrein, 60 e
- Leikskólakennarafræði, viðbótarnám, 30 e

**Grunnskólakennsla (tvö kjörsvið, nemendur velja tvö af 12 kjörsviðum), B.Ed., 180 einingar**

Námsleið:

- Grunnskólakennsla, tvö kjörsvið, B.Ed., 180 e

**Faggreinakennsla í grunnskóla (eitt kjörsvið, val á milli 12 kjörsviða), B.Ed., 180 einingar**

Námsleiðir:

- Faggreinakennsla í grunnskóla, eitt kjörsvið, B.Ed., 180 e
- Grunnskólakennarafræði, aukagrein, 60 e
- Grunnskólakennarafræði, viðbótarnám, 30 e

**Kennslufræði fyrir iðnmeistara, grunndiplóma, 60 einingar**

Námsleið:

- Kennslufræði fyrir iðnmeistara, grunndiplóma, 60e

Meistaránám:

**Menntun ungra barna í leik- og grunnskóla**

Námsleiðir:

- Leikskólakennarafræði, M.Ed., 120e
- Leikskólakennarafræði, viðbótardiplóma, 60 e
- Kennsla ungra barna í grunnskóla, M.Ed., 120 e
- Náms- og kennslufræði, M.Ed., 120e – með áherslu á menntunar- og kennslufræði yngri barna
- Náms- og kennslufræði, MA, 120e – með áherslu á menntunar- og kennslufræði yngri barna
- Náms- og kennslufræði – með áherslu á menntunar- og kennslufræði yngri barna, viðbótardiplóma, 60 e

**Grunnskólakennsla**

Námsleiðir:

- Grunnskólakennsla, M.Ed., 120 e

**Faggreinakennsla í grunnskóla**

Námsleiðir:

- Faggreinakennsla í grunnskóla, M.Ed., 120 e

**Náms- og kennslufræði fyrir kennara með leyfisbréf**

Námsleiðir:

- Náms- og kennslufræði, M.Ed., 120e – mörg kjörsvið
- Náms- og kennslufræði, MA, 120e – mörg kjörsvið
- Náms- og kennslufræði, viðbótardiplóma, 60e – mörg kjörsvið

**Kennslufræði framhaldsskóla og háskóla**

Námsleiðir:

Kennslufræði framhaldsskóla, M.Ed., 120 e  
Kennslufræði framhaldsskóla, viðbótardiplóma, 60 e  
Kennslufræði háskóla, viðbótardiplóma, 30 e

Á árinu var helsta verkefni deildarinnar að ganga frá skipulagi námsframboðs í nýju kennaranámi en eins og áður kom fram tóku ný lög og reglugerð um inntak kennaramenntunar gildi 1. júlí 2011. Í fyrsta skipti er kveðið á um inntak kennaramenntunar í lögum frá Alþingi og í reglugerð. Samkvæmt reglugerðinni skulu kennarar á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi hafa lokið ákveðnum einingafjölda í námi sínu, annars vegar í uppeldis- og kennslufræði og hins vegar í kennslugrein eða námssviði sem þeir sérhæfa sig í. Héðan í frá þurfa allir kennarar í leik-, grunn- og framhaldsskólum að hafa lokið meistaraprófi til að fá starfsleyfi sem kennarar. Með nýju skipulagi í kennaranámi bjóðast nú margar ólíkar leiðir til þess að verða kennari eins og yfirlitsmyndin hér að neðan sýnir.

Samþykkt var ný námsleið á meistarastigi fyrir þá sem lokið hafa bakkalárprófi í kennslugreinum grunnskólans og eru það tímamót að nú verður í boði tveggja ára meistaránám fyrir verðandi kennara á öllum skólastigum, í leik-, grunn- og framhaldsskólum.


Unnið var að móttöku námssviða í kennaranámi fyrir öll skólastig í samvinnu við Uppeldis- og menntunarfræðideild. Markmið með námssviðum er að kennaranemar geti sérhæft sig í ákveðnum þáttum skólastarfs með hliðsjón af áherslum í nýjum aðalnámskrám mennta- og menningarmálaráðuneytisins og með tilliti til þarfa skólakerfisins.

Samstarf var aukið við innlenda og erlenda háskóla, sér í lagi með það að markmiði að auka möguleika nemenda til sérhæfingar, einkum í náttúrufræði og í list- og verkgreinum.

Töluverðar breytingar hafa orðið á starfi Kennaradeildar þar sem allir verðandi kennarar þurfa nú að ljúka meistaraprófi. Það hefur þau áhrif að stærri hluti nemenda en áður mun stunda nám á meistarastigi. Á árinu var sett á fót nefnd kennara í Kennaradeild sem á að setja ramma um meistaraprófsverkefni í nýju kennaranámi. Meistaraprófskraftur felur einnig í sér þá nýbreytni að kennaraefni munu stunda vettvangsnám á meistarastigi og er vonast til að það skapi jarðveg fyrir aukna skólaþróun í samstarfsskólum Menntavísindasviðs.

Í deildinni stunduðu u.þ.b. 980 nemendur nám á haustmisseri.

## Nýtt kennaranám – margar leiðir



1) Með sérstöku vali á viðkomandi námsleiðum.

2) Faggreinakennsla í grunnskóla og Kennslufræði grunnskóla veita heimild til að kenna sína kennslugrein í byrjunaráföngum framhaldsskóla.

3) Kennslufræði framhaldsskóla veitir einnig heimild til að kenna sína kennslugrein í 8.–10. bekk grunnskóla. Þeir sem lokið hafa meistara- eða doktorsprófi í kennslugrein framhaldsskóla geta tekið 60e diplómu og fengið heimild til að kenna í framhaldsskólum.

## Rannsóknir

Kennarar í deildinni leggja áherslu á rannsóknir á sviði náms og kennslu í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum, háskólum og fullorðinsfræðslu. Þær beinast m.a. að námi og kennslu einstakra námsgreina eða námssviða eða að almennari atriðum skólastarfs, s.s. kennslu barna með sérþarfir, lýðræði í skólastarfi, líðan og námsárangri og samstarfi við foreldra. Rannsóknir tengjast nokkrum

rannsóknastofum á sviðinu, m.a. um menntunarfræði ungra barna, upplýsingatækni og skólastarf, um skóla án aðgreiningar, mál og læsi og um kennslufræði og starfshætti í skólum. Kennarar deildarinnar taka einnig þátt í þróunarstörfum í skólum, ýmist sem rannsakendur eða sem ráðgjafar. Samstarf um rannsóknir er við aðra háskóla og þá sérstaklega við Háskólann á Akureyri.

## Gæðamál

Á árinu var hafist handa við markvisst mat á innra starfi Kennaradeildar. Bæði kennarar og nemendur tóku þátt í sjálfsmatinu. Ákveðið er að gæðaúttekt fari fram í Kennaradeild á skólaárinu 2014–2015.

Haldnir voru matsfundir með nemendum á flestum námsbrautum. Námsbrautarstjórar sáu um framkvæmdina. Niðurstöður fundanna voru ræddar innan brautanna.

Haldið var áfram að þróa stað- og fjarnám í sömu námskeiðum en fram til ársins 2010 fór stað- og fjarnám fram í aðskildum hópum. Þuríður Jóhannsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir gerðu úttekt á fyrirkomulaginu og unnu skýrslu sem kom út á árinu.

Starfshópur um vettvangsnám gerði könnun meðal æfingakennara í leik-, grunn- og framhaldsskólum um viðhorf þeirra til skipulags og framkvæmdar vettvangsnáms kennaraefna. Skýrsla starfshópsins kom út á árinu.

## Markaðs- og kynningarmál

Skipuð var kynningarnefnd í samstarfi við Kennarasamband Íslands. Í henni áttu sæti fulltrúar allra skólastiga, tilnefndir af Kennarasambandinu, fulltrúar Kennaradeildar og kynningarstjóri Menntavísindasviðs. Þá tóku nemendur í Kennaradeild virkan þátt í starfi nefndarinnar. Lögð var áhersla á að gefa út gott kynningarefni um nýtt kennaranám og fjölbreytta möguleika fyrir verðandi kennara og einnig um nám fyrir starfandi kennara. Um var að ræða prentað kynningarefni en einnig voru vefmiðlar nýttir á ýmsan hátt.

## Brautskráðir stúdentar frá Kennaradeild 2011

	Karlar	Konur	Alls
<b>B.Ed.-próf Alls:</b>	<b>24</b>	<b>266</b>	<b>290</b>
Grunnskólakennarafræði	3	15	18
Grunnskólakennarafræði – fjarnám	9	106	115
Grunnskólakennarafræði – staðnám	10	70	80
Leikskólakennarafræði	2	5	7
Leikskólakennarafræði – fjarnám		39	39
Leikskólakennarafræði – staðnám		30	30
Leikskólakennarafræði – viðbótarnám – fjarnám		1	1
<b>Grunndiplóma Alls:</b>	<b>31</b>	<b>22</b>	<b>53</b>
Kennslufræði (60e)	31	20	51
Nám til kennsluréttinda á bakkalárstigi fyrir iðnmeistara (30e)		2	2
<b>Viðbótardiplóma Alls:</b>	<b>27</b>	<b>77</b>	<b>104</b>
Diplómanám í kennslufræðum	2	5	7
Kennslufræði	21	55	76

Kennslufræði háskóla		1	1
Kennslufræði til kennsluréttinda (30e)	3	8	11
Kennsluréttindanám á meistarastigi	1	1	2
Náms- og kennslufræði		7	7
<b>M.Ed.-próf Alls:</b>	<b>2</b>	<b>21</b>	<b>23</b>
Náms- og kennslufræði	2	21	23
<b>MA-próf Alls:</b>	<b>2</b>	<b>1</b>	<b>3</b>
Kennslufræði	1	1	2

## Uppeldis- og menntunarfræðideild

### Almennt yfirlit og stjórn

Í Uppeldis- og menntunarfræðideild eru fimm námsbrautir:

- Menntunarfræði. Formaður námsbrautarinnar var Amalía Björnsdóttir dósent (bæði misserin) í fjarveru Ólafs Páls Jónssonar dósents sem var í rannsóknaleyfi.
- Menntastjórnun og matsfræði. Formaður námsbrautarinnar var Börkur Hansen prófessor.
- Nám fullorðinna. Formaður námsbrautarinnar var Hróbjartur Árnason lektor.
- Sálfræði í uppeldis- og menntavísindum. Formaður námsbrautarinnar var Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor.
- Sérkennslufræði. Formaður námsbrautarinnar var Dóra S. Bjarnason prófessor.

Deildarforseti var Hanna Ragnarsdóttir dósent og starfandi varadeildarforseti Amalía Björnsdóttir dósent í fjarveru Ólafs Páls Jónssonar, kjörins varadeildarforseta.

Deildarráð skipuðu, auk deildarforseta og formanna námsbrauta, fulltrúar nemenda, þau Benedikta Björg Valtýsdóttir (grunnám) og Ingimar Ólafsson Waage (framhaldsnám). Deildarstjóri á kennsluskrifstofu var Ásdís Hrefna Haraldsdóttir.

Meginstefna deildarinnar er að stunda rannsóknir á ýmsum viðfangsefnum uppeldis og menntunar og skapa námsumhverfi á grunn-, meistara- og doktorsstigi fyrir þá sem vilja efla sig sem fagmenn á sviði kennslu, rannsókna, stjórnunar eða í öðru starfi á vettvangi uppeldis og menntunar.

### Starfsfólk

Í deildinni störfuðu samtals 18 kennarar, 10 prófessorar, 4 dósentar og 4 lektorar. Fjórtán eru í fullu starfi en fjórir í hlutastarfi. Auk þess störfuðu nokkrir stundakennarar við deildina. Tveir kennarar fluttu sig milli deilda, lektor flutti sig úr deildinni yfir í Kennaradeild og dósent kom þaðan yfir í Uppeldis- og menntunarfræðideild. Einn kennari lét af störfum í byrjun skólaárs vegna aldurs.

### Nám og kennsla

Í Uppeldis- og menntunarfræðideild er boðið upp á fjölbreytt nám í uppeldis- og menntunarfræði, bæði með innlendum og alþjóðlegum áherslum. Nemendum gefst kostur á að læra um nám og þroska, uppeldi og menntun, m.a. frá sjónarhóli menntunarfræði, sálfræði, félagsfræði, heimspeki og siðfræði. Jafnframt er lögð rík áhersla á tengsl við væntanlegan starfsvettvang.

Árið 2011 var boðið upp á nýja námsbraut í framhaldsnámi sem nefnist nám fullorðinna og er hægt að ljúka þaðan bæði M.Ed.- og MA-námi. Einnig var menntunarfræðibrautin endurskipulögð þannig að þar eru í boði þrjár námsleiðir til M.Ed.- og MA-gráðu: uppeldis- og menntunarfræði, lífsleikni, sjálfsmyndir og farsæld og lýðræði, jafnrétti og fjölmening. Á tveimur námsleiðum í deildinni fer kennsla eingöngu fram á ensku. Það eru BA- og MA-námsleiðir í alþjóðlegu námi í menntunarfræði, International Studies in Education. Eingöngu var boðið upp á MA-leiðina þetta skólaár.

### Grunnnám

Í grunnnámi eru tvær námsleiðir innan menntunarfræði:

- Uppeldis- og menntunarfræði, BA, 180 e
- Alþjóðlegt nám í menntunarfræði – International Studies in Education, BA, 180e (ekki í boði 2011–2012)

### Framhaldsnám

Í framhaldsnámi er fjölbreytt starfs- og rannsóknatengt nám á meistara- og doktorsstigi sem er í boði bæði fyrir þá sem hafa nýlokið grunnnámi og fyrir starfandi kennara og stjórnendur í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Innan námsbrautanna fimm ljúka nemendur 120 eininga M.Ed.- eða MA-námi í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á ákveðna námsleið:

- Alþjóðlegt nám í menntunarfræði, MA
- Áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn, MA
- Leiðtogar, nýsköpun og stjórnun, M.Ed., MA
- Lífsleikni, sjálfsmyndir og farsæld, M.Ed., MA
- Lýðræði, jafnrétti og fjölmening, M.Ed. og MA
- Matsfræði, MA
- Nám fullorðinna, M.Ed., MA
- Sérkennslufræði, M.Ed., MA
- Stjórnunarfræði menntastofnana, M.Ed., MA
- Uppeldis- og menntunarfræði, M.Ed., MA
- Þroski, mál og læsi, MA

### Doktorsnám

Doktorsnám á Menntavísindasviði hefur sérstöðu meðal fræðasviða Háskólans að því leyti að námið er skipulagt þvert á deildir sviðsins. Námið er í örri þróun og koma margir að uppbyggingu þess undir forystu doktorsráðs. Í júní voru samþykktar reglur um doktorsnám við Menntavísindasvið (sjá [http://vefsetur.hi.is/mvsdoktorsnam/reglur\\_um\\_doktorsnam\\_vid\\_menntavisindasvid\\_haskola\\_islands](http://vefsetur.hi.is/mvsdoktorsnam/reglur_um_doktorsnam_vid_menntavisindasvid_haskola_islands)). Unnið var að mótun ferla við áfangamat og doktorsvarnir. Ólöf Garðarsdóttir prófessor er formaður doktorsráðs. Alls var 81 doktorsnemi skráður við sviðið í lok ársins, auk þriggja gestadoktorsnema.

Hægt er að ljúka doktorsnámi á sviðinu með tvennum hætti:

- Ph.D.-nám í menntunarfræði, 180–240 e
- Ed.D.-nám í menntunarfræði, 180 e

Málstofur og fræðslufundir voru haldnir í doktorsskóla sviðsins allt árið. Alls voru tíu málstofur haldnar í samvinnu við rannsóknastofur og fræðimenn á Menntavísindasviði þar sem doktorsnemar ásamt leiðbeinendum kynntu verkefni sín og rannsóknir. Tólf erlendir fræðimenn héldu opna fyrirlestra á Menntavísindasviði. Tólf doktorsnemar fóru í áfangamat. Þeir kynntu rannsóknaverkefni sín á opnum kynningum áður en þau voru metin á lokuðum fundum með matsnefnd.

Í febrúar var námskeiðið Millennium Children. Their perspectives and experience haldið, styrkt af NordForsk en umsjón með námskeiðinu hafði Jóhanna Einarsdóttir prófessor. Fyrirlesarar á námskeiðinu voru frá Ástralíu, Englandi og Finnlandi, auk innlendra fyrirlesara. Alls tóku 34 norrænir doktorsnemar þátt í námskeiðinu, þ.a. átta Íslendingar.

Í maí var námskeiðið Personal Construct Psychology haldið í umsjón Hafdísar Ingvarsdóttur prófessors en aðalkennari námskeiðsins var Pam Denicolo, prófessor við háskólann í Reading í Englandi.

Í júní voru doktorsdagur haldnir. Meðal annars var námskeiðið Professional Practice and the Impact of Policy haldið í umsjón Julie Allan, prófessors við School of Education við Stirling University í Skotlandi, og Allyson Macdonald, prófessors á Menntavísindasviði. Einnig sá John Field, prófessor við Stirling University í Skotlandi, um vinnufund með leiðbeinendum doktorsnema.

Í október var haldið sérstakt námskeið, Methodologies for Researching Diversity, fyrir doktorsnema í umsjón Geraldine Smyth frá University of Strathclyde í Skotlandi. Ásamt henni kenndu doktorsnemarnir Giovanna Fassetta og Emilia Pietka á námskeiðinu.

Vefsíða doktorsnámsins er <http://vefsetur.hi.is/mvsdoktorsnam> og er hún uppfærð reglulega.

### **Doktorsvarnir**

Þrjár doktorsvarnir fóru fram frá Menntavísindasviði á árinu.

Karen Rut Gísladóttir varði doktorsritgerð sína, I Am Deaf, Not Illiterate: A Hearing Teacher's Ideological Journey into the Literacy Practices of Children Who Are Deaf (Ég er heyrnarlaus, ekki ólæs: Hugmyndafræðilegt ferðalag heyrandi kennara inn í lestrar- og ritunaraudlindir heyrnarlausra nemenda) þann 11. mars í Skriðu, í húsnæði Menntavísindasviðs við Stakkahlíð.

Kristján Þór Magnússon varði doktorsritgerð sína, Hreyfing og þrek 7 og 9 ára Íslendinga – Samanburður tveggja úrtaka og áhrif tveggja ára skólaíhlutunar (Physical Activity and Fitness of 7 and 9-Year-Old Icelanders – A Comparison of Two Cohorts and the Effects of a Two-Year School-Based Intervention) þann 15. ágúst í hátíðasal Háskóla Íslands.

Svanborg Rannveig Jónsdóttir varði doktorsritgerð sína, The Location of Innovation Education in Icelandic Compulsory Schools (Nýsköpunarmennt í íslenskum grunnskólum), þann 21. desember í hátíðasal Háskóla Íslands.

### **Rannsóknir**

Helstu rannsóknarsvið kennara deildarinnar eru í heimspeki, fjölmenningarfræðum, menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi, kynja- og jafnréttisfræðum, sálfræði í uppeldis- og menntavísindum, barna- og æskulýðsfræðum, sérkennslufræðum og skóla án aðgreiningar og á sviði þroska, máls og læsis. Taka þeir m.a. þátt í eða stýra rannsóknum eftirtalinna rannsóknastofa: Rannsóknastofu í barna- og æskulýðsfræðum, Rannsóknastofu í fjölmenningarfræðum, Rannsóknastofu um jafnrétti, kyngervi og menntun, Rannsóknastofu um skóla án aðgreiningar, Rannsóknastofu um þroska, mál og læsi barna og unglinga, Rannsóknastofu um skólastarf, Rannsóknastofu í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi og Rannsóknasetrinu Lífshættir barna og ungmenna.

Sem dæmi um samstarfsverkefni sem kennarar deildarinnar stýra eða eru þátttakendur í má nefna: Starfshættir í grunnskólum, Fjölbreyttir kennarahópar og fjölbreyttir nemendahópar, Jafnréttismál

kynja í skólum og kennaramenntun, þekking barna á ofbeldi á heimilum, Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi, Áhættuhegðun, þroski og seigla ungmenna: Langtímarannsókn, Lífsviðhorf og gildismat ungs fólks í fjölmenningsarsamfélagi, Þroski leik- og grunnskólabarna: Sjálfstjórn, málþroski og læsi á aldrinum 4ra til 8 ára, Mál í notkun: Tal- og ritmál barna, unglinga og fullorðinna og Þróun á íslensku skimunarprófi vegna lestrarörðugleika.

## Gæðamál

Árleg kennslukönnun var gerð vorið 2011 og haldnir voru sérstakir matsfundir á öllum fimm brautum deildarinnar með nemendum á lokastigi í meistaranámi. Niðurstöður fundanna voru ræddar í deildarráði og á deildarfundum. Einnig var viðhorf nemenda, bæði í grunn- og framhaldsnámi, kannað rafrænt. Deildarforseti átti starfsmannasamtal við alla kennara deildarinnar.

## Markaðs- og kynningarmál

Starfsfólk deildarinnar, ásamt fulltrúum nemenda, tók þátt í sameiginlegum kynningum Háskóla Íslands á námsframboði á grunn- og framhaldsstigi, auk þess sem framhaldsnám var sérstaklega kynnt nemendum og starfandi kennurum í mars í húsakynnum sviðsins við Stakkahlíð.

## Brautskráðir stúdentar frá Uppeldis- og menntunarfræðideild 2011

	Karlar	Konur	Alls
<b>BA-próf Alls:</b>	<b>1</b>	<b>20</b>	<b>21</b>
Alþjóðlegt nám í menntunarfræði	1	3	4
Uppeldis- og menntunarfræði		17	17
<b>Viðbótardiplóma Alls:</b>	<b>2</b>	<b>18</b>	<b>20</b>
Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á fjölmenningu		2	2
Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á sérkennslufræði		12	12
Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á stjórnun menntastofnana	2	4	6
<b>M.Ed.-próf Alls:</b>	<b>2</b>	<b>39</b>	<b>41</b>
Fjölmennung		2	2
Fræðslustarf með fullorðnum – Mannauðspróun		1	1
Leiðtogar – nýsköpun og stjórnun		2	2
Menntunarfræði		7	7
Sérkennslufræði		10	10
Stjórnunarfræði menntastofnana	2	16	18
Uppeldis- og menntunarfræði		1	1
<b>MA-próf Alls:</b>	<b>1</b>	<b>7</b>	<b>8</b>
Alþjóðlegt nám í menntunarfræði		3	3
Leiðtogar – nýsköpun og stjórnun		1	1
Menntunarfræði		1	1
Uppeldis- og menntunarfræði	1	2	3
<b>Doktorspróf Alls:</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>
Menntunarfræði	1	1	2
Menntunarfræði – 180–240 e		1	1
<b>Samtals:</b>	<b>7</b>	<b>86</b>	<b>93</b>



## Menntavísindastofnun

Menntavísindastofnun er rannsókn- og fræðastofnun sem starfar við Menntavísindasvið og hefur það hlutverk að efla rannsóknir og rannsóknaumhverfi innan sviðsins. Það er gert með því að styðja rannsóknastofur og einstaka rannsakendur með aðstoð við að skipuleggja rannsóknir, aðstoða við gerð umsókna í rannsóknasjóði, gefa ráð þegar niðurstöður rannsókna eru birtar og veita upplýsingar og ráð um rannsóknasjóði og aðrar fjármögnunarleiðir, bæði innlendar og erlendar. Stofnuninni er ætlað að greiða fyrir ráðstefnum, málstofum, fyrirlestrahaldi og útgáfustarfsemi sem tengist rannsóknum á sviðinu. Menntavísindastofnun er einnig ætlað að bera faglega ábyrgð á árlegri ráðstefnu Menntavísindasviðs, Menntakviku: rannsóknir, nýbreytni og þróun og stuðla, að samstarfi rannsakenda við fræðimenn og tengdar stofnanir innan sem utan Háskóla Íslands. Þá er henni ætlað að sinna rannsókn- og þjónustuverkefnum sem tengjast fræðasviði Menntavísindasviðs, stuðla að sýnileika sviðsins og styðja við þróunarverkefni sem unnin eru á sviðinu.

## Stjórn og starfsfólk

Nýtt rannsóknaráð Menntavísindasviðs var skipað 1. júlí 2011 og starfar það til 30. júní 2013. Ráðið starfar jafnframt sem stjórn Menntavísindastofnunar. Í því eiga sæti: Steinunn Gestsdóttir dósent, formaður, Helgi Skúli Kjartansson prófessor, Helga Rut Guðmundsdóttir lektor, Jóhanna Einarsdóttir lektor og Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor. Edda Óskarsdóttir var skipuð fulltrúi framhaldsnemenda. Ekki voru skipaðir varamenn. Forstöðumaður stofnunarinnar er Kristín Erla Harðardóttir.

## Rannsóknastofur

Á Menntavísindasviði eru starfræktar átján rannsóknastofur sem heyra undir Menntavísindastofnun. Var ein þeirra stofnuð á árinu, Rannsóknastofa í tónlistarfræðum.

Áður höfðu verið stofnaðar eftirtaldar stofur:

- Rannsóknastofa í barna- og æskulýðsfræðum
- Rannsóknastofa í fjölmenningsfræðum
- Rannsóknastofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu
- Rannsóknastofa í íþrótt- og heilsufræði
- Rannsóknastofa í kennslufræði
- Rannsóknastofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi
- Rannsóknastofa í menntunarfræði ungra barna
- Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun
- Rannsóknastofa í þroskaþjálfingfræðum
- Rannsóknastofa námsgagna
- Rannsóknastofa um háskóla
- Rannsóknastofa um jafnrétti, kyngervi og menntun
- Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls
- Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar
- Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun
- Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi barna og unglinga
- Rannsóknastofa um þróun skólastarfs



# Rannsóknasetrið Lífshættir barna og ungmenna

## Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknasetrið Lífshættir barna og ungmenna heyrir undir Félagsvísindastofnun og Menntavísindastofnun.

Eftirtaldir sátu í stjórn setursins á árinu: Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor, forstöðumaður, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir prófessor, stjórnarformaður Félagsvísindastofnunar, og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, uppeldis- og menntunarfræðingur og borgarfulltrúi.

Á árinu tóku eftirtaldir þátt í verkefnum á vegum setursins: Eva Harðardóttir, MLLL og stundakennari við Háskóla Íslands, Hiroe Terada, doktorsnemi í uppeldis- og menntunarfræði, Hrunn Þórarinsdóttir, doktorsnemi í uppeldis- og menntunarfræði, Kristjana Stella Blöndal, lektor við Félagsvísindasvið og doktorsnemi í uppeldis- og menntunarfræði, Margrét Aðalheiður Markúsdóttir, MA-nemi í uppeldis- og menntunarfræði, Ragný Þóra Guðjohnsen, lögfræðingur og doktorsnemi í uppeldis- og menntunarfræði, Steinunn Gestsdóttir, dósent við Menntavísindasvið, og Fanney Þórsdóttir, lektor í sálfræði við Heilbrigðisvísindasvið.

## Rannsóknir

Unnið var að þremur meginrannsóknaverkefnum:

### Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi

Unnið var að úrvinnslu gagna og birtingu niðurstaðna. Markmið rannsóknarinnar er að afla þekkingar og skilnings á borgaravitund ungs fólks til sjávar og sveita. Leitað er m.a. eftir hugmyndum þess um lýðræði og mannréttindi, þeim áhrifum sem það telur sig hafa á samfélag sitt, hvaða áhrif það vildi hafa og hvert gildismat þess er. Ungmennin eru á aldrinum 11, 14 og 18 ára í þremur byggðarkjörnum hér á landi (1500 ungmenni). Gögnum var safnað bæði með viðtölum og spurningalistum. Rit var gefið út um tengsl bakgrunnsbreytna (aldurs, kyns, fjölskyldugerðar og þjóðfélagsstöðu) við allar mælingar rannsóknarinnar (sjá undir kaflanum um útgáfu) og greinar voru skrifaðar í ritrynd íslensk rit. Vísindasjóður Rannís styrkir rannsóknina.

Jafnframt var unnið að söfnun og úrvinnslu gagna í evrópskri samvinnurannsókn sem Alistair Ross prófessor stýrir: Young Europeans' Constructions of Identity and Citizenship: Moving Borders, Border Crossings.

### Uppeldis- og menntasýn foreldra og kennara

Í samvinnu við rannsóknahóp við Harvard-háskóla var unnið að verkefni Menntasýn kennara: Hönnun mælingar á uppeldis- og menntasýn leiðtoga og kennara og fyrir verkefni Uppeldissýn foreldra var gögnum safnað með viðtölum við foreldra.

### Áhættuhegðun og seigla ungs fólks: Langtímarannsókn

Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir skrifuðu greinar í erlend rit um forspárþætti brotthvarfs frá námi út frá gögnum úr rannsókninni.

## Kynningarstarfsemi

### Útgáfa

Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2011). Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi. Reykjavík: Rannsóknasetrið Lífshættir barna og ungmenna – Félagsvísindastofnun og Menntavísindastofnun Háskóla Íslands.

### Opinberir fyrirlestrar á vegum setursins

Alistair Ross, prófessor emeritus við Institute for Policy Studies in Education við Metropolitan-háskólann í London, flutti erindið Teaching as a Political Activity: The Teacher as a Political Actor á vegum rannsóknasetursins og Menntavísindasviðs í tilefni 100 ára afmælis Háskóla Íslands 19. sept. 2011.

Starfsfólk setursins flutti jafnframt fjölda fyrirlestra um niðurstöður ofangreindra rannsókna á ráðstefnum erlendis, bæði í Evrópu, Kanada og Bandaríkjunum, og innanlands, á ráðstefnum og á starfsvettvangi.

## Rannsóknastofa í barna- og æskulýðsfræðum

### Almennt yfirlit og stjórn

Í stjórn Rannsóknastofu í barna- og æskulýðsfræðum sátu Guðrún Kristinsdóttir prófessor, formaður, Árni Guðmundsson námsbrautarstjóri og Gestur Guðmundsson prófessor. Varastjórn skipuðu Ólöf Garðarsdóttir prófessor og Guðrún Valsdóttir doktorsnemi. Guðrún Kristinsdóttir prófessor var forstöðumaður Rannsóknastofu í barna- og æskulýðsfræðum.

Aðstandendur Rannsóknastofu í barna- og æskulýðsfræðum hafa reynt að láta þrengri aðstæður í kjölfar niðurskurðar bitna sem minnst á rannsóknum sínum en af þeim sökum hefur minna tóm gefist til að gangast fyrir málstofum og öðru starfi út á við. Auk stjórnarfunda og annars sækir formaður fundi sviðsins vegna rannsóknastofa.

### Rannsóknir

Starfið í Rannsóknastofu í barna- og æskulýðsfræðum er þverfræðilegt og snýr að misgömlum fræðigreinum. Mikið þróunarstarf fer fram í tómtundafræði þar sem norrænt samstarf er virkt við að byggja upp greinina. Á hinn bóginn stunda aðrir í stofunni rannsóknir á grunni eldri fræðigreina, t.d. félagsfræði, sagnfræði og sálarfræði. Samlegðaráhrif þessa eru gefandi.

Rannsóknastofa í barna- og æskulýðsfræðum sinnir rannsóknum á lífi og lífsskilyrðum barna, unglinga og ungmenna þar sem litið er á menntun og uppeldi í heildrænu samhengi einstaklings og samfélags. Margvíslegar rannsóknir skortir hér á landi á þessum viðfangsefnum.

Rannsóknir rannsóknastofunnar hverfast um hnattræna og staðbundna bernsku- og æskulýðsmenningu og þátttöku barna og unglinga í mótun eigin lífs og margvíslegra samfélagssviða. Þær lúta einnig að þróun og störfum fagstétta sem sinna málefnum barna og ungmenna, meðal annars vegna félagslegra ferla sem hindra farsæld, t.d. brottfall í skóla eða fjölskylduvanda. Til

viðbótar við það rannsóknastarf sem fyrir var, var á árinu myndaður hópur sem rannsakar fóstur barna utan upprunaheimilis, m.t.t. afdrifa þeirra, t.d. hvað varðar skólagöngu.

## Útgáfa

Viðamesta ritverk ársins sem tengdist Rannsóknastofu í barna- og æskulýðsfræðum var bókinn *Barnen och Välfärdspolitiken: Nordiska barndomar 1900–2000* eftir Andresen, Ólöfu Garðarsdóttur, Janfelt, Lindgren, Markkola og Söderlind sem Dialogos förlag gaf út. Höfundarnir eru sagnfræðingar og háskólakennarar í Danmörku, Finnlandi, Noregi, á Íslandi og í Svíþjóð. Bókin er afrakstur verkefnis sem naut styrks frá NOS-H.

## Samstarf

Rannsóknastofa í barna- og æskulýðsfræðum tengist Nordic Youth Research Society (NYRIS) með stjórnaraðild Gests Guðmundssonar. NYRIS hélt reglubundna norræna ráðstefnu um ungmennarannsóknir við háskólann í Turku.

Rannsóknastofa í barna- og æskulýðsfræðum var áfram aðili að norræna samstarfsnetinu *Ungdom och social exklusion: identitet, lärande och territoriell stigmatisering* sem Dennis Beach, háskólanum í Borås, og Ove Sernhede, háskólanum í Gautaborg, leiða. Íslenskir þátttakendur hafa verið Gestur Guðmundsson og Anh-Dao Tran doktorsnemi. Þau skipulögðu vinnufund samstarfsnetsins sem var haldinn á Menntavísindasviði í júní með þátttöku 15 fræðimanna frá háskólunum í Gautaborg, Borås, Osló, Bergen, Hróarskeldu og Álaborg, auk Háskóla Íslands.

Á árinu lauk þriggja ára samstarfi NordForsk-netsins *Nordic research on interventions to protect and support children exposed to violence in their family*. Netið var hýst við félagsfræðideild Uppsalaháskóla. Guðrún Kristinsdóttir hefur setið í stjórn netsins. Þeir sem unnu að rannsókninni Þekking barna á ofbeldi á heimilum naut góðs af samstarfinu, m.a. meistaranemarnir Nanna Þ. Andrésdóttir, Margrét Sveinsdóttir og Ragnhildur Jónsdóttir. Margrét Ólafsdóttir aðjunkt og Ingibjörg H. Harðardóttir lektor tóku enn fremur þátt í samstarfinu.

## Málstofur og fyrirlestrar

Rannsóknastofa í barna- og æskulýðsfræðum hélt málþing 5. nóvember um börn í velferðarríkjum Norðurlanda í tilefni af útgáfu ofangreindrar bókar Ólafar Garðarsdóttur o.fl. Loftur Guttormsson og Guðrún Kristinsdóttir voru frummælendur.

Rannsóknastofan tók virkan þátt í Menntakviku 2011 og stóð fyrir málstofu í nafni stofunnar um málefni fósturbarna og útihátíðir ungmenna. Auk þess tók rannsóknastofan þátt í málstofu um brottfall úr námi og um uppruna einstaklinga og skólasókn og var það efni birt í ráðstefnuriti Netlu.

Rannsóknastofan leggur m.a. áherslu á samstarf um fundi og ráðstefnuhald. Rannsóknastofan var aðili að ráðstefnunni *Íslenskar æskulýðsrannsóknir (2011)* í samstarfi við Æskulýðsráð, Félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri, Rannsókn og greiningu og ráðgjafanefnd um æskulýðsmál. Árni Guðmundsson námsbrautarstjóri var tengiliður stofunnar í þessu samstarfi.

Einstakir meðlimir stofunnar tóku þátt í mörgum ráðstefnum erlendis og hérlendis á árinu. Ekki verður allt tíundað en nefna má erindaflutning á ráðstefnu samtakanna *Social Science History Association* í Boston, ráðstefnunni *Society for the History of Children and Youth* við Columbia-háskóla, ráðstefnunni *Nordic Medical History Congress*, ráðstefnu *International Society of Child Abuse and Neglect* við háskólann í Tampere, ráðstefnu við Høgskolen í Osló um þátttöku barna í

rannsóknnum og norræna ráðstefnu um ungmennarannsóknir við háskólann í Turku.

Rannsóknastofu í barna- og æskulýðsfræðum barst erindi á árinu frá Íðorðanefnd Menntavísindasviðs. Stjórn rannsóknastofunnar lagði til fyrir sitt leyti að bók Gests Guðmundssonar Félagsfræði menntunar yrði lögð fram til þessarar vinnu og var því fylgt eftir.

Eftir mikla samvinnu við vefara heimasíðu háskólans tókst loks að koma heimasíðu Rannsóknastofu í barna- og æskulýðsfræðum í gott lag.

Rannsóknastofan hefur til umráða opið skrifstofurými í húsnæði Menntavísindasviðs við Stakkahlíð og deilir fundarherbergi með tveimur öðrum rannsóknastofum. Rýmið nýtist aðstoðarmanni og sem aðstaða fyrir rannsóknagögn en stofan ræður aðstoðarfólk að einstökum verkefnum og fer vinna ýmist fram í Stakkahlíð eða í fjarvinnslu eftir aðstæðum.

## Rannsóknastofa í fjölmenningsfræðum

### Almennt yfirlit og stjórn

Í stjórn Rannsóknastofu í fjölmenningsfræðum sátu Hanna Ragnarsdóttir dósent, forstöðumaður, Fríða B. Jónsdóttir, Gunnar J. Gunnarsson lektor, Karen Rut Gísladóttir, Sabine Lebskopf og Toshiki Toma.

Elsa Sigríður Jónsdóttir og Einar Skúlason, fyrrverandi stjórnarmenn, eru ráðgjafar rannsóknastofunnar og sátu stjórnarfundi.

Rannsóknastofan hefur ekki fastan starfsmann en réð starfsfólk í afmörkuð verkefni á árinu, m.a. til að þróa vef og aðstoða við rannsóknir.

### Rannsóknir

Á vegum Rannsóknastofu í fjölmenningsfræðum var unnið að eftirfarandi rannsóknnum á árinu:

- Rannsókn á lífsviðhorfum og gildismati ungmenna í nútímasamfélagi (2010–2013). Rannsakendur eru Gunnar Finnbogason, Gunnar J. Gunnarsson, Halla Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. Verkefnið er unnið í samstarfi við rannsóknahópa í Finnlandi og Svíþjóð. Í tengslum við rannsóknina birtist greinin Lífsviðhorf og gildi: Viðhorfakönnun meðal ungs fólks í framhaldsskólum á Íslandi. Höfundar: Gunnar E. Finnbogason, Gunnar J. Gunnarsson, Halla Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011.
- Fjölbreyttir kennarahópar og fjölbreyttir nemendahópar (Diverse Teachers for Diverse Learners) (2010–2013). Rannsakendur eru Hafdís Guðjónsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir, Hildur Blöndal, Róbert Berman, Samúel Lefever, Sólveig Karvelsdóttir, Anna Katarzyna Woźniczka og Fríða B. Jónsdóttir. Verkefnið er samstarfsverkefni alþjóðlegs rannsóknahóps með þátttakendum frá Englandi, Finnlandi, Kanada, Noregi, Skotlandi og Þýskalandi, auk Íslands. Í tengslum við rannsóknina birtust greinarnar Lýðræðisleg þátttaka kennara af erlendum uppruna í leik- og grunnskólum. Höfundar: Hanna Ragnarsdóttir og Hildur Blöndal. Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011 og Attitudes towards languages and cultures of young Polish adolescents in Iceland. Höfundar: Róbert Berman, Samúel Lefever og Anna Katarzyna Woźniczka. Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011.
- Langtímarannsókn á stöðu og reynslu ættleiddra barna og fjölskyldna þeirra á Íslandi (2005– ). Rannsakendur eru Elsa S. Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir.

- Rannsókn á áhrifum efnahagsþrenginga á skólastarf á Íslandi (2010–2013) með sérstakri áherslu á stöðu innflytjendabarna og ungmenna í skólum. Rannsakendur eru Hanna Ragnarsdóttir og Anh-Dao Tran doktorsnemi.
- Rannsókn um konur í alþjóðlegu námi á Menntavísindasviði. Rannsakendur eru Hanna Ragnarsdóttir og Hildur Blöndal doktorsnemi.
- Rannsókn með erlendum ungmennum – Reynsla af tíu ára búsetu á Íslandi. Framhaldsrannsókn 2011. Rannsakandi er Hanna Ragnarsdóttir. Í tengslum við rannsóknina birtist greinin Líf og störf ungra innflytjenda: Reynsla ungmenna af tíu ára búsetu á Íslandi. Höfundur: Hanna Ragnarsdóttir (2011). Uppeldi og menntun, 20(2), 53–70.

Rannsóknastofan hefur fengið styrki til ofangreindra verkefna frá Rannsóknasjóði Kennaraháskóla Íslands, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Rannís og NordForsk Researchers Network.

## Rannsóknastofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu

### Almennt yfirlit og stjórn

Þann 17. júní 2008 gerðu Kennaraháskóli Íslands og Sigurður Konráðsson, fyrir hönd fagraðs í íslensku, með sér samning um stofnun og rekstur rannsóknastofu sem ber heitið Rannsóknastofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu (Íslenskustofa).

Í stjórn Íslenskustofu skólaárið 2010–2011 voru Sigurður Konráðsson prófessor, formaður, Baldur Hafstað prófessor og Ingibjörg B. Frímansdóttir lektor. Haustið 2011 tók ný stjórn við: Kristján Jóhann Jónsson dósent, forstöðumaður, Baldur Hafstað prófessor og Hanna Óladóttir aðjunkt. Aðrir meðlimir rannsóknastofunnar eru íslenskukennarar á Menntavísindasviði.

Helstu markmið rannsóknastofunnar eru að hafa frumkvæði að auknum rannsóknum á íslenskum menningararfi og skólastarfi, leggja áherslu á rannsóknir á íslensku sem fræðasviði og námsgrein, kanna hvernig kennsla í íslensku tengist öðrum námsgreinum og greiða fyrir samstarfi við stofnanir á sviði fræðslu- og menningarmála, bæði heima og erlendis.

### Rannsóknir

Rannsóknaverkefni kennara eða kennarahópa tengjast rannsóknastofunni að nokkru leyti. Allt eru þetta verkefni sem fóru af stað árið 2009 og síðar og er í þeim lögð áhersla á rannsóknir á íslensku sem fræðasviði og námsgrein. Niðurstöður sumra verkefnanna hafa birst í tímaritsgreinum og verið kynntar á ráðstefnum, t.d. á Menntakviku, þar sem rannsóknastofan er ávallt með sérstaka málstofu.

Allnokkur umræða hefur farið fram á Norðurlöndum um stöðu móðurmáls í skólakerfi og kennaramenntun viðkomandi landa sem rannsóknastofan hefur átt aðild að. Í október stóð rannsóknastofan fyrir opnum fundi með fulltrúum Færeyinga og Norðmanna og í nóvember átti rannsóknastofan fulltrúa á ráðstefnu á vegum Nordspråk um þátt móðurmálskennslu í kennaramenntun.

Haustið 2011 fór af stað undirbúningur viðamikillar rannsóknar á íslenskukennslu á öllum skólastigum. Flestir íslenskukennarar Menntavísindasviðs munu koma að þeirri rannsókn, auk íslenskukennara við Háskólann á Akureyri. Rannsóknin verður unnin í samstarfi við Rannsóknastofu um þróun skólastarfs á Menntavísindasviði Háskóla Íslands sem er undir forstöðu Gerðar G. Óskarsdóttur. Í undirbúningi er samstarf við nokkrar háskólastofnanir á Norðurlöndum sem vinna að sambærilegum rannsóknum.

## Kynningarstarfsemi

Stjórn Íslenskustofu og íslenskukennarar hafa unnið að því að þróa, hanna og skipuleggja vefsetur stofunnar (<http://stofnanir.hi.is/islenskustofa/>). Vefsetrinu er ætlað að kynna íslenskukennslu á Menntavísindasviði, rannsóknir og nám í greininni.

## Rannsóknastofa í íþróttá- og heilsufræðum

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í íþróttá- og heilsufræðum tók til starfa á vormánuðum 2008 fyrir tilstilli Erlings Jóhannssonar prófessors. Þeir sem standa að rannsóknastofunni og rannsóknum á vegum hennar eru fyrst og fremst starfsmenn við Íþróttáfræðasetur Háskóla Íslands á Laugarvatni. Stjórn Rannsóknastofu í íþróttá- og heilsufræðum skipuðu á árinu Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor, formaður, Hafþór Guðmundsson lektor, Janus Guðlaugsson aðjunkt, Hafdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri World Class, og Sigríður Jónsdóttir, meðstjórnandi í stjórn Íþróttá- og ólympíusambands Íslands. Varamaður er Guðmundur Sæmundsson aðjunkt.

Fimm nemendur, sem unnu lokaverkefni sín á Rannsóknastofu í íþróttá- og heilsufræðum, útskrifuðust með meistarapróf á árinu og tveir með doktorspróf. Í meistaranámi í íþróttá- og heilsufræði eru nú 47 nemendur sem flestir skrifa meistararitgerðir sínar upp úr verkefnum unnum við rannsóknastofuna. Sjö doktorsnemar vinna einnig að verkefnum eða ritgerðarskrifum við stofuna.

### Rannsóknir

Rannsóknaverkefni sem unnin eru við Rannsóknastofu í íþróttá- og heilsufræðum eru mörg og margbreytileg. Árið 2011 voru eftirfarandi verkefni í gangi:

- Heilsuefling í framhaldsskólum. Verkefnið er samstarfsverkefni Rannsóknastofu í íþróttá- og heilsufræðum, Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands og Barnaspítala Hringins. Markmiðið með því er tvíþætt: að kanna heilsufarsleg áhrif heilsueflingar í framhaldsskóla og heilsuhegðun tengda innleiðingu hennar á vegum Lýðheilsustöðvar og fylgja því verkefni eftir í fjögur ár.
- Hetjur nútímans – Orðræða fjölmiðla um afreksíþróttafólk. Markmið rannsóknarinnar er að greina hvort munur sé á umfjöllun um afreksíþróttafólk eftir því hver á í hlut, t.d. hvort fjallað sé um konur sem fyrst og fremst sætar, hvort fatlaðir íþróttamenn njóti fyrst og fremst samúðar og hvort umfjöllunin hafi breyst á síðustu sextíu árum.
- Ýktar dygðir og leyndir lestir – Siðfræði íþróttá í íslenskum bókmenntum. Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort íþróttasiðferði í bókmenntum sé annað en siðferði í samfélaginu sjálfu og hjá íþróttamönnum, hvort munur sé á eldri og yngri bókmenntum og hvort höfundar séu hugsanlega að blekkja lesendur eða jafnvel sjálfa sig.
- Classification of swimmers with intellectual disability. Þetta er samstarfsverkefni Rannsóknastofu í íþróttá- og heilsufræðum og Katholieke Universiteit í Leuven. Markmiðið var að hanna ferli eða kerfi til að flokka sundmenn með þroskahömlun. Kerfið var prófað haustið 2010 og var í fullri notkun árið 2011 og verður keyrt stíft áfram fram að Ólympíumóti fatlaðra 2012 og eftir það verður kerfið endurskoðað.
- Líkams- og heilsurækt eldri aldurshópa – Íhlutunarrannsókn til bættrar heilsu og betri lífsgæða. Markmið rannsóknarinnar var að skoða áhrif ákveðinnar íhlutunar á heilsufar eldri aldurshópa og langtímaáhrif þessara aðgerða.



- Lífsstíll 7 til 9 ára barna – Íhlutunarrannsókn til bættrar heilsu. Viðfangsefni rannsóknarinnar var að kanna líkamsástand barna í 2. bekk í grunnskólum í Reykjavík og finna út hvort sértækar íhlutunaraðgerðir sem stuðla að breyttu mataræði og aukinni hreyfingu hefðu áhrif á heilsufar hjá börnunum.
- Atgervi ungra Íslendinga. Markmiðið með rannsókninni er að skoða breytingar á holdafari, hreyfingu og þreki, sem og andlegum og félagslegum þáttum, í tveimur hópum unglunga (17 ára) og ungmenna (23 ára) til langs tíma. Þátttakendur verða sóttir í hópinn sem tók þátt í rannsókninni Lífsstíll 9 og 15 ára Íslendinga 2003–2004. Þriggja ára verkefnisstyrkur fékkst frá Rannís til þessarar rannsóknar árið 2010.
- Hreyfing, þrek, holdafar og efnaskiptaheilsa íslenskra barna með þroskhömlun (HEALTH-ID). Markmið rannsóknarinnar er að rannsaka mun á hreyfingu, þreki, holdafari og efnaskiptaheilsu barna með þroskahömlun og barna án þroskahömlunar, sem og að skoða tengsl þroskahömlunar við ofangreinda þætti. Þriggja ára verkefnisstyrkur fékkst frá Rannís til þessarar rannsóknar árið 2011.
- Fjöllin 52. Verkefnið er samstarfsverkefni Rannsóknastofu í íþrótt- og heilsufræðum og Ferðafélags Íslands. Markmiðið með því er að kanna breytingar á heilsu og líðan fólks sem ekki hefur hreyft sig reglulega en ákveður að klífa 52 fjöll á 52 vikum með Ferðafélagi Íslands.

## Annað

Rannsóknastofa í íþrótt- og heilsufræðum er í samstarfi við nokkrar deildir innan Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, nokkra erlenda háskóla, Hjartavernd og The National Institute of Health í Bandaríkjunum. Rannsóknastofan er hluti af European Youth Heart Study (EYHS), sem er samstarfsnet átta rannsóknastofa frá jafnmörgum háskólum, sem og hluti af International Children Accelerometry Database. Rannsóknastofa í íþrótt- og heilsufræðum er einnig í góðu samstarfi við íþróttahreyfinguna og líkamsræktarstöðvar.

## Rannsóknastofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi

### Almennt yfirlit og stjórn

Árið 2011 var þriðja starfsár Rannsóknastofu í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi. Formaður stjórnar var Ólafur H. Jóhannsson og aðrir í stjórn voru Anna Kristín Sigurðardóttir lektor, Arna H. Jónsdóttir lektor, Börkur Hansen prófessor, Guðný Guðbjörnsdóttir prófessor, Sigurlína Davíðsdóttir dósent og Steinunn Helga Lárusdóttir lektor. Ráðgjafarráð skipuðu: Guðmundur Páll Ásgeirsson, námsstjóri við Tækniskólann, skóla atvinnulífsins, Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólastjóri og formaður skólamálanefndar Skólastjórafélags Íslands, Ingveldur Hrönn Björnsdóttir, leikskólaráðgjafi á leikskólasviði Reykjavíkurborgar, Júlíus Björnsson, forstöðumaður Námsmatsstofnunar, Oddný Harðardóttir alþingismaður, Sigurjón Mýrdal, deildarstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, og Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Stjórn stofunnar og ráðgjafarráð hefur óbreytt frá stofnun hennar.

Hlutverk og markmið Rannsóknastofu í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi er tvíþætt: að stunda rannsóknir á sviði menntastjórnunar, nýsköpunar og matsfræða og að standa fyrir ráðstefnum, málþingum og útgáfu á sínu sérsviði.

## Rannsóknir

Rannsóknin Áhrif efnahagskreppu á skólastarf var undirbúin árið 2010. Markmiðið með henni er að rannsaka áhrif efnahagskreppunnar á leik-, grunn- og framhaldsskóla. Valdir voru þrír skólar á hverju skólastigi. Haft var samráð við ráðgjafarráðið um val á rannsóknæfni og efnistöð. Á árinu 2011 var gagnaöflun lokið í fyrsta sveitarfélaginu af þremur. Stefnt er að því að birta fyrstu niðurstöður árið 2012.

## Málstofur

Rannsóknastofan stóð að málstofu á árlegri ráðstefnu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands í október 2011, Menntakviku. Á málstofunni voru flutt nokkur erindi sem tengjast sérsviði rannsóknastofunnar og einnig var haldin málstofa um fyrrgreinda rannsókn á áhrifum efnahagskreppunnar á skólastarf.

Heimasíða rannsóknastofunnar er <http://stofnanir.hi.is/stjornun-nyskopun-mat/>.

## Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna var stofnuð 15. maí 2007 og var fyrsta rannsóknastofan sem stofnuð var við Kennaraháskóla Íslands.

Aðalmarkmið rannsóknastofunnar er að auka og efla rannsóknir á menntun og uppeldi barna frá fæðingu til 8 ára aldurs og vera vettvangur fræðapróunar á því sviði. Rannsóknastofunni er ætlað að eiga frumkvæði að og sinna rannsóknum, miðla þekkingu og kynna niðurstöður rannsókna á sviðinu, m.a. með útgáfu fræðigreina og fræðiriti og með fyrirlestrahaldi. Á vegum rannsóknastofunnar taka vísindamenn og fagfólk höndum saman um að vinna rannsóknir og sinna brýnum og aðkallandi málefnum í íslensku samfélagi. Einnig veitir rannsóknastofan nemum í rannsóknatengdu framhaldsnámi þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum með því að gefa kost á að vinna rannsóknir og námsverkefni á vegum rannsóknastofunnar.

Á aðalfundi Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna 3. október 2011 voru kosnir í stjórn stofunnar: Jóhanna Einarsdóttir prófessor, forstöðumaður, Kristín Karlsdóttir lektor, Ingibjörg Kristleifsdóttir, formaður Félags stjórnenda leikskóla, Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, og Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri Leikskólaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Starfsmaður stofunnar er Ásdís Olga Sigurðardóttir, meistaranemi við Menntavísindasvið.

Á haustmisseri voru samþykktar nýjar reglur um rannsóknastofur Menntavísindasviðs. Þar er meðal annars tekið fram að kjósa skuli nýja stjórn á þriggja ára fresti. Í kjölfarið varð sú breyting á stjórn stofunnar að Kristín Karlsdóttir lektor settist í stjórn í stað Örnú H. Jónsdóttir. Aðrir stjórnarmenn gáfu kost á sér áfram.

## Rannsóknir

- Rannsóknaverkefninu Fagmennska leikskólakennara var ýtt úr vör á árinu og áætlað er að það standi yfir í þrjú ár. Að verkefninu vinna kennarar og nemendur við Menntavísindasvið. Verkefnið er styrkt af Félagi leikskólakennara og er það samvinnuverkefni Rannsóknastofu í

menntunarfræðum ungra barna, Háskólans í Volda og Háskólans í Osló. Markmiðið með því er að auka þekkingu á völdum þáttum í starfi leikskólakennara, s.s. hlutverki leikskólakennara og tengslum við börnin, foreldra og samstarfsfólk. Rannsóknaverkefnið samanstendur af nokkrum sjálfstæðum rannsóknum sem tengjast og er hafin vinna við eftirtaldar rannsóknir:

- Hlutverk leikskólakennara frá sjónarhóli leikskólabarna. Notaðar eru barnmiðaðar aðferðir til að kanna sýn barnanna á hlutverk starfsfólksins í leikskólanum.
  - Hvernig vegnar leikskólakennurum á fyrstu árum í starfi, hvaða sýn hafa þeir á eigin þekkingu, hvernig gera þeir hana sýnilega og hvernig byggja þeir upp viðbótarþekkingu í samskiptum við aðra?
  - Hvert telja leikskólakennarar vera mikilvægi foreldrasamstarfs, hvernig sjá þeir hlutverk sitt og hver eru áhrif umhverfisins á samstarfið?
  - Leikskólabyrjunin. Starfendarannsókn þar sem þróaðar eru leiðir við að taka á móti börnum í leikskólann.
  - Streita leikskólakennara. Skoðað er hvernig streita deildarstjóra í leikskóla hefur áhrif á fagmennsku þeirra og líðan. Markmið rannsóknarinnar er að finna út hverjir eru helstu streituvaldar í starfi að mati deildarstjóra og hvort munur er á eldri deildarstjórum og þeim sem hafa starfað skemur en í fjögur ár.
  - Fagmennska í leikskólum – Fagleg sýn, hlutverk, starfshættir. Könnun meðal leikskólakennara og leiðbeinenda í íslenskum leikskólum.
- Nordplus-verkefnið Yngstu börnin í leikskólakennaramenntun á Norðurlöndunum fjallar um leikskólakennaramenntun út frá ungum börnum í hópum. Rannsóknastofa í menntunarfræði ungra barna vinnur verkefnið í samstarfi við Háskólann í Osló, Háskólann í Gautaborg og Háskólann í Árósum. Verkefnið hófst árið 2010 og er markmiðið að efla kennslu um börn undir þriggja ára aldri í viðkomandi háskólum. Stefnir er að því að skipuleggja sameiginleg námskeið um yngstu börnin, sem hægt yrði að tengja bæði grunn- og meistaraþingi í leikskólakennaranáminu. Vinna starfshópsins byggist að hluta til á því að deila upplýsingum og þekkingu milli landanna í því skyni að tryggja gæði kennslu í framtíðinni við þátttökuháskólana. Verkefnið felur í sér að núverandi námskrár í þátttökuháskólunum eru greindar. Síðan verður safnað og unnið úr gögnum um starf með yngstu börnunum í ólíkum leikskólum þar sem sérstaklega er horft til stærðar og skipulags hvers skóla, sem og fjölda barna á deildum. Að lokum er fyrirhugað að móta sameiginlegt námskeið í háskólunum þar sem áhersla verður lögð á yngstu leikskólabörnin. Tengiliður fyrir verkefnið á Íslandi er Hrönn Pálmadóttir, lektor við Menntavísindasvið.

## Kynningarstarfsemi

### Ráðstefnur og þing

Á árlegri ráðstefnu Menntavísindasviðs, Menntakviku voru þrjár fyrilestrar á vegum Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna:

- Tengsl leiks og læsis í leikskóla. Jóhanna Einarsdóttir prófessor og Anna Magnea Hreinsdóttir, leikskólafulltrúi Garðabæjar.
- Stærðfræðinám í kubbaleik. Guðbjörg Pálsdóttir lektor.
- Raddir yngstu leikskólabarnanna. Hrönn Pálmadóttir lektor.

Á morgunverðarfundi sem haldinn var 1. febrúar á Grand-hóтели var fjallað um réttindi og lýðræði í leikskóla. Eftirfarandi fyrirlestrar voru fluttir:

- Við erum líka fólk – Réttindi barna. Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna.
- Hvað segir Lína Langsokkur um réttindi barna? Gunnar E. Finnbogason prófessor.
- Unnið með Barnasáttmálann og lýðræði í leikskólastarfi. Lena Sólborg Valgarðsdóttir, leikskólakennari í Garðaborg.

## Málstofur

- Þann 8. febrúar flutti Sue Dockett, prófessor í menntunarfræðum ungra barna við Charles Sturt University í Ástralíu, fyrirlesturinn Theoretical Perspectives in Researching with Children. Málstofan var haldin í samstarfi við Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.
- Eva Johansson, prófessor við Háskólann í Stavanger, hélt málstofu um aðferðafræði og siðferðileg álitamál í rannsóknum með börnum 19. október. Hún gaf dæmi um rannsóknir sínar með leikskólabörnum þar sem hún hefur notað myndbönd við gagnaöflun. Hún ræddi álitamál varðandi aðferðafræði, túlkun og greiningu gagna. Jafnframt fjallaði hún um takmarkanir rannsókna þar sem fullorðnir leitast við að skilja og setja sig í spor barna.

## Málþing

- Málþing um stærðfræðimenntun ungra barna á vegum Rannsóknastofnu í menntunarfræðum ungra barna og Rannsóknastofnu um stærðfræðimenntun var haldið 28. apríl í húsnæði Menntavísindasviðs við Stakkahlíð. Erindin sem flutt voru á þinginu voru:
  - Young Children and Their Teachers Become Powerful Mathematicians Through Inquiry, Reflection and Documentation: Thoughts from Australia. Bob Perry, prófessor við Charles Sturt University í Ástralíu.
  - Stærðfræði er leikur einn. Leikskólinn Teigasel, Akranesi.
  - Stærðfræði og leikur – Að taka þátt í starfendarannsókn. Guðbjörg Pálsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir.
  - Það er leikur að læra stærðfræði. Margrét Ásgeirsdóttir.
- Haldið var málþing um einingakubba fyrir kennara í leik- og grunnskólum 21. október. Málþingið var haldið í húsnæði Menntavísindasviðs við Stakkahlíð í samvinnu við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda í leikskóla og Félag grunnskólakennara.
- Þann 22. nóvember stóð starfshópur frá Rannsóknastofnu í menntunarfræði ungra barna, Félagi stjórnenda í leikskóla og samtökunum Börnin okkar fyrir málþingi um foreldrasamstarf þar sem Kristín Björk Jóhannsdóttir kynnti frumniðurstöður rannsóknar sinnar Álit leikskólakennara á foreldrasamstarfi í leikskólum – Mikilvægi, hlutverk og umhverfi. Á málþinginu tóku einnig foreldrar og starfsmenn leikskóla til máls, ásamt fulltrúa samtakanna Börnin okkar.

## Fyrirlestrar

Anne Trine Kjörholt, dósent við Norwegian Centre for Child Research, flutti fyrirlestur um réttindi barna í menningarlegu samhengi þann 10. febrúar. Fyrirlesturinn nefndist Children's Rights in Early Childhood, a Cultural Sensitive Approach. Hann var haldinn í samstarfi við Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.

Á haustmisseri voru þrjár fyrirlestrar í hádegisrabbi Rannsóknastofnu í menntunarfræði ungra barna:

- 10. október: Spinnum þráðinn saman, foreldrar og kennarar. Erna Ingvarsdóttir fjallaði um starfendarannsókn á samstarfi foreldra og kennara við grunnskólabyrjun.
- 3. nóvember: Tónlist í leikskóla. Sigríður Pálmadóttir fjallaði um tónlist sem þroskaþátt í leik og námi ungra barna. Hún kynnt einni bók sína Tónlist í leikskóla sem hún nýverið gaf út.
- 9. nóvember: „Af því við erum börn.“ Lýðræðisumræðumat á menntun barna og þjónustu fjögurra íslenskra leikskóla. Anna Magnea Hreinsdóttir fjallaði um rannsókn sína á starfsaðferðum fjögurra leikskóla, tveimur sem starfa samkvæmt hugmyndafræði kenndri við Reggio Emilia og tveimur leikskólum sem starfa samkvæmt Hjallastefnunni.

## Annað

### Vefsíða

Rannsóknastofa í menntunarfræði ungra barna sér um að halda úti vefsíðu sem hefur meðal annars það hlutverk að miðla fróðleik og koma á framfæri upplýsingum um starfsemi stofunnar. Með heimasíðunni er öllum gert kleift að fylgjast með því sem er á döfinni hjá stofunni, óháð búsetu eða aðstöðu. Hlutverk vefsíðunnar er einnig að auðvelda þeim sem vilja að hafa samband við stofuna og koma á framfæri hugmyndum sínum.

## Fjármál

Rannsóknastofan hefur fengið árlega styrki frá Reykjavíkurborg. Auk þess hafa einstök verkefni verið styrkt af Reykjavíkurborg, Félagi leikskólakennara, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Rannís og Evrópusambandinu. Samstarfs- og stuðningsaðilar rannsóknastofunnar eru Kennarasamband Íslands, Reykjavíkurborg og umboðsmaður barna. Menntavísindasvið leggur stofunni til húsnæði.

## Rannsóknastofa í tónlistarfræðum

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í tónlistarfræðum var stofnuð 25. febrúar 2011 og því var þetta fyrsta starfsár hennar. Í stjórn Rannsóknastofu í tónlistarfræðum sátu á árinu: Helga Rut Guðmundsdóttir lektor, forstöðumaður, Njörður Sigurjónsson og Rósa Þorsteinsdóttir. Ráðgjafarráð rannsóknastofunnar var á árinu skipað fulltrúum frá Félagi tónlistarskólakennara, Háskólanum á Bifröst, Íslenskri tónverkamiðstöð, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Stofnun Árna Magnússonar, Tónlistardeild Ríkisútvarpsins, Tónlistarsafni Íslands, Tónmenntakennarafélagi Íslands og Þjóðlagasetrinu á Siglufirði.

### Ráðstefnur

- Rannsóknastofa í tónlistarfræðum var stofnuð á ráðstefnu um tónlistarrannsóknir, föstudaginn 25. febrúar 2011. Haldin voru fjölbreytt erindi á sviði tónlistarrannsókna og var ráðstefnan vel sótt.
- Önnur ráðstefna Rannsóknastofu í tónlistarfræðum var haldin 15. október og bar yfirskriftina Tónlistarrannsóknir á Íslandi – Vettvangur, aðferðir og nálgun. Rætt var um þverfaglegar rannsóknir á sviði tónlistar og voru erindin á sviði ólíkra rannsóknaraðferða.

### Erindi

- Lauri Väkevä, prófessor við Sibeliusar Akademiuna í Helsinki hélt fyrirlestur á vegum Rannsóknastofu í tónlistarfræðum 20. september undir yfirskriftinni Educating the Other – Popular Music Education in Finland.
- Maria Calissendorff, prófessor við Konunglega tónlistarháskólann í Stokkhólmi, hélt fyrirlestur á vegum Rannsóknastofu í tónlistarfræðum 4. mars sem bar yfirskriftina Námsstílar í tónlistarnámi og ungir hljóðfæranemendur.
- Félag tónlistarskólakennara hélt ráðstefnu þann 7. maí í Hörpu undir heitinu Tónlist og lífið. Formaður Rannsóknastofu í tónlistarfræðum, Helga Rut Guðmundsdóttir, hélt þar erindi fyrir hönd rannsóknastofunnar.

### Annað

- Rannsóknastofa í tónlistarfræðum tengdist alþjóðlegu tónlistarfræðaráðstefnunni Music and Nature sem var haldin í Salnum í Kópavogi dagana 18.–21. maí.

- Rannsóknastofan tengdist einnig námskeiði Þjóðlagaakademíunnar um íslenska þjóðlagatónlist á Þjóðlagahátíðinni á Siglufirði 6.–10. júlí.

## Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun

### Almennt yfirlit og stjórn

Í stjórn Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun voru á árinu Sólveig Jakobsdóttir dósent, forstöðumaður, Þuríður Jóhannsdóttir lektor, Ágústa Pálsdóttir prófessor og fulltrúar stuðningsaðila, Sjöfn Þórðardóttir, frá Heimilum og skóla, og Sólveig Friðriksdóttir, frá 3f – félagi um upplýsingatækni og menntun. Aðilar að stofunni 2011 voru 40 þar af 15 háskólakennarar. Tólf eru doktorsnemar og þrír meistaranemar. Fjórir stjórnarfundir voru haldnir á árinu og aðalfundur í mars.

### Rannsóknir

Aðilar að rannsóknastofunni hafa verið virkir í fjölmörgum smærri og stærri rannsóknum, samstarfsverkefnum og þróunarverkefnum. Nokkur þau helstu eru eftirfarandi:

- Sumarið 2011 hóf Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun samstarf við systurstofnannir á Norðurlöndum og í Eistlandi. Styrkur fékkst til samstarfsins frá NordForsk – Researcher Networks 2011 fyrir samstarfsnetið NordLac (Learning across contexts). Ola Erstad við Háskólann í Ósló veitir verkefninu forystu (sjá <http://www.uv.uio.no/pfi/english/research/networks/nordlac/>). Þetta samstarf kemur væntanlega til með að styrkja rannsóknastofuna mikið og þá doktorsnema stofunnar sem verða með í samstarfinu (Salvöru Gissurardóttur, Skúlínu Kjartansdóttur og Stefán Jökulsson).
- Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun tók áfram virkan þátt í samstarfsverkefninu Starfshættir í grunnskólum sem fékk styrk frá Rannís í ársbyrjun 2009 (<http://skrif.hi.is/starfshaettir>). Gagnasöfnun í þátttökuskólunum 20 lauk á árinu og unnið var með gögn úr vettvangsathugunum (og þau sett í gagnagrunn sem aðgengilegur er fyrir samstarfsaðila). Nokkrar skýrslur hafa verið birtar með niðurstöðum úr könnunum þar sem m.a. eru all margar spurningar sem snerta upplýsingatækni. Bergþóra Þórhallsdóttir skoðaði áhrif upplýsingatækni og rafrænnar stjórnarsýslu á starf skólastjóra og lauk meistaraprófsverkefni sínu haustið 2011. Unnið var að skrifum um niðurstöður, m.a. að kafla um upplýsingatækni í grunnskólum í bók um starfsháttaverkefnið.
- Gerð var úttekt á dreifmenntarverkefninu SnæVest 2008–2011 fyrir þá sem stóðu að verkefninu. Matsskýrslan kom út í sumarlok og var birt á vef rannsóknastofunnar. Rannsókn um samkennslu við Kennaradeild Háskóla Íslands og styrkti Menntavísindasvið verkefnið. Sú vinna var kynnt á ráðstefnunni Menntavísindaviku í september og skrifuð var grein í Netlu um rannsóknina. Erindi um matsverkefni frá 2010 um fjarnám í framhaldsskólum var haldið í Cambridge í september 2011 og grein í ráðstefnuriti kom út um leið.
- Einn aðili að stofunni, Gréta Björk Guðmundsdóttir, varði doktorsverkefni sitt í maí við Óslóarháskóla um stafræna gjá í suður-afrískum skólum (From Digital Divide to Digital Opportunities? A Critical Perspective on the Digital Divide in South African Schools).

### Kynningarstarfsemi

Átta málstofur voru haldnar á vegum Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun um fjölbreytt viðfangsefni, fimm á vormisseri og þrjár á haustmisseri. Í janúar hélt Þuríður Jóhannsdóttir erindi um doktorsverkefni sitt sem fjallaði um kennaramenntun í fjarnámi samhliða kennslu í skóla. Salvör

Gissurardóttir fjallaði um Wikipediu í febrúar í tilefni af tíu ára afmæli alfræðivefsins. Í mars flutti Einar Norðfjörð, fulltrúi í ungmennaráði SAFT og nemandi við Menntaskólann Hraðbraut, erindi um viðhorf ungs fólks til öryggis og netsamskipta. Í apríl flutti Ida M. Semey erindi um nýtingu upplýsingatækni til samskipta í tungumálanámi og -kennslu og í maí kom gestafyrirlesari frá Háskólanum í Lapplandi, Leo Pekkala, og var með innlegg á málstofu sem Stefán Jökulsson skipulagði um miðlamennt. Í september kom annar erlendur gestur, Jacqueline Tinkler, kennari við Charles Sturt University í Ástralíu, og flutti erindi um kortlagningu upplýsingatækni í samfélögum samtímans og framtíðarinnar. Þá kynnti Almar Halldórsson frá Námsmatstofnun niðurstöður úr PISA 2009 um læsi 15 ára nemenda á rafrænan texta. Í nóvember hélt svo Sólveig Þorsteinsdóttir, deildarstjóri Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítalans, erindi um opinn eða lokaðan tímaritaágang og hvar ætti að birta greinar.

Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun tók þátt í undirbúningi að Menntakviku – málþings Menntavísindasviðs í september og skipulagði þrjár málstofur með 12 erindum. Boðið var upp á blöndu af efni frá kennurum og framhaldnemum, svo og af vettvangi. Málstofurnar voru um nýjar leiðir í umgjörð náms á háskóla- og framhaldsskólastigi og nýtingu samskiptatækni á neti (4 erindi), leiki og upplýsingatækni í grunnskólastarfi (4 erindi) og um torg, gáttir og önnur rými – könnunarferð um kjörlendur náms- og starfssamfélaga (4 erindi). Málstofurnar voru vel sóttar og m.a. mættu framhaldsnemendur á námskeiðinu Upplýsingatækni í menntun og skólaþróun á málstofuna en eitt verkefni á því námskeiði var tengt málþinginu. Á ráðstefnu Samtaka áhugafólks um skólaþróun (Hvað má læra af rannsóknum á skólastarfi?) 18. nóvember skipulagði Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun eina málstofu. Á ráðstefnunni voru kynntar niðurstöður úr rannsókninni Starfshættir í grunnskólum 2009–2011. Á málstofunni voru kynntar niðurstöður sem sneru að upplýsingatækni í skólastarfinu. Fjögur erindi voru haldin. Þar af voru tvö meistaraverkefni sem lokið var á árunum 2010 og 2011.

Þá tók Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun þátt í að undirbúa og skipuleggja ráðstefnu um opið menntaefni 21. nóvember. Ráðstefnan var haldin í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið og 3f – félag um upplýsingatækni og menntun. Fjöldmörg erindi voru í boði og héldu aðilar að Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun um helming þeirra.

Tengslanet á vegum Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun sem sett var upp á Ning (<http://utmidlun.ning.com>) 2009 var áfram þróað og eru þar nú skráðir yfir 190 meðlimir. Vef Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun (<http://skrif.hi.is/rannum>) hefur jafnframt verið haldið úti ásamt heimildasafni í EndnoteWeb. Hafa þessir vefir m.a. verið nýttir í framhaldsnámskeiðum við Kennaradeild.

## Annað

Rannsóknastofan hefur átt samstarf við Grænlandinga um fjarnám og starfsþróun. Puríður Jóhannsdóttir fór í lok september í tveggja daga heimsókn til Grænlands á vinnustofu um fjarkennslu fyrir litla skóla með ómenntaða kennara.

Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun var boðið að taka að sér mat á þróunarverkefni um spjaldtölvur í Norðlingaskóla 2012–2013 og tókst samstarf um það verkefni fyrir árslok. Meðal þeirra sem koma að verkefninu fyrir hönd Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun eru Sólveig Jakobsdóttir og Skúlína Kjartansdóttir doktorsnemi (matsþáttur) og Stefán Jökulsson og Salvör Gissurardóttir (þróunarþáttur).





# Rannsóknastofa í þroskaþjálfraeðum

## Almennt yfirlit

Rannsóknastofa í þroskaþjálfraeðum var stofnuð á árinu 2010. Henni er ætlað að vera víðtækur vettvangur rannsókna, ráðgjafar og þróunarstarfs á sviði þroskaþjálfraeða. Markmið rannsóknastofunnar er að stuðla að auknum rannsóknum á þessu sviði með það að leiðarljósi að auka þekkingu og skilning á lífi, aðstæðum og málefnum fatlaðs fólks á öllum aldri. Auk þess skyldi hún að efla og eiga frumkvæði að rannsóknum og þróunarstarfi á sviðinu með áherslu á störf og starfsvettvang þroskaþjálfra. Þá felst mikilvægur þáttur í starfsemi rannsóknastofunnar í því að stuðla að aukinni þekkingu á sviðinu með fræðslu, ráðstefnuhaldi og málstofum og með því að þróa menntun fyrir fólk með þroskahömlun í háskóla og efla rannsóknir og þróunarstarf á því sviði.

## Stjórn

Stjórn stofunnar skipuðu á árinu: Guðrún V. Stefánsdóttir dósent, formaður, Ástríður Stefánsdóttir dósent, Kristín Björnsdóttir lektor, Jóna Ingólfssdóttir aðjunkt og Vilborg Jóhannsdóttir lektor. Í ráðgjafarráði stofunnar áttu eftirtaldir sæti: Friðrik Sigurðsson, frá Landssamtökunum Þroskahjálp, Hrefna Haraldsdóttir, frá Sjónarhóli, Laufey Gissurardóttir, frá Þroskaþjálfafélagi Íslands, María Hildipórsdóttir, frá Fjölmenn, og Ína Valsdóttir, frá Átaki.

## Rannsóknir

Þrjú rannsóknaverkefni standa nú yfir. Auk þess vinna tveir doktorsnemar og þrjú meistaranemar lokaverkefni sín í tengslum við verkefni rannsóknastofunnar.

- Sjálfræði og fullorðinsár. Undirbúningur fyrir rannsóknina hófst árið 2010. Rannsóknin fjallar um sjálfræði fólks með þroskahömlun og er framkvæmd á breytingartímum við erfiðar efnahagslegar aðstæður og eftir að málaflökkur og þjónusta við fatlað fólk fluttist frá ríki til sveitarfélaga. Auk þess er Ísland aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem m.a. viðurkennir mikilvægi sjálfræðis og sjálfstæðis í lífi fatlaðs fólks. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á skilning fólks með þroskahömlun á sjálfræði sitt, fullorðinshlutverk og reynslu þess af því að lifa sjálfstæðu lífi í nýjum samfélagsaðstæðum. Þátttakendur í rannsókninni eru karlar og konur með þroskahömlun á aldrinum 26–66 ára og er áætlað að rannsóknin taki þrjú ár. Samstarfsaðilar rannsóknastofunnar í þessu verkefni eru Landssamtökin Þroskahjálp, Open University í Bretlandi og Nora Fry Research Center í Bristol í Bretlandi. Sumarið 2011 fékkst styrkur fyrir fjórum mannmánuðum úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til verkefnisins og unnu tveir meistaranemar að því sem því nemur.
- Rannsókn á háskólanámi fólks með þroskahömlun. Frá árinu 2007 hefur verið starfrækt rannsóknatengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun við þroskaþjálfabraut. Rannsóknastofa í þroskaþjálfraeðum hefur haft umsjón með rannsóknatengingu námsins. Gagnasöfnun fer fram með viðtölum við nemendur, aðstandendur þeirra, háskólakennara og mentora.
- Könnun á námsvenjum nemenda í þroskaþjálfraeðum. Rannsóknin hófst á vormisseri 2010. Könnunin er lögð fyrir í námskeiðinu Einstaklingsmiðuð þjónusta: Starfshættir þroskaþjálfra. Könnunin er hluti fyrirhugaðrar lengri tíma starfendarannsóknar á vinnubrögðum nemenda og kennara í umræddu námskeiði. Markmiðið er annars vegar að átta sig á námsvenjum nemenda og laga kennsluhætti og námsefni námskeiðsins sem best að þörfum þeirra og námsstíl. Hins vegar er markmiðið að fá upplýsingar um hvernig nemendur meta inntak námskeiðsins og kennsluhætti. Tilgangur rannsóknarinnar er að þróa vinnubrögð í kennslu á markvissan hátt í samræmi við þá nálgun sem nemendur beita í námi sínu. Meðal þess sem könnunin leitar

upplýsinga um eru lestrarvenjur, námsstíll, upplifun nemenda af samræmi milli námslýsingar og framkvæmdar, hvernig námskeiðið nýtist til undirbúnings undir vettvangsnám, um færni til að lesa á enskri tungu, hvort og hvernig nemendur nýta leiðbeiningarit um fræðileg skrif, hvernig þeir meta eigin ástundun o.s.frv.

## Kynningarstarfsemi

Rannsóknir á vegum stofunnar voru kynntar á Menntakvikun og Þjóðarspegli á haustmisseri. Haldin var fyrirlestraröð á vegum rannsóknastofunnar á haustmisseri.

## Rannsóknastofa um háskóla

### Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn stofunnar er óbreytt frá stofnun hennar árið 2009. Stjórnina skipuðu á árinu: Páll Skúlason, formaður, Guðrún Geirsdóttir, varaformaður, Gyða Jóhannsdóttir, ritari, Anna Ólafsdóttir og Jón Torfi Jónasson, meðstjórnendur. Meginmarkmið stofunnar er að efla rannsóknir á háskólum en henni er einnig ætlað að fræða um háskóla og háskólastarf og vinna að bættum skilningi á gæðum og gildum háskólastarfs. Meðlimir stjórnarinnar vinna hver fyrir sig og stundum saman að rannsóknum á háskólum, svo sem fram kemur í fyrstu ársskýrslunni frá 2010.

### Rannsóknir

Á árinu 2010 var skipuð þriggja manna stjórn til að hafa umsjón með ráðstöfun á styrk sem menntamálaráðuneytið veitti stofunni til rannsókna á samfélagslegu hlutverki háskóla. Auglýst var eftir hugmyndum um rannsóknaverkefni. Nokkrar umsóknir bárust og lagði verkefnisstjórnin til að rannsóknarteymi sem Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir og María Birna Svanbjörnsdóttir eru í forsvari fyrir fengju styrkinn en þær starfa báðar við Háskólann á Akureyri.

### Ráðstefna

Tuttugasta og fjórða alþjóðlega ráðstefna CHER-samtakanna (Consortium of Higher Education Researchers) um málefni háskóla var haldin á vegum stofunnar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands dagana 23.–25. júní. Titill ráðstefnunnar var Hvert stefna háskólar á 21. öldinni? (What Are the Prospects for Higher Education in the 21. Century? Ideas, Research and Policy). Aðalfyrirlesarar ráðstefnunnar voru Ellen Hazelkorn, sem fer fyrir rannsóknastofnun og rannsóknarnámi við Tækniháskólann í Dyflinni á Írlandi, David Labaree, prófessor við Stanford-háskóla í Bandaríkjunum, og Páll Skúlason, prófessor og fyrrverandi rektor Háskóla Íslands. Á ráðstefnunni voru 30 málstofur og haldin voru rúmlega 90 erindi. Þátttakendur voru um 120 talsins.

### Samstarfsverkefni

- Rannsóknastofa um háskóla hafði frumkvæði að því að efna til samstarfs við Heimspekistofnun og Siðfræðistofnun í því skyni að efla kennslu í gagnrýninni hugsun og siðfræði í skólum landsins. Páll Skúlason er fulltrúi rannsóknastofnunnar í stjórn þessa verkefnis. Rannsóknastofan leggur 500 þús. kr. til verkefnisins, Siðfræðistofnun 300 þús. kr. en Heimspekistofnun, sem útvegar skrifstofu fyrir verkefnisstjóra, ákveður framlag sitt síðar. Henry Alexander Henrysson var ráðinn verkefnisstjóri. Verkefninu var formlega ýtt úr vör 1. október 2011 með ráðstefnunni Kennsla í

gagnrýninni hugsun og siðfræði. Þrjár fyrirlestrar voru haldnir fyrir hádegi en þá tóku við níttján erindi í fjórum málstofum.

- Styrkur fékkst frá Nýsköpunarsjóði námsmanna sumarið 2011 til þess að vinna ítarlega skýrslu um stöðu kennslu í gagnrýninni hugsun og siðfræði í íslenskum skólum. Elsa Haraldsdóttir var ráðin til að gera skýrsluna. Starfsmaður var ráðinn til þess að útbúa heimasíðu fyrir verkefnið sumarið 2011. Var vefurinn (<https://gagnrýnihugsun.hi.is/>), formlega tekinn í notkun á ráðstefnunni 1. október. Má þar finna fjölbreytt efni um gagnrýna hugsun og siðfræði.

## Rannsóknastofa um jafnrétti, kyngervi og menntun

### Almennt yfirlit

Rannsóknastofa um jafnrétti, kyngervi og menntun (e. The Center for Research on Equality, Gender and Education) var stofnuð vorið 2010. Á stofnfundinum kynntu þær Guðný Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir aðdragandann að stofnun stofunnar, forsögu hennar og tilgang. Einnig voru lögð fram drög að samningi um starfsemi stofunnar og voru þau samþykkt samhljóða (<http://stofnanir.hi.is/rannkyn/samningur>).

Hlutverk og markmið Rannsóknastofu um jafnrétti, kyngervi og menntun er:

- að stunda rannsóknir á sviði kynjafræði og jafnréttis í skólum og í kennaramenntun,
- að standa fyrir ráðstefnum, málþingum, fræðslufundum og útgáfum á sínu sérsviði,
- að stuðla að þróunarstarfi á fræðasviðinu, bæði í kennaramenntun, á vettvangi leik-, grunn- og framhaldsskóla og við stefnumótun,
- að skapa ungum fræðimönnum aðstöðu til rannsókna, einkum meistara- og doktorsnemum á fræðasviðinu,
- að vera samstarfsvettvangur fræðimanna á sviði jafnréttis, menntunar og kyngervis og fræðimanna á öðrum sviðum,
- að eiga samstarf við þá sem móta stefnu og sjá um framkvæmdir á fræðasviðinu í samfélaginu,
- að hafa frumkvæði að og ástunda samstarf við erlenda aðila um rannsóknir á fræðasviðinu,
- að veita nemum í rannsóknatengdu framhaldsnámi tækifæri til að öðlast þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum með því að sinna rannsóknum og námsverkefnum á vegum rannsóknastofunnar,
- að stuðla að yfirsýn yfir rannsóknir á sviði jafnréttis, menntunar og kyngervis, miðla þekkingu og kynna niðurstöður rannsókna, meðal annars með útgáfu fræðigreina, fræðiritra og með fyrirlestrum og málþingum.

### Stjórn

Á stofnfundi stofunnar var eftirfarandi stjórn skipuð: Guðný Guðbjörnsdóttir prófessor, formaður, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor, Steinunn Helga Lárusdóttir lektor, Þórdís Þórðardóttir lektor, Jón Ingvar Kjaran doktorsnemi, Guðrún Kristinsdóttir prófessor og Salvör Gissurardóttir lektor. Þessi stjórn sat allt árið 2011.

Á árinu voru haldnir sjö stjórnarfundir. Fundargerðir þeirra eru á heimasíðu stofunnar sem er í umsjón Eddu Kjartansdóttur (<http://stofnanir.hi.is/rannkyn/>).

### Ráðgjafarráð

Samkvæmt 6. grein áður nefnds samstarfssamnings um stofuna skal skipa ráðgjafarráð til þriggja ára í senn. Í ráðgjafarráði rannsóknarstofunnar fyrir árin 2010–2013 voru: Berglind Rós Magnúsdóttir frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Hanna Björg Vilhjálmsdóttir frá Borgarholtsskóla,

Kristín Ástgeirsdóttir frá Jafnréttisstofu, Marianna Einarsdóttir frá leikskólanum Smárahvammi, Nanna Kristín Christiansen frá Grunnskólum Reykjavíkur, Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri Reykjavíkur og síðar sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, og Þorgerður Einarsdóttir, prófessor við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.

Árlegur fundur ráðgjafarráðsins var haldinn í Stakkahlíð 24. febrúar. Þar kynntu ráðsmenn stöðu kynjajafnréttismála í stofnunum sínum og hvernig rannsóknir á sviði kynjajafnréttis gætu tengst vettvangi þeirra. Stjórnin kynnti ráðsmönnum starfsemi stofunnar og fyrirhugaða rannsókn hennar á kynjajafnrétti og kennaramenntun.

## Rannsókn

Stærsta viðfangsefni rannsóknastofunnar á árinu var undirbúningur og framkvæmd rannsókna á kynjajafnrétti í skólum og kennaramenntun. Unnið var að fyrstu gagnasöfnun með viðtölum við lykilaðila, spurningalista sem var sendur kennurum á Menntavísindasviði og rýnihópaviðtölum við kennarahópa af Menntavísindasviði. Guðný Guðbjörnsdóttir fékk styrk til verkefnisins úr Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands en auk hennar hafa þær Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir tekið þátt í að safna gögnum. Gagnasöfnun var ekki lokið í árslok en fyrstu niðurstöður voru engu að síður ræddar í erindi á Menntakviknu sem Steinunn Helga Lárusdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir héldu og nefndist Jafnrétti og kennaramenntun. Rannsóknarniðurstöður. Önnur löta rannsóknaverkefnis mun beinast að kennaranemum og kennurum í skólum árið 2012–2013. Það er von stofunnar að gott samstarf náist við samstarfsfólk og nemendur á Menntavísindasviði um þetta verkefni.

## Fyrirlestrar, ráðstefnur, málþing

- Stjórn Menntavísindasviðs og Rannsóknastofa um jafnrétti, kyngervi og menntun boðuðu til fundar í janúar sem var nefndur Kynjajafnrétti í skólum og kennaramenntun – Áherslur í kennslu og rannsóknum á Menntavísindasviði. Tilgangur fundarins var að fá fram samræðu meðal kennara sviðsins um hvernig það sinnir og ætlar að sinna lagaskyldum og kynjajafnrétti almennt í fagmenntun kennara, í kennslu, rannsóknum og í vettvangsnámi. Kallað var eftir sjónarmiðum úr öllum deildum sviðsins og að lokum fóru fram umræður um hvernig má gera betur í kennaramenntuninni á þessu sviði og um mögulega þátttöku kennara sviðsins í rannsókn rannsóknastofunnar á jafnrétti í kennaramenntun og í skólum. Einnig var rætt um mikilvægi vettvangsnáms í þessu samhengi.
- Fyrsti opinberi fyrirlesturinn á vegum Rannsóknastofu um jafnrétti, kyngervi og menntun var haldinn 27. janúar 2011. Debbie Epstein, prófessor við Cardiff-háskóla í Wales, flutti fyrirlestur í boði stofunnar og Menntavísindasviðs um heterósexisma í skólum. Fyrirlesturinn var fluttur á ensku í húsnæði Menntavísindasviðs í Stakkahlíð. Epstein sagði frá rannsóknum sem gerðar voru með áratugar millibili í kringum síðustu aldamót. Þessar rannsóknir miðuðu að því skoða hvers konar kynverund eða kynhneigðargervi var í boði fyrir þá nemendur og starfsmenn í háskólum í Bretlandi sem ekki falla að hinum gagnkynhneigðu viðmiðum samfélagsins.
- Guðnýju Guðbjörnsdóttur var boðið að flytja fyrirlestur á ráðstefnu um jafnrétti og kennaramenntun, Nordic Challenges, Future Possibilities – Gender Awareness in Schools and Teacher Education, í Jyväskylä í Finnlandi í mars. Erindið bar heitið Gender Awareness and Teacher Education – Policy and Resistances in Iceland.
- Umsókn um norrænt netsamstarf á vegum Nordforsk kom til tals en auk Íslands og Finnlands eru háskólar í Svíþjóð áhugasamir um samstarf. Þar sem fresturinn rennur út snemma í apríl var ekki talið raunhæft að ná inn umsókn fyrir þann tíma.
- Rannsóknastofan hélt þemadag við doktorsskóla Menntavísindasviðs 28. apríl og hafði Guðný Guðbjörnsdóttir með honum. Þemað var Jafnrétti, kyngervi og menntun – Hvernig má nota

femínísk sjónarhorn í rannsóknum? Fræðimenn og doktorsnemar frá Rannsóknastofu um jafnrétti, kyngervi og menntun sögðu frá eigin rannsóknum með áherslu á fræðileg sjónarhorn og í lok dagsins fóru fram umræður um efnið.

- Rannsóknastofan var með tvær málstofur á ráðstefnu Menntavísindasviðs Menntakviku. Önnur bar heitið Menntun og kyngervi – Margbreytileg rannsóknarflóra og hin Kynjajafnrétti í skólum og kennaramenntun.
- Rannsóknastofan boðaði til málþings um Skýrslu starfshóps um námsárangur drengja 9. desember. Málþingið var einkum ætlað áhugasömum kennurum í leik-, grunn-, og framhaldsskólum og kennurum Menntavísindasviðs en var þó öllum opið. Skýrsluna má finna hér:  
[http://reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/menntasvid/skjol/Starfsh\\_pur\\_um\\_n\\_msvanda\\_dren\\_gja\\_2011.pdf](http://reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/menntasvid/skjol/Starfsh_pur_um_n_msvanda_dren_gja_2011.pdf) og upptöku af málþinginu má finna á heimasíðu stofunnar:  
<http://stofnanir.hi.is/rannkyn/>.

## Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls (e. Centre for Research in Foreign and Second Language Learning) var formlega stofnuð í júní 2008. Markmið rannsóknastofunnar er að efla og leggja stund á rannsóknir á námi og kennslu erlendra tungumála og íslensku sem annars máls. Rannsóknastofan er samstarfsvettvangur fræðimanna á sviðinu og mun stuðla að tengslum við önnur fræðasvið og hafa samstarf við innlenda og erlenda aðila um rannsóknir og önnur samskipti.

Rannsóknastofan miðlar þekkingu og kynnir niðurstöður rannsókna á sviðinu m.a. með útgáfu skýrslna, handbóka og fræðigreina, auk ráðstefnu- og fyrirlestrahalds. Forstöðumaður rannsóknastofunnar er Michael Dal lektor og aðrir starfsmenn eru Róbert Berman dósent og Samúel Lefever lektor.

### Rannsóknir

Unnið hefur verið að nokkrum rannsóknaverkefnum í samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknarhópa og eru þau helstu eftirtalin:

- Myndbandagerð nemenda í tungumálakennslu (e. Digital Videostreaming and Multilingualism). Um er að ræða evrópskt samstarfsverkefni unnið undir Comenius-áætluninni. Verkefnið er til þriggja ára og unnið í samstarfi við Autonomous University of Barcelona, Kulturring Berlin, Talenacademie in Maastricht, Christ Church University í Canterbury, University of Pitesti í Rúmeníu og katalónskan grunnskóla.
- Dyslexía og tungumálakennsla. Verkefnið er unnið í samstarfi við háskólann í Árósum og Kennaraháskólann í Salzburg.
- Læsi og lesskilningur nemenda í dönsku sem erlendu máli í grunn- og framhaldskóla.
- Norrænt samstarfsverkefni um nýsköpun í m.a. tungumálakennslu (d. Kreativitet, innovation og entreprenørskab i de nordiske uddannelser). Verkefnið er unnið í samstarfi við háskólann í Bodø í Noregi, háskólann í Umeå í Svíþjóð, háskólann í Tammerfors í Finnlandi og háskólann í Álaborg í Danmörku.
- E-nordisk, sem er samnorrænt rannsókn- og þróunarverkefni um stöðu norrænna tungumála í Eyrstrasaltslöndunum. Verkefnið er unnið í samstarfi við háskólann í Bergen í Noregi, háskólann í

Riga í Lettlandi, háskólann í Tartu og Estnorlink í Eistlandi og háskólann Vagtataus Magnus og háskólann í Vilnius í Litháen.

- Staða enskukennslu í íslenska skólakerfinu.
- Staða dönskukennslu í íslenska skólakerfinu.

## Útgáfa og kynningarstarfsemi

Á árinu voru birtir þrjú kaflar um frumkvöðlamennt og nýsköpun m.a. í tungumálanámi í bókaröðinni Tema Nord sem gefin er út af norrænu ráðherranefndinni, fimm útdrættir vegna ráðstefna og tvær greinar í ráðstefnuriti. Niðurstöður rannsókna hafa verið kynntar á ráðstefnum erlendis og á fyrirlestrum og málstofum sem haldnar hafa verið á Menntavísindasviði.

## Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun var stofnuð í júní 2008. Stjórn hennar skipuðu á árinu: Guðný Helga Gunnarsdóttir lektor, forstöðumaður, Freyja Hreinsdóttir dósent og Kristín Bjarnadóttir dósent. Stofan hefur staðið fyrir málþingum, ráðstefnum og samskiptum við erlenda aðila um stærðfræðimenntun.

### Rannsóknir

Rannsóknir aðstandenda stofunnar fjalla í aðalatriðum um stærðfræðináms- og -kennslu, um notkun tölvuforrita í kennslu og kennslubóka í stærðfræði fyrr og síðar og um viðhorf nemenda og áhugahvöt. Í undirbúningi er m.a. rannsókn á menntun stærðfræðikennara í grunnskólum. Á árinu kynntu liðsmenn rannsóknastofunnar rannsóknir sínar á ýmsum ráðstefnum. Sem dæmi má nefna ráðstefnu FUM, Menntakviku, ráðstefnu um opið menntaefni, Norma 11 – The Sixth Nordic Conference on Mathematics Education, CERME 7 – The Seventh Congress of the European Society for Research in Mathematics Education í Rzeszów í Póllandi, AERA í New Orleans, NORsMA 6 í Kristiansand, Second International Conference on the History of Mathematics Education í Lissabon, ME14, Fourth Conference on Research in Mathematics Education í Dublin, International GeoGebra Conference í Linz og Second Nordic GeoGebra Conference í Vilnius.

### Starfsemi stofunnar

- Rannsóknastofan sá um málstofu á Menntakviku, ráðstefnu Menntavísindasviðs, í september undir heitinu Stærðfræðináms- og -kennsla. Markmið, fræði og framkvæmd. Þar voru haldin fjögur erindi um efnið.
- Liðsmenn stofunnar undirbyggðu og stýrðu sjöttu norrænu ráðstefnunni um rannsóknir á sviði stærðfræðimenntunar, NORMA 11, sem haldin var dagana 11.–14. maí. Undirbúningsnefnd skipuðu Guðný Helga Gunnarsdóttir, Guðbjörg Pálsdóttir og Freyja Hreinsdóttir og þær sátu einnig í dagskrárnefnd. Ráðstefnuna sóttu 150 þátttakendur frá 12 löndum. Fjórir aðalfyrirlesarar héldu erindi og um eitt hundrað erindi voru haldin í málstofum. Undirbúningsnefndin sá um ritstjórn ráðstefnurits í samvinnu við dagskrárnefnd. Ráðstefnuritið, Proceedings of Norma 11: The Sixth Nordic Conference on Mathematics Education, var gefið út af Háskólaútgáfunni 2012 og er 714 blaðsíður.
- Rannsóknastofan stóð að ráðstefnunni Second International Conference on the History of Mathematics Education í Lissabon 2.–5. október. Ráðstefnan var haldin í framhaldi af fyrstu

ráðstefnunni um sama efni sem haldin var á vegum stofunnar og Menntavísindasviðs 2009. Kristín Bjarnadóttir sat í dagskrárnefnd fyrir Íslands hönd. Um 40 fyrirlesarar fluttu erindi á ráðstefnunni. Unnið er að ráðstefnuriti.

- Tveir liðsmenn stofunnar, Guðný Helga Gunnarsdóttir og Kristín Bjarnadóttir, taka þátt í Network for research on mathematics textbooks in the Nordic countries, samstarfi fræðimanna frá fjórum Norðurlöndum um kennslubækur í stærðfræði. Samstarfið er undir stjórn Barbro Grevholm prófessors í Kristiansand.
- Friðrik Diego hefur á árinu, líkt og mörg undanfarin ár, unnið að verkefnum sem tengjast keppnishaldi í stærðfræði, verkefnavali og samningu dæma fyrir forkeppni og lokakeppni innanlands og undirbúningi fyrir Eystrasaltskeppni í stærðfræði. Hann hefur jafnframt tekið þátt í að skipuleggja þjálfun keppenda fyrir Ólympíuleika í stærðfræði.
- Jónína Vala Kristinsdóttir tekur þátt í norræna samstarfsnetinu The Nordic Research network on Special Needs Education in Mathematics (NORSMA) og hún tók einnig þátt í undirbúningi að ráðstefnu þess í Kristiansand í Noregi í nóvember.
- Freyja Hreinsdóttir stjórnar norrænu samstarfsneti, Nordic GeoGebra Network, sem samanstendur af samstarfsaðilum frá Norðurlöndum, Eistlandi og Litháen. Samstarfsnetið vinnur að aukinni og bættri notkun hugbúnaðarins GeoGebra við stærðfræðikennslu og að samstarfi og samskiptum kennara í þeim efnum. Samstarfsnetið skipulagði ráðstefnuna Second Nordic GeoGebra Conference í Vilnius 30. september til 2. október. Freyja Hreinsdóttir var formaður dagskrárnefndar.
- Freyja Hreinsdóttir tekur þátt í verkefninu DynaMAT sem er samstarfsverkefni aðila frá sex löndum og styrkt er af Comenius-áætluninni. Í verkefninu er unnið að gerð og þróun kennsluefnis fyrir notkun upplýsingatækni við stærðfræðikennslu.

## Rannsóknastofa um þróun skólastarfs

Rannsóknastofa um þróun skólastarfs, sem stofnuð var 2009, er vettvangur rannsókna um þróun skólastarfs, einkum í grunnskólum og framhaldsskólum, miðlar þekkingu um rannsóknir á efninu og styður við þær með ráðgjöf og þjónustu. Markmið hennar er að skapa þekkingu og yfirsýn yfir þróun skólastarfs.

## Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn Rannsóknastofu um þróun skólastarfs skipuðu á árinu: Anna Kristín Sigurðardóttir deildarforseti, formaður, Amalía Björnsdóttir dósent (til loka október), Börkur Hansen prófessor, Ingvar Sigurgeirsson prófessor, Kristín Jónsdóttir lektor og Rúnar Sigþórsson prófessor við Háskólann á Akureyri. Forstöðumaður var Gerður G. Óskarsdóttir (í 49% starfi). Aðrir starfsmenn stofunnar voru Helga Jenný Stefánsdóttir (í 30–100% starfi), Ingibjörg Kaldalóns (í 60% starfi) og verktakar. Stofan hefur aðsetur í húsnátt Menntavísindastofnunar.

Tæplega 30 fræðimenn tengdust stofunni og 11 doktors- og meistaranemar, þar af luku fimm meistaranámi á árinu.

## Rannsóknaverkefni

- Rannsóknaverkefnið Starfshættir í grunnskólum spannar helstu þætti skólastarfsins, þ.e. nám og kennslu, stjórnun og skipulag, námsumhverfi, þátt foreldra og viðhorf. Samstarfsaðilar eru 20 fræðimenn úr Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri, 20 grunnskólar, þrjú sveitarfélög og tvö fyrirtæki. Til rannsóknarinnar fékkst tæplega 18 m.kr. styrkur til þriggja ára frá Rannsóknasjóði og á árinu 2,5 m.kr. úr rannsóknasjóðum Háskóla Íslands og Háskólans á

Akureyri, 850 þús.kr. frá Menntavísindasviði, 470 þús.kr. frá Vinnumálastofnun og ferða- og dvalarstyrk úr styrktarsjóði Carol Pazandac. Gagnaöflun er lokið. Lagðir voru spurningalistar fyrir um 860 starfsmenn þátttökuskólanna, um tvö þúsund nemendur í 7.–10. bekk og um fimm þúsund foreldra. Skólarnir fengu skýrslur með niðurstöðum kannananna. Fyrirlestrar voru haldnir um niðurstöður á þremur alþjóðlegum ráðstefnum og innanlands, m.a. á Menntakviku Menntavísindasviðs, ráðstefnu Miðstöðvar skólaþróunar Háskólans á Akureyri, Öskudagsráðstefnu grunnskóla Reykjavíkur og þingi grunnskólastjóra.

- Rannsókn á starfsháttum í list- og verkgreinum tengist ofangreindri rannsókn sem sjálfstæð eining. Til hennar fékkst 290 þús.kr. styrkur frá Menntavísindasviði.
- Rannsókn á skilum leik- og grunnskóla og skilum grunn- og framhaldsskóla hófst árið 2007 með styrk frá Reykjavíkurborg og Hagþenki. Spurt var um mun á umgjörð og starfsháttum milli skólastiga og samfellu í námi. Gagna var aflað með vettvangsathugunum í 30 skólum, spurningakönnunum og viðtölum við nemendur og kennara. Niðurstöður voru kynntar á þremur ráðstefnum og bók er í útgáfuferli hjá Háskólaútgáfunni.
- Í rannsókninni Skapandi nám gegnum leiklist (SNIGL), sem tveir fræðimenn og sex grunnskólar standa að, var könnuð þróun orðaforða í gegnum leiklist.
- Samanburðarrannsókn á reynslu og viðhorfum nemenda í 8.–10. bekk grunnskóla á Íslandi og í Færeyjum var undirbúin. Nýtt verða gögn úr rannsókninni Starfshættir í grunnskólum en í Færeyjum fer fram spurningakönnun haustið 2012.
- Undirbúin var rannsókn á starfsháttum í framhaldsskólum um skuldbindingu nemenda og starfshætti. Þátttakendur eru sex fræðimenn af Menntavísinda- og Félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Gagna verður aflað með vettvangsathugunum og viðtölum og unnið úr fyrirbyggjandi gögnum úr rannsókninni Skilvirkni framhaldsskóla.

### **Ráðgjöf um rannsóknir**

Stofan veitti ráðgjöf til rannsóknaverkefna um starfsmenntun á framhaldsskólastigi og íslenskukennslu í grunn- og framhaldsskólum.

### **Ráðstefnur og málstofur**

Stofan stóð fyrir alþjóðlegri ráðstefnu ásamt fyrirtækinu Mentor 29. apríl um skólaþróun í Evrópu, ráðstefnu um niðurstöður rannsóknarinnar á starfsháttum í grunnskólum 18.–19. nóvember í samvinnu við Samtök áhugafólks um skólaþróun og fyrirlestraröð um rannsóknir á framhaldsskólum í samvinnu við námsbraut um kennslu í framhaldsskólum (sjá <http://rannskolathroun.hi.is/>).



**WHITE STAR LINE**  
ROYAL & UNITED STATES MAIL STEAMERS  
FIRST SAILING OF THE LATEST ADDITION TO THE WHITE STAR FLEET  
The Queen of the Ocean

# TITANIC



OVER 45,000 TONS  
TRIPLE-SCREWS  
BEAM 92½ FT.  
Latest, Largest and Finest Ship  
WHITE STAR LINE, PIER 59  
from NEW YORK



# Verkfræði- og náttúruvísindasvið

## Stjórn og skipulag


Stjórn Verkfræði- og náttúruvísindasviðs var óbreytt frá fyrra ári. Forseti fræðasviðsins og formaður stjórnar var Kristín Vala Ragnarsdóttir. Aðrir í stjórn sviðsins voru Guðmundur G. Haraldsson, forseti Raunvísindadeildar (varaforseti hennar var Gunnar Stefánsson), Jóhannes R. Sveinsson, forseti Rafmagns- og tölvuverkfræðideildar (varaforseti hennar var Helgi Þorbergsson), Magnús Tumi Guðmundsson, forseti Jarðvísindadeildar (varaforseti hennar var Hreggviður Norðdahl), Ólafur Pétur Pálsson, forseti Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideildar (varaforseti hennar var Tómas Philip Rúnarsson), Sigurður Magnús Garðarsson, forseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar (varaforseti hennar var Guðmundur Freyr Úlfarsson) og Sigurður S. Snorrason, forseti Líf- og umhverfisvísindadeildar (varaforseti hennar var Karl Benediktsson).

Auk sviðs- og deildarforseta eiga tveir fulltrúar stúdenta sæti í stjórn sviðsins en þeir fara sameiginlega með eitt atkvæði. Fulltrúar stúdenta í stjórn voru á vormisseri Eiríkur Þór Ágústsson og Sæmundur Óskar Haraldsson en á haustmisseri voru það Elín Björg Böðvarsdóttir og Svavar Þrastarson. Starfsmaður stjórnar er Drífa Sigfúsdóttir rekstrarstjóri. Stjórnin hélt 21 fund á tímabilinu, auk vinnufunda um fjármál og kennslumál.

Ekkert sviðsþing var haldið á árinu en fulltrúi kennara og sérfræðinga sviðsins á háskólaþingi var Fjóra Jónsdóttir. Fyrsti varamaður var Sigríður Jónsdóttir og annar varamaður Kristján Leósson.

## Starfsfólk

Verkfræði- og náttúruvísindasvið – heildarfjöldi starfsmanna		
	Fjöldi	Starfsígildi
Konur	71	64
Karlar	137	120
	<b>208</b>	<b>184</b>



Stjórnsýsla og tækniþjónusta fræðasviðs				
	Karlar	Konur	Samtals*	Starfsígildi
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	7	12	19	19

\* þar af eru fimm starfsmenn tæknimenn

## Stjórnsýsla

Guðmundur Gylfi Guðmundsson var ráðinn fjármálastjóri sviðsins eftir að Edda Friðgeirsdóttir fór til starfa í miðlægri stjórnsýslu skólans.

## Nefndir

Frá 1. september 2011 var fastanefndum fækkað um tvær. Verkefni alþjóðanefndar voru falin framhaldsnámsnefnd og stjórn sviðsins tekur að sér verkefni fjármálanefndar. Fastanefndir sviðsins urðu þá fimm talsins, þ.e. framhaldsnámsnefnd (hélt 4 fundi á árinu), jafnréttisnefnd (hélt 2 fundi á árinu), kennslunefnd (hélt 14 fundi á árinu), umhverfisnefnd (hélt 11 fundi á árinu) og vísindanefnd (hélt 2 fundi á árinu). Allar nefndirnar hafa starfsmann sem undirbýr fundi og ritar fundargerðir.

Nefndirnar taka til umfjöllunar mál sem undir þær heyra og stjórn vísar til þeirra. Þær senda stjórn sviðsins fundargerðir og álit sem stjórnin tekur til afgreiðslu.

## Fjármál fræðasviðsins

### Fjármál Verkfræði- og náttúruvísindasviðs\*

Fjárveiting	1.528.608
Sértekjur	349.378
Tekjur alls	1.877.987
Útgjöld	1.963.811
Tekjuafgangur/halli	-85.824
Ársverk	222
Skráðir nemendur	2289
Virkir nemendur	1.546
Nemendur/ársverk	10,3
Virkni nemenda	68,8%

\* Upphæðir eru í þús. kr.

## Húsnæðismál

Í apríl lauk breytingum á húsnæði í VR-I, II og III og flutningi kennara milli skrifstofa. Þessar breytingar hafa staðið yfir frá 2010. Kennarar í sömu fræðigrein deila nú sama húsnæði og hefur það orðið til að efla og styrkja samskipti þeirra og þar með fræðigreinina.

## Kennslumál

Ekkert lát varð á fjölgun nýnema við sviðið. Skólaárið 2011–2012 var í fyrsta skipti innritað í BS-nám í lífefna- og sameindalíffræði og þá var um leið hætt að nýskrá í nám í lífefnafræði. Aðsóknin að nýju námsleiðinni sýnir að hennar var þörf.

Reglur um framhaldsnám við sviðið hafa verið í smíðum um nokkurt skeið en á meðan þær voru ekki tilbúnaar giltu reglur verkfræðideildar og raunvísindadeildar frá því fyrir stjórnkerfisbreytingu árið 2008. Þann 3. febrúar 2011 samþykkti háskólaráð reglur um meistara- og doktorsnám í umhverfis- og auðlindafræði og reglur um doktorsnám við Verkfræði- og náttúruvísindasvið 16. júní 2011. Nýjar reglur um meistaranám við sviðið voru nánast fullbúnaar í árslok 2011.

Sjúkra- og upptökupróf hafa verið færð nokkuð til undanfarin ár og fyrirkomulagi þeirra verið breytt en jafnan hefur komið upp einhver óánægja, jafnt meðal nemenda sem kennara. Nú var samþykkt að frá og með skólaárinu 2011–2012 yrðu sjúkra- og upptökupróf sameinuð og jafnframt að þau yrðu öll haldin í kjölfar vormisserisprófa. Vonast er til að sátt verði um þetta fyrirkomulag.

Þjónustukennsla var til umræðu á árinu, einkum kennsla í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði, sem Raunvísindadeild veitir nemendum annarra deilda. Forseti Raunvísindadeildar tók í framhaldi af umræðunni saman reglur um samráð og fyrirkomulag þjónustukennslu og voru reglurnar samþykktar á stjórnarfundi.

Kennsluvika Verkfræði- og náttúruvísindasviðs stóð yfir 5.–8. desember. Málþing var nefnt Framtíðin: Staða okkar og sýn. Í því tóku sérfræðingar frá tækniháskólanum í Lundi og Háskóla Íslands þátt. Haldin var vinnustofa og fjallað um nýjungar í kennslu. Í lok málþingsins voru veitt kennsluverðlaun sviðsins og komu þau í hlut Rögnvaldar G. Möllers. Sven Þ. Sigurðsson hlaut einnig heiðursverðlaun fyrir mikilsvert framlag til kennslu.

Áfram var boðið upp á örnámskeið um kennslu í samráði við kennslunefnd sviðsins.

## Kynningar og viðburðir

Nám við Verkfræði- og náttúruvísindasvið var kynnt í framhaldsskólum með vaxandi þunga fram í febrúar. Háskóladagurinn var svo haldinn 19. febrúar. Sviðið hafði Öskju til umráða og þótti kynningin þar takast einkar vel. Stúdentar létu mikið að sér kveða í öllu kynningarstarfinu.

Unnið hefur verið markvisst að því að bæta kynningar á rannsóknarstarfi innan sviðsins. Þetta hefur verið gert með því að deila efni á vef sviðsins og skólans, sem og með beinum hætti til fjölmiðla. Einnig var lögð ríkari áhersla á markaðs- og kynningarstarf í samfélagsmiðlum, svo sem Facebook og YouTube, þar eð kannanir benda til þess að nemendur í framhaldsskólum sæki sér aðallega efni inn á vefi. Unnið er að frekari myndbandagerð þar sem akademískir starfsmenn í deildum svara spurningum um nám við sviðið.

Í maímánuði var meistaradagur Verkfræðistofnunar þar sem meistaranemar kynntu verkefni sín, bæði með veggspjöldum og fyrirlestrum.

Háskólinn fagnaði aldarafmæli sínu á árinu og í tengslum við hátíðarhöldin fékk hvert fræðasvið einn mánuð til ráðstöfunar, til að kynna rannsóknir og viðfangsefni sviðsins. Aprílmánuður kom í hlut Verkfræði- og náttúruvísindasviðs. Tvær deildir skiptu með sér hverri viku utan dymbilviku. Mikið var um málstofur, kynningar framhaldsnema, opið hús víðs vegar, fyrirlestra og kynnisferðir fyrir almenning. Í tengslum við afmælið hélt David Suzuki hátíðarfyrirlestur á Háskólatorgi en öndvegisfyrirlesari sviðsins var Henry Petroski, prófessor í sögu og byggingarverkfræði við Duke háskóla í Bandaríkjunum. Þessir fyrirlestrar voru báðir í október.

Nýnemadagar voru í byrjun skólaárs 2011–2012 og ríkti almenn ánægja með hvernig þar tókst til. Í nóvember var hönnunar- og tæknikeppnin First Lego League haldin á Háskólatorgi. Allmargir skólar víðs vegar af landinu voru skráðir til leiks. Hornsílin frá Hornafirði urðu hlutskörpust samanlagt í keppninni. Hópurinn fór utan í júníbyrjun og tók þátt í Evrópumóti First Lego League. Liðinu gekk vel og var landi og þjóð til sóma.

## Styrkir og viðurkenningar

Verkfræði- og náttúruvísindasvið nýtur velvildar í samfélaginu því fáum dylst hvað kennarar sviðsins og vísindamenn hafa unnið landi og þjóð til hagsbóta. Þessi velvild og skilningur á nauðsyn kennslu og rannsókna í verkfræði og náttúruvísindum lýsir sér með margvíslegu móti, þar á meðal styrkjum og viðurkenningum.

Frá Samtökum iðnaðarins fékk sviðið 10 m.kr. styrk og frá fjármálaráðuneytinu ennfremur 40 m.kr. framlag sem markað var tilteknum átaksverkefnum.

Godtfred Westergaard og börn hans gáfu 40 þús. danskar krónur til þróunar á kennslu í verkfræði. Kristín Vala Ragnarsdóttir sviðsforseti hlaut viðurkenningu Balaton-hópsins á árlegum fundi hans fyrir vinnu í þágu sjálfbærni, bæði á Íslandi og á alþjóðavísu.

Þann 21. desember ár hvert er veittur styrkur úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar stúdents. Styrkinn hlýtur sá stúdent sem náð hefur bestum árangri við upphaf síðasta námsárs í grunnnámi í verkfræði. Styrkinn árið 2011 hlaut Guðmundur Freyr Aðalsteinsson, stúdent í vélaverkfræði.

## Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild

### Almennt yfirlit og stjórn

Forseti deildarinnar var Ólafur Pétur Pálsson prófessor og varadeildarforseti Tómas P. Rúnarsson prófessor. Kristján Jónasson prófessor var námsbrautarstjóri í tölvunarfræði, Tómas P. Rúnarsson í iðnaðarverkfræði og Ólafur Pétur Pálsson í vélaverkfræði. Deildarráð skipuðu þessir þrír, auk tveggja fulltrúa nemenda.

### Starfsmenn

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild		
	Fjöldi	Starfsígildi
<b>Lektorar</b>		
Konur	1	1
Karlar	4	4
<b>Dósentar</b>		
Konur	1	1
Karlar	4	4
<b>Prófessorar</b>		
Konur	1	1
Karlar	11	9,45
<b>Samtals</b>	<b>22</b>	<b>20,45</b>
<b>Rannsóknafólk</b>		
Konur	6	4,83
Karlar	3	2,61
<b>Samtals</b>	<b>9</b>	<b>7,44</b>

### Breytingar á starfsliði

Í lok sumars létu Páll Jensson prófessor, Helgi Þór Ingason dósent og Haukur Ingi Jónasson lektor af störfum. Auk þeirra lét Páll Valdimarsson prófessor af störfum en hann hafði verið í hlutastarfi síðustu ár. Til starfa tóku Guðmundur Valur Oddsson og Rúnar Unnþórsson, lektorar í iðnaðarverkfræði, og Páll Melsted, lektor í tölvunarfræði.



Jörundur Sveinsson  
University of Iceland

[Name tag text]

## Nám og kennsla

Á fjórða starfsári Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideildar eflidist starfsemin þrátt fyrir fjárhagslegar þrengingar í háskólaumhverfinu. Er þetta einkum að þakka öflugu starfsfólki deildarinnar og áhugasömum nemendum. Aðsókn nemenda í deildina hefur verið með ágætum og nýnemum í tölvunarfræði og hugbúnaðarverkfræði hefur fjölgað talsvert, enda hafa komið mjög skýr skilaboð frá fyrirtækjum í hugbúnaðargeiranum að skortur sé á vel menntuðu fólki á því sviði. Eins og sést í töflum um fjölda nemenda og skiptingu þeirra eru kynjahlutföllin skökk og er verðugt viðfangsefni að laga þau með öllum tiltækum ráðum. Það ætti að vera sameiginlegt verkefni alls skólakerfisins að auka áhuga stúlkna á tækni og raunvísindum. Nokkrir tugir erlendra nemenda stunda nám við deildina. eru þá bæði taldir þeir sem eru í skiptinámi og hinir sem eru í reglulegu námi. Erlendu stúdentarnir eru frá 13 þjóðlöndum, flestir frá Þýskalandi og Litháen.

## Brautskráðir stúdentar frá Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild 2011

	Karlar	Konur	Alls
<b>BS-próf Alls:</b>	<b>59</b>	<b>17</b>	<b>76</b>
Efnaverkfræði	1	1	2
Hugbúnaðarverkfræði	3	1	4
Iðnaðarverkfræði	19	13	32
Tölvunarfræði	16		16
Vélaverkfræði	20	2	22
<b>MPM-próf Alls:</b>	<b>10</b>	<b>15</b>	<b>25</b>
Verkefnastjórnun	10	15	25
<b>Meistarapróf Alls:</b>	<b>22</b>	<b>10</b>	<b>32</b>
Fjármálaverkfræði	3		3
Hugbúnaðarverkfræði	3		3
Iðnaðarverkfræði	3	7	10
Tölvunarfræði	2		2
Vélaverkfræði	11	3	14
<b>Doktorspróf Alls:</b>	<b>1</b>		<b>1</b>
Vélaverkfræði	1		1
<b>Samtals:</b>	<b>92</b>	<b>42</b>	<b>134</b>

## Rannsóknir

Eins og áður hafa meistaraverkefni nemenda verið margvísleg á árinu. Í fjármálaverkfræði var gert arðsemismat á flutningi koldíoxíðs, endurræsing kerskála í Straumsvík í kjölfar straumleysis var greind, krosseignartengsl í íslensku atvinnulífi könnuð og útlán tengdra aðila fyrir hrun skoðuð. Í hugbúnaðarverkfræði og tölvunarfræði voru könnuð líkön, algrím, beinbrot á röntgenmyndum, eðlisfræðihermir og tölvuský. Meistaraneimendur í iðnaðarverkfræði gerðu til dæmis hagræna greiningu á ferli fersks fisks frá veiðum til neytenda, beittu straumlínustjórnun á bögglaávinnslu og íhlutalager, greindu meðferðir við lyndis- og kvíðaröskunum með kvikum kerfislíkönum, endurbættu líkön fyrir fasteignamat, greindu áhrif gæðastjórnunar á mannvirkjagerð og beittu aðferðum iðnaðarverkfræðinnar í mjólkurvinnslu og við framleiðslu barnamatar. Í vélaverkfræði voru að vanda mörg verkefni orkutengd. Sex þessara verkefna skírskotuðu beint til jarðvarmans. Helmingur



Þeirra tengdist borholum þar sem kannað var hvort hægt væri að auka nýtni með borholudælum og hver áhrif þvermáls væru á afköst borhola og gerð var álags- og spennugreining á toppi borholu. Hin þrjú fjölluðu um bestun raforkuframleiðslu á háhitasvæðum með tilliti til kísilútfellinga, hvernig hægt væri að finna bestu leið fyrir jarðvarmapípur ef tekið væri tillit til sjónrænna áhrifa og hvernig hægt væri að velja búnað til að fjarlægja óþéttanleg gös úr eimsvölum. Önnur orkutengd verkefni fjölluðu um sjálfbærni og hönnun orkustefnu sveitarfélags, straumfræðihönnun á sjávarhverfilsblaði og forkælingu og hitastýringu ferskra fiskafurða. Að auki fjölluðu þrjú meistaraverkefni í vélaverkfræði um efnistækni, tvö þeirra tengdust endingu og notkun segulvirkra efna í stoðtækjum og eitt um líkan á lyfjalosun í gegnum sílikonhimnur.

Eins og sést eru þessi verkefni afar fjölbreytt, sum þeirra eru af hagnýtum toga og gjarnan unnin í tengslum við fyrirtæki en önnur fræðilegri. Benda má á að ritgerðirnar eru aðgengilegar fyrir áhugasama á [www.skemman.is](http://www.skemman.is).

### Doktorsvörn

Í júní varði Ketill Heiðar Guðmundsson doktorsritgerð sína en hún bar titilinn Design of a Magnetorheological Fluid for an MR Prosthetic Knee Actuator with an Optimal Geometry.

## Jarðvísindadeild

### Almennt yfirlit og stjórn

Innan deildarinnar starfa allir akademískir sérfræðingar og kennarar Háskólans á sviði jarðvísinda. Þar fer fram kennsla í jarðfræði og jarðeðlisfræði. Rannsóknir deildarinnar fara fram á Jarðvísindastofnun.

Deildarforseti er Magnús Tumi Guðmundsson prófessor og varadeildarforseti Hreggviður Norðdahl fræðimaður. Stjórnun deildarinnar og Jarðvísindastofnunar er samtvinnuð, þ.a. akademískir fulltrúar í deildarráði skipa jafnframt stjórn Jarðvísindastofnunar en deildarfundi með fullum réttindum sitja allir kennarar og akademískir sérfræðingar. Á árinu sátu í deildarráði Jarðvísindadeildar, auk deildarforseta og varadeildarforseta, Jón Ólafsson prófessor, námsbrautarstjóri, Freysteinn Sigmundsson vísindamaður, Helgi Björnsson vísindamaður, Ingi Þorleifur Bjarnason fræðimaður, Heimir Ingimarsson, fulltrúi grunnnema, og Sverrir Aðalsteinn Jónsson, fulltrúi framhaldsnema.

### Starfsmenn

Jarðvísindadeild			
	Aðjunktur	Fjöldi	Starfsígildi
	Konur	0	
	Karlar	0	
	Lektorar		
	Konur	0	
	Karlar	0	
	Dósentar		
	Konur	2	2
	Karlar	0	0
	Prófessorar		

Konur	1	1
Karlar	6	5,49
Samtals	<b>9</b>	<b>8,49</b>
<b>Rannsóknafólk</b>		
Konur	3	3
Karlar	1	0,87

## Breytingar á starfsliði

Í lok september varð Leifur A. Símonarson prófessor sjötugur og lét af störfum vegna aldurs. Leifur hóf störf sem sérfræðingur við Raunvísindastofnun 1970, var ráðinn dósent 1984 og hefur æ síðan leitt kennslu í steingervingafræði við Háskóla Íslands. Leifi voru færðar þakkir fyrir farsælan feril í hófi sem haldið var honum til heiðurs í október. Í nóvember var Eric Oelkers, vísindamaður við Universit  Paul Sabatier í Toulouse í Frakklandi, gerður að gistingufr fessor við deildina en hann hefur átt mikið samstarf við jarðefnafr ðinga á Jarðvísindastofnun á liðnum árum.

## Nemendur, nám og kennsla

### Doktorsvarnir

Tveir kandi atar v rðu doktorsritger ir s nar á árinu.

Judicael Decriem varði ritgerð s na í jarðe lisfr ði 12. apr l og nefndist h n Crustal Deformation from Geodetic Techniques – The South Iceland Seismic Zone.

Alexander Pierre Gysi jarðefnafr ðingur varði ritgerð s na 8. n vember og bar h n heitið CO<sub>2</sub>-water-basalt Interaction: Reaction Path Experiments and Numerical Modeling.

## Brautskrá ir st dentar frá Jarðvísindadeild 2011

	Karlar	Konur	Alls
<b>BS-pr�f Alls:</b>	<b>4</b>	<b>6</b>	<b>10</b>
Jar�e�lisfr�ði	1		1
Jar�fr�ði	3	6	9
<b>Meistarapr�f Alls:</b>	<b>9</b>	<b>2</b>	<b>11</b>
Jar�e�lisfr�ði	2		2
Jar�fr�ði	5	2	7
Sj�lfb�er orka	2		2
<b>Doktorspr�f Alls:</b>	<b>2</b>		<b>2</b>
Jar�e�lisfr�ði	1		1
Jar�fr�ði	1		1
<b>Samtals:</b>	<b>15</b>	<b>8</b>	<b>23</b>

### Hei ursdoktor

Haraldur Sigur sson, eldfjallafr ðingur og prófessor emeritus við háskólann á Rhode Island, var s mdur hei ursdoktorsnafnb t frá deildinni 22. jan ar með ath fn í hát  asalnum. Þar h lt Haraldur erindi sem hann nefndi Orsakir sprengigosa og gj skufl  a. Haraldur hefur v  a hloti 

viðurkenningar fyrir sitt mikla framlag til eldfjallafræði, einkum með rannsóknum á stórum sprengigosum.

## Rannsóknir

Kennarar, sérfræðingar, nýdoktorar, verkefnisráðnir sérfræðingar, norrænir styrkþegar og framhaldsnemar kappkostuðu að birta niðurstöður vísindarannsókna í alþjóðlegum tímaritum.

## Húsnæðismál

Náttúrufræðahús háskólans, Askja, hýsir Jarðvísindadeild. Þar er um margt góð aðstaða og góður andi en vegna mikillar fjölgunar framhaldsnema og nýdóktra er pláss orðið lítið í byggingunni.

## Líf- og umhverfisvísindadeild

### Almennt yfirlit og stjórn

Deildarforseti Líf- og umhverfisvísindadeildar var á árinu Sigurður Sveinn Snorrason prófessor og varadeildarforseti Karl Benediktsson prófessor. Kennsla í deildinni skiptist í tvær námsbrautir, námsbraut í líffræði og námsbraut í land- og ferðamálafræði. Námsbrautarstjóri í líffræði var Ingibjörg Svala Jónsdóttir prófessor og námsbrautarstjóri í land- og ferðamálafræði var Magnfríður Júlíusdóttir lektor. Auk þeirra sátu í deildarráði Guðmundur Hrafn Guðmundsson prófessor, Katrín Anna Lund dósent og Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor. Daníel Páll Jónasson, Stefanía Lind Stefánsdóttir og Friðþór Sófus Sigurmundsson voru fulltrúar nemenda í deildarráði á vormisseri og Borgný Katrínardóttir, Hólmfríður Hartmannsdóttir og Arna Hjörleifsdóttir á haustmisseri.

Á árinu var í fyrsta skipti boðið upp á BS-nám á sameiginlegri námsbraut Líf- og umhverfisvísindadeildar og Raunvísindadeildar, sem nefnist lífefna- og sameindalíffræði. Fyrsti námsbrautarstjóri þeirrar brautar var Zophonías S. Jónsson, dósent við Líf- og umhverfisvísindadeild.

Þverfræðileg námsbraut í umhverfis- og auðlindafræði er hýst er innan Líf- og umhverfisvísindadeildar en að henni standa öll svið háskólans. Námsbrautarstjóri er Brynhildur Davíðsdóttir dósent.

### Starfslið

Líf- og umhverfisvísindadeild		Fjöldi	Starfsígildi
Lektorar			
Konur	3	3	
Karlar	1	0,5	
Dósentar			
Konur	4	4	
Karlar	4	4	
Prófessorar			
Konur	5	5	
Karlar	8	7,49	

	Samtals	<b>25</b>	<b>23,99</b>
<b>Líffræðistofnun</b>			
	Konur	19	15,89
	Karlar	15	12,46
	Samtals	<b>34</b>	<b>28,35</b>
<b>Stofnun Sæmundar fróða</b>			
	Konur	2	0,82
	Karlar	0	0
		2	0,82

Í júní var samkomulag undirritað milli Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands og Líf- og umhverfisvísindadeildar um að efla rannsóknir og kennslu á sameiginlegum fræðasviðum þessara aðila. Samkomulagið fjallaði um tengsl akademískra starfsmanna Stofnunar rannsóknasetra við Líf- og umhverfisvísindadeild og geta eftir það einstakir starfsmenn rannsóknasetrana gert samninga við deildina um kennslu og rannsóknir.

Rannveig Ólafsdóttir var ráðin í fasta dósentsstöðu 1. ágúst 2011.

Páll Hersteinsson, prófessor í Líf- og umhverfisvísindadeild, lést hinn 13. október 2011 eftir skammvinn veikindi.

## Nemendur, nám og kennsla

Við deildina hefur tíðkast að nemendur í meistaranámi vinni stór rannsóknaverkefni (90 eininga verkefni). Nær allir nemendur sem brautskráðust með MS-próf á árinu frá deildinni luku slíkum rannsóknaverkefnum og fluttu um þau opinberan fyrirlestur.

### Doktorsvarnir

Emmanuel Pierre Pagneux varði doktorsritgerð sína í landfræði 28. október. Ritgerðin nefndist Floods in the Ölfusá Basin, Iceland – A Geographic Contribution to the Assessment of Flood Hazard and Management of Flood Risk.

Camille Anna-Lisa Leblanc varði ritgerð sína í líffræði 6. júní. Ritgerðin nefndist The Importance of Egg Size for the Diversity of Salmonids. Prófgráðan var sameiginleg gráða frá Háskóla Íslands og ríkisháskólanum í Oregon í Bandaríkjunum.

Etienne Kornobis varði doktorsritgerð sína, Groundwater Amphipods in Iceland – Population Structure and Phylogenetics, í líffræði 29. október.

Gunnar Þór Hallgrímsson varði doktorsritgerð sína, Ecological Constraints on Two Species of Large Gulls, í líffræði 16. desember.

Mariyanuge D. S. T. De Croos varði doktorsritgerð sína, Shrimp Populations in Western Sri Lanka – The Fishery, mtDNA Variations and Reproductive Biology, í líffræði 24. ágúst.

Pamela J. Woods varði doktorsritgerð sína í líffræði 22. nóvember. Ritgerðin nefndist Ecological Diversity in the Polymorphic Fish Arctic Charr (*Salvelinus Alpinus*) og var prófgráðan sameiginleg frá Háskóla Íslands og háskólanum í Washington í Bandaríkjunum.

## Brautskráðir stúdentar frá Líf- og umhverfisvísindadeild 2011

	Karlar	Konur	Alls
<b>BS-próf Alls:</b>	<b>23</b>	<b>41</b>	<b>64</b>
Ferðamálafræði	5	24	29
Landfræði	7	5	12
Líffræði	11	12	23
<b>M.Paed.-próf Alls:</b>		<b>1</b>	<b>1</b>
Líffræði		1	1
<b>Meistarapróf Alls:</b>	<b>6</b>	<b>7</b>	<b>13</b>
Ferðamálafræði		1	1
Landfræði	1		1
Líffræði	5	6	11
<b>Doktorspróf Alls:</b>	<b>4</b>	<b>2</b>	<b>6</b>
Landfræði	1		1
Líffræði	3	2	5
<b>Umhverfis- og auðlindafræði</b>	<b>2</b>	<b>9</b>	<b>11</b>
<b>Meistarapróf Alls:</b>	<b>2</b>	<b>9</b>	<b>11</b>
Umhverfis- og auðlindafræði	2	9	11
<b>Samtals:</b>	<b>33</b>	<b>51</b>	<b>84</b>

## Rannsóknir

Vettvangur rannsókna í deildinni er Líf- og umhverfisvísindastofnun sem var formlega sett á laggir á degi íslenskrar náttúru, 16. september 2011, samkvæmt reglum nr. 554/2011, sem samþykktar voru í háskólaráði 5. maí 2011. Áður stunduðu kennarar við námsbraut í líffræði rannsóknir sínar við Líffræðistofnun Háskólans og kennarar í land- og ferðamálafræði við Land- og ferðamálafræðistofnu. Nánar er fjallað um rannsóknir í sérstökum kafla um Líf- og umhverfisvísindastofnun.

## Rafmagns- og tölvuverkfræðideild

### Almennt yfirlit og stjórn

Forseti deildarinnar var Jóhannes R. Sveinsson og Helgi Þorbergsson varadeildarforseti.

### Starfsmenn

Rafmagns- og tölvuverkfræðideild		Fjöldi	Starfsígildi
Lektorar			
Konur	1	1	
Karlar	3	2,2	
Dósentar			
Konur	0		
Karlar	1	1	

Prófessorar			
Konur	1	1	
Karlar	4	3,4	
Samtals	<b>10</b>	<b>8,6</b>	
<b>Upplýsinga- og merkjafrst., Kerfisfræðist.</b>			
Konur	0	0	
Karlar	5	3,7	
Samtals	<b>5</b>	<b>3,7</b>	

## Breytingar á starfsliði

Ráðið var tímabundið til fimm ára í tvö lektorstörf við deildina. Hrefna Marín Gunnarsdóttir var ráðin í fjarskiptaverkfræði og Ragnar Ólafsson í rafeindatækni.

## Nám og kennsla

Aðsókn að grunnnámi í deildinni hefur aukist mikið á síðustu þremur árum.

Nemendur deildarinnar hafa margir hverjir staðið sig afar vel í námi. Sem dæmi um það má nefna að Gunnar Atli Sigurðsson var valinn á grundvelli námsárangurs, ásamt tveimur öðrum nemendum Háskóla Íslands, til að taka þátt í verkefninu SURF (Summer Undergraduate Research Fellowship) við Caltech-háskólann í Bandaríkjunum sumarið 2011.

Erlendir nemendur við deildina eru 15–20% af stúdentahópnum, bæði reglulegir stúdentar og skiptistúdentar. Hlutfall erlendra nemenda í framhaldsnámi er enn hærra.

Á árinu voru undirbúnar breytingar á námskeiðum í grunnnámi og skipaði deildin nefnd til að fara yfir málið.

## Doktorsvarnir

Þrjú doktorar voru brautskráðir frá deildinni á árinu.

Alberto Villa hlaut sameiginlega doktorsgráðu frá Háskóla Íslands og Tækniháskólanum í Grenoble (INPG) í Frakklandi og nefnist ritgerð hans Advanced Spectral Unmixing and Classification Methods for Hyperspectral Remote Sensing Data.

Giulia Troglio brautskráðist með sameiginlega prófgráðu frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Genúa á Ítalíu með ritgerðinni Advanced Automatic Techniques for Image Analysis.

Mauro Dalla Mura hlaut sameiginlega doktorsgráðu frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Trento á Ítalíu og nefnist ritgerð hans Advanced Techniques Based on Mathematical Morphology for the Analysis of Remote Sensing Images.

## Brautskráðir stúdentar frá Rafmagns- og tölvuverkfræðideild 2011

	Karlar	Konur	Alls
<b>BS-próf Alls:</b>	<b>7</b>	<b>5</b>	<b>12</b>
Rafmagns- og tölvuverkfræði	7	5	12

<b>Meistarapróf Alls:</b>	<b>1</b>		<b>1</b>
Rafmagns- og tölvuverkfræði	1		1
<b>Doktorspróf Alls:</b>	<b>2</b>	<b>1</b>	<b>3</b>
Rafmagns- og tölvuverkfræði	2	1	3
<b>Samtals:</b>	<b>10</b>	<b>6</b>	<b>16</b>

## Rannsóknir

Rannsóknir í rafmagns- og tölvuverkfræði hafa verið öflugar á árinu og unnar í miklu samstarfi við erlenda háskóla, sem og fyrirtæki og stofnanir. Kennarar og nemendur deildarinnar birtu fjölmargar ISI-greinar og aðrar ritrýndar ráðstefnugreinar með samstarfsmönnum m.a. frá Bandaríkjunum, Frakklandi, Ítalíu, Spáni, Ástralíu, Japan, Kína og Danmörku.

## Opinberir fyrirlestrar og ráðstefnur

Flestir starfsmenn Rafmagns- og tölvuverkfræðideildar eru í samtökunum IEEE og voru margir opinberir fyrirlestrar haldnir við Háskóla Íslands í samvinnu þessi samtök. Þar má nefna:

- Marked Point Processes for Object Extraction in High Resolution Images: Application to Earth Observation and Cartography.
- Spectral-Spatial Hyperspectral Image Segmentation Using Subspace Multinomial Logistic Regression and Markov Random Fields.

Starfsmenn deildarinnar voru í undirbúningsnefndum fyrir margar virta ritrýndar alþjóðlegar ráðstefnur ásamt því að vera í ritstjórnnum virtra alþjóðlegra ritrýndra tímarita.

## Raunvísindadeild

### Almennt yfirlit og stjórn

Raunvísindadeild er vettvangur kennslu og rannsókna í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði við Háskóla Íslands og skiptist deildin í samsvarandi þrjár námsbrautir. Forseti deildarinnar var Guðmundur G. Haraldsson, prófessor í efnafræði, og varaforseti var Gunnar Stefánsson, prófessor í stærðfræði.

### Starfsmenn

Raunvísindadeild			
	Aðjuntar	Fjöldi	Starfsígildi
	Konur	0	
	Karlar	0	
	Lektorar		
	Konur	0	
	Karlar	0	
	Dósentar		
	Konur	0	
	Karlar	5	3,98
	Prófessorar		

Konur	0	
Karlar	28	25,38
	<b>33</b>	<b>29,36</b>
<b>Rannsóknafólk</b>		
Karlar	<b>1</b>	<b>1</b>
<b>Tæknifólk – telst með stjórnýslu</b>		
Konur	1	1
Karlar	2	2
Samtals	<b>3</b>	<b>3</b>

## Breytingar á starfsliði

Eggert Briem, prófessor í stærðfræði, lét af störfum á árinu fyrir aldurs sakir. Jan Valdman, dósent í stærðfræði, Elínborg Ingunn Ólafsdóttir, lektor í stærðfræði, og Thor Aspelund, dósent í stærðfræði, létu einnig af störfum á árinu.

## Nemendur, nám og kennsla

Deildin býður nemendum sínum í grunnnámi upp á BS-próf í stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði og lífefnafræði. Frá og með haustmisseri 2011 var hætt að nýnnrita í lífefnafræði en nýrri námsleið, lífefna- og sameindalíffræði, var hleypt af stokkum í samstarfi við Líf- og umhverfisvísindadeild. Margir innrituðust á nýju námsleiðina. Auk þess að kenna eiginlegum nemendum deildarinnar hefur hún með höndum víðtæka þjónustukennslu á fagsviðum sínum fyrir stóra hópa nemenda, meðal annars í verkfræði, tölvunarfræði, jarðfræði, líffræði, matvæla- og næringarfræði, læknisfræði, lyfjafræði og tannlæknisfræði.

Framhaldsnemum deildarinnar stendur til boða bæði meistarapróf og doktorspróf í stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði og lífefnafræði. Að auki er boðið upp á M.Paed.-próf á öllum námsbrautum deildarinnar og þar er einkum miðað að því að mennta kennara fyrir framhaldsskólastigið í landinu.

### Doktorsvarnir

Deildin brautskráði 11 doktora á árinu.

Tiberiu Rosenzweig varði doktorsritgerð sína í eðlisfræði 14. febrúar og nefndist hún Plasmonic Nanowire Waveguides and Devices Operating at Telecom Wavelengths.

Tobias Zingg varði doktorsritgerð sína í eðlisfræði 2. september og nefndist hún Holographic Models for Condensed Matter.

Edda Sif Pind Aradóttir varði doktorsritgerð sína í efnafræði 7. október og nefndist hún Reactive Transport Models of CO<sub>2</sub>-water-basalt Interaction and Applications to CO<sub>2</sub> Mineral Sequestration.

Helga Dögg Flosadóttir varði doktorsritgerð sína í efnafræði 29. ágúst og nefndist hún Metastable Fragmentation Mechanisms of Deprotonated Nucleic Acids in the Gas Phase – A Combined Experimental and Theoretical Study.

Kristján Matthíasson varði doktorsritgerð sína í efnafræði 14. október og nefndist hún Ionization Processes and Photofragmentation via Multiphoton Excitation and State Interactions.



Sandip Ashok Shelke varði doktorsritgerð sína í efnafræði 15. desember og nefndist hún Noncovalent and Site-Directed Spin Labeling of Abasic Sites in Duplex DNAs with the Spin Label  $\zeta$ .

Sigríður Guðmundsdóttir varði doktorsritgerð sína í efnafræði 16. desember og nefndist hún Calculations of Molecular Interaction with Edges and Steps on Platinum Surfaces.

Annalisa De Cia varði doktorsritgerð sína í stjarnfræði 1. júlí og nefndist hún Unravelling the Environment of Gamma-Ray Burst Afterglows.

Baldvin Einarsson varði doktorsritgerð sína í stærðfræði 16. apríl og nefndist hún An Interacting Particle Model and Dynamic Energy Budget Theory – Analysis and Applications.

Benedikt Steinar Magnússon varði doktorsritgerð sína í stærðfræði 2. desember og nefndist hún Disc Formulas in Complex Analysis.

Chamari T. D. Dadigamuwage varði doktorsritgerð sína í vistfræðilíkönum 8. júlí og nefndist hún Assessment and Management of Sea Cucumber Resources in the Coastal Waters of Sri Lanka.

## Brautskráðir stúdentar frá Raunvísindadeild 2011

	Karlar	Konur	Alls
<b>BS-próf Alls:</b>	<b>18</b>	<b>9</b>	<b>27</b>
Eðlisfræði	2	1	3
Efnafræði	5	3	8
Lífefnafræði	2	4	6
Stærðfræði	9	1	10
<b>M.Paed.-próf Alls:</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>2</b>
Stærðfræði	1	1	2
<b>Meistarapróf Alls:</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>7</b>
Eðlisfræði	2	1	3
Efnafræði		1	1
Lífefnafræði	1	1	2
Stærðfræði		1	1
<b>Doktorspróf Alls:</b>	<b>6</b>	<b>5</b>	<b>11</b>
Eðlisfræði	2		2
Efnafræði	2	3	5
Stjarnfræði		1	1
Stærðfræði	2		2
Vistfræðilíkön		1	1
<b>Samtals:</b>	<b>28</b>	<b>19</b>	<b>47</b>

## Rannsóknir

Við Raunvísindadeild eru stundaðar umfangsmiklar og fjölbreyttar rannsóknir í stærðfræði og raunvísindum og er Raunvísindastofnun Háskólans vettvangur þeirra. Raunvísindastofnun er skipt í tvær undirstofnanir: Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnun og Jarðvísindastofnun. Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnun er því vettvangur rannsókna kennara og annarra vísindamanna

Raunvísindadeildar og um leið framhaldsnema og nýdoktora við deildina. Starfsemi Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnunar er síðan skipt í þrjár stofur.

Á stærðfræðistofu eru stundaðar rannsóknir í fræðilegri stærðfræði, hagnýttri stærðfræði, tölfraði og stærðfræðilegri eðlisfræði. Þar er m.a. starfrækt þverfaglegt setur í hagnýttri stærðfræði og tölfraði með aðkomu kennara og sérfræðinga stærðfræðistofu og verkfræðideilda, þ.m.t. tölvunarfræði. Á eðlisfræðistofu eru stundaðar rannsóknir bæði í kennilegri eðlisfræði og tilraunaeðlisfræði og stjarnaeðlisfræði. Þar er m.a. starfrækt mjög öflugt setur í örtækni. Eðlisfræðistofa er einnig vettvangur vísindasögu og þar er Vísindavefur Háskóla Íslands til húsa. Á efnafræðistofu eru stundaðar fjölbættar rannsóknir í kennilegri efnafræði, eðlisefnafræði, lífrænni og ólífrænni efnafræði, efnagreiningum og lífefnafræði. Þar er starfrækt efnagreiningarsetur, vel búið nýstárlegum og nútímalegum tækjabúnaði til hvers kyns efnagreininga. Reiknisetur, búið öflugum tölvubúnaði, er starfrækt þvert á stofur með virkri þátttöku kennara og sérfræðinga á efnafræðistofu og eðlisfræðistofu en einnig stærðfræðistofu og í verkfræðideildum.

Rannsóknirnar á Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnun bera sterkan keim af viðamikilli og árangursríkri alþjóðlegri samvinnu sem og tengslum við atvinnulíf, bæði íslenskt og alþjóðlegt, þ.e. við fyrirtæki er starfa á vettvangi hátækni. Birtingartíðni í ritrýndum alþjóðlega viðurkenndum fagtitrum er mjög mikil meðal kennara og sérfræðinga deildarinnar með virkri þátttöku framhaldsnema. Vísindamenn við Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnun eru mjög duglegir að afla sértekna og styrkja til rannsókna sinna, bæði úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum og frá fyrirtækjum innan lands og utan. Allmargir öndvegisstyrkir hafa komið í hlut stofnunarinnar í tengslum við allar stofur hennar á undanförunum misserum.

## Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

### Almennt yfirlit og stjórn

Deildarforseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar var Sigurður Magnús Garðarsson prófessor og varadeildarforseti Guðmundur Freyr Úlfarsson prófessor. Auk þeirra sat Ragnar Sigbjörnsson prófessor í deildarráði, ásamt fulltrúa nemenda.

### Starfsmenn

Umhverfis- og byggingarverkfræðideild		Fjöldi	Starfsígildi
Lektorar			
Konur		0	
Karlar		0	
Dósentar			
Konur		1	1
Karlar		4	2,24
Prófessorar			
Konur		0	
Karlar		6	6
		<b>11</b>	<b>9,24</b>
<b>Rannsóknamiðstöð + Vatnaverkrst.</b>			
Konur		3	2,06

Karlar	7	5,7
Samtals	<b>10</b>	<b>7,76</b>

Kerfisliffræðisetur (þverfaglegt) vistað á Verkfræði- og náttúruvísindasviði		
Konur	5	4,5
Karlar	9	7,25
Samtals	<b>14</b>	<b>11,75</b>

## Breytingar á starfsliði

Á árinu var auglýst sérfræðingsstaða við Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði en ekki var ráðið í stöðuna fyrr en eftir áramót. Kristín Martha Hákonardóttir varð aðjunkt við deildina á árinu. Kristín hafði áður verið stundakennari við deildina og leiðbeint nemendum í meistaranámi.

## Nemendur, nám og kennsla

Sjaldan hafa fleiri brautskráðst frá Umhverfis- og byggingarverkfræðideild en á árinu. Þrátt fyrir erfitt efnahagsástand eru nemendur deildarinnar eftirsóttur starfskraftur. Breytingar á náminu, sem gerðar voru 2010, hafa tekist vel og má þar sérstaklega nefna námskeiðið Starf og ábyrgð verkfræðinga sem kennt er á fyrsta misseri. Námskeiðið setur tóninn fyrir námið en þar er meðal annars fjallað um verksvið verkfræðinga, fagleg vinnubrögð, heimildameðferð, vinnu í þverfaglegum hópum, nýsköpun og frumkvöðlastarf. Gestafyrirlesarar eru fengnir frá fyrirtækjum og stofnunum til að kynna verkfræðina fyrir nemendum.

Meistaránám við deildina er öflugt með sterkum hópi nemenda og að auki eru skiptinemar frá erlendum skólum við deildina, víðs vegar að úr heiminum. Meistaraverkefni nemenda eru iðulega unnin í tengslum við atvinnulífið þar sem sérfræðingar hjá fyrirtækjum og stofnunum taka þátt í að leiðbeina nemendum og þannig skapast verðmæt tengsl, reynsla fyrir nemendur og þekking innan fyrirtækjanna sem ekki hefði verið hægt að fá á annan hátt.

## Brautskráðir stúdentar frá Umhverfis- og byggingarverkfræðideild 2011

	Karlar	Konur	Alls
<b>BS-próf Alls:</b>	<b>33</b>	<b>11</b>	<b>44</b>
Umhverfis- og byggingarverkfræði	33	11	44
<b>Meistarapróf Alls:</b>	<b>12</b>	<b>3</b>	<b>15</b>
Byggingarverkfræði	9	2	11
Umhverfis- og auðlindafræði		1	1
Umhverfisverkfræði	3		3
<b>Samtals:</b>	<b>45</b>	<b>14</b>	<b>59</b>

## Rannsóknir

Rannsóknir við deildina eru kraftmiklar og í góðu samstarfi við innlenda og erlenda háskóla, fyrirtæki og stofnanir, m.a. frá Norðurlöndum, Evrópuríkjum, Bandaríkjunum og Asíu. Sem dæmi má nefna að starfsfólk deildarinnar tekur þátt í fjórum evrópskum rannsóknaverkefnum, PRETEAR, sem fjalla um undirbúning viðbragða við umhverfishættum á norðurslóðum, AQUAVALENS sem fæst við gæðaöryggi vatns, ENHANCE sem er á sviði samgangna, og AirCraftFire sem fæst við áhættu á eldi í flugvélum. Einnig má nefna að deildin leiðir verkefnið GEORG, GEOthermal Research Group

([www.georg.hi.is](http://www.georg.hi.is)), styrkt af Vísinda- og tækniráði Rannís, sem er samstarfsverkefni fjölþjóðlegra þátttakenda.

## Líf- og umhverfisvísindastofnun

### Almennt yfirlit

Líf- og umhverfisvísindastofnun Háskóla Íslands var formlega stofnuð á degi íslenskrar náttúru, 16. september 2011, sem rannsóknarvettvangur starfsmanna Líf- og umhverfisvísindadeildar en það eru kennarar í líffræði, landfræði og ferðamálafræði, auk verkefnaráðinna sérfræðinga og framhaldsnema. Meginmarkmið Líf- og umhverfisvísindastofnunar er að efla rannsóknir á sviði líf- og umhverfisvísinda og með því leggja sitt af mörkum til að Háskóli Íslands nái langtímamarkmiðum um samkeppnishæfni gagnvart bestu rannsóknarháskólum heims. Þessar rannsóknir munu stuðla að uppbyggingu atvinnulífs, nýsköpun og verðmætasköpun í þágu íslensks samfélags í anda markmiða háskólans. Í nýju stofnuninni starfa nú 24 kennarar, tveir gestaprófessorar, fimm emerítar, einn sérfræðingur og 23 aðrir starfsmenn við rannsóknir, aðallega þeir sem eru ráðnir í tengslum við ákveðin verkefni. Stofnunin hefur einnig umsjón með rannsóknaverkefnum 106 framhaldsnema, þar af 62 doktorsnema. Styrkir til rannsókna innan Líf- og umhverfisvísindastofnunar úr samkeppnissjóðum og öðrum sjóðum námu um 200 m.kr. á árinu og verðmæti rannsóknatækja í eigu stofnunarinnar er yfir 300 m.kr. Fréttir og yfirlit um rannsóknastarfsemi Líf- og umhverfisvísindastofnunar eru á heimasíðu stofnunarinnar: [www.luvs.hi.is](http://www.luvs.hi.is).

### Stjórn

Í stjórn Líf- og umhverfisvísindastofnunar voru á árinu: Kesara M. Anamthawat-Jónsson, prófessor í líffræði, formaður stjórnar, Ólafur S. Andrésen, prófessor í líffræði, stofustjóri Líffræðistofu, Guðrún Gísladóttir, prófessor í landfræði, stofustjóri Land- og ferðamálafræðistofu, Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent í ferðamálafræði, og Zophonías O. Jónsson, dósent í líffræði.

### Land- og ferðamálafræðistofa

Land- og ferðamálafræðistofa er önnur tveggja stofa sem heyrir undir Líf- og umhverfisvísindastofnun og er til húsa í Öskju. Stofan er vettvangur rannsókna í landfræði og ferðamálafræði. Á árinu störfuðu við hana sjö fastir kennarar, sem skiptust jafnt á milli landfræði og ferðamálafræði, einn nýdoktor í landfræði og einn gestaprófessor, Rattan Lal, prófessor við Ohio State University í Bandaríkjunum. Framhaldsnemendur unnu að meistara- og doktorsverkefnum sínum við stofuna.

Emmanuel Pagneux, sem brautskráðist með doktorspróf á árinu, hlaut verðlaun Alþjóðasambandsins um vatnavísindi (International Association of Hydrological Sciences), sem kennd eru við L.J. Tison, fyrir grein sem birtist í tímaritinu Hydrological Science Journal og er hluti af doktorsritgerð Emmanuels.

Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent í ferðamálafræði, lauk doktorsprófi á árinu frá Háskólianum í Oulu í Finnlandi og nefnist doktorsritgerðin Wilderness Tourism in Iceland – Land Use and Conflicts with Power Production.

Starfsmenn afla tekna fyrir rannsóknir og tækjabúnað frá alþjóðlegum og innlendum samkeppnissjóðum, ráðuneytum, opinberum stofnunum og fyrirtækjum.

Viðfangsefni stofunnar spanna mismunandi sérsvið landfræði og ferðamálafræði.

Í landfræði er sjónum beint að samspili fólks og náttúru en sérhæfing landfræðinga snýr ýmist að náttúru eða samfélagi. Í náttúrufræði tengist rannsóknastarfsemin mjög jarðvegsfræði, fornvistfræði og náttúruvía. Stundaðar eru rannsóknir á jarðvegsmyndun á mismunandi tímaskala og þeim þáttum sem hafa mótandi áhrif á jarðvegseiginleika, s.s. landnotkun, loftslag og eldvirkni og afleiðingar þess. Þá skipa rannsóknir á þróun gróðurfars á mismunandi tímakvarða frá upphafi nútíma til dagsins í dag mikinn sess og skoðað er á hvern hátt loftslag, eldvirkni og mannvist hafa orkað á það. Þessu tengdar eru rannsóknir á gróðureyðingu og jarðvegsrofi, sem og áhrifum rofs og uppsöfnun sets á næringarefni og bindingu og losun kolefnis. Sérstök áhersla er lögð á náttúruvía, eðli hennar og áhrif m.a. á jarðveg, gróður og samfélag almennt og nærsamfélag sérstaklega, sem og skynjun og viðbrögð almennings við náttúruvía.

Rannsóknir í mannvistarlandfræði hafa einkum snúist um þrjá málaflokka: byggða- og atvinnuþróun á Íslandi, á norðurslóðum og í þróunarlöndum, samgöngur í borgarumhverfi og landslag. Þróun atvinnulífs og búsetu hefur lengi verið eitt af meginviðfangsefnum mannvistarlandfræðinga við Háskóla Íslands. Á síðasta áratug hefur kynjafræðileg greining á byggðaþróun verið viðfangsefni í rannsóknnum tveggja starfsmanna. Árið 2011 var unnið að samnorrænu rannsóknaverkefni um atvinnutengdan hreyfanleika karla og kvenna á norðurslóðum. Einnig var sjónum beint að átökum um land og landréttindi kvenna í Afríku. Þá voru stundaðar rannsóknar á áhrifum alþjóðafjármálakreppunnar í borgarsamfélögum í fimm löndum á norðurslóðum og unnið að því að meta framtíðarhorfur í löndum á norðurslóðum í tengslum við aukið aðgengi um hafssvæði og félagshagrænar áhrif breytinganna. Í rannsóknnum á samgöngum hefur verið haldið áfram með verkefni um bílamenningu ungs fólks á Reykjavíkursvæðinu. Þá var á árinu unnið að þróun nýrrar aðferðar til að meta gæði hjólaleiða í borginni. Í landslagsrannsóknnum við stofuna hefur uppruni og merking íslenska landslagshugtaksins verið til skoðunar og hvernig má innleiða landslagssjónarmið í skipulag á náttúruvernd hér á landi.

Lögð hefur verið áhersla á uppbyggingu tækjakosts í náttúrufræði til að styðja við rannsóknir úti í náttúrunni og á rannsóknastofum.

Í ferðamálafræði er fjölbreyttum rannsóknnum sinnt, meðal annars á tengslum náttúru og ferðamennsku, menningartengdri ferðaþjónustu og hagrænum áhrifum ferðamennsku. Unnið var verkefni fyrir Ferðamálastofu og iðnaðarráðuneytið um áætlun um ferðamennsku á miðhálandi Íslands. Einnig var gerð skýrsla fyrir Skipulagsstofnun sem nýtt er í landsskipulagi miðhálandisins samkvæmt nýjum lögum þar um. Viðkvæmni lands var metin og kortlögð (í samvinnu við Landbúnaðarháskólann og landfræðideild háskólans í Lundi) og umhverfisáhrif ferðamanna metin. Verkefni voru unnin í því skyni að þróa ástandskvarða til að meta innviði ferðamennsku og þróun sjálfbærrar ferðamennsku í Vatnajökulsþjóðgarði. Jarðfræðileg fjölbreytni og ferðamennska var skoðuð, auk verkefnis um sambúð ferðamennsku og virkjana. Verkefni um sköpun og tilurð áfangastaðar í jaðarbyggðum, með áherslu á uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu, var hrundið af stað í samstarfi við alþjóðlegt samstarfsnet, Chair in Arctic Tourism. Destination Development in the Arctic (2010–2013), sem hýst er hjá háskólanum í Finnörku í Alta. Til þessa samstarfsnets fékkst samkeppnisstyrkur á vegum norska utanríkisráðuneytisins. Unnið var að mati á áhrifum aukinna skemmtiferðasiglinga og ferðamennsku á afskekkt svæði í tengslum við skýrslu um framtíðarhorfur í löndum á norðurslóðum. Einnig var unnið að verkefni þar sem lagt var mat á hagræn og umhverfisleg áhrif frístundahúsa.

Starfsmenn stofunnar birta niðurstöður rannsókna sinna, einkum í alþjóðlegum fagtímaritum og bókum en einnig í innlendum tímaritum og skýrslum sem gefnar eru út af Háskóla Íslands og öðrum háskólastofnunum. Þá eiga starfsmenn stofunnar öflugt samstarf við aðra starfsmenn innan Háskóla Íslands og stofnana hans, innlendar rannsókna- og þjónustustofnanir og við vísindamenn erlendis.

Á árinu birtu starfsmenn land- og ferðamálafræðistofu 14 greinar í ISI-skráðum tímaritum og aðrar greinar á alþjóðlegum vettvangi, níu greinar í íslenskum fagritum og tvær skýrslur. Þá stóðu starfsmenn stofunnar fyrir ráðstefnum og tóku þátt í fjölda ráðstefna.

## Raunvísindastofnun Háskólans

Raunvísindastofnun Háskólans er fjárhagslega sjálfstæð rannsóknastofnun innan Verk- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands og starfar í alþjóðlegu vísindaumhverfi. Stofnunin er vettvangur grunnrannsókna og nytjarannsókna í raunvísindum. Meginmarkmið starfseminnar er að afla nýrrar þekkingar og stuðla að hagnýtingu hennar fyrir íslenskt samfélag, þjálfa nemendur í vísindalegum vinnubrögðum, veita sérfræðiaðstoð og annast fræðslustarfsemi. Stofnunin heldur utan um tilraunastarfsemi á sviði eðlisfræði, efna- og lífefnafræði, stærð- og reiknifræði og jarðvísinda í víðtæku samstarfi við aðrar innlendar og erlendar rannsóknastofnanir.

Niðurstöður rannsókna eru birtar í alþjóðlegum tímaritsgreinum, bókarköflum og skýrslum, sem og á ráðstefnum.

Um síðustu áramót störfuðu 30 akademískir sérfræðingar við stofnunina ásamt 30 verkefnaráðnum starfsmönnum við rannsóknir, auk átta tæknimanna og aðstoðarmanna. Níu manna starfslíð vinnur á aðalskrifstofu og annast rekstur fasteigna. Raunvísindastofnun er rannsóknavettvangur kennara við raunvísinda- og jarðvísindadeildir Háskóla Íslands. Þeir voru 44 um síðustu áramót. Einnig höfðu fjölmargir nemar í framhaldsnámi við Háskóla Íslands starfsaðstöðu á stofnuninni í lengri eða skemmri tíma.

Árið 2011 nam velta stofnunarinnar 1.217,1 m.kr., sem er lækkun um 22,3 m.kr. frá fyrra ári. Af veltu ársins komu 368,8 m.kr. af fjárveitingum, þar af 9,7 m.kr. sem aukafjárveiting vegna eldgossins í Grímsvötnum. Framlag norrænu ráðherranefndarinnar nam 107,9 m.kr. til reksturs Norræna eldfjallasetursins. Sjálfsaflafé til reksturs rannsóknaverkefna var 749,6 m.kr. á árinu. Rekstur rannsóknaverkefna grundvallast á sjálfsaflafé frá innlendum og erlendum rannsóknasjóðum og frá fyrirtækjum. Á undanförunum árum hefur hlutur erlendra rannsóknasjóða farið vaxandi.

Raunvísindastofnun skiptist í Jarðvísindastofnun og Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnun, og er þeim báðum lýst hér að neðan.

## Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnun

Eðlis-, efna-, og stærðfræðistofnun skiptist í þrjár rannsóknastofur, stærðfræðistofu, eðlisfræðistofu og efnafræðistofu. Stofurnar þrjár hafa síðan innan sinna vébanda tiltölulega sjálfstæðar deildir. Þannig er reiknifræðideild hýst á stærðfræðistofu, háloftadeild á eðlisfræðistofu og lífefnafræðideild á efnafræðistofu. Forstöðumenn stofanna þriggja mynda stjórn stofnunarinnar ásamt forseta Raunvísindadeildar, sem er formaður stjórnar stofnunarinnar (Guðmundur G. Haraldsson prófessor gegndi því starfi á árinu). Í árslok störfuðu við 33 kennarar Raunvísindadeildar stofnunarinnar, auk tveggja kennara úr öðrum deildum sem hafa rannsóknaraðstöðu á stofnuninni. Einnig voru við stofnunina á árinu tólf akademískir sérfræðingar, en þeir stunda sjálfstæðar rannsóknir, verkefnaráðnir sérfræðingar voru tíu, nýdóttar átta og tæknimenn þrír. Nemendur í

framhaldsnámi voru samtals 80, þar af 43 doktorsnemar. Bókfærðar sértekjur stofnunarinnar námu 378,2 m.kr. á árinu og fjárveiting úr ríkissjóði var 134,4 m.kr.

## Eðlisfræðistofa

### Almennt yfirlit og starfsmenn

Eðlisfræðistofa er rannsóknaveitvangur kennara við Raunvísindadeild og sérfræðinga við Raunvísindastofnun í eðlisfræði og skyldum greinum. Í árslok voru kennararnir átta og sérfræðingarnir fjórir. Á eðlisfræðistofu starfa einnig þrír tæknimenn Raunvísindastofnunar, þar af einn við háloftadeild. Átta verkefnaráðnir sérfræðingar unnu enn fremur á stofunni á árinu. Laun þeirra eru greidd með styrkjum úr opinberum samkeppnissjóðum. Þá höfðu tveir fyrrverandi vísindamenn og tveir prófessorar emeriti starfsaðstöðu við stofuna. Stúdentar í rannsókn námi voru 16 talsins á árinu, þar af 12 í doktorsnámi. Forstöðumaður Eðlisfræðistofu var Hafliði Pétur Gíslason prófessor. Friðrik Magnus nýdottor lauk í árslok þriggja ára störfum á Eðlisfræðistofu og hélt til Uppsala til rannsóknastarfa og Pétur Gordon Hermannsson hélt utan til frekara náms. Frekari upplýsingar um stofufélaga, rannsóknaverkefni þeirra og ritsmíðar er að finna á vef stofunnar: [www.raunvis.hi.is/Edlisfr/Edlisfr.html](http://www.raunvis.hi.is/Edlisfr/Edlisfr.html).

Á Eðlisfræðistofu eru stundaðar grunnrannsóknir í tilraunaeðlisfræði, kennilegri eðlisfræði þéttfenis og stjarnaeðlisfræði. Á stofunni eru þrír hópar fyrirferðarmestir. Einn þeirra sinnir rannsóknum á sviði tilraunaeðlisfræði með áherslu á hátæknieðlisfræði og örtækni. Annar hópur stundar kennilegar rannsóknir og líkanagerð af eiginleikum rafeindakerfa á nanóskvarða í hálfleiðurum og sameindum. Þriðji hópurinn leggur stund á rannsóknir í stjarnaeðlisfræði með megináherslu á gammablossa og heimsfræði. Auk þessara hópa stunda einstakir kennarar og sérfræðingar á stofunni rannsóknir sem ekki falla undir framangreind svið. Unnu þeir meðal annars við mælingar á radoni í grunnvatni og endurbætta mælitækni aldursgreininga með geislakoli.

Háloftadeild Raunvísindastofnunar heyrir undir Eðlisfræðistofu. Deildin rekur segulmælingastöð í Mosfellsbæ, auk tveggja norðurljósastöðva í samvinnu við Pólrannsóknastofnun Japans og tvær ratsjárstöðvar í samvinnu við breska og franska vísindamenn. Þá er Almanak Háskóla Íslands reiknað og búið til prentunar við deildina.

Thorsten Ludwig Arnold hóf doktorsnám undir handleiðslu Viðars Guðmundssonar í verkefninu Tímaháð DFT-leiðnilíkan fyrir rafeindir í nanókerfum með styrk úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands og Seyedmohammad Shayestehaminzadeh hóf doktorsnám í verkefninu Geislavirkar veilur í hálfleiðurum mældar við ISOLDE/CERN undir handleiðslu Sveins Ólafssonar og Hafliða Péturs Gíslasonar með doktorssstyrk úr rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

## Rannsóknastyrkir

Bókfærðar sértekjur á Eðlisfræðistofu námu um 140 m.kr. á árinu og fjárveiting úr ríkissjóði var tæplega 48 m.kr. Verkefnastyrkir úr Rannsóknasjóði vísinda- og tækniráðs þar sem stofumenn voru ýmist verkefnastjórar eða meðumsækjendur námu 49.135 þús.kr. á árinu. Þá styrkti Rannsóknasjóður Háskóla Íslands einnig níu verkefni stofumanna á árinu um samtals 12.900 þús.kr. og Tækjakaupasjóður veitti fé til tækjakaupa fyrir um 8.390 þús.kr.

### Nýir styrkir

- Hafliði Pétur Gíslason hlaut styrk til verkefnisins Geislavirkar veilur í hálfleiðurum ásamt Sveini Ólafssyni og Haraldi Páli Gunnlaugssyni, dósent við Árósháskóla. Styrkurinn nam 6.040 þús.kr. á árinu.

- Kristján Leósson hlaut á árinu styrk að upphæð 6.040 þús.kr. ásamt samstarfsmönnum sínum, Alexöndru Boltassevu og Malte C. Gather, til verkefnisins Ljósögnun rafgasbylgna.
- Viðar Guðmundsson hlaut á árinu styrk sem nam 4.905 þús.kr. til verkefnisins Ljós og leiðni í rafeindakerfum á nanóskala.
- Tækjasjóður styrkti kaup á rafmælingabúnaði til mælinga á hálfleiðurum og segulefnum um 2.080 þús. kr., kaup á púlsuðum laser fyrir ljósmælingar um 3.091 þús.kr. og kaup á rófgreini og hátíðniprobum um 3.219 þús.kr.

#### Framhaldsstyrkir

- Einar Örn Sveinbjörnsson hlaut styrk að upphæð 4.280 þús.kr. til þriðja árs verkefnisins Oxun kísilkarbíðs með hjálp alkalíjóna.
- Ivan Shelykh hlaut 24.270 þús.kr. öndvegisstyrk til annars árs verkefnisins Afburðasetur í ljósskauteindatekni, ásamt Kristjáni Leóssyni, Snorra Þorgeiri Ingvarssyni, Sveini Ólafssyni og Friðriki Magnus, auk erlendra samstarfsmanna.
- Páll Theodórsson hlaut styrk frá Rannsóknasjóði vísinda- og tækniráðs til annars árs verkefnisins Eyðing skóga og saga frumbyggðar á Íslandi ákvörðuð með nýju geislakolsaldursgreiningatæki, ásamt Ólafi Eggertssyni. Styrkurinn nam 3.600 þús.kr. á árinu.
- Sveinn Ólafsson hlaut árlegan styrk í þrjú ár að upphæð 7.010 þús.kr. til verkefnisins Sólorkudrifin efnahvörf með lágorkurafeindum á yfirborðum, ásamt verkefnisstjóranum Oddi Ingólfssyni á Efnafræðistofu.
- Viðar Guðmundsson hlaut styrk að upphæð 6.700 þús.kr. fyrir annað ár verkefnisins Coulomb-víxlverkun og straumfræði í skammtafræðilegum kerfum, ásamt verkefnisstjóranum Andrei Manolescu við Háskólann í Reykjavík.

## Efnafræðistofa

### Almennt yfirlit

Efnafræðistofa er rannsóknaveitvangur kennara og sérfræðinga við Raunvísindadeild Háskóla Íslands í efnafræði og skyldum greinum. Í árslok voru kennararnir tólf, auk eins kennara í matvælafræði og þriggja sérfræðinga við Raunvísindastofnun. Tíu verkefnaráðnir sérfræðingar unnu á stofunni á árinu. Laun þeirra eru ýmist greidd með styrkjum úr opinberum samkeppnissjóðum, fjárveitingu stofnunarinnar eða af fyrirtækjum. Stúdentar í rannsóknanámi voru 23 talsins á árinu, þar af 16 í doktorsnámi. Forstöðumaður Efnafræðistofu var Snorri Þór Sigurðsson prófessor. Frekari upplýsingar um stofufélaga, rannsóknaverkefni þeirra og ritsmíðar er að finna á vef stofnunarinnar: [www.raunvis.hi.is](http://www.raunvis.hi.is).

Á Efnafræðistofu eru stundaðar grunnrannsóknir í efnasmíðum lífrænna og ólífrænna efna, efnagreiningu og eðlisefnafræði, bæði með tilraunum og kennilegum rannsóknum. Stofan rekur Efnagreiningasetur Háskóla Íslands (sjá <http://efnagreining.raunvis.hi.is/>) en þar er boðið upp á ýmsa hátæknigreiningar, svo sem NMR og massagreiningar. Við lífefnafræðideild stofunnar eru stundaðar ýmsar rannsóknir, einkum á próteinum og lípíðum.

Starfsemi stofunnar tengist ýmsum sprotafyrirtækjum, til dæmis Carbon Recycling International (með Odd Ingólfsson í fararbroddi).

Málstofur í efnafræði voru haldnar reglulega og héldu m.a. nokkrir erlendir vísindamenn erindi og kynntu sér jafnframt starfsemi stofunnar. Málstofan telst sem námskeið við Raunvísindadeild.





## Rannsóknastyrkir

Bókfærðar sértekjur á Efnafræðistofu (ásamt lífefnafræðideild) námu 179,6 m.kr. á árinu og fjárveiting úr ríkissjóði var 41,2 m.kr.

Nýjan styrk úr Rannsóknasjóði vísinda- og tækniráðs hlaut Snorri Þór Sigurðsson fyrir verkefnið Spunamerking kjarnsýra án samgilda tengja. Styrkurinn nam 6,5 m.kr. á ári í þrjú ár.

Þá styrkti Rannsóknasjóður Háskóla Íslands einnig fjölmörg verkefni stofumanna á árinu.

## Stærðfræðistofa

### Almennt yfirlit og starfsmenn

Stærðfræðistofa er vettvangur rannsókna í stærðfræði, stærðfræðilegri eðlisfræði, reiknifræði og tölfraði. Þar af heyrna reiknifræði og tölfraði undir reiknifræðideild stofunnar. Fram á mitt ár var Jón Ingólfur Magnússon prófessor forstöðumaður Stærðfræðistofu en þá tók Rögnvaldur Möller prófessor við af honum. Frekari upplýsingar um starfsfólk stofunnar og rannsóknaverkefni má finna á vefsíðunni <http://www.raunvis.hi.is/Staerdf/Staerdf.html>.

### Stærðfræði og stærðfræðileg eðlisfræði

Við rannsóknir í stærðfræði og stærðfræðilegri eðlisfræði störfuðu á árinu níu kennarar í Raunvísindadeild og þrír sérfræðingar. Einn prófessoranna við stofuna, Lárus Thorlacius, var einungis í hlutastarfi þar eð hann er forstöðumaður NORDITA-rannsóknastofnunarinnar í Stokkhólmi. Jafnframt voru á stofunni þrír nemendur í rannsóknatengdu námi á þessum fræðasviðum, þar af einn í doktorsnámi.

Viðfangsefni stofunnar spanna margar sérgreinar stærðfræði og stærðfræðilegrar eðlisfræði. Þau helstu eru á sviði algebru og algebrulegrar rúmfræði, tvinnfallagreiningar og fágaðrar rúmfræði, skammtasviðsfræði, strengjafræði, óvixlinnar rúmfræði, Fourier-greiningar, fellagreiningar, ólínulegra hlutfleiðujafna, kvíslunarfræði og grúpufræði. Stærstu hóparnir vinna á sviði tvinnfallagreiningar og fágaðrar rúmfræði, sem og stærðfræðilegrar eðlisfræði.

Niðurstöður rannsókna sinna birta starfsmenn stofunnar einkum í alþjóðlegum fagtímaritum en einnig kynna þeir niðurstöður sínar á alþjóðlegum ráðstefnum og í fyrirlestrum við erlenda og innlenda háskóla og rannsóknastofnanir. Starfsmenn stofunnar eiga öflugt samstarf á fræðasviðum stofunnar við vísindamenn víða um heim og algengt er að erlendir samstarfsmenn dvelji við stofuna til að vinna að sameiginlegum rannsóknaverkefnum.

Málstofa í stærðfræði hefur verið starfrækt á vegum stofunnar frá árinu 1975. Í málstofunni kynna starfsmenn stofunnar, vísindamenn á skyldum fræðasviðum og erlendir gestir eða samstarfsmenn rannsóknir sínar eða aðrar nýjungar í stærðfræði og stærðfræðilegri eðlisfræði. Stefán Ingi Valdimarsson hafði umsjón með málstofunni og birti tilkynningar varðandi hana í dagbók Háskóla Íslands.

### Reiknifræði

Á reiknifræðideild Stærðfræðistofu störfuðu á árinu þrír fastir kennarar við Raunvísindadeild og tveir sérfræðingar. Jafnframt voru við deildina átta nemendur í rannsóknatengdu námi, þar af sex í doktorsnámi.

Eftirtaldir létu af störfum á árinu: Elínborg Ingunn Ólafsdóttir lektor við upphaf ársins, Mark Dukes sérfræðingur í lok febrúar, Eggert Briem prófessor í lok september vegna aldurs og Jan Valdman dósent í lok ársins. Auk þess lét Birgir Hrafnelsson af störfum sem sérfræðingur í lok ársins þegar

hann var ráðinn í kennarastarf við Raunvísindadeild en hann heldur sem slíkur áfram störfum við reiknifræðideild.

Anna Pachol var ráðinn sem sérfræðingur 1. október. Hún stundar rannsóknir á sviði stærðfræðilegrar eðlisfræði.

Í deildinni eru stundaðar rannsóknir sem tengjast reiknifræði, tölfræði og líkindafræði undir samheitinu hagnýtt stærðfræði og tölfræði. Undir reiknifræðideildina heyrir Tölfræðimiðstöð Háskóla Íslands og þar er veitt ráðgjöf í tölfræði við skólann og er miðstöðin jafnframt starfsvettvangur doktorsnema í tölfræði. Við hana starfa nemendur í framhaldsnámi í tölfræði og nemendur sem eru langt komnir í BS-námi sem ráðgjafar undir stjórn forstöðumannsins, Gunnars Stefánssonar prófessors. Á vegum Tölfræðimiðstöðvar er einnig haldin reglulega málstofa í tölfræði.

Helstu viðfangsefni reiknifræðideildar eru á sviði tölfræði, líkindafræði, bestunarfræði og tölulegrar greiningar. Sérstök áhersla hefur verið lögð á líkanagerð fyrir ýmsar greinar vísinda. Starfsmennirnir eiga margvíslegt samstarf á fræðasviðum deildarinnar við stofnanir, einstaklinga og fyrirtæki, bæði innan lands og utan. Mætti þar nefna Menntavísindasvið, Hafrannsóknastofnun, Stanford Systems Optimization Laboratory og Systems Biology Research Group við Kaliforníuháskóla. Niðurstöður rannsókna sinna birta starfsmenn stofunnar í innlendum og alþjóðlegum fagtímaritum, sem og í skýrslum ýmissa stofnana og fyrirtækja sem þeir eru í samvinnu við.

Bókfærðar sértekjur á stærðfræðistofu (ásamt reiknifræðideild) námu 38,0 m.kr. á árinu og fjárveiting úr ríkissjóði var 38,3 milljónir.

Frekari upplýsingar um starfsfólk deildarinnar og rannsóknaverkefni má finna á vefsíðunni <http://www.raunvis.hi.is/Reiknifr/>.

## Jarðvísindastofnun

Árið 2011 var annasamt hjá starfsmönnum Jarðvísindastofnunar. Öflugt gos varð í Grímsvötnum 21.–28. maí, gjóska lagðist yfir suðvesturlhuta Vatnajökuls og hluta Vestur-Skaftafellssýslu og gjóskuskýið olli truflunum á flugumferð. Óvænt jökulhlaup frá Mýrdalsjökli og Köldukvíslarjökli komu í júlí og kölluðu á verulega vinnu hjá hluta starfsmanna. Rannsóknum á gosunum í Eyjafjallajökli 2010 var haldið áfram af fullum krafti. Af nýjum niðurstöðum má nefna að á Fimmvörðuhálsi kom upp fremur frumstæð basaltkvika mynduð við blöndun möttulbráða sem líkjast frumkviku Kötlu og Surtseyjar. Síðar tróð þróaðra basalt sér inn í hálfstorkið súrt innkot undir toppgígnum (sem er hugsanlega leifar frá gosinu á árunum 1821–1823) og við það myndaðist blandkvika full af gasi sem kom af stað sprengigosinu. Frekari niðurstöður rannsókna og margvíslegar upplýsingar má finna á vefsíðu Jarðvísindastofnunar ([jarvis.hi.is](http://jarvis.hi.is)).

## Almennt yfirlit og stjórn

Jarðvísindastofnun er önnur tveggja sjálfstæðra stofnana Raunvísindastofnunar Háskólans. Hún er til húsa í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskólans. Meginhlutverk Jarðvísindastofnunar er að afla nýrrar þekkingar með grunnrannsóknum og nytjarannsóknum í jarðvísindum, byggja upp og veita aðstöðu fyrir viðamiklar tilraunir og mælingar í jarðvísindum. Auk þess rekur stofnunin norrænt rannsóknasetur í eldfjallafræðum (Norræna eldfallasetrið, Nordvulk) þar sem ungir norrænir jarðvísindamenn eru menntaðir og þjálfaðir. Starfsmenn stofnunarinnar starfa með innlendum og erlendum háskólum, rannsóknastofnunum og öðrum aðilum með gagnkvæma miðlun á þekkingu í huga og til þekkingaröflunar fyrir íslenskt samfélag. Starfsmenn veita ráðgjöf um náttúruvá, nýtingu auðlinda og umhverfismál og stunda þjónusturannsóknir á verksviðum sem krefjast

grunnrannsóknna þar sem ekki er um að ræða samkeppni við aðrar stofnanir eða fyrirtæki. Stofnunin veitir nemendum í framhaldsnámi við Jarðvísindadeild aðstöðu og aðgang að búnaði. Á vegum stofnunarinnar er lögð sérstök áhersla á að efla kennslu með því að byggja upp frjótt rannsóknnaumhverfi fyrir nemendur og þjálfar þá í vísindalegri hugsun og vinnubrögðum í jarðvísindum.

Jarðvísindastofnun og Jarðvísindadeild hafa sameiginlega stjórn. Í stjórn Jarðvísindastofnunar á árinu voru: Magnús Tumi Guðmundsson, formaður, Hreggviður Norðdahl, Jón Ólafsson, Ingi Þ. Bjarnason, Helgi Björnsson og Freysteinn Sigmundsson. Við Norræna eldfjallasetrið starfar norræn ráðgjafarnefnd um málefni setursins og stofnunarinnar, auk þess sem hún sér um að velja norræna styrkþega við setrið. Á árinu voru í nefndinni: Yngve Kristoffersen, prófessor við Háskólann í Bergen, Christian Tegner, lektor við Háskólann í Árósum, Ragnar Törnroos, prófessor við Háskólann í Helsingfors, Sten-Åke Elming, prófessor við Háskólann í Luleå, og Kristín Vogfjörð, rannsóknastjóri við Veðurstofu Íslands. Formaður fjárhagsnefndar Jarðvísindastofnunar er Helga Tuliníus, jarðeðlisfræðingur hjá Mannviti, en nefndin tekur þátt í að ákveða skiptingu fjárveitingar innan stofnunarinnar. Í fjárhagsnefndinni sitja, auk aðurnefnds formanns, formaður stjórnar Jarðvísindastofnunar, tveir formenn fagsviða og tveir fulltrúar norrænu ráðgjafarnefndarinnar.

Samanlögð velta Jarðvísindastofnunar á árinu var 571 m.kr. Tekjur til starfseminnar skiptust þannig: (1) fjárveitingar á fjárlögum 149 m.kr., þar af 9,7 m.kr. aukafjárveiting vegna gossins í Grímsvötnum í maí og jökulhlaupa í júlí; (2) fjárveiting frá Norrænu ráðherranefndinni 108 m.kr.; (3) ýmsar sértekjur, aðallega frá innlendum og erlendum samkeppnissjóðum og fyrirtækjum, 314 m.kr.

## Starfsfólk

Í árslok var samanlagður fjöldi starfsfólks Jarðvísindastofnunar og þeirra sem hafa þar rannsóknaraðstöðu rúmlega eitt hundrað. Starfsfólk Jarðvísindastofnunar skiptist þannig: akademískir sérfræðingar voru 18, verkefnaráðnir sérfræðingar átta, nýdoktorar fjórir og kennarar með rannsóknaraðstöðu ellefu. Auk þess voru þrjú fyrrverandi starfsmenn með rannsóknaraðstöðu við stofnuna (emeriti) og skrifstofu- og tæknimenn voru fimm. Við Jarðvísindadeild voru um 50 framhaldsnemar, þar af 14 doktorsnemar með starfsaðstöðu við stofnunina. Norrænir styrkþegar voru alls tólf á árinu, þar af sumir þeirra aðeins hluta ársins.

Karl Grönvold, rannsóknaprófessor í bergfræði, og Leifur Á. Símonarson, prófessor í setlagfræði, fóru á eftirlaun eftir langt og farsælt starf. Karl var starfsmaður Norrænu eldfjallastöðvarinnar frá stofnun hennar (1974) og síðar Jarðvísindastofnunar frá 2004. Umfjöllun um störf Leifs er í kaflanum um Jarðvísindadeild.

## Rannsóknir

Jarðvísindastofnun skiptist í sex faghópa:

1. **Bergfræði og bergefnafræði.** Oddviti faghópsins er Sigurður Jakobsson. Í berg- og bergefnafræði er fengist við rannsóknir á kvikumyndun (bergbráð) í iðrum jarðar og hvernig kvikan breytist á leið sinni til yfirborðsins. Á þeirri leið kólnar hún og kristallar myndast og efnaskipti verða við grannbergið í gosrásinni sem leiða til mjög breytilegrar gerðar storkubergs á yfirborði jarðar og í jarðskorpunni. Auk rannsókna á gjósku úr Eyjafjallajökulsgosunum 2010 og Grímsvatnagosinu 2011 má nefna rannsóknir á strontíumsamsætum í ummyndunarsteindum á jarðhitasvæðum þar sem rekja má feril strontíums frá úrkomu (sjávarstrontíums) í efstu jarðlögum háhitasvæða; uppruna plagióklas í stórdílóttu basalti með samanburði á strontíumsamsætum díla og grunnmassa; og greiningu lofttegunda í kvikuinnlyksum í kristöllum gosbergs í þeim tilgangi að meta heildarmagn lofttegunda í mismunandi kviku.

2. **Ísaldarjarðfræði og setlagafraeði.** Oddviti faghópsins er Ármann Höskuldsson. Rannsóknir á sviði ísaldar- og setlagafraeði beinast að umhverfisbreytingum sem lesa má úr fornum jarðlögum og þeim eðlis-, efna- og líffraeðilegu ferlum sem mótað hafa yfirborð jarðar. Helstu áherslupættir eru breytingar á jöklum og jökulrof, straumvatna- og afrennslishættir, vindrof, jarðvegseyðing og -myndun, setmyndun í stöðuvötnum og sjó, landmótun við strendur og sjávarstöðubreytingar sem tengjast breytingum á jöklum og hreyfingum lands (höggun) og saga lífríkis sem lesin er úr steingervingum. Loftslagsbreytingar eru enn fremur stórt rannsóknarefni og tengsl þeirra við hafstrauma og veðurfar. Meðal rannsóknaverkefna á árinu má nefna áframhaldandi rannsóknir á setkjörnum úti fyrir Norðurlandi með áherslu á loftslagsbreytingar á síðustu þúsund árum. Einnig var haldið áfram með rannsóknir á sjávarsetskjörnum fyrir vestan og norðvestan land með áherslu á loftslagsbreytingar á síðustu tíu þúsund árum, auk segulmælinga sem beitt er til þess að auðvelda aldurstengingar á milli breytinga sem vart verður í sjávarseti og í stöðuvatnaseti. Rannsóknir á seti Hvítárvatns með tilliti til loftslagsbreytinga á síðustu tíu þúsund árum og þróun Langjökuls á tímum Litlu Ísaldarinnar var haldið áfram, auk þess sem borað var í stöðuvötn við Drangajökul í því skyni að draga fram sögu jökulsins á svipaðan hátt og gert hefur verið í Hvítárvatni og annars staðar við Langjökul. Rannsóknir og kortlagning á setlögum við Eyjabakkajökul voru gerðar til þess að draga fram einkenni framhlaupsjökla, auk þess sem unnið var úr sams konar gögnum frá Múlajökli. Innan faghópsins fara einnig fram yfirgripsmiklar rannsóknir á gjóskulögum í jarðvegssniðum, stöðuvatnaseti og sjávarseti. Starfshópur innan faghópsins vann ötullega að rannsóknnum á gjósku úr Eyjafjallajökulsgosunum 2010 og Grímsvatnagosinu 2011.
3. **Jarðeðlisfræði og eðlisræn jarð- og landfræði.** Oddviti faghópsins er Magnús Tumi Guðmundsson. Innan fagsviðsins er unnið að rannsóknnum í eldfjallafræði, gjóskulagafræði, jarðefnafræði skammlífra samsætna, varma- og vökvafræði jarðefna, fornsegulfræði jarðlagastaflans, fjarkönnun og landupplýsingum, jarðlagafræði, jarðvegsfræði og frjókornarannsóknnum. Stundaðar eru rannsóknir á jarðfræðilegri uppbyggingu Íslands, kvikuferlum til yfirborðs og eldvirkni og áhrifum eldgosa á samfélagið, kolefnabúskap (þ.e. bindingu og losun kolefna) og áhrif hans á loftslagsbreytingar og efnaveðrun (tæringu bergs) á vatnasviðum landsins. Starfsemin tengist jöklafræði, ísaldarjarðfræði, berg- og jarðefnafræði og jarðvegs- og fornvistfræði. Rannsóknir faghópsins beindust töluvert að eldgosum á árinu, m.a. Grímsvatnagosinu 2011, og gosunum í Eyjafjallajökli 2010. Einnig má nefna niðurstöður rannsókna í fornsegulfræði sem leiddu m.a. til endurskoðunar á aldri eldvirknitímabils sem kennt er við Skálamælifell á Reykjanesskaga og er nú talið hafa verið fyrir um 90 þúsund árum. Á því tímabili urðu til nokkur af fjöllum skagans og þá var jafnframt stefna jarðsegulsviðsins mjög óvenjuleg.
4. **Jarðefnafræði vatns, veðrun og ummyndun.** Oddviti faghóps er Sigurður Reynir Gíslason. Unnið er að rannsóknnum á efnafræði vatns og gas, efnaskiptum vatns og gufu við berg, jarðveg, andrúmsloft, lífrænt efni og lífverur. Einkum er fengist við efnafræði jarðhitavökva og eldfjallagas, straumvötn, sjó og ís, samsætur (H, O, C, Cl, S, o.fl.), efnaveðrun og tilraunir með efnaskipti vatns, bergs og lífræns efnis, ásamt líkangerð í jarðefna- og jarðhitafræðum. Jarðefnafræði eykur skilning á efnaferlum í jarðhita og eldfjallakerfum og þróun og ástandi í há- og lághitakerfum, í grunnvatni, ölkelduvatni, straumvatni og sjó. Þekking á jarðefnafræði vatns er mikilvægur þáttur umhverfisrannsókna, t.d. vegna súrnunar sjávar og efnamengunar frá eldgosum. Gerðar eru geislakolsaldursgreiningar á vatni, jarðfræðilegum sýnum og fornleifum. Á árinu fékk vatnsefnafræðihópurinn þrjá styrki frá Evrópusambandinu og einnig norrænan styrk og svissneskan styrk, auk fjölda innlendra styrkja. Verkefni sem Evrópusambandið styrkir eru: Carbfix, sem er alþjóðlegt samstarfsverkefni um bindingu kolefnis í bergi ([Carbfix.com](http://Carbfix.com)); MINSC, sem er samstarfsnet evrópskra rannsóknastofnana og fyrirtækja til þjálfunar ungra vísindamanna í rannsóknnum á útfellingum steinda; og MetTrans, sem er samstarfsnet evrópskra rannsóknastofnana og fyrirtækja til þjálfunar ungra vísindamanna í rannsóknnum á hreyfanleika málma í náttúrunni. NORDICCS-verkefninu var komið á fót til þess að tengja norrænar rannsóknastofnanir og fyrirtæki sem fanga kolefni og binda það í bergi. Tilgangurinn er að efla

- Þessar rannsóknir innan stofnananna og efla samstarf þeirra á Norðurlöndum. COTERM er svissneskt verkefni um líkangerð og þróun reiknilíkana fyrir efnafræði og grunnvatnsfræði jarðhitakerfa. Innlendir verkefnastyrkir fengust til eftirfarandi verkefna: Rokgjörn efni í jarðhitagufu og eldfjallagasi; Jarðefnafræði CO<sub>2</sub> í jarðhitavatni; Einstök vistkerfi Vonarskarðs; og Fornverðurfar lesið úr samsætumælingum á NEEM-ískjarnanum á NV-Grænlandi. Verkefnið Sýrustigsmælingar á heitu vatni með litrófsgreini var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna, til verkefnisins Tilraunabúnaður í jarðefnafræði kolefnis og brennisteins fékkst tækjakaupastyrkur og Landsvirkjun styrkti verkefnið Jarðefnafræði brennisteins í jarðhitakerfum.
5. **Jarðafis- og jarðskjálftafræði.** Oddviti faghópsins er Páll Einarsson. Innan fagsviðsins er unnið að rannsóknnum á innri gerð eldstöðva og jarðskorpunnar og efri hluta möttulsins. Jarðskorpuhreyfingar vegna landreks, jarðskjálfta, kvikuhreyfinga, fargbreytinga frá jöklum, snjóþekju og vinnslu jarðhitavökva á virkjunarsvæðum, eru mældar með GPS, bylgjuvíxlælingum (InSAR) og hallamælingum. Aukinn skilningur fæst með því að gera líkön sem herma eftir mældum landhreyfingum. Til að fylgjast með kvikuhreyfingum í iðrum jarðar var land mælt við Bárðarbungu, Grímsvötn, Öskju, Heklu, Kötlu, Eyjafjallajökul, Kröflu, Hengil, Þeistareyki og Krýsuvík. Fylgst var náið með kvikufærslu í Grímsvötnum í gosinu í maí með samfelldum GPS-mælingum með 1 sekúndu söfnun. Þær mælingar sýndu m.a. að um 2/3 hluti heildarfærslu kvikunnar í gosinu varð áður en gosið hófst. Auk eldfjallamælinga voru mæld þétt landmælinganet á Reykjanesskaga og Suðurlandi. GPS-mælanet var rekið tímabundið vegna skjálftavirkni í Húsmúla, sem hófst í september 2011 og tengist niðurdælingu á affallsvatni frá Hellisheiðarvirkjun. Öndvegisstyrkur frá Rannís var veittur til verkefnisins Innviðir eldfjalla. Freysteinn Sigmundsson leiðir verkefnið, sem er samstarfsverkefni Jarðvísindastofnunar, Veðurstofunnar og nokkurra erlendra rannsóknarhópa. Markmiðið með því er að rannsaka innri gerð eldfjalla og meta eðliseiginleika þeirra með þrívíðum líkönum sem tengja saman niðurstöður úr rannsóknnum sem gerðar eru með mismunandi aðferðum, s.s. aðferðum í jarðefnafræði og jarðskjálftafræði og með mælingum á jarðskorpuhreyfingum. Stofnunin tekur þátt í rekstri um 40 færanlegra jarðskjálftamæla við Kröflu, Öskju og Upptýppinga. Stjórnandi verkefnisins, Robert S. White, prófessor við háskólann í Cambridge, gegnir einnig stöðu gestaprófessors við Háskóla Íslands.
6. **Jökla-, haf- og hafisrannsóknir.** Oddviti faghóps er Helgi Björnsson. Hópurinn vinnur m.a. að rannsóknnum á jöklum Íslands, fyrr, nú og á komandi tímum, stærð þeirra, lögun, afkomu, hreyfingu og afrennsli jökulvatns. Hópurinn vinnur að því að kortleggja yfirborð og botn jöklanna, mæla afkomu og orkuskipti við yfirborð þeirra, ísflæði, gera veðurathuganir á jöklum, vinna að fjarkönnun úr gervitunglum og flugvélum og kanna framhlaup og kelfingu í jökullón. Gerð eru reiknilíkon af afkomu og hreyfingu og viðbrögðum jökla við loftslagsbreytingum, rennsli vatns um jökla er kannað, sem og vatnsforði sem bundinn er í jöklum og hætta sem stafar af jöklum vegna jökulhlaupa frá jaðarlónum og lónum á jarðhitasvæðum undir jöklum eða við eldgos í jöklum er metin; auk viðbragða jarðskorpunnar við breytingum á jökulfargi. Með gervitunglamyndum og landupplýsingakerfum er fylgst með hafísútbreiðslu á Norður-Atlantshafi, þörungablóma, yfirborðshita sjávar og olíumengun í sjó. Breytingar á jöklum og hafís við Ísland eru einnig kannaðar út frá sagnfræðilegum gögnum. Í samvinnu við Hafrannsóknastofnun er unnið að rannsóknnum á súrnun sjávar í Norður-Atlantshafi vegna þess að sjór dregur í sig æ meiri koltvísýring við aukin gróðurhúsaáhrif í andrúmslofti. Samsætumælingar eru framkvæmdar í ískjörnum frá Grænlandi og loftraka er safnað sjálfvirk og samsætustyrkur hans mældur til að auka skilning á þeim eðlisfræðilegu ferlum sem valda fylgni samsæta við veðurfar. Meðal rannsóknaverkefna á árinu má nefna áframhaldandi mælingar á afkomu og orkubúskap Vatnajökuls og Langjökuls en þessar mælingar ná nú næstum til tveggja áratuga. Áhrif eldgosanna í Eyjafjallajökli 2010 og Grímsvötnum 2011 á afkomu og leysingu voru könnuð með mælingum og reiknilíkönum. Skriðhraði á yfirborði jökla og tenging hans við vatnrennsli við botn var kannað með gervitunglagögnum og samfelldum GPS-mælingum á yfirborði jökla. Fylgst var stöðugt með vatnsstöðu í Grímsvötnum og niðurstöður sendar samfellt til byggða. Unnið var að íssjarmælingum. Nákvæm hæðarkort voru unnin út frá Lidar-

mælingum og gervitunglamyndum. Breytingar á ísforða allt frá lokum litlu ísaldar voru metnar af gömlum kortum og jökulminjum, sem sýna fyrri stöðu jöklanna. Reiknilíkön voru notuð til að herma breytingar á jöklum frá lokum litlu ísaldar. Áfram var unnið að líkangerð um breytingar á jöklum á komandi árum að gefnum forsendum um veðurfar. Fylgst var með efnabreytingum í hafinu umhverfis land með ársfjórðungslegum mælingaferðum í samvinnu við Hafrannsóknastofnun. Samsætur NEEM 08 S3 kjarna frá NV-Grænlandi voru mældar og sjálfvirk rakasöfnun og samsætumælingar framkvæmdar í Garðskagavita.

## Útgáfa og kynningar

Á árinu 2011 starfsmenn Jarðvísindastofnunar 54 greinar í ISI-skráðum tímaritum, auk annarra greina á alþjóðlegum vettvangi og skýrslna og greina í íslenskum ritum. Þá tóku starfsmenn þátt í og stóðu að fjölda ráðstefna. Nánari upplýsingar um vikuleg erindi, verkefni og ritaskrár starfsmanna Jarðvísindastofnunar eru á vef stofnunarinnar: [jarðvis.hi.is](http://jarðvis.hi.is). Sem dæmi um umræður á fagsviði Jarðvísindastofnunar má nefna málstofu um Kötlu þar sem sérfræðingar Jarðvísindastofnunar og Veðurstofu Íslands rökræddu m.a. tengsl milli óróa sem sést á skjálftamælum, jökulhlaupa og gosa undir jöklum. Sitt sýndist hverjum og ljóst að unnt væri að efla rannsóknir á þessu sviði.

Norrænn sumarskóli um jarðhitakerfi og orkurannsóknir var haldinn á Nesjavöllum í ágúst. Alls var 21 fyrirlesari við skólanum og nemendur, sem voru víðs vegar að úr heiminum, voru 25 talsins.

## Verkfræðistofnun

### Almennt yfirlit og stjórn

Verkfræðistofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsóknastofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin heyrir undir Verkfræði- og náttúruvísindasvið skólans og er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs í verkfræði og tölvunarfræði. Stjórn stofnunarinnar skipuðu á árinu: Magnús Þór Jónsson prófessor, formaður, Kristín Vala Ragnarsdóttir, fræðasviðsforseti, Jóhannes Rúnar Sveinsson prófessor, Ólafur Pétur Pálsson prófessor, Sigurður Magnús Garðarsson prófessor og Snorri Agnarsson prófessor.

Þann 12. maí 2011 voru settar nýjar reglur um Verkfræðistofnun, nr. 555/2011. Hlutverk stofnunarinnar er:

- a) að efla rannsóknir á fræðasviðum sínum við Háskóla Íslands,
- b) að efla tengsl rannsókna og kennslu og samhæfa rannsóknir í verkfræði og tölvunarfræði sem unnið er að við Háskóla Íslands,
- c) að styðja kennslu og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og veita nemendum í framhaldsnámi aðstöðu og búnað til rannsóknastarfa eftir því sem kostur er,
- d) að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði verkfræði og tölvunarfræði og sterkum tengslum við atvinnu- og þjóðlíf,
- e) að stuðla að þverfaglegu samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila,
- f) að sinna þjónustuverkefnum á sviði verkfræði og tölvunarfræði,
- g) að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna í verkfræði og tölvunarfræði,
- h) að veita upplýsingar og ráðgjöf varðandi verkfræði og tölvunarfræði,
- i) að gangast fyrir námskeiðum, fyrirlesturum og ráðstefnum sem geta stuðlað að aukinni tækniþekkingu í landinu og þjálfun vísindalegra starfskrafta og rannsóknarmanna.

## Rannsóknir

Rannsóknir á vegum Verkfræðistofnunar eru að miklu leyti byggðar á rannsóknastyrkjum sem aflað er úr samkeppnissjóðum, innlendum sem erlendum. Starfsmenn stofnunarinnar hafa náð miklum árangri í að afla rannsóknastyrkja og fjármagna meðal annars rannsóknir doktorsnema, sem nú eru á fjórða tug, auk rannsókna nýdaktora og verkefnaráðinna sérfræðinga. Heildartekjur stofnunarinnar á árinu voru rúmar þrjú hundruð milljónir króna og er heildarfjárhagsstaða stofnunarinnar jákvæð.

Með hinum nýju reglum skiptist Verkfræðistofnun Háskóla Íslands í þrjá rannsóknakjarna, einn fyrir hverja deild sem stendur að stofnuninni:


- umhverfis- og byggingarverkfræðikjarna,
- rafmagns- og tölvuverkfræðikjarna,
- iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarna.

Lýsingu á rannsóknnum í hverjum kjarna er að finna í umfjöllun deildanna. Aðild að hverjum rannsóknarkjarna eiga fastráðnir kennarar viðkomandi deilda og þeir starfsmenn sem eru ráðnir lengur en í eitt ár. Auk þess starfa verkefnaráðnir sérfræðingar, nýdaktorar, doktorsnemar og meistaranemar að rannsóknnum við stofnunina. Á árinu voru í doktorsnámi á fjórða tug nemenda sem vinna verkefni tengd stofnuninni og yfir tvö hundruð meistaranemendur.

## Kynningarstarfsemi

Verkfræðistofnun hélt meistaradag 19. maí þar sem Sigurður R. Ragnarsson, framkvæmdastjóri Austurhafnarverkefnis ÍAV, fjallaði um verkfræðilega hönnun og tæknilegar lausnir við byggingu Hörpu en meginuppistaða dagsins voru erindi 14 meistaranema sem sögðu frá verkefnum sínum. Starfsmenn Verkfræðistofnunar stóðu að vel heppnuðum kynningum á vísindavöku Rannís, 23. september. Þeir voru einnig virkir skipuleggjendur og þátttakendur í fjölda málstofa og ráðstefna, bæði við stofnunina og erlendis.





# Rannsóknastofnanir í tengslum við háskólann

## Alþjóðamálastofnun og Rannsóknasetur um smáriki

### Alþjóðamálastofnun

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun og vettvangur fyrir þverfaglegt samstarf í alþjóðamálum. Ásamt Háskóla Íslands standa utanríkisráðuneytið, Samtök iðnaðarins og Alþýðusamband Íslands að stofnuninni. Stofnunin á auk þess í samstarfi við fjölda erlendra og innlendra fræðimanna og stúdenta. Alþjóðamálastofnun hefur verið starfrækt við Háskóla Íslands frá árinu 1990 en var endurskipulögð árið 2002 og hefur í kjölfarið staðið fyrir fjölbreyttum rannsóknum, útgáfustarfsemi, málstofum og fyrirlestrum. Helstu rannsóknasvið eru íslensk utanríkismál, Evrópumál og öryggis- og varnarmál. Sjá nánar á vefsíðu stofnunarinnar: <http://www.ams.hi.is>.

### Rannsóknasetur um smáriki

Rannsóknasetur um smáriki er faglega sjálfstæð eining sem starfar undir hatti Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og deilir stjórn og forstöðumanni með stofnuninni. Rannsóknasetrið var stofnað árið 2002 og hefur sett mark sitt á háskólasamfélagið frá upphafi með fjölbreyttu starfi. Meginmarkmið setursins er að auka rannsóknir og kennslu í smárikjafraeðum. Rannsóknasetrið stendur fyrir fjölbreyttum rannsóknum, ráðstefnum, málstofum og kennslu um smáriki og heldur úti öflugri ritröð um rannsóknir í smárikjafraeðum. Setrið hefur hlotið fjölda styrkja frá innlendum og erlendum rannsóknasjóðum.

### Stjórn og starfslið

Ný stjórn Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáriki var skipuð til þriggja ára í kjölfar flutnings stofnunarinnar á Félagsvísindasvið. Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórn málafræði, lét af störfum sem stjórnarformaður í september en situr áfram í stjórn. Alyson Bailes, aðjunkt við Stjórn málafræðideild, tók þá við sem stjórnarformaður. Aðrir stjórnarmenn eru Valur Ingimundarson, prófessor í sagnfræði, sem jafnframt er varaformaður stjórnar, Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, Jón Steindór Valdimarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, Signý Jóhannesdóttir, varaforseti Alþýðusambands Íslands, og Auðunn Atlason, deildarstjóri skrifstofu upplýsingamála í utanríkisráðuneytinu. Forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáriki var Pia Hansson. Katrín Hauksdóttir sinnti starfi verkefnisstjóra seinni hluta árs og að auki unnu tveir erlendir starfsnemar við stofnunina á haustmisseri.

### Alþjóðlegur sumarskóli

Frá því árið 2003 hefur Rannsóknasetur um smáriki starfrækt sumarskóla um smáriki og Evrópusamrunann í samstarfi við erlenda háskóla en frá og með næsta sumri verða

samstarfsaðilarnir orðnir 16. Sumarskólinn er fjármagnaður með Erasmus-styrk frá Evrópusambandinu. Sumarið 2011 kenndu níu þekktir fræðimenn á sviði smárikjaransókna, Evrópu- og öryggismála við skólann. Nemendur voru 32, þar af voru þrír Íslendingar. Nemendurnir sem sóttu námskeiðið voru frá 18 mismunandi ríkjum og að auki tóku níu nemar (á BA- og MA-stigi) frá Háskóla Íslands þátt í því. Á þessu tveggja vikna hraðnámskeiði var boðið upp á úrval kennslustunda, málstofa og heimsókna í opinberar stofnanir og til samtaka á vinnumarkaði, auk samverustunda með erlendu nemendum sem fengu tækifæri til að kynna landi og þjóð.

## Rannsóknaverkefni

Alþjóðamálastofnun hlaut Jean Monnet styrk frá Evrópusambandinu á árinu til að stuðla að upplýstri umræðu um Evrópumál á Íslandi. Á haustmisseri var boðið upp á fjölda fyrirlestra með erlendum sérfræðingum á sviði Evrópumála. Að auki fékk stofnunin tveggja ára styrk frá norrænum rannsóknasjóði á sviði hug- og félagsvísinda til að standa fyrir þremur málstofum í samstarfi við aðrar Norðurlandþjóðir og Eystrasaltsríkin, og Færeyinga og Grænlandinga að auki. Fyrsta málþingið var haldið í Norræna húsinu í Reykjavík 18. nóvember og var umfjöllunarefnið hvernig smárikjum í norðrinu og við Eystrasaltið vegnaði efnahagslega. Næstu tvö málþing verða haldin árið 2012 og þá verða umfjöllunarefnið annars vegar sjálfsmynd þessara ríkja og hins vegar öryggismál.

## Útgáfa

Ritröð Smárikjasetursins var í mikilli endurskoðun á árinu en ákveðið var að gefa framvegis aðallega út fræðigreinar rafrænt. Ritið Iceland as a Powerful Small State in the International Community eftir Jakob Þór Kristjánsson og Margréti Celu var gefið út í ritröðinni í desember. Að auki verður aflað fjár til útgáfu svokallaðrar árbókar Alþjóðamálastofnunar en í hana verður safnað bestu fræðigreinum landsins í utanríkis- og alþjóðamálum hvers árs.

## Önnur verkefni

Stofnanirnar sinntu að vanda fjölbreyttum verkefnum á árinu. Rannsóknasetur um smárikí rak sinn árlega sumarskóla með metþátttöku frá 17 mismunandi skólum í Evrópu. Þá var fjöldi málstofa og ráðstefna haldinn á árinu en í heildina stóðu stofnanirnar fyrir 39 opnum viðburðum á árinu. Hér fyrir neðan er stiklað á stóru í viðburðum ársins:

- Í janúar hófst fundaröð Alþjóðamálastofnunar sem nefnd var Evrópa: Samræður við fræðimenn með fyrirlestri Helga Skúla Kjartanssonar, prófessors í sagnfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Boðið var upp á málstofur í hádeginu alla föstudaga á vormisseri með innlendum og erlendum fræðimönnum. Meðal þeirra var Torfi Tulinius sem ræddi um norrænar eða evrópskar rætur íslenskrar miðaldamenningar, María Elvira Mendez Pinedo um Evrópurétt, Magnús Árni Magnússon um samanburð á Evrópusamruna Íslands og Möltu, Visnja Samardzija frá Alþjóðamálastofnun Króatíu um aðildarviðræður Króatíu við Evrópusambandið, Fabrizio Tassinari frá Alþjóðamálastofnun Danmerkur um öryggismál í Evrópu, Meike Stommer, doktorsnema frá Þýskalandi um utanríkisstefnu Íslands frá lokum kalda stríðsins, Michael Corgan frá Boston-háskóla um erfiðleika í samskiptum Evrópu og Ameríku og Sören Holmberg frá Gautaborgarháskóla en hann fjallaði um afstöðu Svía til Evrópusambandsins og evrunnar.
- Í janúar var haldinn kynningarfundur um skýrslu Joan N. Larsen hjá Stofnun Vilhjalms Stefánssonar og Gail Fondahl frá Háskólanum í Norður Bresku Kolumbíu sem fjallar um þróun mannlífs og líf skjara á norðurslóðum (Arctic Human Development Report). Fundurinn var haldinn á vegum stofnunarinnar, utanríkisráðuneytisins og kanadíska sendiráðsins.
- Alþjóðamálastofnun og Félagið Ísland-Palestína buðu upp á hádegisfund í janúar þar sem rætt var um hið eldfima ástand í Mið-Austurlöndum. Magnús Þorkell Bernharðsson, prófessor í

sagnfræði við Williams College í Bandaríkjunum, Bogi Ágústsson fréttamaður og Sveinn Rúnar Hauksson, formaður Félagsins Ísland-Palestína, fjölluðu um atburðina í Túnis, hugsanleg mótmæli í Egyptalandi og ástandið í Palestínu og framtíðarhorfur þar.

- Robert W. Corell, heimsþekktur vísindamaður sem hefur rannsakað áhrif loftslagsbreytinga á norðurslóðum, hélt fyrirlestur í febrúar á vegum stofnunarinnar og Rannís.
- Í febrúar hélt einnig Erlingur Erlingsson, sérfræðingur hjá Atlantshafsbandalaginu og Sameinuðu þjóðunum í Kabúl, fyrirlestur á vegum stofnunarinnar og Nexus, rannsóknavettvangs á sviði öryggis- og varnarmála. Erlingur ræddi um ástandið í Afganistan og framtíðarhorfur í öryggismálum við brottför alþjóðaliðsins þaðan.
- Í mars var haldinn fyrirlestur á vegum Alþjóðamálastofnunar, Rannsóknaseturs um smáríki og Lagastofnunar Háskóla Íslands þar sem Diana Wallis, varaforseti Evrópuþingsins, fjallaði um áhrif þingsins en þau hafa aukist með tilkomu Lissabon-sáttmálans. Hún gerði grein fyrir því hvaða áhrif þessi breyting hefur haft á störf fulltrúa smáríkja innan Evrópusambandsins.
- Steffen Kongstad, sendiherra og deildarstjóri í utanríkisráðuneyti Noregs, hélt erindi í mars um afvopnunarmál og stöðupeirra, sérstaklega um framtíð kjarnorkuvopna. Erindið var haldið á vegum Alþjóðamálastofnunar, Félags Sameinuðu þjóðanna, norska sendiráðsins og utanríkisráðuneytisins.
- Í mars sýndu franska sendiráðið og Alþjóðamálastofnun franska bíómynd sem heitir Si le vent soulevé les sables (Þegar vindurinn feykir sandinum) eftir Marion Hänsel.
- Fréttamennirnir Sveinn H. Guðmarsson og Þórhildur Ólafsdóttir héldu fyrirlestur í mars um reynslu sína, pólitíska ástandið og framtíðarhorfur Jemens eftir að hafa unnið þar í nokkra mánuði á vegum Unicef og alþjóðlegu hjálparsamtakanna CHF. Fyrirlesturinn var haldinn á vegum Alþjóðamálastofnunar og utanríkisráðuneytisins.
- Í lok mars hélt Niklas Granholm, aðstoðarrannsóknaforstjóri Rannsóknastofnunar alvarna í Svíþjóð, fyrirlestur sem hét Nýtt Norðurskaut – Öryggismál á breytingatímum. Fundurinn var haldinn í samvinnu við Varðberg, samtök um vestræna samvinnu og alþjóðamál, og Nexus, rannsóknavettvangs á sviði öryggis- og varnarmála.
- Contstanze Stelzenmueller hélt erindi á vegum Alþjóðamálastofnunar og Nexus í byrjun maí þar sem hún fjallaði um NATO og sjálfsmynd þess á tímum breytinga í öryggis- og varnarmálum.
- Alþjóðamálastofnun og utanríkisráðuneytið stóðu fyrir opnum fundi í byrjun maí með Eiju-Leenu Linkola frá finnska utanríkisráðuneytinu þar sem hún fjallaði um undirbúning finnsku stjórnáráðsins fyrir inngöngu í Evrópusambandið.
- Um miðjan maí var skýrsla Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) um konur og fæðuöryggi kynnt. Yfirmaður kynja- og jafnréttisdeildar FAO, Marcela Villarreal, kynnti skýrsluna. Fundurinn var haldinn á vegum Alþjóðamálastofnunar, utanríkisráðuneytisins, Alþjóðlegs jafnréttisskóla Háskóla Íslands (GEST) og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ).
- Alþjóðamálastofnun og Edda – öndvegissetur stóðu að fundi í maí þar sem var fjallað um leiklist stjórnmalanna, avant garde pólitískar hreyfingar, leikræna tilburði stjórnmalanna og beitingu þeirra í kosningabaráttum. Frummælendurnir, Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði og forseti Félagsvísindasviðs, Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor í heimspeki, og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir bókmenntafræðingur veltu fyrir sér hinu leikræna eðli stjórnmála frá afturhaldi til byltingarhreyfinga.
- Síðasti fundurinn á vormisseri var haldinn í lok maí í samvinnu við Heimssýn. Anthony Coughlan, prófessor við Trinity-háskóla í Dublin, fjallaði um Írland og evruna og hvaða lærdóm Íslendingar gætu dregið af reynslu Íra.
- Í lok ágúst stóð Rannsóknasetur um smáríki fyrir sex málstofum um smáríki á stærstu alþjóðlegu ráðstefnu sem haldin hefur verið hér á landi, ECPR.
- Teija Tiilikainen, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar Finnlands, hélt fyrirlestur um reynslu Finna af pólitískum og efnahagslegum samruna við Evrópusambandsaðildina.
- Antti Kuosmanen, sendiherra Finnlands hjá OECD, hélt fyrirlestur þar sem hann fjallaði um leið Finna inn í Evrópusambandið. Hann var einn af aðalsamningamönnum Finna í aðildarviðræðunum.

- Fundaröð haustsins um Evrópumál hófst í byrjun september en þá var búið að tryggja rannsóknastyrk frá Jean Monnet sjóði Evrópusambandsins til að standa straum af kostnaði við að flytja erlenda fyrirlesara til landsins. Clive Archer, prófessor emeritus í stjórnmálafræði við Manchester Metropolitan háskólann í Bretlandi, reið á vaðið og ræddi um öryggi smáríkja í Evrópu.
- Annica Kronsell, dósent í stjórnmálafræði við háskólann í Lundi, hélt erindi um kyn og þjóðaröryggi og fjallaði einnig um nýjar áherslur í varnarmálum í Evrópu.
- Rosa Balfour, fræðimaður og ráðgjafi við European Policy Centre í Brussel, hélt erindi um „arabíska vorið“ og viðbrögð Evrópusambandsins við viðburðunum fyrir botni Miðjarðarhafs.
- Diana Panke, stjórnmálafræðiprófessor við University College í Dublin, hélt erindi um hversu áhrifamikil smáríki væru við ákvarðanatöku innan Evrópusambandsins.
- Gunilla Herolf, yfirmaður rannsóknasviðs Stockholm International Peace Research Institute (SIPRI), hélt erindi um breytingar á öryggissamvinnu í Evrópu og áhrif þeirra á stofnanir og smáríki.
- Alþjóðamálastofnun og Forlagið stóðu að fjórum fyrirlestrum í tengslum við útkomu bókarinnar Ríkisfang: Ekkert eftir Sigríði Víðis Jónsdóttur. Bókin fjallar um flóttakonurnar sem búa á Akranesi og líf þeirra í aðdraganda stríðsins í Írak, búsetu þeirra í flóttamannabúðum í Írak og komu þeirra á Akranes og búsetu þar. Á fyrsta fundinum, sem haldinn var 14. september, sagði Lína Mazar frá dvöl sinni í Al Waleed flóttamannabúðunum í Írak og höfundur bókarinnar sagði frá tilurð verksins. Næsti fundur var haldinn 21. september en þá kom Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, og sagði frá störfum sínum með alþjóðlegum friðarsamtökum ísraelskra og palestínskra kvenna. Á þriðja fundinum beindum við kastljósinu að því hvernig flóttafólk er valið. Ingibjörg Broddadóttir, varaformaður flóttamannanefndar, og Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands, voru framsögumenn. Að lokum fjallaði Sveinn Guðmarsson fréttamaður um aðdraganda innrásarinnar í Írak 2003 og skoðaði sérstaklega hvaða afleiðingar viðskiptaþvinganirnar höfðu á börnin í landinu.
- Rétt fyrir dönsku kosningarnar, bauð Alþjóðamálastofnun, í samvinnu við Norræna félagið, upp á fyrirlestur með Svavari Gestssyni, fyrrverandi sendiherra í Danmörku, þar sem hann ræddi um stjórnsmál í Danmörku og væntanlegar flokksbreytingar.
- Í september bauð Alþjóðamálastofnun, í samvinnu við Nexus, upp á fyrirlestur með Damien Degeorges, doktorsnema í stjórnmálafræði, og Rasmus Bertelsen stjórnmálafræðingi þar sem þeir fjölluðu um Grænland og norðurslóðir og þær áskoranir sem fylgja uppbyggingu efnahags og mannauðs þar.
- Michael Corgan, prófessor við Boston-háskóla, hélt erindi um Bandaríkin og stöðu þeirra á alþjóðavettvangi og leit yfir pólitíska sviðið vestanhafs með tilliti til kosninganna á næsta ári.
- Alþjóðamálastofnun, Alþjóðleg kvikmyndahátíð (RIFF) og Stofnun Sæmundar fróða buðu upp á málþing með hinum heimsfræga David Suzuki, kvikmyndagerðamanni og fyrrverandi prófessor við háskólann í Bresku-Kólumbíu. Hann hélt hátíðarfyrirlestur um aðgerðarleysi stjórnvalda og almennings vegna sívaxandi umverfisvanda í heiminum.
- Bjarni Már Magnússon, doktorsnemi í þjóðarrétti við Edinborgarháskóla, hélt erindi um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum í september. Fundurinn var haldinn í samvinnu við Nexus, rannsóknaveitvang á sviði öryggis- og varnarmála.
- Í október buðu Alþjóðamálastofnun, Varðberg, samtök um vestræna samvinnu og alþjóðamál, og English Speaking Union á Íslandi upp á fyrirlestur með Henrik Lax, finnskum stjórnmálamanni og sérfræðingi um rússnesk stjórnsmál. Erindið fjallaði um þær áskoranir sem Rússar standa frammi fyrir innanlands og á alþjóðavettvangi.
- Í samvinnu við utanríkisráðuneytið, Þróunarsamvinnustofnun Íslands og Félagsvísindasvið Háskóla Íslands var boðið upp á afmælmálþing um þróunarsamvinnu í október. Paul Collier, hagfræðiprófessor og forstöðumaður Centre for the Study of African Economies við Oxford háskóla, hélt erindi um þróunarmál og spurði hvort Afrika hefði tók á að ná vestrænu ríkjunum hvað varðar lífsskilyrði. Jónína Einarsdóttir, prófessor í mannfræði, hélt síðan erindi um rannsóknir Colliers. Össur Skarphéðinsson setti málþingið.

- Í byrjun nóvember var boðið upp á málstofu undir heitinu Europe, Gender and the Financial Crisis í Norræna húsinu í samvinnu við Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands. Rachel Silvera frá Parísar-háskóla (X) fjallaði um áhrif kreppunnar á jafnréttismál í Evrópu, Sigurður Jóhannesson, aðjunkt við Hagfræðideild Háskóla Íslands, talaði um áhrif kreppunnar á karla og konur á Íslandi og Lilja Mósesdóttir, alþingiskona og hagfræðingur, stýrði umræðum að loknum fundi.
- Tíundi fundurinn í fundaröð Alþjóðamálastofnunar var haldinn 11. nóvember og að þessu sinni hélt Paedar Kirby, prófessor í alþjóðasamskiptum og stjórnsýslufræðum við háskólann í Limerick á Írlandi, erindi sem fjallaði um stjórn málaástandið á Írlandi eftir írsku efnahagsundrið. Á sama tíma kom út skýrsla, sem Kirby og Baldur Þórhallsson skrifuðu, þar sem gerður er samanburður á stöðu Íslands og Írlands í kjölfar efnahagskreppunnar.
- Andrew Cottey frá University College Cork á Írlandi hélt erindi um framtíðarhorfur í Líbíu eftir fall Gaddafis.
- Ráðstefna var haldin í Norræna húsinu á vegum Alþjóðamálastofnunar og Smáríkjaseturs 18. nóvember sem nefndist Smáríki á norðurslóðum og við Eystrasaltið: Áskoranir í efnahagsmálum. Málþingið er liður í rannsóknaverkefni sem styrkt er af norræna rannsóknaráðinu á svið hug- og félagsvísinda (NOS-HS).
- Miðvikudaginn 23. nóvember var boðið upp á fyrirlestur með Lottu Ohman, majór í sænska hernum, í samstarfi við Alþjóðlegan jafnréttisskóla.
- Síðasti fundurinn á haustmisseri í fundaröð stofnunarinnar var haldinn 25. nóvember en þá fjallaði Tomas Baum, forstöðumaður flæmsku friðarstofnunarinnar, um vopnasölu í Evrópu.
- Síðasti fyrirlestur ársins var haldinn 30. nóvember og var það lokafundur í fundaröð Alþjóðamálastofnunar og Forlagsins um málefni flóttamanna og stöðuna í Mið-Austurlöndum.

## Bakhjarlar Alþjóðamálastofnunar

- Samtök iðnaðarins styrktu starfsemi stofnunarinnar og buðu jafnframt meistaranemendum styrki við skrif lokaverkefna.
- Alþýðusamband Íslands gerðist bakhjarl stofnunarinnar á síðasta ári með tveggja ára samstarfssamningi.
- Utanríkisráðuneytið endurnýjaði samstarfssamning sinn við stofnunina til tveggja ára.
- Félagsvísindasvið Háskóla Íslands hýsir stofnunina og leggur henni jafnframt til fast framlag ár hvert.

## Konfúsíusarstofnunin Norðurljós

### Almennt yfirlit, stjórn og starfsfólk

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós hóf sitt fjórða starfsár á árinu. Stofnunin er kínversk menningarstofnun sem rekin er í samstarfi Háskóla Íslands og Ningbo-háskóla og nýtur stuðnings Hanban, undirstofnunar kínverska menntamálaráðuneytisins. Í stjórn stofnunarinnar sátu Wang Wenbing, aðstoðarrekter Ningbo-háskóla og stjórnarformaður, Qiu Yun, Ningbo-háskóla, Ingjaldur Hannibalsson, Háskóla Íslands, Oddný Sverrisdóttir, Háskóla Íslands, og Geir Sigurðsson, sem jafnframt gegndi starfi forstöðumanns í hálfu starfi. Á árinu störfuðu sendikennararnir Jia Yucheng, Liu Kailiang og Wang Xia við stofnunina og enn fremur gegndi Jón Egill Eypórsson þar störfum sem verkefnisstjóri. Stofnunin naut einnig fulltingis Stefáns Ólafssonar sem aðstoðarmanns í ýmsum verkefnum.

## Hlutverk og rannsóknir

Meginhlutverk stofnunarinnar hefur verið að styðja þróun námsleiðar í kínverskum fræðum við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda á Hugvísindasviði. Stofnunin vann aukin heldur að því að koma á kínverskukennslu við Menntaskólann við Hamrahlíð og aðra framhaldsskóla, auk þess sem hún stóð að kínverskukennslu við Endurmenntunastofnun Háskóla Íslands. Forstöðumaður og verkefnisstjóri stunduðu rannsóknir í nafni stofnunarinnar, einkum á sviði kínverskrar heimspeki og trúarbragða.

## Málþing, fyrirlestrar og viðburðir

Í febrúar fékk stofnunin heimsókn um 20 manna listahóps frá Beijing Sport University sem sýndi kínverskar bardagalistir í Háskólabíói fyrir fullum sal.

Í mars skipulagði stofnunin málstofuna What China Thinks: Philosophical Passages to China á Hugvísindasviði. Þar tóku til máls fimm erlendir fyrirlesarar, Roger T. Ames frá University of Hawaii, Henry Rosemont Jr. frá Brown University, Carine Defoort frá K.U. í Leuven, Wang Keping frá Beijing International University og Tong Shijun frá Shanghai Academy of Social Sciences.

Í maí skipulagði stofnunin málþingið Viðskipti Íslands og Kína í tilefni 40 ára stjórnmalasambands þjóðanna í samvinnu við Íslensk-kínverska viðskiptaráðið, Deloitte, Icelandair, CCP, Icelandic Business Forum, Íslandsstofu og Össur. Sex frummælendur tóku til máls, þar á meðal Kjeld-Erik Brødsgaard frá Copenhagen Business School (CBS).

Í ágúst tók stofnunin þátt í skipulagningu alþjóðlegs málþings, Third EurAsia Network Symposium: Mapping the Two Corners of EurAsia: Harmony as a Historical, Philosophical and Socio-Political Theme í samvinnu við Norrænu Asíustofnunina (NIAS) í Kaupmannahöfn. Til máls tóku 15 innlendir og erlendir fræðimenn.

Á árinu voru haldin 14 stök erindi innlendra og erlendra fyrirlesara á vegum stofnunarinnar um ýmis efni er tengjast Kína, kínverskri menningu, viðskiptalífi og samfélagi. Meðal erlendra gesta stofnunarinnar á árinu voru Daniel A. Bell frá Qinghua University, Deborah Sommer frá Gettysburg College, Chung-in Moon frá Yonsei University, Yuezhi Zhao frá Simon Fraser University og Communication University of China, Kevin DeLapp frá Converse College, Andrew Whitehead frá University College í Cork, Krishan Patroo, blaðamaður við Casa International, og Su Ge, sendiherra Kína á Íslandi.

Haldið var upp á kínversku hausthátíðina á vísindavöku Rannís í september. Loks sýndi stofnunin 30 kvikmyndir og heimildarmyndir á árinu.

## Fjármál

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té aðstöðu og aðgang að stoðþjónustu og greiðir einnig laun forstöðumanns. Hanban, undirstofnun kínverska menntamálaráðuneytisins, hefur styrkt stofnunina fjárhagslega og var afkoman prýðileg á árinu.

## Húsnæðismál og vefsíða

Stofnunin er til húsa á fyrstu hæð í Nýja-Garði og hefur þar vinnuástöðu fyrir fimm starfsmenn. Vefsíða stofnunarinnar er [www.konfusius.hi.is](http://www.konfusius.hi.is).

## Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn er vísindastofnun á vegum umhverfisráðuneytisins, byggð á lögum um verndun Mývatns og Laxár. Hún fæst við rannsóknir á náttúru og sögu Mývatns og Laxár og vatnasviðs þeirra með það að höfuðmarkmiði að skilja náttúrufarsbreytingar og sjá þær fyrir og stuðla þannig að verndun svæðisins. Stöðin hefur ávallt unnið í nánú samstarfi við Háskóla Íslands og það samstarf má rekja til þess að fyrrverandi stjórnarformenn stöðvarinnar, prófessorarnir Arnþór Garðarsson og Gísli Már Gíslason, hafa unnið að viðamiklum langtímarannsóknum á lífríki Mývatns og Laxár. Forstöðumaður stöðvarinnar, Árni Einarsson, kemur til með að gegna stöðu gestaprófessors við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands frá og með árinu 2012.

Vöktun lífríkis í Mývatni og Laxá er eitt af höfuðviðfangsefnum rannsóknastöðvarinnar og felst í því að skrásetja ástand þess með reglubundnum hætti ár eftir ár. Markmið með vöktun er þrjúþætt: (a) að fá gögn um almennan breytileika í lífríkinu frá ári til ár og yfir lengri tímabil; (b) að koma auga á langtímabreytingar svo að unnt verði að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða ef æskilegt er talið og (c) að greina hvaða þættir lífríkisins breytast í takt, svo að setja megi fram tilgátur um orsakatengsl. Við val á viðfangsefnum er tekið mið af því að hægt sé að beita einföldum og ódýrum en jafnframt traustum aðferðum og að vöktuð séu mismunandi þrep í fæðukeðjunni. Fylgst er með vatnafuglastofnum, fiskstofnum, vatnaskordýrum og krabbadýrum og þörungagróðri í svifi og á botni. Enn fremur er fylgst með breytingum á efnasamsetningu uppsprettuvatns.

### Helstu rannsóknaverkefni

#### 1. Lífsaga Mývatns. Innra samspil og ytri kraftar

Verkefnið felst í því að lesa lífsögu Mývatns úr setlögum sem fundust haustið 2006. Setlögin bjóða upp á mikla upplausn í tíma, svo mikla raunar að lesa má framvindu lífríkisins næstum ár fyrir ár í margar aldir. Í setlögum eru varðveittar leifar af mýflugum og krabbadýrum, svo og litarefni þörungna, svo að dæmi séu nefnd. Hluti verkefnisins er doktorsverkefni Ulfs Hauptfleisch. Verkefnið er kostað af Rannís og Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn. Verkefnið eru unnið í samvinnu við nokkra erlenda háskóla.

#### 2. Forngarðar í Þingeyjarsýslum

Verkefni þetta hófst 2004 og felst í rannsóknum á garðlögum frá Þjóðveldisöld í Þingeyjarsýslum. Garðlögin eru rakin á loftmyndum sem sumar voru teknar sérstaklega í þeim tilgangi. Einnig voru tekin snið í garðana til að kanna aldur og byggingarlag. Verkið er unnið í samvinnu við Fornleifastofnun Íslands og kostað af Rannís, Þjóðhátíðarsjóði og Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn. Verkefninu lýkur með bók um garðana og er áætlað að hún komi út árið 2013. Útvinna var lokið á árinu en eftir er að yfirfara og hreinteikna kort.

#### 3. Eyðingarsaga birkiskóga í Suður-Þingeyjarsýslu

Athuganir úr flugvél á vegum Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn hafa leitt í ljós fjöldann allan af kolagröfum á stóru svæði allt frá Tjörnesi suður að Mývatni. Kolagerð var ríkur þáttur í búskap á fyrri öldum því að viðarkol þurfti til járnvinnslu og járnsmíða. Kolagrafir á skóglausu landi eru órækur vitnisburður um útbreiðslu birkiskógar fyrir á tímum. Verkefnið felst í aldursgreiningum á kolagröfunum í Suður-Þingeyjarsýslu og er ætlunin með því að kortleggja eyðingarsögu birkiskóganna. Verkefnið byggist á samvinnu við University of Durham (þar sem Mike Church er í forsvari) og University of Leeds (en þar eru Ian Lawson og Katherine H. Roucoux í forsvari). Verkefnið er kostað af bandaríska vísindasjóðnum (NSF) og Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn. Áætlað er að því ljúki 2014.

#### 4. Breytingar á vatnafuglastofnum



Gögn úr vöktun fuglastofna og átu (mýi, krabbadýrum og hornsíli) nýtast til rannsókna á viðbrögðum vatnafugla við breytingum á átustofnum. Með slíkum upplýsingum er unnt að meta hlutfallslegt vægi varp- og vetrarstöðva í afkomu fuglastofna Mývatns. Allmörgum áföngum verkefnisins er lokið og hafa birst nokkrar greinar um það á undanförunum árum, mest í náninni samvinnu við Arnþór Garðarsson, prófessor emeritus við Háskóla Íslands, en einnig Guðna Guðbergsson (hjá Veiðimálastofnun), Ævar Petersen (hjá Náttúrufræðistofnun) og Gísli Má Gíslason (við Háskóla Íslands). Rannsóknirnar sýna að framleiðsla unga nánast allra andartegunda á Mývatni og Laxá fylgir fæðuframboði. Aðeins hjá húsönd hefur ekki tekist að sýna fram á slíka fylgni og er nú unnið að sérstakri rannsókn á samspili húsandar og fæðu hennar. Rannsóknin felst í sértækri greiningu fyrirbyggjandi gagna sem nú spanna aldarþriðjung.

#### 5. Sveiflur í fæðukeðjum Mývatns

Fæðukeðjur í Mývatni ganga í gegnum miklar sveiflur sem talið er að stjórnist af samspili innan fæðuvefsins, einkum vegna áhrifa mýflugunnar *Tanytarsus* á botnlagið. Þessar sveiflur hafa magnast á síðustu áratugum og hafa m.a. valdið því að bleikjustofninn ber ekki lengur neina veiði. Í samvinnu við Anthony R. Ives (við University of Wisconsin í Madison), Arnþór Garðarsson (við Háskóla Íslands) og Vincent Jansen (við Royal Holloway í University of London) er unnið að rannsóknum á drifkröftum og eiginleikum sveiflnanna. Á árinu fékkst langtímatyrkur úr bandaríska vísindasjóðnum (NSF) til að fylgjast náið með næstu fæðukeðjusveiflu.

#### 6. Nýtingarsaga Mývatns

Að frumkvæði North Atlantic Biocultural Organisation og með styrk frá bandaríska vísindasjóðnum (NSF) í tilefni af „alþjóðaheimskautaárinu“ er nú unnið að fornleifauppgreftri á sorphaugi á Skútustöðum. Efni haugsins spannar tímabilið frá landnámi til vorra daga og á að gefa hugmynd um mataræði fólks við Mývatn í ellefu hundruð ár. Verkið er unnið af fornleifafræðingum frá Háskóla New York borgar og Fornleifastofnun Íslands en Náttúruvísindastöðin við Mývatn leggur til aðstoðu og sérþekkingu. Verkið hófst árið 2008 og lauk útivistinni árið 2011. Fyrir liggur mikið magn beina og annarra leifa sem unnið verður úr næstu árin.

### Horft til framtíðar

Rannsóknastöðin stendur á vissum tímamótum. Yfir 30 ár eru síðan hún hóf starfsemi sína. Hún hafði engar fjárveitingar til að byrja með svo að það kom í hlut Háskóla Íslands að skilgreina verksvið hennar og undirbyggja vöktun lífríkisins með vissum grundvallarrannsóknum. Eftir tíu ára starfsemi fékk stöðin fyrst sinn eigin starfsmann. Hefur háskólinn verið burðarás starfseminnar lengst af. Samvinna hans og rannsóknastöðvarinnar hefur getið af sér mikinn fjölda vísindaritgerða og mjög verðmætt gagnasafn um langtímabreytingar á vistkerfi Mývatns og Laxár. Áhugi vísindasamfélagsins á Mývatni hefur stóraukist við þetta og einnig skilningur ráðamanna á ágæti svona starfsemi. Eins og kunnugt er var stöðin sett á laggirnar í tengslum við verndun Mývatns og Laxár og var henni ætlað að kunna skil á öllu sem varðaði náttúru svæðisins til að tryggja skynsamlegar ákvarðanir í umhverfismálum á þessu fagra, umdeilda og viðkvæma svæði. Rannsóknastöðin er vaxtarbroddur. Starf hennar fer fram á þremur sviðum, sem eru (1) náttúruvísindisrannsóknir að eigin frumkvæði, (2) fræðsla og (3) aðstoð við rannsóknir annarra. Stöðin hefur því skyldur við vísindasamfélagið í heild, heima og erlendis, við almenning og stjórnvöld hérlendis og ekki síst við fólkið heima fyrir. Vísindagrunnur stöðvarinnar er nú vel undirbyggður og fyrirsjáanlegt er að erlendir hópar vísindamanna sækji í auknum mæli til Mývatns til rannsókna. Vaxtarmöguleikar stöðvarinnar liggja í því síðastnefnda. Mikil þörf er á viðbótarhúsnæði en við það myndu opnast óteljandi möguleikar til að taka á móti hópum vísindamanna, halda námskeið ýmiss konar og gera stöðina að meira hreyfiafli í Mývatnssveit en hún hefur verið.

# Rannsóknamiðstöð ferðamála

## Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknamiðstöð ferðamála (áður Ferðamálasetur Íslands) er starfrækt af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskólanum á Hólum, Samtökum ferðaþjónustunnar og Ferðamálastofu. Í stjórn miðstöðvarinnar sitja tveir fulltrúar Háskóla Íslands og tveir fulltrúar Háskólans á Akureyri, auk fulltrúa Ferðamálastofu, Samtaka ferðaþjónustunnar og Háskólans á Hólum. Í stjórninni sátu á árinu: Rögnvaldur Ólafsson (Háskóla Íslands), formaður stjórnar, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir (Háskólanum á Akureyri), varaformaður, Fjóra Björk Jónsdóttir (Háskólanum á Akureyri), Anna Dóra Sæþórsdóttir, (Háskóla Íslands), Bjarnheiður Hallsdóttir (Samtökum ferðaþjónustunnar), Kristina Tryselius (Háskólanum á Hólum), en hún tók sæti Guðrúnar Þóru Gunnarsdóttur á síðasta aðalfundi, og Oddný Þóra Óladóttir (Ferðamálastofu).

## Starfsmenn

Edward H. Huijbens gegndi starfi forstöðumanns (í 95% starfi), Eyrún Jenný Bjarnadóttir var sérfræðingur við miðstöðina (í 100% starfi en fór í fæðingarorlof 15. ágúst) og Jón Gestur Helgason var verkefnastjóri (í 50% starfi).

## Starfsemi

Árið 2011 einkenndist af samdrætti í umsvifum Rannsóknamiðstöðvar ferðamála enda var aðeins einn starfsmaður í fullu starfi allt árið en Eyrún Jenný Bjarnadóttir fór í fæðingarorlof á miðju ári. Verkefni sem styrkt var af norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (NPP) og undirbúningur að því að kortleggja auðlindir ferðaþjónustu á Íslandi voru þau verkefni sem mest fór fyrir í starfseminni, auk árlegrar flugvallarkönnunar meðal farþega í beinu millilandaflugi frá Akureyrarvelli. Samhliða þeim var unnið að frekari umsóknum bæði í sjóði Evrópusambandsins og Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar og innlenda rannsóknarsjóði. Einnig var unnið að því að efla samstarf Rannsóknamiðstöðvar ferðamála við aðila sem safna gögnum um íslenska ferðaþjónustu og neytendur hennar og þá sem stunda markaðssetningu á landinu sem ferðamannalandi.

Nokkuð bar til tíðinda við lok ársins en þá kom fram tillaga á fjárlögum um að Rannsóknamiðstöð ferðamála fengi 30 m.kr. framlag í þrjú ár auk núverandi framlaga frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Fer framlagið í gegnum Háskólann á Akureyri en er ætlað til þess að ráða starfsfólk til miðstöðvarinnar. Við lok árs var ljóst að þessi tillaga var samþykkt og hefst því árið 2012 með nokkrum væntingum um meiri umsvif og getu miðstöðvarinnar til að sinna þeim verkefnum sem nauðsynleg eru til að efla þekkingu á íslenskri ferðaþjónustu. Með þessari samþykkt er áfanga náð í baráttu Rannsóknamiðstöðvar ferðamála fyrir að komast á fjárlög, baráttu, sem staðið hefur sleitulaust frá hausti 2006.

Það sem nú er mikilvægast er að halda áfram á þeirri braut að efla samstarf rannsakenda, sem og samstarf við þá sem safna gögnum og sinna markaðs- og hagsmunamálum í íslenskri ferðaþjónustu svo að hægt sé að miðla markvisst niðurstöðum rannsókna og auka þekkingu á greininni.

## Rannsóknaverkefni

Helstu rannsóknaverkefni sem miðstöðin tekur þátt í eru:

- Rural Tourism Transport – Trans Tourism-verkefnið
- Nordic Wellbeing – A Health Tourism Approach to Enhance Competitiveness of Nordic Tourism

- Undirbúningur að því að kortleggja auðlindir ferðapjónustu á Íslandi
- Brottfararkönnun á Akureyrarflugvelli

## Samstarf við erlenda háskóla

Á árinu var áfram unnið að samstarfi við aðila í Póllandi um gagnkvæma rannsóknavinna og kennslu og á grunni óformlegs samkomulag við háskólann í Wageningen í Hollandi komu tveir nemendur og sinntu ýmsum verkefnum. Mun einn nemandi frá þessum háskóla koma á hverju misseri til starfsþjálfunar hjá rannsóknamiðstöðinni í framtíðinni í tengslum við þetta samkomulag.

## Kynningarstarfsemi

Rannsóknamiðstöðin og starfsmenn hennar tóku þátt í fjölmörgum ráðstefnum þar sem þeir fluttu gjarnan erindi. Enn fremur áttu þeir greinar í ýmsum ritum er komu út á árinu. Sjá nánar á heimasíðu stofnunarinnar: <http://www.rmf.is/>.

# Ónæmisfræðideild Landspítala

## Almennt yfirlit og stjórn

Ónæmisfræðideild tilheyrir Rannsóknarsviði Landspítalans. Yfirlæknir er Björn Rúnar Lúðvíksson, prófessor. Við árslok störfuðu við deildina læknar, lífeindafræðingar, náttúrufræðingar og skrifstofufólk. Af þeim höfðu sex stöðu eða klínískar nafnbætur prófessora, dósentar og lektors. Alls um 36 einstaklingar þar af tólf doktorsnemar og sex meistaranemar. Þrír doktorsnemar og tveir meistaranemar luku námi á árinu.

Kjarnastarfsemi deildarinnar skiptist í þrjá meginþætti:

1. Alhliða þjónusta við einstaklinga sem hafa eða eru grunaðir um að hafa galla eða truflun í starfsemi ónæmiskerfisins.
2. Að veita fræðilega og hagnýta kennslu og þjálfun í ónæmisfræði.
3. Að stunda ónæmisfræðilegar klínískar- og grunnrannsóknir, auk þróunarvinnu.

## Rannsóknir

Helstu rannsóknir eru:

- Grunnrannsóknir: Meðfæddir ónæmisgallar, sérstaklega er varðar IgA, lektinferla og hóstarkirtil. Stjórnun bólgusvars, sérstaklega er varðar Th/Tc17, T-stýrifrumur, VCP og lífvirkniþætti TNF $\alpha$  hemjandi lyfja. Þátt ónæmissvars í hjarta- og æðasjúkdómum. Áhrif náttúruafna og aspiríns í sérhæfingu ónæmissvars og stjórnun bólgusvars. Þroskun ónæmissvars nýbura, með sérstaka áherslu á áhrif bólusetninga. Sjúkdómstilurð psoriasis, sérstaklega í tengslum við áhrif Bláa Lóns meðferðar, auk tengsla við kverkeittlatöku og streptókokka.
- Klínískar rannsóknir: Faraldsfræði, erfðir og sjúkdómsmyndir meðfæddra ónæmisgalla og æðabólgusjúkdóma. Langtímaafleiðing EBV sýkingar í bernsku á heilsufar. Ónæmisviðbrögð í fjölvöðvagigt. Rannsóknir á erfðum, faraldsfræði og orsakatengslum fæðufnæmis hjá börnum. Meðferðarvirgni afnæmismedferða. Bólusetningar barna og fullorðinna. Þróunarvinna: Arfgerðir MBL, magnframleiðsla VCP.



## Styrkir og samningar

Ónæmisfræðideild ásamt samstarfsaðilum hlaut rúmlega sjötíu milljónir króna í styrki og rannsóknarsamninga á árinu (háð gengi). Styrkirnir voru meðal annars frá Vísindasjóði Landspítala – háskólasjúkrahúss, Rannsóknasjóði Rannís, Rannsóknasjóði HÍ fyrir doktorsnema og Rannsóknarsjóði HÍ. Minningarsjóði Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristinssonar. Vísindasjóði Félags íslenskra gigtlækna, Nýsköpunarsjóði námsmanna, Sjöttu rammaáætlun Evrópusambandsins og öðrum erlendum rannsóknastyrkjum/samningum, ásamt erlendum ferðastyrkjum.

## Kynningarstarfsemi og kennsla

Starfsmenn deildarinnar fluttu tugi fyrirlestra auk veggspjaldakynninga á ýmsum innlendum og alþjóðlegum ráðstefnum. Þeir birtu 13 greinar í ritrýndum innlendum og erlendum tímaritum ásamt bókum og bókarkafli. Þrjú starfsmenn deildarinnar starfa í ritstjórn tveggja ritrýndra fagrita. Starfsmenn deildarinnar kenna ónæmisfræði við heilbrigðisvísindadeild fyrir nemendur í lækisfræði, hjúkrunarfræði, lífeindafræði, lyfjafræði, líffræði, lífefnafræði og næringarfræði, auk ónæmisfræðinámskeiða fyrir nemendur í framhaldsnámi. Að jafnaði koma 3 til 5 læknanemar í verkefni á deildina ár hvert, auk líffræðinema í BS-námi, lífeindafræðinema í diplómanámi og lyfjafræðinema í MS-námi. Almennir fræðslufundir eru haldnir vikulega á vegum deildarinnar auk vikulegs tímaritafundar.

## Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði hefur starfað á Selfossi frá því í ársbyrjun 2000. Þar eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir en megináhersla er lögð á áhrif og eðli jarðskjálfta, sem og aðra vátengda náttúru landsins. Rannsóknarstarfsemi skiptist í þrjú meginþætti: (a) undirstöðurannsóknir, rekstur mælikerfa, úrvinnslu og túlkun gagna; (b) rannsóknir fyrir íslenskt atvinnulíf, þar á meðal orkutengdar rannsóknir og áhættugreiningu; (c) þjálfun stúdenta við rannsóknastörf og miðlun upplýsinga. Staðsetning miðstövarinnar samræmist vel stefnu Háskóla Íslands um eflingu rannsóknar- og fræðastarfsemi á landsbyggðinni.

Daglegri stjórn sinna: Ragnar Sigbjörnsson prófessor, forstöðumaður, Símon Ólafsson rannsóknaprófessor, Benedikt Halldórsson rannsóknadósent og Elínborg Gunnarsdóttir skrifstofustjóri.

Gestaprófessorar gegna þýðingarmiklu hlutverki í starfsemi stofnunnarinnar. Þeir voru á árinu: Jónas Þór Snæbjörnsson, prófessor við háskólann í Reykjavík (áður prófessor við háskólann í Stavanger í Noregi), Apostolos S. Papagorgiou, frá Háskólanum í Patras í Grikklandi, Athol J. Carr, prófessor við Canterbury-háskóla á Nýja-Sjálandi, og John Douglas, frá rannsóknastofnuninni BRGM (Bureau de Recherches Géologiques et Minières) í Frakklandi.

Aðrir starfsmenn eru helstir: Aldís Sigfúsdóttir rannsóknaverkfræðingur, Jónas Elíasson rannsóknaprófessor, Puja Acharya doktorsnemi, Rajesh Rupakhety rannsóknadósent, Sigurður Unnar Sigurðsson doktorsnemi og Sólveig Þorvaldsdóttir, rannsóknaverkfræðingur og doktorsnemi. Til viðbótar starfa við miðstöðina doktorsnemarnir Fjóla Guðrún Sigtryggsdóttir, Ævar Harðarson og Ole A. Öiseth. Sumarstarfsmenn voru eftirtaldir: Anna Beta Gísladóttir, Einar Óskarsson, Hörður Páll Steinarsson og Steinar Þór Bachman. Auk þeirra tengist fimm aðrir nemendur í rannsóknatengdu námi starfseminni.

Láta mun nærri að sú vinna sem unnin var við Jarðskjálftamiðstöðina á árinu jafngildi um 12 ársverkum. Fjárhagsleg umsvif stofnunarinnar námu á sjöunda tug m.kr. og þar til viðbótar er vinna samstarfsaðila og gestaprófessora.

## Rannsóknir

### Landsnet hröðunarmæla

Hornsteinninn í rannsóknastarfsemi Rannsóknamiðstöðvarinnar er rekstur landsnets hröðunarmæla sem teygir sig yfir helstu jarðskjálftasvæði landsins. Áhersla er lögð á að mæla áhrif jarðskjálfta sem eru svo stórir að þeir geta valdið skemmdum á undirstöðum og burðarvirki bygginga, svo og búnaði og innbúi.

Markmið mælinganna er:

- a) að afla gagna um áhrif jarðskjálfta á byggingar og tæknikerfi
- b) að afla gagna og afleiddra upplýsinga sem hægt er að nýta við hönnun mannvirkja á jarðskjálftasvæðum
- c) að afla gagna sem nýtast við áhættumat og áhættustjórnun
- d) að auka áreiðanleika hönnunarstaðla fyrir mannvirki á jarðskjálftasvæðum

Mælistöðvarnar í landsneti hröðunarmæla eru flokkaðar í grunnstöðvar og fjölnemakerfi. Grunnstöðvarnar eru í flestum tilvikum staðsettar á undirstöðum bygginga og mæla hröðun yfirborðs jarðar í jarðskjálftum. Í nokkrum stærri mannvirkjum, svo sem stíflum, orkumannvirkjum, brúm og háhýsum, eru svokölluð fjölnemakerfi sem, auk þess að mæla hröðun yfirborðs jarðar, mæla einnig þá eðlislægu áraun sem mannvirki verða fyrir í jarðskjálftum. Jarðskjálftagögn úr helstu jarðskjálftum sem hafa mælst í grunnstöðvum Rannsóknamiðstöðvarinnar eru aðgengileg öllum í alþjóðlegum gagnabanka sem nefnist ISESD (og má nálgast á vefsíðunni <http://www.ISESD.hi.is>) og er rekinn á vegum Rannsóknamiðstöðvarinnar samkvæmt sérstöku samkomulagi.

Helstu mælingar í landsneti hröðunarmæla á árinu voru gerðar vegna jarðskjálftavirkni tengdrar niðurdælingu í borholur við Hellisheiðarvirkjun og jarðhræringa í námunda við Krýsuvík. Stærsti jarðskjálftinn, sem jafnframt mældist víða í kerfi Rannsóknamiðstöðvarinnar, varð í nágrenni við Hellisheiðarvirkjun 15. október kl: 9:02 og var nálægt fjórum að stærð (Ml 3,8). Íbúar í Hveragerði, Selfossi, Reykjavík og víðar urðu varir við skjálftann. Nokkrar breytingar og endurbætur voru gerðar á landsneti hröðunarmæla á árinu. Meðal annars voru nokkrir eldri hröðunarmælar, sem skráðu á filmu og segulband, teknir úr notkun. Þá var unnið að því að endurbæta samskipti í kerfinu, m.a. með því að setja upp GSM-samband í stað þess að nota hliðræn mótöld tengd símalínunum.

Meira en aldarfjórðungur er liðinn frá því að íslenska hröðunarmælanetið var byggt upp í núverandi mynd. Margir hafa stutt við þessa starfsemi. Hér er ástæða til að nefna Landsvirkjun, Reykjavíkurborg, Vegagerðina, sveitarfélög á Suður- og Norðurlandi, Rannsóknaráð Íslands, Evrópusambandið og síðast en ekki síst Háskóla Íslands.

### ICEARRAY-rannsóknaverkefni

Nýjung í rannsóknum á áhrifum jarðskjálfta tengist útbreiðslu jarðskjálftabylgna, staðbundnum áhrifum og þar með þeirri mismunaáraun sem hún veldur á stuttum vegalengdum (tugum til hundruða metra). Ný rannsóknatæki, sem nefnd hafa verið ICEARRAY (Icelandic Strong-Motion Arrays), eru sérhönnuð þéttiridni net hröðunarmæla sem hafa verið sett upp í byggðarlögum á jarðskjálftasvæðum. Hið fyrsta þessarar tegundar nefnist ICEARRAY I og var sett upp í Hveragerði árið 2007. Hlutverk þess er að nema jarðskjálfta með upptök í gosbeltinu, á Henglissvæðinu og á Suðurlandsbrotabeltinu. ICEARRAY I samanstendur af 11 þríása hröðunarmælum (alls 33 nemum)

og er mælanetið því afar þéttriðið. Til samanburðar er fjarlægð á milli einstakra mælistaða hins íslenska hröðunarmælanets af stærðargráðunni 10 kílómetrar að jafnaði en fjarlægð á milli mæla ICEARRAY er frá 50 til 1900 metrar. ICEARRAY I hentar vel til rannsókna á upptökum og útbreiðslu jarðskjálftabylgna og með netinu má leggja tölulegt mat á hegðun bylgnanna þegar þær breiðast út á svæði netsins. Það byggist á nákvæmri tímamælingu sem gerð er með aðstoð gervitungla. Önnur sérstaða ICEARRAY I er sú að mælarnir eru í þráðlausu netsambandi við stjórnstöð Rannsóknamiðstöðvarinnar þar sem sérstakur hugbúnaður tryggir skilvirka skráningu í sömu andrá og jarðskjálfti mælist. ICEARRAY I var sett upp á „réttum tíma“ því að tæpu ári eftir uppsetningu netsins varð sterkur jarðskjálfti í Ölfusi, nánar tiltekið kl. 15:45 þann 29. maí 2008. Hann var af stærðinni 6,3 og olli umfangsmiklum skemmdum þrátt fyrir að meirihluti bygginga hafi staðist þá miklu áraun sem jarðskjálftanum fylgdi án mikilla sýnilegra skemmda. Skemmdir á innanstokksmunum voru miklar í nágrenni við upptök jarðskjálftans. ICEARRAY I mældi yfirborðshreyfinguna af völdum jarðskjálftans afar vel og eru þær mælingar taldar einstakar á heimsmælikvarða. Mælingarnar leiddu í ljós að jarðskjálftinn hafði mikil áhrif í Hveragerði, enn fremur að áhrifin voru breytileg eftir bæjarhlutum. Þá mátti einnig ráða af mælingunum að sterkasti hluti hreyfingarinnar stóð stutt, eða einungis í u.þ.b. fimm sekúndur. Jarðskjálftinn varð þegar berg brotnaði á tveimur aðgreinanlegum sprungum í Ölfusi og voru hreyfingarnar það miklar að jörð færðist til í nágrenni þeirra. Sem dæmi má nefna að mælistöð í Hveragerði færðist til norðvesturs í jarðskjálftanum um 20 cm. Á hröðunarmælum ICEARRAY I og á mælum hins íslenska hröðunarmælanets á Selfossi komu nærsviðsáhrif jarðskjálftanna fram sem „lágtíðnibylgur“, sem eru tilefni áframhaldandi rannsókna. Sérfræðingar við Rannsóknamiðstöðina og samstarfsmenn þeirra hafa unnið ötullega að úrvinnslu gagnanna og hafa þegar birt greinar um niðurstöðurnar í ritrýndum alþjóðlegum tímaritum og ráðstefnum.

Á haustmánuðum sýndu mælingar ICEARRAY I netsins enn og aftur fram á gagnsemi slíkra neta sem hagnýtra rannsóknatækja þegar netið skráði yfirborðshreyfingar í Hveragerði af völdum jarðskjálfta undir Húsmúla af völdum niðurdælingar Orkuveitu Reykjavíkur á affallsvatni frá Hellisheiðarvirkjun. Hrinan byrjaði um leið og niðurdæling hófst þann 3. september og ollu niðurdælingarskjálftarnir almennu ónæði og óánægju meðal íbúa í Hveragerði, sem er það byggðarlag sem næst liggur virkjunarsvæðinu. Hrinan stóð nær óslitið þar til hún náði hámarki 15. október þegar tveir jarðskjálftar af stærðinni 3,8 urðu. Þetta eru langstærstu jarðskjálftar sem orðið hafa í tengslum við jarðhitaframkvæmdir á Íslandi og fundust þeir afar vel á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi. Greining á mælingum ICEARRAY I netsins leiðir glögglega í ljós að áhrif niðurdælingarskjálftanna voru umtalsverð í Hveragerði og að stærstu jarðskjálftarnir ollu álagi á eldri mannvirki bæjarins sem jafngildir álagskröfum þeirra við hönnun.

Sterkir jarðskjálftar hafa einnig orðið á skjálftabelti Norðurlands og valdið skemmdum í byggð. Í kjölfar ICEARRAY I verkefnisins á Suðurlandi hófst á árinu nýtt rannsóknaverkefni sem nefnist ICEARRAY II og snýr að uppsetningu fyrstu þverfaglegu fylkingar hröðunarmæla og GPS-mæla á Íslandi. Þessi fylking verður staðsett á Húsavík, sem liggur við Húsavíkur-Flateyjarmisgengið, eitt hið stærsta á Tjörnesbrotabeltinu á Norðurlandi. ICEARRAY II er byggt á ICEARRAY I en sérstaða þess fyrrnefnda felst í því að nýjar gerðir hröðunarmæla og GPS-tækja verða staðsettar saman á nokkrum stöðum innan Húsavíkur. ICEARRAY II mun því mæla bæði hægjar jarðskorpuhreyfingar og hraðar, t.d. í jarðskjálftum, og munu þær mælingar nýtast í margvíslegum vísindalegum og hagnýtum tilgangi. Alls verður fylkingin gerð úr sjö hröðunarmælistöðvum á mismunandi stöðum innan Húsavíkur og verða þrjár stöðvar einnig útbúnar nýjustu tegund GPS-landmælingatækja. Að auki munu fjórar stakar GPS-stöðvar verða utan Húsavíkur, bæði norðan og sunnan við Húsavíkurmisgengið. Í ICEARRAY II verkefninu verður einkum rannsakað hvernig mælipunktur netsins hreyfast í bylgjuhreyfingum í jarðskjálftum og fylgni hreyfinganna verður könnuð. Sökum fjölbreytileika jarðlaga á Húsavík og í nágrenni, sér í lagi mjúkra jarðlaga sem liggja undir bænum, verður einnig lagt mat á staðbundna bylgjumögnun í jarðskjálftum og hún kortlögð. Mælingarnar sem fást verða nýttar til þess að kvarða stærðfræðileg líkön af jarðskorpuhreyfingum og

jarðskjálftum. Ásamt hermun jarðskjálftahreyfinga vegna stórra skjálfta á Húsavíkurmisgenginu verða þessi líkön hagnýtt til megindlegs mats á því hvernig lífæðar nútímaþjóðfélags standast sterka jarðskjálfta og til að kortleggja jarðskjálftaáhættu í þéttbýli.

Ljóst er að ICEARRAY-verkefnin hafa nú þegar skilað árangri og munu halda því áfram og skapa fjölda nýrra rannsóknataækifæra í framtíðinni, ásamt hagnýtum niðurstöðum sem nýtast beint. Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) og Rannsóknasjóður Háskóla Íslands studdu dyggilega ICEARRAY I verkefnið. Þess má geta að Síminn hefur frá upphafi gegnt mikilvægu hlutverki sem sérstakur styrktaraðili þráðlausra fjarskipta ICEARRAY. Enn fremur ber að geta þess að Marie Curie áætlun Evrópusambandsins studdi ICEARRAY I verkefnið og Rannsóknamiðstöð Íslands og Viðlagatrygging Íslands ICEARRAY II verkefnið.

### **Áhættu- og viðbragðstýring vegna náttúruhamfara**

Unnið er að rannsókn og þróun áhættustýringar- og viðbragðskerfis vegna náttúruhamfara. Þörfin fyrir slík kerfi er vel þekkt hér á landi. Hins vegar eru fáar rannsóknir til um hvernig slík kerfi eru eða eiga að vera. Tilgangur kerfanna er að miðla upplýsingum og auðvelda stjórnendum að taka skynsamlegar og fljótar ákvarðanir. Ákvarðanir eru kjarni starfsins og skilvirk ákvörðunarferli þurfa að liggja þar til grundvallar. Ákvörðunarferli vegna náttúruhamfara þurfa að vera heildræn, þau verða að hefjast með áhættugreiningu löngu áður en atburður hefst og þeim má ekki ljúka fyrr en við lok aðgerðanna og endurmat á því sem gerðist. Í hugtakinu heildrænt felst einnig að kerfið nái til allra hagsmunaaðila er málið varða, á hvaða stigi sem er. Rannsóknin byggist á nýjustu stefnum og straumum í hönnunarfræði (e. design science). Skilgreindir eru grunnþættir áhættustýringar- og viðbragðskerfa, innbyrðis tengsl þeirra greind og búið til líkan, sem nefnt er viðlagahringrás og ætlað er að stýra ákvörðunarferlinu með heildrænum hætti. Stuðst er m.a. við reynsluna frá eldgosinu í Eyjafjallajökli 2010. Markmið verkefnisins er að veita þeim sem sinna samhæfingu aðgerða vegna náttúruhamfara vísindalega þróaða aðferð til að meta gæði núverandi kerfa og þróa ný. Verkefnið hefur hlotið styrk úr Háskólasjóði H/f Eimskipafélags Íslands og frá Kyoto-háskóla í Japan, sem og Vísinda- og rannsóknarsjóði Suðurlands.

### **Áhrif eldgosa á flugumferð**

Þegar eldgosid í Eyjafjallajökli vorið 2010 leiddi til umfangsmikilla takmarkana á flugumferð, lokana flugvalla, bæði hér á landi og erlendis, og gífurlegs kostnaðar fyrir flugrekstraraðila og ómælds óhagræðis fyrir flugfarþega kom Þorgeir Pálsson, þáverandi forstjóri Isavia, að máli við Jónas Elíasson og spurði hvort hægt væri að mæla öskumagn í lofti og bæta þannig grundvöll ákvörðunartöku um lokun loftrýmis og flugvalla. Fyrirspurnin leiddi til þess að Jónas hófst handa við einstakar mælingar á magni ösku í andrúmsloftinu sem hann gerði meðal annars með því að fljúga í námunda við öskuskýið frá eldfjallinu og jafnvel inn í það. Mælingarnar voru gerðar með frekar einföldum búnaði sem reyndist tiltækur. Niðurstöður mælinganna reyndust hins vegar það jákvæðar að fenginn var nýr og öflugri búnaður. Enn fremur var efnt til samstarfs við Konradin Weber, prófessor við háskólann í Düsseldorf í Þýskalandi, sem fólst í samanburðarmælingum og kvörðun ásamt mælingum í stormgögnum. Þá var efnt til samstarfs við Þorgeir Pálsson er hann tók við prófessorembætti við Háskólann í Reykjavík og Ólaf Rögnvaldsson hjá Reiknistofu í veðurfræði um öskumælingar og líkanagerð.

Þegar Grímsvatnagosið hófst 21. maí 2011 var þessi rannsókn- og þróunarvinna það langt komin að mögulegt var að gera mælingar sem voru það traustar og áreiðanlegar að hægt var að nota þær sem grundvöll ákvörðunartöku. Meðan á gosinu stóð voru flogin sjö mælingaflug að beiðni Isavia. Með mælingunum reyndist unnt að halda flugvöllum á Íslandi opnum miklu lengur en annars hefði verið hægt meðan á gosinu stóð. Með því móti spöruðust miklar fjárhæðir.

Sem þakklætisvott færði Icelandair Háskóla Íslands að gjöf búnað sem ætlaður er til þess að mæla dreifingu ösku frá eldfjöllum, sem og svifryk og aðrar loftbornar agnir. Það voru þeir Jens Bjarnason



framkvæmdastjóri og Bragi Baldursson deildarstjóri sem afhentu mælinn fyrir hönd Icelandair. Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvarinnar, Ragnar Sigbjörnsson prófessor, og Jónas Elíasson rannsóknaprófessor veittu mælinum viðtöku. Á sama tíma var undirritaður samstarfssamningur á milli Icelandair og Rannsóknamiðstöðvarinnar um rannsóknir á sviði flugöryggis og dreifingar ösku frá eldfjöllum.

Þessar rannsóknir hafa vakið mikla athygli og þær leiddu m.a. til þess að grein var birt í hinu virta tímariti Nature 28. júlí 2011. Auk þessa hefur Jónasi verið boðið að kynna niðurstöður sínar víða um heim. Leitað hefur verið til Jónasar varðandi sambærilega atburði á suðurhveli jarðar sem nú valda truflun á flugumferð. Sérfræðingar frá Kyoto-háskóla í Japan heimsóttu Rannsóknamiðstöðina á árinu og í kjölfarið var Jónasi boðið til Kyoto til þess að halda fyrirlestur á ráðstefnu einungis viku eftir veru þeirra hér hjá okkur. Í kjölfarið var ákveðið að auka samstarfið á milli The Disaster Prevention Research Institute (DPRI) við Kyoto-háskóla og Rannsóknamiðstöðvarinnar. DPRI bauð starfsmanni frá Rannsóknamiðstöðinni styrk til þess að dveljast í Japan og vinna þar að samstarfsverkefni með gestunum sem hingað komu. Sú samvinna hófst í desember.

### **Hönnun bygginga á upptakasvæðum jarðskjálfta**

Unnið er að rannsókn á áhrifum jarðskjálfta á mannvirki á upptakasvæðum skjálftanna. Helsta markmiðið með verkefninu er að bæta aðferðir við hönnun mannvirkja með sérstöku tilliti til þeirra stefnubundnu áhrifa sem greind hafa verið í nærsviði við skjálfta. Jarðskjálftahönnun mannvirkja byggist nú á aðferðum sem þróaðar hafa verið með hjálp mæligagna frá svæðum sem eru að stærstum hluta í töluverðri fjarlægð frá upptökum. Af þessu leiðir að álag á tiltekna gerðir mannvirkja og undirstöður þeirra á upptakasvæðum þar sem stefnubundinna þátta gætir er vanmetið en áraun á sumar algengar gerðir húsa ofmetin. Undanfarna áratugi hefur mælingum á upptakasvæðum fjölgað mjög. Sem dæmi má nefna einstakar mælingar á jarðskjálftunum á Suðurlandi árin 2000 og 2008. Gagnabanki Rannsóknamiðstöðvarinnar inniheldur jafnframt umfangsmiklar mælingar af upptakasvæðum sem safnað hefur verið saman hjá samstarfsaðilum víða um heim. Einkennandi þættir nærsviðsáhrifa hafa verið greindir og hafa niðurstöður þar að lútandi hlotið alþjóðlega athygli. Áhrif þessara þátta á mannvirki eru veruleg, umfram það sem ætla mætti af hönnun sem byggð er á fjarsviðsáhrifum. Rannsóknarnámssjóður Rannís og Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands styðja verkefni þetta.

### **Rannsóknir sem tengjast íslensku atvinnulífi**

Í samræmi við lög og reglur um Háskóla Íslands og þá áherslu sem lögð er á að efla tengsl við atvinnulífið hefur verið reynt að veita íslensku atvinnulífi alla þá þjónustu sem eftir hefur verið leitað og sinna jafnt stórum og smáum verkefnum.

Áhrif jarðskjálfta á niðurgrafnar lagnir er eitt af meginviðfangsefnum stofnunarinnar. Í ár hefur verið unnið að rannsókn á skemmdum á frárennislögnum í Hveragerði. Með rannsókninni er stefnt að því að tengja saman skemmdir á lagnakerfi bæjarins, sem jarðskjálftinn 29. maí 2008 olli, og kennistærðir yfirborðshreyfinga jarðskjálftans. Verkefnið, sem er samstarfsverkefni Rannsóknamiðstöðvarinnar og Hveragerðisbæjar, er styrkt af Menningar- og framfarasjóði Ludvigs Storr.

Vindverkfræði er eitt af þekkingarsviðum sérfræðinga Rannsóknamiðstöðvarinnar en vindáraun og áhrif hennar skipta miklu máli við hönnun og byggingu hárra húsa. Undanfarið hafa verið byggð allnokkur hús sem þykja há á íslenskan mælikvarða. Hönnuðir þessara bygginga hafa í mörgum tilfellum leitað ráða hjá sérfræðingum Rannsóknamiðstöðvarinnar. Í þessu sambandi má nefna mælingar og greiningu á hreyfingum Höfðatorgs vegna áhrifa vetrarstorma og jarðskjálfta en Höfðatorg er hæsta bygging á Íslandi þegar þetta er ritað.

### **Rannsóknasamvinna og kynningarstarfsemi**

Rannsóknasamvinna og þátttaka í fjölþjóðlegum verkefnum er mikilvægur hluti starfseminnar. Samstarfsaðilar eru fjölmargir og koma víða að. Sérstök ástæða er til þess að nefna að í eftirtöldum löndum eru mikilvægir samstarfsaðilar: Bandaríki Norður-Ameríku, Bretland, Búlgaría, Frakkland, Grikkland, Ítalía, Japan, Kína, Noregur, Nýja-Sjáland, Portúgal, Spánn, Svíþjóð, Tyrkland og Tæland. Þess má geta að samstarf við Norges teknisk-naturvitenskapelige universitet í Þrándheimi í Noregi hefur fengið aukið vægi og er vaxandi.

Rannsóknaniðurstöður eru kynntar reglulega á ráðstefnum víða um heim. Hæst ber þátttöku í heimsráðstefnum í jarðskjálftaverkfræði og Evrópuráðstefnum í jarðskjálftaverkfræði sem haldnar eru fjórða hvert ár. Á ráðstefnunum flytja starfsmenn miðstöðvarinnar gjarnan erindi og setja upp veggspjöld, ásamt því að stýra fundum og þeim umræðum sem fara fram. Þá má geta þess að Ragnar Sigbjörnsson prófessor á sæti í ritstjórn tímaritanna Journal of Earthquake Engineering og Bulletin of Earthquake Engineering, sem og Journal of Wind Engineering sem öll eru ISI-tímarit. Árið 2011 birtust á alþjóðavettvangi 15 tímaritsgreinar eftir starfsmenn Rannsóknamiðstöðvarinnar.

Rannsóknamiðstöðin stóð á árinu fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um áhrif jarðskjálfta (ISSEE-2011) og var hún haldin í Háskóla Íslands föstudaginn 29. apríl. ISSEE er haldin af Rannsóknamiðstöðinni annað hvert ár og er sótt af innlendum sem erlendum sérfræðingum á sviði jarðskjálftaverkfræði og tengdra greina. Á ráðstefnunni voru haldin 15 erindi um eðli sterkra jarðskjálfta, útbreiðslu tilsvarendi jarðskjálftabylgna og áhrif þeirra á mannvirki, forsendur við hönnun bygginga með tilliti til jarðskjálfta, áhrif jarðskjálfta á innviði þjóðfélagsins og forvarnir og viðbrögð við miklum jarðskjálftum. Þá voru enn fremur haldnir sérstakir fyrirlestrar um nýjafstaðna jarðskjálfta á Nýja-Sjálandi, Haíti og í Japan.

Alþjóðlegt sumarnámskeið um neyðarstjórnun í náttúruhamförum (Natural Disaster Management) var haldið á Selfossi í júní í samvinnu Rannsóknamiðstöðvarinnar og Háskólafélags Suðurlands. Námskeiðið sóttu 24 námsmenn víðs vegar úr heiminum og þeir fengu 7,5 einingar fyrir. Aðalleiðbeinandi á námskeiðinu var Sólveig Þorvaldsdóttir.

Rannsóknamiðstöðin hefur boðið grunnskólanemum í 5., 6. og 7. bekk fræðslu um jarðskjálftavarnir og viðbrögð frá árinu 2001. Skólastjórnendur hafa verið mjög ánægðir með fræðsluna. Þess má geta að fræðslan er skólanum að kostnaðarlausu. Tekið hefur verið á móti tæplega þrjú þúsund nemendum og forráðamönnum frá árinu 2001.

### **Rannsóknatengt framhaldsnám**

Það hefur verið mikil gróska í rannsóknastarfsemi Rannsóknamiðstöðvarinnar og má fullyrða að hún hafi sjaldan verið meiri. Sjö nemendur í doktorsnámi tengjast starfsemi Rannsóknamiðstöðvarinnar með beinum hætti. Ole A. Öiseth lauk doktorsprófi í árslok.

Rannsóknamiðstöðin setti á fót nýtt alþjóðlegt sumarnámskeið á sviði náttúruhamfara, í samstarfi við Háskólafélag Suðurlands á Selfossi. Námskeiðið var auglýst á alþjóðlegum vettvangi og hentar einkum nemendum í rannsóknatengdu námi, ýmist meistara- eða doktorsnámi. Námskeiðið var um ár í undirbúningi og haldið á Selfossi dagana 30. maí til 18. júní. Kennslan byggist á nánnum tengslum við fólk og umhverfi á Suðurlandi og þær hættur í náttúrunni sem þar eru. Allar upplýsingar er að finna á vefsíðunni [www.earthquake.is](http://www.earthquake.is).

## **Annað**

Í ár var Sólveigu Þorvaldsdóttur veitt heiðursmerki Verkfræðingafélags Íslands. Í reglum um veitingu heiðursmerkis félagsins segir: „Heiðursmerki VFÍ má veita í viðurkenningarskyni fyrir vel unnin störf

á sviði verkfræði eða vísinda, fyrir framtak til eflingar verkfræðingastéttinni í heild eða fyrir félagsstörf í þágu verkfræðingastéttarinnar.“

Þátttaka sérfræðinga miðstöðvarinnar í kennslu við verkfræðideild hefur alla jafna verið umtalsverð og mælst vel fyrir af nemendum. Í ár var Rajesh Rupakhety kosinn kennari ársins af nemendum í umhverfis- og byggingarverkfræði. Árið var fyrsta árið sem Rajesh kenndi við Háskóla Íslands og hann kenndi samfelldar aflfræði á haustmíssi en reiknilega aflfræði á vormíssi. Hann lauk doktorsprófi frá Umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands með áherslu á jarðskjálftaverkfræði árið 2010.

Upplýsingar um Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði og þá starfsemi sem þar fer fram má finna á heimasíðunni: <http://www.eerc.hi.is>. Jarðskjálftagögn miðstöðvarinnar eru aðgengileg öllum í gagnabankanum ISESD og hægt er að nálgast þau á vefsíðunni <http://www.ISESD.hi.is>.

## Rannsóknasetur í kerfislíffræði

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknasetur í kerfislíffræði við Háskóla Íslands er þverfræðilegt rannsóknasetur, samstarfsverkefni Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og Heilbrigðisvísindasviðs skólans, sem hefur verið starfrækt síðan hin nýju fræðasvið skólans urðu til árið 2008. Kerfislíffræði (e. systems biology) er nýtt og hratt vaxandi fræðasvið sem felur í sér kerfisbundnar rannsóknir á flóknum líffræðilegum ferlum, oftast með því að tengja saman ólíkar upplýsingar með notkun stærðfræðilíkana. Rannsóknasvið setursins eru efnaskipti manna, sjúkdómar og líftækni. Setrið hefur nú þegar öflugt samstarf við rannsóknastofnanir og fyrirtæki bæði innanlands og utan.

Stjórn og varastjórn setursins skipa Sigurður Brynjólfsson, Ebba Þóra Hvannberg, Eiríkur Steingrímsson, Jórunn Erla Eyfjörð, Ólafur S. Andrésson og Kesera M. Jónsson. Við setrið starfa að jafnaði 16 manns, háskólakennarar, nýdóttorar, doktorsnemar og tæknifólk. Að auki hafa erlendir gestir frá Lettlandi, Bandaríkjunum, Lúxemborg og Þýskalandi haft tímabundið aðsetur við setrið. Rannsóknasetrið er til húsa að Sturlugötu 8, í sömu byggingu og Íslensk erfðagreining.

### Rannsóknir

Meginmarkmið rannsóknasetursins eru að:

- nýta þá þekkingu sem til staðar er á Íslandi til að auðkenna heilsufar manna með aðferðum kerfislíffræðinnar,
- rannsaka efnaskiptaferla með hagnýtingu í huga bæði í læknisfræði og verkfræði,
- þróa nýjar aðferðir við framleiðslu verðmætra efna með jarðvarma og þörungum.

Rannsóknir setursins eru fjármagnaðar að mestu af innlendum og erlendum styrkjum. Vísindamenn setursins hafa náð góðum árangri við öflun rannsóknastyrkja og eru stærstu styrkirnir erlendir.

Helstu verkefni eru:

- SYSTEM-us. Til verkefnisins fékkst rannsóknastyrkur til fimm ára frá ERC (evrópska rannsóknaráðinu). Í því verkefni er unnið að efnakiptalíkönnum mannafruma.
- Numerical Optimization and Algorithms and Software for Systems Biology. Verkefnið er styrkt af DOE (Department of Energy, bandaríska orkumálaráðuneytinu).
- Biofilms. Verkefnið er styrkt af Marie Curie áætlun Evrópusambandsins.

- Kerfislíffræði meðfæddra efnaskiptagalla. Verkefnið er styrkt af Rannsóknasjóði.
- GeoChem – Vinnsla CO<sub>2</sub> frá jarðvarma í verðmæt efni. Verkefnið er styrkt af Tækniþróunarsjóði.

Að auki hafa styrkir úr Tækjakaupasjóði, Nýsköpunarsjóði námsmanna og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fengist til þessara verkefna. Verkefnið eru unnin í samstarfi vísindamanna Háskóla Íslands og stofnana og fyrirtækja eins og Landspítalans, Matís ohf. og Controlant ehf. Þeir vísindamenn háskólans sem hafa aðsetur á setrinu eru m.a. úr Læknadeild, Líf- og umhverfisvísindadeild og Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild.

## Kynningarstarfsemi

Rannsóknaniðurstöður setursins voru kynntar í tímaritum og á vísindaráðstefnum. Doktorsnemar kynntu rannsóknir sínar með veggspjöldum, bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Mikilvægt er fyrir unga vísindamenn að sækja vísindaráðstefnur til að kynnast kollegum sínum og störfum þeirra. Einnig héldu gestir og samstarfsaðilar erindi í boði setursins. Þeirra á meðal voru:

- Alessandro Michelucci, Karsten Hiller og Antonio del Sol Mesa, frá Center for Systems Biomedicine við Lúxemborgarháskóla.
- Vésteinn Þórsson, frá Institute for Systems Biology í Seattle í Bandaríkjunum.
- Egils Stalidzans, frá Biosystems Group við Landbúnaðarháskóla Lettlands.

Jafnframt voru haldnar ráðstefnur, vinnustofur og sumarnámskeið:

- Computational Analysis of Complex Biological Systems, Computational Biology Symposium. Þingið var haldið í samstarfi við Íslenska erfðagreiningu og Lífvísindasetur Háskóla Íslands 12. ágúst.
- 1st Conference on Constraint-Based Reconstruction and Analysis, COBRA. Ráðstefnan var haldin 24.–26. júní í Reykjavík og hana sóttu 150 erlendir gestir. Þetta var ein af fyrstu ráðstefnunum sem haldin var í Hörpu.
- 5th Systems Biology Short Course in Reykjavík. Námskeiðið var haldið 20.–24. júní í húsakynnum Háskóla Íslands og það sóttu 40 framhaldsnemar, flestir erlendir. NordForsk styrkti námskeiðið.

## Rannsóknastofa í krabbameinsfræðum

### Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í krabbameinsfræðum við Læknadeild Háskóla Íslands varð til við flutning þangað á Rannsóknastofu Krabbameinsfélags Íslands í sameinda- og frumulíffræði sem þar hafði starfað í 20 ár frá 1987. Starfsemin fer nú fram á 4. hæð í Læknagarði og er rannsóknastofan hluti af Lífvísindasetri Læknagarðs sem var formlega stofnað 1. desember 2011. Rannsóknastofan er sú eina innan háskólans sem leggur stund á grunnrannsóknir í krabbameinsfræðum. Stjórn rannsóknastofunnar er sem fyrr í höndum Helgu M. Ögmundsdóttur og Jórunnar Erlu Eyfjörð, sem báðar eru prófessorar við Læknadeild. Á rannsóknastofunni starfa nú einn nýdoktor, Sigríður Klara Böðvarsdóttir, einn lífeindafræðingur og einn líffræðingur í hlutastörfum, auk þriggja doktorsnema og nokkurra meistaranema.

### Rannsóknir

Helstu rannsóknaverkefni rannsóknastofunnar voru á árinu:

- Áhættugen fyrir brjóstakrabbamein og sviperfðir, einkum tengsl við sjúkdómsmynd, sjúkdómshorfur og svörun við meðferð, undir stjórn Jórunnar Erlu Eyfjörð í samstarfi við

sérfræðinga á Raunvísindastofnun Háskólans og Landspítala – háskólasjúkrahúsi og IDIBELL-stofnunina í Barcelona.

- Mergfrumuæxli og skyld afbrigði í starfsemi B-eitilfrumna, undir stjórn Helgu M. Ögmundsdóttur í samvinnu við blóðmeinafræðinga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.
- Sameindamynstur brjósta-, bris- og blóðruhálskrabbameina, skoðuð með ýmiss konar örflögutækni, undir stjórn Jórunnar Erlu Eyfjörð í samstarfi við sérfræðinga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og Roche-Nimblegen á Íslandi.
- Rannsóknir á BRCA2-tengdu briskrabbameini undir stjórn Jórunnar Erlu Eyfjörð í samstarfi við sérfræðinga á Raunvísindastofnun Háskólans og Cancer Research Centre í Cambridge.
- Áhrif íslenskra fléttuefna á efnaskipti krabbameinsfrumna og samvirkni þeirra við lyf, undir stjórn Helgu M. Ögmundsdóttur, í samvinnu við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands.
- Rannsóknir á nýjum sértækum krabbameinslyfjum, undir stjórn Jórunnar Erlu Eyfjörð, í samvinnu við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands.
- Afbrigði í geislaskautum og DNA-viðgerð í frumum sem bera BRCA2-stökkbreytingar, undir stjórn Helgu M. Ögmundsdóttur.
- Óstöðugleiki erfðaefnis, DNA-viðgerð og litningaendar, undir stjórn Sigríðar Klöru Böðvarsdóttur og Jórunnar Erlu Eyfjörð.

Rannsóknastofan er í virku erlendu samstarfi og má þar m.a. nefna samstarf Jórunnar Erlu Eyfjörð við vísindamenn á Sanger Institute í Cambridge og þátttöku í The International Cancer Genome Project, samstarf við vísindamenn við Cambridge-háskóla um rannsóknir á BRCA2-tengdum krabbameinum og IDIBELL-stofnunina í Barcelona um rannsóknir á sviperfðum. Verkefnið um mergfrumæxli og skylda sjúkdóma hefur gefið tilefni til samvinnu við Háskólann í Alberta í Kanada og National Institutes of Health í Bandaríkjunum og er Helga M. Ögmundsdóttir virkur þátttakandi í alþjóðasamtökum um sjaldgæfan sjúkdóm af þessum toga, International Waldenström's Macroglobulinemia Foundation. Verkefni frá rannsóknastofnunni voru kynnt á alþjóðlegum ráðstefnum, m.a. um massageiningar í Borås í Svíþjóð, á ársþingi American Society of Hematology, ársfundi Scandinavian Breast Group í Reykjavík og EMBO Telomere Workshop í Grikklandi. Einn nemandi sem tengdist stofnunni lauk doktorsprófi og þrír meistaraprófi.

## Annað

Eins og getið var að ofan er rannsóknastofan sú eina innan Háskóla Íslands sem kennd er sérstaklega við rannsóknir á krabbameini. Á vormisseri var efnt til fyrsta námskeiðsins fyrir meistara- og doktorsnema um tilurð krabbameina með þátttöku margra sérfræðinga í krabbameinsrannsóknum og þótti takast mjög vel til. Rannsóknastofan naut sem fyrr styrkja frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Rannís. Læknadeild styrkir einn nýdóktor. Fyrir nokkrum árum stofnuðu dugmiklar konur, sem flestar hafa sjálfar fengið brjóstakrabbamein, stuðningshópin Gögnum saman, sem aflar fjár til að styrkja rannsóknir á þessum sjúkdómi. Þessi sjóður hefur styrkt nokkur verkefni á rannsóknastofnunni, þ.á m. þrjú á þessu starfsári.

## Rannsóknastofa í sýklafræði

### Almennt yfirlit

Sýklafræðideildin tilheyrir Rannsóknarsviði Landspítalans. Yfirlæknir er Karl G. Kristinsson prófessor. Deildin er rannsóknastofa á sviði bakteríufræði, sveppafræði og sníkjudýrafræði og veitir heilbrigðisyfirvöldum, heilbrigðisstofnunum og öðrum sýklafræðirannsóknastofum ráðgjöf. Á deildinni er rekin áhætturannsóknastofa (P3) til greiningar á sérlega hættulegum sýklum. Deildin

framleiðir æti til sýklarannsókna fyrir eigin starfsemi og til sölu. Á deildinni eru, auk þjónusturannsókna, stundaðar vísindarannsóknir og kennsla. Deildin er til húsa við Barónstíg og í Ármúla 1A.

## Starfsmenn

Á deildinni störfuðu í lok árs 47 starfsmenn, þ.e. sjö sérfræðilæknar, einn deildarlæknir í framhaldsnámi, 32 lífeindafræðingar, einn líffræðingur og sex aðstoðarmenn og ritarar. Fastir starfsmenn háskólans (úr Læknadeild) voru Karl G. Kristinsson prófessor, Ingibjörg Hilmarsdóttir lektor, Martha Á. Hjálmarsdóttir lektor og Gunnsteinn Æ. Haraldsson, framkvæmdastjóri rannsóknarnámsnefndar. Auk þeirra sinntu allir sérfræðingar deildarinnar og fjórir lífeindafræðingar stundakennslu í Lækna-, Lyfjafræði-, Tannlækna- og Hjúkrunarfræðideild og námsbrautum í lífeindafræði og sjúkrþjálfun.

## Starfsemi

Starfsemin á árinu einkenndist enn einu sinni af miklu aðhaldi í rekstri og mannahaldi. Tækjabúnaður er orðinn gamall og óáreiðanlegur, auk þess sem ekki hefur verið mögulegt að fylgja tækninni eftir. Nú er svo komið að rannsóknastofan er nokkuð á eftir því sem gerist á sambærilegum stofum hjá nágrannaþjóðum okkar í þeim efnunum.

## Rannsóknir

Í rannsóknum er lögð áhersla á að vinna að stórum verkefnum þar sem sérstaða Íslands er nýtt, en en hér á landi eru einstakir möguleikar til rannsókna á faraldsfræði og sameindafaraldsfræði sýkinga. Rannsóknir hafa einkum beinst að sameindafaraldsfræði sýklalyfjaónæmis, pneumókokkasýkinga, metisillín-ónæmra *S. aureus* (MÓSA), streptókokkasýkinga, *Campylobacter* og *Chlamydia trachomatis*.

Helstu vísindaverkefni

Unnið var að fjölmörgum rannsóknum á árinu en eftirfarandi voru viðamestar:

- Sameindafaraldsfræði penisillín-ónæmra pneumókokka. Doktorsverkefni Mörthu Á. Hjálmarsdóttur lífeindafræðings. Umsjónarkennari var Karl G. Kristinsson.
- Breiðvirkir beta-laktamasar í Gram-neikvæðum stöfum úr hópi Enterobacteriaceae (rannsókn á arfgerðum og greining faraldra). Umsjónarmaður var Ingibjörg Hilmarsdóttir.
- Sýklalyfjaónæmi og sýklalyfjanotkun í Færeyjum – samanburður við Ísland og Danmörku. Doktorsverkefni Maritu Debess Magnussen líffræðings frá Færeyjum.
- Rannsókn á sameindafaraldsfræði metisillín-ónæmra *Staphylococcus aureus* á Íslandi. Umsjónarmaður var Hjördís Harðardóttir.
- Ýmsar rannsóknir sem tengjast pneumókokkum og sýkingum af þeirra völdum.

Tveir meistaranemar útskrifuðust á árinu og voru verkefni þeirra alfarið unnin á deildinni, þeir voru Brynhildur Pétursdóttir (Tíðni festiþráða hjá *Streptococcus pneumoniae*) og Pálína F. Guðmundsdóttir (Tíðni þess að börn beri fleiri en eina hjúpperð pneumókokka). Auk þeirra var Sigríður J. Quirk (Dreifing hjúpperða í pneumókokkasýkingum) í meistaranámi á deildinni. Lena Rós Ásmundsdóttir læknir hóf störf á deildinni á árinu en hún er að hefja sérnám sitt í sýklafræði.

## Annað

Ólafur Steingrímsson dósent var formaður sóttvarnaráðs. Martha Á. Hjálmarsdóttir lektor var formaður geisla- og lífeindafræðiskorar og sat í deildarráði Læknadeildar. Karl G. Kristinsson

prófessor var formaður nefndar heilbrigðisráðuneytisins um sýklalyfjanotkun og sýklalyfjaónæmi og varamaður í sóttvarnaráði. Hann var forseti Norðurlandasamtaka sýklafræðinga og smitsjúkdómalækna (Scandinavian Society for Antimicrobial Chemotherapy), aðstoðarráttgjafi Eurosurveillance og í ritnefnd Scandinavian Journal of Infectious Diseases og Microbial Drug Resistance.

## Rannsóknastofa í veirufræði

### Stjórn og starfsfólk

Yfirstjórn rannsóknastofu í veirufræði er óbreytt frá fyrri árum. Forstöðumaður og yfirlæknir er Arthur Löve prófessor sem, ásamt Þorgerði Árnadóttur yfirnáttúrufræðingi, stjórnar stofunni. Starfsmenn stofunnar eru tveir læknar, 13 náttúrufræðingar, einn lífeindafræðingur, einn rannsóknamaður og einn skrifstofumaður. Einn náttúrufræðingur lét af störfum á árinu.

### Starfsemi

Hlutverk rannsóknastofunnar er þrjúþætt: þjónusturannsóknir í veirufræðum fyrir allt landið, grunnrannsóknir í veirufræði og kennsla heilbrigðisstétta.

Á árinu voru yfir 40 þúsund rannsóknir gerðar á sýnum frá sjúklingum. Nokkuð hefur borið á fækkun rannsóknarbeiðna, ugglaut vegna núverandi efnahagsástands landsmanna. Auk þess er sýnafjöldi alltaf háður faröldrum veirusýkinga frá ári til árs. Langstærsta verkefni rannsóknastofunnar árið 2009 var greining inflúensu vegna nýs heimsfaraldurs. Árið 2010 hafði þessi inflúensa fjarað út og eingöngu greindust örfá tilfelli af henni síðla á árinu en á árinu 2011 fór að bera á inflúensu B og greindist fjöldi tilfella á vetrarmánuðunum. Á deildinni eru ræktaðir upp stofnar inflúensuveira úr aðsendum sýnum. Margir þeirra eru síðar sendir til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar vegna eftirlits með breytingum á inflúensuveirum í heiminum og þróunar og framleiðslu inflúensubóluefna.

Stór hluti vinnunnar lýtur að greiningu á öndunarferasýkingum. Auk inflúensu má þar nefna árvissa faraldra af RS-veiru sem herjar einkum á ung börn.

Faraldrar kveisuveira valda oft miklu raski, sérstaklega á sjúkrastofnunum og öldrunarheimilum. Nokkuð bar á calici-veirum (noro-veirum) á árinu. Entero-veirur eru algengar veirur og greinast hér nokkuð allt árið um kring. Af þeim eru ræktaðir upp stofnar úr aðsendum sýnum og sendir til frekari greiningar til Helsinki vegna alþjóðlegs átaks til útrýmingar mænusóttar.

Eyðni- og lifrabólgurannsóknir skipa stóran sess í rannsóknavinnunni. Á árinu greindust 24 sjúklingar með HIV-smit, sem er sami fjöldi og árið áður, en þá höfðu aldrei fleiri greindir með smitið. HIV-smit breiddist áfram út meðal fíkniefnaneytenda og eru nú nokkrir tugir fíkla HIV-sýktir héraðs. Einnig fjölgaði þeim sem sýnilega höfðu sýkst fyrir mörgum árum og komnir voru með alvarleg sjúkdómseinkenni. Farið er að bera á ónæmi gegn HIV-veirulyfjum enda þótt það sé ekki útbreitt enn. Aðferðir til að greina ónæmi veirunnar gegn lyfjum eru flóknar og hefur rannsóknastofan ekki tekið þær upp en haft er samstarf við rannsóknastofu í Þýskalandi við framkvæmd þessara prófa.

Lifrabólguveira C breiðist enn sem fyrr hratt út meðal sprautufíkla. Mikilvægt er að greina sýkingarnar sem fyrst þar sem oft tekst að halda veirunum í skefjum með lyfjum og minnka þá smithættu.

Verkefni varðandi lifrabólguveiru C, aðrar lifrabólguveirur og einnig ýmsar illa skilgreindar veirur héldu áfram í samvinnu við háskólasjúkrahúsið í Málmei í Svíþjóð.

Einn náttúrufræðingur er við framhaldsnám í veirufræði við rannsóknastofuna til meistaraþrófs við Læknadeild Háskóla Íslands og hefur hluti verkefnisins verið unninn við veirufræðideild háskólasjúkrahússins í Málmei. Viðfangsefnið er nýuppgötvað veira, parvóveira 4, en tengsl hennar við sjúkdóma eru enn óljós.

Kennsla var á árinu viðamikill þáttur í starfsemi rannsóknastofunnar eins og fyrr. Starfsfólk hennar hélt fræðslufundi um ýmis efni innan greinarinnar. Starfsfólk kennir og kemur með ýmsu móti að námskeiðum í veirufræði fyrir nema í Háskóla Íslands í læknisfræði, hjúkrunarfræði, lyfjafræði og lífeindafræði. Einn meistaraþrófnemi var skráður við rannsóknastofuna á árinu og annar hafði þar vinnuaðstöðu til veirurannsókna.

Sem fyrr situr yfirlæknir í sóttvarnaráði og er formaður nefndar á Íslandi um útrýmingu mænusóttar í heiminum. Hann er einnig formaður stjórnar lífsýnasafns sýkla- og veirufræðideildar Landspítalans.

## Rannsóknastofa um mannlegt atferli

### Almennt yfirlit og stjórnun

Forstöðumaður Rannsóknastofu um mannlegt atferli er Magnús S. Magnússon rannsóknaprófessor við Háskóla Íslands. Eitt stöðugildi er við stofnunina, ofanefnd staða forstöðumans. Guðberg K. Jónsson gegnir mikilvægu hlutverki sem rannsakandi hjá Rannsóknastofu um mannlegt atferli og sem framkvæmdastjóri Atferlisgreiningar ehf. (hjáheiti PatternVision Ltd., [www.patternvision.com](http://www.patternvision.com)) en náið samstarf er milli rannsóknastofunnar og Atferlisgreiningar ehf., sem stofnuð var í beinu framhaldi af starfsemi Rannsóknastofu um mannlegt atferli.

### Rannsóknir og kynning

Starfsemi Rannsóknastofu um mannlegt atferli snerist á árinu, sem fyrr, að mestu um gagnvirknirannsóknir en einnig um trúarvísindi. Starfsemin er nátengd formlegu samstarfsneti 24 háskóla í Evrópu, Mexíkó og Bandaríkjunum sem stofnað var til 1995 með greiningarlíkan Magnúsar S. Magnússonar sem sameiginlega viðmiðun.

Magnús S. Magnússon hélt á árinu m.a. eftirfarandi fyrirlestra Bretlandi og Bandaríkjunum:

- Temporal Structure in Behavior and Interaction: Similarities Across DNA, Neuronal Interactions, and Human Behavior við líffræðideild háskólans í Cambridge í Bretlandi í mars.
- Translation-Symmetry and Temporal Pseudo-Fractals in Behavior: Similarities Across Human Behavior, Neuronal Interactions, and DNA við Massachusetts Institute of Technology í Bandaríkjunum í október.
- T-Patterns, T-Bursts and T-Packets and Their Detection with THEME: Discovering Hidden Patterns and Subtle Experimental Effects við Carnegie Mellon University í Pittsburgh í Bandaríkjunum í nóvember.



- Social Insects, Human Societies and Religion: What may be the Roles of Bluff and Gullibility? við Society for the Scientific Study of Religion í Milwaukee í Bandaríkjunum í október.
- Temporal Statistical Pseudo-Fractals, Translation Symmetry and Syntax: The T-System and the Detection of Hidden Temporal Structure in Behavior and Interactions við á þingi við Chapman University í Kaliforníu í Bandaríkjunum í ágúst. Aðrir þátttakendur komu frá University of Chicago, University of Arizona, University of California Irvine og University of Cambridge í Bretlandi.

Undirbúningur nýs safnrits eftir Magnús S. Magnússon og D. McNeill hófst á árinu en líkt og fyrra safnrit, eftir Anolli, Duncan, Magnús S. Magnússon og Riva (sem kom út árið 2005) fjalla allir kaflar þess um rannsóknir sem tengjast greiningarlíkani Magnúsar S. Magnússonar og eru höfundar flestra úr röðum MASI.

Ný grein kom út á árinu og nefnist hún Behavioral Patterns Associated with Chemotherapy-Induced eEsis: A Potential Signature for Nausea in Musk Shrews í riti sem ritstýrt er af Charles C. Horn, Séverine Henry, Kelly Meyers og Magnúsi S. Magnússyni.

Guðberg K. Jónsson vann að innlendu og erlendu rannsóknasamstarfi á vegum Rannsóknastofu um mannlegt atferli þar sem ofangreindu greiningarlíkani er beitt. Meðal verkefna voru tvö verkefni styrkt af Rannís, verkefni um greiningu viðhorfsbreytinga hjá notendum afmarkaðra svæða á netinu í tengslum við ytri breytur og verkefni í samstarfi við Hafrannsóknastofnun, Stjörnu-Odda, Háskólann á Akureyri og Háskólann í Reykjavík um kvörðun sjávarfallalíkans og atferlisgreiningu á þorski. Guðberg kenndi einnig námskeið á árinu fyrir hönd Rannsóknastofu um mannlegt atferli, m.a. við Parísarháskóla og Barcelonaháskóla.

Rannsóknastofa um mannlegt atferli hefur aðsetur í Háskólabíói v/Hagatorg. Heimasíða stofunnar er [www.hbl.hi.is](http://www.hbl.hi.is).

## Siðfræðistofnun

### Almennt yfirlit, stjórn og starfslið

Stjórn Siðfræðistofnunar var óbreytt frá fyrra ári en í henni áttu sæti á árinu: Vilhjálmur Árnason prófessor, tilnefndur af námsbraut í heimspeki, formaður stjórnar, Sólveig Anna Bóasdóttir dósent, tilnefnd af Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, varaformaður, sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, tilnefnd af kirkjuráði þjóðkirkjunnar, Ástríður Stefánsdóttir dósent, tilnefnd af Menntavísindasviði, og Haraldur Briem, dósent við Læknadeild, skipaður af háskólaráði án tilnefningar. Forstöðumaður í fullu starfi var Salvör Nordal en hún var í leyfi nokkra mánuði á árinu vegna skipunar hennar í stjórnlagaráð. Stofnunin fór formlega undir Hugvísindasvið á árinu og hélt sinn fyrsta aðalfund 9. desember í samræmi við nýjar starfsreglur. Samkvæmt þeim starfar stofnunin nú innan vébanda Hugvísindastofnunar en heyrði áður beint undir háskólaráð.

### Rannsóknir

Siðfræðistofnun er aðili að norrænu samstarfsneti háskóla á Norðurlöndum um heimspeki læknisfræðinnar og heilbrigðis- og lífsiðfræði undir stjórn Linköping-háskóla: Nordic Network for Philosophy of Medicine and Medical Ethics (NNPMME). Á vegum netsins var haldinn fundur í Litháen 4.-5. október. Vilhjálmur Árnason, stjórnarformaður Siðfræðistofnunar, var þar kjörinn formaður samstarfsnetsins.

Forstöðumaður tók sæti í norrænu lífsiðfræðinefndinni og sótti fjölmarga fundi og málþing á hennar vegum á árinu. Stjórnarformaður hefur setið í ritnefndum tímaritanna *Medicine, Health Care and Philosophy. A European Journal* frá 2000, *Genomics and Society. Online journal* frá 2005 og *Etikk i Praksis. Nordisk tidskrift* frá 2007.

## Önnur verkefni

Á árinu kom út hjá Háskólaútgáfunni bókin *Siðfræði og samfélag í ritröðinni Siðfræði og samtími*. Bókin, sem er sú fimmta í ritröðinni, inniheldur 11 greinar um ýmis siðfræðileg álitamál og byggist á fyrirlestrum sem haldnir voru í Þjóðarbókhlöðu í tilefni 20. starfsárs stofnunarinnar.

## Þjónusta

Siðfræðistofnun veitti sem fyrr umsagnir um ýmis lagafrumvörp og skýrslur á árinu og veitti fagfélögum, fyrirtækjum og stofnunum ýmiss konar ráðgjöf. Hún kom að því að móta tillögur sem er ætlað að vera leiðbeinandi hvað varðar vönduð vinnubrögð í vísindum. Stjórnarformaður hefur verið í ráðgjafarhópi Rannís vegna verkefnisins. Siðfræðistofnun kemur að skipulagningu meistaranáms í hagnýtri siðfræði við Sagnfræði- og heimspekideild og kennir forstöðumaður námskeið við deildina á því sviði. Þá hefur Siðfræðistofnun skipulagt námskeið og komið að kennslu í einstökum námskeiðum hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.

## Fyrirlestrar

Deborah Sturman hélt fyrirlestur á vegum Siðfræðistofnunar, Lagastofnunar og Samtaka fjárfesta um skaðabætur til fórnarlamba helfararinnar í febrúar og Sigurður Kristinsson, dósent við Háskólann á Akureyri, hélt erindi sem hann nefndi Fagmennska sem siðfræðilegt hugtak á ársfundi stofnunarinnar í desember.

## Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands er vettvangur samstarfs Háskóla Íslands við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga á landsbyggðinni. Markmið stofnunarinnar er að efla rannsóknir, styrkja tengsl háskólans við atvinnu- og þjóðlíf og auka möguleika almennings til menntunar. Stofnunin byggist á rannsóknasetrum Háskóla Íslands um allt land og heyrir beint undir háskólaráð.

Háskólaráð samþykkti á fundi 17. mars 2011 að breyta heiti stofnunarinnar úr Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands í Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands. Jafnframt voru heiti setranna sem undir stofnunina heyra samræmd. Þau nefnast nú öll rannsóknasetur Háskóla Íslands, kennd við viðkomandi stað. Með breytingunni er lögð áhersla á tengsl rannsóknasetranna við háskólann og að þau myndi eina heild.

Forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands og stjórnarformaður var á árinu, sem fyrr, Rögnvaldur Ólafsson. Stjórn stofnunarinnar var, auk stjórnarformanns, skipuð Erlu Björk Örnólfsdóttur, framkvæmdastjóra Varar, sjávarrannsóknarseturs við Breiðafjörð, Hreini Haraldssyni vegamálastjóra, Jörundi Svavarssyni, prófessor við Háskóla Íslands, og Rannveigu Ólafsdóttur, dósent við Háskóla Íslands. Steingerður Hreinsdóttir, atvinnuráðgjafi hjá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands, tók við af Rannveigu Ólafsdóttur þegar ný stjórn var skipuð til þriggja ára í febrúar. Þrír verkefnisstjórar hjá Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands, Birna Gunnarsdóttir, Ásta Sif Erlingsdóttir

og Úlfar Gíslason, önnuðust stjórnáslustörf og fjármálaumsjón fyrir stofnunina, auk vinnu við vefsíður. Samtals nam vinnuframlag þeirra u.þ.b. einu ársverki.

Á árinu voru starfrækt rannsóknasetur á Hornafirði, Suðurlandi, Suðurnesjum, Snæfellsnesi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Norðausturlandi. Starfsemi var á Austurlandi megnið af árinu en með nokkuð öðru sniði en annars staðar. Ársverk voru rúmlega 16 hjá Stofnun rannsóknasetra á árinu og starfsmenn um 28, þar af níu í fullu starfi allt árið, auk þess sem fjöldi meistara- og doktorsnema nýtti aðstöðu á setrunum. Einnig fengu erlendir fræðimenn aðstöðu við sum setrana til skemmri tíma.

Rannsóknasetrin sinna rannsóknum á lífríki hafsins, umhverfi og landnýtingu, ferðamálum og fleiru. Frá 2010 hafa einnig verið stundaðar rannsóknir í sagnfræði og árið 2011 bættist fornleifafræði við sem viðfangsefni rannsóknasetrana. Allt eru þetta rannsóknasvið sem mikill áhugi er á um allt land og gefa tilefni til samstarfs milli setrana og við Háskóla Íslands í Reykjavík.

Samkomulag Stofnunar rannsóknasetra og Líf- og umhverfisvísindadeildar skólans um aukið samstarf tók gildi 1. júlí. Samkomulagið er til þriggja ára og hefur að markmiði að styrkja tengsl stofnunarinnar og einstakra starfseininga hennar á landsbyggðinni við Líf- og umhverfisvísindadeild.

Samkvæmt samkomulaginu má fela akademískum starfsmönnum setrana kennsluskyldu á framhaldsstigi eða þriðja ári grunnnáms við deildina sem nemur allt að 20% af starfshlutfalli þeirra. Þá er akademískum starfsmönnum stofnunarinnar heimilt að leiðbeina nemendum í meistara- og doktorsnámi og að sitja í meistara- og doktorsnefndum við Líf- og umhverfisvísindadeild. Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands eða einstökum rannsóknasetrum er jafnframt heimilt að annast tiltekin námskeið í heild sinni, s.s. vettvangsnámskeið, samkvæmt ákvörðun Líf- og umhverfisvísindadeildar. Í samkomulaginu er einnig að finna ákvæði um rannsóknafrelsi starfsmanna Stofnunar rannsóknasetra sem starfa fyrir Líf- og umhverfisvísindadeild og rétt til setu á fundum Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og Líf- og umhverfisvísindadeildar.

Í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands fór Háskólalestin um landið og nam staðar í heimabyggðum allra rannsóknasetrana. Vegleg dagskrá var á hverjum stað og vakti ferð lestarinnar alls staðar mikla athygli. Starfsfólk rannsóknasetrana tók virkan þátt í skipulagningu og framkvæmd viðburðanna.

Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra var haldinn í Þjóðminjasafni Íslands 23. nóvember. Yfirskrift ársfundarins var Möguleikar í samstarfi rannsóknasetra og deilda háskólans og sóttu hann um fjörutíu manns. Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, flutti setningarávarp og fundarstjóri var Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísindasviðs Háskóla Íslands.

## Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi tók til starfa 2006 (undir nafninu Háskólasetur Snæfellsness, Stykkishólmi). Jón Einar Jónsson dýravistfræðingur og sérfræðingur við Háskóla Íslands var forstöðumaður setursins á árinu. Hann vann við rannsóknir á stofnvistræði æðarfugls og dílaskarfs. Árni Ásgeirsson líffræðingur var verkefnaráðinn í 100% starf frá júlí. Hann sinnti rannsóknum á lunda, æðarfugli, máfum og ritu. Doktorsnemar við setrið voru Freydis Vigfúsdóttir og Þórður Örn Kristjánsson. Arnþór Garðarsson, prófessor emeritus við Háskóla Íslands, sinnti rannsóknum á dílaskarfi ásamt forstöðumanni og Úlfari Henningssyni flugmanni. Skarfatalning fór fram í 21. sinn á árinu. Smári Lúðvíksson, æðarbóndi í Rífi, tók þátt í rannsóknum í æðarvarpinu þar.

Tveir sumarstarfsmenn unnu við rannsóknasetrið á árinu. Ellen Magnúsdóttir líffræðingur, sem vann að mastersritgerð um skúma undir leiðsögn Jóns Einars, sinnti kríurannsóknum fyrir setrið og Arnór Þrastarson líffræðinemi vann við verkefnið Fuglaskoðun á Snæfellsnesi og í Dölum. Grunnupplýsingar ætlaðar ferðabjónustu og ferðamönnum, sem rannsóknasetrið og Náttúrustofa Vesturlands stóðu sameiginlega að með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Háskólalestin kom á Snæfellsnes í lok í apríl í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands og var Stykkishólmur fyrsti áfangastaðurinn á ferð lestarinnar um landið. Meðal viðburða má nefna að Háskóli unga fólksins heimsótti Grunnskólann í Stykkishólmi og var með sérstök námskeið fyrir 4.–10. bekk. Þá var vegleg og fjölsótt vísindaveisla á Hótel Stykkishólmi. Rannsóknasetrið tók þátt í skipulagningu og framkvæmd dagskrárinnar og kynnti starfsemi sína og rannsóknir.

Rannsóknasetrið átti samstarf við Grunnskólann í Stykkishólmi um að tengja kennslu í skólanum við lundarannsóknir á vegum setursins. M.a. var mismunandi útgáfum af lundum, sem nemendur 10. bekkjar smíðuðu úr krossviði, komið fyrir í eyjum í nágrenni Stykkishólms þar sem kanna átti hvort nýta mætti tálflugla til að endurvekja gömul lundavörp. Rannsóknasetrið stóð fyrir opnum gestafyrirlesturum í Ráðhúsi Stykkishólms ásamt Náttúrustofu Vesturlands þar sem sérfræðingar fjölluðu um fuglalíf í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og um lunda. Þá lagði rannsóknasetrið til texta um líffræði æðarfugls fyrir sýningu í Æðarsetri Íslands í Norska húsinu.

Setrið tók þátt í verkefninu W23 ásamt Náttúrustofu Vesturlands, útibúi Hafrannsóknastofnunar í Ólafsvík, Vör – sjávarrannsóknarsetri við Breiðafjörð og Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Hópurinn vann að því að kynna tækifæri og aðstöðu til rannsókna á Snæfellsnesi og það rannsóknastarf sem þegar er á svæðinu.

Forstöðumaður rannsóknasetursins kenndi hluta tveggja námskeiða við Háskóla Íslands, fuglafræði á vormisseri og dýrafræði á haustmisseri. Þá kenndi hann dýrafræði hryggdýra við Landbúnaðarháskóla Íslands. Í september sótti forstöðumaður setursins ráðstefnuna Fourth International Seaduck Conference í Seward í Alaska og hélt erindi um merktar æðarkollur á Rifi, sem æðarbóndinn þar hefur merkt síðan 1993.

Forstöðumaðurinn tekur þátt í norrænu samstarfi um rannsóknir á vatnafuglum og loftlagsbreytingum, Nordic Waterbirds and Climate Network, NOWAC, sem NordForsk styrkir. Í október var haldin alþjóðleg ráðstefna í Svíþjóð þar sem rædd voru ýmis málefni er varða vernd og nýtingu andfugla á Norðurlöndum, m.a. hugsanleg áhrif loftslagsbreytinga á andarstofna í Norður-Evrópu. Forstöðumaðurinn flutti þar fyrirlesturinn Recent Changes in Population of Common Eider in Iceland: Implications for Future Monitoring.

Á líffræðiráðstefnu í nóvember voru fluttir fyrirlestrar og kynnt veggspjöld um rannsóknir í tengslum við rannsóknasetrið. Jón Einar Jónsson fjallaði um æðarfugl, Arnþór Garðarsson um dílaskarf, Þórður Örn Kristjánsson um æðarfugla og nökkva, Árni Ásgeirsson um lunda og Arnór Þrastarson um fuglaskoðun.

## Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum hóf störf í nóvember 2007 (og hefur starfað ýmist undir nafninu Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum, Bolungarvík, eða Rannsókn- og fræðasetur Vestfjarða). Forstöðumaður á árinu var Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir líffræðingur. Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur hóf störf hjá rannsóknasetrinu í upphafi ársins. Verkefnaráðnir starfsmenn voru Leifur Þór Þorvaldsson, aðstoðarmaður við þorskseidarannsóknir, Kalina Kapralova, sérfræðingur á rannsóknastofu, Íris Hrund Halldórsdóttir, sem vann fyrir hönd

setursins að áhugaverðu verkefni um sjóstangaveiði, og Kristinn N. Edvardsson, sem vann að BS-verkefni með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Rannsóknanemar við setrið voru Guðmundur Smári Gunnarsson, sem vann að doktorsverkefni undir leiðsögn Guðbjargar Ástu, Hlynur Reynisson, sem vann að meistaraverkefni, einnig undir leiðsögn hennar, og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, sem vann að meistaraverkefni undir leiðsögn Ragnars. Anna Guðrún Edvardsdóttir vann við setrið að doktorsverkefninu Menntun og konur á landsbyggðinni en hún er nemi á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Á vegum setursins voru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir á árinu, einkum á sviði líffræði og fornleifafræði, en setrið kom einnig að rannsóknum á sviði ferðamála, samfélags og landfræði. Af verkefnum sem tengdust nærsamfélaginu og miðlun þekkingar má nefna komu Háskólalestarinnar til Bolungarvíkur í ágúst, þátttöku sérfræðinga setursins í fyrirlestraröðum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða um fornleifafræði og um náttúru Vestfjarða og heimsóknir skólabarna úr Grunnskóla Bolungarvíkur, sem kynntu sér starfsemi rannsóknasetursins. Stefnt er að því að skólaheimsóknir verði árviss viðburður.

Setrið fékk styrk úr Fornleifasjóði á árinu til að hefja rannsóknir á póstskipinu Phönix sem fórst við Snæfellsnes 1881. Það verður fyrsta skipulagða mæling neðansjárvarminja við Íslandsstrendur. Rannsóknum á hvalveiðum erlendra manna við Ísland á 17. öld var haldið áfram og framkvæmd forkönnun vegna framhaldsrannsókna á minjum erlendra hvalveiðimanna í Strandasýslu. Stefnt er að rannsóknum á tveimur hvalveiðistöðvum til viðbótar árið 2012. Þá var verkefni sem miðar að því að fá hugmynd um fjölda skipsflaka við Íslandsstrendur, ástand og rannsóknamöguleika haldið áfram.

Styrkur fékkst fyrir líffræðiþátt þverfræðilegs rannsóknaverkefnis um nýtingu sjávarauðlinda, einkum þorsks, á Íslandi á sögulegum tíma. Í fyrsta hluta verkefnisins verða efna- og erfðafræðilegar greiningar á fornum þorskbeinum nýttar til að kanna breytileika í stofnuppbyggingu þorsks frá landnámi og í framhaldi af því verður m.a. reynt að meta áhrif af mögulegum stofnsveiflum í hafinu á samfélög í sjávarbyggðum. Um haustið hófst þriðja ár vettvangsvinnu við þorskseiðarannsóknir. Markmið þeirra er að greina vistfræðilega þætti sem ráða afföllum og uppkomu seiða, m.a. botngerð, samkeppni og afrán, sem og vist og- þróunarfræðilegar afleiðingar vals á þessum tíma fyrir þorskstofninn. Niðurstöður fyrstu þriggja áranna hafa þegar veitt nýja þekkingu um botntöku, fæðu og ferðir þorskseiða. Grein sem lýsir áhrifum hitastigs á fæðu og félagsatferli seiða var birt á árinu í Journal of Experimental Marine Biology and Ecology. Í ljósi niðurstaðna seiðarannsókna var sótt um styrki til rannsókna á áhrifum hitastigs á bæði villt seiði og eldisseiði og verður rannsóknum á þessu sviði haldið áfram hjá setrinu á árinu 2012.

Af erlendu samstarfi má nefna að sérfræðingar setursins sóttu fundi vegna Evrópuverkefnis á Kýpur og Ragnar kynnti niðurstöður rannsókna á veru baskneskra hvalveiðimanna á Ströndum á ráðstefnu í Kaliforníu.

## **Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra**

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra hóf starfsemi 2009 (undir nafninu Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra, Skagaströnd) og hefur Lára Magnúsardóttir sagnfræðingur gegnt starfi forstöðumanns frá upphafi. Rannsóknasetrið sérhæfir sig í rannsóknum á sviði hugvísinda, einkum sagnfræði. Lára var eini fasti starfsmaðurinn á árinu en Kristín Arnþórsdóttir vann yfir sumarmánuðina við uppsetningu og kynningu á bókasafni, heimasíðu rannsóknasetursins og fleira.

Á árinu var unnið áfram að samstarfsverkefni um stafrænt hljóðskjalasafn. Vaxtar- og menningarsamningur Norðurlands vestra, Þjóðhátíðarsjóður og Húnaþing vestra styrktu frumverkefni þar sem hljóðskjöl sem til eru á Héraðsskjalasafninu á Hvammstanga verða afrituð, skráð og færð í gagnagrunn á Netinu. Verkefnið er unnið á Hvammstanga undir stjórn Láru en Miðstöð munnlegrar sögu annast umsjón þess. Aðrir samstarfsaðilar eru Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Tónlistarsafn Íslands/Músik og saga ehf. (Ísmús) og Þjóðfræðisvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Bókasafn Halldórs Bjarnasonar er hluti af starfsemi setursins og voru talsverðar framkvæmdir á árinu við að búa bókasafninu viðeigandi umgjörð í gamla kaupfélagshúsinu á Skagaströnd þar sem setrið er með skrifstofu. Þar góð lestrar- og vinnuaðstaða fyrir 10–15 manns, auk aðgangs að fjarkennslubúnaði og Interneti ásamt fundaraðstöðu. Bókasafnið sjálf og rýmið sem fylgir því gerbreytir allri starfsaðstöðu á rannsóknasetrinu og eykur möguleika til margs konar funda- og samkomuhalds, auk þess sem aðstaða fyrir rannsóknanemendur og gestafræðimenn er nú mjög góð. Skráningu bókasafnsins í Gegni hjá Landsbókasafni var að mestu lokið á árinu og hafin vinna við skráningu bóka úr safni Ögmundar Helgasonar sem erfingjar hans gáfu setrinu. Rannsóknasetrið tók þátt í Hugvísindabingi á vormisseri. Forstöðumaður setursins hélt fyrirlestur á þinginu og stóð fyrir málstofu um tengsl akademíu og menningartengdrar ferðaþjónustu. Meðal fyrirlesara var Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra. Stefnt er að því að koma á formlegu samstarfi við Hugvísindasvið og námsbraut í sagnfræði um kennslu, aðild setursins að Hugvísindastofnun Háskóla Íslands og fleira.

Háskólalestin heimsótti Skagaströnd í maí í tilefni aldarafmælis Háskóla Íslands ásamt Háskóla unga fólksins og Sprengjugenginu. Háskóli unga fólksins var í grunnskólanum annan daginn en síðari daginn voru sýningar og fyrirlestrar fyrir almenning. Viðburðirnir voru ágætlega sóttir og mæltust vel fyrir.

Í júní hélt forstöðumaður fyrirlestur á málþingi í Helsinki á vegum norræns samstarfsverkefnis um kynjarannsóknir á miðöldum, Nordic Medieval Gender Network, sem hún á aðild að. Rannsóknasetrið tók þátt í ferðaþjónustuverkefninu Huggulegt haust, sem atvinnufulltrúar efndu til í Húnavatnssýslum og stóð fyrir örnámskeiði Reynis Þórs Eggertssonar í handritamenningu og fyrirlestri Emily Lethbridge, ásamt sýningu stuttrar heimildarmyndar um Íslandsferðir hennar og rannsóknir á íslenskum miðaldabókmenntum.

Forstöðumaður tók þátt í undirbúningi þverfræðilegs rannsóknaverkefnis um áhrif siðaskiptanna á íslenska kristni, samfélag og menningu í tilefni af því að árið 2017 verða 500 ár liðin frá upphafi siðaskiptanna. Verkefnið er unnið að frumkvæði Guðfræði- og trúarbragðadeildar Háskóla Íslands. Þá situr forstöðumaður í fagráði Stofnunar Sigurðar Línalds í réttarsögu, sem er á vegum Háskólans á Bifröst og Snorrastofu í Reykholti.

Í október var tekið á móti um 60 nemendum í land- og ferðamálafræði. Þeir dvöldu á Skagaströnd í fimm daga námsferð og unnu ýmis verkefni sem tengjast svæðinu.

## Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík

Starfsemi Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Húsavík hófst árið 2007 (og hefur starfað ýmist undir nafninu Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Norðausturlandi, Húsavík, eða Rannsókn- og fræðasetur Norðausturlands). Forstöðumaður þess er Marianne Helene Rasmussen sjávarspendýrafræðingur. Við rannsóknasetrið eru stundaðar rannsóknir á sjávarspendýrum, einkum hvölum. Marianne var eini starfsmaðurinn í fullu starfi allt árið. Doktorsneminn Edda Elísabet Magnúsdóttir var í 80% starfi til 1. apríl en fór þá í fæðingarorlof til áramóta.

Á vegum rannsóknasetursins er mikil samvinna við háskóla og stofnanir hérlendis og erlendis, bæði um rannsóknir og kennslu. Fredrik Christiansen frá Svíþjóð hóf rannsóknavinnu fyrir doktorsverkefni sitt sem fjallar um áhrif hvalveiða á hegðunarmynstur hrefna. Marianne var leiðbeinandi Fredriks ásamt David Lusseau við Háskólann í Aberdeen í Skotlandi. Í febrúar var Marianne í Skotlandi í tengslum við Erasmus-kennaraskipti og kenndi við Saint Andrews háskólann og Háskólann í Aberdeen.

Maria Iversen frá Danmörku og Chiara Bertulli frá Ítalíu undirbjuggu doktorsrannsóknir á árinu og voru báðar við gagnaöflun um sumarið. Átta erlendir starfsmenn voru við rannsóknasetrið á árinu og dvöldu frá tveimur vikum til þriggja mánaða á Húsavík.

Í júlí var vettvangsnámskeið í sjávarspendýrarannsóknum á Húsavík undir stjórn Marianne og aðstoðuðu doktorsnemarnir Edda Elísabet Magnúsdóttir, Maria Iversen, Fredrik Christiansen og Chiara Bertulli við kennsluna. Tuttugu og sex nemendur víðs vegar að úr heiminum sóttu námskeiðið.

Rannsóknasetrið hefur frá upphafi safnað hljóðupptökum sem nýtast til að greina viðveru ólíkra hvalategunda við norðausturhorn landsins, sem og ólíka hljóðmyndun þeirra. Upptökunum er safnað með sérhæfðum neðansjávarhljóðupptökutækjum. Á fyrri hluta ársins og aftur um sumarið var safnað upptökum af hljóðum hnúfubaka í Skjálfandaflóa. Þá voru hnísur fangaðar í rannsóknaskyni með aðstoð sjómanna frá Húsavík og Hermanns Bárðarsonar hjá Hvalasafninu á Húsavík. Rannsóknasetrið starfaði náið með Hvalasafninu og um sumarið var unnið áfram að greiningu hvala með ljósmyndun.

Forstöðumaður setursins sótti ráðstefnuna The Fourth International Science Symposium on Biologging í Ástralíu í mars og hélt þar erindi um rannsóknir sínar á hljóðmerkjum sem blettahnýðingur beitir við samskipti og við fæðuöflun.

Forstöðumaðurinn var andmælandi við doktorsvörn Outi Tervo frá Kaupmannahafnarháskóla í lok ágúst. Í október tóku starfsmenn rannsóknasetursins þátt í málstofu á vegum The Wild North en það er norrænt samstarfsverkefni sem setrið á aðild að og hefur að markmiði að efla sjálfbæra náttúruulífsferðapjónustu.

Þrjú erindi voru haldin á líffræðiráðstefnu í nóvember þar sem forstöðumaðurinn, Marianne Rasmussen, og doktorsnemarnir Edda Elísabet Magnúsdóttir og Chiara Bertulli kynntu rannsóknir sínar. Þá héldu Fredrik Christiansen, Maria Iversen og Chiara Bertulli erindi á alþjóðlegri ráðstefnu um sjávarspendýr í Tampa í Flórída í desember.

Marianne tók þátt í kennslu tveggja námskeiða við Líf- og umhverfisvísindadeild, námskeiðunum Náttúrufræði og Vistfræði spendýra.

Í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands kom Háskólalestin til Húsavíkur seint í maí með fjölbreytta dagskrá. Marianne kynnti rannsóknir sínar á hljóðheimi hvala á vísindaveislu í tengslum við heimsóknina og heimsótti ásamt talsmanni samtakanna International Fund of Animal Welfare á Íslandi Grunnskóla Húsavíkur þar sem þau fræddu nemendur um lifnaðarhætti hvala við Ísland og rannsóknirnar sem stundaðar eru við setrið.



Pamir

Kunlun

Karakoram

Gandise

Himalayas

Demofangma

Nyadun



## Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi hóf starfsemi árið 2008 (og hefur starfað ýmist undir nafninu Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Austurlandi, Egilsstöðum, eða Rannsókn- og fræðasetur Austurlands). Starfshópur um endurskipulagningu starfseminnar, skipaður fulltrúum heimamanna og Háskóla Íslands, tók til starfa um mitt ár 2010. Starfshópnum var ætlað að líta til sérstöðu svæðisins og hvernig Háskóli Íslands og sveitarfélagið, í samvinnu við fleiri aðila, geta stuðlað að rannsóknum á Héraði, aukið möguleika almennings til menntunar og styrkt tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf. Niðurstöður starfshópsins lágu fyrir um mitt ár 2011. Í samræmi við tillögur hans var gerður samningur til fimm ára milli Háskóla Íslands og sveitarfélagsins Fljótshéraðs um verkefni sem miða að því að efla rannsóknir á þróun og uppbyggingu á háskólastarfsemi í sveitarfélaginu á þeim sviðum er tengjast svæðinu og byggjast á styrkleikum þess. Stefán Bogi Sveinsson, forseti bæjarstjórnar Fljótshéraðs, og Rögnvaldur Ólafsson, forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands, undirrituðu samninginn á Egilsstöðum 20. ágúst. Fjöldmenni var við undirritunina sem fór fram sömu helgi og Háskólalestin heimsótti Egilsstaði en viðburðir í tengslum við ferð Háskólalestarinnar um Austurland vöktu verðskuldaða athygli og voru afar fjölsóttir.

Samkvæmt ákvæðum samningsins skal á fyrstu tveimur árum gildistímans styrkja verkefni á sviði rannsókna og fræða sem unnin eru á Fljótshéraði eða með beinni tengingu við svæðið. Á árinu var lagt fé til rannsóknarinnar Önnu Guðrúnar Edvardsdóttur, doktorsnema á Austurlandi, þar sem hún skoðar tengsl háskólamenntunar og byggðapróunar og kannar þá menntunarlegu, samfélagslegu og pólitísku orðræðu sem birtist þegar rætt er um eflingu háskólamenntunar á landsbyggðinni frá 1990 til samtímans. Auk launa og launatengdra gjalda, greiddi Stofnun rannsóknasetra ferða- og dvalarkostnað vegna vinnunnar á Austurlandi og útvegaði starfsaðstöðu. Ákveðið var að verja hálfri milljón króna til að styrkja rannsókn Guðrúnar Jónsdóttur á Egilsstöðum á ónýttum möguleikum í atvinnustarfsemi tengdri hreindýraveiðum og verður framlagið greitt við skýrsluskil. Eitt af meginverkefnum setursins er að stuðla að auknum möguleikum til háskólamenntunar á svæðinu og var í því skyni ákveðið að styðja við fjarkennslu í aðferðafræði á vegum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands í samvinnu við Þekkingarnet Austurlands. Um tuttugu nemendur í meistaranámi af Austurlandi voru skráðir í námskeiðið og greiddi setrið laun og ferðakostnað tveggja aðstoðarkennara á svæðinu, þeirra Sigrúnar Harðardóttur og Tinnu Halldórsdóttur. Þá var greiddur allur kostnaður vegna ferða beggja umsjónarmanna námskeiðsins, Guðrúnar Kristinsdóttur prófessors og Amalíu Björnsdóttur dósents, frá Reykjavík til Egilsstaða þar sem kenndar voru tvær staðlotur. Mikil ánægja var með þetta fyrirkomulag sem sparaði nemendum bæði tíma og fé og verður áfram unnið með þekkingarnetinu að því að bæta aðgengi nemenda í fjarnámi við Háskóla Íslands að kennurum og stuðningi.

## Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði var stofnað 30. nóvember 2001 (það starfaði áður ýmist undir nafninu Háskólasetrið á Hornafirði eða Fræðasetrið á Hornafirði). Meginhlutverk þess er að auka þekkingu á umhverfi, náttúruferjum, menningu og samfélagi á Suðausturlandi, bæði með sjálfstæðum rannsóknum og með því að veita fræðimönnum og nemendum aðstöðu til rannsókn- og fræðastarfs. Rannsóknasetrið er til húsa í þekkingarmiðstöðinni Nýheimum á Höfn og tekur virkan þátt í fjölbreyttri starfsemi sem þar á sér stað. Forstöðumaður setursins er Þorvarður Árnason umhverfis- og náttúrufræðingur. Auk hans störfuðu þrjú fastráðnir starfsmenn við setrið á árinu: Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur, í stöðu sérfræðings allt árið, og verkefnisstjórnir Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir og Sandra Björg Stefánsdóttir, en þær hurfu báðar til annarra verkefna um miðbik ársins. Tveir starfsmenn voru í verkefnabundnum hlutastörfum við setrið, Johannes T. Welling umhverfisfræðingur og Hólmfríður B. Þrúðmarsdóttir ferðamálafræðingur. Jafnframt voru tveir námsmenn í sumarstörfum við setrið. Meginviðfangsefni

Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði eru annars vegar rannsóknir á sviði umhverfismála og náttúruverndar (m.a. rannsóknir á landslagi og stjórnun friðlýstra svæða) og hins vegar rannsókn- og þróunarverkefni sem varða sjálfbæra ferðaþjónustu og nýsköpun í ferðaþjónustu í dreifðum byggðum (t.d. vetrarferðaþjónustu, fræðandi ferðaþjónustu o.fl.). Við setrið eru einnig stundaðar rannsóknir á bókmenntum og listum og þar hafa enn fremur verið unnin verkefni í landfræði, jöklafræði og þjóðfræði. Setið stendur reglulega fyrir vettvangsnámskeiðum í samvinnu við ýmis svið og námsbrautir Háskóla Íslands og aðrar háskólastofnanir. Sérfræðingar setursins sinna jafnframt stundakennslu við Háskóla Íslands og leiðbeina meistara- og doktorsnemum.

Viðamestu verkefni rannsóknasetursins á árinu voru:

- frágangur á Northern Environmental Education Development project (NEED), fjölþjóðlegu samstarfsverkefni um þróun umhverfismenntar og fræðandi ferðaþjónustu í tengslum við friðlýst svæði
- framhald rannsókna á viðhorfum ferðamanna til vetrarferðamennsku á Íslandi
- vinna við verkefnið Matur og sjálfbær ferðaþjónusta, sem er samstarfsverkefni fjölmargra innlendra aðila undir forystu Matís ohf.
- undirbúningur, umsjón og skýrslugerð vegna íbúðapings á Hornafirði.

Meðal annarra verkefna má nefna rannsóknir á höfundarverki Þórbergs Þórðarsonar, vinnu við verkefnið Fræðandi ferðaþjónusta á Suðurlandi, rannsóknir á útivistarhegðun ferðamanna í Vatnajökulsþjóðgarði, ráðgjöf vegna stefnumótunar í Ríki Vatnajökuls ehf., ráðgjöf við gerð deiliskipulags við Jökulsárlón og skipulag og umsjón með heilsuþingi á Hornafirði.

Á árinu var haldið vettvangsnámskeið við setrið í samvinnu við námsbraut í umhverfis- og auðlindafræði og var það í þriðja sinn sem námskeiðið var kennt. Forstöðumaður setursins tók einnig þátt í undirbúningi og framkvæmd námsheimsóknar 50 nemenda úr Listaháskóla Íslands til Hornafjarðar. Setrið hafði enn fremur milligöngu um komu fjögurra erlendra námshópa til Hornafjarðar og annaðist kennslu fyrir tvo þeirra að hluta. Forstöðumaður kenndi einnig stundakennslu í tveimur námskeiðum, þar af einu hjá Listaháskóla Íslands, og var meðumsjónarmaður evrópskrar námsheimsóknar sem haldin var á Hornafirði að hluta. Þá kenndi hann á námskeiði fyrir norræna doktorsnema í umhverfishugvísindum sem haldið var í Svíþjóð á vegum Nordic Network for Interdisciplinary Environmental Studies. Loks tóku starfsmenn setursins virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd þeirra viðburða sem tengdust komu Háskólalestarinnar til Hafnar um miðjan maí.

Haldin var ein ráðstefna og þrjú málþing á vegum rannsóknasetursins eða í samstarfi við það á árinu. Þorvarður flutti alls fimmtán fræðilega fyrirlestra á árinu, þar af fjóra erlendis, og Soffía Auður fimm. Þorvarður var einnig prófdómari einnar meistaratitgerðar og sat í valnefnd vegna stöðu lektors í ferðamálafræðum. Þá sá Soffía Auður um gerð þriggja útvarpsþátta um bókmenntir fyrir Ríkisútvarpið.

## Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi var stofnað vorið 2009 (undir nafninu Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi, Selfossi og Gunnarsholti). Forstöðumaður setursins er Tómas Grétar Gunnarsson vistfræðingur. Auk forstöðumanns í fullu starfi unnu tveir starfsmenn í hlutastarfi við setrið á árinu. Vigfús Eyjólfsson sinnti umsjónu gagnagrunna og Lilja Jóhannesdóttir vann að afmörkuðu verkefni síðustu tvo mánuði ársins.

Allmargir nemendur störfuðu á árinu við setrið. Þeir stunduðu fjölbreyttar rannsóknir, einkum á stofnvistfræði fugla, líffræðilegri fjölbreytni og landnotkun. Oft er samstarf við sérfræðinga á öðrum

stofnunum við að leiðbeina þeim. Meistaraneimar við setrið voru: Elke Wald, sem lauk MS-námi um áramótin en meistaraverkefni hennar var yfirlit um manngerðar landbreytingar á Suðurlandi frá 1900 til okkar tíma; Borgný Katrínardóttir, sem rannsakaði mikilvægi hálfgróinna áreyra á Íslandi fyrir heimsstofn spóa; Böðvar Þórisson, sem rannsakaði stofnvistfræði sandlóu; Heiða Gehringer, sem rannsakaði áhrif eldgosa á líffræðilega fjölbreytni í nágrenni Heklu; Brynja Davíðsdóttir, sem rannsakaði áhrif mismunandi uppgræðsluáðferða á líffræðilega fjölbreytni; og Lilja Jóhannesdóttir, sem kannaði tengsl mismunandi landgerða á láglandi við fuglalíf. Nemendur sem tengdust setrinu en höfðu aðalleiðbeinendur og aðsetur annars staðar voru meistaraneimarnir Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Helgi Guðjónsson og doktorsnemarnir Freydis Vigfúsdóttir og Þórður Örn Kristjánsson. Þau stunduðu öll hagnýtar rannsóknir á fuglum (rjúpu, grágæs, kríu og æðarfugli) með tilliti til nýtingar og verndar.

Tómas Grétar Gunnarsson, forstöðumaður setursins, hefur frá árinu 1999 verið einn af forsvarsmönnum alþjóðlegs verkefnis sem miðar að því að öðlast betri skilning á stjórnun farfuglastofna. Farfuglar lifa tvöföldu lífi og stofnar þeirra stjórnast af samspili þátta sem verka á vetrarstöðvum, varpstöðvum og á farflugi. Íslenskir jaðrakannar henta vel sem líkan og eru viðfangsefni þessara rannsókna. Nýjustu niðurstöður verkefnisins komu út á árinu í tímariti konunglegu bresku vísindaakademíunnar. Leiðangrar erlendra samstarfsmanna koma til Íslands á hverju ári undir merkjum verkefnisins og leggja að jafnaði til um 400 manndaga á ári við rannsóknir. José Alves nýdoktor starfaði við setrið frá apríl til júlí við þetta verkefni. Hann er styrktur af breska rannsóknaráðinu og 2011 var þriðja árið sem hann stundaði rannsóknir við setrið.

Forstöðumaður setursins gegndi ýmsum trúnaðarstörfum á árinu. Þar má nefna andmæli við doktorsvörn Frédericks Robin við háskólann í La Rochelle í Frakklandi í febrúar, setu í nefnd umhverfisráðherra um endurskoðun laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og stjórnarmennsku í alþjóðlegum samtökum vaðfuglasérfræðinga (International Wader Study Group), í Votlendissetri Landbúnaðarháskóla Íslands og Vistfræðifélagi Íslands. Hann hafði einnig umsjón með kennslu í fuglafræði við Háskóla Íslands og var, ásamt öðrum, í forsvari fyrir klasann Fuglar á Suðurlandi sem styrktur er af Vaxtarsamningi Suðurlands. Háskólalestin og Háskóli unga fólksins heimsóttu Suðurland í byrjun maí í samstarfi við setrið á afmælisári háskólans. Haldin var viðamikil dagskrá á Hvolsvelli af þessu tilefni, m.a. vísindaveisla þar sem Tómas flutti erindi um farfugla.

Setrið starfar með sérfræðingum á ýmsum stofnunum við rannsóknir, við að leiðbeina stúdentum og fleira. Þar má helst nefna Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, Landgræðslu ríkisins, Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólafélag Suðurlands, Hekluskóga, University of East Anglia og Cambridge University í Bretlandi.

Þrjár greinar sem tengdust setrinu birtust í alþjóðlegum fagttímaritum á árinu. Greinunum í Bird Study og Proceedings of the Royal Society of London fylgdu forsíðumyndir sem Sigurjón Einarsson tók.

## **Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum**

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum var stofnað árið 2004 (undir nafninu Háskólasetur Suðurnesja, Sandgerði). Rannsóknir á vegum setursins tengjast einkum lífríki sjávar og fuglum og er sérstök áhersla lögð á rannsóknir á áhrifum mengandi efna á sjávarlífverur. Umfangsmiklir þættir verklegrar kennslu í eiturefnavistfræði og fleiri greinum innan líffræði við Háskóla Íslands fara fram í Sandgerði og innlendir sem erlendir vísindamenn og nemendur nýta aðstöðuna þar.

Forstöðumaður Rannsóknasetursins var Halldór Pálmar Halldórsson sjávarlíffræðingur. Óskar Sindri Gíslason var verkefnaráðinn allt árið en Ásdís Ólafsdóttir og Fannar Þeyr Guðmundsson unnu við rannsóknir í hlutastörfum.

Rannsóknnum á hinum nýja landnema grjótkrabba var haldið áfram og var m.a. könnuð útbreiðsla hans ásamt vinnslu- og nýtingarmöguleikum. Stofnstærðin var metin út frá merkingum og endurheimtum en aðferðinni hefur ekki verið beitt fyrr við stofnstærðarmat á kröbbum hér við land. Tvö viðamikil samstarfsverkefni á sviði mengunarrannsókna hófust á árinu. Þau nefnast Pristine Arctic og Ísland, hreint og ómengað? Áhrif olíumengunar á ósnortin strandsvæði Íslands. Bæði lúta þau að kortlagningu þungmálma og PAH-sambanda á norðurslóðum þar sem uppsöfnun og áhrif efnanna á krækling og þorsk eru rannsökuð. Norden og Verkefnasjóður sjávarútvegsins styrkja verkefnið.

Forstöðumaður setursins var umsjónarmaður tveggja framhaldsnema við Háskóla Íslands sem fengu styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna til rannsókna á öðuskel. Verkefnið var tilnefnt til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands. Þá voru fuglaspjöld útbúin í samvinnu við Náttúrustofu Reykjaness og þau sett upp við setrið um sumarið.

Ýmis smærri verkefni á sviði sjávarlíffræði voru unnin á árinu í samstarfi við innlenda og erlenda aðila. Setrið sinnti tveimur þjónustuverkefnum sem fólust í umsjón með kræklingavöktun við iðjuverin í Hvalfirði og umhverfisrannsóknum fyrir HS Orku í tengslum við jarðhitanýtingu. Líkt og undanfarin ár er forstöðumaður setursins umsjónarmaður og skipstjóri á Sæmundi fróða RE, rannsóknabáti Líffræðistofnunar Háskóla Íslands, og hefur báturinn nýst við ýmis rannsókn-, kennslu- og þjónustuverkefni á vegum rannsóknasetursins og Líffræðistofnunar.

Forstöðumaður sá um hluta verklegar kennslu í eiturefnavistfræði við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands og fór kennslan fram í Sandgerði.

Í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands kom Háskólalestin til Sandgerðis í ágúst ásamt Háskóla unga fólksins. Setrið kynnti starfsemi sína með fyrirlestrahaldi og opnu húsi fyrir almenning. Líkt og undanfarin ár kynntu starfsmenn setursins rannsóknir sínar á Vísindavöku Rannís í Háskólabíói og sýndu m.a. lífandi dýr í sjávarbúrum. Setrið var í sjónvarpsþættinum Landanum í Ríkissjónvarpinu í júlí en farið var með þáttarstjórnendur að tína öðu úti fyrir Vogum á Vatnsleysuströnd og líffræði öðunnar og rannsóknir á henni kynntar.

Rannsóknasetrið samnýtir aðstöðuna að Garðvegi 1 og vinnur að ýmsum rannsóknum með Náttúrustofu Reykjaness, Botndýrastöðinni og Fræðasetrinu í Sandgerði og eru ýmis rannsóknaverkefni unnin í góðri samvinnu við þau. Rannsóknasetrið og Matís eru í samstarfi um nýjar mengunarrannsóknir í verkefnum Pristine Arctic og Ísland, hreint og ómengað?, sem fela m.a. í sér að bíoámarkerum er beitt og þungmálmar og PAH-efni eru mæld. Aðrir samstarfsaðilar eru háskólar og rannsóknastofnanir í Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Færeyjum og á Grænlandi. Setrið stóð fyrir vinnufundum með innlendum og erlendum vísindamönnum í tengslum við samnorræna verkefnið Pristine Arctic og vegna IceAge-leiðangurs þýska rannsóknaskipsins Meteor. Setrið tók þátt í að skipuleggja leiðangurinn en tekin voru botnsýni umhverfis Ísland. Gistinætur erlendra fræðimanna og nema sem nýttu aðstöðuna eða unnu í tengslum við setrið voru um 200 á árinu.

## Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Starfsemi Árnastofnunar var blómleg á árinu. Innan stofnunarinnar er unnið að fjölbreyttum verkefnum sem hverfast um að varðveita, efla og rannsaka margvísleg gögn stofnunarinnar (s.s. handrit og skjöl, hljóðupptökur, örnefnaskrár og orðfræðisöfn) og miðla þeim til almennings og

fræðimanna um allan heim. Stofnunin er háskólastofnun í góðu samstarfi við íslenska háskóla, ekki síst Háskóla Íslands, en samstarfssamningur er í gildi milli stofnananna. Starfsmenn kenna námskeið við skólann og háskólakennarar og stúdentar nýta sér rannsóknabókasafn stofnunarinnar, auk þess sem nemendum í framhaldsnámi er veitt vinnuaðstaða við stofnunina. Stofnunin stendur fyrir sumarnámskeiðum í íslensku sem erlendu máli, í samstarfi við Háskóla Íslands, og á árinu var alþjóðlegi sumarskólinn í handritafræði haldinn í Reykjavík. Stofnunin tók einnig þátt í aldarafmæli háskólans. Stofnunin á fulltrúa í stjórn Miðaldastofu og Rannsóknastofu í máltileinkun og tekur virkan þátt í faglegru stefnumótun meistaranámsins Medieval Icelandic Studies. Stofnunin er í nánum tengslum við vísindamenn og systurstofnanir á sínu fræðasviði um allan heim. Forstöðumaður Árnastofnunar, Guðrún Nordal, er jafnframt prófessor við Hugvísindasvið Háskóla Íslands. Guðrún Kvaran er einnig prófessor við Hugvísindasvið.

Meðal áfanga á árinu má nefna að fyrsta útgáfa veforðabókarinnar ISLEX var formlega opnuð í Norræna húsinu. ISLEX er íslensk-norræn veforðabók sem unnin var í samvinnu stofnunarinnar við Háskólann í Gautaborg, Háskólann í Bergen og Det Danske Sprog- og Litteraturselskab (DSL) í Kaupmannahöfn. Starfandi hefur verið sérstök samráðsnefnd allra aðildarstofnana og hafa Guðrún Kvaran og Jón Hilmar Jónsson verið fulltrúar Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í þeirri nefnd. Verkefnisstjóri ISLEX er Halldóra Jónsdóttir og aðalritstjóri er Þórdís Úlfarsdóttir.

Á árinu bar til tíðinda að stofnunin sýndi átta handrit í Frankfurt í tengslum við bókamessuna þar í borg. Farin var sú óvenjulega leið að tengja handritin við sýningu á verkum íslensks nútímalistamanns og efna þannig til samtals milli nútíma og fortíðar. Schirn Kunsthalle valdi myndlistarkonuna Gabríelu Friðriksdóttur til þessa samstarfs. Svo mörg íslensk handrit hafa ekki áður verið sýnd í Þýskalandi enda vakti koma þeirra mikla athygli fjölmiðla. Jafnframt var gefin út vegleg bók um sýninguna, m.a. með greinum um handritin og íslenskar fornbókmenntir. Sýningin var opnuð 28. september.

## Kennsla

Starfsmenn kenna jafnan námskeið á fræðasviði sínu við Háskóla Íslands. Haraldur Bernharðsson kenndi námskeiðið Forníslenska á haustmisseri og Skrift og handrit á vormisseri. Svanhildur Óskarsdóttir og Jóhannes B. Sigtryggsson kenndu námskeiðið Handritavinna á vormisseri. Gísli Sigurðsson kenndi námskeiðið Söfnun þjóðfræða á vormisseri og Munnleg hefð og íslenskar fornsögur og kvæði á haustmisseri. Rósa Þorsteinsdóttir hafði umsjón með og kenndi á námskeiðinu Þjóðlagaakademía 2011 sem haldið var af stofnuninni og Þjóðlagasetri sr. Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði í samvinnu við Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands. Ágústa Þorbergsdóttir kenndi námskeiðið Íðorðafræði í þýðingafræði. Hún kenndi einnig samnorrænt íðorðanámskeið í fjarkennslu á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Copenhagen Business School, Syddansk Universitet í Kolding, Norges Handelshøyskole í Bergen, Vasa-háskóla og Terminologicentrum í Stokkhólmi. Jóhannes Bjarni Sigtryggsson hélt fyrirlestur um íslensku 16. nóvember í námskeiðinu Íslensk menning í Háskóla Íslands. Guðrún Kvaran var gestakennari í MA-námskeiðinu Nordisk sprogpolitik og internordisk kommunikation á haustmisseri. Ásta Svavarsdóttir og Sigrún Helgadóttir kynntu málgögn og gagnasöfnum hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í námskeiðinu Rannsóknir og rannsóknaraðferðir á vormisseri.

Fjölmarginir nemendur í BA- og MA-námi nutu góðs starfsmönnum stofnunarinnar sem leiðbeinendum við lokaritgerð eða unnu rannsóknaverkefni sitt við bókasafn stofnunarinnar. Nokkrir doktorsnemar höfðu fasta aðstöðu á stofnuninni.

## Hús íslenskra fræða

Hönnun á hinu nýja Húsi íslenskra fræða var að mestu lokið á árinu. Starfsstöðvar Árnastofnunar voru þrjár á árinu, auk þess sem handritasýning stofnunarinnar var í Þjóðmenningarhúsinu. Á nýjum stað mun starfsemi stofnunarinnar loks sameinast á einn stað og tengjast Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands traustum böndum.

Nánari upplýsingar um starfsemina á árinu má finna í ársskýrslu 2011 sem er aðgengileg á vef stofnunarinnar: [www.arnastofnun.is](http://www.arnastofnun.is).

## Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og þverfræðilegar rannsóknir

Stofnun Sæmundar fróða sinnir rannsóknum og kennslu um sjálfbæra þróun og er vettvangur fyrir þverfræðilegar rannsóknir með samvinnu innan Háskóla Íslands og utan. Stofnunin vinnur náið með meistaranámsbraut í umhverfis- og auðlindafræði.

Öll fræðasvið Háskólans eiga aðild að stofnuninni og fulltrúa í stjórn hennar.

### Stjórn

Árný Erla Sveinbjörnsdóttir jarðeðlisfræðingur vaer formaður stjórnar og varamaður hennar var Birgir Hrafnkelsson dósent. Aðrir stjórnarmenn voru Ellý Katrín Guðmundsdóttir borgarlögmaður (varamaður hennar var Laura Scheving Thorsteinson, verkefnastjóri hjá landlæknisembættinu), Gísi Pálsson prófessor (varamaður hans var Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor), Róbert H. Haraldsson prófessor (varamaður hans var Sigríður Þorgeirsdóttir prófessor) og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor (varamaður hans var Allyson MacDonald prófessor).

### Aðstaða og starfsmenn

Stofnun Sæmundar fróða er til húsa á 3. hæð í Gimli þar sem hún hefur þrjár skrifstofur til umráða auk vinnuaðstöðu í opnu rými fyrir verkefnaráðna sérfræðinga.

Fastráðnir sérfræðingar stofnunarinnar í hlutastarfi eru Brynhildur Davíðsdóttir, forstöðumaður meistaranáms í umhverfis- og auðlindafræði, Guðrún Pétursdóttir framkvæmdastjóri og Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindafræðingur.

Verkefnaráðnir sérfræðingar á árinu voru: Anna Theodóra Rögnvaldsdóttir, Ásdís Jónsdóttir, Hanne Krage Carlsen, Herdís Sigurjónsdóttir, Hildur Friðriksdóttir, Katrín Georgsdóttir, Rene Biasone og Tryggvi Hjörvar.

Auk þeirra höfðu doktors- og meistaranemar vinnuaðstöðu á vegum stofnunarinnar.

### Rannsóknaverkefni

Unnið var að 23 rannsóknaverkefnum á árinu, sem öll eru þverfræðileg en með mismunandi áherslum. Hér verður gerð grein fyrir helstu verkefnum sem unnin voru á hverju sviði.

### Megináhersla á Félagsvísindasviði:

- Tenging vísinda og mannúðarstarfs. Verkefnið var samstarfsverkefni námsbrautar í umhverfis- og auðlindafræði og International Red Cross Climate Center. Fyrsti meistaranemi var útskrifaður og annar að ljúka ritgerð.
- Total Cost Assessment. Verkefnið fólst í að setja upp aðferðir til að meta heildstætt bein og óbein efnahagsleg áhrif tækniframfara. Einn doktorsnemi var ráðinn til verkefnisins.
- Framfarastuðullinn Genuine Progress Indicator fyrir Ísland. Verkefnið var unnið í samvinnu framhaldsnema við University of Vermont og námsbrautar í umhverfis- og auðlindafræði. Fyrsta mat á framfaravísi lá fyrir í lok árs.
- Coast Adapt – Aðlögun strandsamfélaga að breyttu náttúrufari. Lokaáfangi verkefnisins hóst á árinu en það er unnið á vegum Northern Periphery Programme.;
- Virði Heiðmerkur – Mat á efnahagslegu mikilvægi þjónustu náttúrunnar í Heiðmörk. Fjórir meistaranemar og einn BS-nemi sem unnu að verkefninu útskrifuðust og einn doktorsnemi útskrifast væntanlega 2012. Fimm greinar um verkefnið komu út á árinu og í árslok var áætlað að bækur kæmu út um verkefnið á íslensku og ensku.

#### **Megináhersla á Hugvísindasviði:**

- Sjálfbærni og menning. Verkefnið er Cost-samstarfsnet undir stjórn Háskólans í Jyväskylä í Finnlandi.
- Heilsuveitur um samspil vatns- og fráveitna og heilsufar í Reykjavík á 20. öld. Einn nemi lauk meistaraþrófi og útvarpsþætti og við áramót hugði hann á greinaskrif um verkefnið.

#### **Megináhersla á Menntavísindasviði:**

- NORSED. Verkefnið er norrænt námskeið um menntun til sjálfbærni.
- Gerð kennsluefnis um sjálfbærni. Verkefni var í undirbúningi við áramót.

#### **Megináhersla á Verkfræði- og náttúruvísindasviði:**

- SÓLEY. Verkefnið fjallar langtímaáhrif loftslagsbreytinga á plöntur og gróðurfar á Íslandi. Það felst m.a. í samstarfsneti um vöktun blómgunar sem komið var á fót um allt land á árunum 2009 og 2010 og fastir gróðurreitir voru settir út sumarið 2011. Verkefnið er unnið í samstarfi við Líffræðistofnun Háskóla Íslands og Landgræðslu ríkisins.
- Ágengar tegundir og landgræðsla. Verkefnið er unnið í samstarfi við Landgræðslu ríkisins. Verkefni skiptist í: a) útbreiðsla lúpínu skráð af gervitunglamyndum (MS-nemi í Svíþjóð lauk verkefninu); b) tengsl fræþroska og aðgerðatíma (tilraunir voru gerðar sumurin 2010 og 2011 og áætluð lok verkefnisins eru vorið 2012 þegar greinaskrif eru ráðgerð).
- Soiltec – mat á efnahagslegu mikilvægi jarðvegs. Doktorsnemi var ráðinn í verkefnið.
- Aðlögun að loftslagsbreytingum. Verkefnið er unnið undir merkjum NORD-STAR: Öndvegisáætlunar Norden. Þeir verkþættir sem voru undir stjórn íslensku þátttakendanna voru: greiningar á orkukerfum og eftirspurn, auk greininga á landnotkun.
- Möguleikar og hagkvæmni þess að nýta lífrænan hluta skólps til metanframleiðslu á ökutæki. Verkefnið var meistaraverkefni í samvinnu við Metan hf.
- Low Carbon Futures. Verkefnið fólst í: a) samstarfi við International Energy Agency um að draga úr kolefnismengun á Íslandi og Norðurlöndum. Rannsóknasérfræðingur var ráðinn; b) samstarfi við Háskólann í Reykjavík um líkanagerð um sjálfbær farartæki og ferðamáta. Nýdoktor var ráðinn.
- Endurskoðun umhverfismats vegna háspennulagna. Komið var að lokaáfangi verkefnisins.
- Greiðsluvilji almennings til að losna við sjónmengun vegna háspennumastra. Meistararitgerð var lokið.
- Rafsamgöngur – Gerð kvikra kerfislíkana um áhrif mismunandi þátta að innleiðingu rafbíla.
- Sjálfbærnisvísar fyrir nýtingu jarðhita. Doktorsnemi hóf störf á árinu.

#### **Megináhersla á Heilbrigðisvísindasviði:**

- Öryggiskerfi í skipum og olíuborpöllum á heimskautasvæðum. Verkefnið var unnið í samstarfi við SINTEF, með styrk frá norska rannsóknarráðinu.
- Gagnagrunnur um slys á sjó. Verkefnið var unnið í samstarfi við Rannsóknarnefnd sjóslysa og Siglingastofnun. Tryggvi Hjörvar vann að lokaáfangi verkefnisins við áramót.
- Loftgæði og heilsa. Verkefni snerist um hvernig má bæta loftgæði, einkum í umhverfi barna og ungmenna og var unnið á vegum umhverfisráðherra og velferðarráðherra.
- Eldgos og heilsa um áhrif eldgossins í Eyjafjallajökli á heilsu manna og dýra. Úrvinnslu fyrsta áfanga verkefnisins lauk á árinu og grein um það var í smíðum við áramót. Verkefnið er einkum unnið í samstarfi við Miðstöð í lýðheilsufræðum, Lungnadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss og sérfræðinga utan Háskóla Íslands.

Eins og áður tóku starfsmenn stofnunarinnar virkan þátt í stjórnun og ráðum á sviði sjálfbærni, bæði heima og erlendis.

## Viðburðir

Stofnun Sæmundar fróða stóð fyrir eftirtöldum viðburðum á árinu:

- Guðmundur Ingi Guðbrandsson hélt Sæmundarfyrirlestur þann 25. febrúar sem nefndist Hvað er að marka spár í mati á umhverfisáhrifum? Niðurstöður sannprófunar umhverfisáhrifa Sultartangalínu 3.
- Í tilefni af fimm ára afmæli Stofnunar Sæmundar fróða hélt David Suzuki hátíðarfyrirlestur þann 1. október á málþingi sem haldið var í samstarfi við Alþjóðamálastofnun og alþjóðlegu kvikmyndahátíðina RIFF.
- Málstofa á ráðstefnunni Þræðir og fléttur: Menntun, samfélag og umhverfi, sem Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum hélt 5. nóvember.
- Laxfiskar og virkjanir. Málþing sem Stofnun Sæmundar fróða hélt í samstarfi við Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands og NASF, verndarsjóð villtra laxastofna, 3. nóvember.

## Kennsla

Starfsmenn Stofnunar Sæmundar fróða sinntu töluverðri kennslu á árinu. Guðrún Pétursdóttir kenndi fósturfræði og lífeðlisfræði við Hjúkrunarfræðideild, Brynhildur Davíðsdóttir veitti meistaranámi í umhverfis- og audlindafræðum forstöðu og kenndi lykilmámskeið í því námi og Guðmundur Ingi Guðbrandsson kenndi ýmis námskeið tengd vistfræði og umhverfisfræðum. Öll leiðbeindu þau einnig nemendum í framhaldsnámi.

## Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum

### Almennt yfirlit, stjórn og starfsmenn

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er meginmiðstöð rannsókna á dýrasjúkdómum í landinu. Stofnunin tengist Læknadeild Háskóla Íslands og hefur sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag. Í stjórn Tilraunastöðvarinnar voru: Sigurður Guðmundsson, forseti Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands, formaður, Eva Benediksdóttir dósent, Halldór Runólfsson yfirdýralæknir, Ólöf G. Sigurðardóttir dýralæknir og Stefanía Þorgeirsdóttir frumulíffræðingur. Forstöðumaður er Sigurður Ingvarsson prófessor og framkvæmdastjóri er Helgi S. Helgason viðskiptafræðingur. Starfseminni er skipt í þrjár fagdeildir: 1) veiru- og sameindalíffræðideild, yfirmaður hennar er Valgerður Andrésdóttir; 2) bakteríu- og sníkjudýradeild, yfirmaður hennar er Vala Friðriksdóttir; og 3) rannsóknadeild fisksjúkdóma, yfirmaður hennar er Árni Kristmundsson.



Alls inntu 60 manns um 45 ársverk af hendi á starfsárinu og er það fækkun frá árinu áður. Fimm starfsmenn unnu við stjórnsýslu, á skrifstofu og við afgreiðslu. Sérfræðingar voru alls 17 og þeim til aðstoðar hátt í þrjú tugir háskólamenntaðs, sérmenntaðs og ófaglærðs starfsfólks.

## Rannsóknir

Tilraunastöðin er metnaðarfull háskólastofnun með margþætta starfsemi og starfar hún fyrst og fremst sem rannsóknastofa. Helstu verkefni stöðvarinnar eru rannsóknir á dýrasjúkdómum í þeim tilgangi að efla skilning á eðli sjúkdóma og skapa nýja þekkingu. Hvatinn að hagnýtingu rannsóknanna er hversu mikilvægt er að dýr séu heilbrigð og beri ekki sjúkdóma í menn. Heilbrigð dýr eru auk þess forsenda fyrir arðbærum landbúnaði og fiskeldi. Mikilvægt er að stofnunin geti brugðist sem skjótast við nýjum og aðkallandi vandamálum á sviði sjúkdómagreininga. Tilraunastöðin hefur skapað sér sérstöðu með framúrskarandi rannsóknum m.a. vegna mannaúðs og sérstakrar sjúkdómastöðu á Íslandi, sem tiltölulega auðvelt er að halda skráningu yfir. Vegna einangrunar landsins eru hér vel skilgreindir dýrastofnar sem hafa annað næmi fyrir ýmsum sjúkdómum en gengur og gerist í heiminum. Rannsóknir á slíkum efnivið hafa gefið tilraunastöðinni sérstöðu. Helstu rannsóknasviðin voru ónæmis- og sjúkdómafræði fiska, veiru- og bakteríusýkingar í sauðfé og hestum, sumarexem í hestum, riða og skyldir sjúkdómar og sníkjudýrafræði. Auk hefðbundinna starfsmanna unnu nokkrir nemendur að rannsóknaverkefnum á fræðasviðum stöðvarinnar. Vegna rannsóknarumhverfisins á Keldum er tiltölulega hentugt að skilgreina ramma um rannsóknarnám á ýmsum stigum, allt upp í doktorsnám. Samt sem áður fækkaði nemendum á árinu. Allmargir áfangar náðust og voru þeir kynntir á fjölmörgum ráðstefnum hérlandis og erlendis. Í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum birtust m.a. niðurstöður rannsókna í bakteríu-, sníkjudýra- og ónæmisfræðum. Þar af voru birtar nítján greinar í ISI-tímaritum, sem er nálægt eða rétt undir meðaltali á undanförunum árum. Víðtækt samstarf er við erlendar alþjóðlegar stofnanir og háskóla. Innanlands hefur tilraunastöðin samstarf við stofnanir og háskóla um ákveðin verkefni og aðstaða og tæki eru samnýtt. Einnig er starfað með stjórnsýslustofnunum innanlands, s.s. Matvælastofnun. Samhliða þessu er samstarf stöðvarinnar við atvinnulífið fjölbreytt og gefandi. Má þar nefna landbúnað, fiskeldi og matvælaframleiðslu. Tilraunastöðin hefur þjónustuskyldur varðandi greiningar á dýrasjúkdómum en þær eru gerðar í nánum tengslum við rannsóknirnar til að samlegðaráhrif verði sem mest. Sértekjur fengust vegna útseldrar sérfræðivinnu, einkum við sjúkdómagreiningar. Tilraunastöðin framléiddi bóluferni og mótefnablöðvökva gegn bakteríusjúkdómum í sauðfé. Einnig var blóði úr hrossum, kindum og naggrísam safnað til notkunar á rannsóknastofum. Smádýr voru notuð við tilraunir, bæði tilraunir við Tilraunastöðina og aðrar rannsóknastofnanir.

## Kynningarstarfsemi

Tilraunastöðin miðlar þekkingu og upplýsingum til alþjóðlega vísindasamfélagsins og til að styrkja innlent atvinnulíf. Ársskýrslu stofnunarinnar var dreift víða, auk þess sem greinar, sem unnar voru við stöðina, voru birtar í vísindatímaritum, og Tilraunastöðin tók þátt í útgáfu tímaritsins *Icelandic Agricultural Sciences*, sem flokkast sem ISI-tímarit. Störf stofnunarinnar voru kynnt víða erlendis og innanlands á ráðstefnum og fundum. Fræðslufundir, haldnir að jafnaði hálfsmánaðarlega, voru öllum opnir og kynntir víða m.a. öllum háskólaborgurum og dýralæknum. Einnig var starfsemin kynnt á vísindavöku Rannís. Ítarlegar upplýsingar um starfsemina eru á heimasíðu stöðvarinnar ([www.keldur.is](http://www.keldur.is)).

## Annað

Niðurskurður á fjárlögum á árinu og nokkrum árum þar á undan hefur valdið truflunum í starfseminni. Fyrirsjáanlegt er að sá niðurskurður fjárveitinga sem þegar er orðinn mun valda

viðvarandi vandkvæðum í framtíðinni og er það verulegt áhyggjumál. Á tilraunastöðinni hefur þetta metnaðarleysi fjárveitingarvaldsins valdið miklum vonbrigðum því að mikilvægt er að varðveita og efla þessa þekkingarstofnun sem á framtíð fyrir sér og er í sterkum tengslum við atvinnulífið og sinnir þörfum þess. Framlög á fjárlögum voru á árinu um 189 m.kr., sértekjur námu um 129 m.kr. og styrkir fengust fyrir um 59 m.kr. Auk erlendra styrkja vegna samstarfsverkefna fengust styrkir til ýmissa annarra verkefna frá Rannís, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Hrossaræktarsamtökum Suðurlands, AVS rannsóknasjóði í sjávarútvegi og Framleiðnisjóði landbúnaðarins.



# Þjónustustofnanir

## Endurmenntun Háskóla Íslands

### Almennt

Frá árinu 1983 hefur Endurmenntun Háskóla Íslands verið leiðandi á sviði endur- og símenntunar á Íslandi og notið virðingar og trausts í hugum fólks. Hún lýtur yfirstjórn háskólaráðs og hlutverk hennar er að efla hæfni og þekkingu fólks í starfi og einkalífi.

Stefna Endurmenntunar Háskóla Íslands er að vera ávallt eftirsóknarverðasti kostur fyrirtækja, stofnana og einstaklinga til símenntunar á Íslandi. Með öflugri nýsköpun í námsframboði og þjónustu vinnur Endurmenntun að því að auka hæfni og þekkingu fólks í starfi og einkalífi. Með það að markmiði er unnið náið með deildum Háskóla Íslands og öðrum samstarfsaðilum. Endurmenntun er skilvirkur farvegur fyrir miðlun þekkingar Háskóla Íslands til samfélagsins.

### Stjórn og starfsfólk

Stjórn Endurmenntunar er skipuð af háskólaráði. Hún var óbreytt á árinu frá árinu áður en í henni áttu sæti: Magnús Þór Jónsson, prófessor á Verkfræði- og náttúruvísindasviði, formaður, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, lektor á Félagsvísindasviði, Hróbjartur Árnason, lektor á Menntavísindasviði, Oddný Sverrisdóttir, prófessor á Hugvísindasviði, og Vilborg Lofts, rekstrarstjóri á Heilbrigðisvísindasviði.

Endurmenntunarstjóri er Kristín Jónsdóttir Njarðvík. Hjá stofnuninni eru tólf stöðugildi. Í þjónustu starfa þrír starfsmenn, fimm sinna þróun og verkefnastjórn námsframboðs og tveir fjármálum, auk markaðs- og kynningarstjóra.

### Starfsemi

Viðskiptavinir Endurmenntunar voru um sjö þúsund á árinu. Vaxtarbroddurinn í starfsemi stofnunarinnar var aðallega tengdur námskeiðahaldi. Enn var slegið met í aðsókn að námskeiðum á sviði menningar, sjálfsræktar og tungumála, enda var framboð mjög fjölbreytt. Aðsókn að námsbrautum Endurmenntunar jókst á árinu og fleiri námsbrautir voru í boði en áður.

Námskeið voru haldin á eftirfarandi sviðum:

- Menning, sjálfsrækt og tungumál
- Upplýsingatækni
- Fjármál og reikningsskil
- Heilbrigðis- og félagssvið
- Sálgæsla
- Stjórnun og starfsþróun
- Verkfræði, tæknifræði og arkitektúr
- Uppeldis- og kennslusvið

Kennt var á eftirfarandi námsbrautum:

- Fjölskyldumeðferð

- Hugræn atferlismeðferð
- Leiðsögunám á háskólastigi
- Löggilding fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala
- Rekstur, stjórnun og markaðssetning smáfyrirtækja
- Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun

Auk þess voru fjölmörg eininganámskeið á grunn- og framhaldsstigi haldin í samstarfi við deildir Háskóla Íslands.

## Rekstur

Endurmenntun fór í gegnum sjálfsmat samkvæmt EFQM-líkani í árslok sem allt starfsfólk tók þátt í. Niðurstaða matsins leiddi m.a. í ljós að þeir þættir sem stofnunin getur einna helst státað sig af eru ánægja viðskiptavina og ánægja starfsfólks. Það kemur heim og saman við þær kannanir sem gerðar hafa verið með reglulegu millibili.

Tekjur Endurmenntunar hafa aukist jafnt og þétt síðustu ár og hélt sú aukning áfram á árinu.

# Happdrætti Háskóla Íslands

## Almennt

Happdrætti Háskóla Íslands var stofnað með lögum árið 1933. Starfsemin hófst í byrjun janúar 1934 og fyrsti útdráttur fór fram 10. mars það ár. Tilgangur happdrættisins er að afla fjár til húsbýgginga háskólans, viðhalds þeirra og til tækjakaupa. Háskóli Íslands var fyrst til húsa í Alþingishúsinu við Austurvöll en fjölgun nemenda leiddi til að þröng varð á þingi. Á árinu 1932 höfðu verið samþykkt lög sem heimiluðu að reist yrði háskólabygging. Heimildin var reyndar háð þeim fyrirvara að fé fengist til framkvæmdanna á fjárlögum. Það gekk ekki eftir enda heimskreppan í algleymingi. Þá var unnið að því að Háskóli Íslands fengi að nýta happdrættisleyfi sem stofnað hafði verið til með lögum árið 1926 og happdrættið síðan stofnað árið 1933, sem fyrr segir. Hin glæsilega háskólabygging, Aðalbygging háskólans, var tekin í notkun árið 1940. Það var álit margra að með henni væri húsnæðisþörf háskólans fullnægt fram á 21. öldina. Annað kom á daginn.

## Starfsfólk, stjórn og húsnæði

Stjórn happdrættisins var hin sama á árinu og hafði verið frá byrjun árs 2008 en hana skipuðu: Eyvindur G. Gunnarsson lektor, formaður, Ebba Þóra Hvannberg prófessor og Óskar Magnússon hrl.

Forstjóri happdrættisins var Bryndís Hrafnkelsdóttir og hóf hún störf í ágúst 2010. Tekjusvið happdrættisins eru þrjú og er rekstrarstjóri yfir hverju tekjusviði. Iðunn Eiríksdóttir var rekstrarstjóri flokkahappdrættis til vors 2011 en þá tók við starfi hennar Hans Júlíus Þórðarson sem áður hafði gengt stöðu markaðsstjóra. Róbert Sverrisson var rekstrarstjóri Gullnámu og Steinunn Björnsdóttir var rekstrarstjóri Happaþrennu. Yfirmaður stoðeilda var Alma Jónsdóttir sem jafnframt gegndi stöðu fjármálastjóra. Stoðugildi í árslok 2011 voru tuttugu og sjö.

Höfuðstöðvar Happdrættis Háskóla Íslands eru á Tjarnargötu 4 í Reykjavík en utan þeirra starfar fjöldi umboðsmanna víðs vegar um landið. Húseignin að Tjarnargötu 4 hefur verið í eigu happdrættisins frá miðju ári 2007 og er sá hluti hússins sem happdrættið nýtir ekki leigður út til ýmissa fyrirtækja. Ákveðið var að ráðast í gagngerar breytingar á 1. og 2. hæð, sem hýsir starfsemi

happdrættisins, og hófst undirbúningur á árinu en fyrirhugað var að hefja framkvæmdir í upphafi árs 2012. Lóðin að Tjarnargötu 8 er einnig í eigu happdrættisins, svo og Bíldshöfði 16, þar sem viðgerðaverkstæði happdrættisins er til húsa.

Happdrættið leitast við að fylgja framþróun varðandi tækni og leiki. Í því skyni hófust veigamiklar breytingar á happdrættisvélum Gullnámunnar í lok árs 2010 og er áætlað að þeim ljúki 2012. Í þessu felst að tölvukerfi hefur verið endurnýjað og í notkun tekið greiðslumiðakerfi sem leysir alla mynt af hólmi. Þá verður skipt um allar gamlar vélar og leiki og í staðinn kemur ný kynslóð happdrættisvéla sem m.a. er ætlað að ýta undir ábyrga spilahegðun. Í byrjun árs 2011 var nýjum leik í flokkahappdrættinu, sem fékk heitið Milljónaveltan, hleypt af stokkunum. Leikreglur eru þannig að 10 m.kr. eru í upphafi dregnar út. Gangi vinningurinn ekki út veltur hann áfram og bætist við útdrátt næsta mánaðar. Vinningsupphæðin getur því hækkað um 10 m.kr. á mánuði en féð gengur að fullu út í árslok. Undirtektir voru mjög góðar og hafði nýjungin jákvæð áhrif á flokkahappdrættið.

## Rekstrarafkoma og greiðslur til Háskóla Íslands

Rekstrartekjur Happdrættis Háskóla Íslands á árinu 2011 námu 4.460 m.kr. og höfðu hækkað um 1,1% frá árinu áður. Hagnaður fyrir fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld dróst saman um 2,9% frá árinu áður. Lögum samkvæmt skal hagnaði happdrættisins, að frádregnu leyfisgjaldi, sem greitt er til ríkisins, alls 150 m.kr., varið til uppbyggingar Háskóla Íslands. Hagnaðurinn rennur til nýbygginga, viðhalds fasteigna og lóða og til tækjakaupa. Á árinu 2011 voru greiddar 687 m.kr. til Háskóla Íslands og var það í samræmi við rekstraráætlun happdrættisins.

## Árangur í 75 ár

Á árinu 2009 varð Happdrætti Háskóla Íslands 75 ára. Allar byggingar háskólans hafa nær eingöngu verið kostaðar af happdrættisfé. Þær eru eftirfarandi og er tilgreint það ár sem þær voru teknar í notkun.

Atvinnudeildarhús (Jarðfræðahús/Setberg)	1937
Aðalbygging Háskóla Íslands	1940
Íþróttahús Háskóla Íslands	1948
Háskólabíó	1961
Aragata 9 (keypt)	1963
Árnagarður	1969
Lögberg	1972
VR-I	1972
Aragata 14 (keypt)	1973
VR-II	1975
Læknagarður 2.–3. hæð, Tannlæknadeild	1983
Oddi (fyrrri hluti)	1985
VR-III	1987
Læknagarður 4.–5. hæð, Læknadeild	1988
Tæknigarður	1988
Háskólabíó (stækkun, viðbótarsalir)	1990
Oddi (síðari hluti)	1990
Hagi við Hofsvallagötu (keyptur)	1991
VR-III (verkstæði)	1992
Nýi-Garður (keyptur)	1996
Askja (Náttúrufraeðahús)	2003
Háskólatorg	2007

Auk þess sem ofangreind hús hafa að nær öllu leyti verið reist fyrir happdrættisfé hefur happdrættið einnig kostað viðhald þeirra og háskólalóðarinnar. Þá hefur happdrættisfé verið notað til kaupa á rannsóknatækjum og nemur sú upphæð hundruðum milljóna króna.

## Lagalegt umhverfi

Samkvæmt lögum er óheimilt að reka happdrætti hér á landi nema með leyfi innanríkisráðherra. Tilgangurinn með ákvæðinu er að hamla gegn skaðlegum áhrifum á almenning og að halda uppi allsherjarreglu (e. public order). Í Evrópu hafa orðið málaferli m.a. vegna þess að ýmis einkafyrirtæki á happdrættismarkaði vilja ekki láta sér heimamarkað. Þau vilja einnig geta starfað á erlendum mörkuðum. Íslenski happdrættismarkaðurinn hefur orðið fyrir barðinu á ásókn erlendra einkafyrirtækja. Þar er einkum um að ræða fyrirtæki sem bjóða þjónustu sína á Vefnum. Hinn 4. maí 2007 skipaði þáverandi dómsmálaráðherra fastanefnd á sviði happdrættismála. Nefndin er nú skipuð fulltrúum happdrættanna og innanríkisráðuneytisins. Stjórnarformaður Happdrættis Háskóla Íslands, Eyvindur G. Gunnarsson, er formaður nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með Evrópurétti á sviði happdrættismála, gera tillögur til innanríkisráðherra um framkvæmd vísindarannsókna á spilafíkn og ólöglegum fjárhættuspilum og gera tillögur um réttarbætur á sviði happdrættismála. Í því sambandi má nefna að tvær lagabreytingar, sem máli skipta fyrir happdrætti, hafa orðið að lögum. Annars vegar er það lagabreyting árið 2010, sem bannar auglýsingar happdrætta sem eru rekin erlendis og hafa ekki leyfi samkvæmt íslenskum lögum um happdrætti. Hins vegar hefur fjölmiðlanefnd nú stjórnarsýslueftirlit með auglýsingum á happdrættis- og veðmálastarfsemi, sem áður var í höndum lögreglu, samkvæmt fjölmiðlalögum sem tóku gildi árið 2011.

## Eftirlit

Eftirlit með útdrætti og vinningum í Happdrætti Háskóla Íslands er í höndum sérstaks happdrættisráðs sem dómsmála- og mannréttindaráðherra skipar. Í því áttu sæti á árinu Bryndís Helgadóttir lögfræðingur, formaður ráðsins, Fanney Óskarsdóttir lögfræðingur og Rósa Dögg Flosadóttir lögfræðingur. Varamaður er Guðlaug Jónasdóttir lögfræðingur. Eftirlit með happdrættisvélum er hjá sýslumannsembættinu á Hvolsvelli en eftirlitið var flutt þangað frá innanríkisráðuneytinu 2007. Ársreikningar happdrættisins eru endurskoðaðir í umboði Ríkisendurskoðunar og birtast þeir í ríkisreikningi.

## Háskólaútgáfan

### Stjórn og starfsfólk

Stjórn útgáfunnar var þannig skipuð á árinu: Ástráður Eysteinnsson, formaður, Aðalheiður Jóhannsdóttir og Sigurður J. Hafsteinsson.

Starfslið útgáfunnar var þannig skipað: Sigríður Harðardóttir ritstjóri, Styrmir Goðason skrifstofustjóri, Kristinn Gunnarsson framleiðslustjóri, en hann lét af störfum um mitt ár, Rebekka Þráinsdóttir ritstjóri og Jörundur Guðmundsson forstöðumaður.

## Útgáfustarf

Sem fyrr barst útgáfunni umtalsverður fjöldi handrita á árinu til ritrýningar og ritstýringar og umfang þessarar vinnu vex sífellt. Ákveðið var þess vegna að útvista umbrot og grafíska hönnunarvinnu og bæta við ritstjóra. Mikill fjöldi akademískra starfsmanna háskólans og erlendra fræðimanna kemur einnig að þessu vinnsluferli. Útgefnir nýir titlar voru um fjörutíu og fimm talsins og endurútgáfur tæplega þrjátíu, auk misstórra prentverka fyrir yfirstjórn og fræðasvið skólans.

## Viðurkenningar

Eftirfarandi rit hlutu viðurkenningar á árinu:

Tilnefningar til verðlauna Hagþenkis:

- Erla Hulda Halldórsdóttir: Nútímans konur. Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850–1903.
- Úlfhildur Dagsdóttir: Sæborgin. Stefnumót líkama og tækni í ævintýri og veruleika.

Tilnefning til Fjöruverðlaunanna:

- Erla Hulda Halldórsdóttir: Nútímans konur. Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850–1903.

## Helstu rit

Helstu rit sem Háskólaútgáfan gaf út á árinu voru:

Að skilja undraljós.

Af fornum lögum og sögum.

Aldarsaga Háskóla Íslands 1911–2011.

Almanak Háskóla Íslands 2012.

Á rauðum sokkum.

Equality into Reality

Gripla XXII.

Hef ég verið hér áður? Skáldskapur Steinunnar Sigurðardóttur. Guðni Elísson o.fl. ritstj.

Hinn launhelgi glæpur.

Svala Ísfeld Ólafsdóttir ritstj.

Hliðargötur/Side Roads.

Jónas Þorbjarnarson

Hugur, 22. Árg.

Eyja M. Brynjarsdóttir ritstj.

Hugur, 23. Árg.

Henry Alexander Henrysson ritstj.

Hulin pláss.

Einar G. Pétursson

Iðja, heilsa og velferð.

Guðrún Pálmadóttir o.fl. ritstj.

Í hverri bók er mannsandi.

Guðrún Ingólfssdóttir

Lifandi mál.

Þórunn Blöndal

Lýðræði, réttlæti og menntun.

Ólafur Páll Jónsson

Milli mála. Ársrit SVF 2010.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum

Nauðgun.

Sigrún Júlíusdóttir

Nám fyrir alla.

Dóra S. Bjarnason

Nútímaheimilið í mótun.

Arndís Árnadóttir

Nútímans konur.

Erla Hulda Halldórsdóttir

Orð og tunga, 13. hefti.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum

fræðum

Rekferðir.

Guðni Elísson

Ritið: 1/2011. Háskóli í krísu.

Guðni Elísson og Jón Ólafsson



Ritið: 2/2011. Ljóð.  
Ritið: 3/2011. Evrópa.  
Sagan upp á hvern mann.  
Siðfræði og samfélag.  
Studier i AM 557 4to.  
Sæborgin.  
Textar og túlkun.  
Tímarit um menntarannsóknir 2011.  
Úr fórum orðabókarmanns.  
Veftímaritið Stjórnmal og stjórnsýsla  
Velferð barna.  
Árnason  
Viðbrögð úr Víðsjá.  
Viking Settlements and Viking Society.

Ásdís R. Magnúsdóttir og Pröstur Helgason  
Ásdís R. Magnúsdóttir og Pröstur Helgason  
Rósa Þorsteinsdóttir ritstj.  
Salvör Nordal og Vilhjálmur Árnason  
Guðvarður Már Guðlaugsson  
Úlfhildur Dagsdóttir  
Sveinn Yngvi Egilsson  
Gretar Marinósson  
Ásgeir Blöndal Magnússon  
S. tofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála  
Salvör Nordal, Sigrún Júlíusdóttir og Vilhjálmur  
Gauti Kristmannsson  
Svavar Sigmundsson o.fl. ritstj.

## Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er sjálfstæð háskólastofnun sem heyrir undir menntamálaráðuneytið. Samkvæmt lögum hefur safnið margþætt hlutverk, það er þjóðbókasafn, bókasafn Háskóla Íslands og rannsóknabókasafn sem skal halda uppi virkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs. Landsbókavörður er Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir. Í samstarfsnefnd voru Halldór Jónsson og Sigurður J. Hafsteinsson frá Háskóla Íslands og Áslaug Agnarsdóttir og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttur frá safninu. Velta safnsins á árinu var um 900 m.kr. og ársverk í árslok 72,25. Hér verður einkum fjallað um helstu samstarfsfleti háskólans og safnsins en nánari upplýsingar um starfsemina er að finna í ársskýrslu safnsins á vefnum [www.landsbokasafn.is](http://www.landsbokasafn.is).

### Háskólabókasafn

Meginmarkmið háskólabókasafnsins er að sinna þörfum kennslu og rannsóknastarfsemi í Háskóla Íslands og að stuðla að sjálfstæði og frumkvæði háskólanema í námi. Í safninu eru um tæplega milljón einingar, auk aðgangs að stafrænu efni.

### Gagnakaup

Lög um skylduskil til safna eiga að tryggja að safnið fái allt útgefið íslenskt efni að frátöldu sjónvarpsefni. Aðföng vegna Háskóla Íslands felast einkum í innkaupum á erlendu fræðiefni. Kennarar ákveða innkaup sem miðast við það fé sem svið skólans setja í ritakaup. Árið 2011 keyptu svið og deildir skólans prentað efni, diska og myndbönd fyrir 40,2 m.kr. og aðgang að stafrænum séráskriftum fyrir 7,5 m.kr. Þá var miðlægt framlag vegna landsaðgangs að stafrænum gagnasöfnum og tímaritum 34,5 m.kr. Þar fyrir utan er nokkuð keypt fyrir háskólann af því ritakaupafé sem safnið fær á fjárlögum.

### Stafræn gögn

Undanfarin ár hefur safnið lagt áherslu á að viðhalda aðgangi að stafrænum gagnasöfnum og tímaritum, bæði í landsaðgangi og svo séráskriftir fyrir einstakar deildir skólans sem eru aðgengilegar á háskólanetinu.

Samkvæmt þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið rekur safnið landsaðgang að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum á vefnum [www.hvar.is](http://www.hvar.is). Fimm manna stjórnarnefnd starfar við hlið landsbókavardar og hlutverk hennar er m.a. stefnumótun, ákvarðanir um samninga og um greiðsluskiptingu en bókasöfn, stofnanir og einkaaðilar greiða fyrir aðganginn. Fulltrúi háskólans í

stjórnarnefndinni var Sigurður J. Hafsteinsson og varamaður Baldvin Zarióh. Í gegnum landsaðgang er nú hægt að nálgast 14 gagnasöfn og heildartexta um 17.600 tímarita, auk útdráttar úr greinum 9.300 tímarita. Þrátt fyrir lágt gengi íslensku krónunnar hefur tekist að halda efni í landsaðgangi nánast óbreyttu undanfarin ár en aukafjárveitingar til þess hafa verið tryggðar af hálfu ríkisins. Heildarkostnaður við landsaðgang á árinu var 221 m.kr. Framlag ríkisins var um 113 m.kr. en Háskóli Íslands er langstærsti einstaki greiðandinn.

Með séráskriftum háskólans bætast við um 2.800 rafræn tímarit og önnur útgáfurit, auk 21 gagnasafns, s.s. Encyclopaedia of Geology, Palgrave Dictionary of Economics, Lexikon des Mittelalters og International Medieval Bibliography Online.

### **Skemman.is – lokaverkefni og rannsóknarit**

Safnið sér um rekstur Skemmunnar sem er geymslusafn fyrir stafrænar lokaritgerðir háskólanema og rannsóknarit háskólakennara. Skemman er samstarfsverkefni allra háskólanna. Háskólaráð samþykkti 21. febrúar 2008 rafræn skil og varðveislu lokaritgerða nemenda. Um áramót voru um 6.300 ritgerðir frá háskólanum aðgengilegar í Skemmunni en lögð er áhersla á að þær séu í opnum aðgangi. Þá hefur bæst við talsvert af skýrslum, ritröðum, ráðstefnuritum og greinum frá kennurum og starfsmönnum skólans og þess er að vænta að fleiri slík rit verði sett inn í framtíðinni.

### **Fræðigreinin þín**

Á vef safnsins er tenglasafn sem nefnist Fræðigreinin þín og er þar yfirlit og leiðarvísar um helstu hjálpargögn við heimildaleit. Því er nú skipt í um 50 fræðigreinar.

### **Upplýsingaþjónusta – netsamtal**

Almennar fyrirspurnir má senda upplýsingaþjónustu með tölvupósti á [upplys@bok.hi.is](mailto:upplys@bok.hi.is) og markmiðið er að svara innan 24 stunda alla virka daga. Á vef safnsins er einnig boðið upp á netsamtal við bókasafnsfræðinga í upplýsingaþjónustu á dagvinnutíma. Hægt er að skilja eftir skilaboð ef spjallborðið er lokað.

### **Safnkynningar**

Upplýsingaþjónusta safnsins sér einnig um safnkennslu fyrir nemendur og kennara og á árinu komu 93 hópar í safnið í formlega kynningu eða 1.780 manns. Þar fyrir utan er einstaklingum boðið upp á leiðbeiningar. Nýjum kennurum er einnig boðið í stutta kynningu í upphafi missera. Hægt er er panta safnkynningar á vef safnsins.

## **Námsbókasafn**

Námsbókasafn er safn bóka, ljósrita og annars efnis sem tekið er frá í tengslum við tiltekin námskeið. Gögnin eru ýmist til notkunar á staðnum eða lánuð í styttri lánnum. Námsbókasafnsþáttur í Gegni auðveldar utanumhald um gögn námsbókasafnsins, kennarar geta tekið efnið frá í Gegni og hvert námskeið fær sína síðu.

### **Útlán í tölvupósti**

Til að auðvelda samskipti vegna útlána og pantana fá lánþegar nú sendar upplýsingar í tölvupósti. Þeir geta sjálfir pantað rit sem eru í útláni í Gegni og fá tilkynningu í tölvupósti þegar ritið er komið í safnið en það er geymt í viku. Lánþegar geta einnig sjálfir endurnýjað lánsfrest í Gegni þrisvar sinnum. Ef annar notandi hefur pantað ritið fá þeir upplýsingar um það í tölvupósti. Kennarar fá árlega sent yfirlit yfir það efni sem þeir eru með í láni.

### **Notendatölvur**

Notendatölvur í safninu eru um 90 talsins. Á þeim er Windows XP og Microsoft Office 2007. Forritið SPSS er á nokkrum tölvum í kennslustofu.

### Lengdur afgreiðslutími í prófum

Afgreiðslutími er auglýstur á vef safnsins. Hann er lengdur á prófatíma og er það auglýst sérstaklega.

## Þjóðbókasafn

Meginmarkmið þjóðbókasafnsins er að safna öllu prentuðu útgefnu íslensku efni, auk tón- og myndefnis. Einnig er handritum og einkaskjalasöfnum safnað en í handritasafni eru varðveitt um 15.000 handrit, allt frá einstökum skinnblöðum frá 13. öld og fram til dagbóka og bréfa frá 20. öld. Til útgefins efnis telst einnig það efni sem er aðgengilegt almenningi á rafrænu formi um tölvunet. Því er safnað af íslenskum vefsíðum á þjóðarléninu [.is](#). Í vefsafninu, sem var opnað 2009, eru nú 1,7 milljarðar skjala, eða 32 terabæt. Þá er hafin móttaka á skilaskyldu efni sem verður til stafrænt. Efnið er vistað í geymslusafninu [Rafhlaðan.is](#) sem var opnað árið 2011.

### Stafræn endurgerð íslensks efnis

Markvisst er unnið að stafrænni endurgerð íslensks efnis og aðgangur veittur um vefi safnsins. Í árslok var búið að opna aðgang að tæplega fjórum milljónum blaðsíðna úr íslenskum ritum á [tímarit.is](#), [bækur.is](#), [handrit.is](#) og [islandskort.is](#). Boðið er upp á textaleit í öllu efninu.

### Doktoraskrá og Útgáfuskrá

Sífelld er unnið að því að auka aðgang um vefinn að skráum safnsins. Sem dæmi um slíkar skrár eru Íslensk útgáfuskrá, [útgáfuskrá.is](#), sem er skrá um prentefni, hljóðrit og myndbönd útgefin á Íslandi og skrá um doktorsritgerðir Íslendinga, [doktor.landsbokasafn.is](#). Í henni eru nú upplýsingar um 2.000 doktora.

## Ýmis samstarfsverkefni

Safnið tekur þátt í ýmsum samstarfsverkefnum og erlendu samstarfi. Markmiðið er meðal annars að sækja nýja þekkingu til að miðla safnkostinum til notenda, auk þess að bæta þjónustu safnsins.

### Miðstöð munnlegrar sögu

Miðstöð munnlegrar sögu tók til starfa í safninu árið 2007. Miðstöðin er safn og rannsókn- og fræðslustofnun á sviði munnlegrar sögu og er samstarfsvettvangur fjögurra aðila: Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands, Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og safnsins. Efni miðstöðvarinnar er varðveitt á netþjónum safnsins og segulböndum. Skrá um efni safnsins er aðgengileg á vefnum [munnlegsaga.is](#).

### Handritavefur

Vefurinn [handrit.is](#) var opnaður í apríl 2010. Hann er samstarfsverkefni safnsins og Árnastofnana í Reykjavík og Kaupmannahöfn um gerð samskrár og stafrænnar endurgerðar íslenskra handrita.

### Nordbib og Open Access

Safnið hefur, frá árinu 2006, tekið þátt í norrænu verkefni, Nordbib, um þróun opins aðgangs að vísindaupplýsingum og rannsóknaniðurstöðum (Open Access). Á vefnum [openaccess.is](#) má nálgast upplýsingar um OA-hreyfinguna. Í lok ársins var skipuð nefnd til að móta stefnu Háskóla Íslands um OA, í samræmi við stefnu skólans.

### Evrópuverkefni

Safnið tekur þátt í Evrópubókasafninu (The European Library). Það rekur gátt með samtímaleit og aðgangi að um 300 gagnasöfnum frá 48 evrópskum þjóðbókasöfnum, [theeuropeanlibrary.org](http://theeuropeanlibrary.org). Safnið tekur auk þess þátt í verkefnum á sviði stafrænnar endurgerðar sem ýmist er stjórnað af Evrópubókasafninu eða er nátengd því. Framlag safnsins felst í að vinna gögn sín þannig að hægt sé að tengja þau við Evrópubókasafnið og einnig stafræna Evrópusafnið, Europeana, á vefnum [europeana.eu](http://europeana.eu).

#### IIPC

Safnið er stofnaðili alþjóðlegra samtaka um söfnun og varðveislu veraldarvefsins, International Internet Preservation Consortium (IIPC). Safnið á sæti í stjórn samtakanna og vinnuhópum. Vefur samtakanna er [netpreserve.org](http://netpreserve.org).

## Listasafn Háskóla Íslands

### Stjórn

Stjórn Listasafns Háskóla Íslands var skipuð til fjögurra ára (frá janúar 2008) og í henni sátu frá þeim tíma: Salvör Nordal formaður, Vilhjálmur Lúðvíksson og Hjálmar H. Ragnarsson. Auður Ólafsdóttir, lektor í listfræði, er forstöðumaður safnsins í umboði stjórnar og er hún eini fasti starfsmaður safnsins í 50% stöðu.

### Helstu verkefni og starfsemi

Helstu verkefni forstöðumanns og stjórnar Listasafns Háskóla Íslands er að varðveita, byggja upp og kynna eftir föngum hina miklu og verðmætu listaverkæign safnsins, svo sem með sýningarhaldi. Hlutverk forstöðumanns og stjórnar er einnig að móta stefnu í innkaupum nýrra verka, í samræmi við sérstöðu safnsins, safneign og sýningaraðstöðu. Samkvæmt stofnskrá Listasafns Háskóla Íslands er það einnig hlutverk safnsins að sinna þeim sem stunda rannsóknir á íslenskri myndlistarsögu. Safnið hefur í samræmi við það unnið að því á síðastliðnum árum að efla tengingu safnsins við rannsókn- og kennsluumhverfi Háskóla Íslands, m.a. við nám í listfræði á Hugvísindasviði. Þá veitir safnið rannsóknastyrki til rannsókna á íslenskri myndlist úr Styrktarsjóði Listasafns Háskóla Íslands.

### Uppsetningar verka innan háskólans

Verk úr eigu Listasafns Háskóla Íslands er að finna á fjölmörgum stöðum á háskólasvæðinu og eru þessi verk jafnframt sett upp sem sýningar á verkum safnsins í almennu rými.

### Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands

Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands var stofnaður af Sverri Sigurðssyni árið 1999 og hefur það sérstaka hlutverk að styrkja rannsóknir á sviði íslenskrar myndlistar, myndlistarsögu og forvörslu myndverka, svo og til birtingar á niðurstöðum slíkra rannsókna (eins og segir í stofnskrá). Úr sjóðnum var úthlutað í sjöunda sinn 1. júní 2011. Styrkþegar að þessu sinni voru tveir, þau Arndís S. Árnadóttir og Jón B.K. Ransu, sem hljóta hvort um sig 500 þús. króna styrk til útgáfu á rannsóknum sínum á sviði íslenskrar myndlistar. Arndís S. Árnadóttir listfræðingur fékk útgáfustyrk til að gefa út myndskreytta doktorsritgerð sína: Nútímaheimilið í mótun. Fagurbætur, funksjónalismi og norræn áhrif á íslenska hönnun 1900–1970. Jón B.K. Ransu myndlistarmaður og listgagnrýnandi hlaut styrk vegna ritunar og útgáfu á bók sinni Listgildi samtímans: Handbók um íslenska samtímalist. Bókin er kenningafræðileg úttekt á stöðu samtímalistar á Íslandi í ljósi alþjóðlegra kenninga um list. Frá stofnun styrktarsjóðsins hafa samtals 13 aðilar fengið styrki úr sjóðnum til listfræðilegra rannsókna,

fyrst árið 2000. Að þessu sinni bárust 33 umsóknir í sjóðinn og vitnar fjöldi umsókna um mikla grósku í rannsóknum á íslenskri myndlist.

## Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands

Árið var 25. starfsár Rannsóknþjónustunnar. Markmið stofnunarinnar var, sem fyrr, að styrkja tengsl Háskóla Íslands og atvinnulífs á sviði rannsókna, nýsköpunar og hæfnisuppbyggingar. Tilgangur þessara tengsla er að veita íslensku atvinnulífi stuðning á sem flestum sviðum og styrkja um leið starfsemi Háskóla Íslands.

Helstu viðfangsefnin á árinu voru rekstur Landskrifstofu menntaáætlunar Evrópusambandsins, þjónustuskrifstofu við sókn í samkeppnissjóði og þjónusta við hagnýtingu verkefna, auk reksturs tveggja hlutafélaga sem Háskóli Íslands á ráðandi hlut í. Þá sér Rannsóknþjónustan um umsýslu með Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands, sem gerð er sérstaklega grein fyrir annars staðar í þessari ársskýrslu. Loks sinnir starfsfólk í ríkara mæli en áður ráðgjöf við stjórnvöld.

Í framhaldi af nýrri stefnu Háskóla Íslands sem samþykkt var í árslok 2010 var stefna Rannsóknþjónustunnar endurskoðuð. Má segja að það starf hafi hafist á vegum yfirstjórnar skólans á árinu með skýrslu um starfsemi Rannsóknþjónustunnar og Alþjóðaskrifstofunnar sem lögð var fyrir háskólaráð í desember. Í þeirri skýrslu er lagt til að starfsemi Landskrifstofu menntaáætlunar Evrópusambandsins verði skilin frá annarri starfsemi stofnananna tveggja sem reka landskrifstofuna í sameiningu í dag til að skerpa áherslu í starfi þeirra fyrir Háskóla Íslands. Ráðist verður í þessar breytingar á haustdögum 2012 en ný áætlun mun hefja göngu sína í ársbyrjun 2014 og fyrir þann tíma þarf breytingum að vera lokið.

Ljóst er að þetta mun hafa mikil áhrif á starfsemi Rannsóknþjónustunnar, enda er um helmingur af umfangi stofnunarinnar tengdur menntaáætlun Evrópusambandsins. Jafnframt felast í stefnu Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2011–2016 mikil tækifæri þar sem lögð er meiri áhersla en áður á nýsköpun og hagnýtingu rannsóknaniðurstaðna. Þá gera nýlegir samningar Háskóla Íslands og stjórnvalda, þar sem gert er ráð fyrir hækkandi framlögum til rannsókna út yfirstandandi áratug, ríkar kröfur um skólinn afli sér sértekna í auknum mæli. Til að ná þeim markmiðum skiptir miklu máli að vel takist til við sókn í næstu rannsóknáætlun Evrópusambandsins sem hlotið hefur nafnið Horizon 2020. Í tillögum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sem birtar voru í lok nóvember, er gert ráð fyrir að fjárveiting til áætlunarinnar aukist mikið, hugsanlega allt að nærri 90 milljörðum evra. Framlag Íslands á sjö ára tímabili gæti numið um 10 milljörðum króna miðað við núgildandi forsendur og því er ljóst að eftir miklu er að slægjast. Þess vegna skiptir verulegu máli að stoðþjónusta við umsóknir í samkeppnissjóði hjá Háskóla Íslands verði eflað til að nýta þau tækifæri sem bjóðast.

Breytingar eru því fram undan í starfsumhverfi Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands. Aldarfjórðungur er nú liðinn frá því að stofnunin var sett á laggirnar. Starfsemin hefur vaxið mjög á þeim tíma og skilað miklum ávinningi fyrir Háskóla Íslands og ekki síður samfélagið allt. Allan þann tíma hefur það einkennt starfsemina að stofnunin hefur þjónað tveimur herrum: annars vegar Háskóla Íslands og hins vegar atvinnulífi og menntakerfi í landinu öllu. Í þessu fyrirkomulagi hafa falist gagnleg samlegðaráhrif, enda er Háskóli Íslands þjóðskóli sem vinnur fyrst og síðast fyrir íslenskt samfélag. Eftir 25 ár er þó hollt að stokka upp og taka tillit til þeirra margvíslegra breytinga sem orðið hafa og skerpa áherslurnar þannig að Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands verði enn betur í stakk búin til að takast á við áskoranir og nýta tækifæri sem næstu ár fela í sér.

## Starfsfólk og stjórn

Ný stjórn Rannsóknáþjónustu Háskóla Íslands var skipuð í upphafi árs en í henni eiga sæti þrír fulltrúar frá Háskóla Íslands, þau Inga Þórsdóttir, Þorsteinn Ingi Sigfússon og Halldór Jónsson, formaður, og þrír fulltrúar atvinnulífsins, þeir Bogi Örn Emilsson, Bragi Bergsveinsson og Júlíus B. Kristinsson, tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins.

Ársverk hjá Rannsóknáþjónustunni og þeim fyrirtækjum (hlutafélögum) sem hún rekur, auk sértækra verkefna, voru 13 á árinu, starfsmenn við stofnunina voru ellefu og þrír hjá hlutafélögum. Ágúst Hjörtur Ingbórsson veitti stofnuninni áfram forstöðu.

Á heildina litið var árið árangursríkt og gott starfsár hjá Rannsóknáþjónustunni. Hér verður stiklað á stóru um verkefni hjá þeim þremur meginstoðum sem starfsemi Rannsóknáþjónustunnar hverfist um en að auki fjallað almennt um reksturinn.

## Menntaáætlun Evrópusambandsins

Stærsta einstaka verkefni Rannsóknáþjónustunnar er rekstur Landskrifstofu menntaáætlunar Evrópusambandsins, sem rekin er sameiginlega með Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins, en þar hefur Rannsóknáþjónustan umsjón með Leónardó-hluta áætlunarinnar. Framkvæmd verkefna gekk þrýðilega á árinu. Mikill fjöldi umsókna barst um verkefni og hafa þær aldrei verið fleiri í sumum undirflokkum. Úthlutað var 1.176 þús. evrum í Leónardó-styrki – eða um 188 m.kr. – til 23 nemenda- og starfsmannaskiptaverkefna þar sem meira en 200 einstaklingar koma við sögu, sjö samstarfsverkefna, tíu námsheimsókna á vegum Cedefop og þriggja stórra þróunar- og yfirfærsluverkefna. Starfsfólk Rannsóknáþjónustunnar leiðir stórt samstarfsverkefni fjórtán landskrifstofa um nýja hæfni (New Skills Network) sem stóð fyrir stórum evrópskum ráðstefnum í Ungverjalandi og Eistlandi sem tókust mjög vel. Þá tók skrifstofan þátt í öðru samstarfsverkefni um gæði starfsmenntunar og hélt í tengslum við það tæplega 100 manna námstefnu í desember. Þá var einnig tekið á móti 30 manns frá 15 þjóðlöndum í tveimur námsheimsóknum til Íslands á árinu.

Europass-verkefnið stóð fyrir kynningum á náms- og starfsferilsskrá í tugum grunnskóla úti um allt land og dreifði 1.000 minnislyklum til tíundubekkinga sem fengu þannig bæði grunn að starfs- og ferilsskrá og kynningu á tækifærum í Evrópu. Euroguidance stóð fyrir námskeiði fyrir náms- og starfsráðgjafa og tók þátt í skipulagningu tveggja ráðstefna. Fyrir Cedefop, starfsmenntastofnun Evrópusambandsins, voru unnar tvær skýrslur: önnur um starfsmenntamál á Íslandi almennt og hin um menntun fólks í félags- og heilbrigðisgreinum.

## Þjónustuskrifstofa um sókn í samkeppnissjóði

Ríkustu hagsmunir Háskóla Íslands hvað varðar sókn í samkeppnissjóði liggja í árangri af umsóknum í rannsóknáætlun Evrópusambandsins. Í upphafi 7. rannsóknáætlunarinnar setti Rannsóknáþjónustan fram það markmið að árlega sendar inn 25 umsóknir frá Háskóla Íslands í áætlunina. Í lok ársins voru umsóknirnar orðnar um 180, eða 50 fleiri en upphaflega var stefnt að, þar af voru þær 38 árið 2011. Heildarfjöldi styrktra verkefna er nú 40. Heildarupphæð styrkja er komin vel yfir 1 milljarð króna á þessu tímabili. Sóknin hefur því verið góð en bæta þyrfti umsóknirnar þar sem árangurshlutfall er um 18% hjá Háskóla Íslands samanborið við um 20% meðaltal hjá evrópskum háskólum almennt. Fimm starfsmenn sinna þessu verkefni sem hluta af starfi sínu en ársverk eru um tvö.

Mjög gott samstarf hefur tekist við skrifstofur fræðasviða og er haft mánaðarlegt samráð við tengiliði á öllum sviðum, Landspítala og vísindasviði Háskóla Íslands. Búið er að semja verklagsreglur

sem gilda um umsóknir í erlenda samkeppnissjóði og þau verkefni sem styrkt eru – sem bíða samþykktar háskólaráðs. Engu að síður hefur skólinn nú þegar mun betri yfirsýn yfir sókn og árangur og áður var.

## Hagnýting rannsóknaniðurstaðna

Starfsmenn Rannsóknþjónustunnar hafa starfað með hugverkanefnd Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúss síðan nefndin var sett á laggirnar. Hlutverk hennar er að fjalla um tilkynningar starfsfólks um einkaleyfataekar uppfinningar og önnur erindi tengd hugverkaréttindum sem berast.

Stærsta verkefni ársins varðandi hagnýtingu var samkeppnin um hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands, Upp úr skúffunum, sem haldin var í þrettánda sinn. Stuðningsaðilar verkefnisins voru Árnason/Faktor, Tæknigarður hf. og Einkaleyfastofa. Háskólarektor afhenti verðlaunin við hátíðlega athöfn þann 18. nóvember. Sextán tillögur bárust og voru fjórar þeirra verðlaunaðar.

- Fyrstu verðlaun hlaut verkefni Páls Torfa Önundarsonar, prófessors við Læknadeild og yfirlæknis á Landspítalanum, og Brynju R. Guðmundsóttur, Fiix-prothrombin tími – Nýtt blóðstorkupróf til stýringar á blóðþynningu.
- Önnur verðlaun hlaut Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent við Félags- og mannvísindadeild, fyrir verkefnið Seinfærir foreldrar – Stuðningur og fræðsla.
- Tvö verkefni deildu með sér þriðju verðlaunum:
  - Hönnun rauntímafrumu. Þórarinn Guðjónsson, dósent við Læknadeild og Loic Letertre standa á bak við hugmyndina. Þar er á ferðinni tölvuforrit sem sýnir myndrænt í smáatriðum hvernig fruma vinnur og er byggð upp.
  - Tónar hafsins. Höfundar verkefnisins eru þær Marianne Helene Rasmussen, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Húsavík, og Edda Elísabet Magnúsdóttir, doktorsnemi í líffræði. Hugmynd þeirra byggist á rannsóknum Eddu Elísabetar á hljóðum hvala í Skjálfaflóa.

## Rekstur hlutafélaga

Rannsóknþjónustan rekur tvö hlutafélög sem eru að hluta í eigu Háskóla Íslands, Tæknigarð hf. og Tækniþróun hf. Rekstur Tæknigarðs hf. var með hefðbundnu sniði á árinu en þó er það húsnaði sem til útleigu er ekki fullnýtt. Tækniþróun hf. á virkan hlut í tveimur sprotafyrirtækjum og sátu starfsmenn Rannsóknþjónustunnar áfram í stjórnun þeirra.

## Ráðgjöf við stjórnvöld

Í árána rás hafa stjórnvöld oft leitað til Rannsóknþjónustunnar eða einstakra starfsmanna eftir ráðgjöf um þau mál sem stofnunin hefur sérþekkingu á. Forstöðumaður stofnunarinnar hefur setið í ýmsum nefndum á þeirra vegum, til að mynda nefnd um þjónustu við alþjóðlegt vísinda- og menntasamstarf.

Í framhaldi af umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu árið 2009 hefur talsvert verið leitað til starfsfólks Rannsóknþjónustunnar um viðfangsefni sem tengjast aðildarviðræðunum og undirbúningi fyrir mögulega aðild. Hefur þar mest verið um samstarf við utanríkisráðuneytið að ræða. Ráðgjöf við utanríkis- og forsætisráðuneytið til undirbúnings þriggja landsáætlana um hvernig stuðningur Evrópusambandsins á umsóknartímabilinu verður nýttur hefur einnig verið viðamikil verkefni. Hluti af því því var að undirbúa úthlutun styrkja í opinni samkeppni þar sem markmiðið var að efla samkeppnishæfni atvinnugreina eða landsvæða og efla atvinnuþátttöku allra. Verður varið

um 1.300 m.kr. í allt að 20 verkefnum af þeim toga á árinu 2012 – en mörg þeirra munu fela í sér samstarf fyrirtækja, háskóla og opinberra stofnana.

## Rekstur og umsvif

Almennt má segja um rekstur Rannsóknþjónustunnar, verkefna og fyrirtækja sem stofnunin ber ábyrgð á að hann hafi gengið samkvæmt áætlun og að mikill stöðuleiki hafi einkennt árið. Heildarumsvifin eru allnokkur: rekstrarkostnaður Rannsóknþjónustunnar sjálfar er um 100 m.kr., rekstrarumfang sérverkefna um 25 m.kr. og fyrirtækja þjónustunnar um 50 m.kr. Þá nema úthlutaðir styrkir um 190 m.kr. og eignir fyrirtækja um 350 m.kr., þar af er eigið fé þeirra yfir 100 m.kr.

Fjárhagslegir burðir stofnunarinnar eru þó ekki nógu miklir til að sinna öllum verkefnum eins vel og æskilegt væri. Um tvíþættan vanda er að ræða. Annars vegar nýtur stofnunin mjög takmarkaðrar grunnfjármögnunar frá Háskóla Íslands og því hefur stofnunin ekki burði til að sinna þjónustu við starfsfólk skólans eins og nauðsynlegt er. Framlag skólans nemur kostnaði við tvö ársverk en til viðbótar kemur eitt ársverk við Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands og Hugverkanevnd. Hins vegar eru framlög ráðuneyta með þeim verkefnum sem stofnunin sinnir fyrir þau of lítil og í sumum tilfellum engin. Þannig er gert ráð fyrir því við rekstur Landskrifstofu menntaáætlunar Evrópusambandsins og tengdra verkefna að mótframlög stjórnvalda í hverju landi séu allt að jafn há og framlag frá Evrópusambandinu. Mikið vantar upp á hér á landi að svo sé. Var óskað eftir viðræðum um þessi framlög við mennta- og menningarmálaráðuneytið um mitt árið og verður mótframlag ráðuneytisins vegna þessara verkefna hærra árið 2012 þótt ekki sé ljóst hversu mikið það hækkar.

Þá hefur Rannsóknþjónustan sinnt landstengiliðarstarfi bæði fyrir 7. rannsóknáætlun Evrópusambandsins og upplýsingatæknihluta samkeppnis- og nýsköpunaráætlunar þess. Í því felst að veita öllum, hvort sem þeir tengjast Háskóla Íslands eða ekki, þjónustu varðandi viðkomandi áætlun. Hefur enginn rekstrarstyrkur fengist til að sinna þessum verkefnum frá viðkomandi ráðuneytum en rökin fyrir því að Rannsóknþjónustan taki þau að sér hafa verið þau að þetta gagnist því lykilverkefni hennar að styðja við sókn starfsfólks Háskóla Íslands í evrópska samkeppnissjóði. Á þessu verður breyting frá og með 2012 en þá mun Rannsóknþjónustan einungis sinna landstengilsstarfi í tengslum við mannauðshluta 7. rannsóknáætlunarinnar þar sem Háskóli Ísland er stærsti umsækjandinn frá Íslandi.

Á heildina litið var árið bæði viðburða- og árangursríkt í starfi Rannsóknþjónustunnar og þeirra fyrirtækja sem stofnunin hefur umsjón með. Þau verkefni sem stofnunin hefur tekið að sér að reka gengu vel og í árslok var verkefnastaða traust en miklar breytingar eru í vændum og starfsfólk stofnunarinnar er tilbúið að takast á við verkefnum fram undan og leggja sig fram við veita áfram góða þjónustu og taka virkan þátt í þeim markmiðum sem Háskóli Íslands hefur sett sér til næstu ára.

Veffang Rannsóknþjónustu háskólans er: [www.rthj.hi.is](http://www.rthj.hi.is)





# Reiknistofnun Háskóla Íslands

## Almennt yfirlit og stjórn

Reiknistofnun Háskóla Íslands sér um uppbyggingu og rekstur upplýsingakerfa og símnets Háskóla Íslands í umboði háskólaráðs. Rekstur stofnunarinnar gekk vel á árinu. Fjárhagsleg afkoma var viðunandi miðað við miklar framkvæmdir á árinu. Í stjórn voru Helgi Þorbergsson, dósent við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, formaður, tilnefndur af rektor, Vilborg Lofts rekstrarstjóri, tilnefnd af Heilbrigðisvísindasviði, Arnfríður Guðmundsdóttir prófessor, tilnefnd af Hugvísindasviði, Sigurður Jónsson, forstöðumaður Menntasmiðju, tilnefndur af Menntavísindasviði, Guðmundur Freyr Úlfarsson, tilnefndur af Verkfræði- og náttúruvísindasviði, og Ingjaldur Hannibalsson, prófessor í viðskiptafræði, tilnefndur af Félagsvísindasviði. Stjórnin er skipuð til þriggja ára frá 1. september 2009 að telja. Forstöðumaður var Sæþór L. Jónsson. Áheyrnarfulltrúi starfsmanna var Magnús Gíslason.

## Starfsemin

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahópi Reiknistofnunar á árinu. Hörður Guðmundsson tölvunarfræðingur hóf störf í janúar, Kristinn Örn Sigurðsson forritari í mars og Pétur Sigurðsson tölvunarfræðingur í október. Hlín Sæþórsdóttir og Jóhannes Páll Friðriksson luku bæði námi í júní og voru fastráðin frá þeim tíma. Jóhann B. Guðmundsson kerfisstjóri hætti störfum í desember.

Stofnunin skiptist í nokkur viðföng: almennan rekstur (3), hugbúnaðarþróun (9), kerfisþjónustu (4), net- og símadeild (3), notendapjónustu (13) og ytri vef (Vefverksmiðju) (3 ½). Reiknistofnun hefur, þrátt fyrir sveiflukenndar breytingar, verið einstaklega lánsöm með starfsfólk og byggir starfsemi sína á sterkum kjarna sem hefur þjónað háskólanum dyggilega á liðnum árum. Hjá Reiknistofnun störfuðu 35,5 starfsmenn í fullu starfi um áramót.

Starfsmenn Reiknistofnunar koma einnig að rekstri RHnets hf. (Rannsókn- og háskólanets Íslands) og situr forstöðumaður í stjórn þess sem varaformaður, í stjórn FSnets (nets framhaldsskóla og símenntunarstöðva) og í stjórn NORDUnet A/S (samtinginets Norðurlanda) fyrir hönd Háskóla Íslands.

Háskóli Íslands varð fyrir valinu til að hýsa tölvuver sem nefnt er Ofurtölvuver Norðurlanda (Nordic High Performance Computing, NHPC). Í samvinnu við Thor Data Center sá Reiknistofnun um innkaupaferli tölvubúnaðar, sem vandað var vel til. Yfirstjórn reksturs og kerfisstjórnar var falið Reiknistofnun. Stór NORDUnet-ráðstefna var haldin í maí og voru undirbúningur og mönnun tæknimála Reiknistofnunar unnin í samvinnu við NORDUnet og RHnet.

## Tölvuþjónusta<sup>[1]</sup><sub>[SÉP]</sub>

Í ágúst 2009 opnaði Reiknistofnun Háskóla Íslands tölvuþjónustu í Háskólatorgi. Með þessari opnun var Reiknistofnun komin miðsvæðis með þjónustu fyrir alla notendur háskólans og þar með var þjónusta Reiknistofnunar, og aðgengi að henni, orðin mun betri en áður. Að jafnaði vinna þrír starfsmenn í tölvuþjónustunni við að leiðbeina notendum og sinna lítils háttar aðstoð og viðgerðum á tölvutengdum vandamálum. Hægt er að hafa samband við tölvuþjónustu Reiknistofnunar Háskóla Íslands með því að koma á staðinn, senda tölvupóst á [help@hi.is](mailto:help@hi.is) eða hringja í síma 525 4222. Tölvuþjónusta Reiknistofnunar Háskóla Íslands er opin alla virka daga frá 8:00 til 16:00.

## Windows-kerfisþjónusta<sup>[1]</sup><sub>[SÉP]</sub>

Helsta vinnan við kerfisþjónustu fólst í uppfærslum og viðhaldi á núverandi kerfum og grunnur var lagður að uppfærslum og nýjungum fyrir næsta ár.

Engin Windows-þjónustuvél er lengur til húsa í Tæknigarði. Síðustu vélinni sem eftir sat frá flutningnum á seinasta ári hafði verið komið fyrir í Öskju um áramót. Allar aðrar vélar eru nú í vélasal við Sturlugötu.

### **Tölvuver Reiknistofnunar**<sup>[1]</sup><sub>[SEP]</sub>

Reiknistofnun Háskóla Íslands rekur nú 15 tölvuver í ellefu byggingum háskólans, samtals með um 300 tölvum og 15 prenturum. Auk þess sér Reiknistofnun einnig um uppsetningu og viðhald tölva í kennslustofum og fyrirlestrasölum háskólans. Þær tölvur eru nú 165 talsins. Í sex tölvuverum var tölvubúnaður endurnýjaður eins og gert er við hluta búnaðar árlega: í tölvuveri í Árnagarði, tölvuveri í Gimli, tölvuverum í Háskólatorgi, í Haga við Hofsvallagötu og í stofu 103 í Odda. Öll tölvuver eru nú með Windows 7 stýrikerfi.

### **Þjónustuvélar**

Þjónustuvélar, eða svokallaðar „kiosk-vélar“, eru 20 talsins á háskólasvæðinu. Í Háskólatorgi eru þær tíu, sex í Gimli og tvær í Stakkahlíð. Í Odda og VR-II er ein vél í hvorri byggingu.

### **Upplýsingaskjár**<sup>[1]</sup><sub>[SEP]</sub>

Í flestum byggingum háskólans er þar af upplýsingaskjáum. Annar skjárinn birtir atburðaskrá í viðkomandi byggingu og á hinum eru birtar ýmsar auglýsingar um atburði í skólanum og fleira. Umsjónarkerfi fyrir auglýsingaskjána er stjórnað um vefsíðu og það auðveldar töluvert umsjón með þeim.

### **Hugbúnaðarþróun**<sup>[1]</sup><sub>[SEP]</sub>

Í verkefnastjórn Uglu voru eftirtaldir: Hreinn Pálsson, formaður, kennslusviði, Guðni Geir Jónsson, Félagsvísindasviði, Kristbjörg Olsen, Kennslumiðstöð, Kristín Jónasdóttir, Nemendaskrá, Óskar Einarsson, Hugvísindasviði, Pálmi Jóhannesson, Verkfræði- og náttúruvísindasviði, Ragnar Stefán Ragnarsson, hugbúnaðarþróun Reiknistofnunar, Sigurður Jónsson, Menntavísindasviði, Stefán Jóhannesson, fulltrúi Háskólans á Akureyri, Háskólans á Hólum og Landbúnaðarháskóla Íslands, og Þuríður Pálsdóttir, Heilbrigðisvísindasviði.

Starf ársins við Uglu markaðist af samvinnu opinberu háskólanna. Tekin hafði verið sú ákvörðun að taka Uglu upp í opinberu háskólunum í byrjun ársins. Mikill hluti af tíma hugbúnaðarþróunar á árinu fór í samvinnuverkefnið.

Margt var unnið á árinu hjá hugbúnaðarþróun Reiknistofnunar. Hér á eftir er dregið á það helsta.

- Upptaka á Uglu hjá Háskólanum á Akureyri, Háskólanum á Hólum og Landbúnaðarháskólanum var undirbúin. Fjarfundabúnaður var settur upp í skólunum og hann notaður óspart. Töluvert var um heimsóknir starfsmanna hugbúnaðarþróunar í opinberu háskólana og starfsmenn komu einnig frá þeim til að kynna sér hvernig Uglan væri notuð. Búin var til gagnakeyrsla til að þýða gögnin í grunnnum hinna háskólanna yfir í gagnagrunn Uglu. Prufuumhverfi fyrir hina skólana var sett upp um sumarið. Vinna var hafin við breytingar og viðbætur við Uglu til að koma til móts við skólana.
- Um haustið var vinna við prófumsjónarkerfi hafin. Kerfið var tekið í notkun við skipulagningu á próftöflu haustmíssisins. Með kerfinu er prófum raðað í hús og stofur og nemendum í sæti. Auðvelt er að sjá árekstra og skipuleggja próftöfluna með tilliti til þeirra. Með kerfinu sjá nemendur próftöfluna sína í Uglu.

- Í upphafi árs var framtal starfa í heild sinni rafrænt í Uglu þar sem kennarar og rannsakendur geta skráð það sem tengist vinnu þeirra á hverju ári. Rannsóknaskýrslu er nú hægt að skila inn í Uglu ásamt upplýsingum um aukastörf og samstarf, ásamt kennsluferilsskrá.
- Notendur geta nú fylgst með þeirri tölvuþjónustu sem þeir eru skráðir fyrir. Þannig geta notendur séð hvaða tæki þeir eru með skráð á háskólanetinu, lénaskráningar, ADSL-sambönd, þráðlausar tengingar og prentaratengingar og fengið upplýsingar um notkun þeirra í miðlægni gagnavistun.
- Hafist var handa við fyrsta áfanga af upplýsingagrunni um starfsmenn. Kerfið fékk nafnið Kvika og þar er haldið utan um helstu upplýsingar um starfsmenn. Unnið var við tengingu á Uglunni við mannauðskerfið í Oracle.
- Kennsluskrá var tekin í gegn. Bæði var útlit og virkni skrárinnar bætt til muna.
- Forsalur umsókna var endurbættur á árinu. Ein stærsta breytingin var stuðningur við Matsskrifstofu vegna afgreiðslu á erlendum og innlendum umsóknum. Nýtt greiðslukerfi var smíðað til að vinna með skrásetningargjöld í tengslum við bankakerfi. Umsóknarkerfið nær nú einnig til skiptináms.
- Uglan var tengd við Innu, upplýsingakerfi framhaldsskólanna. Nú er hægt að sækja stúdentspróf með rafrænum hætti úr Innu yfir í Ugluna.
- Nýtt umsjónarkerfi lokaverkefna var tekið í notkun. Skráning á upplýsingum um lokaverkefni er nú mun ítarlegri en áður. Starfsfólk sviða og Nemendaskrár, kennarar og nemendur geta nú auðveldlega séð stöðu lokaverkefna. Með kerfinu er auðveldara að fylgjast með framgangi lokaverkefna en áður, bæði í grunn- og framhaldsnámi.
- Smíðuð var brú úr Uglu yfir í Moodle-kennslukerfið. Skráningar á námskeiðum, kennurum og nemendum fara nú sjálfkrafa úr Uglu yfir í Moodle.

Ýmsar aðrar endurbætur voru gerðar, meðal annars í stúdentasýsli, námsleiðakerfi, útprintun vottorða, hlutaprófakerfi, kennslukönnunarkerfi, límmiðakerfi o.fl. Rafrænir stundakennarasamningar litu dagsins ljós og margar sérsniðnar skýrslur voru búnar til ásamt fjölmörgu öðru.

## Kerfisþjónusta<sup>[1]</sup><sub>SEP</sub>

Á þessu ári var sett upp Nordic High Performance Computing (NHPC) ofurtölva (sem lýst er annars staðar í þessum kafla). Einn af kerfisstjórum kerfiseildar leiðir teymi kerfisstjóra frá þeim fjórum Norðurlandanna sem hafa umsjón með þessu kerfi.

Haldið var áfram að flytja miðlæga þjónustu á sýndarvélar í „blaðakassa“ (e. BladeCenter) sem byrjað var á árið 2010. Þá voru og nokkrar þjónustur settar upp í dreift umhverfi (e. cluster) sem bætir uppítíma. Meðal þeirra má nefna Moodle, ytri vef Háskóla Íslands, ýmsa aðra vefi, DHCP o.fl.

Hafist var handa við að flytja aðalpóstkerfi Háskóla Íslands, sem er af gerðinni Cyrus frá Carnegie Mellon University (og veitir IMAP- og POP-þjónustu), í dreift umhverfi sem nefnist Cyrus Murder. Við það batnar þjónustan til muna og er kerfið mun skalanlegra en áður.

Þá var sett upp nýtt vefpóstkerfi, SOGo (<https://postur.hi.is>). Það hefur m.a. dagbók (Calendar Manager) sem einnig er aðgengileg úr öðrum pósthólfum, svo sem Thunderbird. Dagbókin er sameiginleg að því leyti að notendur geta séð hvenær aðrir eru lausir ef þeir vilja boða fund. Það byggist náttúrliga á því að allir noti dagbókina. Einnig er hægt að tengja dagbókina við snjallsíma.

Í árslok var gerð róttæk breyting á gjaldskrá fyrir heimasvæði og pósthólf notenda. Í stað þess að greiða fyrir mælda notkun eins og áður fá starfsmenn eins gígabætis kvóta á heimasvæði sitt og eins gígabætis pósthólf sem er innifalið í fastagjaldinu. Þegar notkunin er komin í 90% af kvótanum er viðkomandi svæði eða pósthólf stækkað til að það fyllist ekki og greiða notendur fyrir þá stækkun.

Jafnframt var taxti fyrir disknotkun lækkaður umtalsvert. Þá lækkar taxtinn einnig með aukinni notkun.

## Net- og símadeild<sup>[1]</sup><sub>[2]</sub><sup>[3]</sup><sub>[4]</sub>

Rekstur net- og símadeildar gekk vel á árinu og sinnti deildin sínum reglulegu verkefnum. Helstu verkefni deildarinnar eru rakin hér að neðan.

### Síamál

Miklar breytingar voru gerðar á símkerfi Háskóla Íslands til að auka rekstraröryggi þess. Keyptir voru tveir nýir Linux-þjónar sem keyra símkerfisþjónustu (CPU). Þeim var komið fyrir í vélasal í Sturlugötu 8 og í fjarskiptaherbergi í Tæknigarði. Þessir nýju þjónar eru þannig settir upp að ef annar bilar eða missir netsamband tekur hinn yfir án truflana og eykur þetta mjög öryggi í rekstri símkerfisins. Þessir þjónar koma í stað aðalsímstöðvar Háskóla Íslands sem var til húsa í Aðalbyggingu.

Nýjar hússímstöðvar voru settar upp fyrir fimm hús vestan Hringbrautar, VR-I, VR-III, Tæknigarð, Raunvísindastofun og Endurmenntun. Þessar nýju hússtöðvar nota IP-tækni og tengjast beint inn á netkerfi skólans en áður þurfti sérstakan ljósleiðara að þessum hússtöðvum. Einnig var skipt um öll símtæki notenda og stafræn tæki sett í þeirra stað.

### Netmál

Nokkur stór mál voru í gangi hjá netdeild á árinu en þar bar hæst tæknilegan undirbúning fyrir ráðstefnu NORDUnet á Íslandi dagana 7.–9. júní. Til þess að hægt væri að bjóða þá þjónustu sem krefsist er í kringum svona ráðstefnu þurfti að uppfæra mikið af netbúnaði, bæði netbeina, gáttir og þráðlausa senda, mest í Háskólabíói. Allt gekk mjög vel varðandi ráðstefnuna og var þetta góð æfing fyrir enn stærri ráðstefnu sem er á dagskrá í maí 2012 (Terena).

Í byrjun febrúar var bætt við tíu gígabæta (10 Gbs) sambandi við RHnet og var sambandið þá komið í 20 gígabæt (20 Gbs). Í júlí var sambandið milli Sturlugötu og Aðalbyggingar fært upp í 10 gígabæt (10 Gbs).

Haldið var áfram við að uppfæra þráðlausanetkerfið í 802.11n staðalinn. Keyptur var sérstakur stjórnþjónnaður fyrir sendana (e. controller) sem gerir uppsetningu og eftirlit með þeim auðveldari en áður og bætir einnig nýtingu þeirra. Skipt var um alla senda í VR-II og sendum var fjölgað í Odda, fyrst og fremst í nýrri aðstöðu framhaldsnema á þriðju hæð.

Eitt af stórum verkefnum netdeildar á árinu hófst síðari hluta ársins en það var að flytja allan búnað og tengingar úr eldri tölvuvélasal Reiknistofnunar í Tæknigarði yfir í nýtt fjarskiptaherbergi sem búið er að standsetja í Tæknigarði. Þetta var mjög flókið og margþátta verk en tryggja þurfti að sem minnstar truflanir yrðu á þeirri þjónustu sem hýst er í Tæknigarði, en þar hefur um langa tíð verið einn af tengipunktum margra fjarskiptaleiða sem tilheyra Háskólanum, RHneti og mörgum öðrum fyrirtækjum og stofnunum sem tengjast fjarskiptum.



# Brautskráningarræður háskólarektors

## Ræða Kristínar Ingólfssdóttur við brautskráningu kandiáata í Háskólabíói 26. febrúar 2011

Stofnun Háskóla Íslands við afar þröngar aðstæður árið 1911 var sigurstund í margra áratuga baráttu fyrir íslenskum háskóla. Vegferð skólans með þjóðinni hefur alla tíð síðan verið vörðuð ótal sigrum. Þjóðin hefur skapað sinn háskóla og skólinn hefur haft áhrif á vegferð þjóðarinnar.

Háskóli Íslands er ein veigamesta stofnun samfélagsins og sú sem nýtur einna mests trausts. En skólinn gegnir aðeins hlutverki sínu þegar hann er í senn ungur og gamall, þegar hann í senn miðlar reynslu og örvar frjóa hugsun nýrra kynslóða. Við þessi aldahvörf í sögu skólans er brýnt að við spyrjum hvernig hægt sé að nýta reynslu og styrk sem skapast hafa á 100 árum til að mæta þörfum nýrra tíma.

En hvernig getum við metið hverjar verða þarfir framtíðar? Getum við vitað í dag hvaða áherslur í menntun og vísindum nýtast samfélaginu best á komandi árum og áratugum? Væntanlega ekki með nokkurri vissu. Við höfum þó sterkar vísbendingar hvar þekkingar er örugglega þörf. Ég ætla að nefna nokkur dæmi.

Við sjáum af fréttum undanfarinna daga hvernig samfélagsskipan allt frá Marokkó til Pakistans er í uppnámi. Við verðum vitni að því að hagkerfi heimsins tekur gífurlegum breytingum. Með undraverðum hraða er Kína orðið næststærsta hagkerfi í heimi og er að verða lánardrottinn þeirra sem mest máttu sín fyrir nokkrum áratugum. Indland, Brasilía og önnur lönd Asíu og Suður-Ameríku, eru á hraðri siglingu. Efnahagsleg og pólitísk þungamiðja í heiminum er að færast til austurs og suðurs. Þetta mun allt hafa gífurleg áhrif á valdajafnvægi, viðskipti, efnahag, menningu og stjórnmál.

Hvernig getum við Íslendingar best fótað okkur í nýrri heimsmynd? Hvernig getum við forðast hættur og hvernig getum við nýtt tækifæri sem bjóðast? Það er augljóst að þetta er stórkostlegt viðfangsefni sem krefst aukinnar þekkingar sem við byggjum á rannsóknum í stjórnmálafræði, hagfræði, viðskiptafræði, trúarbragðafræði, mannfræði, félagsfræði, lögfræði, tungumálum, menningu og sagnfræði, svo að eitthvað sé nefnt.

Við Háskóla Íslands fer fram kennsla og rannsóknir í öllum þessum fræðigreinum. Við skólann eru kennd 14 erlend tungumál og aðsókn í námið vex hratt. Ungt fólk skynjar mikilvægi tungumálakunnáttu og menningalæsis: getu til að skilja menningu og siðvenjur annarra þjóða.

Nemendur sem læra til að mynda japönsku eða kínversku í tvö ár við Háskóla Íslands stunda að jafnaði nám á þriðja árinu við háskóla í þessum löndum sem Háskóli Íslands hefur samstarf við. Þannig öðlast þeir þekkingu jafnt á tungunni og þjóðinni. Með sama hætti skapast mikilvæg tengsl gegnum vísindasamstarf við háskóla í Asíu og ríki Suður Ameríku, m.a. á sviðum verkfræði, bókmenntafræði, félagsfræði, menntavísinda, jarðfræði, stjórnmálafræði, stærðfræði og eðlisfræði.

Á sama tíma og íslenskir nemendur læra fjölda erlendra tungumála leggur mikill fjöldi erlendra stúdenta stund á íslensku hér heima og erlendis. Nútímaíslenska er kennd á um 40 stöðum í heiminum, þar á meðal í Japan og Kína. Um sjötíu þúsund manns víðs vegar um heim eru nú skráðir notendur að hugbúnaði fyrir íslenskukennslu sem þróaður hefur verið á Hugvísindasviði Háskóla Íslands og kallast Icelandic Online. Á um 100 stöðum í heiminum er síðan kennd forníslenska. Með þessum hætti er líka verið að skapa og styrkja tengsl Íslands við alþjóðlegt samfélag.

En það eru ekki aðeins samfélögin sem taka breytingum. Mannkynið stendur frammi fyrir loftslagsbreytingum sem gætu haft gríðarleg áhrif á búsetu og getu mannkyns til að framfleyta sér. En ný tækifæri munu líka skapast. Með hlýnandi loftslagi og bráðnun heimskautaíss opnast nýjar skipaleiðir milli Kyrrahafs og Atlantshafs. Þetta skiptir miklu efnahagslegu máli vegna styttingar vegalengda milli hafnarborga í Asíu og Evrópu, og skapar tækifæri fyrir Íslendinga vegna legu landsins.

Nú þegar sjást önnur merki loftslagsbreytinga: matvælaframleiðsla í heiminum er að breytast og kallar á nýjar lausnir. Svæði sem hingað til hafa skipt miklu í matvælaframleiðslu líða fyrir flóð og þurrka og við sjáum áhrifin í hækkandi matvælaverði. Íslendingar eiga þarna tækifæri líka til að leggja af mörkum: í sjávarútvegi og í gegnum sérfræðiþekkingu í sjávarlíffræði, vatnalíffræði, fiskeldi, matvæla- og næringarfræði, efnafræði, grasafræði og ræktun nytjaplantna.

Loftslagsbreytingar má m.a. rekja til þess hvernig mannkynið hefur svarað orkuþörf sinni. Hvarvetna er leitað nýrra hreinna orkugjafa. Í mörgum deildum Háskóla Íslands eru kennd námskeið sem tengjast orkuvísindum: Umhverfis- og byggingarverkfræðideild, Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, Jarðvísindadeild, Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, Raunvísindadeild, Líf- og umhverfisvísindadeild, Hagfræðideild og Lagadeild.

Um 50 starfsmenn skólans vinna að orkutengdum verkefnum í samstarfi við innlend og erlend fyrirtæki, stofnanir og háskóla. Um 25 doktorsnemar vinna að rannsóknaverkefnum í orkuvísindum og 50 meistaranemar. Með sameinuðum kröftum svo stórs hóps vísindamanna og stúdenta úr ólíkum greinum gefst tækifæri til að leggja af mörkum svo að um munar.

Líkt og alþjóðasamfélagið tekur íslenskt samfélag örur breytingum. Við höfum brotist til þjargálna á örfáum áratugum og erum enn að móta samfélagsgerðina og á sama tíma að fást við fjármálahrun sem ógnað hefur innviðum samfélagsins. Hvernig getum við bætt þekkingu, stjórnsýslu og eftirlit þannig að við styrkjum samfélagið og minnkum líkur á öðrum eins hamförum?

Slíkar spurningar krefjast aukinnar þekkingar og rannsókna í hagfræði, viðskiptafræði, lögfræði, stjórn málafræði og fjölmörgum öðrum greinum félagsvísinda. Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands hefur til að mynda, í samstarfi við fjölmargar stofnanir, samtök og sveitafélög, beitt sér fyrir rannsóknum og fræðslu um faglega opinbera stjórnsýslu og fyrir eflingu nýsköpunar í opinberum rekstri.

Ein alvarlegasta afleiðing fjármálahruns hér á landi er atvinnuleysi. Mig langar að beina sjónum sérstaklega að atvinnulausum yngri en 25 ára. Þeir eru um 2.500 talsins. Meirihlutinn hefur ekki lokið framhaldsskólaprófi. Af reynslu annarra þjóða má ráða að þessi hópur eigi eftir að glíma við langtímaatvinnuleysi verði ekkert að gert. Við verðum að koma þessu unga fólki til mennta.

En við verðum líka að rýna í skólakerfið og skilja hvers vegna þetta unga fólk hefur flosnað úr námi og breyta skólunum svo að þeir þjóni betur ungu fólki með ólíkar þarfir á sviðum bóknáms, verknáms og listnáms. Við þurfum að huga að líðan unglinga af erlendum uppruna. Hér verða margir að koma að verki og allir leggjast á eitt. Háskóli Íslands getur lagt sitt af mörkum með því að



styrkja kennaramenntun, rannsóknir í uppeldis- og menntunarfræðum og hvetja til umræðna um þetta mikilvæga mál.

Góðir gestir.

Við lifum í síkvikum heimi sem í vaxandi mæli byggir velferð sína og hagsæld á þekkingu og þekkingarsköpun, á frjórri og skapandi hugsun og á getu okkar til að tengja saman ólík þekkingarsvið. Ég hef nefnt örfáar vísbendingar um breytingar í alþjóðlegu umhverfi og íslensk viðfangsefni sem augljóslega kalla á nýjar áherslur í menntun og rannsóknum. Skýrar vísbendingar af þessu tagi eru miklu fleiri.

En háskólastarfið byggir ekki aðeins á þekktum viðfangsefnum og stærðum. Við þurfum breidd og dýpt til að búa okkur undir að takast á við viðfangsefni sem engin sér fyrir í dag. Þekking sem við vitum ekki alltaf hvernig nýtist í dag getur orðið lykill að lausn á stórkostlegu vandamáli á morgun. Í sæti ykkar hér í dag var dreift nýju Tímariti Háskóla Íslands sem varpar ljósi á þá breidd sem er í starfi skólans. Það er gríðarlega mikilvægt að við náum að styrkja breiddina og dýptina til að búa í haginn fyrir það sem óviss framtíð býr okkur.

Góðir gestir.

Háskóli Íslands, starfmenn hans og stúdentar hafa náð miklum árangri á undanförunum árum, árangri sem hægt er að staðfesta með alþjóðlegum mælingum. Það hefur tekist með markvissri stefnumótun og gríðarmikilli vinnu. Við verðum að halda þessari sókn áfram. Til þess þarf vitaskuld nýtt fjármagn og við verðum að leita allra tiltækra leiða til að tryggja það.

Mig langar að nefna hér sérstaklega að Háskóli Íslands hefur á erfiðum tímum notið mikillar velvildar og stuðnings einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka, bæði innlendra og erlendra. Velunnarar hafa lagt af mörkum til skólans með stofnun sjóða og beinum peningagjöfum til styrktar rannsóknum kennara og nemenda, til tækjakaupa og til byggingar húss fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Sú stofnun mun styrkja það starf sem ég vísaði til hér í upphafi. Ég vil fyrir hönd Háskóla Íslands þakka öllum af hjartans einlægni sem lagt hafa okkur lið.

Kæru kandídatar.

Ég óska ykkur hjartanlega til hamingju með þann áfanga í lífi ykkar sem markast af brautskráningu frá Háskóla Íslands hér í dag. Ísland þarf á öllum kröftum góðra manna og kvenna að halda, og ég hvet ykkur til að nýta þau tækifæri sem menntun ykkar veitir til að taka þátt í uppbyggingu samfélagsins og leggja af mörkum. Ég þakka ykkur samfylgdina hér í Háskóla Íslands. Þið hafið auðgað skólann með vinnu ykkar, námi og rannsóknum og ég vona að skólinn hafi nestað ykkur vel fyrir þá vegferð sem bíður ykkar. Ég óska ykkur gæfu og velfarnaðar í öllu því sem fram undan er.

## **Ræða Kristínar Ingólfadóttur við brautskráningu kandídata í Laugardalshöll**

**11. júní 2011**

Forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrverandi forseti Íslands, fyrrverandi menntamálaráðherrar og rektorar, kandídatar og aðstandendur, góðir gestir.

Öld er nú liðin frá stofnun Háskóla Íslands og því markar útskrift í dag einstök tímamót. Þetta eru tímamót í sögu fámennrar þjóðar sem lagði upp í sjálfstæða vegferð og trúði því að hún yrði að byggja upp menntun og vísindi til jafns við aðrar þjóðir. Þetta eru merk tímamót í lífi þeirra 1.800

nemenda sem ljúka í dag mikilvægum áfanga í lífi sínu og þúsunda aðstandenda sem hafa stutt þá og hvatt.

Á aldarafmæli minnumst við þeirra fjölmörgu sem stóðu að stofnun Háskóla Íslands á Alþingi 17. júní 1911, á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar. Jón var einn af fyrstu baráttumönnum fyrir stofnun háskóla á Íslandi. Og þeir urðu fleiri: Benedikt Sveinsson, Þorbjörg Sveinsdóttir, Hannes Hafstein, ásamt fjölmörgum öðrum, lögðust þungt á árarar. Bláfátækt alþjóðufólk skildi að háskólinn var vegur til betra lífs fyrir börn þeirra og barnabörn.

Háskóli Íslands var settur á stofn við afar þröngar efnahagslegar aðstæður. En hann var grundvallaður á hugsjón um sterkara og betra samfélag.

Á 100 árum hafa samfélagið og háskólinn tekið stakkaskiptum. Nú eru 14 þúsund manns við nám í skólanum, en fyrsta námsárið voru þeir 45. Ein kona hóf nám 1911, en nú eru konur í meirihluta á öllum námsstigum. Í upphafi störfuðu 13 við skólann, en í dag eru tæplega 1.400 manns í fullu starfi og rúmlega 2.000 stundakennarar. Deildir skólans voru fjórar, en eru nú 25 og skiptast á fimm fræðasvið.

Sumt hefur þó ekki breyst. Fyrsti rektor skólans, Björn M. Ólsen, lagði áherslu á að háskólinn væri í senn þjóðleg og alþjóðleg rannsóknar- og fræðslustofnun. Alla tíð síðan hefur starfið verið grundvallað á þessari sýn. Við byggjum allt okkar starf í dag á þeim grunni sem lagður var af frumkvöðlunum og kynslóðum skólamanna og stjórnálmanna. Hér samfagna með okkur í dag fyrrverandi menntamálaráðherrar, rektorar og starfsfólk háskólans. Ég vil færa þeim öllum þakkir fyrir þeirra framlag til uppbyggingar háskóla sem hefur gert íslenskt samfélag sterkara og betra en ella.

Af fjölmörgum vísindamönnum sem varðað hafa leið okkar má nefna Björn Sigurðsson á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði á Keldum. Rannsóknir Björns á visnu og mæði skiptu sköpum í baráttu við sauðfjárjúkdóma um miðja síðustu öld en síðar urðu þær lykilrannsóknir sem stuðst var við þegar HIV-veiran var fyrst greind í mönnum, því að hún reyndist náskyld visnuveiru. Nóbelsverðlaunahafinn Françoise Barré-Sinoussi, sem hlaut verðlaunin fyrir uppgötvun HIV-veirunnar, hélt fyrirlestur í Háskóla Íslands fyrir rúmri viku, þar sem hún mæðði rannsóknir Björns og sagði okkur frá því hvernig þær nýttust í HIV-verkefninu. Þetta sýnir hvernig vandaður vísindamaður í fámennu samfélagi getur lagt til verðmætasköpunar í samtímanum en skapað í leiðinni þekkingu sem nýtist með óvæntum hætti síðar við úrlausn aðkallandi og erfiðra viðfangsefna.

Ágætu gestir.

Háskóli Íslands fagnar aldarafmæli sínu með skarpa sýn, skýran ásetning og vilja til framkvæmda. Skólinn vinnur eftir skýrum markmiðum um að auka alþjóðleg tengsl en hann vinnur líka að því að styrkja ræturnar, m.a. með uppbyggingu rannsóknarsetra víða um land, en þau eru nú 8 talsins. Við rannsóknasetrin starfa vísindamenn og þar fá margir meistara- og doktorsnemar tækifæri til að vinna að verkefnum sínum og rannsóknatengd störf hafa skapast á viðkomandi stöðum. Hluti af dagskrá aldarafmælisins er að Háskóli unga fólksins leggur land undir fót og heimsækir öll rannsóknasetrin. Þar gefst grunnskólanemum kostur á að sækja námskeið í japönsku, stjórnmálafræði, eðlisfræði, stjórnufræði, heimspeki, menningarfræði, íslensku, lyfjafræði, taugasálfræði og fleiri greinum. Þarna er sáð til framtíðar og viðbrögð barnanna og foreldra þeirra eru stórkostleg.

Stefnumótun skólans og árangur sem af henni hefur leitt er í takt við það sem best gerist. Vísindamenn skólans hafa náð ótrúlegum árangri í mörgum greinum og eru margir í rannsóknarsamvinnu við fremstu vísindamenn heims, þar á meðal nokkra Nóbelsverðlaunahafa.

Með fjölgun doktorsnema í fullu launuðu starfi hefur orðið eðlisbreyting í starfi Háskóla Íslands. Skólastarfið hefur í raun færst á nýtt stig. Doktorsnámið felur í sér þjálfun í þekkingarleit, frumkvöðlahugsun, nákvæmni, rökhugsun, ályktunarhæfni og framsetningu. Leiðtogar í atvinnulífi hvarvetna á Vesturlöndum telja brýnt að starfskröftum með þessa færni fjölgi hratt. Ekkert bendir til annars en að íslenskt atvinnulíf og þekkingarsamfélag hafi sömu þarfir, enda hafa mörg doktorsverkefni við háskólann þegar leitt til nýsköpunar í heilbrigðiskerfi, menntakerfi, menningarlífi, félagsmálum og tækni. Starfsfólk háskólans hefur á síðustu fimm árum fengið samþykkt 24 ný einkaleyfi og stofnuð hafa verið 43 sprotafyrirtæki út frá rannsóknaverkefnum starfsmanna og nemenda.

Orðspor skólans hefur leitt til samstarfssamninga sem gera nemendum kleift að taka hluta af námi sínu í framúrskarandi erlendum háskólum. Nemendum í tölvunarfræði og hugbúnaðarverkfræði var til að mynda boðið að sækja nám í Stanford-háskóla í Bandaríkjunum nú í sumar. Nemendur sem ljúka grunnnámi hér hafa átt greiða leið í framhaldsnám við erlenda háskóla, jafnvel þar sem geysihörð samkeppni þúsunda námsmanna er um hvert pláss. Ofurtölvumiðstöð var stofnuð við Háskóla Íslands í vetur eftir harða samkeppni við norræna háskóla.

Þessi árangur háskólastarfs hjá 320 þúsund manna þjóð er merkilegur og alls ekki sjálfgefinn. Hann byggist á metnaði, mikilli vinnu og ósérhlífni. Þessum árangri hefur háskólinn náð þó að honum sé sniðinn mun þrengri stakkur en sambærilegri starfsemi í nágrannalöndunum. Það er mikilvægt að við gerum okkur öll grein fyrir að ef við viljum ná lengra og byggja á þessum árangri er nauðsynlegt að hlúa að starfi skólans. Hvarvetna í Evrópu, Ameríku og Asíu leggja þjóðarleiðtogar nú áherslu á uppbyggingu háskólanna eftir efnahagskreppuna til að byggja upp og styrkja samkeppnishæfni. Danski forsætisráðherrann hefur til að mynda sett markmið um að koma dönskum háskóla í hóp 10 bestu háskóla í heimi innan 10 ára. Þessari markmiðasetningu er nú fylgt eftir í Danmörku með fjárveitingum og stuðningi. Allar þjóðir sem við berum okkur saman við hafa byrjað stórsókn á sviði háskólamenntunar. Samkeppnin mun því aukast verulega. Ef við fylgjum ekki eftir af sama krafti munum við dragast hratt aftur úr.

Lífskjör munu í framtíðinni byggjast á þekkingu, vísindastarfsemi, nýsköpun og frumkvöðlahugsun. Það er því ánægjulegt að finna fyrir því að íslensk stjórnvöld og í raun stjórnámálemenn í öllum flokkum skynja og skilja þessa sömu nauðsyn og leita leiða til að fylgja því eftir. Þegar hefur verið gert átak til að gefa atvinnulausum ný tækifæri til menntunar og gripið hefur verið til aðgerða til að draga úr brottfalli úr framhaldsskólum. Nú er mikilvægt að hefja nýja sókn í uppbyggingu háskólastarfsins.

Kæru kandiðatar.

Þið hafið lagt hart að ykkur og dagurinn í dag er uppskerudagur. Þið farið héðan nestuð þekkingu og vonandi innblásin ástríðu til að takast á við næsta kafla í lífinu. Þið hafið á námstímanum hnýtt vináttubönd sem aldrei rofna.

Þið gangið nú til nýrra verka og munuð, hvert með sínum hætti, leggja af mörkum og skapa verðmæti: efnahagsleg, menningarleg og félagsleg.

Þið verðið kennarar, sem kveikja eldmóð og þekkingarþorsta nýrra kynslóða.

Þið verðið vísindamenn sem færa okkur verðmætar uppgötvanir.

Þið finnið nýjar leiðir til að meðhöndla sjúkdóma og varðið leið til heilbrigðra lífshátta.

Þið vinnið að velferð barna, fjölskyldna og vaxandi fjölda aldraðra í samfélaginu.

Þið búið íslenskt samfélag til þátttöku í breyttum heimi, þar sem efnahagsleg þungamiðja og vald er að flytjast til austurs og suðurs – breyttum heimi vegna loftslagsbreytinga sem leiða til bráðnunar heimsskautaðs.

Þið leitið leiða til að mæta þörf fyrir nýja og hreina orkugjafa.

Þið verðið í forystu í þróun matvælaframleiðslu til að tryggja okkar eigið fæðuöryggi og leggja af mörkum til að metta mannkyn.

Þið verðið í fylkingarbrjósti í varðveislu tungu og menningar.

Þið munuð tryggja að við virðum og eflum einstaka menningu þjóðarinnar, nýtum auðlindir okkar af skynsemi, virðum náttúruna sem er svo ríkur þáttur í lífi okkar og byggjum hér heilbrigða samfélagsmynd.

Ykkar bíða ótal viðfangsefni og tækifæri. Engin önnur kynslóð hefur átt kost slíkra tækifæra.

Ykkur standa opnar dyr og ykkur eru allir vegir færir. Samfélagið þarf sannarlega á kröftum ykkar að halda. Ég hvet ykkur til að nýta af ábyrgð þá hæfileika sem ykkur eru gefnir og til að njóta í auðmýkt þeirra forréttinda sem menntun ykkar býður.

Ég óska ykkur öllum gæfuríkrar framtíðar og ég þakka ykkur samfylgdina.



# Brautskráðir kandídatar

Árið 2011 fór brautskráning fram 26. febrúar, 11. júní og 22. október.

## Brautskráning kandídata 26. febrúar 2011

Hinn 26. febrúar 2011 voru eftirtaldir 459 kandídatar brautskráðir frá Háskóla Íslands með 461 próf.

### Félagsvísindasvið (170)

#### Félags- og mannvísindadeild (42)

*MA-próf í blaða- og fréttamennsku (2)*

Sigríður Guðfinna Ásgeirsdóttir

Unnur Hrefna Jóhannsdóttir\*

*MA-próf í bókasafns- og upplýsingafræði (1)*

Guðbjörg Eva Friðgeirsdóttir

*MLIS-próf í bókasafns- og upplýsingafræði (2)*

Guðrún Tryggvadóttir

Heiðbjört Kristjánsdóttir

*MA-próf í mannfræði (1)*

Guðrún Svava Guðmundsdóttir

*MA-próf í náms- og starfsráðgjöf (4)*

Anna Ósk Ómarsdóttir

Ásta Gunnlaug Briem

Pór Hreinsson

Puríður Ósk Sigurjónsdóttir

*MA-próf í þjóðfræði (1)*

Áki Guðni Karlsson

*MA-próf í þróunarfræði (2)*

Guðrún Helga Jóhannsdóttir

Guðrún Helga Teitsdóttir

*Viðbótardiplómanám í upplýsinga- og skjalastjórn og rafrænum samskiptum hjá skipulagsheildum (2)*

Árni Jóhannsson

Ella María Gunnarsdóttir

*Viðbótardiplómanám í afbrotufræði (2)*

Elva Benediktsdóttir

Harpa Sif Hreinsdóttir

*Viðbótardiplómanám í fötlunarfræði (7)*

Estella D Björnsson

Hrönn Harðardóttir

Ingveldur Ó Björgvinsdóttir

Stella Kristjánsdóttir  
Unnur Hrefna Jóhannsdóttir\*  
Þórhildur Svanbergsdóttir  
Þórunn Kristjánsdóttir

*Viðbótardiplómanám í hnattrænum tengslum, fólksflutningum og fjölmenningsfræði (1)*

Sigrún Jónsdóttir  
Viðbótardiplómanám í safnafræði (1)  
Kristín Sigurðardóttir

*BA-próf í bókasafns- og upplýsingafræði (2)*

Sigríður Halldórsdóttir  
Þórunn Ella Hauksdóttir

*BA-próf í félagsfræði (6)*

Freyr Björnsson  
Guðmundur Halldórsson  
Halldór Árnason  
Maya Staub  
Nanna Björk Rúnarsdóttir  
William Óðinn Lefever

*BA-próf í mannfræði (7)*

Elísa Hildur Þórðardóttir  
Esther Ösp Valdimarsdóttir  
Jóna Elísabet Ottesen  
Kristín Inga Gunnlaugsdóttir  
Kristjana Ingimarsdóttir  
Védís Hervör Árnadóttir  
Þorbjörg Jónsdóttir

*BA-próf í þjóðfræði (1)*

Hilda Kristjánsdóttir

**Félagsráðgjafardeild (3)**

*Viðbótardiplómanám í öldrunarþjónustu (1)*

Helena Björk Jónasdóttir

*BA-próf í félagsráðgjöf (2)*

Linda Sæberg Þorgeirsdóttir  
Karólína Markúsdóttir

**Hagfræðideild (12)**

*MS-próf í hagfræði (3)*

Arnaldur Sölvi Kristjánsson  
Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir  
Þórður Ingi Guðmundsson

*MS-próf í fjármálahagfræði (2)*

Einar Beinteinn Árnason  
Kristján Sveinlaugsson

*MS-próf í heilsuhagfræði (1)*

Harpa Hrund Berndsen

*BS-próf í hagfræði (3)*

Hjörtur Ingvi Jóhannsson

Hugrún Jórunn Halldórsdóttir  
Ingvar Freyr Ingvarsson

*BA-próf í hagfræði (3)*

Andri Valur Ívarsson  
Már Kristjánsson  
Sesselja G Vilhjálmsdóttir

**Lagadeild (25)**

*Meistarapróf í lögfræði, mag.jur. (15)*

Agnar Bragi Bragason  
Anna María Káradóttir  
Eva Dóra Kolbrúnardóttir  
Guðmundur Njáll Guðmundsson  
Gunnar Már Jakobsson  
Helga Sigríður Þórhallsdóttir  
Inga Þórey Óskarsdóttir  
Jón Bjarni Kristjánsson  
Jón Ingi Þorvaldsson  
Kristinn Már Reynisson  
Margrét Ágústa Sigurðardóttir  
María Hrönn Guðmundsdóttir  
Pálmar Pétursson  
Stefán Þór Eyjólfsson  
Víðir Smári Petersen

*BA-próf í lögfræði (10)*

Angela Guðbjörg Eggertsdóttir  
Anna Birgit Ómarsdóttir  
Berglind Rós Gunnarsdóttir  
Daníel Thor Skals Pedersen  
Georg Andri Guðlaugsson  
Hildur Eyþórsdóttir  
Hrafnhildur Guðjónsdóttir  
Iðunn Guðjónsdóttir  
Kristín Lára Helgadóttir  
Valgerður Guðmundsdóttir

**Stjórn málafræðideild (30)**

*MA-próf í alþjóðasamskiptum (2)*

Gyða Einarsdóttir  
Ragnhildur Bjarkadóttir

*MA-próf í kynjafræði (2)*

Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir  
Svandís Anna Sigurðardóttir

*MPA-próf í opinberri stjórnslu (4)*

Eydís Líndal Finnbogadóttir  
Eyrún Björg Magnúsdóttir  
Gestur Páll Reynisson  
Margrét Kaldalóns Jónsdóttir

*Viðbótardiplómanám í hagnýtri jafnréttisfræði (3)*

Birna María Ásgeirsdóttir



Eygló Margrét Stefánsdóttir  
Karen G Elísabetardóttir  
Viðbótardiplómanám í opinberri stjórnslu (3)  
Íris Eik Ólafsdóttir  
Sigríður Björk Guðjónsdóttir  
Sverrir Þórðarson

*Viðbótardiplómanám í smárikjafræði (3)*

Claudia Heynen  
Sergii Artamonov  
Steven Murphy

*BA-próf í stjórnmálafræði (13)*

Berglind Ósk Magnúsdóttir  
Eðvald Þórsson  
Eva Þóra Karlsdóttir  
Gíslína Petra Þórarinsdóttir  
Hildur H Sigurðardóttir  
Hugrún Geirsdóttir  
Jón Kári Jónsson  
Jón Skjöldur Níelsson  
Margrét Pétursdóttir  
Orri Freyr Rúnarsson  
Sólveig Lóa Magnúsdóttir  
Steinunn Skúladóttir  
Örvar Þorri Rafnsson

**Viðskiptafræðideild (58)**

*MS-próf í viðskiptafræði (2)*

Guðmundur I Bergþórsson  
Ingibjörg Jóna Leifsdóttir

*MS-próf í fjármálum fyrirtækja (3)*

Björn Þór Hilmarsson  
Engilbjört Auðunsdóttir  
Jón Sævarsson

*MS-próf í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum (7)*

Auður Hafþórsdóttir  
Áslaug Briem  
Brynhildur Lilja Björnsdóttir  
Helgi Guðmundur Sigurðsson  
Karen Dröfn Halldórsdóttir  
Konráð Pálmason  
Kristinn Loftur Einarsson

*MS-próf í mannauðsstjórnun (4)*

Guðrún Símonardóttir  
Hildur Björk Hörpudóttir  
Kristín Hrund Whitehead  
Sóley Björt Guðmundsdóttir

*MS-próf í sjálfbærri orku og viðskiptafræði (2)*

Niels Sveinsson  
Sævar Birgisson

*MS-próf í stjórnun og stefnumótun (7)*

Bjargey Anna Guðbrandsdóttir  
Bjarni Hlynur Ásbjörnsson  
Elís Reynarsson  
Fjóla Björk Hauksdóttir  
Guðmundur Ágúst Skarphéðinsson  
Tinna Björg Sigurðardóttir  
Trond Are Schelander

*MS-próf í umhverfis- og auðlindafræði (1)*

Hrönn Hrafnisdóttir

*M.Acc.-próf í reikningshaldi og endurskoðun (6)*

Birta Mogensen  
Harpa Björg Sævarsdóttir  
Jóhanna María Einarsdóttir  
Margrét Guðjónsdóttir  
Snorri Jónsson  
Stefán Arason

*BS-próf í viðskiptafræði (26)*

Berglind Ósk Einarsdóttir  
Bergþór Ólason  
Birgir Þór Þorsteinsson  
Brynjólfur Ægir Sævarsson  
Einar Daníelsson  
Elva Guðrún Gunnarsdóttir  
Eyjólfur B Eyjólfsson  
Garðar Sævarsson  
Gestur Steinþórsson  
Halldór Orri Björnsson  
Helgi Már Mogensen  
Hjalti Rafn Gunnarsson  
Jessica Sól Hausner Helgudóttir  
Kolbrún Irma Hreiðarsdóttir  
Maron Kærnested Baldursson  
Matthías Stephensen  
Monika Gabriela Bereza  
Ragnar Smári Guðmundsson  
Sigurður Magnús Sólonsson  
Steinunn Tómasdóttir  
Sveinbjörn Jónasson  
Sveinn Guðlaugur Þórhallsson  
Særún Dögg Sveinsdóttir  
Tinna Dögg Kjartansdóttir  
Ying Li  
Þuríður Höskuldsdóttir

**Heilbrigðisvísindasvið (62)**

**Hjúkrunarfræðideild (10)**

*MS-próf í hjúkrunarfræði (4)*

Anný Lára Emilsdóttir  
Ingibjörg Guðmundsdóttir  
Regína Brigitte Þorsteinsson  
Sigurbjörg Kristmundsdóttir

*MS-próf í ljósmóðurfraeðum (1)*

Rannveig Rúnarsdóttir

*MHI-próf í upplýsingatækni á heilbrigðissviði (2)*

Margrét O Thorlacius  
Rúna Helga Hilmarsdóttir

*Viðbótardiplómanám á sérsviðum hjúkrunar (skurðhjúkrun) (1)*

Sigrún Björg Rafnsdóttir

*BS-próf í hjúkrunarfræði (2)*

Helga Vala Árnadóttir  
Valdís María Emilsdóttir

### **Lyfjafræðideild (1)**

*MS-próf í lyfjafræði (1)*

Alda Hrönn Jónasdóttir

### **Læknadeild (9)**

*MS-próf í líf- og læknávisindum (3)*

Anna Þóra Pétursdóttir  
Guðbjörg Jónsdóttir  
Laufey Geirsdóttir

*MPH-próf í lýðheilsuvísindum (2)*

Aðalheiður Jónsdóttir  
Ingibjörg Guðmundsdóttir

*Viðbótardiplómanám í lífeindafræði (2)*

Ebba Pálsdóttir  
Emilía Guðbjörg Söebech

*BS-próf í lífeindafræði (1)*

Anna Margrét Kristinsdóttir

*BS-próf í sjúkraþjálfun (1)*

Einar Örn Guðmundsson

### **Matvæla- og næringarfræðideild (2)**

*MS-próf í næringarfræði (1)*

Aníta Guðný Gústavsdóttir

*BS-próf í matvælafræði (1)*

Birgitta Lind Vilhjálmsdóttir

### **Sálfræðideild (39)**

*MS-próf í sálfræði (2)*

Ragnheiður Sif Gunnarsdóttir  
Þorbjörg Sveinsdóttir

*Cand.psych.-próf í sálfræði (2)*

Lilja Sif Þorsteinsdóttir

Valgerður Ólafsdóttir

*BS-próf í sálfræði (35)*

Alda Úlfarsdóttir  
Andri Sigurðsson  
Anna Jóna Kristjánsdóttir  
Auður Sjöfn Þórisdóttir  
Árni Þór Eiríksson  
Ásmundur Gunnarsson  
Birna María Antonsdóttir  
Bo Hans Martin Bruss Smedlund  
Brynjar Ólafsson  
Búi Bjarmar Aðalsteinsson  
Elín Áslaug Ormslev  
Fjóla Þórdís Jónsdóttir  
Guðný Þorgilsdóttir  
Guttormur Árni Ársælsson  
Hilmar Pétur Sigurðsson  
Ingunn S U Kristensen  
Ívar Ásgrímsson  
Jóhanna Hildur Hauksdóttir  
Jökull Jóhannsson  
Karen Daðadóttir  
Karen Lind Tómasdóttir  
Kristín Erla Pétursdóttir  
Linda Hrönn Ingadóttir  
Margrét Grétarsdóttir  
Olga Jenný Gunnarsdóttir  
Ólöf Sunna Gissurardóttir  
Ósk Kjartansdóttir  
Rakel Edda Bjarnadóttir  
Róbert Már Maríuson  
Solja Katrína Klargaard  
Sólrún Dröfn Þorgrímsdóttir  
Steinar Sigurjónsson  
Sunna Björt Arnardóttir  
Sunna María Magnúsdóttir  
Sveinbjörn Yngvi Gestsson

**Tannlæknadeild (1)**

*BS-próf í tannsmíði (1)*

Vilborg Gunnarsdóttir

**Hugvísindasvið (82)**

**Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda (23)**

*M.Paed.-próf í dönsku (1)*

Margrét Svanborg Karlsdóttir

*BA-próf í tveimur aðalgreinum:*

*enska og franska (1)*

Una Guðlaug Sveinsdóttir

*BA-próf í Austur-Asíufræðum (1)*

Stefán Atli Thoroddsen

*BA-próf í dönsku (1)*

Sólveig Eyvindsdóttir

*BA-próf í ensku (12)*

Alexandr Linev

Anna Margrét Björnsdóttir

Anna Samúelsdóttir

Carola Falk

Egill Már Halldórsson

Erna Jóhannesdóttir

Hjördís Elma Jóhannsdóttir

Inga Þórunn Waage

Katrín Vilborgar Gunnarsdóttir

Luis Felipe Torres Meza

Rósa María Sigurðardóttir

Sigurlaug Sturlaugsdóttir

*BA-próf í frönsku (2)*

Jóhanna Marsibil Pálsdóttir

Puríður Elín Steinarsdóttir

*BA-próf í japönsku (2)*

Bragi Ólafsson

Hildur Ósk Jónsdóttir

*BA-próf í kínverskum fræðum (1)*

Dagur Kristjánsson

*BA-próf í spænsku (1)*

Kristín Vala Þrastardóttir

*BA-próf í þýsku (1)*

Rakel Margrét Viggósdóttir

**Guðfræði- og trúarbragðafræðideild (2)**

*Embættispróf í guðfræði, cand.theol. (1)*

Sunna Dóra Möller

*BA-próf í guðfræði (1)*

Sveinn Alfreðsson

**Íslensku- og menningardeild (33)**

*MA-próf í hagnýtri ritstjórn og útgáfu (7)*

Davíð Kjartan Gestsson

Embla Ýr Bárudóttir

Halldóra Guðrún Ísleifsdóttir

Ingunn Eypórsdóttir

Kristrún Ósk Karlsdóttir

Nanna Gunnarsdóttir

Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir

*MA-próf í Medieval Icelandic Studies (4)*

Andrea Mary Westfall  
Claire Sophie Musikas  
Mariya Mayburd  
Russell Alexander Stepp

*MA-próf í þýðingafraeði (4)*

Dagný Björk Þórgnýsdóttir  
Magdalena Dybka  
Salka Guðmundsdóttir  
Sigurlaug Gunnarsdóttir

*BA-próf í almennri bókmenntafræði (1)*

Helga Þórey Jónsdóttir

*BA-próf í íslensku (1)*

Guðrún Steinþórsdóttir

*BA-próf í íslensku sem öðru máli (6)*

Hanne Krage Carlsen  
Heleri Aavastik  
Larisa Simanovskaya  
Minaya Mulykh  
Natalia Viktorovna Kovachkina  
Susan Rafik Hama

*BA-próf í kvikmyndafræði (3)*

Lísa Margrét Kristjánsdóttir  
María Ágústsdóttir  
Unnar Friðrik Sigurðsson

*BA-próf í listfræði (4)*

Aðalheiður Valgeirsdóttir  
Bryndís Jónsdóttir  
Snorri Freyr Snorrason  
Sólveig Ása B Tryggvadóttir

*Diplómanám í hagnýtri íslensku sem öðru máli (3)*

Jonathan Paul Palasek  
Katharina Breslauer  
Mami Nagai

**Sagnfræði- og heimspekideild (24)**

*MA-próf í fornleifafræði (4)*

Aidan James Bell  
Guðmundur Ólafsson  
Karlotta S Ásgeirsdóttir  
Oddgeir Isaksen

*MA-próf í hagnýtri menningarmiðlun (4)*

Ásgerður Guðrún Gunnarsdóttir  
Ástríður Magnúsdóttir  
Helga J Hallbergsdóttir  
Margrét Valmundsdóttir

*MA-próf í sagnfræði (3)*

Gunnar Örn Hannesson  
Margrét Gunnarsdóttir

Ólafur Arnar Sveinsson

*BA-próf í fornleifafræði (1)*

Björgvin Gunnarsson

*BA-próf í heimspeki (3)*

Gunnar Júlíus Guðmundsson

Gústav Adolf B Sigurbjörnsson

Teitur Magnússon

*BA-próf í sagnfræði (9)*

Áslaug Lovísa B Gunnarsdóttir

Bára Brandsdóttir

Gunnar Rúnar Eyjólfsson

Gunnhildur Hrólfsdóttir

Ingibjörg Ragnheiður Hauksdóttir

Kristín Svava Tómasdóttir

Magnús Jónsson

Oddur Freyr Þorsteinsson

Valgeir Ómar Jónsson

## **Menntavísindasvið (74)**

### **Íþróttá-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild (8)**

*B.Ed.-próf í íþróttá- og heilsufræði (2)*

Íris Ósk Kjartansdóttir

Sigurður Gísli Guðjónsson

*BS-próf í íþróttá- og heilsufræði (2)*

Ingi Hlynur Jónsson

Sandra Dögg Guðmundsdóttir

*BA-próf í tómstunda- og félagsmálafræði (2)*

Ágústa Rósa Andrésdóttir

Jóhanna Aradóttir

*BA-próf í þroskaþjálfufræði (2)*

Hildur Ýr Ómarsdóttir

Kristín Eyjólfsdóttir

### **Kennaradeild (53)**

*MA-próf í náms- og kennslufræði (1)*

Jakob Frímann Þorsteinsson

*M.Ed.-próf í náms- og kennslufræði (2)*

Ingibjörg Kjartansdóttir

Valborg Salóme Ingólfssdóttir

Viðbótardiplómanám í náms- og kennslufræði (1)

Sandra Halldórsdóttir

*Viðbótardiplómanám í kennslufræði til kennsluréttinda (10)*

Helga Friðriksdóttir

Helga Eyja Hrafnkelsdóttir

Hlín Ágústsdóttir\*

Hulda Guðnadóttir

Inga Rós Antoníusdóttir  
Jón Freyr Sigurðsson  
Katrín Högnadóttir  
Magnús Eiríksson  
Ottó Ingi Þórisson  
Sunna Guðmundsdóttir

*B.Ed.-próf í grunnskólakennarafræði (17)*

Anna Rós Finnsdóttir  
Áslaug Hanna Margrétardóttir  
Birna Hlín Guðjónsdóttir  
Björk Snorradóttir  
Einarína Einarsdóttir  
Elfa Björk Hreggviðsdóttir  
Gyða Vestmann Erlendsdóttir  
Hildur Lilja Guðmundsdóttir  
Kristjana Eysteinsdóttir  
Lilja Dögg Björgvinsdóttir  
Maria Isabel G Fisher  
Málfríður Hildur Bjarnadóttir  
Nína Berglind Sigurgeirsdóttir  
Sigríður Steinunn Karlsdóttir  
Sigurveig Birgisdóttir  
Vitor Hugo Rodrigues Eugenio  
Ylfa Ösp Áskelsdóttir

*B.Ed.-próf í leikskólakennarafræði (17)*

Anna Metta Norðdahl  
Ásta Björk Guðnadóttir  
Berglind Sigríður Harðardóttir  
Berglind Mjöll Jónsdóttir  
Berglind Reynisdóttir  
Bryndís Kristín Kristinsdóttir  
Dagmar Lilja Marteinsdóttir  
Guðrún Tinna Ingibergsdóttir  
Jensína Kristbjörg Jensdóttir  
Jóhanna Berghild Hergeirsdóttir  
Jóna Kristbjörg Þórisdóttir Ohlsson  
Katharina Mareike Schacht  
Kristín Adda Einarsdóttir  
Kristín María Ingvarsdóttir  
Margrét Sigurðardóttir  
Viktoría S Ámundadóttir  
Yrsa Brá Heiðarsdóttir

*Grunndiplóma í kennslufræði til kennsluréttinda (5)*

Áslaug Traustadóttir  
Bryndís Böðvarsdóttir  
Elínborg Arna Árnadóttir  
Sigríður Inga Kristmannsdóttir  
Silja Sigríður Þorsteinsdóttir

**Uppeldis- og menntunarfræðideild (13)**



*M.Ed.-próf í menntunarfræði (2)*

Halla Valgeirsdóttir  
Jórunn Magnúsdóttir

*MA-próf í uppeldis- og menntunarfræði (1)*

Eygló Rúnarsdóttir

*M.Ed.-próf í uppeldis- og menntunarfræði (1)*

Margrét Sveinsdóttir

*M.Ed.-próf í sérkennslufræði (3)*

Aldís Ebba Eðvaldsdóttir  
Erla Skaftadóttir  
Kolbrún Olgeirsdóttir

*M.Ed.-próf í stjórnunarfræði menntastofnana (1)*

Jónína Ágústsdóttir

*Viðbótardiplóma í uppeldis- og menntunarfræði (2)*

Áki Árnason  
Kristjana Guðmundsdóttir

*BA-próf í alþjóðlegu námi í menntunarfræði (1)*

Margarita Hamatsu

*BA-próf í uppeldis- og menntunarfræði (2)*

Ása Líndal Hinriksdóttir  
Jóhanna S Ragnarsdóttir

## **Verkfræði- og náttúruvísindasvið (73)**

### **Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði og tölvunarfræðideild (18)**

*MS-próf í fjármálaverkfræði (1)*

Ari Freyr Hermannsson

*MS-próf í iðnaðarverkfræði (6)*

Arna Vigdís Jónsdóttir  
Áslaug Harpa Axelsdóttir  
Bryndís Alexandersdóttir  
Haraldur Lúðvíksson  
Jón Árni Helgason  
Sigríður Sigurðardóttir

*MS-próf í vélaverkfræði (1)*

Eðvald Eyjólfsson

*BS-próf í hugbúnaðarverkfræði (1)*

Ævar Gunnar Ævarsson

*BS-próf í iðnaðarverkfræði (5)*

Aðalsteinn Arnarson  
Davíð Þór Fritzon  
Gunnar Helgi Gunnsteinsson  
Stefán Hjalti Garðarsson  
Þorlákur Ómar Guðjónsson

*BS-próf í tölvunarfræði (3)*

Hallgrímur Heiðar Gunnarsson  
Hinrik Gylfason  
Loftur Ingi Bjarnason

*BS-próf í vélaverkfræði (1)*

Magnús Valgeir Gíslason

**Jarðvísindadeild (6)**

*MS-próf í jarðfræði (2)*

Bjarki Friis  
Helgi Páll Jónsson

*MS-próf í sjálfbærri orku (1)*

Javier Alfonso Gonzalez Garcia

*BS-próf í jarðfræði (3)*

Guðmunda María Sigurðardóttir  
Minney Sigurðardóttir  
Sandra Karen Ragnarsdóttir

**Líf- og umhverfisvísindadeild (23)**

*MS-próf í líffræði (6)*

Alexandros Andreou  
Jón Óskar Jónsson Wheat  
Myrsini Eirini Natsopoulou  
Níels Árni Árnason  
Panagiotis Theodorou  
Páll Jónbjarnarson

*MS-próf í umhverfis- og auðlindafræði - ferðamálafræði (1)*

Kristófer Már Kristinsson

*M.Paed.-próf í líffræði (1)*

Þórhalla Arnardóttir

*BS-próf í ferðamálafræði (7)*

Alexandra Þórisdóttir  
Andrés Frímann Hannesson  
Auður Olga Skúladóttir  
Ásta Ragna Stefánsdóttir  
Erla Sonja Guðmundsdóttir  
Hildur Gottskálksdóttir  
Jenný Maggý Rúriksdóttir

*BS-próf í landfræði (4)*

Eva Diðriksdóttir  
Kristinn Nikulás Edvardsson  
Sigurður Óskar Jónsson  
Tinna Helgadóttir

*BS-próf í líffræði (4)*

Guðlaug Katrín Hákonardóttir  
Guðmundur Jónsson  
Margrét Aradóttir  
Snæfríður Halldórsdóttir

**Rafmagns- og tölvuverkfræðideild (3)**

*MS-próf í rafmagns- og tölvuverkfræði (1)*  
Jakob Sigurðsson

*BS-próf í rafmagns- og tölvuverkfræði (2)*  
Garðar Þorsteinsson  
Nína Björk Surban Fatalla

**Raunvísindadeild (11)**

*MS-próf í eðlisfræði (2)*  
Nína Björk Arnfinnsdóttir  
Nzar Rauf Abdullah

*MS-próf í lífefnafræði (1)*  
Erna Knútsdóttir

*M.Paed.-próf í stærðfræði (1)*  
Hlín Ágústsdóttir\*

*BS-próf í eðlisfræði (1)*  
Wing Kit Yu

*BS-próf í efnafræði (4)*  
Arna Haraldsdóttir  
Kári Sveinbjörnsson  
Steinar Birgisson  
Þór Þráinsson

*BS-próf í lífefnafræði (1)*  
Helga Guðrún Óskarsdóttir

*BS-próf í stærðfræði (1)*  
Stefanía Bjarney Ólafsdóttir

**Umhverfis- og byggingarverkfræðideild (12)**

*MS-próf í byggingarverkfræði (1)*  
Óli Þór Magnússon

*BS-próf í umhverfis- og byggingarverkfræði (11)*  
Alexandra Kjeld  
Andri Geir Guðjónsson  
Anna Heiður Eydísardóttir  
Atli Rútur Þorsteinsson  
Björn Eyþór Benediktsson  
Eyþór Smári Snorrason  
Hjalti Sigursveinn Helgason  
Kristján Ari Úlfarsson  
Óskar V Gíslason  
Sólrun Svava Skúladóttir  
Þorgeir Hólm Ólafsson

\* Brautskráist með tvö próf.

## Brautskráning kandídata laugardaginn 11. júní 2011

Vorbrautskráning kandídata frá Háskóla Íslands fór fram í Laugardalshöll laugardaginn 11. júní 2011 og voru brautskráðir 1.812 kandídatar með 1.816 próf. Brautskráningarathöfnin var tvískipt og voru framhaldsnemar brautskráðir fyrir hádegi en grunnemar eftir hádegi.

**Kl. 11.00 fyrir hádegi, alls 674 kandídatar (676 próf):**

### Félagsvísindasvið (274)

#### Félags- og mannvísindadeild (57)

##### *MA-próf í blaða- og fréttamennsku (7)*

Björg Sæmundsdóttir  
Eiríkur Einarsson  
Erla María Davíðsdóttir  
Ingveldur Geirsdóttir  
Lovísa Árnadóttir  
Lovísa Þóra Gunnarsdóttir  
Svanbjörg H Einarisdóttir

##### *MLIS-próf í bókasafns- og upplýsingafræði (8)*

Anna María Sverrisdóttir  
Arnhildur Arnaldsdóttir  
Erlendur Már Antonsson  
Halla Ingibjörg Svavarsdóttir  
Inga Ágústsdóttir  
Kristín H Thorarensen  
Siggerður Ólöf Sigurðardóttir  
Sigurlaug Rósa Guðjónsdóttir

##### *MA-próf í félagsfræði (5)*

Bára Jóhannesdóttir  
Kristinn Már Ársælsson  
Kristín Ása Einarisdóttir  
Sæunn Gísladóttir  
Þorvaldur Logason

##### *MA-próf í fötlunarfræði (3)*

Ásdís Ýr Arnardóttir  
Guðrún Sveinsdóttir  
Hlín Jóhannesdóttir

##### *MA-próf í mannfræði (1)*

Ósk Sturludóttir

##### *MA próf í náms- og starfsráðgjöf (10)*

Dagný Hulda Broddadóttir  
Elísabet Pétursdóttir  
Ingunn Margrét Ágústsdóttir  
Jóhanna Einarisdóttir  
Jóhanna Sólveig Lövdahl  
Lilja Rós Óskarsdóttir

Margrét Björk Arnardóttir  
Sigrún Anna Ólafsdóttir  
Sólrun Bergþórsdóttir  
Puríður A Hallgrímsdóttir

*MA-próf í safnafræði (2)*

Björk Bergsdóttir  
Skúli Sæland

*MA-próf í þróunarfræði (4)*

Helga Katrín Tryggvadóttir  
Ingibjörg Ösp Ingólfssdóttir  
Ólöf Daðey Pétursdóttir  
Þóra Björnsdóttir

*Diplómapróf í bókasafns- og upplýsingafræði með áherslu á upplýsingafræði og þekkingarmiðlun (1)*

Katharina Angela Schneider

*Diplómapróf í félagsfræði með áherslu á afbrotufræði (4)*

Inga Guðrún Kristjánsdóttir\*  
Snædís Góa Guðmundsdóttir  
Þórey Þormar  
Þórkatla Soffía Ólafsdóttir

*Diplómapróf í félagsfræði með áherslu á rannsóknaraðferðir félagsvísinda (1)*

Silja Bára Ómarsdóttir

*Diplómapróf í fötlunarfræði (4)*

Linda Björk Holm  
Niiles Kustaa Punkari  
Vibeke Þorbjörg Þorbjörnsdóttir  
Vilborg Pétursdóttir

*Diplómapróf í náms- og starfsráðgjöf (2)*

Haukur Pálsson  
Kristín Pálsdóttir

*Diplómapróf í þróunarfræði (5)*

Harpa Hanssen Júlíusdóttir  
Sigríður Ólafsdóttir  
Sigrún Jónsdóttir  
Slavomíra Melova  
Stefán Sólmundur Kristmannsson

**Félagsráðgjafardeild (19)**

*MA-próf til starfsréttinda í félagsráðgjöf (10)*

Hjördís Rós Jónsdóttir  
Inga Vildís Bjarnadóttir  
Inga Lára Helgadóttir  
Lena Hrönn Marteinsdóttir  
Margrét Ófeigsdóttir  
Rannveig Sigríður Ragnarsdóttir  
Sigurlaug Jónsdóttir  
Sólrun Haraldsdóttir  
Valgerður H Valgeirsdóttir  
Þóra Ingimundardóttir

*MSW-próf í félagsráðgjöf (1)*

Hjördís Árnadóttir

*NordMaG, norrænt meistaraþróf í öldrunarfræðum (1)*

Steinunn Arnars Ólafsdóttir

*MA-próf í öldrunarfræðum (1)*

Gunnjóna Una Guðmundsdóttir

*Diplómapróf í öldrunarþjónustu (6)*

Álfhildur Hallgrímsdóttir

Ásta Kristín Gunnarsdóttir

Hlín Pétursdóttir

Margrét Sigrún Jónsdóttir

Ragnheiður Kristjánsdóttir

Soffía Björk Björnsdóttir

### **Hagfræðideild (6)**

*MS-próf í fjármálahagfræði (3)*

Brynhildur Gunnarsdóttir

Helgi Benediktsson

Kristján Þór Matthíasson

*MS-próf í heilsuhagfræði (3)*

Bryndís Þóra Guðmundsdóttir

Margrét Björk Svavarsdóttir

María Erla Bogadóttir

### **Lagadeild (39)**

*MA-próf í lögfræði (39)*

Anna Tómasdóttir

Anna Tryggvadóttir

Ármann Sigmarsson

Ásdís Halla Arnardóttir

Bára Sigurjónsdóttir

Björn Pálsson

Brynja Dögg Guðmundsd Briem

Daði Ólafsson

Daníel Reynisson

Diljá Mist Einarsdóttir

Erla Arnardóttir

Fanney Björk Frostadóttir

Friðrik Árni Friðriksson Hirst

Guðrún Þorleifsdóttir

Gunnlaugur Garðarsson

Gunnlaugur Geirsson

Hanna Borg Jónsdóttir

Heimir Fannar Hallgrímsson

Helga Gréta Kjartansdóttir

Hildur Björnsdóttir

Hildur Mary Thorarensen

Íris Ísberg

Íris Kjalarsdóttir

Jens Fjalar Skaptason

Jón Gunnar Ásbjörnsson  
Leifur Arnkell Skarphéðinsson  
Lilja Björk Ásgrímsdóttir  
María Jónasdóttir  
Petra Baumruk  
Rakel Elíasdóttir  
Sara Sigríður Ragnarsdóttir  
Sara Hlín Sigurðardóttir  
Sigurbjörg Rut Hoffritz  
Sigurjón Unnar Sveinsson  
Snorri Steinn Vidal  
Steinunn Guðmundsdóttir  
Steinunn Erla Kolbeinsdóttir  
Teitur Már Sveinsson  
William Freyr Huntingdon-Williams

### **Stjórn málafræðideild (51)**

#### *MA-próf í alþjóðasamskiptum (11)*

Anna Valgerður Hrafnisdóttir  
Ása Valdís Gísladóttir  
Bjarni Þór Pétursson  
Björk Grétarsdóttir  
Daði Runólfsson  
Gunnþórunn Bender  
Hilmar Magnússon  
Jóna Sólveig Elínardóttir  
Orri Jóhannsson  
Þorbjörg Pálmadóttir  
Þorvarður Kjerulf Sigurjónsson

#### *MA-próf í kynjafræði (1)*

Soffía Guðrún Guðmundsdóttir

#### *MPA-próf í opinberri stjórnsýslu (10)*

Daldís Ýr Guðmundsdóttir  
Eyjólfur Sturlaugsson  
Guðbjörg Sigurðardóttir  
Guðbjörg Málfríður Sveinsdóttir  
Guðmundur Gunnarsson  
Gunnar Þorbergur Gylfason  
Kristín Huld Sigurðardóttir  
Magnús Gunnarsson  
Valur Rafn Halldórsson  
Þórunn Jóna Hauksdóttir

#### *Diplómapróf í alþjóðasamskiptum (5)*

Ernir Hrafn Arnarson  
Hermann Þór Þráinsson  
Hjörtur Ágústsson  
María S Holm Halldórsdóttir  
Sigurður Eggertsson

#### *Diplómapróf í Evrópufræðum (1)*

Klemens Ólafur Prastarson

*Diplómapróf í hagnýtri jafnréttisfræði (7)*

Agla María Jósepsdóttir  
Bryndís Erna Jóhannsdóttir  
Elín Gróa Karlsdóttir  
Hanna Rós Jónasdóttir  
Ingibjörg Guðmundsdóttir  
Jóna Pálsdóttir  
Margaret Anne Johnson

*Diplómapróf í opinberri stjórnáslu (8)*

Aðalheiður Magnúsdóttir  
Arnar Þór Jóhannesson  
Elín Guðjónsdóttir  
Halla Signý Kristjánsdóttir  
Ingibjörg Guðmundsdóttir  
Ingólfur Jökull Róbertsson  
Rebekka Silvía Ragnarsdóttir  
Ægir Örn Sveinsson\*

*Diplómapróf í opinberri stjórnáslu fyrir stjórnendur í opinberum rekstri (5)*

Guðrún Dager Garðarsdóttir  
Guðrún Ragnarsdóttir  
Helga Elísabet Guðlaugsdóttir  
Kristín Eiríksdóttir  
Unnur Ágústsdóttir

*Diplómapróf í smárikjafræði (3)*

Anna Gudbjörg Cowden  
Heleri Aavastik  
Karl Gustav Johansson

**Viðskiptafræðideild (102)**

*MS-próf í viðskiptafræði (2)*

Áslaug Þóra Halldórsdóttir  
Hólmfríður Rós Eyjólfsson

*MS-próf í fjármálum fyrirtækja (8)*

Elmar Hallgríms Hallgrímsson  
Guðmundur Gylfi Guðmundsson  
Guðrún Tinna Ólafsdóttir  
Inga Björk Guðmundsdóttir  
Jakob Hansen  
Katrín Norðmann Jónsdóttir  
Sara Sigurðardóttir  
Sveinn Óskar Sigurðsson

*MS-próf í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum (11)*

Aðalsteinn Snorrason  
Ágúst Róbert Glad  
Ásdís Gíslason  
Edda H Austmann Harðardóttir  
Elísabet Gunnarsdóttir  
Halla Björk Jósefsdóttir  
Kristín Elísabet Gunnarsdóttir  
Rakel Bjarnveig Ármannsdóttir



Sabit Veselaj  
Sigríður Erlendsdóttir  
Þórunn Dögg Árnadóttir

*MS-próf í stjórnun og stefnumótun (12)*

Arnar Hreinsson  
Eyrún Magnúsdóttir  
Gísli Jón Kristjánsson  
Guðmundur Tómas Axelsson  
Kjartan Ásgeir Maack  
Ólafur Jónsson  
Reynir Þór Magnússon  
Steinunn Harðardóttir  
Svanlaug Rós Ásgeirsdóttir  
Vala Magnúsdóttir  
Valdís Vaka Kristjánsdóttir  
Vignir Bjarnason

*MS-próf í mannauðsstjórnun (16)*

Ásdís Hannesdóttir  
Elfa Huld Haraldsdóttir  
Erla Björk Gísladóttir  
Eva Ýr Gunnlaugsdóttir  
Eva Dögg Jónsdóttir  
Guðbjörg Sigurðardóttir  
Guðrún Birna Einarsdóttir  
Gunnar Ingi Guðmundsson  
Helga Rún Runólfssdóttir  
Hildur Þórisdóttir  
Ingbjörg Þ Ólafsdóttir  
Linda Björk Halldórsdóttir  
Ragnar Karl Jóhannsson  
Sigrún Sigurðardóttir  
Una Eyþórsdóttir  
Vilborg Gunnarsdóttir

*M.Acc.-próf í reikningsskilum og endurskoðun (28)*

Bjarnhildur Hrönn Níelsdóttir  
Einar Sverrir Sigurðsson  
Geir Steindórsson  
Halldór Gunnlaugsson  
Haukur Ingi Hjaltalín  
Heiðar Þór Karlsson  
Helga Jóna Hannesdóttir  
